

**ÚRSKURÐARNEFND
Í
VÁTRYGGINGAMÁLUM**

Samantekt úrskurða 2016

Síðast uppfært 29. maí 2017

Mál nr. 1/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur bifreiða á gatnamótum Gullinbrúar/Strandvegur og Hallsvegur þann 14.12.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.01.2016 ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V-1 dags 19.1.2016 ásamt fylgiskjölum
3. Tölvupóstur V-2 dags. 10.2.2016
4. Tölvupóstur M, dags. 11.2.2016
5. Tölvupóstur M, dags. 12.2.2016

Málsatvik.

Ökumaður A ók bifreið sinni suður Strandveg og inn á beygjurein á ljósum á gatnamótum Gullinbrúar/Strandvegur og Hallsvegur, með ætlaða akstursstefnu til vinstri, inn á Hallsveg. Ökumaðurinn stöðvaði bifreiðina á ljósunum til að bíða eftir umferð á leið norður Gullinbrú og áfram norður Strandveg. Ökumaður B var að aka norður Gullinbrú, yfir ljósin og áfram Strandveg þegar A var ekið í veg fyrir akstursstefnu hans þannig að árekstur varð. Ökumaður A segist í lögregluskýrslu hafa verið að aka suður Strandveg en verið stopp á ljósum, eins og að framan er getið. Þegar gult ljós hafi kviknað hafi hún ætlað að aka yfir gatnamótin. Hún hafi séð bifreiðina B en hún hafi verið í talsverðri fjarlægð og hún hafi talið að hún myndi stöðva en ekki aka yfir gatnamótin. Því hafi hún byrjað að taka beygjuna til vinstri en B hafi þá verið ekið inn í hlið bifreiðar hennar. Ökumaður B segist hafa verið að aka norður Gullinbrú og ætlað beint yfir gatnamótin við Hallsveg og halda áfram norður Strandveg. Hann sagðist ekki muna hvað hann var að aka hratt en hann hafi verið á umferðarhraða. Þegar hann hafi verið að aka yfir gatnamótin hafi A verið ekið í veg fyrir hann. Hann sagðist hafa bremsað og náð að hægja aðeins ferðina. Hann sagðist ekki vera viss á ljósastöðunni en að það hefði verið komið rautt ljós þegar hann ýtti á bremsuna. Tvö vitni að árekstrinum voru ekki viss um ljósastöðu þegar áreksturinn varð en annað þeirra taldi þó að báðum bifreiðum hefði verið ekið yfir á gulu ljósi en hann kvaðst þó ekki vera viss um það.

Í bréfi V-1 til nefndarinnar kemur fram að félagið telji að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum. Byggir það á því að V-1 telur ljóst að ökumaður B hafi brotið gegn 5. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. Þar kemur fram að þegar gult ljós logar eigi ökumaður að nema staðar. Undantekning frá því er að eigi skulið þó nema staðar ef ökumaður er kominn það langt fram að stöðvun muni hafa í för með sér hættu. Byggt á framburði málskotsaðila og þeirri staðreynd að ökumaður B hafi sagt að rautt ljós hafi logað þegar hann ýtti á bremsuna þá megi ætlað að hann hafi verið það langt frá ljósunum þegar gula ljósið kviknaði að framangreind undanþága á ekki við. Hann hafi því brotið gegn framangreindu ákvæði og því beri að fella alla sök á hann. Í bréfi V-2 kemur fram að félagið geri ekki sérstaka athugasemdir í málinu og réttast sé að staðfesta sakarskiptingu Tjónanefndar, þ.e. að sök sé skipt til helminga.

Álit.

Í máli þessu liggur ekki fyrir sönnun þess að ökumaður B hafi ekið yfir stöðvunarlínu á rauðu ljósi. Ekki liggur heldur fyrir sönnun þess hver staðsetning hans var þegar gult ljós kviknaði. Fyrir

liggur að ökumaður A hafði ekið inn á gatnamótin og beið eftir að umferð á móti færi yfir gatnamótin en ók svo af stað þegar hann taldi víst að ekki kæmu fleiri ökutæki yfir gatnamótin úr gagnstæðri átt. Það mat reyndist rangt og árekstur varð. Atvikum þessa máls verður um margt líkt við atvik í máli sem dæmt var í Hæstarétti þann 18. júní 2004, mál nr. 12/2004. Þar segir að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skuli ökumaður hafa sérstaka aðgát við vegamót. Samkvæmt 6. mgr. sömu greinar beri ökumanni, sem ætlar að beygja á vegamótum, að veita forgang þeirri umferð, sem á móti kemur. kemur. Í 5. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra kemur fram að gult ljós eitt sér merkir að nema skuli staðar. Það gefur til kynna að brátt skipti yfir í rautt ljós, en hefur að öðru leyti sömu merkingu og rautt ljós. Í síðari hluta 5. mgr. 34. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að ökumaður skuli þó ekki nema staðar ef hann, þegar skipt er úr grænu ljósi í gult, er kominn það langt fram að stöðvun muni hafa í för með sér hættu. Samkvæmt framangreindum ákvæðum hvíldi í greint sinn sérstök aðgæsluskylda á ökumönnum beggja bifreiðanna. Ekki liggur fyrir nákvæm staðsetning B er gula ljósið kviknaði fyrir umferð norður Strandveg. Verður því að miða við það að hún hafi verið komin það nærri stöðvunarlínu að ökumanni hennar hafi ekki borið að stöðva bifreiðina er gult ljós kviknaði á götuvatnum, heldur hafi hún mátt halda áfram för í samræmi við ákvæði síðari hluta 5. mgr. 34. gr. framangreindrar reglugerðar. Bar ökumanni A því að veita B forgang í samræmi við 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 1.3.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 2/2016**M og
váttryggingafélagið V1 vegna fasteignatryggingar og váttryggingafélagið V2 vegna
ábyrgðarliðar fasteignatryggingar X.****Tjón á fasteign 19. október 2015.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 4.1.2016, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, dags. 12.1.2016
3. Bréf V2, dags. 13.1.2016, ásamt gögnum, þar á meðal tjónstilkynningu, samskipti M og starfsmanna V2, váttryggingaskilmálar, mynd og kvittanir.
4. Tölvupóstur M dags. 15. janúar 2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að það hafi orðið tjón vegna leka á vatni á kjallaraíbúð M, en í húsinu eru tvær aðrar íbúðir. Hún hafi fengið tjónið bætt úr eigin fasteignatryggingu hjá V1, gegn greiðslu eigin áhættu upp á kr. 89.900. Í málskoti kemur einnig fram að vatn hafi lekið frá íbúð á efri hæð, nánar tiltekið úr rörum í íbúð á miðhæð hússins, en sú íbúð er í eigu X.

M telur að það eigi að bæta tjón hennar úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X þar sem hún telur að rörin sem lekið hafi úr séu séreign X sem íbúðareiganda í þeirri íbúð sem rörin eru. M telur að að rörin séu hluti af séreign X í húseigninni og beri því að bæta tjónið úr fasteignatryggingu X en ekki hennar eigin tryggingu.

V1 vísar til laga um fjöleignarhús um að ábyrgð eigenda íbúða í fjöleignarhúsi gagnvart öðrum eigendum komi eingöngu til ef tjón er hægt að rekja til búnaðar sem er í séreign þeirra, sbr. 51. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. V1 telur, með vísan til úrskurða kærunefndar fjöleignarhúsamála, að lagnir þær sem vísað er til í málskoti séu hluti af sameiginlegu lagnakerfi húseignarinnar og ekki í séreign X. Kostnaður vegna viðhalds slíkra lagna skiptis eftir hlutfallstölum eigenda húseignarinnar í heild og þar sem leki komi frá slíkum lögnum verði ekki séð að ábyrgð X sé fyrir hendi vegna séreignar hans.

V2 vísar til þess að tjón M hafi þegar verið bætt af hálfu félagsins og það sjái ekki um að krefjast bóta fyrir hennar hönd vegna eigin áhættu. V2 telur einnig, hvað það varðar, að ágreiningur sé því um fjárhæðir og bendir á að það hafi ekki samþykkt að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum úrskurði um bótafjárhæð í málinu og verði því að vísa málinu frá, sbr. 3. gr. samþykktu um úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skv. auglýsingu nr. 1090/2005.

Álit.

Í málinu er ekki deilt um að tjón hafi orðið á íbúð M og sé hægt að rekja tjónið til leka úr vatnsleiðslum. M hefur nú þegar fengið tjón sitt bætt skv. váttryggingarsamningi sínum hjá V2 og verður ekki séð af málskoti að hún geri frekari kröfur til V2 í málinu. Verður því ekki fjallað frekar um þann þátt málsins.

Hvað varðar kröfu M um greiðslu bóta úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar eiganda íbúðar fyrir ofan hana hjá V1 verður að taka afstöðu til þess hvort viðkomandi eigandi hafi bakað sér skaðabótaábyrgð vegna tjónsins. Í 51. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 kemur fram að eigandi séreignar geti borið slíka ábyrgð ef hann hefur t.d. vanrækt viðhald séreignar sinnar eða bilun verði í búnaði séreignarinnar. Þegar litið er til gagna málsins, og því hvernig t.d. kærunefnd fjöleignarhúsamála hefur skilgreint eignarhald á lögnum í fjöleignarhúsum, verður ekki hjá því

komist að horfa til þess að almennt verði að líta svo á að lagnir í fjöleignarhúsum séu sameiginlegar fyrir alla húseignina og viðhald þeirra allra sé á forræði allra eigenda. Það er því ekki hægt að líta svo á að þær séu séreign eigenda einstakra íbúða þó þær liggi, eðlilega, í gegnum íbúðir á mismunandi stöðum eftir staðsetningu þeirra. Þó eignaskiptayfirlýsing liggja fyrir vegna málsins breytir hún ekki framandgreindri túlkun vegna umræddra lagna, en ekki verður séð að eignaskiptayfirlýsingin feli í sér sérstaka yfirlýsingu um lagnir sem hnekkja þeim almenna skilningi sem lýst hefur verið á að lagnir séu almennt sameiginlegar í fjöleignarhúsum. Ekkert er komið fram í málinu um að X hafi, sem eigandi íbúðar fyrir ofan M, með athöfnum sínum eða athafnaleysi stuðlað að umræddu tjóni á þessum sameiginlegu lögnum. Verður því ekki hægt að fallast á bótaskyldu úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar hans hjá V1.

Niðurstaða.

Tjón M hefur verið bætt úr fasteignatryggingu hennar hjá V1 en bætist ekki úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X.

Reykjavík, 12. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 3/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Skaðabótaábyrgð vegna tjóns á fasteign 2. október 2015.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 7.1.2016, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 20.1.2016, ásamt afriti af gögnum V, þar á meðal myndir, greinargerðir X o.fl. og samskipti V við M.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að lekið hafði vatn í kjallara fasteignar M og telur M að það hafi komið til vegna framkvæmda X í götunni fyrir framan fasteign M. M telur að vatn hafi lekið inn um gat sem X hafi átt að loka fyrir vegna fyrrnefndra framkvæmda. Í bréfi V kemur fram að það leggur út frá því að það virðist hafa lekið meðfram inntaksröri inn í íbúð M þar sem frágangi við það hafi verið ábótavant en ágreiningur sé um hver hafi borið ábyrgð á þeim frágangi.

M lýsir atvikum þannig að starfsmenn á vegum X hafi borað gat á sökkulvegg til að koma inn lögnum. Á sama tíma hafi annað fyrirtæki (Z) verið að leggja lagnir í gegnum annað gat og X hafi ekki gengið nægilega vel frá eftir sig þar sem það hafi borað inn í gat sem Z hafi borað og hafi þau á einhvern hátt legið saman. M telur að X hafi látið moka fyrir sitt gat án þess að láta hitt fyrirtækið vita auk þess sem X hafi borað á vitlausum stað og það hafi leitt til tjóns M.

V telur að frágangur af hálfu X hafi verið fullnægjandi, starfsmenn þess hafi gengið frá röri, sem fór inn í títtnefnt gat, með kitti og þess háttar og þeir hafi ekki vitað af því að Z hafi komið og borað nýtt gat áður en fyllt var upp í skurðinn, sem hafði þurft að grafa til að bora gat á sökkulvegginn. V telur því að ósannað sé að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að tvö fyrirtæki, X og Z, voru við framkvæmdir við fasteign M. Eins og þetta mál er sett fram er einungis gerð krafa um greiðslu í ábyrgðartryggingu X. Í málinu liggja fyrir greinargerðir frá bæði X og Z, þar sem hvort fyrirtækið um sig ber fyrir sig að það hafi staðið rétt að málum. Sönnunarbyrði um að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M liggur hjá M sjálfum, þ.e. hann þarf að sýna fram á að tjón á fasteign hans megi rekja til þess að starfsmenn X sýndu gáleysi við störf sín við framkvæmdirnar. Í ljósi þeirra sönnunargagna sem liggja fyrir verður ekki hægt að leggja til grundvallar að starfsmenn X hafi átt að kanna frekar aðstæður áður en mokað var að fasteign M, en ekki hefur verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að þeir hafi ekki búið nægilega vel um rör sem þeir settu sjálfir í fasteign M. Verður því ekki, eins og málið er sett fram og þau gögn sem nú liggja fyrir, hægt að leggja skaðabótaábyrgð eingöngu á X vegna tjóns M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. febrúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 4/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar ökutækjanna A og B.****Umferðaróhapp við Fensali 6 í Kópavogi 21. júlí 2015.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 8. janúar 2016, ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur V, dags. 3. febrúar 2016.

Málsatvik.

Á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn undirrita, má sjá að bifreiðarnar A og B hafi lent þannig saman að tjón hafi orðið á afturhluta bifreiðar A, sem er í eigu M, og hægra megin framan á bifreið B. Á bakhliðum lýsir ökumaður bifreiðar A atvikum þannig að hann hafi verið að bakka úr bifreiðastæði þegar bifreið B hafi komið akandi mjög hratt og ekið á bifreið A. Ökumaður bifreiðar A vísar til framburðar vitnis um hraðakstur ökumanns bifreiðar B. Einnig liggur framburður ökumanns bifreiðar B fyrir í sérstakri skýrslu hjá lögreglu þar sem kemur fram að hann hafi verið búinn að bakka og þegar hann hafi verið í þann mund að stíga á bremsu, og verið kominn í akstursstefnu beint áfram, hafi komið mikið högg á bifreið A. Ökumaður bifreiðar A telur ólíklegt að ökumaður bifreiðar B hafi hellað fyrir áreksturinn. Farþegi í bifreið B (einnig M) ber á sama hátt í lögregluskýrslu. Einnig liggur fyrir lögregluskýrsla með framburði ökumanns bifreiðar B. Þar kemur fram að hann hafi ekið út götuna Fensali þegar bifreið A hafi verið bakkað hratt í veg fyrir bifreið B. Í skýrslunni segir hann ennfremur: „Ég ætla ekki að útilok að ég hafi verið að festa á mig beltið, eða líta á dóttur mína til að kanna hvort að hún hafi verið búin að festa á sig beltið, en ég man ekki annað en að ég hafi verið að horfa á götuna.“ Einnig kemur fram í framburði ökumanns bifreiðar B að hann telji að hann hafi í mesta lagi litið undan í sekúndubrot og hafi verið á eðlilegum umferðarhraða. Þessu til viðbótar liggur fyrir framburðarskýrsla af vitni sem kveðst hafa séð áreksturinn. Vitnið lýsir atvikum þannig að nágrenni hans (ökumaður bifreiðar A) hafi verið að bakka út úr stæði á stórum Landcruiser og við það nánast lokað götunni þegar ökumaður bifreiðar B hafi komið og ekið viðstöðulaust aftan bifreiða A. Í framburði vitnisins kom fram að það telur að ökumaður B hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og ef sá hefði hellað þá hefði hann getað komið í veg fyrir áreksturinn.

M telur að áreksturinn megi rekja til að ökumaður bifreiðar B hafi ekið allt of hratt miðað við aðstæður, hámarkshraði sé 30 km/klst á staðnum sem og aðstæður þannig að ekki séu aðstæður til hraðari aksturs. M bendir á að skemmdir á bifreiðunum hafi verið þess eðlis að skoðunarmaður bifreiðar A hafi talið að það hafi þurft a.m.k. hraða upp á 60 km/klst til að framkalla þær skemmdir, höggið hafi verið það þungt að farþegi í bifreið A hafi hlotið líkamstjón og bifreiðin hafi verið alveg óökuhæf eftir áreksturinn. M vísar einnig til viðbragða ökumanns bifreiðar A eftir áreksturinn sem og vitnisburðar um hraðakstur hans. Með hliðsjón af þessu telur M að ökumaður bifreiðar A hafi notið forgangs frá hægri með vísan til 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sem og að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt og þannig brotið gegn 36. gr. umferðarlaga.

V gerir í tölvupósti frá 3. febrúar sl. „ekki sérstakar athugasemdir“ við málið.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að árekstur varð með bifreiðum A og B við þær aðstæður að bifreið A var ekið afturábak úr bifreiðastæði út á akbraut Fensala en bifreið A var ekið um Fensali. Ágreiningur er um hvort ökumaður bifreiðar A hafi verið búinn að bakka þegar árekstur varð og

Þannig verið búinn að sinna varúðarskyldu þeirri sem kemur fram í 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga um að sá sem ekur afturábak verði að gæta að umferð fyrir aftan sig og hvort ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt miðað við aðstæður í skilningi 36. gr. umferðarlaga. Þrátt fyrir framburð ökumanns bifreiðar A, um að hann hafi lokið við að bakka þegar áreksturinn varð, verður ekki litið öðruvísi á en að áreksturinn hafi orðið í sömu mund og hann bakkaði og ekki hafi liðið nokkur tími, sem máli skipti við sakarskiptingu frá því að bifreiðin var mögulega stöðvuð áður en áreksturinn varð. Verður því að telja að orsakatengsl séu milli áreksturs að þess að ökumaður bifreiðar A gætti ekki nægilega vel að umferð fyrir aftan sig þegar hann bakkaði. Ber hann því meginsök á árekstrinum. Þegar hins vegar er litið til þess hvort sannað sé að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt eða óvarlega miðað við aðstæður verður að líta til framburðar hans sjálfs þar sem hann er ekki skýr um hvort hann hafi verið að fylgjast nægilega vel með umferð fyrir framan sig til viðbótar við framburð vitnis um að bifreið B hafi verið ekið hratt. Bendir það, ásamt myndum af skemmdum á bifreiðunum, þó það sé ekki úrslitatriði eitt og sér, til þess að ökumaður bifreiðar B beri einnig sök á árekstrinum. Með hliðsjón af atvikum öllum telst ökumaður bifreiðar A bera 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar A (M) ber 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 1. mars 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 5/2016**M og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar X og vátryggingafélagið V2 v/
ábyrgðartryggingar Y.****Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss dags. 16. apríl 2014.****Gögn.**

3. Málskot, móttækið 11.1.2016, ásamt fylgigögnum.
1. Bréf V2, dags. 21.1. 2016.
2. Bréf V1, dags. 22.2.2016, ásamt gögnum, þ.á.m. samskipti milli V1 og X.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína sem rafvirkjanemi hjá X þann 16. apríl 2014, þar sem hann var að fræsa fyrir rafmagn í vikuvegg nýbyggingar. Þegar hann var að fræsa í vegginn fór fræsarinn í steypustyrktarjárn í veggnum og missti M tök á honum við höggið, með þeim afleiðingum að hann slasaðist á hendi. X hafði verið fengið til þess að vinna við rafmagn í nýbyggingunni sem verktaki en Y var verkkaupi og aðalframkvæmdaaðili hennar.

M telur að X og Y beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyssins og hafi hvorugt fyrirtækið fylgt ákvæðum laga nr. 46/1980 varðandi öryggi á vinnustaðnum og tilhögun vinnunnar. Einnig telur M að hallann af sönnunarskortum um hver átti að gera hvað á vinnustaðnum verði að leggja á fyrirtækin þar sem ekki hafi farið fram fullnægjandi rannsókn af hálfu Vinnueftirlitsins vegna slyssins. Hvað varðar ábyrgð X sérstaklega telur M að yfirmenn M hans hafi átt að gera ráðstafanir til að merkja staðsetningu steypustyrktarjarna í þeim veggjum sem hann var sendur til að fræsa í. M hafi verið nemi á þessum tíma og því enn meiri ástæða til að sinna þeirri leiðbeiningarskyldu. Einnig vísar M til þess að forsvarsmenn X hefðu átt að hafa samráð við Y eða aðra á vettvangi til að kanna og vara við þeim hættum sem þar voru. Vísar M einnig til þess að hann hafi ekki fengið næga þjálfun og leiðbeiningar hjá X eða haft þannig reynslu að leiðbeiningar hafi ekki þurft. Vísar M auk laga nr. 46/1980 til reglna nr. 547/1996, reglugerðar nr. 920/2006 og 367/2006 og telur að tilgreindum ákvæðum hafi ekki verið fylgt af hálfu X. Hvað varðar ábyrgð Y vísar M einnig til ofangreindra laga, reglna og reglugerða og telur að X hafi átt að gera ráðstafanir til þess að leiðbeina um staðsetningu mögulegra jarna í veggjum nýbyggingarinnar eða merkja sérstaklega til samræmingar fyrir verktaka sem voru við vinnu í byggingunni. Sérstök þörf hafi verið að vara við steypustyrktarjárnnum í vikuveggjum í ljósi þess að almennt séu þau ekki fyrir hendi í slíkum veggjum.

V1 telur fyrir hönd X að skaðabótaábyrgð þess sem vinnuveitanda M sé ekki fyrir hendi. V1 byggir á því að ekki hafi verið hægt að gera þær kröfur til X, sem rafvirkjafyrirtækis, að kunna nákvæm skil á staðsetningu steypustyrktarjarna í ljósi þess að það séu múrarar hússins sem komi þeim fyrir. Alla jafna hafi þessi járn verið það djúpt inn í veggjum að það hafi ekki verið hætt áð að fræsarar, eins og M hafi verið að nota í tilgreint sinn, hafi getað lent á járnnum. Einnig vísar V1 til þess að svipað atvik hafi komið fyrir hjá öðrum starfsmanni rétt áður og hafi þeim starfsmanni ekki orðið meint af. M hafi fengið nægar leiðbeiningar um notkun fræsara ásamt öðrum starfsmönnum X og vísar V1 einnig til munnlegra upplýsinga frá öðrum starfsmönnum X um að þeir hafi átt að passa sig á stóru grjóti og nögglum við fræsingar. Þær leiðbeiningar hafi M einnig fengið. Það sé því ekki hægt að rekja slys M til annars en mögulega hans eigin aðgæsluleysis.

V2 hafnar einnig skaðabótaskyldu Y vegna atviksins. Fyrst og fremst er byggt á því að M hafi ekki verið starfsmaður Y og hafi starfsmenn þess fyrirtækis því ekki haft boðvald yfir störfum

hans. Einnig er því mótmælt að það hafi legið sérstakar skyldur á Y um að merkja sérstaklega hvern vegg nýbyggingarinnar m.t.t. legu járna heldur hafi það verið verktakans sjálfs að gera ráðstafanir vegna eigin starfsmanna. Einnig telur Y að slys M verði helst rakið til hans eigin reynslu- og aðgæsluleysis.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að M var, sem rafvirkjanema, falið að fræsa í vegg fyrir rafmagni. M hafði starfað hjá X í nokkra mánuði þegar honum var það falið og hafði áður unnið sambærilegt verk í öðrum nýbyggingum. Þegar kom að því að fræsa í umræddan vegg lenti M á steypustyrktarjárn sem hann sjálfur telur að hann hafi ekki getað búist við að væri í veggnum. Í gögnum frá X kemur fram að rétt áður en M slasaðist við þessar aðstæður hafði svipað tilvik komið upp hjá öðrum starfsmanni og er það staðfest í gögnum málsins. Á vinnuveitendum hvílir skylda til þess að leiðbeina starfsmönnum sínum og gera ráðstafanir til að gæta öryggis þeirra, sbr. fjölmörg ákvæði laga nr. 46/1980 og reglur og reglugerðir sem settar eru með stoð í þeim lögum.

Í ljósi þess að rétt áður en M slasaðist hafði komið upp svipað atvik hjá öðrum starfsmanni X verður að gera þær kröfur til X að geta sýnt fram á með skýrum hætti að fyrirtækið hafi sinnt leiðbeiningarskyldu sinni til rafvirkjanema eins og M, sem og að gerðar hafi verið ráðstafanir til að kanna hvort væri járnabinding í þeim veggjum sem M var falið að fræsa í. Í gögnum málsins kemur ekkert fram um að nokkur á vegum X hafi kannað það eða gert sérstakar ráðstafanir, þrátt fyrir atvikið rétt á undan. Verður að meta það X til sakar og telst fyrirtækið bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Ekki verður lögð ábyrgð á verkkaupann Y vegna slyssins, en ekki er sýnt að það fyrirtæki hafi átt að gera sérstakar ráðstafanir varðandi verk sem X stýrði.

Um er að ræða slys sem starfsmaður verður fyrir við vinnu sína og ekki er sýnt fram á að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabotalaga nr. 50/1993 þannig að það komi til greina að fella niður bótaábyrgð í heild eða að hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá vátryggingafélaginu V1.

Reykjavík, 15. mars 2016.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 6/2016
M og
V v. slysatryggingar ökumanns bifreiðar.

Umferðaróhapp þegar bifreið var ekið út af vegi í Hrótafirði 11.4.2014

Gögn.

1. Málskot móttakið 8.1.2016 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 2.2.2016

Málsatvik.

M ók bifreið út af vegi við Reykjaskóla í Hrótafirði og segist hafa hringt í Neyðarlínuna eftir slysið og fengið ráðleggingar frá lækni í Borgarnesi. Af hálfu M er sagt að M hafi hlotið meiðsli á vinstra hné við umferðaróhappið. M hafi harkað af sér og leitað fyrst til læknis sjö mánuðum síðar. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá V og segir að ljóst sé af myndum af vettvangi að höggið sem M varð fyrir hafi verið verulegt og því líklegt að M fengi högg á hné auk þess sem M hafi ekki átt við vandamál frá hnám að stríða fyrir slysið. V hafnar bótaskyldu og segir engin gögn liggja fyrir um að M hafi haft samband við Neyðarlínuna. Þá segir V að í skriflegri tilkynningu um ökutækjatjón sé M ekki tilgreindur sem slasaður. Auk þess hafi M ekki leitað til læknis fyrr en 7 mánuðum eftir óhappið. V segir engin samtímagögn liggja fyrir um að M hafi hlotið líkamsáverka við útafaksturinn. V telur ósannað að þeir verkir sem hrjá M í dag stafi frá umferðaróhappinu

Álit.

M gerði ekki grein fyrir því að hann hefði slasast í við útafaksturinn. M leitaði ekki til læknis fyrr en 13.11.2014, tæpum sjö mánuðum eftir umferðaróhappið. Í því læknisvottorði segir að áverkasaga M sé óljós. Í læknisvottorði sem gert er að beiðni lögmans M dags. 26.10.2015 segir að M hafi orðið fyrir líkamsmeiðslum í óhappinu, en læknirinn getur ekki um að hann byggji á öðrum gögnum en frásögn M, niðurstöðu skoðunar á M rúmum 18 mánuðum eftir að slysið átti sér stað og segulómun. Að öllum gögnum málsins virtum, sem eru raunar nokkuð takmörkuð, liggur ekki fyrir sönnun þess að orsakasamband sé á milli þeirra verkja í vinstra hné sem hrjá M í dag og umferðaróhappsins 11.4.2011.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 1.3.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 7/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar fasteignatryggingar X.****Tjón á húseign vegna vatns 8. desember 2015.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 12.1.2016, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 10.2.2016, ásamt dagbókarfærslu lögreglu frá 8. desember 2015.
3. Bréf M, dags. 11.2. 2016.

Málsatvik.

Í dagbókarfærslu lögreglunar á Akureyri kemur fram að lögreglumenn fóru að fasteigninni Z þar í bæ rétt fyrir kl. 7 að morgni 8. desember 2015 þar sem tilkynnt hafði verið um vatnsleka í húsinu. Þar hittu lögreglumenn fyrir leigutaka í íbúð nr. 403 en eigandi íbúðar nr. 402 (X) var fjarverandi. Umræddur leigutaki íbúðar 403 kvaðst hafa mokað snjó af svölum að hluta kvöldið áður en vatn fór að leka inn í íbúðir á næstu hæðum fyrir neðan, þar á meðal í íbúð M sem er nr. 303. Upplýst er í gögnum málsins að sú íbúð er beint fyrir neðan íbúð 402, en hin síðarnefnda er á efstu hæð hússins, þannig að snjór og vatn fellur óhindrað á þær svalir.

M gerir í þessu máli kröfu um greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar X sem eiganda íbúðar nr. 402. M byggir kröfu sína á því að X hafi ekki sinnt skyldu sinni sem eigandi húseignar að moka snjó af svölum sem hefði safnast upp á síðustu dögum og vikum fyrir tjónið sem og að hann hafi ekki hreinsað klaka sem hafi stíflað niðurföll á svölunum. M telur að vatn hafi lekið fyrst inn í íbúð 402, af þeim svölum, og þannig inn í íbúð nr. 303 í gegnum sprungur á gólfi. M telur að eigendur íbúða geti ekki fríað sig ábyrgð á því að sinna húseignum sínum með því að þeir hafi ekki verið á staðnum í greint sinn og að vanrækslan felist þá í því að hafa ekki falið einhverjum öðrum að gera það.

V hefur hafnað bótaábyrgð og telur tjónið ekki rakið til vanrækslu X. V vísar til frágangs á niðurfallsrörum fyrir þakrennur hússins sem séu leidd að niðurfalli í svölum þannig að þegar mikil úrkoma sé af þaki þá verði mikið vatnsmagn á svölunum. V vísar einnig til þess að það sé hitaþráður í niðurföllum sem eigi að koma að einhverju leyti í veg fyrir að það myndist klaki í þeim. Í dagbókarfærslu lögreglunnar á Akureyri komi fram að „frosið var í niðurföllum“ sem bendi til þess að umræddur hitaþráður hafi mögulega ekki virkað af einhverjum ástæðum. V telur að X hafi ekki vanrækt skyldur sínar með nokkrum hætti sem húseigandi en telur tjónið hægt að rekja til annars vegar asahláku umrædda nótt og mögulega bilun í búnaði sem X verði ekki látinn bera ábyrgð á. Sé því ekki sýnt fram á saknæma háttsemi X.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að vatn flæddi inn í íbúð X og olli þar tjóni aðfaranótt 8. desember 2015. Ekki liggja fyrir nákvæmar veðurupplýsingar vegna þessarar nætur eða hvernig veðurspá var dagana á undan. Ekki er því af þeim sökum hægt að álykta með afgerandi hætti til hvaða ráðstafana X, sem eigandi íbúðar 402 hefði átt grípa nákvæmlega. Ekki liggur heldur fyrir með nákvæmum hætti hvort það hafi verið mikill snjór á svölum íbúðar 402 dagana á undan eða klaki við eða í niðurföllum sem krafðist aðgerða af hálfu húseiganda. Á meðan umræddar upplýsingar liggja ekki fyrir eða annað sem sýnir með frekari og afgerandi hætti að X hefði átt að búa öðruvísi um húseign sína, á þeim tíma sem tjónið varð eða rétt áður en það varð, verður ekki fullyrt um vanrækslu hans sem leiði til skaðabótaábyrgðar og greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar X hjá V.

Reykjavík, 8. mars 2016.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 8/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á bifreiðastæði við Laugaveg 166, Reykjavík 21.12.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8.1.2014.
2. Bréf V-2 dags. 27.1.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4.
3. Bréf V-1 dags. 15.2.2016.

Málsatvik.

Báðum ökutækjunum var bakkað úr stæði á bílaplani við Laugaveg 166, Reykjavík. Ökumaður A segist hafa verið að bakka og ekki hafa orðið var við B fyrr en bifreiðarnar lentu saman. Ökumaður B segist hafa verið búinn að bakka og verið kyrrstæður, þegar A hafi ekið á hann.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að báðum bifreiðunum hafi verið bakkað á sama tíma eða nánast sama tíma. Þrátt fyrir að gögn málsins sýni að B hafi verið bakkað nokkru lengra en A þegar árekstur varð þá sýna önnur gögn málsins að árekstur varð þegar báðir ökumenn voru að bakka eða í þann mund að ljúka því að bakka. Sök skiptist því til helminga

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 15.3.2016

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 9/2016
M og
vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar G

Bifreið varð fyrir tjóni þegar málmhlutur skaust undan sláttuvél þ. 23.7.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.1.2016 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 27.1.2016
3. Bréf V dags. 14.1.2016.

Málsatvik.

M segir að bifreið sín hafi verið kyrrstæð á bifreiðastæði og aðskotahlutur sem hrökk undan sláttuvél sem var á vegum G lenti á bifreiðinni og olli tjóni. M telur að sláttuvélin sem um ræðir hafi ekki verið útbúin svo sem skyldi til að koma í veg fyrir að aðskotahlutir hrykkju frá og ollið tjóni. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið færðar sönnur á skaðabótaábyrgð G vegna tjóns á bifreið M. V telur að ekki sé um sök að ræða hjá G og ekki hafi verið færðar sönnur á það að sláttuvélin sem um ræðir hafi verið vanbúin. V segir að um hafi verið að ræða hefðbundið verk og ómögulegt hafi verið að sjá fyrir að tjón eins og það sem um ræðir gæti hlotist af því að slá grasflöt.

Álit.

Gögn málsins eru afar takmörkuð. Ekki er sýnt fram á að sláttuvélin sem notuð var í umrætt sinn hafi verið vanbúin. Þá er ekki sýnt fram á sök G eða aðila sem G ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 23.2.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 10/2016

M
og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði við Sambíóin við Álfabakka í Reykjavík þann 26.12.2015.**Gögn.**

Málskot, móttakið 14.1.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 27.1.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 26.1.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var kyrrstæð við gulmerkta gangstéttarbrún. Í þann mund sem ökumaður A hafði opnað vinstri framhurð og var að setjast inn í bifreiðina var B ekið fram með A og rákust þá saman hurð A og hægri afturbretti B. Skemmdir munu ekki hafa orðið miklar á bifreiðunum.

Ökumaður A kvaðst hafa gengið að bifreiðinni en þá hafi B verið „spólandi á fullu“ við hlið A, enda hafi mikil hálka verið á bifreiðastæðinu umrætt sinn. Hafi hann gengið á milli A og B og opnað dyr A varlega að fjórðungi, þegar allt í einu heyrst skellur og bílhurðin rakst í hann þegar hann var kominn hálfur inn í bifreiðina. Þá hafi B verið á ská eftir að hafa lent í hálkumisfellu. Kvaðst ökumaðurinn hafa verið meðvitaður um staðsetningu B, en ekki getað séð fyrir að B væri allt í einu komin utan í A.

Ökumaður B kvaðst hafa séð ökumann A á leið í bifreið sína. Hann hafi hægt á ferð B, enda ekki vitað hvert ökumaður A stefndi, en taldi að hann hafi ætlað fram hjá, þ.e. á milli bifreiðanna. Allt í einu hafi ökumaðurinn staðið á milli bifreiðanna og opnað dyr A á miðri götunni. Á sama tíma hafi B runnið lítillaga til vegna hálku á akbrautinni. Hafi B verið meira en hálfan metra frá hurð A.

Vitni, félagi ökumanns A, kvað hálku og krappa hafa verið á bifreiðastæðinu og það hafi allt verið þakið hálum og ójöfnum krappa. Þegar ökumaður A var að fara í bifreið sína hafi B verið bílstjórægin við A og festist þá hægri afturdekk B í smáholu. Þegar ökumaður B hafi stigið á bensínjöfina hafi B hliðrast til og farið utan í hurðina á A.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður við það að miða að árekstur hafi orðið í þeirri andrá sem ökumaður A opnaði vinstri framdyr A og B var ekið fram með A. Samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal opna dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við þegar farið er í eða úr ökutæki. Verður að telja að ökumaður A hafi ekki gætt þessa er hann opnaði dyr A á leið sinni inn í bifreiðina. Hann á því sök á árekstrinum. Þótt B hafi runnið eitthvað til hliðar vegna hálku og krappa á akbrautinni um það leyti sem áreksturinn varð verður samkvæmt gögnum málsins að telja ósannað að það verði rakið til sakar ökumanns B. Ekki verður heldur séð að hann eigi að öðru leyti sök á því hvernig fór. Verður ökumanni A því gefin öll sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 23. febrúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 11/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Sæbraut í Reykjavík 28.12.2015.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 15.01.2016 ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V-1 dags 26.1.2016 ásamt fylgiskjölum
3. Bréf V-2 dags. 29.2.2016
4. Yfirlýsing vitnis, ódagsett

Málsatvik.

Ökumaður A ók bifreið sinni norður Sæbraut við Súðarvog. Ökumaður B ók bifreið sinni, sem er vörubifreið með saltgeymi og snjóruðningstönn, inn á Sæbraut til norðurs af aðrein frá Bíldshöfða. Þegar bifreiðarnar mættust varð árekstur. Samkvæmt framburði ökumanns B ók hann bifreiðinni inn á hægri akrein Sæbrautar og sá A langt fyrir aftan sig með sömu akstursstefnu á vinstri akrein. Taldi hann að ökumaður A hafi mögulega ekki áttað sig á að tönnin á B tæki það pláss á veginum sem hún og hafi því hafnað á tönninni við gatnamót Sæbrautar og Súðarvogar. Samkvæmt framburði ökumanns A ók hann bifreiðinni norður Sæbraut á um 70 km hraða á vinstri akrein. Hann hafi ætlað fram úr B sem ekið var á rólegri ferð á hægri akrein, einnig til norðurs. Þegar ökutækin hafi nálgast gatnamótin við Súðarvog hafi B verið beygt til vinstri eins og ætlunin væri að taka u-beygju við gatnamótin. Þá hafi tönnin á B rekist harkalega í hægri hlið A, sem hafi kastast til vinstri og upp á eyjuna á milli akbrautanna.

Ökumaður A telur að frásögn ökumanns B fái ekki staðist þar sem A sé nánast óskemmd að framan og ljóst sé að framstuðari og hægra framljós hefðu brotnað í smátt hefði A ekið á tönnina. Eina leiðin til að valda þeirri ákomu sem var á A hafi verið að A tæki krappa hægri beygju um leið og hann væri kominn með fram endann fram hjá tönninni á B. Við slíkan árekstur hefði A heldur ekki getað kastast upp á umferðareyju til vinstri, heldur dregist áfram með snjóplógnum. Til þess að fá þá ákomu sem var á A og kastast upp á umferðareyjuna hafi þurft að koma þungt högg á hægri hlið A. Því sé ljóst að B hafi verið í vinstri beygju þegar áreksturinn varð og leggja beri alla sök á B. Í bréfi V-1 kemur fram að félagið telji að í lögregluskýrslu sé að finna fullnægjandi sönnun fyrir því að A hafi verið rétt staðsett á vinstri akrein er árekstur varð og að B hafi verið ekið yfir miðlínu, í það minnsta snjótönn hennar. Því til sönnunar sé að allt brak hafi verið á vinstri akrein og að vettvangsummerki sýni svo ekki verði um villst að árekstur hafi orðið á vinstri akreininni. Þá verði að horfa til framburðar ökumanns B sem hafi í engu gert grein fyrir staðsetningu B á veginum í lögregluskýrslu. Ökumaður B hafi því í engu sinnt staðsetningu B eða gætt að annarri umferð. Þá hafi ökumaður B, að lokinni skýrslutöku, ekið rակleidis í u-beygju á gatnamótunum, suður Sæbraut, sbr. skýrslu lögreglu. Því sé rétt að leggja alla sök á ökumann B. Í bréfi V-2 kemur fram ökumaður B hafi ekið við hægri brún vegar þegar ökumaður A hafi ekið með ógætilegum hætti á tönn B. Meginástæðu árekstursins megi rekja til þess að ökumaður A hafi ekki gætt nægjanlega sér í aðdraganda árekstursins. Félagið hafnar því að ákoma á A leiði til þess að ljóst sé að B hafi verið í vinstri beygju þegar árekstur varð. Ákomur geta í raun verið hvar sem er á A þar sem ökumaður hafi misst stjórn á bifreiðinni. Þá er því hafnað að ökumaður B hafi verið að taka u-beygju þar sem það sé nánast ómögulegt á þessum stað, sökum skorts á pláss. V-2 telur því rétt að fella alla sök á ökumann A fyrir að gæta ekki nægilega að umferð fyrir framan sig.

Til vara telur félagið rétt að skipta sök til helminga þar sem gögn málsins séu ekki afgerandi um atvik í aðdraganda atviksins.

Álit.

Í máli þessu liggur ekki fyrir fullnægjandi sönnun á því hvernig atvikið bar að auk þess sem nákvæm staðsetning ökutækjanna við áreksturinn liggur ekki fyrir. Ákomur og staðsetning braks eru ekki, eins og hér er ástatt, fullnægjandi sönnun um þessi atriði. Þá er það ósannað, gegn neitun ökumanns B, að hann hafi verið að taka u-beygju og hafi þar með valdið árekstrinum. Það að hann hafi tekið u-beygju að lokinni skýrslugerð sannar ekki hvað gerðist áður. Þar sem aðila greinir á um atvikið og staðsetningu bifreiða er það niðurstaða nefndarinnar að rétt sé að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber helming sakar og ökumaður B ber helming sakar.

Reykjavík 15.3.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 12/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna forfallatryggingar ferðatryggingar greiðslukorts.****Endurgreiðsla ferðakostnaðar vegna dauðsfalls náins ættingja 14. desember 2015.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 17.1.2016, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 22.1.2016, ásamt váttryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Þann 5. september 2015 pantaði M og greiddi ferð til Bandaríkjanna sem fyrirhuguð var þann 19. júní 2016. Í málskoti kemur fram að ferðin hafi verið hugsuð til að heimsækja systur M. Þann 14. desember 2015 lést systir M og hætti M því við að fara umrædda ferð. M afpantaði ferðina og fékk hluta ferðakostnaðar endurgreiddan, en hefur gert kröfu í forfallatryggingu greiðslukorts síns vegna því sem eftir er. M vísar til váttryggingarskilmála, sérstaklega 21. gr. þeirra, og telur að hún eigi að fá tjónið bætt úr forfallatryggingu greiðslukortsins.

V telur að þó skilyrði 21. gr. váttryggingarskilmála, um að náinn ættingi hafi látist, séu uppfyllt sé forsenda greiðslu skv. umræddri grein súa óhjákvæmilegt sé að afturkalla pöntun ferðarinnar sem fyrirhuguð var. V vísar til þess að ekkert komi fram um að M þurfi að vera á Íslandi, vegna andláts systur sinnar, á þeim tíma sem ferðin var fyrirhuguð en það sé forsenda greiðsluskyldu. Einnig vísar V til 22. gr. váttryggingarskilmála sem segir að ekki sé greiddar bætur ef váttryggður sé tregur til að ferðast.

Álit.

Í málinu er enginn ágreiningur um að hluti skilyrða 21. gr. váttryggingarskilmála greiðslukortatryggingar M séu uppfyllt. Það er, að náinn ættingi hennar hafi andast. Ágreiningur er hins vegar um hvort það andlát hafi leitt til þess að óhjákvæmilegt hafi verið að afturkalla pöntun ferðarinnar. Þegar litið verður til þess að váttryggingarskilmálar veita ekki þá váttryggingavernd að váttryggður (M) geti gert það sem hann fyrirhugaði, í þeirri ferð sem hann hefur pantað, verður ekki séð að M hafi verið óhjákvæmilegt að afturkalla pöntun umræddrar ferðar í þeim almenna skilningi sem leggja verður í umrædda váttryggingarskilmála. Þó aðstæður séu mjög sérstakar hjá M og tilgangur fyrirhugaðrar ferðar hennar að engu orðinn, verður ekki séð að forfallatrygging hennar veiti vernd fyrir slíkum aðstæðum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 12. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 13/2016
M og
X ehf. f.h. váttryggingafélagsins V v. leiguverndartryggingar H

Ágreiningur um greiðslu úr leiguverndartryggingu vegna vanskila leigutaka 15.2.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið 19.1.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 8.2.2016
3. Bréf lögmanns M dags. 12.2.2016.

Málsatvik.

M leigði H íbúð í fasteign sinni skv. leigusamningi dags. 22.10.2014. M segist ávallt taka krefjast tryggingar fyrir þriggja mánaða leigu í tilviki H var fallist á að taka leiguverndartryggingu hjá V, sem tryggingu fyrir greiðslu þriggja mánaða leigu ef vanskil yrðu á leigugreiðslum. Þegar vanskil urðu á leigugreiðslum hjá H krafðist M þess að V greiddi váttryggingarfjárhæðina vegna H. V hafnaði bótaskyldu þar sem H hafði ekki greitt iðgjald tryggingarinnar. Leigusamningnum við H var síðan rift og höfðað útburðarmál þar sem fallist var á kröfur M um að H viki úr hinni leigðu íbúð. M krefst bóta úr leiguverndar tryggingu H hjá V og byggir á því að váttryggingasamningur hafi komist á milli aðila í samræmi við staðfestingu V á tryggingunni og heimild til riftunar leigusamningsins hafi verið staðfest með dómi héraðsdóms Reykjaness. M vísar til 13. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þá byggir M á því að V hefði þurft að beina tilkynningu til M sbr. ákvæði 15. gr. laga um váttryggingar og einnig vísar M til 42. gr. laganna sem og 2. og 3. mgr. 39. gr. laganna kröfu sinni til stuðnings. V hafnar bótaskyldu og segir að váttryggingin hafi aldrei verið gefin út, en staðfest tilboð var opið í váttryggingu allt að ákveðinni upphæð í mánuð, en tjón hafi verið tilkynnt rúmu ári eftir að staðfesting um tilboð í váttryggingu var gefin út og hafi tilboðið verið tímabundið til eins mánaðar og tjónið tilkynnt rúmu ári eftir að tilboðið rann út. V segist aldrei hafa séð leigusamning H og M. Þá vísar V til þess að M sé fagaðili varðandi útleigu fasteigna. V byggir einnig á því að H hafi haft tímabundna staðfestingu á váttryggingarhæfi en hafi aldrei gengið frá váttryggingu hjá V. V vísar einnig til greinargerðar M fyrir héraðsdómi Reykjaness um að M hafi verið upplýstur um að staðfesting sú sem H framvísaði vegna tryggingar hjá V hafi verið röng. Af hálfu lögmanns M er tekið fram að H hafi fengið eintak af leigusamningi við undirritun leigusamnings til að afhenda V.

Álit.

Leigusamningur var gerður milli M og H eftir að M hafði fengið í hendur yfirlýsingu frá V um leiguvernd dags. 13.10.2014 eða rúmri viku áður en M gekk frá leigusamningi við H. Í yfirlýsingu V segir m.a. að samþykkt sé að veita H váttryggingarfjárhæð að fjárhæð kr. 525.000 og hið váttryggða er tilgreint sem leiguhúsnaði það sem leigusamningur var gerður um milli M og H 22.10.2014 og væntanlegur váttryggður leigusali er tilgreindur sem M. Tilvonandi váttryggingartaki/ábyrgðaraðili er síðan tilgreindur sem H. Með framangreindri yfirlýsingu sem nefnd er staðfesting af V til þess er málið varðar, beinir V þeirri yfirlýsingu til M að samþykkt hafi verið að veita H leiguvernd sem næmi tryggingu að ofangreindri fjárhæð kr. 525.000. M mátti því ætla að váttryggingarsamningur hefði komist á milli H og V á grundvelli leigusamnings milli M og H. Ljóst er að viðtakandi bóta vegna vanskila á leigusamningi skv. framangreindri yfirlýsingu er M. Með útgáfu staðfestingarinnar af hálfu V þ. 13.10.2014 stofnaðist

vátryggingarsamningur sbr. 1., 2. og 3. mgr. 13. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 um leiguvernd til handa H við gerð leigusamnings um íbúð í húsinu sem tilgreind var í umræddri staðfestingu V, þ.e. í síðasta lagi 22.10.2014. V sagði þeirri vátryggingu ekki upp eða gerði M grein fyrir að einhver vanhöld væru hvað varðaði umrædda leiguvernd H hjá V. Gagnvart M var því um gilda vátryggingarvernd að ræða hjá V gagnvart M. Í vátryggingarskilmálum segir að m.a. í 1. gr. að vátryggingin bæti tjón innan leigusamnings, sem vátryggður kunni að verða fyrir vegna vanefnda á greiðslum o.s.frv. M fékk í hendur gilda staðfestingu frá V um samþykki V við að veita H leiguvernd þá sem um ræðir. Þeirri vátryggingu sem tók gildi í síðasta lagi við útgáfu leigusamnings þ. 22.10.2014 var ekki sagt upp af hálfu V og var hún því í gildi þegar vanskil H á leigugreiðslum til M hófust. M á því rétt á bótum frá V vegna þess tjóns sem M varð fyrir vegna leiguvanskila H.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum frá V vegna vanskila leigugreiðslna H allt að kr. 525.000.

Reykjavík 8.3.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 14/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ slysáttryggingar launþega X.****Sönnun orsakatengsla og tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um
váttryggingarsamninga nr. 30/2004 vegna slyss 23 janúar 2006.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18.1.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.2.2016, ásamt gögnum.

Bréf lögmans M dags. 8. febrúar 2016.

Málsatvik.

Í málinu virðist vera ágreiningslaust að M hafi fallið á bílaplani fyrir utan starfsstöð X þann 23. janúar 2006 og lent á hægri handlegg. Í læknisvottorði kemur fram að M hafi leitað til læknis tveimur dögum síðar og þar hafi hann verið greindur með tognun á axlarlið, í sama vottorði kemur síðan fram að M hafi leitað til læknis að tíu dögum liðnum og hafi þá verið óbólgin. Í gögnum málsins kemur síðan fram að M hafi næst leitað til læknis vegna óþæginda í öxl 11. ágúst 2014. Í segulómskoðun 16. september 2014 hafi síðan komið fram rifa „í mið- og afturhluta supraspinatus sin og framhluta infraspinatus sinar“. M fór í aðgerð eftir þetta og hefur verið óvinnufær. Tjón til V var tilkynnt með tjónstilkynningu dags. 24. október 2014.

M telur að greiða eigi bætur úr slysáttryggingu launþega X hjá V þar sem hann hafi ekki gert sér grein fyrir afleiðingum slyssins 23. janúar 2006 fyrr en á árinu 2014. Hann hafi því ekki vitað um atvik sem krafa hans er reist á, í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga fyrr en í fyrsta lagi í ágúst 2014 og þá hafi ársfrestur í skilningi ákvæðisins byrjað að líða. Þá hafi M fyrst gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins. Einnig vísar M til þess að það sé ekkert annað sem geti útskýrt áverka sem sást með segulómumun í september 2014 en umrætt slys í janúar 2006.

V telur í fyrsta lagi að það sé ósannað að það séu orsakatengsl milli falls M 23. janúar 2006 og þeirra einkenna, sem hann leitar til læknis vegna í ágúst 2014. Eins og niðurstöðum segulómunar sé lýst geti allt eins verið um slitbreytingar að ræða auk þess sem langur tími hafi liðið og aðrir áverkar geta komið til. Í öðru lagi telur V að ef ekki verði fallist á að orsakatengsl séu ósönnuð, verði að líta svo á að M hafi tilkynnt um tjón sitt allt of seint í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. M hafi strax á tjónsdegi fundið fyrir óþægindum og ef þau hafi verið viðvarandi síðan þá hafi atvik sem krafa hans er reist á verið komin fram löngu fyrir 24. október 2013, sem er ári fyrir dagsetningu tjónstilkynningar til V.

Álit.

Í málinu liggja fyrir ítarleg læknisfræðileg gögn um heilsufar M. Þar á meðal um tjónsatvik M 23. janúar 2006 og einkenni frá öxl. M leitaði sannanlega til læknis tveimur og tólf dögum eftir það atvik með einkenni frá öxl. Ekkert kemur hins vegar fram um slík einkenni í læknisfræðilegum gögnum í rúm átta ár eftir það, ekki fyrr en í ágúst 2014. Þó ekkert komi fram um önnur tjónsatvik í læknisfræðilegum gögnum sem áhrif gætu haft á öxl M verður ekki talið fyllilega sannað, miðað við fyrirbyggjandi gögn, að það séu orsakatengsl milli einkenna hans í ágúst 2014 og tjónsatviksins í janúar 2006. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á greiðslu bóta úr slysáttryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 23. febrúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 15/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur bifreiða við Tækniskólann við Háteigsveg í Reykjavík þ. 27.1.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið 19.1.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 12.2.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf V-2 dags. 27.1.2016 ásamt fylgiskjölum 1-5

Málsatvik.

A var ekið til norðurs að bifreiðaverkstæðinu við Tækniskólann þegar B var ekið til austurs og síðan beygt til suðurs að Háteigsvegi og rákust bifreiðarnar saman. Ökumaður A segist hafa ekið eftir akstursleiðinni að bifreiðastæði, en hafi séð að B kom fyrir hornið þar sem akstursleiðir bifreiðanna mætast og hafi hann þá bremsað og runnið til í hálfu og árekstur hafi orðið. Ökumaður B segir að þegar hún kom í beygjuna hafi hún séð að A kom á móti svo hún hafi bremsað og stoppað og hafi B bremsað og runnið til og árekstur orðið.

Álit.

Báðir ökumenn gera sig seka um að gæta ekki nægjanlega vel að aðstæðum og bera báðir sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu er auk fyrirbyggjandi gagna sérstaklega litið til þess að báðir ökumenn eru sammála um að A hafi bremsað og runnið til í hálkunni og á B. Eðlilegt þykir því að A beri 2/3 sakar en B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

A ber 2/3 sakar og B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 15.3.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 16/2016**M og váttryggingafélagið X****Synjun um greiðslu úr ábyrgðartryggingu****Gögn.**

- 1) Málskot, móttækið 22.1.2016, ásamt fylgiskjölum
- 2) Bréf X, dags. 27.1.2016

Málsatvik.

Málskotsaðili er eigandi bílskúrs við Rauðarárstíg 28-30. Váttryggingartaki er verktaki sem sinni viðgerðum á ytra byrði fjölbýlishúss að Rauðarárstíg 28-30. Fékk váttryggingartaki leyfi til þess að koma fyrir vinnugámi fyrir framan téðan bílskúr en síðar var múrefni og vinnupöllum komið fyrir ofan á þaki bílskúrsins. Málskotsaðili heldur því fram að múrefni og vinnupallar hafi verið of þungir fyrir þak bílskúrsins og að fargið hafi valdið skemmdum á þaki hans. Heldur málskotsaðili því fram að ummerki skemmda hafi gert vart við sig á innra byrði bílskúrsins sem hafi falist í því að steypumulningur hrundi úr innanverðu lofti. Þá heldur málskotsaðili því fram að lítið gat hafi myndast í lofti bílskúrsins sem hafi stafað af oddhvössum hlut, líklega fæti á vinnupall. Ennfremur hafi sprungur myndast í loftinu. Telur málskotsaðili að skemmdirnar, sprungur í lofti og gat, séu afleiðing titrings á þaki þegar vinnupöllum og múrefni var hlaðið á það og vegna umgangs í kjölfarið. Hafnar málskotsaðili því að raki sé í bílskúrnum.

X hefur hafnað greiðsluskyldu með þeim rökum að ósannað sé að tjónið sé afleiðing athafna váttryggingartaka. Ekki hafi verið sýnt fram á að rekja megi tjónið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi váttryggingartaka ellegar athafnaleyfis hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann bera skaðabótaábyrgð á. Skoðunarmaður X hafi skoðað bílskúrinn og sú skoðun leitt í ljós ummerki rakaskemmda og skemmda vegna leka, s.s. bólgur í málningu og í kringum sprungur á þaki, sem kunni að hafa orsakað téðar skemmdir. Skoðunarmaður gat ekki staðreynt að gat væri á steyptri þakplötu bílskúrsins. X telur því ósannað að téðar skemmdir séu afleiðing athafna váttryggingartaka en líklega séu þær tilkomnar vegna leka.

Málskotsaðili kvartar yfir synjun X.

Álit.

Óumdeilt er í máli þessu að við framkvæmdir á ytra byrði fjölbýlishússins að Rauðarárstíg 38-40 hafi váttryggingartaki komið fyrir múrefni og vinnupöllum á þaki bílskúrs málskotsaðila. Þá er og óumdeilt að skemmdir eru á þaki bílskúrsins. Af fyrirliggjandi gögnum málsins verður aftur á móti ekki ráðið hverjar orsakir skemmdanna séu. Í gögnum málsins kemur fram að skoðunarmaður X hafi skoðað aðstæður og bílskúr málskotsaðila. Við þá skoðun komu í ljós ummerki skemmda af völdum leka og raka, s.s. bólgur í málningu og í kringum sprungur í lofti bílskúrsins. Þá gat skoðunarmaður ekki staðreynt fullyrðingu málskotsaðila um að gat hefði myndast í lofti. Ekki er loku fyrir það skotið að raki eða leki kunni að vera orsök skemmdanna eða haft áhrif á þær. Fyrir nefndina hafa ekki verið lögð önnur gögn sem sýna fram á með óyggjandi hætti hver sé megin orsök téðra skemmda. Af gögnum málsins er því ekki unnt að fella ábyrgð á verktakann og er því ekki um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X að ræða.

Niðurstaða.

Bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu er hafnað.

Reykjavík, 5. apríl 2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 17/2016**M og
váttryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar (A) og váttryggingafélagið V2 v/
ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Tjón á bifreið í tengslum við flutning hennar með dráttarbifreið 19. nóvember 2015.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 22.1.2016, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V2, dags. 10.2.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón varð á bifreið M, nánar tiltekið bifreið A, í tengslum við flutning hennar með dráttarbifreiðinni B. Bifreið A hafði orðið óökufær og var dráttarbifreiðin B fengin til að flytja bifreið A á bifreiðaverkstæði. Þegar komið var að verkstæðinu var bifreið A á palli dráttarbifreiðarinnar, pallurinn var sporðreistur og þegar M tók bifreiðina (A) úr handbrensu upp á pallinum þá rann hún af honum og eftir gólfi verkstæðisins og skemmdist við að lenda á vegg á bifreiðaverkstæðinu. M settist ekki undir stýri bifreiðarinnar heldur teygði sig inn í hana til að losa handbrensunu. Ágreiningur er um atvik þess að M tók bifreiðina A úr handbrensu upp á pallinum. Í framburði M kemur fram að ökumaður dráttarbifreiðarinnar B hafi beðið hann um að taka bifreiðina úr handbrensu án þess að láta vita að hann hafi losað bifreið A úr dráttarspili dráttarbifreiðarinnar. Ökumaður dráttarbifreiðarinnar B ber hins vegar að hann hafi beðið M um að losa bifreið A úr handbrensu og bakka henni af pallinum, en það hafi M ekki gert. Einnig liggur fyrir framburður starfsmanns bifreiðaverkstæðisins þar sem kemur fram að ökumaður dráttarbifreiðarinnar hafi verið búinn að losa bifreið A úr dráttarspili bifreiðarinnar þegar hann rétti lykil bifreiðarinnar áfram í því skyni að það væri hægt að láta bifreið A renna niður á verkstæðisgólfið.

M telur að hægt sé að rekja tjón M til notkunar bifreiðar B í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Tjónið hafi orðið í beinum tengslum við affermingu bifreiðar B og sé afferming dráttarbifreiða hluti af notkun þeirra sem slíkra og falli atvikið þar af leiðandi innan hins svokallaða notkunarhugtaks fyrrnefnds ákvæðis og því hlutlægrar ábyrgðar eiganda bifreiðarinnar skv. 90. gr. sömu laga. Vísar M m.a. til Hrd. 1962:407 máli sínu til stuðnings og telur dráttarbifreiðina, sem búin var sérstökum palli sem ætlaður er til að flytja aðrar bifreiðar, hafa verið í eðlilegri notkun sem slík og tjónið hafi orðið vegna sérstakra hættueiginleika bifreiðarinnar.

V2 telur að það sé ekki hægt að rekja tjón M til notkunar bifreiðar B í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Félagið vísar til þess að túlka verði notkunarhugtak ákvæðisins m.t.t. sérstakra hættueiginleika ökutækja sem ökutækja og sé því um þrengri skýringu að ræða en almenna orðskýringu. Tjónið hafi orðið þegar bifreið A var tekin úr handbrensu og hafi því ekki verið orsakatengsl milli þess að pallur bifreiðar B hafi verið sporðreistur eða að afferming hafi verið fyrir hendi með sérstökum búnaði bifreiðarinnar þegar tjónið varð. V2 vísar til nokkurra dóma Hæstaréttar, máli sínu til stuðnings, þ.á.m. Hrd. 671/2014, Hrd. 353/2002, Hrd. 307/1999, Hrd. 116/1999 o.fl. Einnig vísar V2 til þess að ekki sé hægt að rekja tjón M til saknæmrar háttsemi ökumanns bifreiðar B með vísan til 3. mgr. 90. gr. umferðarlaga þar sem M hafi sjálfur tekið bifreið sína úr handbrensu án þess að gæta varúðar.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvaða leiðbeiningar ökumaður dráttarbifreiðarinnar B gaf M varðandi flutning bifreiðar hans, (bifreiðar A) af palli dráttarbifreiðarinnar B þegar komið var á bifreiðaverkstæði. Þar verður að ætla að ökumaður dráttarbifreiðarinnar hafi stjórnar aðgerðum og því eðlilegt að gera þær kröfur til hans að leiðbeiningar til annarra sem hann bað um að aðstoða við affermingu dráttarbifreiðarinnar séu skýrar og varað sé við mögulegum hættum. Í framburði M og starfsmanns bifreiðaverkstæðis verður ekki annað séð en að ökumaður dráttarbifreiðarinnar B hafi stýrt aðgerðum á vettvangi og verður því að gera þær kröfur til hans að skilaboð til þeirra sem hann fól að aðstoða við að koma bifreið A af pallinum væru skýr. Miðað við framburð M og áðurnefnds starfsmanns voru þau skilaboð ekki skýr. Verður að meta stjórnanda dráttarbifreiðar það til gáleysis að hafa ekki stýrt aðgerðum með betri hætti en þetta. Verður eigandi bifreiðar B því talinn bera skaðabótaábyrgð á tjóni M á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð og því eru skilyrði 3. mgr. 90. gr. umferðarlaga um ábyrgð á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttarins uppfyllt. Telst því ekki þörf á að taka afstöðu til þess hvort hlutlæg ábyrgð eiganda bifreiðar B, skv. 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga, eigi við í málinu. Ekki verður heldur lögð sök á M í ljósi þeirra óskýru skilaboða sem hann fékk á vettvangi.

Niðurstaða.

M á rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B hjá váttryggingafélaginu V2.

Reykjavík, 15. mars 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 18/2016

M
og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar í Reykjavík 27.11.2015.**Gögn.**

Málskot, móttakið 25.1.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 2.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 16.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið suður Kringlumýrarbraut og inn á gatnamót Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar. Þá var B ekið austur Háaleitisbraut og inn á gatnamótin. Rákust þá saman framendi A og framanverð vinstri hlið B. Umferð um gatnamótin er stjórnað með umferðarljósum.

Ökumaður A kvaðst hafa fylgt röð bifreiða inn á gatnamótin. Hann hafi blindast af sól, en B hafi verið ekið af stað meðan hann var enn inni á gatnamótunum. Hann hafi ekki vitað hver staða umferðarljósanna hafi verið þegar áreksturinn varð og ekki heldur áður en hann ók inn á gatnamótin. Í síðari skýrslu telur hann sig hafa verið að mjakast áleiðis yfir gatnamótin í um 30-40 sekúndur á eftir annarri bifreið þegar ljósin hafi skipt yfir í gult og síðan rautt. Bifreiðin á undan hafi komist yfir gatnamótin og hann hafi einnig reynt að aka yfir þau. Hafi hann þá séð tvær bifreiðar koma inn á gatnamótin; sú á vinstri akrein hafi stöðvað til að gefa honum færi á að komast yfir gatnamótin, en sú á hægri akrein, B, virtist gefa í til að sleppa fram hjá A en árekstur þá orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið inn á gatnamótin gegnt grænu ljósi, en skyndilega hafi A verið ekið í hlið B.

Vitni ber í tölvubréfi til V2 að A hafi verið ekið á nokkrum hraða í átt að gatnamótunum. Umferðarljósin hafi skipt í rautt en A hafi verið ekið áfram. Bifreiðar hafi verið lagðar af stað á leið austur Háaleitisbraut áleiðis austur yfir gatnamótin. Bifreið á vinstri akrein hafi náð að stöða en bifreiðinni á hægri akreininni, B, er ekið áfram. Hafi ökumaður A þá hemlað snögglega en rekist á B.

Álit.

Fyrir liggur að ökumaður A vissi ekki um stöðu umferðarljósanna er hann ók inn á gatnamótin. Þá hefur ökumaðurinn einnig haldið því fram að hann hafi verið að mjakast yfir gatnamótin í um 30-40 sekúndur þegar ljósin hafi skipt yfir á gult og síðan rautt. Leggja verður til grundvallar frásögn ökumannsins í skýrslu þeirri sem tekin var af honum á vettvangi og hann hefur undirritað. Eins og hér stendur á hefur hann sönnunarbyrðina um það að hann hafi ekið inn á gatnamótin andspænis grænu ljósi og aðstæður á gatnamótunum hafi ekki verið með þeim hætti að honum hafi mátt vera ljóst að hann kæmist ekki yfir gatnamótin áður en grænt ljóst kviknaði fyrir umferð úr þverstæðri átt, sbr. síðari másl. 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur sú sönnun ekki tekist. Verður við það að miða að ökumaður A hafi ekið inn á gatnamótin á móti rauðu ljósi í þeirri andrá sem B var ekið af stað áleiðis yfir gatnamótin gegnt grænu ljósi. Fær sú niðurstaða einnig stoð í framburði vitnis. Telst ökumaður A því eiga sök á árekstrinum en ekki eru efni til að fella sök á ökumann B. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 8. mars 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 19/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar L

Kona gekk á glerhurð og slasaðist 17.11.2014

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.1.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 8.2.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M gekk á glerhurð og slasaðist þegar hún ætlaði inn í verslun L. M segir að engin merki hafi verið á hurðinni, en um sé að ræða glerrennihurð í falsi sem sé alla jafna opin á opnunartíma verslunar L. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu L hjá V á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttarins, ábyrgðar eiganda og/eða umráðamanns fasteignar og ennfremur vísar M til laga nr. 46/1980 og reglugerða með stöð í þeim lögum. M vísar einnig til reglna um húsnæði vinnustaða og byggingarreglugerð nr. 112/2012 sérstaklega grein 6.2.3. og 12.4.2 og byggir M á að ofangreindra reglna hafi ekki verið gætt í umrætt sinn og hafi forráðamönnum L borið skylda til að merkja hurðina og um ótvírætt brot á hátternisreglum sé að ræða af hálfu forráðamanna L. V hafnar bótaskyldu og segir að umrædd hurð sé alltaf lokað og alltaf sé stafli af vörum við glerveggi verslunarinnar og þessa glerhurð og ætti engin að ganga hurðina nema meiningin sé að ganga yfir vörurnar sem séu fyrir aftan hana. V segir að vörunum sé stillt með þessum hætti við glervegginn og/eða hurðina til að koma í veg fyrir að fólk gangi á hana. V segir að ljóst sé einnig hvar inngangur í verslun L sé og um sé að ræða algengan frágang í verslunarmiðstöðvum. V telur því að L beri ekki sök á því að M slasaðist þegar hún gekk á hurðina.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að frágangur og/eða umbúnaður umræddrar glerhurðar á verslun L sé ábótavant eða brjótí gegn lagaákvæðum. Af ljósmynd af vettvangi að dæma og skoðun á vettvangi sem og önnur gögn málsins, verður ekki séð um hættulegan frágang sé að ræða sem geti valdið bótaábyrgð L. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu L hjá V

Reykjavík 15.3.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 20/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar.****Ágreiningur um hvort tilkynnt hafi verið um bótakröfu innan lögmæltis tímafrests.****Gögn.**

Málskot, móttakið 25.1.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V dags. 9.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 15. júlí 2013 varð M fyrir meiðslum á hægri hné er hún steig illa ofan í holu við girðingarvinnu. Hún leitaði samdægurs til læknis á heilsugæslustöð. Er hún sögð hafa verið sárkvalin og með eymsli yfir hliðarliðböndum. Í sjúkraskrá vegna þeirrar komu segir að hugsanlega hafi verið um slæma tognun að ræða og ákveðið að frá „mynd“ næsta dag til að útiloka brot.

Röntgenrannsókn sem gerð var degi síðar sýndi slitbreytingar auk þess sem grunur var um brotinn beinnabba og hugsanlegt að smávægilegur beinflaski hefði losnað frá liðfleti lærleggs. Voru áverkarnir slíkir að ekki var talin nein ástæða til aðgerðar. Var M vísað til frekari rannsóknna hjá bæklunarlæknum á Sjúkrahúsinu á Akureyri, en í tilvísun til þeirra kom fram að M hafi átt í langvarandi verkjavandamálum í báðum hnjúm og hafði áður farið í aðgerð vegna liðhlaups hægri megin. Segulómsskóðun 14. ágúst 2013 sýndi slitbreytingar í hægri hné og skemmd á liðþófa vegna slitbreytinga.

Vegna versnandi verkja efir slysið í júlí 2013 gekkst M undir liðspeglun 6. febrúar 2014. Sáust þá í vinstra hné „umtalsverðar“ slitbreytingar og í hægri hné „allhastarlegar slitbreytingar, einkum miðlægt.“ Einnig hafi ójöfnur verið í liðþófa sem hafi verið jafnaðar til. M gekkst svo undir gerviliðaraðgerð 9. mars 2015 á hægri hné. Í fyrirliggjandi vottorði bæklunarlæknis á Sjúkrahúsinu á Akureyri, dags. 18. ágúst 2015, segir að M hafi að öllum líkindum hlotið snúningsáverka á vinstra hné við slysið 15. júlí 2013. Mögulegt sé að beinnabbar sem verða vegna slitbreytinga hafi brotnað eða hún hafi fengið smávægilegt brot á lærliðfleti hægri hné. Við speglun hafi þó ekki sést merki um brot á liðfletinum en töluverðar slitbreytingar. Þar sem sjúkdómur M í hægri hné sé slitsjúkdómur og geti hugsanlega verið vegna endurtekens liðhlaups en hún hafi farið í aðgerð þegar hún var ung. Það sé ólíklegt að áverkinn í júlí 2013 hafi flýtt þessum slitbreytingum svo einhverju nemi heldur hafi þessar breytingar verið til staðar og slitgigtareinkenni verið til staðar áður en hún meiddi sig, en meiðslin hafi engu að síður leitt til enn meiri erfíðleika og verkja.

M hefur í gildi slysatryggingu hjá V og með tjónstilkynningu 10. júlí 2015 krafðist hún bóta úr vátryggingunni. Með beiðni 10. nóvember 2015 var þess farið á leit af hálfu M að tiltekinn lögfræðingur og bæklunarlæknir myndu meta læknisfræðilega örorku M af völdum þeirra áverka sem hún hlaut í slysinu 15. júlí 2013. Með matsgerð þeirra, dags. 6. janúar 2016, var komist að þeirri niðurstöðu að læknisfræðileg örorka M af völdum slyssins sé 7%. Þá er þess getið í matsgerðinni að stöðugleikatímapunktur teljist vera 1. maí 2014. Í kjölfar þess að matsgerðin lá fyrir krafðist M bóta úr slysatryggingunni. V hafnaði á hinn bóginn bótaskyldu með vísan til þess að stöðugleikatímapunktur hafi verið ákveðinn 1. maí 2014 og því hafi frestur M til að tilkynna félaginu um slysið runnið út ári síðar eða 1. maí 2015, sbr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. og Hrd. 22. október 2009 í máli nr. 7/2009. M vill ekki una þessari afstöðu V, einkum með vísan til þess að V hafi tilkynnt sér um synjunina of seint og vísar í því efni til 1. mgr. 31. gr. laga nr. 30/2004.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Eins og að framan er rakið gekkst M undir speglun á hægra hné í febrúar 2014 og greindust þá allhastarlegar slitbreytingar, einkum hliðlægt, en einnig ójöfnur í liðþófa sem voru jafnaðar til. M fór svo í gerviliðaraðgerð á hnénu í mars 2015. Þá sagði í vottorði bæklunarlæknis að ólíklegt sé að áverkinn í júlí 2013 hafi flýtt slitbreytingunum svo einhverju nemi. Samkvæmt þessu og öðru því sem fram kemur í umræddu læknisvottorði eða öðrum læknisfræðilegum gögnum málsins verður með engu móti unnt að sjá að ári áður en M tilkynnti V um slysið 10. júlí 2015 hafi legið fyrir merki þessi að M byggi við varanlegar afleiðingar af völdum slyssins 15. júlí 2013. Í fyrirbyggjandi matsgerð lögfræðings og bæklunarlæknis sér þess heldur engan stað að 1. maí 2014 hafi M áttað sig á að einkenni vegna slyssins væru varanleg. Verður ekki séð að mat á stöðugleikatímapunkti hafi í þessu tilviki þýðingu við mat á því hvenær hinn lögmælti árfrestur hóf að líða. Að öllu virtur verður ekki talið fresturinn hafi verið liðinn þegar V var tilkynnt um slysið. Bótaskyldu verður því ekki hafnað á þeim grundvelli að tilkynnt hafi verið um slysið að liðnum frestinum. Að fenginni þessari niðurstöðu er ekki talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þá málsástæðu M að V hafi tilkynnt sér of seint um synjunina.

Þótt fyrirbyggjandi matsgerð hafi verið aflað einhliða og að því er virðist án samráðs við V hefur V ekki mótmælt henni hvað varðar niðurstöðu um varanlega læknisfræðilega örorku eða haldið því fram að bótaskilyrðum sé af öðrum ástæðum ekki fullnægt. Þótt ekki sé tekin afstaða til hinnar metnu örorku samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð verður engu að síður að telja samkvæmt gögnum málsins að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í slysinu 15. júlí 2013 sem hún á rétt á að fá bætt úr slysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 21/2016**M og
vátryggingamiðlunin V v/starfstryggingar.****Ágreiningur um niðurfellingu starfstryggingar. Aðild. Frávísun.****Gögn.**

Málskot, móttakið 25.1.2016, ásamt fylgigögnum.

Gögn varðandi samskipti V við M og breska vátryggingendur eftir móttöku málskots.

Málsatvik.

Frá árinu 2008 hafði M í gildi svonefnda starfstryggingu hjá bresku vátryggingafélagi sem hann hafði keypt fyrir milligöngu V sem er vátryggingamiðlun með starfsleyfi hér á landi. Með bréfi V til M, dags. 1. júlí 2015, var M tilkynnt að við athugun á bótakröfu sem hann hafði lagt fram skömmu áður hafi komið í ljós að vátryggingin hafði ekki verið endurnýjuð hjá viðkomandi vátryggingafélagi. Því væri ekki grundvöllur til að framvísa kröfunni og krefjast bóta. Í kjölfarið áttu M og V í samskiptum m.a. um ástæður þess að vátryggingin var ekki endurnýjuð og rétt vátryggingafélagsins að endurnýja ekki vátrygginguna. Úrlausn hefur ekki fengist og í málskoti gerir M þá kröfu að höfnun V á endurnýjun starfstryggingar hans fyrir tímabilið 25. febrúar 2016 til 24. febrúar 2017 verði felld úr gildi eða hafnað.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. samþykktanna fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum frá 21. nóvember 2005, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, starfar nefndin samkvæmt samkomulagi fjármála- og efnahagsráðuneytisins (áður viðskiptaráðuneytisins), Neytendasamtakanna og Samtaka fjármálafyrirtækja (áður Sambands íslenskra tryggingafélaga). Í 1. mgr. 3. gr. samþykktanna segir að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga. V á ekki aðild að Samtökum fjármálafyrirtækja og er því ekki aðili að þeim samningi sem úrskurðarnefnd í vátryggingamálum grundvallast á og ágreiningur M beinist heldur ekki að vátryggingafélagi sem á aðild að téðum samningi. Ágreiningur málsaðila heyrir því ekki undir nefndina og ber með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktanna að vísa málinu frá.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 16. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 22/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar X.****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags vegna stórkostlegs gáleysis við akstur í tengslum við árekstur á Holtavörðuheidi 21. febrúar 2013.****Gögn.**

Málskot, móttakið 25.1.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15.2.2016, ásamt lögregluskýrslu með litmyndum, PC-crash skýrslu dags. 11. apríl 2013 og bréf V til Endurkröfunefndar dags. 4. september 2015.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að árekstur varð með bifreiðinni X, sem M ók til norðurs, og annarri bifreið sem ók úr gagnstæðri átt, til suðurs, á Holtavörðuheidi síðdegis þann 21. febrúar 2013. Í sömu skýrslu og á ljósmundum kemur fram að skammt norðan við, þar sem árekstur varð hafi verið hæð á veginum og vegsýn skert í báðar áttir, sem og óbrotin lína við hlið brotinnar línu á yfirborði vegarins beggja vegna við hæðina. Yfirborð vegar hafi verið rakt en hvorki ísing eða háлка. Ályktanir lögreglumanns, sem rannsakaði vettvang, voru þær að bifreið X virðist hafa verið ekið yfir á rangan vegarhelming og þannig hafnað í hlið hinnar bifreiðarinnar, sem valt við áreksturinn. Bæði ökumaður og farþegar þeirrar bifreiðar slösuðust í árekstrinum, þar af slasaðist farþegi í aftursæti alvarlega. Á vettvangi kvaðst M, sem ökumaður bifreiðar X hafa verið úthvildur áður en hann lagði af stað frá Reykjavík fyrr um daginn og hann hafi ekið á hraðanum 90-100 km/klst. Hann kveðst ekki muna nákvæmlega þegar árekstur varð en var þess fullviss að hann hefði ekki verið að fara fram úr annarri bifreið. Eftir honum er einnig haft á vettvangi að honum sé ljóst, þegar hann horfi yfir vettvanginn, að hann hafi ekið yfir á rangar vegarhelming. Í sömu skýrslu lögreglu er einnig haft eftir farþega í bifreiðinni sem á móti bifreið X kom, að bifreið X hafi verið ekið skáhallt yfir miðlínu vegar og þannig ekið á bifreiðina sem ekið var í suðurátt. Svipaður framburður er hafður eftir ökumanni þeirrar bifreiðar. Í svokallaðri PC-crash skýrslu, sem V aflaði einhliða, kemur fram sú ályktun skýrsluhöfundar að bifreiðinni X hafi verið ekið á um hraðanum 120 (+/- 5) km/klst á meðan hinni bifreiðinni hafi verið ekið á hraðanum 95 km/klst og að högg af árekstrinum hefði líklega orðið meira hefði ökumaður þeirrar bifreiðar ekki náð að sveigja að einhverju leyti frá bifreið X.

M telur að akstur hans hafi verið í samræmi við lög og reglur og vísar um það sérstaklega til þess að frekari lögreglurannsókn hefði ekki farið fram varðandi mögulegt brot á ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987, hvorki hafi hann fengið sekt eða höfðað sakamál á hendur honum. M telur m.a. með vísan til þess að það sé ekki hægt að álykta að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar X um Holtavörðuheidi greint sinn. M bendir á að V hafi sönnunarbyrði um að hann hafi sýnt slíka háttsemi og hallann skorti á sönnunum beri X. M mótmælir sönnunargildi þeirrar skýrslu sem V aflaði einhliða um ætlaðan ökuhraða bifreiðanna og vísar um það til Hrd. 107/2009 þar sem skýrsla, sem aflað var með svipuðum hætti, var ekki lögð til grundvallar sem sönnunargagn í sambærilegu máli. Hvað varðar mat á háttsemi M, við það að fara yfir á rangan vegarhelming, bendir M á Hrd. 336/2005 sem fordæmi um að sú háttsemi ein, að fara yfir á rangar vegarhelming sé ekki stórkostlegt gáleysi.

V telur sannað að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 30. gr. váttryggingarskilmála slysatryggingar ökumanns, sem og 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Rekur V ýmis atriði sem það telur styðja að háttsemi M hafi verið stórkostlega gálaus, m.a. að

óumdeilt sé að M hafi ekið bifreiðinni X yfir á rangan vegarhelming þar sem vegsýn er skert í báðar áttir og óbrotin lína sem banni framúrakstur á vettvangi. Einnig bendir V á að ekki hafi verið hemlaför eða skriðför á vettvangi þannig að ekki hafi gefist tími til að bregðast við. Ekki hafi verið ísing eða hálsa á veginum eða M hafi verið óvanur akstri bifreiðarinnar vegna aldurs eða reynsluleysis. Einnig vísar V til hraðaútreikninga í fyrrnefndri PC-crash skýrslu. V telur að öll atvik málsins bendi til þess að M hafi sofnað eða dottað við aksturinn, sem hafi verið sérstaklega hættulegt í ljósi þess að mikil umferð hafi verið á Holtavörðuheidi á þessum tíma. Einnig vísar V til þess að Endurkröfunefnd hafi metið það svo að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða af hálfu M. Til viðbótar vísar M til Hrd. 50/2004 og Hrd. 522/2007 þar sem ökumenn voru taldir sýna stórkostlegt gáleysi í skilningi 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 við akstur yfir á öfugan vegarhelming fyrir gagnstæða umferð. Með hliðsjón af ofangreindu hefur V takmarkað bótaábyrgð sína um helming úr slysatryggingu ökumanns.

Álit.

Það er nokkuð ljóst af gögnum málsins að M ók bifreiðinni X yfir á rangan vegarhelming á Holtavörðuheidi í greint sinn, þannig að árekstur varð við aðra bifreið og alvarlegt líkamstjón m.a. Til þess að hægt sé að meta hvort háttsemi M hafi áhrif á rétt hans til bóta fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar X verður að líta til þess að heimildir V til að fella niður bætur eða skerða eru í 30. gr. váttryggingarskilmála, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þær miðast við að váttryggður hafi sýnt stórkostlegt gáleysi sem hafi leitt til tjónsatburðar. V ber sönnunarbyrði fyrir því að M hafi sýnt slíka háttsemi. Líta verður til gagna málsins þegar metið er hvort V hafi mætt þeirri sönnunarbyrði.

Í málinu liggja fyrir sönnunargögn í formi upplýsinga um framburð M annars vegar og ökumanns og farþega í hinni bifreiðinni sem og skýrsla með hraðaútreikningi vegna ætlaðs ökuhraða bifreiðarinnar X. Þegar litið er til þess að það sönnunargagn það sem V leggur fram og byggir aðallega á um ætlaðan 120 km/klst hraða bifreiðarinnar A er einhliða aflað af hálfu V verður það ekki lagt að jöfnu við önnur sönnunargögn, sem eru þá framburðir þeir sem vísað hefur verið til og þær upplýsingar sem koma fram í skýrslu lögreglu vegna árekstursins.

Það er ljóst að við akstur um eins fjölfarna leið og Holtavörðuheidi verður ekki hjá því komist að álykta að það sé nokkuð gáleysisleg háttsemi að aka yfir miðlínu vegar, það getur skapað mikla hættu fyrir gagnstæða umferð. Í þessu máli verður hins vegar ekki fullyrt að M hafi verið óhæfur til aksturs í greint sinn vegna líkamlegs ástands eða annarra atvika sem almennt geta haft áhrif á akstursgetu. Ekki verður heldur fallist á að hægt sé að draga það víðtækar ályktanir af atvikum í dómum hæstaréttar (Hrd. 50/2004 og Hrd. 522/2007) að atvik hafi verið að öllu leyti sambærileg í þessu máli. Þó fallast megi á að aksturslag M við að aka bifreiðinni X yfir miðlínu í greint sinn hafi falið í sér gáleysi, verður ekki útiloka að það gáleysi hafi verið augnablikseinbeitingarskortur, í ljósi þess að ekki liggur fyrir að annað hafi haft áhrif á akstur hans. Telst því ekki fyllilega sannað að háttsemi M hafi vikið verulega frá því sem ætlast mátti til við umræddar aðstæður og leyfðan hámarkshraða. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber V. Telst M því eiga rétt á fullum bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar X.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 8. mars 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 23/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ slysáttryggingar launþega X.****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags vegna áhættubreytingar, tilkynning til váttryggðs.****Gögn.**

Málskot, móttækið 27.1.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 10.2.2016, ásamt afriti váttryggingaskírteina og endurnýjunarkvittana.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist í vinnuslysi 1. júlí 2013 og tilkynnti hann tjón sitt til V með tjónstilkynningu dags. 5. mars 2014. Hann hefur krafist bóta úr slysáttryggingu launþega X, sem var í gildi á slysdegi. V hefur viðurkennt bótaskyldu úr þeirri slysáttryggingu en telur að M hafi slasast við aðrar aðstæður en þær sem váttryggingaráhætta félagsins tók til á slysdegi. Í bréfi V dags. 7. mars 2014 er vísað til þess að launþegar í slysáttryggingu launþega X séu tryggðir við skrifstofustörf og leiktjaldasmiði. Í fyrrnefndri tjónstilkynningu M til V kemur hins vegar fram að M hafi slasast við vinnu upp á þaki, við að losa þaknagla. Ekki kemur fram í gögnum málsins að sú vinna hafi tengst leiktjaldagerð eða smíði. V hafnaði bótaskyldu alfarið til að byrja með, með tölvupósti dags. 25. júní 2014 þar sem það taldi ósannað að um vinnuslys hefði verið að ræða. Í janúar 2015 breytti V hins vegar afstöðu sinni og viðurkenndi bótaskyldu en með því að tilkynna um takmörkun ábyrgðar um 70% til M vegna slyssins vegna áhættubreytingar.

M telur að hann eigi rétt á óskertum bótum úr slysáttryggingu launþega og byggir fyrst og fremst á því að V geti ekki borið fyrir sig ákvæði um áhættubreytingu, þar sem V hafi ekki tilkynnt M um það án ástæðulauss dráttar í skilningi 94. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þar komi fram að sendi V ekki tilkynningu um að það ætli að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð, skv. einhverjum af ákvæðum XIII. kafla laganna, án ástæðulauss dráttar, þá falli réttur félagsins til þess niður, sbr. 2. mgr. 94. gr. laganna. M vísar til þess að upplýsingar hafi borist um atvik málsins til V í mars 2014 en V hafi ekki borið fyrir sig áhættubreytingu skv. ákvæðum laganna fyrr en með bréfi dags. 29. janúar 2015 og sé sá tími ekki án ástæðulauss dráttar í skilningi fyrrnefndrar 2. mgr. 94. gr. sömu laga. Einnig vísar M til þess að upplýsingaskylda félagsins hafi verið vanrækt í skilningi 64. gr. laga um váttryggingarsamning þar sem V hafi ekki veitt X nauðsynlega ráðgjöf um váttryggingarvernd í ljósi starfsemi fyrirtækisins. M vísar til þess að síðarnefnd sjónarmið um upplýsingagjöf V eigi alla vega að hafa áhrif á hversu mikið ábyrgð V getur takmarkast, ef fallist er á þau sjónarmið.

V vísar til þess að í gr. 8.2 í váttryggingarskilmálum slysáttryggingar launþega, sbr. 88. gr. laga um váttryggingarsamninga, sé heimild til þess að lækka ábyrgð félagsins hlutfallslega ef um áhættubreytingu er að ræða á gildistíma váttryggingarsamningsins. V telur að ekki hafi borist fullnægjandi upplýsingar um váttryggingaráhættu fyrr en í janúar 2015 og þá hafi félagið tilkynnt að það myndi bera fyrir sig áhættubreytingu, ekki hafi verið forsendur til þess fyrr en bótaskylda var þá viðurkennd og hafi það verið án ástæðulauss dráttar í skilningi 2. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga. Einnig vísar V því á bug að félagið hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína.

Álit.

Í málinu er fyrst og fremst ágreiningur um hvort V hafi „án ástæðulauss dráttar“ tilkynnt M um að það hygðist bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð vegna áhættubreytingar í skilningi 88. gr. laga um váttryggingarsamninga og heimildar í gr. 8.2 í váttryggingarskilmálum félagsins. Í gögnum málsins kemur skýrt fram að sú váttryggingaráhætta sem X tryggði með slysáttryggingu launþega voru slys

sem launþegar yrðu fyrir við skrifstofustörf og leiktjaldagerð eða smíði. Ekkert kemur fram í gögnum málsins um að slysi M hafi verið við slík störf og telst áhætta við störf hans því hafa verið önnur þegar hann slasaðist heldur en tilkynnt hafði verið um til V. Í ljósi þess að V hefur sýnt fram á að áhætta við þau störf sem M slasaðist við hefði verið nokkuð meiri og iðgjöld váttryggingarinnar hærri, ef tilkynnt hefði verið um áhættubreytinguna, verður fallist á að skilyrði gr. 8.2 í váttryggingarskilmálum séu uppfyllt og V heimilt að takmarka ábyrgð allt að 70%.

Í 94. gr. laga um váttryggingarsamninga er lögð sú skylda á váttryggingarfélag að tilkynna „án ástæðulauss dráttar“ um slíka takmörkun. Það er ágreiningslaust að tjón M var tilkynnt til V í mars 2014 og félagið tilkynnti formlega um ábyrgðartakmörkun á grundvelli áhættubreytingar í lok janúar 2015. Fram í janúar 2015 taldi V hins vegar að tjón M félli utan váttryggingarverndar félagsins. Þó gögn málsins gefi til kynna að það hefði mátt skýra stöðu M m.t.t. váttryggingarverndar með skýrari hætti eftir að tjónstilkynning kom fram, verður ekki séð að V hafi fengið fullnægjandi skýringar á starfsemi X strax þegar tjón M var tilkynnt í mars 2014. Verður því ekki lagt til grundvallar að V hafi getið metið áhrif mögulegrar áhættubreytingar strax þá. Verður hins vegar að telja að í allra fyrsta lagi hafi það getað gerst í lok júní 2014 þegar V fékk afrit af tilkynningu um vinnuslys til Sjúkratrygginga Íslands, þó gögn málsins gefi ekki með skýrum hætti til kynna að þá hafi allar upplýsingar verið komnar fram. Með hliðsjón af því verður sá tími, sem leið fram að lokum janúar 2015, talinn innan tímamarka þeirra sem vísað er til í 94. gr. laga um váttryggingarsamninga, þ.e. „án ástæðulauss dráttar“. Verður heldur ekki talið sannað að V hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína í skilningi 64. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Niðurstaða.

V er heimilt að takmarka ábyrgð sína úr slysatryggingu launþega sem nemur 70%.

Reykjavík, 15. mars 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 24/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ líftryggingar.****Ágreiningur um rétt til bóta vegna barns er fæddist andvana.****Gögn.**

Málskot, móttakið 28.1.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.2.2016.

Athugasemdir M, dags 8.2.2016.

Málsatvik.

M hefur í gildi líftryggingu hjá V. Samkvæmt 1. gr. skilmála þeirra sem gilda um líftrygginguna er vátryggður sá sem nefndur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Ennfremur eru meðvátryggð börn vátryggðs, auk stjúp- og fósturbarna hans sem eiga sama lögheimili og búa á sama stað og vátryggður. Í 6. gr. skilmálanna eru ákvæði er lúta að vátryggingarfjárhæðum. Þar kemur fram í gr. 6.3 að félagið greiði dánarbætur að tilteknu hámarki ef barn vátryggðs, lifandi fætt og yngra en 18 ára, andast á vátryggingartímanum.

Hinn 22. desember 2014 lést barn M í móðurkviði og var í kjölfarið andvana fætt. Kveður M að barnið hafi fengið kennitölu þótt hún sé ekki skráð í þjóðskrá. Barnið hafi búið á sama stað og M auk þess sem það hafi verið skráð í legstaðaskrá með sama heimilisfang og lögheimili M, en hér sé um að ræða opinbera skráningu heimilis sem öldungis megi jafna til skráningar lögheimilis. Telur M sig eiga rétt til bóta úr líftryggingunni eftir barn sitt, enda sé þess hvergi getið í vátryggingarskilmálum að ekki komi til greiðslu bóta þegar barn fæðist andvana. V beri eitt ábyrgð á ritun skilmálanna og hafi yfirburða stöðu gagnvart viðsejanda sínum. Því verði V að bera hallann ef vátryggingarsamningnum er áfátt um einhver atriði. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til fyrrgreindra ákvæða í vátryggingarskilmálunum.

Álit.

Þótt þess sé ekki getið berum orðum í þeim vátryggingarskilmálum sem eru til skoðunar í máli þessu verður engu að síður að líta svo á að það sé grunneðli líftryggingar, eins og hér um ræðir, að tryggja bætur við andlát einstaklings sem fæðst hefur lifandi. Skilmálar líftryggingarinnar, sem hér um ræðir, taka mið af þessu grunneðli sem í líftryggingu felst, þ. á m. þau ákvæði skilmálanna sem fyrr er getið. Telja verður að það fái stoð í síðari málslið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, en þar segir að vátryggingu megi taka vegna lífs eða heilsu vátryggingartakans eða annarra. Í c. lið 62. gr. sömu laga er hugtakið „vátryggður“ skilgreint svo að það sé sá maður hvers lífs eða heilsu vátryggingin tekur til. Af þessu verður heldur ekki annað ráðið en líftrygging taki til lífs þess sem fæðst hefur lifandi. Barn M sem ekki fæddist lifandi getur því ekki talist hafa vera vátryggt samkvæmt líftryggingarskilmálum V. Af þeim sökum á M ekki rétt til bóta úr líftryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr líftryggingu hjá V.

Reykjavík, 8. mars 2016.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 25/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ frítímaslysátryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna beinbrots í hendi.****Gögn:**

Málskot, móttakið 29.1.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt tilkynningu um slys, dags. 10. nóvember 2015, var M í júlímánuði 2015 við æfingar í líkamsræktarstöð er hann var að taka æfingu sem nefnist „clean“ „þegar hann missti 112 kg lóð á vinstri hendi og hlaut bátsbeinsbrot.“ Í málskoti er umræddri æfingu lýst nánar. Kemur þar fram að æfingin sé fyrri hluti ólympskrar lyftu, „clean and jerk“, sem nefnist jafnhöttun á íslensku, og felst í því „að lyfta lóðastöng frá jörðu og upp í brjósthæð með því að spenna líkamann upp með þyngdina og grípa hana svo í axlarhæð.“ Í móttökuskrá bráðadeildar Landspítalans segir að M hafi verið að lyfta mjög þungum lóðum og hafi hönd gefið eftir í lyftunni og við það komið „hyperextension“ um úlnliðinn. Eftir það hafi verið verkur „radialt“ um liðinn og hann sé aumur bæði yfir úlnliðnum og „scaphoid“ svæði. Taldi læknir næsta vísit að M hafi tagnað á úlnlið en gat ekki útilokað beináverka. Fengin var röntgenmynd og sá læknirinn ekki nein brot í fjærenda sveifar eða ölnar. Hins vegar fannst honum hann greina á myndinni örtilta mögulega sprungu í scaphoid beini. Þar sem M hafi verið aumur yfir því beini taldi hann rétt að setja á hann „scaphoid gips“.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr frítímaslysátryggingu sinni hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu. Kveður félagið að M virðist hafa orðið fyrir meiðslum við það þegar hann breytti handstöðu á lóðastönginni, þ.e. þegar hann beygði úlnliðinn undir stöngina. Virðist lyftan hafa verið framkvæmd með hefðbundnum hætti og atburðarásin fram að því að höndin gaf eftir í lyftunni virðist ekki á neinn hátt hafa verið óvænt. Svo um slys sé að ræða í skilningi slyshugtaks vátryggingarréttar verði eitthvað í atburðarásinni að fela í sér frávik frá því sem vátryggður mátti reikna með. Ekki hafi verið sýnt fram á að atvik hafi verið með þeim hætti í því tilviki sem hér um ræðir. Loks bendir V á að slysið hafi ekki gerst án vilja M.

Álit.

M varð fyrir því að sprunga kom í bátsbein í annarri hendi er höndin gaf sig við að lyfta þungum lóðum. Ræðst það af túlkun slyshugtaksins í vátryggingarskilmálum V sem gilda um frítímaslysátryggingu þá sem hér er til skoðunar hvort um slys sé að ræða í skilningi skilmálanna. Í skilmálunum er hugtakið slys skilgreint svo: „Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.“ Vart er um það deilt að M hlaut meiðsl á útlím. Við þær aðstæður er ekki gert að skilyrði að utanaðkomandi atburður þurfi að koma til svo um slys sé að ræða í skilningi vátryggingarskilmálanna. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en sprunga í bátsbeininu hafi komið við það að höndin gaf sig er hann lyfti lóðunum. Hefur þannig verið um skyndilegan atburð að ræða sem gerðist án vilja M. M varð því fyrir slysi í umrætt sinn sem telst bótaskyld úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysátryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 26/2016**M og
vátryggingafélagið V vegna slysaftryggingar fjölskyldutryggingar.****Sönnun líkamstjóns vegna falls 5. ágúst 2014.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 18.2.2016 ásamt tjónstilkynningu dags. 10. nóvember 2014 og beiðni um vottorð dags. 11. nóvember 2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V dags. 10. nóvember 2014 kemur fram að þann 5. ágúst sama ár hafi hún verið „... að dansa við danskennara sem er að snúa mér og ég féll aftur fyrir mig beint á bakið á steingólf.“ M kveðst hafa hlotið meiðsli á baki við atvikið og krefst bóta úr slysaftryggingu fjölskyldutryggingar .

M telur að sannað sé að atvikið hafi átt sér stað og vísar hún til yfirlýsingar sjónarvotta dags. 13. maí 2015 um að það hafi gerst. Einnig vísar M til þess að hún hafi tíu dögum eftir atvikið leitað til heimilislæknis vegna þess.

V telur ósannað að M hafi hlotið meiðsli á líkama við umrætt atvik og vísar til þess að ekki sé minnst á mögulegar afleiðingar þessa í læknisfræðilegum gögnum fyrr en í janúar 2015, eftir að tilkynning um atvikið barst til V.

Álit.

Eins og málið liggur fyrir nefndinni er fyrst og fremst ágreiningur um hvort sýnt sé fram á að M hafi hlotið líkamstjón við að detta aftur fyrir sig, beint á bakið, á dansæfingu. Í læknisvottorði dags. 19. nóvember 2014 koma fram upplýsingar um bílslys á árinu 2008 og frá því í júní 2014 og afleiðingar þeirra en ekkert minnst á umrætt atvik 5. ágúst 2014. Í læknisvottorði dags. 19. janúar 2015 er minnst á umrætt atvik samhliða bílslysi í júní sama ár án þess að það sé greint á milli afleiðinga eða að einkenni séu sértæk m.t.t. fallsins. Verður ekki, af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu, talið sannað að M hafi hlotið líkamstjón við það atvik sem hún sjálf, ásamt vitnum, lýsir að hafi átt sér stað 5. ágúst 2014. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 27/2016
M og
vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar

Kona datt og meiddist 29.8.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið þ28.1.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 8.2.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2
3. Bréf X vegna M dags. 9.2.2016.

Málsatvik.

M var að ganga út úr húsi bróður síns þegar hún kveðst hafa hrasað við ójöfnu á gangstétt fyrir framan anddyrið þar sem steinn stóð upp úr gangstéttinni. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V en um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem hafi valdið m.a. tannbroti hjá M. M telur að ummæli sem eftir henni voru höfð við lækna séu ekki marktæk í því skyni að takmarka eða koma í veg fyrir ótvíræða bótaskyldu vegna slyssins. V hafnar bótaskyldu og segir málsatvik vera þau að M hafi fallið niður tvær tröppur og lent á bílaplani og slasast þegar M var að ganga út um útihurð. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi skilmála vátryggingar þeirrar sem um ræðir þar sem ekki hafi verið um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða. Þá vísar V til þess að haft sé eftir kæranda í vottorði bráðalyflæknisdeildar LSH þ.29.8.2015 að M hafi fengið eitthvað yfir höfuðið og fallið fram fyrir sig. Þá vísar V til þess að áfengismagn í blóði M við komu á bráðamóttöku hefði mælst 1.74 prómill. V telur því ljóst að orsök falls M verði ekki rakið til utanaðkomandi atburðar heldur til svima og jafnvægisleysis sem verði rakið til innra ástands líkama M. Þá vísar V til þess að sú málavaxtalýsing sem M gefi um að hún hafi fallið um misfelli á gangstétt stangist á við fyrri yfirlýsingu M í tjónstilkynningu sbr. lýsingu V á málavöxtum. Lögmaður M mótmælir því að fall M megi rekja til jafnvægisleysis enda ekkert sem styðji þá fullyrðingu V og sú staðreynd að M hafi neytt áfengis ætti ekki að koma í veg fyrir bótarétt M.

Álit.

Lýsingar M á málavöxtum eru nokkuð misvísandi. Hvað sem því líður þá hefur M ekki sýnt fram á með nægilega skýrum gögnum eða framburði að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi orðið þess valdandi að M féll í umrætt sinn og slasaðist. M á því þegar af þeim ástæðum ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 8.3.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 28/2016
M og
vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar ökutækisins A

Bifreið varð fyrir tjóni við áakstur 20.1.2015. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4.2.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags.22.2.2016 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M ök bifreið sinni A á plani við sveitabæ og segist hafa fundið högg koma á A og hafi stöðvað og kíkt undir bifreiðina og ekki séð neitt athugavert auk þess sem A hafi ekki sýnt nein merki olíuleka eða hita. A hefði síðan misst afl þegar henni var ekið upp úr Hvalfjarðargöngunum og var ástæðan sú að vélin fékk ekki næga olíu og skemmdist. M krefst bóta vegna tjónsins á A úr kaskótryggingu sinni fyrir A hjá V. V viðurkennir bótaskyldu hvað varðar áaksturinn en hafnar bótaskyldu hvað varðar tjón á vél A sem sé tilkomið vegna aksturs A eftir tjónsatvikið. V segir ósannað að tjón á vél A verði rakið til áakstursins og tjónið falli því utan við 4.gr. skilmála kaskótryggingarinnar. V segir að fyrir liggja að vél bifreiðarinnar hafi ekki skemmt við áaksturinn heldur sé það tjón tilkomið vegna aksturs bifreiðarinnar eftir áaksturinn. V segir að M hafi ekki getað sýnt fram á að tjónið á vélinni hafi orðið við áaksturinn

Álit.

Samkvæmt gr. 4. í vátryggingaskilmálum kaskótryggingar M vegna A hjá V, bætir vátryggingin tjón sem verður á ökutæki vegna áakstur. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu varðandi annað tjón sem varð á A við áaksturinn en skemmda á vél bifreiðarinnar. Ágreiningurinn í málinu varðar það hvort að skemmdir hafi orðið á vél A við áaksturinn eða síðar. Í kjölfar áakstursins hélt M ferð sinni áfram dagóða stund. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins hvað beinlínis olli því að vél A skemmdist. Engu að síður er ljóst að vélin var gangfær strax eftir áaksturinn og M varð þess ekki var að vélin hefði skemmt við áaksturinn og ekki fyrr en eftir þó nokkurn akstur. Ekki hefur verið sýnt fram á að tjónið á vélinni hafi orðið af völdum áakstursins og fellur tjón á vélinni af þeim sökum ekki undir bótasvið 4. gr. vátryggingarskilmála kaskótryggingar M fyrir A hjá V. Tjón af völdum þess að vél A skemmdist bætist því ekki úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni fyrir A hjá V vegna skemmda á vél A.

Reykjavík 15.3.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 29/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur bifreiða í Hrótafirði 10.8.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið 3.2.2016 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V-1 dags. 26.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Báðum bifreiðunum var ekið til suðurs í Hrótafirði. Ökumaður A segir að skyndilega hafi A snögghemlað og snérist á veginum og síðan hafi B sem ók á eftir A verið ekið á A og síðan út af veginum. Ökumaður B segir að A hafi snarhemlað og hafi hún snarhemlað og reynt að stýra framhjá A en ekið á A og síðan út af veginum. Við skoðun á A kom í ljós að drifbúnaður A bilaði með þeim afleiðingum að hjól læstust fyrirvaralaust. Fram kemur í gögnum málsins að annarri bifreið hafi verið ekið á eftir A og sú bifreið náð að stöðva þegar A snögghemlaði.

Álit.

Ökumaður A ber ekki sök í málinu. Skyndileg bilun á A olli því að A snarhemlaði og snérist á veginum. Ökumaður B gætir þess ekki að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiðanna og brýtur gegn ákvæði 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem kveðið er á um að ökutæki sem ekið er á eftir öðu ökutæki skuli vera svo langt frá því, að eigi sé hættu á árekstri, þótt ökutækið sem á undan er stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Ökumaður B ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 11.3.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 30/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar X.****Váttryggðir í fjölskyldutryggingu vegna slyss 11. mars 2014.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 14.3.2016 ásamt váttryggingarskírteini og váttryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi fallið í tröppum 11. mars 2014 krefst bóta úr fjölskyldutryggingu hjá V vegna afleiðinga slyssins. Í tjónstilkynningu dags. 14. apríl 2015 er váttryggingartaki tilgreindur X. Í málskoti kemur fram að M og X hafi verið hjón á slysdegi en þá ekki haft sama lögheimili sökum starfa X sem skipstjóra á fiskveiðiskipi, sem gert var út frá Míritaníu.

M telur að fjölskyldutrygging X eigi að ná til hennar þar sem þau hafi verið í hjónabandi á slysdegi og þau hjónin hafi átt saman fasteign á þessum tíma og lögheimilisskipti X hafi einungis verið tímabundin.

V vísar til þess að ósannað sé að lögheimilisskipti hafi einungis verið tímabundin og engin gögn hafi verið lögð fram því til staðfestingar. Einnig er vísað til váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingar um hverjir eru váttryggðir og meðváttryggðir, en í gr. 1.1 komi fram að váttryggingartaki sé váttryggður og meðváttryggðir skv. gr. 1.2 séu m.a. maki eða sambúðarmaki váttryggingartaka og ógift börn þeirra enda hafi þau sama lögheimili á Íslandi og váttryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búi á sama stað. V vísar til þess að M og X hafi ekki haft sameiginlegt lögheimili þegar tjónið var tilkynnt og á tjónsdegi ekki búið á sama stað eða verið með sameiginlegt heimilishald.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum kemur fram að váttryggingartaki sé váttryggður sem og maki hans sem hefur sameiginlegt lögheimili, býr á sama stað og er með sameiginlegt heimilishald, sbr. gr. 1.1 og 1.2. Í málinu liggur ekki fyrir skýrlega hver lögheimilisskráning X og M var á tjónsdegi en þau voru þá ekki lögskilin skv. yfirlýsingu þjóðskrár dags. 17. nóvember 2015. Í málskoti kemur hins vegar fram að lögheimili váttryggingartakans X hafi verið erlendis á tjónsdegi. Með vísan til gr. 1.2 í váttryggingarskilmálum er áskilið að lögheimili váttryggingartaka og maka sé það sama til að maki sé váttryggður. Það skilyrði er ekki uppfyllt vegna slyss M og verður því ekki hægt að fallast á greiðsluskyldu úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar X hjá V.

Reykjavík, 19. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 31/2016**M og**

vátryggingafélagið V v/ sjúkdómatryggingar.**Ágreiningur um hvort brottám nýra félli undir bótaskið vátryggingarinnar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 4.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 22.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Sumarið 2014 gekkst M undir tölvusneiðmyndarrannsókn af kransæðum. Í þeirri rannsókn greindist fyrirferð í vinstra nýra „sem við nánari eftirgrennslan reyndust vera blöðrur sem taldar voru tilheyrja Bosniak gráðu III, þ.e.a.s. að öllum líkindum illkynja og því ráðlagt af hálfu þvagfæraskurðlækna brottám á nýranu með opinni aðgerð vegna stærðar umræddra blaðra“, eins og segir í fyrirliggjandi læknisvottorði þvagfæraskurðlæknis. Var nýrað tekið í aðgerð 2. september 2014. Vefjagreining á nýranu í kjölfar aðgerðar leiddi í ljós að um góðkynja breytingu hafi verið að ræða. Í lok fyrrgreinds læknisvottorðs er tekið fram að M eigi að hafa alla burði til að ná fyrri heilsu og þreki.

M hefur í gildi sjúkdómatryggingu hjá V og þar sem hann hafi gengist undir brottám nýrans af þeirri ástæðu að í nýranu hafi greinst illkynja frumubreytingar, þ.e. krabbamein, eigi hann rétt á bótum úr vátryggingunni. Nýrnabilun sem verði til þess að nýrnaflutningur sé framkvæmdur, líkt og varð í hans tilfalli, leiði einnig til bóta úr vátryggingunni, sbr. 4. gr. skilmála þeirra sem gilda um vátrygginguna. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 4. gr. þeirra vátryggingarskilmála sem gilda um sjúkdómatryggingu þá sem M hefur í gildi hjá V telst vátryggingaratburður einungis verða ef vátryggður greinist með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða eða hann hendi eitthvert þeirra tilvika sem síðan eru talin upp og skilgreind í greininni. Meðal þeirra sjúkdóma sem þar eru taldir upp er krabbamein (malignant tumor) og er það nánar skilgreint svo: „Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi. Þetta á við um hvítblæði (annað en langvinnt eitilfrumuhvítblæði) en undanskilur: a) Setbundið krabbamein, ekki ífarandi, cancer in situ, b) æxli þegar almæmi er til staðar (HIV) og c) öll húðkrabbamein nema ífarandi illkynja sortuæxli (invasive malignant melanioma).“ Þótt fyrirferð sem greindist í nýranu var í upphafi talin að öllum líkindum vera illkynja, eins og getur í læknisvottorðinu, kom aldrei til þess að M greindist með krabbamein (malignant tumor), sem fullnægir skilyrðum þess að um vátryggingaratburð hafi verið að ræða. Engu breytir í þessu sambandi þótt grunur um illkynja breytingar hafi vaknað sem leiddi til brottáms nýrans.

Í sömu grein vátryggingarskilmálanna er tilgreind nýrnabilun (kidney failure) sem er nánar skilgreind svo: „Lokastig nýrnabilunar sem einkennist af langvinnri varanlegri bilun á starfsemi beggja nýrna og leiðir annað hvort til reglubundinnar blóðskilunar (renal dialysis), himnuskilunar (peritoneal dialysis), eða að nýrnaflutningur (renal tanasplantation) er framkvæmdur.“ Ekkert kemur fram í gögnum málsins um að M hafi verið haldinn nýrnabilun sem fellur undir þessa skilgreiningu. Er því ekki um að ræða að vátryggingaratburður hafi orðið af þessum orsökum.

Samkvæmt gögnum málsins og því sem að framan er rakið hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir vátryggingaratburði sem veitir honum rétt til bóta úr sjúkdómatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V

Reykjavík, 15. mars 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 32/2016
M og
vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar L.

Krafa um bætur úr sjúklingatryggingu vegna sjúkdómsgreiningar 25.6.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8.2.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 3.3.2016.

Málsatvik.

M meiddist á hendi þ.25.6.2013 og leitaði til L daginn eftir og var sendur í röntgenmyndatöku og fékk síðan þá greiningu að hann hefði meiðst lítillega á hendi. Tveimur mánuðum síðar fór M í lækni skoðun og var aftur sendur í röntgenmyndatöku og var þá greindur með sprungu eða brot í bátsbeini, en það sást einnig á röntgenmyndum sem teknar voru þ. 26.6.2013. M krefst bóta úr sjúklingatryggingu L og byggir á því að læknir sá sem stóð að skoðun á honum á vegum L hafi með gáleysi sínu orðið þess valdur að M var ranglega greindur og byggir M á því að tilvikið falli undir 2.gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Af hálfu M er byggt á því að þó ekki sé sannað að um sök sé að ræða hjá L eigi hann samt rétt á bótum á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga um sjúklingatryggingu sbr. 2. gr. laganna. M vísar einnig til 1.tl. 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu og til vara er vísað til 2.,3. og 4.tl. V hafnar bótaskyldu og segir að eftir að M kom til L hafi honum verið vísað til þriðja aðila í röntgenmyndatöku. Þar hafi starfað röntgenlæknir sem beri ábyrgð á röntgenmyndatökunni og úrlestri röntgenmyndanna. V segir að L haf borist skriflegt svar frá þeim aðila sem annaðist röntgenmyndatökuna og úrlestri röntgenmyndanna og L beri aldrei ábyrgð á úrlestri röntgenmynda. V segir að rangt röntgensvar hafi verið grundvöllur þeirrar greiningar sem M fékk frá L 26.6.2013.

Álit.

Í bréfi dags. 26.6.2013 frá þeim röntgenlækni sem M leitaði til skv. ábendingu L segir ”RTG HÆGRI ÚLNLIÐUR: Brot greinast ekki.” Bréfið er undirritað af lækni sem annaðist um röntgenmyndatökuna og úrlestur hennar. Sá aðili sem annaðist röntgenmyndatöku af M þ.26.6.2013 starfar ekki á ábyrgð L. Starfsmaður L sem skoðaði M hafði ekki við önnur gögn við að styðjast við greiningu á meiðslum M en sjónskoðun við komu M á stofu til L og niðurstöðu röntgenmyndatöku. Starfsmaður L gat miðað við framangreint ekki gert sér grein fyrir að bátsbein í hægri hendi M væri sprungið eða brotið. Ekki hefur verið sýnt fram á í málinu, að rannsókn eða meðferð starfsfólks L miðað við þær aðstæður sem um ræðir, hafi ekki verið hagað eins vel og unnt var í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði sbr. 1.tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. M á því ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík. 12.4.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 33/2016
M og
vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur við Auðbrekku í Kópavogi þann 15. janúar 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. febrúar 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 19. febrúar 2016 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B þegar þeim var bakkað úr bifreiðastæðum við Auðbrekku í Kópavogi þann 15. janúar 2016. Fram kemur í tjónstilkynningu sem báðir ökumenn undirrita að bifreiðarnar hafi verið að bakka út úr stæðum andspænis hvor annarri, tóku ökumenn ekki eftir bifreið hins og lentu þær saman.

Í tjónstilkynningu kemur fram í framburði ökumanns bifreiðar B að hann hafi sest upp í sína bifreið, leit aftur fyrir bílinn, sá ekki neitt og vissi ekki af bifreið A fyrir en bifreiðarnar rákust á. Ekki er að finna nánari skýringu á tjónstilkynningu frá ökumanni bifreiðar A.

Í málskoti M, sem jafnframt var ökumaður bifreiðar A, er að finna nánari skýringar á atburðinum frá sjónarhóli M.

Álit.

Engin vitni voru að atburðinum. Við sakarskiptingu í máli þessu verður að líta til þess að báðir ökumenn höfðu þá skyldu að gæta að umferð fyrir aftan sig þegar þegar þeir öku aftur á bak, sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sú skylda hvíldi jafnt á báðum ökumönnum. Þykir hvorugur ökumanna hafa gætt nægilega vel að annarri umferð við þessar aðstæður, þ.e. aðgæsluskylda þeirra var hin sama. Skiptir eigi máli hvar ákomurnar á bifreiðunum voru í þessu tilfelli.

Niðurstaða.

Sök skiptist að jöfnu milli bifreiða A og B.

Reykjavík 3. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 35/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna slysáttryggingar fjölskyldutryggingar.****Tannbrot 10. júní 2014.****Gögn.**

Málskot, móttækið 8.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.3.2016.

Tölvupóstur M dags. 1. mars 2016.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að hún hafi verið á veitingahúsi og fengið þar svokallaðan tapasforrétt sem samanstóð af hrísgrjónum, grænmeti og kjöti. Svo virðist sem lítið bein hafi verið í réttinum sem hitti illa á tönn í efri gómi M að tönnin klofnaði upp í rót. Hefur M gengist undir meðferð hjá tannlækni eftir þetta og haft af því kostnað.

M telur að það eigi að greiða bætur vegna kostnaðar við tannbrotið úr slysáttryggingu hennar hjá V þar sem ákvæði skilmála váttryggingarinnar séu uppfyllt m.t.t. gr. 3 og 4. Ekki sé hægt að skilja ákvæði undantekningarákvæði gr. 6.4.3 þannig að smáréttur sá sem M neytti, feli í sér að hún hafi verið að matast, eins og ákvæði tilgreinir sérstaklega. Auk þess bendir M á að fyrrnefnt undantekningarákvæði sé þannig staðsett að það feli í sér misræmi og sé villandi framsett í skilmálum félagsins.

V telur undantekningarákvæði í gr. 6.4.3 skýrt hvað það varðar að undanskilja ábyrgð félagsins vegna tannbrots sem verða þegar váttryggður matast. Orðalagið „að matast“ taki til alls matarkyns sem sett sé í munn í því skyni að neyta þess, hvort sem það sé ein teskeið af lystauka eða heil máltíð. Það sé því enginn vafi á því að tjón M hafi orðið þegar hún var að matast, í skilningi ákvæðisins.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að M hlaut tannbrot þegar hún stakk upp í sig svokölluðum tapasforrétti á veitingastað á Spáni. Í váttryggingarskilmálum V kemur fram að félagið greiði ekki bætur vegna tannbrots sem verður þegar váttryggður matast, sbr. skýrt orðalag gr. 6.4.3. Ekki er hægt að líta öðruvísi á en að M hafi verið að matast þegar hún stakk upp í sig umræddum mat, hvort sem hann var í miklu magni eða litlu. Verður því ekki fallist á bótaskyldu úr slysáttryggingu fjölskyldutryggingar vegna tannbrots.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 36/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á gatnamótum Grensásvegur og Breiðagerðis 3.11.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.2.2016 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V-2 dags.26.2.2016

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Grensásvegur og Breiðagerðis milli A og B. Báðum bifreiðunum var ekið á hægri akrein til norðurs. Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja til hægri til að aka inn Breiðagerði en hikað og hafi B ekið á afturstuðara A. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir B sem hafi ætlað að beygja inn Breiðagerði en hætt við og ökumaður B síðan bakkað á móti umferð og skolið beint á B. Ökumaður A ók rakleitt af vettvangi eftir áreksturinn og tilkynnti ökumaður B til lögreglu um árekstur og afstungu. Tveir farþegar í B bera með sama hætti og ökumaður B um að A hafi verið bakkað á móti umferð og bakkað á B.

Álit.

Ökumenn greinir á um málsatvik. Með framburði ökumanns B og farþega í B, sem og atvikum öllum varðandi áreksturinn og því sem gerðist eftir hann, telst sannað að bifreiðinni A hafi verið ekið afturábak og á A. Ökumaður A ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 15.3.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 37/2016

M og
vátryggingafélagið V1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A,
vátryggingafélagið V2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B og
vátryggingafélagið V3 v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna C og D.

Fjölðaárekstur í Ártúnsbrekku 14. janúar 2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 10.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V3, dags. 26.2.2016, ásamt lögregluskýrslu.

Bréf V1, dags. 15.3.2016, lögregluskýrslu og matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræðum á blóðsýni ökumanns MP 171.

Tölvupóstur V2 dags. 30.3.2016.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreið D var ekið af afrein frá Reykjanesbraut inn á Vesturlandsveg í Ártúnsbrekku. Ökumaður bifreiðar D kveðst hafa misst stjórn á bifreiðinni þannig að hún hafi farið inn á Vesturlandsveg, snúist í hálfhring og endað á vegriði hinu megin í Ártúnsbrekkunni. Farþegi í bifreið D ber með sama hætti, þ.e. að ökumaður bifreiðar D hafi misst stjórn á bifreiðinni. Í lögregluskýrslu og í rannsóknarniðurstöðum kemur fram að ökumaður bifreiðar D hafi verið undir áhrifum vímuefna við aksturinn. Ökumaður bifreiðar C kvaðst hafa ekið Vesturlandsveg til austurs á sama tíma og þegar bifreið D var ekið inn á veginn, í veg fyrir hann, kveðst ökumaður bifreiðar C hafa reynt að hemla en ekki náð að koma í veg fyrir árekstur við bifreið D. Í framburði ökumanns bifreiðar C kemur einnig fram að bifreið B hafi síðan lent á bifreið C og bifreið A á bifreið B. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa séð þegar bifreið D fór „að sviga“ fyrir bifreið C og kveðst ekki hafa náð að stöðva þegar bifreið C og D lentu saman og þá fengið bifreið A aftan á sig. Farþegi í bifreið B ber með sama hætti og ökumaður hennar. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið að aka austur Vesturlandsveg og ekki náð að stöðva bifreið sína þegar bifreiðar fyrir framan hafi stöðvað skyndilega, þ.e. bifreið B, C og D.

M, ökumaður bifreiðar A, telur að það verði að líta svo á að um einn árekstur sé að ræða, þ.e. að tjón á öllum bifreiðunum sé hægt að rekja til þess að bifreið D var ekið inn á Vesturlandsveg í veg fyrir umferð.

V1 telur að árekstur allra bifreiðanna verði rakinn til aksturslags bifreiðar D. Ökumaður hennar hafi verið undir áhrifum vímuefna, sem hafi haft áhrif á aksturslag hans, hann hafi ekið of hratt miðað við aðstæður þannig að hann missti stjórn á bifreið sinni á Vesturlandsvegi þar sem hámarkshraði sé 80 km/klst og hafi ökumenn á leið austur Vesturlandsveg því ekki haft nokkra möguleika til að bregðast við þeirri miklu truflun á umferð sem fólst í aksturslagi bifreiðar D.

V2 gerir ekki frekari athugasemdir við sakarskiptingu í málinu.

V3 telur að ökumaður bifreiðar A verði að bera ábyrgð á sínu tjóni sjálfur þar sem hann hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli bifreiðar fyrir framan sig, sbr. fyrirmæli 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ekki sé hægt að rekja tjón á bifreið A til aksturslags bifreiðar D.

Álit.

Þegar ökumaður bifreiðar D missti stjórn á bifreið sinni við akstur inn á Vesturlandsveg verður að telja að hann hafi bæði ekið of hratt m.v. aðstæður, sem og að hæfni hans til aksturs hafi verið skert vegna vímuefnaáhrifa. Þegar litið er til aðstæðna á vettvangi sem og að árekstur milli

bifreiða D og C, C og B og B og A virðist hafa átt sér stað með mjög stuttu millibili, verður að líta svo á að aksturslag ökumanns bifreiðar D hafi verið meginorsök þess að árekstur varð með öllum bifreiðunum. Verður ekki séð af gögnum málsins að rekja megi árekstur milli bifreiða A og B til þess að ökumenn þeirra bifreiða hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða í skilningi 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga m.v. hversu afgerandi áhrif gáleysislegur akstur ökumanns bifreiðar D var. Öll sök á tjóni á bifreiðum A, B og C verður því lögð á ökumann bifreiðar D.

Niðurstaða.

Öll sök á tjóni bifreiða A, B og C er lögð á ökumann bifreiðar D.

Reykjavík, 10. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Vigdís Halldórsdóttir lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 38/2016**M og
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um orsakatengsl vegna umferðaróhapps 18. apríl 2014.****Gögn.**

1. Málskot móttekið þann 10. febrúar 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 24. febrúar 2016 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni þegar hann lenti í árekstri þann 18. apríl 2014 á Steingrímsfjarðarheiði. Samkvæmt tjónstilkynningu ökutækja, sem báðir ökumenn undirrituðu, varð áreksturinn með þeim hætti að bifreið X fór yfir á rangan vegarhelming og lenti framan á bifreið sem M var ökumaður í. Á tjónstilkynningunni er merkt við að ekki hafi orðið slys á fólki, ekki heldur minniháttar slys. M sendi svo tjónstilkynningu til V þann 2. janúar 2015 þar sem hann tilkynnti um líkamstjón vegna umferðarslyssins.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum virðist M ekki hafa kvartað til læknis um afleiðingar slyssins fyrr en 19. ágúst 2015 og var þá með kvartanir um verki og stíðleika í hálsi og hnakka.

Með bréfi þann 18. febrúar 2015 hafnaði V því að um bótaskyldu væri að ræða, m.a. með vísan til þess að orsakatengsl milli árekstursins og einkenna M væru ósönnuð. Hefur félagið því hafnað greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X.

Álit.

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnur á orsakatengsl milli tjóns hans (einkenna) og tjónsatburðar. Verður nú vikið að því hvort M hafi í þessu máli tekist að sanna orsakatengsl milli óhappsins 18. apríl 2014 og þeirra varanlegu einkenna sem hann kveðst búa við í dag.

Ekki er getið um þess í fyrirbyggjandi tjónstilkynningu ökutækja að slys hafi orðið á fólki. Sérstaklega er merkt við á tjónstilkynningunni að enginn hafi slasast í árekstrinum. Ljóst er að engin samtímagögn um einkenni M liggja fyrir í málinu. Samkvæmt læknisvottorði leitaði M fyrst til læknis þann 19. ágúst 2014, eða fjórum mánuðum eftir atburðinn. Þetta læknisvottorð er eina læknisfræðilega skjalið sem lagt er fram í málinu.

Engin önnur gögn í málinu færa sönnur á að M hafi hlotið varanleg líkamleg einkenni vegna óhappsins 18. apríl 2014. Til að mynda hefur ekki verið lögð fram matsgerð í málinu. Verður því að telja að orsakatengsl milli óhappsins og varanlegra einkenna M séu ósönnuð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Reykjavík, 3. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir, lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 39/2016
M
og váttryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar L.

Afleiðingar mjaðmaspeglunar þann 13. júní 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11. febrúar 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 23. febrúar 2016, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins leitaði M til L vegna stöðugra verkja í nára og mjöðm. Mun M fyrst hafa verið vísað til sjúkraþjálfara sem var með M í meðferð í um tvo mánuði. Þar sem að sjúkraþjálfunin skilaði litlu sem engu var ákveðið að framkvæma mjaðmaspeglun. M fullyrðir að L hafi tjáð honum að hann yrði alls ekki verri en áður ef hann færi í aðgerðina, að horfur væru góðar og að aðgerðin myndi alltaf leiða til einhvers bata.

Mjaðmaspeglunin var framkvæmd 13. júní 2014. Samkvæmt M hefur ástand hans versnað til muna. M fullyrðir að L hafi í samtali við sig eftir aðgerðina sagt að hann teldi að ekki hafi verið rétt staðið að aðgerðinni, að hann hafi ekki hreinsað nógu mikið innan úr liðnum og ekki tekið nógu mikið af beinmyndun við mjaðmarlið.

M krefst bóta á grundvelli laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, einkum 1., 3. og 4. tl. 2. gr. laganna.

Álit.

Í málinu er fyrst og fremst ágreiningur um hvort skilyrði 1., 3. eða 4. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu séu uppfyllt. Sönnunarbyrðin hvílir á tjónþola.

Þegar lítið er til gagna málsins í heild verður að líta til þess að mat nefndarinnar tekur mið af því að nefndarmenn eru ekki sérfróðir á sviði læknisfræði og byggja mat sitt því eingöngu á þeim gögnum sem liggja fyrir.

Þegar tekið er mið af öllum fyrirliggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að ekki liggi fyrir með óyggjandi hætti að aðgerðinni hafi ekki verið hagað eins vel og unnt var og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Ekki hafa verið lögð fram læknisfræðileg gögn sem sýna fram á að aðgerðin sem L framkvæmdi falli undir 1. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000. Ekki liggja heldur gögn fyrir í málinu sem sýna fram á að skilyrði 3. eða 4. tl. 2. gr. laganna séu uppfyllt. Verður því að hafna bótaábyrgð L.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 15. mars 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 40/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ starfsábyrgðartryggingar fasteignasala.****Ágreiningur um hvort váttryggingin taki til ábyrgðar vegna tjóns í tengslum við gerð samnings um byggingu húss.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 9.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M rekur fasteignasölu. Til hans var leitað að því er virðist að tilhlutan fyrirvarsmanns byggingarverktakans A til að veita aðstoð við gerð samnings milli verktakans og tveggja einstaklinga, B og D, um byggingu tiltekins húss fyrir þau síðarnefndu. Af gögnum málsins má ráða að áður en A leitaði til M hafi þau B og D leitað til A í því skyni að fá hann til að byggja umrætt hús.

Hinn 26. október 2012, var gerður samningur milli A annars vegar og B og D hins vegar um byggingu hússins og var samningurinn ritaður á kauptilboðseyðublað frá fasteignasölu þeirri sem M rekur. Í reit fyrir nafn „tilboðshafa/seljanda“ á eyðublaðinu var upphaflega skráð nafn D en í reit fyrir „tilboðsgjafa/kaupanda“ voru skráð nöfn A og B. Í lesmálstexta samningsins segir m.a. svo: „Hér er um að ræða samning milli kaupanda og seljanda um að seljandi byggi hús fyrir kaupanda og skili samkvæmt skilalýsingu sem er meðfylgjandi og telst órjúfanlegur hluti af samningi þessum og er samþykki og undirritað af báðum aðilum.“ Einnig er tekið fram að húsið sé byggt á tiltekinni lóð á nánar tilgreindri landareign, svo og að gengið verði til kaupsamnings og honum þinglýst þegar fastanúmer verði komið á eignina. Þá er stærð hússins lýst, úr hverju einstakir hlutar byggingarinnar skulu vera, svo og hvað B og D skyldu greiða fyrir verkið og hvernig. B og D munu hafa undirritað samninginn 31. október 2012. Af gögnum málsins má ráða að á landareigninni hafi einnig staðið íbúðarhús hvar foreldrar B bjuggu. Eftir að B og D höfðu undirritað samninginn var í fyrrgreindan reit fyrir nafn „tilboðshafa/seljanda“ strikað yfir nafn A og í staðinn handskrifað nafn fyrirtækisins E og samningurinn undirritaður fyrir þess hönd. B og D greiddu tvær fyrstu greiðslurnar samkvæmt samningnum samtals að fjárhæð 4.410.000 krónur.

Í febrúar 2013 mun B og D hafa orðið það ljóst að A hafi verið úrskurðaður gjaldþrota 19 október 2012, eða áður en fyrrgreindur samningur var gerður, og hafi það verið ástæða þess að skipt hafi verið um nafn þess sem tók að sér að byggja húsið, þ.e.a.s. nafn E komið í stað A. Greiðslur þær sem B og D höfðu innt af hendi munu fyrir milligöngu M hafa runnið til E til undirbúnings fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum. B og D vildu ekki una hinni breyttu samningsaðild og töldu sig vera laus undan samningnum og kröfðust endurgreiðslu þess fjár sem þau höfðu innt af hendi.

Höfðuðu þau mál fyrir héraðsdómi til heimtu fjáris. Með dómi í október 2015 var M ásamt E og öðrum dæmdur til að greiða B og D óskipt 4.410.000 krónur ásamt vöxtum og kostnaði. Í forsendum dómsins kemur m.a. fram að fallist sé á það með M að fyrrgreindur samningur sem ritaður hafði verið á kauptilboðseyðublað fasteignasölnnar hafi í eðli sínu verið verksamningur. Þá átti M ekki að geta dulist að til hans var leitað með samningsgerð og milligöngu um greiðslur vegna sérfræðipækkingar hans sem fasteignasala. Þá er í dómsforsendum gerð grein fyrir bótareglu 27. gr. laga nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, sem í gildi voru þegar fyrrgreindur samningur var útbúinn af M. Í lagagreinininni segir m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum, af ásetningi eða gáleysi og um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Segir í dóminum að þótt á það sé fallist með M að ekki hafi verið um kaup eða sölu fasteignar að ræða og ákvæði 27. gr. eigi þar af leiðandi ekki beinlínis við teljist nægilega ljóst af stefnu að B og D byggi dómkröfu sína einnig á almennum reglum um skaðabætur. Er svo komist að þeirri niðurstöðu að vegna nafnbreytingar á tilboðsskjalinu hafi aldrei komist á gildur samningur um húsbygginguna og

Það hafi M mátt vera ljóst. B og D hafi greitt inn á verkið til M sem hafi ráðstafað fénu í þágu E eftir fyrirætlum þess sem komið hafði fram fyrir hönd E þótt honum hafi mátt vera ljóst að enginn samningur hafi verið í gildi. Var samkvæmt þessu fallist á bótaskyldu M gagnvart B og D. Dóminum mun ekki hafa verið áfrýjað til Hæstaréttar.

M hefur í gildi lögmælt starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá V og hefur krafist þess að váttryggingin taki til þess tjóns sem hann hefur verið gerður ábyrgur fyrir gagnvart B og D samkvæmt héraðsdóminum. V hefur hafnað því að ábyrgðartryggingin taki til tjónsins. Ber V einkum fyrir sig að umræddur samningur hafi verið verksamningur. Ekki hafi heldur verið um að ræða kaup eða sölu fasteignar og þar af leiðandi hafi ákvæði 27. gr. laga nr. 99/2004 ekki átt við heldur hafi skaðabótaábyrgð M byggst á almennum reglum, eins komist hafi verið að niðurstöðu um í dóminum. Því sé ekki tæk niðurstaða að háttsemi sem ekki falli undir ákvæði þágildandi laga nr. 99/2004 njóti verndar starfsábyrgðartryggingar sem tekin er með stoð í 5. gr. laganna.

Álit.

Samkvæmt því sem að framan er rakið mun hafa orðið að samkomulagi milli A annars vegar og B og D hins vegar að A tæki að sér að reisa hús fyrir B og D. Að svo búnu leitaði A til M í því skyni að M myndi annast skjalagerð í tengslum við húsbygginguna og að því er virðist að hafa milligöngu um peningagreiðslur frá B og D vegna byggingarinnar. Samningur sá er M útbjó af þessu tilefni var ritaður á kauptilboðseyðublað merktu fasteignasölu hans. Þar kemur m.a. fram að gengið verði til kaupsamnings og honum þinglýst þegar fastanúmer sé komið á eignina. Þótt ekki sé með öllu ljóst hvernig samningsgerð milli aðila skyldi hagað eftir að samningur sá, sem M hafði útbúið, hefði tekið gildi, verður ekki fram hjá því litið sá samningur átti að vera undanfari þess að kaupsamningur vegna húsbyggingarinnar yrði gerður með aðilum. Verður að líta heildstætt á það verkefni sem M tókst á hendur fyrir aðilana. Burtséð frá því hvernig M hafði hagað samningsgerðinni áður en ljóst varð að B og D hugðust ekki gera samning við E um byggingarframkvæmdirnar var verkefni M að koma á samningi milli aðila um kaup á húsbyggingu. Jafnvel þótt ráða megi af gögnum málsins að sjálft landið sem húsið skyldi byggt á hafi ekki verið í eigu A né E verður engu að síður að telja að hin fyrirhuguðu kaup B og D á húsbyggingunni úr hendi A hafi verið snar þáttur í kaupum þeirra á fasteign sem fasteignasalar mega einir hafa milligöngu um, sbr. 1. mgr. 1. gr. þágildandi laga nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Samningsgerðin sem M vann að og milliganga hans varðandi ráðstöfun þeirra fjármuna sem B og D höfðu reitt fram vegna verksins fólu því í sér störf sem hann innti af hendi fasteignasali.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 99/2004 var fasteignasölum gert skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjártjóns sem m.a. leiðir af gáleysi í störfum þeirra. Um ábyrgð M fer samkvæmt því sem nánar greindi í 27. gr. laganna. Þótt komist hafi verið að þeirri lögfræðilegu niðurstöðu í forsendum fyrrgreinds héraðsdóms að samningurinn sem M hafði útbúið hafi í eðli sínu verið verksamningur og ákvæði 27. gr. laganna eigi ekki beinlínis við þar sem ekki hafi verið um kaup eða sölu fasteignar að ræða, verður ekki talið að M sé bundinn af þessari niðurstöðu varðandi þá kröfu sem hann hefur nú uppi gagnvart V, sbr. 1. og 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Hið sama gildir um mögulegan rétt B og D til að beina hinni tildæmdu skaðabótakröfu á hendur M beint að V skv. 1. mgr. 44. gr., sbr. 1. mgr. 46. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Að öllu virtu verður að telja að tjóni því, sem M er ábyrgur fyrir gagnvart B og D, hafi hann valdið með gáleysi í störfum sínum sem fasteignasali. Hann á því rétt á að starfsábyrgðartrygging hans hjá V taki til tjónsins, sbr. og gr. 2.2 í skilmálum V sem gilda um váttrygginguna, þar sem tekið er fram að váttryggt sé gegn bótaskyldu sem fellur á váttryggðan sem fasteignasala þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni.

Niðurstaða.

Starfsábyrgðartrygging M hjá V tekur til tjóns sem hann er ábyrgur fyrir gagnvart B og D.

Reykjavík, 15. mars 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 41/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Umferðaróhapp á Suðurgötu í Reykjavík þ. 12.1.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.2.2016 ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V-1 dags. 14.3.2016.
3. Bréf V-2 dags. 14.3.2016.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið austur Suðurgötu við enda flugbrautar þegar strætisvagn hafi komið úr gagnstæðri átt og verið á miðjum veginum og hafi hann þá reynt að koma sér upp á kant til að geta mætt B, en þá hafi A byrjað að snúast og hafnað á ljósastaur. Ökumaður B segist hafa orðið var við A, sem hafi komið á móti sér á mikilli ferð og hafi ökumaður A ekki haft stjórn á ökutækinu og hafi hann séð A hafna á ljósastaur. Vonskuveður var þegar umferðaróhappið varð.

Álit.

Ökumaður A segir að ökumaður B hafi ekið of innarlega á veginum og hafi hann því þurft að reyna að víkja til hliðar til að koma í veg fyrir árekstur og við það misst stjórn á bifreiðinni. Ökumaður B segir hins vegar að ökumaður A hafi komið á mikilli ferð og misst stjórn á A með ofangreindum afleiðingum. Ekki er sýnt fram á með neinum gögnum eða öðru en einhliða framburði ökumanns A að ökumaður B hafi orðið valdur að eða meðvaldur að því að ökumaður A missti stjórn á bifreið sinni með þeim afleiðingum að hún lenti á ljósastaur utan vegar. Það telst því ósannað að B hafi bakað sér bótaskyldu með akstri sínum í umrætt sinn. A ber því alla sök á umferðaróhappinu.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 19.4.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 42/2016**K og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys leiðbeinanda við störf í leikskóla þann 5. maí 2014****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 15. febrúar 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V ásamt fylgiskjölum þann 11. mars 2016.

Málsatvik.

K kveðst hafa orðið fyrir vinnuslysi þann 5. maí 2014 við störf sín sem leiðbeinandi á leikskóla í X. Kveðst K hafa verið beðin, ásamt samstarfskonu sinni, um að fara á útivistarsvæði leikskólans í næsta nágrenni til að losa stóran og þungan grjóthnullung. Deildarstjóri leikskólans kom með járnkarl að heiman til þess að hægt væri að fjarlægja þetta grjót. Grjóthnullungurinn mun hafa verið staðsettur í halla í s.k. Gryfju, í grýttum jarðvegi. K kveður samstarfskonu sína hafa staðið fyrir ofan grjótið, með skóflu í hönd, en K fyrir neðan grjótið og með járnkarlinn. Þegar grjótið losnaði rann hann í átt til K sem varð til þess að þungi grjótsins fer á járnkarlinn og högg kom á hönd tjónþola með þeim afleiðingum að tvö liðbönd slitnuðu.

K telur að X beri skaðabótaábyrgð á fjárhagslegu tjóni K. Máli sínu til stuðnings vísar K til þess að það hafi ekki fallið undir starfssvið hennar sem leiðbeinanda í leikskóla að fjarlægja grjóthnullunga og að hún hafi verið óvön þess háttar verkum. Enn fremur er vísað til þess að fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar hafi ekki verið gætt í umrætt sinn, og að yfirmaður K hefði átt að gæta þess að afstýra hættunni þegar hann varð þess var að K og samstarfskona hennar voru í vandræðum með umrætt verkefni.

V hefur hafnað skaðabótaábyrgð X og vísar til þess að ferðir í Gryfjuna teljast hluti af því starfi sem fram fer í leikskólanum. Þar af leiðandi séu þær hluti af vinnu leikskólafólks og að í þessum ferðum megi gera ráð fyrir að starfsmenn þurfi að vinna ýmis verk með börnunum sem fylgja þessu útisvæði. Verkið verði að teljast einfalt sem sé t.d. algengt í garðvinnu og fólk geti unnið án þess að þurfa til þess sérstakar leiðbeiningar eða fagþekkingu.

Álit.

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnur á saknæma og ólögsmæta háttsemi tjónvalds.

Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um ferðir í Gryfjuna sem hluti af starfi leikskólans og sem þátt í lærdómi barnanna í samskiptum, sjálfbærni og vísindum. Er um að ræða útivistarsvæði í næsta nágrenni við leikskólann sem oft er farið á með börnum leikskólans. Þótt umrætt verk sé ekki hefðbundið verk leiðbeinanda í leikskóla verður það ekki talið svo fjarlægt starfsskyldum þeirra að um sé að ræða saknæma og ólögsmæta háttsemi af hálfu yfirmanna leikskólans. Af öllum gögnum virtum, þ. á m. ljósmyndum af útisvæðinu, verður ekki talið að um hafi verið að ræða hættulegt starf sem þarfnaðist sérstakra leiðbeininga, heldur þvert á móti fremur einfalt verk.

Miðað við allt framangreint er ósannað að X eigi að bera skaðabótaábyrgð á fjárhagslegu tjóni K vegna slyssins.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 19. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 43/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna slysáttryggingar ökumanns bifhjólans X.****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags vegna slyss 11. ágúst 2013.****Gögn.**

Málskot, móttækið 15.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 9.3.2016 ásamt beiðni V til lögreglu um gögn með bréfi dags. 14. febrúar 2014.

Tölvupóstur lögmans M dags. 15. mars 2016.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að M slasaðist alvarlega þegar hann ók bifhjóli sínu aftan á bifreiðina Z á Þingvallavegi 11. ágúst 2013. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að M var ekki til frásagnar um aðdraganda slyssins vegna áverka sem hann hlaut og vitni gátu ekki borið skýrlega um aksturslag M áður en hann lenti aftan á bifreiðinni. Í lokaskýrslum vegna atviksins er aðstæðum lýst, myndir birtar og einnig liggur fyrir skýrsla sem lögreglan aflaði hjá sérfræðingi í mælingum á ætluðum ökuhraða dags. 28. febrúar 2014. Þar kemur fram að útreiknaður ætlaður hraði hafi verið 115 km/klst, með mögulegum lágmarkshraða upp á 105 km/klst og mögulegum hámarkshraða 126 km/klst. Í endanlegum skýrslum eru einnig framburðir M og annarra sem voru á vettvangi. M telur að hann hafi ekið á um 70 km/klst en það sé hámarkshraði á veginum og hann sé vanur að aka þar um á þeim hraða. Ökumaður bifreiðarinnar Z kveðst hafa ekið á um 70-75 km/klst þegar hann fann allt í einu þungt högg aftan á bifreið sína og þegar hann stöðvaði hafi komið í ljós að M hafði lent aftan á henni. V tilkynnti M með tölvupósti dags. 17. febrúar 2015 að það hygðist takmarka ábyrgð sína um helming vegna afleiðinga líkamstjóns M.

M telur að hann eigi rétt á fullum bótum vegna líkamstjóns síns úr slysáttryggingu ökumanns. M vísar til þess að m.a. að V hafi ekki sinnt því að tilkynna honum án ástæðulauss dráttar að það hygðist bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun, sbr. skyldu félagsins sem vísað er til í 94. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Það hafi liðið 18 mánuðir frá slysinu fram að þessum tölvupósti og þar af 15 mánuðir frá því að V barst umboð lögmans vegna málsins. Það sé ekki innan ástæðulauss dráttar eins og fyrrnefnt ákvæði kveður á um. Einnig telur M að ósannað sé að slys M sé hægt að rekja til hraðaksturs eða stórkostlegs gáleysis hans enda sé slíkt ósannað af hálfu V. Útreikningar á meintum hraða séu ekki nákvæmir og ekki hafi verið haft samband við M vegna þeirra. Ekki hafi M heldur verið ákærður fyrir of hraðan akstur heldur einungis fengið lága hraðasekt, sem feli ekki sjálfkrafa í sér stórkostlegt gáleysi. M telur einnig að atvik máls hans séu það frábrugðin atvikum í Hrd. 384/2011, sem V vísi til, að ekki sé hægt að bera þau saman. Einnig telur M að ef fallist verði á að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn sé takmörkun ábyrgðar að helmingi of mikil og vísar til þess að ekki hafi verið litið til allra þátta í 90. gr. laga um váttryggingarsamninga vegna þess mats.

V vísar í fyrsta lagi til þess að félaginu hafi ekki borist frekari gögn frá lögreglu um atvikið, þrátt fyrir ósk þar um í febrúar 2014, fyrr en í febrúar 2015. Það hafi því ekki haft tækifæri til að taka afstöðu til takmörkunar á ábyrgð fyrr en þá og það hafi V gert með tölvupósti 17. febrúar 2015. Ekkert hafi bent til þess í frumskýrslu lögreglu að um hraðakstur hafi verið að ræða heldur hafi það ekki verið fyrr en hraðaútreikningur barst í febrúar 2015 sem V hafi verið unnt að taka afstöðu til þessa. Tilkynningin hafi því borist án ástæðulauss dráttar í skilningi 94. gr. laga um váttryggingarsamninga. Einnig bendir V á að útreiknaður ökuhraði bifhjólans sem M ók hafi verið langt yfir hámarkshraða og hann hafi ekið beint aftan á bifreiðina Z, sem hafi verið stór og

fyrirferðarmikil. Aðstæður hafi verið þarna góðar og því sé fátt annað en hraðakstur sem skýri það að M hafi ekið aftan á bifreiðina. Einnig hafi M gengist við því að hafa ekið of hratt með því að greiða sekt. Einnig vísar V til þess að M sjálfur hafi fengið upplýsingar um téðan hraðaútreikning í skýrslutöku 3. mars 2014 ásamt verjanda sínum. Það að hann eða lögmaður hans hafi ekki veitt V upplýsingar um þann útreikning feli í sér að hann hafi veitt V rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um atvik málsins í skilningi 120. gr. laga um váttryggingarsamninga og skuli af þeim ástæðum takmarka bætur til hans. Að öðru leyti vísar V til Hrd. 384/2011, 44/2013 og 440/2014 máli sínu til stuðnings varðandi 50% takmörkun ábyrgðar.

Álit.

Í gögnum málsins er í fyrsta lagi deilt um hvort tilkynning V um takmörkun ábyrgðar hafi komið of seint fram, eða ekki komið fram án ástæðulauss dráttar í skilningi 94. gr. laga um váttryggingarsamninga. Hvað það varðar verður litið til þess að frumskýrsla lögreglu er ekki ítarleg um rannsókn málsins og V hefur sýnt fram á að það óskaði eftir ítarlegri gögnum málsins í febrúar 2014. Slík gögn bárust ekki félaginu fyrr en í febrúar 2015. Verður það ekki talið félaginu í óhag að hafa ekki fengið slík gögn send fyrr, en það er á forræði lögreglu að senda út slík gögn hverju sinni. Verður því V ekki talið hafa tilkynnt of seint um takmörkun ábyrgðar.

Í öðru lagi er deilt um hvort sannað sé að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur bifhjól síns. Í því sambandi verður ekki hjá því litið að í lögregluskýrslu er aðstæðum þannig lýst að þær hafi verið almennt góðar til aksturs, nægt útsýni hafi verið og veður hafi verið gott sem og birtuskilyrði. Hámarkshraði var 70 km/klst og það liggur fyrir sérstakur hraðaútreikningur sem bendir til þess að M hafi ekið mun hraðar en það í greint sinn. Fær það einnig stoð í því að ákoma á bifreiðinni sem hann ók á er nokkur sem og bendir lýsing vitna af atvikinu til þess að bifhjólina hafi verið ekið viðstöðulaust á bifreiðina. Verður ekki hjá því komist að telja sannað að nokkur ökuhraði og aksturslag M, sem ökumanns, hafi af þeim sökum ekki verið í samræmi við það sem best verður á kosið og þess eðlis að það feli í sér verulegt frávik frá því sem ætla mátti af honum. Verður því fallist á að það fái næga stoð í gögnum málsins að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur bifhjól síns.

Í þriðja lagi verður þá að taka afstöðu til ágreinings um takmörkun ábyrgðar V og hversu mikil hún á að vera. Í ljósi þeirra dóma Hæstaréttar sem vísað er til hér að ofan, t.d. í máli nr. 384/2011 verður að líta til þess að atvik þess máls eru ekki sambærileg við atvik þessa máls, sérstaklega þegar litið er til þess að ekki var hér um eftirför að ræða eða önnur sambærileg atvik. Verður þegar litið er til sakar M og hvernig váttryggingaratburð bar að, sem og þess að M var ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna, að líta svo á að takmörkun ábyrgðar V geti ekki verið eins mikil og í tilvitnuðu máli Hæstaréttar. Rétt þykir, miðað við akstur yfir hámarkshraða við góðar aðstæður, að V sé heimilt að takmarka ábyrgð sína úr slysatryggingu ökumanns um þriðjung.

Í fjórða lagi, þegar litið er til röksemda V um að skilyrði séu til að beita ákvæði 120. gr. laga um váttryggingarsamninga, að líta til þess að samskipti M og lögreglu um atvik málsins voru þess eðlis að M mátti vænta þess að allar skýrslur um atvikið yrðu sendar til V á einhverjum tímapunkti. Verður ekki litið svo á að sannað sé að M hafi veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við tjónsuppgjörið í skilningi umræddrar greinar.

Niðurstaða.

M á rétt á 2/3 hluta fullra bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík, 19. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 44/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna slysatryggingar sjómanna.****Tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004
vegna slyss 10. janúar 2013.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 7.3.2016.

Bréf lögmanns M dags. 8. mars 2016.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína 10. janúar 2013 og er atvikum lýst þannig í gögnum málsins að hann hafi snúið upp á vinstri handlegg og lenti illa á vinstri öxl þannig að hann hrökk úr lið. M leitaði til læknis þremur dögum eftir atvikið og var greindur með tognun og ofreymslu á axlarlið og öxl, auk þess sem tekin var röntgenmynd sem sýndi ekki beináverka. Vegna frekari óþæginda fór M í segulómmyndatöku í desember 2013 og var vísað í framhaldinu til bæklunarlæknis í febrúar 2014 og í gögnum málsins, nánar tiltekið þeirri tilvísun, kemur fram að segulómun hafi leitt í ljós beináverka í vinstri öxl. M hitti ekki á umræddan bæklunarlækni í febrúar 2014 og hætti hann starfi sínu sem sjómaður um áramótin 2014-2015. Í september 2015 leitaði M til annars bæklunarlæknis sem greindi áverka og tók M til aðgerðar vegna hans. Tilkynning til V um slysið er dags. 9. september 2015, en áður hafði það verið tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands með tjónstilkynningu dags. 15. janúar 2013.

M telur að hann hafi ekki vitað um atvik sem krafa hans er reist á fyrr en í september 2015 þegar hann hafi fengið upplýsingar um greiningu á áverka og ákvörðun var tekin um aðgerð. Sá ársfrestur sem tilgreindur er í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 til að tilkynna um tjón hafi því ekki verið liðinn þegar tilkynningin barst til V þann 9. september 2015. Hann hafi fyrst þá gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum atviksins í janúar 2013. Einnig telur M að næg gögn séu til að sýna fram á að orsakatengsl séu milli þess atviks sem þá varð og þeirra óþæginda sem M glími við og vísar sjónarmiðum V um annað á bug.

V telur hins vegar að miðað við meðferðarsögu M verði að miða við að hann hafi vitað um atvik sem krafa hans er reist á í desember 2013 þegar niðurstaða segulóm skoðunar lá fyrir um að M hafi hlotið beináverka á vinstra axlarsvæðinu. Einnig vísar V til þess að í ljósi þess að M hafi áður fengið áverka á axlarsvæði, sé óljóst hvaða afleiðingar tilheyri hvað áverka og því ekki sýnt fram á orsakatengsl við atvikið í janúar 2013.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um tímamarkið þar sem M eru ljós atvik sem krafa hans um bætur úr slystryggingu sjómanna er reist á, sbr. orðalag 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. Þegar litið er til gagna málsins er ljóst að M gekkst undir segulóm skoðun í desember 2013 þar sem áverki var greindur. Þó hann hafi ekki fylgt því eftir að fara til þess bæklunarlæknis sem honum var vísað til í síðasta lagi í febrúar 2014, verður ekki annað séð af læknisfræðilegum gögnum málsins að M hafi haft veruleg óþægindi vegna áverkans allt frá degi tjónsatviks. Við segulóm skoðun og m.t.t. niðurstöðu hennar, verður að ætla að M hafi mátt vera ljós atvik sem krafa hans um bætur úr slysatryggingu sjómanna er reist á. Tómlæti M sjálfs við að sannreyna niðurstöður segulóm skoðunarinnar og raunverulegar ástæður þess að honum var vísað til bæklunarlæknis verða ekki metnar þannig að tímamunkturinn færir fram í september 2015. Til

Þess er einnig litið að þá þegar hafði slysið verið tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands, eða nokkrum dögum eftir það. Verður því ekki talið að tilkynning til V hafi borist innan þess ársfrests sem tilgreindur er í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 12. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 45/2016
M og
vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra B.

Ábyrgð byggingarstjóra vegna þakleka sem kom fram þ. 2.10.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.2.2016 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 29.2.2016 sbr. bréf dags. 30.11.2015.

Málsatvik.

M keyptu hús á byggingarstigi og var B byggingarstjóri. Í októberbyrjun 2015 sáu M leka á samskeytum glugga og veggs í svefnherbergi hússins. Við skoðun á þaki hússins segir M að gat hafi verið samskeytum og í yfirlýsingu sérfróðs aðila sem M fékk til að skoða málið segir að við lagningu dúks á þakið hafi orðið þau mistök að gleymst hafi að sjóða saman 50-60 c.m. kafla á dúknum. M telur að umrædd mistök við lagningu þakdúksins séu á ábyrgð byggingarstjórans B og krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V. M vísar til 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. M segir að B hafi ekki tryggt að þakvirki hússins hafi verið tryggilega lokað og vatnshelt þá vísar M til dómafordæma. V hafnar bótaskyldu. V hafnar bótaskyldu og bendir á að glufa geti myndast á einum stað á þakfleti sem telur tugi eða hundruð fermetra af ýmsum ástæðum. V bendir á að langt sé liðið frá byggingu hússins og fyrir liggja yfirlýsing þess aðila sem lagði þakdúk á húsið og hafi sá aðili sagt að glufa um 50-60 cm. hafi verið að ræða, en það atriði sem þar ræði um geti ekki verið á ábyrgð B miðað við fyrirliggjandi gögn. V bendir á að framkvæmdum á þaki hússins hafi verið lokið í ágúst 2008 eða rúmlega 7 árum áður en lekans varð vart og sú yfirlýsing sem liggja frammi í málinu frá fyrirtækinu X kunni að binda þann aðila sem hana gefur, en V segist ekki geta á grundvelli þeirrar yfirlýsingar fallist á að um sönnun sé fyrir hendi á bótaskyldu B. Þá segir V að jafnvel þó að yfirlýsing fyrirtækinu X væri lögð til grundvallar þá verði bótaskylda B ekki byggð á því.

Álit.

Takmörkuð gögn liggja fyrir í málinu. Verður sönnun ekki byggð á yfirlýsingu verktakafyrirtækis, sem gerð er árið 2015, um tilhögun framkvæmda á árinu 2008. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður því ekki slegið föstu að B hafi í störfum sínum sem byggingarstjóri bakað sér skaðabótaábyrgð við byggingu húss M. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 12.4.2016.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 46/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um skerðingu bóta vegna meðábyrgðar tjónþola
sem var farþegi í bifreið sem valt.****Gögn.**

Málskot, móttakið 12.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi 5. september 2014 valt bifreið (A) á Norðausturvegi á Melrakkasléttu. M var farþegi í A og hlaut rifbeinsbrot, lofibrjóst og blæðingu í brjósthól. Lögregla kom á vettvang og fljótlega vaknaði grunur um að B, ökumaður A, hafi verið ölvaður. Vitni bar að B hafi hringt í sig og beðið sig að kom á vettvang. Er vitnið kom á vettvang hafi B verið mjög ölvaður og æstur og viljað komast heim til sín. Vegna ástands B hafi vitnið ekið honum til síns heima. Mælt var alkóhólmagn í þvagi B og tvívegis í blóði hans. Alkóhólmagn í þvagsýni mældist 2,62%. Í öðru blóðsýninu mældist það 2,02% og í hinu 1,63%.

Í vettvangsskýrslu lögreglu kemur fram að M hafi verið mjög ölvaður og ekki hafi verið hægt að ræða við hann um óhappið. Hjóðrituð skýrsla var tekin af M hjá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Í samantekt skýrslunnar kemur fram að M hafi setið að drykkju á heimili sínu ásamt tveimur öðrum sem einnig voru farþegar í A þegar slysið varð. Þeir hafi haft samband við B og beðið hann að ná í þá, en meiningin hafi verið að fara heim til B. Er B kom heim til M hafi hann ekkert viljað stoppa og viljað fara strax aftur sem þeir hafi gert. M kvaðst hafa verið við drykkju í einhverja daga fyrir atvikið og er þeir lögðu af stað hafi hann verið undir miklum áhrifum áfengis. Minni hans hafi ekki verið gott og mundi eitthvað smávegis eftir ferðinni. Hann hafi setið hægra megin aftur í A. Hann gat ekki tjáð sig um það hvort B hafi drukkið á leiðinni, en þeir hafi verið bæði með vodka og bjór. Síðar hafi annar farþeganna greint M frá því að B hafi á leiðinni heim til hans eitthvað verið að dreypa á áður en hann missti vald á bifreiðinni.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut í slysinu. V hefur viðurkennt bótaskyldu en að bætur beri að skerða um 2/3 þar sem M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að taka sér far með B sem hafi verið undir áhrifum áfengis. M hefur ekki fallist á þessa niðurstöðu V. Hann hafi verið mikið undir áhrifum áfengis og því ekki getað merkt vín á B eða að hann hafi þá verið undir áhrifum áfengis. Hann hafi ekki séð B neyta áfengis og ekki séð hvort B hafi drukkið á leiðinni, enda hafi hann setið í aftursæti A. Hann hafi því ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að hafa sest upp í bifreið með ökumanni sem hafi verið undir áhrifum áfengis.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Bætur fyrir líkamstjón má þó lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi sbr. 2. mgr. sömu gr. Í máli þessu er ekki um það deilt að B hafi verið undir áhrifum áfengis þegar slysið varð. M ber því hins vegar við að sökum þess að hann hafi sjálfur verið undir miklum áfengisáhrifum hafi hann ekki merkt áfengi á B eða að hann hafi verið undir áhrifum áfengis. Þegar litið er til þess sem fram kemur í framburði vitnis um ölvunarástand B á vettvangi og þess áfengismagns sem mældist í líkama B hefur ekki farið á milli mála að hann var undir verulegum áfengisáhrifum og ekki hæfur til að stjórna ökutæki, sbr. 3. mgr. 45. gr. ufl. M hefur það eftir einum meðfarþega sinna að B hafi dreypt á áfengi meðan á ökuferðinni stóð uns slysið varð. Frá heimili M að slysstað munu vera um 40 km. Með tilliti til þess sem liggur fyrir í málinu um ölvunarástand B þykir mega slá því föstu að hann hafi verið undir talsverðum áfengisáhrifum er

ökuferðin hófst frá heimili M. M átti ekki að geta dulist að B var ófær til að stjórna bifreið sinni vegna ölvunar. Með því að þiggja far með B við þessar aðstæður sýndi M verulegt gáleysi sem verður að meta honum til stórkostlegs gáleysis í skilningi fyrrgreinds ákvæðis 2. mgr. 88. gr. ufl. Þótt M telji sig ekki hafa merkt áfengiseinkenni á B vegna síns eigin ölvunarástands er ekki unnt að virða það honum til sérstakrar afsökunar við mat á skerðingu bóta vegna meðábyrgðar hans. Að virtum gögnum málsins og því sem hér að framan er rakið verður að telja sök M það alvarlega að rétt þykir að skerða rétt hans til bóta um 2/3 hluta þannig að tjón hans bætist að 1/3 hluta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 1/3 hluta.

Reykjavík, 12. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 47/2016**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Sönnun atviks vegna tjóns á bifreiðinni Z skv. tilkynningu 29. desember 2015.****Gögn.**

Málskot, móttækið 16.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 25.3.2016 ásamt frekari gögnum, þ.á.m. myndum.

Málsatvik.

M tilkynnti þann 29. desember 2015 um atvik sem hún kveðst hafa átt sér stað tveimur dögum áður þegar hún ók um hringtorg við N1 við Lækjargötu í Hafnarfirði. Þar kvað hún gráan jeppling hafa ekið inn á hringtorgið og stefn á hennar bifreið. M kveðst hafa stöðvað bifreið sína og þurft að fara upp á hringtorgið að hluta og sé hún fullviss um að hinni bifreiðinni hafi verið ekið utan í hennar bifreið (Z). Dóttir M hafi verið farþegi í bifreið hennar og tekið niður bílnúmerið X og gerir M kröfu um að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu þeirrar bifreiðar á grundvelli framangreindra upplýsinga. M telur að hæðarmismunur á skemmdum á bifreiðunum geti skýrst af því að hún hafi þurft að aka upp á kant hringtorgsins og telur að taka eigi mark á framburði hennar og vitnis um málið.

V telur ósannað að tjón á bifreið M sé hægt að rekja til notkunar bifreiðarinnar X og að það sé ósannað að það hafi orðið árekstur með bifreiðunum. Framburður ökumanns X styðji það ekki, auk þess sem ákomur á bifreiðunum passi ekki saman m.t.t. hæðar.

Álit.

Þegar lítið er til gagna málsins er ljóst að ökumönnum ber ekki saman um hvort hafi orðið snerting með bifreiðunum X og Z í greint sinn. Þar sem vitnað er til farþega í bifreiðinni X, dóttur M, verður ekki séð að hjá henni liggi fyrir afgerandi framburður um að snerting hafi orðið með bifreiðunum. Sönnunarbyrði um að árekstur hafi átt sér stað hvílir á þeim sem því heldur fram. Þó tekið sé mið af framburði M og dóttur hennar er ljóst af myndum og mælingum að ákomur á bifreiðunum passa ekki að öllu leyti saman og óljóst er hvenær þær komu til. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu eiganda X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 12. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 48/2016
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar sjómanna Þ

Lyftara ekið á sjómann á bryggju þegar hann var á leið um borð í fiskiskip þ. 8.10.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.15.2.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 8.3.2016

Málsatvik.

M segist hafa verið á leið um borð í fiskiskip í eigu Þ, sem hann var lögskráður á og varð M fyrir töluverðum meiðslum. M gerir kröfu um bætur úr slysatryggingu sjómanna Þ hjá V og vísar til greinar 2.2. í vátryggingaskilmálum tryggingarinnar og telur að slysið hafi orðið í beinum tengslum við rekstur skipsins. Einnig vísar M til 1. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 í þessu sambandi og vísar til sambærilegs ákvæðis í eldri siglingalögum og kjarasamninga sjómanna. V hafnar bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna og segir að M hafi í umrætt sinn verið á leið til vinnu og ljóst að M hafi ekki verið staddur um borð í skipi og þá hafi hann ekki verið að störfum í beinum tengslum við rekstur skipsins þegar slysið varð eins og orðalag vátryggingarskilmála gerir ráð fyrir. V byggir á því að slysatryggingin taki ekki til slysa sem sjómaður verði fyrir á beinni leið til vinnu. V bendir á að þó félagið hafni bótum úr slysatryggingu sjómanna þá kunnist tjónið engu að síður að vera bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu eiganda lyftarans sem um ræðir.

Álit.

Í vátryggingaskilmálum slysatryggingar sjómanna Þ hjá V er gildissvið vátryggingarinnar skilgreint með þeim hætti að vátryggingin bæti slys sem verði í skipi eða í beinum tengslum við rekstur skips, sbr. gr. 2.2. Í umræddum skilmálum er hvergi vikið að því að áhafnartrygging taki til ferða áhafnar til eða frá vinnu. Gildissviðið er því afmarkað við tilvik þegar sjómaður er staddur um borð í skipi eða þegar hann er að vinna í beinum tengslum við rekstur þess. M ber sönnunarbyrði um að háttsemi hafi verið með þeim hætti þegar hann slasaðist, en ekki er hægt að túlka þetta ákvæði það rúmt, að það taki fyrirvaralaust til ferða áhafnar meðlima til eða frá skipi. Í gögnum málsins kemur ekki fram viðhlítandi skýring á ferðum M eða sönnun á því að hann hafi verið við vinnu í tengslum við rekstur skipsins. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna Þ hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna Þ hjá V.

Reykjavík 26.4.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 49/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X og ábyrgðatryggingar
eiganda vinnuvélar.****Árestur bifreiðar og vinnuvélar á Grindavíkurvegi 9. desember 2015.****Gögn.**

Málskot, móttækið 12.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 29.2.2016.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreið M, X, var ekið aftan á vinnuvél á Grindavíkurvegi þann 9. desember sl. Ökumaður bifreiðarinnar kveðst hafa henni 70-80 km/klst hraða og ekki getað brugðist við í tæka tíð þegar hann sá vinnuvél á veginum fyrir framan sig enda hafi hún verið illa ljósum búin. Ökumaður vinnuvélarinnar vissi ekki fyrr en hann fékk mikið högg aftan á vinnuvélina þegar bifreiðinni var ekið á hana. Í skýrslu lögreglu kemur enn fremur fram að gul aðvörunarljós hafi ekki verið kveikt á vinnuvélinni auk þess sem einungis annað stöðuljós að aftan hafi verið í lagi. Aðspurður sagðist stjórnandi vinnuvélarinnar ekki aka með gul viðvörunarljós eftir vegi ef hann væri ekki að nota vinnuvélina til vinnu.

M telur að tjón á bifreið sinni megi rekja til gáleysis stjórnanda vinnuvélarinnar sem hafi ekki verið með viðvörunarljós kveikt eða stöðuljós í lagi aftan á vinnuvélinni, á vegi þar sem hámarkshraði sé 90 km/klst. Einnig vísar M til þess að skófla á vinnuvélinni hafi verið full af salti og því verið að nota hana við vinnu.

V metur það svo að ökumaður bifreiðar M beri alla sök vegna árestursins með því að gæta ekki nægilega vel að umferð fyrir framan sig á veginum.

Álit.

Ágreiningslaust er að bifreiðinni X var ekið aftan á vinnuvél á Grindavíkurvegi. Í 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumenn þurfi að gæta að umferð fyrir framan sig og geta brugðist við ef hægist á umferð eða hún stöðvast fyrir framan þá. Ökumaður bifreiðarinnar X gætti þess ekki nægilega vel í greint sinn. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður vinnuvélarinnar hafi átta að aka um með gul viðvörunarljós í greint sinn eða að áresturinn megi rekja til þess að annað stöðuljós vinnuvélarinnar virkaði ekki. Verður því öll sök lögð á ökumann X.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann X.

Reykjavík, 15. mars 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 50/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á hringtorgi við Rauðavatn í Reykjavík 3.2.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.2.2016. ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V-1 dags. 7.3.2016
3. Bréf V-2 dags. 10.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Árekstur varð á hringtorgi við Rauðavatn í Reykjavík. Ökumaður B ók Breiðholtsbraut til norðurs í átt að hringtorginu og hugðist aka inn á það, en segist hafa stöðvað áður en hann hafi ekið inn í hringtorgið og verið kyrrstæður þegar A hafi runnið til á veginum og lent á B. Ökumaður A segist hafa ekið í ytri akrein hringtorgsins, þegar hann missti stjórn á bifreiðinni, þannig að afturhjóla bifreiðarinnar hafi runnið og hann heyrð flaut og svo hafi árekstur orðið við B, sem hafi verið ekið inn í hringtorgið og verið við það að koma inn á hringtorgið. Ágreiningur er með ökumönnum um hvort að B hafi verið á ferð eða kyrrstæð þegar áreksturinn varð.

Álit.

Ágreiningur er með ökumönnum um það hvort að B hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð eða ekki. Mikill fjöldi ljósmynda fylgir málskotinu þannig að auðvelt er að gera sér grein fyrir hvar áreksturinn varð en hann er í útjaðri hringtorgsins við stöðvunarlínu. Ökumaður A segist hafa misst stjórn á A þannig að afturhjóla bifreiðarinnar hafi runnið og eftir því sem næst verður séð miðað við ljósmyndir af vettvangi út úr akstursleið og á B. Orsök árekstursins er því sú að ökumaður A missir stjórn á bifreiðinni og lendir vegna þess í árekstri við B. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum þar sem hann hagaði akstri sínum í umrætt sinn ekki í samræmi við aðstæður.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 12.4.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 51/2016**M og
vátryggingafélagið V v. frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar****Manni skrikaði fótur í háلكu og sleit hásin 28.12.2014****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 19.2.2016 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 14.3.2016

Málsatvik.

M skrikaði fótur í háلكu fyrir utan verslun 28.12.2014 og sleit hásin. Í október 2014 datt M í háلكu þegar hann steig út úr vörubifreið sinni og sleit þá hásin á vinstra fæti að hluta. M gerir kröfu um bætur úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V vegna slyssins 28.12.2014 og segir að þó svo að hásinin hafi slitnað að hluta í október 2014 þá hafi hún verið byrjuð að gróa í lok desember sama ár og vísar þar til læknisvottorðs Hjartar Fr. Hjartarsonar dags. 12.8.2015. M byggir á því að slysið 28.12.2014 hafi verið sjálfstæður atburður og tjón hans vegna þess slyss sé því bótaskyldt úr frítímaslysáttryggingu fjölskyldutryggingar hans hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að þ.9.3.2015 hafi V borist tilkynning um slys M í vinnutíma. Slysdagur hafi ekki verið fulltilgreindur en sagt að það hafi orðið í nóvember 2014 þó svo virðist sem það hafi orðið í lok október s.á. V hafnaði þá bótaskyldu úr frítímaslysáttryggingu þar sem að atvikið hefði orðið í vinnutíma. V vísar til vottorðs Hjartar Fr. Hjartarsonar læknis frá 7.5.2015 en þar segir “Hins vegar telur undirritaður að hásinarslitið sem meðhöndlað var 26.mars sé bein afleiðing þess áverka sem hann leitaði með á SLYSA-og bráðamóttöku 22. október 2014, hvort sem að hann hafi fengið meiri áverka síðar eður ei.” Þá vísar V einnig til vottorðs Ólafs Stefánssonar læknis frá 13.5.2015 þar sem segir m.a. að M hafi haltrað frá því haustið áður og hafi misstigið sig tvisvar eftir slys haustið áður og hafi M ekki getað stigið upp á tærnar frá því haustið 2014. Þá vísar V til þess að lítið samræmi sé í áður tilvísað vottorðs V frá Hirti Fr. Hjartarsyni lækni og þess vottorðs sem M vísar til frá sama lækni 12.8.2015 og getið er um hér að ofan. V telur að gögn málsins staðfesti ekki með áreiðanlegum hætti að aðgerð sú sem framkvæmd var á M í mars 2015 megi rekja til slysaatviks í lok desember 2014. Þá segir V að óljós orsakatengsl milli einkenna í hásin vinstri fótar og atviksins sem M segist hafa lent í 28.12.2014.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið með óyggjandi hætti hvaða afleiðingar atvikið þ.28.12.2014 hafi haft varðandi hásinarslit M á vinstra fæti. Fyrir liggja læknisvottorð sem sýna að M varð fyrir áverka á vinstra fæti að öllum líkindum í október 2014 og M tilkynnti sjálfur um slys í vinnutíma á árinu 2014, 9.3.2015. Ekki liggur fyrir sönnun þess að aðstaða eða atvik hafi orðið með þeim hætti, að atvikið sem M lýsir að hafi átt sér stað 28.12.2014 hafi valdið því að meiðsli M hafi orðið meiri en þá þegar var orðið eða sé svo, að hve miklu leyti. Þegar af þeirri ástæðu er ekki hægt að fallast á að M eigi rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 19.4.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 53/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar.****Ágreiningur um hvort maður hafi orðið fyrir meiðslum á hné við bótaskyldan atburð.****Gögn.**

Málskot, móttækið 24.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 31.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hefur í gildi slysatryggingu hjá V. Með tilkynningu 21. desember 2015 til V kvaðst M hafa hinn 7. október 2015 verið að vinna í ísverksmiðju og verið að hoppa af ísrökkum og niður í ísinn.

M leitaði á bráðadeild Landspítalans 9. sama mánaðar vegna verkja í hægra hné sem hafi byrjað tveimur dögum áður. Segir í fyrirbyggjandi bráðamóttökuskra vegna komu hans á bráðadeildina að hann vinni mikið á hnjánum en engin sérstök áverkasaga. Telur M þetta þó mögulega tengjast því að umræddan dag hafi hann hoppað milli planku úr lágrí hæð. Hafi hann fundið fyrir versnandi bólgu og komudaginn sé sárt að ganga niður stiga, en engir smellir eða skyndilegir stingir. Varðandi skoðun sem fram fór segir svo í skránni: „Ekki að sjá roða og ekki þreifast hiti yfir hægra hné. Merki um hydrops í hnénu og hnéskeilin dúar vægt. Fín hreyfigeta í liðnum í flexion og extension. Vægur verkur við mikla flexion og forceraða extension. Verkir við álag á lateral meniscus, ekki medial meniscus. Engin merki um áverka á med. og lat. coli. lig né krossbönd.“ Í lokin er svo svofelld skráning: „Borið undir sérfræðing. Ákveðið að fá rtg til að útiloka brot og ath með slit. Rtgmynd kemur vel út. Ráðlögð bólgueyðandi lyf næstu daga, hvíld og teygjusokkur. Fær lyfseðil fyrir voltaren rapid. Ef ekki betri næstu daga þá ráðlögð nánari skoðun hjá bæklunarlæknum... mtt liðþófaröskunar.“

Í málskoti kveðst M hafa verið „að færa mig frá einum stað á annan hvort ég hoppi, nei þetta er skref frá einni tröppu í aðra.“ Þá segir einnig í málskotinu að þegar hann hafi stigið niður á ísinn og í eitt af mörgum skiptum hafi ísinn gefið sig og hann fengið hnykk á hægri fótinn.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysatryggingunni.

Álit.

Samkvæmt slysatryggingu þeirri sem M hefur hjá V greiðast bætur þegar vátryggður verður fyrir slysi, en í skilmálum vátryggingarinnar segir að með slysi sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Þótt atvikum sé lýst í bráðamóttökuskra, tjónstilkynningu og málskoti er ekki unnt að henda reiður á að M hafi orðið fyrir meiðslum við skyndilegan atburð. Þessu breytir ekki þótt í málskoti sé þess getið að ís sem hann steig á hafi gefið sig og við það hafi hann fengið hnykk á hægri fót, en þessa er ekki getið í öðrum gögnum málsins. Þá eru læknisfræðileg gögn mjög takmörkuð, eða einungis fyrrgreind bráðamóttökuskra. Af henni verður ekki ráðið með neinni vissu að M hafi umrætt sinn orðið fyrir meiðslum við skyndilegan atburð. Að öllu virtu verður því ekki talið að M hafi orðið fyrir slysi í skilningi slysatryggingarskilmálanna. Hann á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 26. apríl 2016.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 54/2016

**M og
váttryggingafélagið V v/ lögboðinnar starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda.**

Ágreiningur um hvort váttrygging taki til starfsemi dótturfélags váttryggingartaka.**Gögn.**

Málskot, móttækið 24.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 14.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M og dótturfélag þess, A, hafa í gildi lögmælt starfsábyrgðartryggingu endurskoðenda hjá V. Mun váttryggingin hafa verið í gildi frá árinu 2007. Meðal váttryggðra endurskoðenda á váttryggingartímabilinu 1. janúar til 31. desember 2012 var B, löggiltur endurskoðandi, að því er fram kemur á fyrirliggjandi váttryggingarskírteini fyrir tímabilið. Þó mun M hafa í lok desember 2011 tilkynnt V að B starfaði ekki lengur hjá M. Hinn 29. sama mánaðar tilkynnti V til félags löggiltra endurskoðenda um afturköllun starfsábyrgðartryggingarinnar hvað B varðaði.

Árin 2005 og 2007 (gjaldárin 2006 og 2008) vann B að gerð skattframtala og annarra skattskilagagna fyrir D. Framtalsgerðina innti B af hendi í nafni E ehf., dótturfélags M. Hinn 18. október 2010 hóf skattrannsóknarstjóri rannsókn á skattskilum D og tveggja einkahlutafélaga í eigu hans vegna tekjuáranna 2005 til 2008. Í tengslum við rannsóknina var tekin skýrsla af B hjá skattrannsóknarstjóra 4. maí 2011. Með bréfi 13. desember 2011 var D send skýrsla skattrannsóknarstjóra frá sama degi um niðurstöður rannsóknarinnar. Að fengnum andmælum D sendi skattrannsóknarstjóri D nýja skýrslu um rannsóknina, dags. 14. mars 2012. Með bréfi 23. mars 2012 mun skattrannsóknarstjóri hafa tilkynnt D að niðurstaða rannsóknarinnar hafi verið send rikisskattstjóra til ákvörðunar um hugsanlega endurálagningu og refsimeðferð. Með úrskurði rikisskattstjóra 20. nóvember 2013 voru opinber gjöld D endurákvörðuð vegna gjaldáranna 2006 til 2009. E var tilkynnt sérstaklega um málið með bréfi 30. janúar 2014 og áskildi D sér rétt til að krefja E um bætur ef málið myndi leiða til tjóns fyrir hann. Úrskurði rikisskattstjóra var skotið til yfirkattanevndar með kæru 18. febrúar 2014. Lauk málinu með úrskurði yfirkattanevndar 21. október 2015 með því að tekjuskatts- og útsvarsstofn D fyrir tekjuárin 2005 og 2007 hækkaði um rúmar 140 milljónir króna samtals auk 25% álags. Með bréfi lögmanns D, dags. 4. nóvember 2015, til E var gerð var grein fyrir því álit D að með úrskurði yfirkattanevndar væri ljóst að sú þjónusta sem honum hafði verið veitt í nafni E hafi verið ófullnægjandi og ráðgjöf beinlínis röng og leitt til fjártjóns fyrir hann. Var þess óskað að E tæki afstöðu til sáttaumleitana um bætur til D innan tilskilins frests.

Hinn 10. nóvember 2015 sendi M gögn málsins til V. Með bréfi, dags. 3. desember 2015, hafnaði V bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu M, annars vegar á þeirri forsendu að ábyrgðartryggingin tæki ekki til starfa B hjá E og hins vegar að B hafi ekki notið váttryggingarverndar samkvæmt ábyrgðartryggingunni þegar skaðabótakrafa í skilningi váttryggingarskilmála hafi stofnast sem fyrst hafi getað gerst 23. mars 2012 er skattrannsóknarstjóri tilkynnti D um að málið hafi verið sent rikisskattstjóra til frekari meðferðar.

Álit.

Frá árinu 2007 hefur M haft í gildi hjá V lögboðna starfsábyrgðartryggingu endurskoðenda vegna starfsemi sinnar og A, dótturfélags síns. Á hinn bóginn liggur ekkert fyrir í gögnum málsins um tengsl M við E umfram það að E mun vera dótturfélag M. Af því sem liggur fyrir í málinu um ábyrgðartrygginguna verður ekki séð að hún hafi átt að taka til starfa váttryggðra endurskoðenda sem

þeir inna af hendi í nafni E. Ekki virðist um það deilt að E veitti D þjónustu við skattframtalsgerðina umrædd ár. Þótt B hafi verið váttryggður hjá V sem löggiltur endurskoðandi hjá M a.m.k. til ársloka 2011 verður ekki séð að störf hans hjá E falli undir váttrygginguna. Þegar af þeirri ástæðu tekur téð starfsábyrgðartrygging M ekki til þeirrar skaðabótakröfu sem D hyggst hafa uppi gagnvart E.

Niðurstaða.

Hugsanleg bótakrafa D á hendur E bætist ekki úr lögboðinni starfsábyrgðartryggingu endurskoðenda M hjá váttryggingafélaginu V.

Reykjavík, 19. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 55/2016**M og
V v. fasteignatryggingar.****Tjón á húseignum 30. desember 2015 og gildissvið vátryggingarsamnings.****Gögn.**

Málskot, móttakið 22.2.2016, ásamt fylgigögnum.
Bréf V dags. 14.4.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón hafi orðið vegna foks á húseignum M, sem tilheyra fasteigninni X, í óveðri 30. desember 2015. Ágreiningur er um hvort fasteignatryggingar M ná til þess tjóns sem varð annars vegar á skjólvegg við íbúðarhús og hins vegar á útihúsum. Hluti ágreiningsins nær til þess hvort gildissvið vátrygginga þeirra sem M keypti hjá V hafi náði til útihúsa eða einungis íbúðarhúss.

M vísar til þess að V hafi ekki uppfyllt skyldur sínar skv. 4. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 um hvað fælist í tilboði félagsins í tryggingar ár árinu 2013, en M hafi gert ráð fyrir því að tilboð félagsins fæli í sér fasteignatryggingu fyrir allar húseignir fasteignarinnar X. M vísar til þess að aftur hafi verið óskað eftir tilboði á árinu 2014, sem hafi verið tekið af hálfu M og síðan hafi allar vátryggingar M verið endurnýjaðar á árinu 2015. Þar hafi verið fjölmargar vátryggingar vegna eigna og annarra hagsmuna M. Ekki hafi komið fram í upplýsingum frá V um tilboðin að útihús fasteignarinnar hafi ekki verið tryggt með fasteignatryggingu. M vísar til þess að í tilboði V hafi tilgreining félagsins vegna fasteignarinnar X verið „X null 01-01“ og sé ekki hægt að skilja slíka tilgreiningu öðruvísi en að tilboðið hafi náð til allra húseigna fasteignarinnar. M vísar einnig til þess að áritun á vátryggingarskírteini hafi breyst milli ára án þess að sérstök athygli hafi verið vakin á því af hálfu V. Í gildandi vátryggingarskírteini fasteignatryggingar vegna ársins 2015 hafi tilgreining fasteignarinnar verið „X null, 01-01, samkvæmt sundurliðun.“ Þá telur M að sérstökum lið hafi verið bætt inn í sundurliðun þar sem komi fram eftirfarandi texti: „Íbúð, matsnúmer 217-XXXX“. Jafnframt vísar M til þess að skírteini hafi verið breytt þannig að í stað þess að tilgreina vátryggingarstað sem 217-XXXX hafi þar verið skráð 217-ZZZZ. Þetta hafi ekki verið í samræmi við tilboð V. Einnig vísar M til ákvæða samningalaga nr. 7/1936 varðandi mistaka við tilgreiningu hins vátryggða af hálfu V sem og þá skýringarreglu að ef óljóst sé hvert efni samnings er þá beri að túlka hann neytandanum í hag.

V telur að í vátryggingarsamningi þess við V hafi útihús aldrei verið tryggt með fasteignatryggingu og ekki hluti af tilvísun félagsins til „X null“ á tilboðum þess til M um vátryggingar. V bendir á að vátryggingarverðmæti það sem tilgreint er í fasteignatryggingunni vísi einungis til fjárhæðar brunabótamats íbúðarhússins og ef útihúsin hefðu verið inn í vátryggingarsamningi hefði fjárhæðin þurft að vera hærri. Einnig vísar V til þess að engin efnisleg breyting hafi verið gerð á vátryggingarskírteini því sem gildi á árinu 2015 frá fyrri árum heldur hafi orðalag verið gert skýrara. V telur því að útihús M hafi ekki verið vátryggt með fasteignatryggingu auk þess sem skjólveggur við íbúðarhús hafi ekki verið hluti af brunabótamati íbúðarhússins og því einnig fyrir utan gildissvið fasteignatryggingarinnar.

Álit.

Í gögnum málsins má finna gildandi vátryggingaryfirlit M hjá V vegna vátrygginga sem voru í gildi frá 1. febrúar 2015 til 31. janúar 2016. Einnig má finna þar upplýsingar um tilboð sem vátryggingafélagið gaf M á árunum 2013 og 2014. Þar að auki liggur fyrir vottorð úr fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands um fasteignina X. Þar er fasteignin tilgreind með svokölluðu fastanúmeri 217-

ZZZZ og eru allar húseignir einnig tilgreindar með því fastanúmeri, þ.e. bæði íbúðarhús, tvö fjárhús, hlaða, og geymslur, allar með sama númer.

Í váttryggingaryfirliti vegna fasteignatryggingar kemur fram tilvísun til svokallaðs skírteinisnúmers, 8629651. Þar er váttryggingarstaður tilgreindur sem X, Fjarðabyggð, fastanúmer 217-ZZZZ. Í umræddu yfirliti kemur fram tilvísun til þess sem V kys að kalla „sundurliðun“ og þar sé vísað til svokallaðs matsnúmers 217-XXXX og þar er einnig vísað til þess að það tilheyrir íbúð og váttryggingarfjárhæð er þar tilgreind sérstaklega.

Í gr. 2.1. í váttryggingarskilmálum fasteignatryggingar kemur fram að váttryggingin nái til húseignar sem nefnd sé í váttryggingarskírteini ásamt fylgifé, sem fellur undir lögboðna brunatryggingu. Á meðan ekki liggja önnur gögn fyrir í málinu frá fasteignamatí Þjóðskrár Íslands en að tilvísun til fasteignarinnar X sé sú að allar húseignir tilheyrir fastanúmerinu 217-ZZZZ, verður ekki hægt að leggja annað til grundvallar en að tilgreining V á váttryggingarstað með tilvísun til sama númers vísi til þess að það sem fellur undir það fastanúmer sé váttryggt. Það var váttryggingafélaginu í lófa lagið að tiltaka á váttryggingarskírteini að fasteignatrygging M tæki ekki til allra húseigna sem tilgreindar eru undir fastanúmerinu 217-ZZZZ. Tilvísun í einni línu til sundurliðunar í svokallað matsnúmer, sem V hefur ekki upplýst um með sérstakri staðfestingu frá fasteignamatí Þjóðskrár Íslands, telst ekki nægilega skýr afmörkun þegar ekki er sérstaklega tekið fram að sundurliðunin sé til þess fallin að afmarka sérstaklega gildissviðið. Þó tilhögun þessi hafi verið skýr í hugum starfsmanna váttryggingafélagsins verður það eitt ekki lagt til grundvallar í skýringu á efni váttryggingarsamnings við M. Verður V að bera hallann af þeim vafa sem uppi er um váttrygðar húseignir sem áttu að tilheyrja váttryggingarstaðnum X null 01-01.

Þá vekur athygli að V virðist hafa gefið út tvö váttryggingarskírteini fyrir brunatryggingu húseigna vegna sömu fasteignar með sundurliðunum á hvoru um sig, annars vegar eitt skírteini vegna íbúðarhúss og hitt vegna annarra húseigna. Aðeins eitt váttryggingarskírteini var hins vegar í gildi vegna fasteignatryggingar. Þó V gæti haldið því fram að slík ráðstöfun hefði átt að vekja athygli M sérstaklega skoðast það hins vegar alveg eins í því ljósi að rugla M, sem neytanda, í ríminu varðandi gildissvið váttrygginga sinna vegna X. Á meðan ekki hefur verið sýnt fram á sérstaklega að V hafi upplýst M um að félagið gæti ekki váttryggt útihús og geymslur er sá vafi sem vísað er til að ofan enn þess eðlis að V ber hallann af honum. Er það því niðurstaða nefndarinnar að fasteignatrygging nái til tjóns sem varð á útihúsum fasteignarinnar X null 01-01 – fastanúmer 217-ZZZZ.

Hvað varðar ágreining um hvort tjón á skjólvegg við íbúðarhús falli undir gildissvið sömu váttryggingar verður að líta aftur til fyrrnefndrar gr. 2.1. í váttryggingarskilmálum fasteignatryggingarum um að váttryggingin nái til húseignar sem nefnd sé í váttryggingarskírteini ásamt fylgifé, sem fellur undir lögboðna brunatryggingu. Fullyrðingar V um að skjólveggur sé ekki hluti húseignar eða fylgifé sem fellur undir lögboðna brunatryggingu, eru ekki studdar nokkrum gögnum. Í ljósi þeirrar óvissu sem um gildissvið váttryggingarsamnings um fasteignatryggingu milli V og M er verður V einnig látinn bera halla af slíkum sönnunarskorti, en félaginu var í lófa lagið að leggja fram slík sönnunargögn, séu þau fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V vegna tjóns á skjólvegg við íbúðarhús og útihúsum fasteignarinnar X (fastanúmer 217-ZZZZ).

Reykjavík, 25. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 56/2016**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs.****Skaðabótaábyrgð vegna tjóns á jarðstrengjum 30. júlí 2013.****Gögn.**

Málskot, móttakið 25.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.3.2016 ásamt tölvupósti dags. 31. mars 2015.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M telur sig hafa valdið tjóni á strengjum þegar var verið að plægja slíkan niður fyrir X ohf. Í málskotinu kemur einnig fram að M telur sig hafa vátryggingar sem taki til tjónsins.

V vísar til þess að ekki liggi fyrir í gögnum málsins í hverju bótaskyld háttsemi M felist, vísað er til þess að komið hafi fram að galli væri í búnaði vélar sem var verið að nota en ekki liggi fyrir í hverju sá galli fólst og hvernig hann leiddi til skemmda á umræddum strengjum. V telur að ekki sé sannað að tjón á strengjunum sé hægt að rekja til háttsemi starfsmanna M eða atvika sem M ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í málinu liggja ekki fyrir ítarleg gögn um það tjón sem krafist hefur verið bóta fyrir. Ekki liggur fyrir nákvæm lýsing á því eða þeim atvikum sem til þess leiddi, hvorki af hálfu M sem vátryggingartaka ábyrgðartryggingar hjá V eða frá X sem tjónþola. Í íslenskum skaðabótarétti hvílir sönnunarbyrði á þeim sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans. Í þessu máli liggja slík sönnunargögn ekki fyrir og verður því ekki fallist á að V sé greiðsluskylt úr ábyrgðartryggingu vegna atvinnureksturs M.

Niðurstaða.

M ekki rétt á því að greiddar séu bætur úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 57/2016
M og
vátryggingafélagið V1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur bifreiða á Skutulsfjarðarbraut á Ísafirði 24.11.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.2.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 15.3.2016
3. Bréf V-2 dags. 7.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-8

Málsatvik.

Árekstur varð á Skutulsfjarðarbraut við gatnamót við Bónus á Ísafirði. Bifreiðunum A og B var ekið í sömu átt og ók A á undan B. Aðila greinir á um málsatvik og skiluðu ekki sameiginlegri framhlið tjónstilkynningar. Ökumaður A segist hafa gefið stefnuljós til vinstri og hafa beygt til vinstri á gatnamótunum þegar B var ekið framúr og árekstur hafi orðið. Ökumaður B segir að ökumaður A hafi stöðvað og ekið aftur á bak og síðan ekið út af veginum hægra megin áður en hann hafi beygt til vinstri á sama tíma og ökumaður B hafi hafið framúrakstur. Í framburði vitnis sem gaf sig fram við lögreglu segir ökumann A hafa stöðvað og ekið aðeins aftur á bak við gatnamótin og fjórar bifreiðar hafi stöðvað, en augljóst væri að A hafi ætlað að aka inn afleggjarann að Bónus, en ökumaður B hafi ekki beðið eftir því að A yrði ekið inn á afleggjarann heldur hafi B verið ekið af stað úr kyrrstöðu og framúr þannig að árekstur varð.

Álit.

Hvorugur ökumanna sýndi nægjanlega aðgæslu í aðdraganda árekstursins. Af gögnum málsins verður ekki séð að rétt sé að leggja meiri sök á annan ökumanninn umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 19.4.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 58/2016**M og
váttryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og váttryggingafélagið V2
vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur við bílakjallara Garðatorgs 3. febrúar 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 17.3.2016.

Tölvupóstur V1, dags. 4. apríl 2016.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B við útakstur úr bílakjallara Garðatorgs, þegar bifreið A var ekið út úr bílakjallaranum en bifreiðinni B ekið beint áfram. Framburður ökumanna í sameiginlegri tjónstilkynningu er á þá leið að ökumaður bifreiðar A kveðst hafa séð bifreið B þegar hann ók út úr bílageymslunni og að sú bifreið hafi verið kyrrstæð. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið áfram þegar bifreið B var ekið úr kyrrstöðu og beint á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B, sem er steypubifreið, kveðst hafa verið að taka af stað frá „...dælu“ þar sem ég var kyrrstæður á akbrautinni vegna vinnu, þegar ég heyrði skruðninga og flaut.“

M telur að hann, sem ökumaður bifreiðar A, hafi gætt nægrar varúðar við akstur frá bílakjallara, þar sem hann hafi séð steypubifreiðina B, stöðvað og þegar hann sá að steypubifreiðin var kyrrstæð ekið áfram í því skyni að aka varlega út á akbrautina, þrátt fyrir að steypubifreiðin skerti útsýni. M vísar til framburðar ökumanns bifreiðar B í tjónstilkynningu um að hann hafi ekki horft fram fyrir sig áður en hann ók úr kyrrstöðu. Undir þessi sjónarmið tekur V1.

V2 telur að hvorugur ökumanna hafi gætt varúðar skv. fyrirmælum 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem kemur fram að ökumenn sem aki frá bílastæðum inn á akbraut, sem og þeir sem aka úr kyrrstöðu skuli veita annarri umferð forgang. V2 telur að skipta eigi sök til helminga.

Álit.

Þegar litið er til aðstæðna á vettvangi eins og þær koma skýrlega fram á myndum, sem eru í gögnum málsins, er ljóst að báðir ökumenn þurfa að gæta varúðar við aksturinn. Ökumaður bifreiðar A, sem ætlar að aka frá bílakjallara inn á akbraut, ber að veita umferð um akbrautina forgang skv. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og ökumaður bifreiðar B þarf, með hliðsjón af fyrirmælum 2. mgr. 17. gr. sömu laga, að ganga úr skugga um að hann geti án óþæginda fyrir aðra umferð ekið af stað frá vegarbrún. Þegar litið er til framburða ökumanna í tjónstilkynningu telst ökumaður bifreiðar B ekki hafa gætt fyrrgreindrar varúðar, en framburður hans sýnir að hann hafi ekki litið fram fyrir bifreið sína áður en hann ók af stað, þrátt fyrir staðsetningu bílakjallarans þaðan sem vænta mátti umferðar. Þegar litið er til háttsemi ökumanns bifreiðar A verður hins vegar ekki annað séð en að hann hafi ekið varlega áleiðis inn á akbrautina og hafi gert það sem í hans valdi stóð til að veita þann forgang sem honum bar. Áreksturinn verður því alfarið rakinn til óaðgæslu ökumanns bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 3. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 59/2016

M
og

V v/ slysaryggingar launþega.

Ágreiningur um hvort tjón hafi verið tilkynnt innan lögmæltis tilkynningarfrests og hvort frestur til að meta örorku hafi verið liðinn samkvæmt váttryggingarskilmálum.**Gögn.**

5. Málskot, móttakið 2.3.2016, ásamt fylgigögnum.

6. Bréf V, dags. 17.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 6. febrúar 2012 fékk M högg á hnakka og bak er hún datt í hálku. Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins hafði hún samband við hjúkrunarfræðing á heilsugæslustöð daginn eftir og greindi frá því að hún hafi haft svima um nóttina en ekki önnur einkenni heilahristings. Þremur dögum síðar, eða 10. febrúar, hafði M samband við heimilislækni vegna einkenna frá höfði og ráðlagði lækniurinn henni tiltekna æfingar vegna svima.

M mun hafa átt um tveggja áratuga sögu um svonefnt steinaflakk (BPPV) og af þeim sökum verið meðhöndluð af læknum A, sérfræðingi í háls-, nef- og eyrnasjúkdómum. Í læknisvottorði A kemur fram að M hafi 13. febrúar 2012 verið í símasambandi við hann vegna stöðubundinna svimaþæginda eftir að hún fékk höfuðhöggið viku áður og komið svo til skoðunar tveimur dögum síðar. Hún hafði þá reynst vera með svokallaðan góðkynja stöðusvima, eða steinaflakk (BPPV) frá hægra eyra sem hafi verið meðhöndlað með viðeigandi æfingu („Epley“). Í apríl s.á. hafi M verið í sambandi við A og kvað hún þá meðferðina hafa gefist vel. Hún hafi losnað við það sem nefnt er snarsvimaköst, en áfram verið með viðloðandi svimakennu eða sjóriðu sem ekki vildi fara. M var svo skoðuð af A í desember 2012 og þá kvaðst hún hafa verið ágæt af steinaflakkinu um tíma. Segir í vottorði A að M hafi margra ára sögu um steinaflakk sem hafi tekið sig upp af og til og hún sé auk þess mjög viðkvæm fyrir áreiti og truflun í jafnvægiskerfi eyrna. Höfuðhöggið hafi vakið upp steinaflakk og hún hafi verið lengi eftir sig í kjölfarið.

Vegna kröfu um bætur úr frítímaslysaryggingu hjá tilteknu váttryggingafélagi var lækniurinn B, með beiðni dags. 2. nóvember 2015, fenginn til meta læknisfræðilega örorku af völdum slyssins. Í viðtali við B í tengslum við gerð matsins kom fram hjá M að hún hafi eftir slysið í febrúar 2012 sem fyrir af og til fengið svimaköst vegna steinaflakks og þá gert æfingar sem A kenndi henni með góðum árangri. Æfingarnar hafi hins vegar ekki haft nein áhrif á svima- og sjóriðutilfinningu sem hafi verið viðvarandi allt frá slysinu og versni við nánar tilgreindar aðstæður. Þá kvaðst M hafa verið höfuðverkjagjörn eftir slysið og eigi heldur erfiðara með að einbeita sér að verkefnum en áður og þreytist mun fyrr en áður og þoli hljóðáreiti og ljósáreiti verr en áður. Var niðurstaða B samkvæmt mati hans, dags. 7. janúar 2016, að M búi við viðvarandi svima- og sjóriðutilfinningu af völdum slyssins. Einnig séu varanlegar heilsufarslegar afleiðingar slyssins einkenni sem eru dæmigerð fyrir heilkenni höfuðáverka með aukinni þreytu og skertu úthaldi, skertri einbeitingu og skertu þoli gagnvart hljóð- og ljósáreitum. Var læknisfræðileg örorka M metin 8%.

M var slysaryggð samkvæmt kjarasamningsbundinni slysaryggingu launþega hjá V. Með kröfu, dags. 16. janúar 2016, sem barst V sama dag, krafðist M bóta úr slysaryggingunni. V hafnaði bótaskyldu. Byggðist höfnunin annars vegar á því að eins árs frestur til að tilkynna um tjónið skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga hafi verið liðinn þegar tilkynningin barst V. Hins vegar var á því byggt að varanlega örorku skuli meta innan þriggja ára frá því slys varð, sbr. 8. gr. þeirra váttryggingarskilmála sem um

vátrygginguna gilda, og því hafi allir tímafrestir verið liðnir þegar bótakrafan barst V í janúar 2016, en þá hafi tæp fjögur ár verið liðin frá því að slysið varð.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124 gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Í fyrrgreindi örorkumati B var komist að þeirri niðurstöðu að M byggji við viðvarandi svima- og sjóriðutilfinningu og varanleg heilkenni höfuðáverka. Samkvæmt því sem fyrir liggur í gögnum málsins og rakið er hér að framan voru þessi einkenni sem leiddu til varanlegrar örorku M einungis að litlu leyti til skoðunar eða meðhöndlunar hjá læknum áður en örorkan var metin. Fyrstu misserin eftir slysið beindist athygli lækna einkum að svimaköstum af völdum steinaflakks í hægra eyra sem hún hafði búið við fyrir slysið en komu fram að nýju í kjölfar þess. Á hinn bóginn verður ekki ráðið að þau einkenni sem leiddu síðan til varanlegrar örorku hafi verið þess eðlis að M hafi gert sér grein fyrir ári áður en hún tilkynnti slysið til V að þau yrðu til frambúðar. Réttur M til bóta úr slysatryggingunni hefur því ekki glatast skv. 1. mgr. 124. gr. vsl.

Í 1. mgr. 8. gr. í skilmálum slysatryggingarinnar segir orðrétt: „Valdi slys þeim sem vátryggður er varanlegu heilsutjóni (nefnd varanleg örorka í kjarasamningi) innan þriggja ára frá því að slysið varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi.“ Af orðalagi ákvæðis þessa verður það eitt ráðið að M eigi rétt til örokubóta svo fremi að hún hafi orðið fyrir varanlegu heilsutjóni innan þriggja ára frá því að slysið varð. M varð fyrir slysinu fyrri hluta febrúarmánaðar 2012 og örorka hennar var metin í janúar 2016, eða tæpum fjórum árum eftir slysið. Burtséð frá því hvenær M kann að hafa gert sér grein fyrir að hún byggji við varanleg mein eftir slysið verður ekki ráðið af fyrirliggjandi gögnum að M hafi fyrst orðið fyrir varanlegu heilsutjóni eftir að þrjú ár voru liðin frá slysinu. Réttur M til bóta úr slysatryggingunni telst því heldur ekki fallinn niður með vísan til þessa ákvæðis vátryggingarskilmálanna. M á því rétt til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 19. apríl 2016.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 60/2016**M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar X.****Ágreiningur um fjárhæð sjúkrakostnaðar skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.****Gögn.**

Málskot, móttekið 1.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.3.2016 ásamt tölvupósti V til nafngreinds tannlæknis dags. 29. maí 2015.

Bréf lögmanns M dags. 18. mars 2016.

Málsatvik.

M slasaðist í umferðarslysi 3. nóvember 2014 og hlaut meðal annars áverka á tönnum. Í málinu liggja fyrir reikningar vegna kostnaðar M hjá tannlækni í kjölfar atviksins og þeirra tannáverka sem urðu. M telur að V eigi að greiða alla framlagða reikninga vegna umræddra tannáverka í ljósi þess að hún eigi að fá tjón sitt að fullu bætt skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í því felist að skipta hafi þurft út tannbrú, sem hún hafi haft fyrir slysið. Það hafi verið eðlilegur og nauðsynlegur kostnaður í skilningi umrædds ákvæðis og ástand tanna hennar fyrir slysið hafi verið gott skv. upplýsingum í læknisvottorði dags. 23. nóvember 2014. M vísar auk þessa til þess að tilvísun til vátryggingarskilmála í álitinu því sem V hafi aflað hjá tannlækni eigi ekki við þar sem um skaðabætur sé að ræða. V telur að það eigi einungis að greiða reikninga sem M hefur lagt fram vegna tannskaða að hluta þar sem ástand tannbrúar hafi verið slæmt áður en slysið varð og megi finna upplýsingar um það bæði í læknisvottorði dags. 3. desember 2015 og í álitgerð sem V hafi aflað frá tannlækni dags. 30. maí 2015. V telur að ef reikningar verði greiddir að fullu þá sé M að hagnast á tjónsatvikinu og sé það ekki í samræmi við markmið skaðabótalaga um fullar bætur fyrir fjártjón. Einnig telur V að þrátt fyrir tilvísun til vátryggingarskilmála í álitgerð tannlæknis vegna málsins verði ekki litið fram á efnislegri niðurstöðu hans um að ástand tanna M hafi verið slæmt fyrir þann áverka sem hún fékk í slysinu. V telur því að því beri ekki að greiða nema helming af tilgreindum reikningum sem M hefur lagt fram vegna tannáverka.

Álit.

Í málinu er ekki ágreiningur um bótaskyldu V úr slysatryggingu ökumanns vegna slyss M hinn 3. nóvember 2014 heldur einungis um fjárhæð bóta fyrir sjúkrakostnað skv. 1. gr. skaðabótalaga. Í gögnum málsins kemur fram að sá kostnaður sem M hefur krafist V um skv. 1. gr. skaðabótalaga er til kominn vegna tannviðgerða. Í læknisvottorðum meðferðarlæknis kemur fram skýring á umfangi og eðli þeirra viðgerða. Í álitgerð þess tannlæknis sem V leitar til er hins vegar lagt mat á umfang viðgerðanna út frá forsendum vátryggingarskilmála sem gilda ekki um 1. gr. skaðabótalaga. Ekki verður annað séð en að læknisfræðilegt mat hafi verið lagt á það hvernig best væri að haga tannviðgerðum M og verður ekki annað séð en að þær hafi lotið að því að gera M eins setta og áður en hún hlaut tannáverka í umræddu slysi. Verður sá kostnaður sem af slíkum viðgerðum stafar því allur talinn til sjúkrakostnaðar skv. 1. gr. skaðabótalaga m.v. þau gögn sem fyrir liggja.

Niðurstaða.

M á rétt til greiðslu sjúkrakostnaðar skv. framlögðum reikningum úr slysatryggingu ökumanns.

Reykjavík, 19. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 62/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar fasteignatryggingar H.

Kona með barn í fanginu datt í stiga og meiddist 15.9.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.1.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 22.3.2016

Málsatvik.

M var að fara með barn sitt niður breiðan flisalagðan stiga og missti fótanna í troðningi sem hún lýsir að hafi myndast og meiddist. M lýsir atvikum þannig að hún hafi ekki fundið handfestu þar sem handrið vantaði þeim megin sem M gekk um stigann. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V og segir að stiginn sem M gekk um hafi verið vanbúinn og vísar til byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sbr. reglugerð nr. 1173/2012 og nr. 350/2013 þar sem kveðið er á um skyldu til að hafa handrið beggja vegna í stigum, tröppum og pöllum þar sem hætta getur verið á falli. M segir að augljós vanbúnaður hafi verið á stiganum hvað þetta varðar þar sem handrið sé bara öðrum megin. Þá vísar M til þess að H reki starfsleyfis skylda starfsemi og beri að fara eftir reglum um tryggilegan aðbúnað og hollustuhætti þeirra sem leið eiga um húsnæði H. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að bygging sú sem um ræðir hafi verið byggð árið 1962 og sé ástand og búnaður hennar í samræmi við lög og reglur sem þá giltu um varðandi fasteignir. Þá segir V að M hafi ekki sýnt fram á það með óyggjandi hætti að fasteign H hafi ekki verið í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli þegar slysið átti sér stað. Þá hafnar V því að stiginn sem um ræðir sé hættulegur eða óhefðbundinn og hefði starfsfólk H engar kvartanir fengið vegna hans þegar M varð fyrir slysinu. Loks vísar V til þess að ekki hafi verið sýnt nákvæmlega fram á með hvaða hætti slys M bar að höndum eða hvar hún hafi verið nákvæmlega staðsett í stiganum þegar það varð.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu M að stigi sá sem hún gekk um hafi verið vanbúinn þannig að leiði til skaðabótaskyldu H í ljósi þess að ekki liggur fyrir að hann hafi verið í bága við gildandi byggingareglugerðir þegar hann var byggður. Þá liggur ekki nákvæmlega fyrir hvar M var staðsett í stiganum þegar slysið varð. M segist hafa haldið á barni sínu og misst fótanna í troðningi sem var í umræddum stiga og ekki liggur fyrir að slys M hafi tengst meintum vanbúnaði á stiganum. Ekki er því sýnt fram á að M eigi rétt á bótum úr húseignatryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseignatryggingu H hjá V.

Reykjavík 26.4.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 63/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar O

Vatnstjón á fasteign vegna þess að frárennislögn virkaði ekki fullkomlega 14.2.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið 1.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 15.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6

Málsatvik.

M segir að þ.14.2.2015 hafi flætt upp úr niðurföllum í kjallaraíbúð hans í kjölfar rigningar og snjóbráðnunar og olli vatnið töluverðum skemmdum. M segir að þetta sé í fjórða skipti frá 5.3.2015 sem flæðir upp úr niðurföll í húsinu og í annað skipti sem flóðið veldur tjóni. M segir frárennislögn við húsið sé gömul og hafi svæðisstjóri O fundið út að rennislítegða skapaðist í lögninni vegna trjáróta sem hefðu borað sig í gegn um lögnina og safnað í sig óhreinindum. M segir að O hafni bótaskyldu á þeim forsendum að þeir hafi ekki vitað af ástandi lagnarinnar, en M segir það rangt og O hafi sýnt af sér vanrækslu og/eða gáleysi með því að láta hjá líða að yfirfara lögnina og lagfæra með fullnægjandi hætti. M segir að 4-6 mars 2012 hafi flætt upp úr niðurföllum í kjallara húss síns og þá hafi verið haft samband við starfsmann O og honum tilkynnt um hvað gerst hafði. M segir einnig að sumarið 2012 hafi flætt upp úr niðurföllum kjallarans vegna mikilla rigninga og aftur hafi verið hagð samband við starfsmann O og hann inntur svara um hvað gæti hugsanlega verið að gerast, en starfsmaður O hafi talið að um tregðu í lögnum húseigenda væri að ræða. M segir að enn hafi orðið flóð í kjallara hússins þ. 14.11.2013 og þá hafi hlotist af talsvert tjón og hafi hann haft samband við starfsmann O daginn eftir og gert honum grein fyrir aðstæðum og síðar hafi verið ákveðið að gera ákveðnar lagfæringar sem hafi þó aldrei náð til gömlu lagnarinnar sem væri orðin hátt í 40 ára gömul. Miðað við forsögu málsins telur M að fyrir liggi nægjanleg gögn sem leggi alla ábyrgð á umræddu tjóni á O. M bendir í því sambandi sérstaklega á að komast hefði mátt hjá tjóninu hefði O rannsakað lögnina í nóvember 2013 þar sem ríkt tilefni gafst til, en hafi ekki verið gert vegna vanrækslu og/eða gáleysis starfsmanna O. V hafnar bótaskyldu og segir svæðisstjóra O og staðfesti hann að lögnin var stífluð vegna trjáróta sem höfðu grafið sér leið gegn um lögnina og valdið þar fyrirstöðu á um 10 metra kafla og þá hafi verið töluverður malarburður í lögninni, sem svæðisstjórinn taldi að hefði borist þangað í stórflóði í desembermánuði árið áður. V segir að O hafi ekki verið kunnugt um stífluna í lögninni fyrr en eftir tjónið og hafi O þá brugðist strax við og látið hreinsa lögnina. V telur að tjónið verði ekki rakið til skaðabótaábyrgðar O eða annarra atvika sem O beri ábyrgð á. Starfsfólk O hafi ekki vitað af því að trjárætur væru búnar að grafa sig inn í lögnina og því ekki getað brugðist við eða lagfært áður en tjónið varð. Þá segir V að tjónið verði ekki vegna skyndilegs eða óvænts atburðar þar sem trjárætur grófu sig í gegn um lögnina en það gerist á löngum tíma. Af framangreindu telur V að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Álit.

Þegar M varð fyrir tjóni því sem mál þetta snýst um þ. 14.2.2015 vegna rigninga og hláku, þegar flæddi upp um niðurföll í kjallaraíbúð hans, höfðu svipaðir atburðir gerst a.m.k. þrisvar sinnum áður og starfsfólk O verið látið vita um það. Starfsfólk O taldi aldrei ástæðu til að bregðast við ábendingum og kvörtunum M, jafnvel þó að fyrir lægi að lögnin sem hugsanlega gat verið að gefa

sig væri orðin allt að 40 ára gömul. Þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir M var ekki hafist handa af hálfu O eða gripið til neinna aðgerða eða kannað hvort flóðin upp úr niðurföllunum gætu stafað af ástæðum sem O hefði með að gera eins og raunin varð á þegar málið var kannað. O selur sérhæfða þjónustu til neytenda og ber sem slíkt ábyrgð á að þjónustan sem fyrirtækið selur sem sérfræðingur á sínu sviði sé í samræmi við eðlilegar og faglegar öryggiskröfur og gætt sé eðlilegs viðhalds og skoðunar komi upp atriði sem gefa starfsfólki O vísbendingu um að einhverju kunni að vera ábótavant við frágang lagna eða annan búnað sem O hefur með að gera. O gætti ekki nægjanlega að aðstæðum eða kynnti sér lögnina sem gat verið og var þess vegna líklegur orsakavaldur þeirra ítrekuðu vandamála sem upp komu í kjallaraíbúð M, vegna þess að vatn flæddi upp úr niðurföllum hjá M. Starfsfólk O rækti því ekki starf sitt með þeim hætti að fullnægjandi væri og hundsaði ítrekað að bregðast við þó ítrekað tilefni gæfist til. O ber því skaðabótaskyldu á því gáleysi sem starfsfólk O sýndi af sér hvað þetta varðar. Tjón M varð vegna skyndilegs atviks, rigningar og asahláku. Ekki skiptir máli í því sambandi eða er afsökunarástæða fyrir O að skemmdirnar á lögninni hafi tekið langan tíma að grafa um sig. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Reykjavík 19.4.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 64/2016
M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X.

Slys starfsmanns á bifreiðastæði verslunar 23. nóvember 2010.

Gögn.

1. Málskot móttækið 3. mars 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. mars 2016 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M féll og hlaut líkamstjón á bifreiðastæði við verslun X. M kveðst hafa verið á leið heim til sín úr vinnunni, en þar sem starfsmannainngangur, sem er fyrir aftan verslun X, var læstur þurfti M að fara út um aðalinnganginn og ganga hringinn í kringum húsið til að komast að bifreið sinni sem var lagt fyrir aftan húsið. Á leið sinni, eða nánar tiltekið á bifreiðastæðinu fyrir framan verslunina rann M í hálfu með þeim afleiðingum að hún datt illa og hlaut áverka á fótum.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu. Er vísað til þess að það hafi verið óforsvaranlegt af hálfu X að hafa starfsmannainnganginn læstan í umrætt sinni og að slysið hefði aldrei gerst ef hann hefði verið ólæstur. Vísað er til reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða um að umferðarleiðir starfsmanna skulu vera greiðfærar, en að læstar dyr séu augljóslega ekki greiðfær umferðarleið. Enn fremur er vísað til þess að X hafi ekki gætt að því að stéttin umhverfis verslunina hafi verið hættulaus og greiðfær, t.d. með því að sandbera eða nota aðra viðeigandi hálkuvörn.

V telur ósannað að líkamstjón M sé að rekja til atvika eða atriða sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á að lögum, og þ.a.l. bótaskylda ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

M ber sönnunarbyrði um að X beri skaðbótaábyrgð vegna líkamstjóns hans.

Í máli þessu liggur ekki fyrir að bifreiðastæði eða stétt við verslun X hafi verið hættuleg vegfarendum eða að mikil hálfu hafi verið á svæðinu í kringum verslunina. Virðist veðurvottorð frá Veðurstofu Íslands gefa til kynna talsvert hátt hitastig dagana fyrir slysdaginn, miðað við árstíma. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fleiri óhöpp eða tilkynningar um hættulegar aðstæður umræddan dag. Ekki er hægt að gera sömu kröfur til verslunareigenda um aðstæður í húsnæði verslana eða á bifreiðastæðum og verður ekki séð að X hafi vanrækt þær athafnaskyldur sem hvíla almennt á verslunareigendum um að tryggja öryggi vegfarenda, þ. á m. starfsmanna. Verður því ekki fallist á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi af hálfu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 19. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 65/2016**M og váttryggingafélagið V) v/ slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Líkamstjón við sprang í Vestmannaeyjum 28. júní 2014.****Gögn.**

Málskot, dags. 3.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.3.2016.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 18.3.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að spranga í klettum í „Spröngunni“ í Vestmannaeyjum þegar hann missti tak á reipinu sem hann hékk í og féll um tvo metra niður á jörðina og lenti illa á vinstri fæti. M leitaði strax til læknis og var greindur nokkrum dögum síðar með svokallað afrifubrot í ökkla og fór í aðgerð vegna þess 9. júlí 2014. Umrædd lýsing kemur einnig fram í tjónstilkynningu til V dags. 15. október 2015. Í læknaþréfi frá bráðadeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss dags. 7. júlí 2014 eru afleiðingar líkamstjónsins staðfestar en lýsing á aðdraganda þannig að M hafi stoppað þegar hann hékk í reipi við að spranga og látið sig falla á jörðina og þannig lent illa. Í læknaþréfi frá dagdeild skurðlækninga vegna bæklunarskurðlækninga dags. 24. júlí 2014 kemur fram að M hafi verið að spranga þegar hann hlaut líkamstjón, án frekari lýsinga á aðdraganda þess.

M telur að hann eigi rétt á greiðslu bóta úr slysatryggingarlið fjölskyldutryggingar þar sem hann hafi hlotið líkamstjón vegna skyndilegs atburðar og þar sem um meiðsli á útlím sé að ræða hafi V sjálft útvíkkað slysaþugtakið í váttryggingarskilmálum sínum þannig að meiðsli þurfi ekki að hafa komið til vegna utanaðkomandi atburðar. Einnig telur M að leggja eigi lýsingu á atburðinum í tjónstilkynningu til grundvallar, ekki það sem fyrir misskilning sé ritað í læknisfræðileg gögn. M telur á sömu rökum að það líkamstjón sem hann varð fyrir hafi ekki gerst með vilja hans og því séu hugtaksskilyrði váttryggingarskilmála varðandi slys öll uppfyllt. Að lokum gerir M alvarlegar athugasemdir við að V beri fyrir sig undanþáguákvæði í váttryggingarskilmálum sem taka til m.a. til klettaklifurs þar sem það hafi ekki komið fram fyrr en málið var komið fyrir nefndina, en aldrei beitt gagnvart M beint.

V telur að það sé staðfest í læknisfræðilegum gögnum málsins að M hafi viljandi sleppt reipi sem hann hélt í við sprang og því sé skilyrði í skilgreiningu V á slysi ekki uppfyllt hvað það varðar að meiðsli M hafi orðið án vilja hans. Einnig vísar V til þess að sprang sé slanguryrði yfir klettaklifur eða bjargsig og því eigi gr. 9.4 í váttryggingarskilmálum við þar sem undanþegið er líkamstjón sem verður við slíkar athafnir.

Álit.

Í málinu liggur fyrir lýsing M á aðdraganda líkamstjóns hans þar sem hann segist hafa misst tak á reipi þegar hann var að spranga og lent illa á jörðinni og hlotið þannig líkamstjón. Þó atvikum sé lýst aðeins öðruvísi á einum stað í læknisfræðilegum gögnum málsins telst sú lýsing, sem ekki er ljóst að höfð sé eftir M berum orðum og ekki endurtekin í öðrum læknisfræðilegum gögnum, ekki geta hnekkt þeirri lýsingu sem liggur fyrir í tjónstilkynningu M til V dags. 15. október 2015. Þar kemur fram M hafi misst tak á reipi og lent illa fæti og þannig hlotið líkamstjón. Telst það líkamstjón hafa komið til vegna skyndilegs atburðar sem gerðist án vilja M. Hvað varðar gr. 9.4 í váttryggingarskilmálum, sem undanþiggur slys sem verða í m.a. í bjargsigi, kletta- og fjallaklifri, verður atvikið sem leiddi til í líkamstjóns M, þ.e. að hann missi tak á reipi sem hann hangir í við að spranga, ekki með skýrum hætti fellt undir bjargsig, kletta- eða fjallaklifur og ber V hallann af því. M telst því eiga rétt á bótum úr slystryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 16. ágúst 2016.

Bóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 66/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar útgerðar (A) hvalaskoðunarþáts.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna bakmeiðsla um borð í hvalaskoðunarþát.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 10.3.2016.

Athugasemdir M, dags 30.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 17. ágúst 2015 kl. 14:00 tókst M, sem er ítölsk að þjóðerni, ásamt nokkrum samlöndum sínum á hendur ferð með hvalaskoðunarþát sem gerður er út af hvalaskoðunarfyrtækinu A. Umræddur hvalaskoðunarþátur er harðbotna slöngubátur, svonefndur „RIB bátur“. Skömmu eftir að ferðin hófst kvaðst M hafa fengið mikla verki í bak er báturinn skall á haffletinum eftir að hafa siglt í gegnum öldu. Við það hafi hún hlotið samfallsbrot í brjósthrygg.

Kveður M að slysið megi rekja til þess að fjöldi farþega um borð hafi verið fleiri en heimilt var eða 14 í stað 12, kynning á áhættuþáttum hafi verið ábótavant og ekki í samræmi við reglur, ölduhæð hafi verið óhagstæð og veður áhættusamt til að fara í ferðina og stjórnþök bátsins hafi verið gáleysisleg og ekki í samræmi við aðstæður eða til þess fallin að lágmarka áhættu eða óþægindi farþega. Til stuðnings staðhæfingum sínum hefur M lagt fram í íslenskri þýðingu samhljóða yfirlýsingar þriggja samlanda sinna sem voru með henni í ferðinni. Þar kemur m.a. fram að þeir muni ekki eftir ítarlegum skýringum um það hvernig farþegarnir ættu að forðast ofreynslu á bak með því að beina líkamspýngdinni að fótum. Gefnar hafi verið einhverjar stuttar og frekar almennar leiðbeiningar. Þá kveður M að hún hafi ekki séð nafnalista þar sem skráð voru nöfn farþega í ferðinni, en neðst á nafnalistanum er að finna ábendingu um að ekki sé mælt með ferðinni fyrir þá sem eiga við bak- eða hjartavandamál að stríða („Not recommended for people with back- or heart problems“).

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir í bátsferðinni. V kveður A hafa upplýst að öllum farþegum í umræddri ferð hafi verið veittar ítarlegar upplýsingar um öryggisatriði áður en lagt var af stað, m.a. sérstaklega hvernig ætti að sitja eða standa í bátnum þannig að líkamspungi hvíli á fótum til að forða óþarfa álagi á bak. Vindasamt hafi verið um morguninn og hafi farþegum sérstaklega verið boðið að fara í aðra ferð seinna sama dag þar sem veður kynni að lægja. Þegar báturinn hafði siglt frá hafnarsvæðinu í um tvær mínútur hafi M látið vita af sér þar sem hún hafi fundið fyrir einhverju í bakinu og viljað snúa við og leita lækniástoðar. Um það leyti sem atvikið átti sér stað hafi báturinn náð 14,5 hnúta hraða sem sé um 1/3 af hámarkshraða bátsins. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 137. gr. siglingalaga nr. 34/1985 er A skylt sem farsala að bæta tjón er hlýst af því að farþegi lætur lífið eða slasast meðan á ferð stendur ef tjónið má rekja til yfirsjóonar eða vanrækslu A eða einhvers manns sem það ber ábyrgð á.

Fyrir liggja í málinu verklagsreglur Siglingastofnunar (nú Samgöngustofu) nr. 10.02.10.02 frá 30. maí 2011 fyrir farþegasiglingar á harðbotna slöngubátum (RIB) styttri en 12 m. Ekki virðist ágreiningur um að reglur þessar eigi við um bát þann sem M var á í umræddri ferð. Í 4. reglnanna kemur fram að stofnunin ákveði landfræðileg takmörk siglingasvæðis, rekstrartímabil og önnur rekstrarskilyrði á hverju siglingasvæði. Þar segir einnig að farsvið þeirra RIB báta sem ekki fullnægja kröfum til vinnubáta í Norðurlandareglum (t.d. CE merktir) skal takmarkast við hafsvæði D eins og það er skilgreint í reglugerð nr. 666/2001, eða við sambærilegt farsvið. Þá segir í þessari grein verklagsreglnanna að sigling RIB báta skuli óháð landfræðilegum farsviðstakmörkunum sæta veðurfarslegum takmörkunum háð hönnunarflokki bátsins samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 168/1997. Þannig skulu RIB bátar í hönnunarflokki A, B og C háðir takmörkunum sem miða við

mesta vindhraða 6 á Beaufort kvarða og/eða hæð kenniöldu allt að 2 m. RIB bátar í hönnunarflokki D skulu svo háðir takmörkunum miðað við mesta vindhraða 4 á Beaufort kvarða og/eða kenniöldu allt að 0,3 m. Í 6. gr. reglnanna segir að á RIB bátum sé ekki heimilt að flytja fleiri en 12 farþega. Þá segir í 13. gr. téðra verklagsreglna að skráning og/eða talning farþega skuli vera í samræmi við reglugerð nr. 659/2000 um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum. Þar segir einnig að kynna skuli fyrir farþegum áður en lagt er af stað ferðaáætlun, björgunar- og öryggisbúnað, öryggisáætlun og viðbrögð ef eitthvað kemur upp á. Í kynningunni skal upplýsa alla farþega um að hröð sigling getur verið áhættusöm þunguðum konum og þeim sem eru bakveikir.

Þótt nokkur vindur hafi verið að morgni þess dags þegar óhappið varð verður samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu ekki ráðið að sigling bátsins umrætt sinn hafi farið í bága við ákvæði 4.gr. verklagsreglnanna um farsvið og veðurfarslegar takmarkanir varðandi vindhraða eða hæð kenniöldu. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á eða gert líklegt að fjöldi farþega um borð umfram 12 eigi þátt í því að slysið varð. Gegn neitun fyrisvarsmanna A verður heldur ekki talið sannað að slysið verði rakið til þess að M hafi ekki fengið nægilegar leiðbeiningar um eða verið vöruð nægilega við þeim hættum sem kunna að koma upp meðan á ferð stendur. Yfirlýsingar samlanda M sem voru með henni í ferðinni duga ekki sem sönnun í þessum efnum. Þá hefur ekkert komið fram sem gefur tilefni til að ætla að stjórn bátsins hafi verið gáleysisleg. Að öllu virtu verður að telja ósannað að slysið verði rakið til yfirsjónar eða vanrækslu stafsmanna A þannig að bótaskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 26. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 67/2016**M og
vátryggingafélagið V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið vátryggingarskilmála vegna dómsmáls.****Gögn.**

Málskot, móttækið 1.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 14.3.2016 ásamt vátryggingarskilmálum og úrskurðum 368 og 455/2015.

Málsatvik.

M var, með stefnu þingfestri 9. febrúar 2016, stefnt til greiðslu skuldar. Stefndandi er fjármálafyrirtæki sem M hafði gert bílasamning við 21. ágúst 2007 um afnot af bifreiðinni X. Við uppgjör á umræddum samningi, eftir riftun hans á árinu 2014, telur fjármálafyrirtækið að M skuldi tilgreinda fjárhæð. M er tryggður með málskostnaðartryggingu í fjölskyldutryggingu sinni hjá V og tekur hún til ágreinings sem verður til á gildistíma tryggingarinnar skv. nánar tilgreindum skilyrðum og undantekningum í vátryggingarskilmálum.

M telur að ágreiningur sá sem hann er í við fjármálafyrirtækið sé vegna uppgjörs samnings en varði hann ekki sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins ökutækis. Uppgjörið varði endurútreikning á forsendum samningsins fremur en notkun bifreiðarinnar sem samningurinn var gerður vegna. Því telur M að ágreiningurinn eigi undir vátrygginguna og undanþágúákvæði skilmála eigi ekki við. M vísar til máls nefndarinnar nr. 366/2013 máli sínu til stuðnings.

V vísar hins vegar til þess að ágreiningur M og fjármálafyrirtækisins varði M sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins ökutækis og sé slíkur ágreiningur undanskilinn greiðsluskyldu V skv. gr. 25.10 í vátryggingarskilmálum. Vísar V til úrskurða nefndarinnar í málum 368 og 455/2015 því til stuðnings.

Álit.

Samkvæmt upphafsákvæði gr. 25.1 í skilmálum V sem gilda um málskostnaðartrygginguna bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Skv. gr. 25.10 bætir félagið þó ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis, fellihýsis eða annarra tengivagna, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu.

Samningur sá sem fyrrgreint dómsmál snýst um snertir afnot M á tiltekinni bifreið og fjármögnunarsamning sem er tengdur þeim afnotum. Þótt ágreiningurinn lúti fyrst og fremst að ágreiningi aðila um uppgjör samkvæmt samningnum verður ekki fram hjá því litið að samningurinn varðar M sem notanda eða eftir atvikum eiganda bifreiðar og með því að svo háttar til telst ágreiningurinn varða M sem notanda bifreiðar og telst V því undanþegið greiðsluskyldu með vísan til gr. 25.10 í skilmálum vátryggingarinnar, eins og t.d. er vísað til í máli nefndarinnar nr. 455/2015.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr málskostnaðar tryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 19. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 68/2016**M og
vátryggingafélagið V vegna slysaftryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið undanþáguákvæðis vátryggingarskilmála vegna slyss 14. október 2014.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3.3.2016, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 9.3.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M gekkst undir aðgerð á læknastofu í Reykjavík 14. október 2014. Þegar hún var að vakna eftir svæfingu féll hún úr sjúkrarúmi og hlaut af því líkamstjón. Ekki er deilt um atvik máls heldur hvort tiltekið undanþáguákvæði vátryggingarskilmála V eigi við. Í þeim kemur fram í d.lið 25. gr. að félagið bæti ekki slys sem verða vegna ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysaftryggingu M m.t.t. þessa ákvæðis og telur að slys M hafi orðið í órjúfanlegum tengslum við lækningameðferð og skurðaðgerð sem M gekkst undir á læknastofunni. M hafi verið undir eftirliti heilbrigðisstarfsfólks og við vöknun eftir svæfingu sé það þekkt áhætta að sjúklingur geti bylt sér snögglega og þannig fallið. V telur því undanþáguákvæði vátryggingarskilmálanna um að slys M hafi orðið vegna lækningameðferðar og/eða skurðaðgerðar.

M telur að slysið hafi orðið óháð læknismeðferð og skýtur máli sínu til úrskurðarnefndar til að rjúfa frest skv. 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst, eins og fyrr segir, um hvort undanþáguákvæði vátryggingarskilmála eigi við um slys M. Þegar litið er til málsatvika er ljóst að líkamstjón M vegna slyssins er tilkomið vegna þess að hún féll fram af bekk, þegar hún var að vakna eftir svæfingu. Þó svæfingin sé tilkomin vegna skurðaðgerðar og sé, sem slík, framkvæmd með læknisfræðilegum aðferðum, verður ekki hjá því litið að það að M fellur úr rúmi er á engan hátt hluti af lækningameðferð hennar að skurðaðgerðinni sjálfri. Með hliðsjón af almennum viðhorfum við túlkun vátryggingarsamninga verður að líta svo á að undanþáguákvæði þeirra beri að túlka þröngt og að V beri sönnunarbyrði fyrir því að slík ákvæði eigi við. Þegar litið er til orðalags téðs undanþáguákvæðis verður ekki séð að fall úr rúmi, þó sjúkrarúm sé, geti verið hluti lækningameðferðar eða skurðaðgerðar. Hallann af því ber V og telst V því vera greiðsluskýlt vegna slyss M.

Niðurstaða.

M á rétt til greiðslu bóta úr slysaftryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 26. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 69/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R

Bifreið skemmdist þegar hún ók ofan í holu á Hverfisgötu í Reykjavík 28.2.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.7.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags.27.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5

Málsatvik.

M ók bíl sínum A eftir Hverfisgötu í Reykjavík í Reykjavík og lenti ofan í holu á götunni með þeim afleiðingum að olíupannan rifnaði af og stuðarasvunta brotnaði af og var billinn óökufær á eftir. M segir að engar merkingar hafi verið á götunni sem hafi gefið til kynna að gatan væri hættuleg, en hann hafi ekið á um 15 km.hraða. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu R hjá V og segir að holurnar sem um ræðir á Hverfisgötunni séu ekki nýkomnar og það viti allir og vonlaust sé að varast hættur eins og þessar við aðstæður eins og þær sem um var að ræða þegar M varð fyrir umræddu umferðaróhappi. Bréf V er dagsett 27.8.2015, en það er greinilega röng dagsetning þar sem m.a. er vísað til gagna sem eru dagsett í byrjun mars 2016. M hafnar bótaskyldu og segir ekki hægt að fella bótaskyldu á starfsfólk R nema það hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. V segir að í umræddu tilfalli hafi starfsfólk R vitað af því að gatan var orðin slitin og illa farin á köflum og hafi því verið sett upp viðvörðunarskilti við verstu staðina nokkrum vikum fyrir umrætt tjón, en viðvörðunarskiltið sem sett hafi verið upp við þann stað þar sem tjón M varð hafi verið fært úr stað án vitundar starfsfólks R og hafi staðsetning skiltisins verið lagfærð í kjölfarið. Þá hafi starfsfólk R fylgst vel með götunni og verið að setja ofan í holur jafnskjótt og þeir urðu varir við þær. V segir að rík aðgæsluskylda sé lögð á ökumenn í 43 og 53. gr. vegalaga nr. 80/2007 og M sem sé búsettur á höfuðborgarsvæðinu megi gera sér vel grein fyrir eðli málsins. Loks segir V að í lögregluskýrslu komi fram að upphaf olíubrúkar á götunni sé við hraðahindrun nokkuð frá umræddum holum sem M segist hafa ekið ofan í og þar sem M hafi ekki sýnt fram á hvar og hvernig olían lak frá vél A sé ekki hægt að staðfesta að tjónið hafi orðið með þeim hætti sem M heldur fram.

Álit.

Í málskoti kemur fram hjá M að holurnar á Hverfisgötu í Reykjavík séu ekki nýtilkomnar og það viti allir. M var samkvæmt því að eigin söng ljóst, að Hverfisgatan gat verið varasöm vegna þess að holur voru á malbikinu í götunni áður en hann hóf akstur sinn. Fallast má á það með M að ástand malbiks á Hverfisgötu eru slæmt og gatan varasöm. Starfsfólk R ber að það hafi reynt að bregðast við eins og kostur var og sett varúðarskilti á götuna og verið þess meðvitað að gatan væri varasöm. Ekkert í gögnum málsins bendir til annars en þær staðhæfingar sem R setur fram hvað þetta varðar séu réttar. Þegar framangreint er virt og einnig að M hefur ekki sýnt fram á með hvaða hætti og hvernig olía lak af bifreiðinni en olíuleka varð vart skv. lögregluskýrslu nokkru áður en M ók ofan í holur á götunni, verður ekki á það fallist að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 19.4.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 70/2016
M og
vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar ökutækis

Kona datt á bifreið ágreiningur um bótaskyldu úr kaskótryggingu vegna tjóns 19.1.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4.3.2016
2. Bréf V dags. 18.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M segir að hurð á bíl hans hafi skemmst þegar kona sem átti leið að bílnum hafi runnið í hálfu og dottið utan í bílinn. M telur sig eiga rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V vegna þessa óhapps. V hafnar bótaskyldu og telur að atvikið falli ekki undir 4.gr. skilmála kaskó ökutækjatrýggingar félagsins. V segir að engin af þeim bótaaliðum sem séu í 4.gr. vátryggingarskilmálanna taki til þess þegar einstaklingur renni á kyrrstæða bifreið í hálfu með þeim afleiðingum að bifreið skemmist.

Álit.

Ekki er ágreiningur um málsatvik, en tjónið á bifreið M varð þegar kona rann í hálfu á hurð bifreiðar hans og beygla kom á hurðina. Ekki var um skemmdarverk að ræða heldur óhappatvik, sem er ekki bótaskyldt úr kaskótryggingu ökutækis M hjá V sbr. það gildissvið sem tilgreint er í vátryggingarskilmálum tryggingarinnar. M á því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu ökutækis síns hjá V.

Reykjavík 26.4.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 72/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er manni var bjargað úr brennandi bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 29.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 24. nóvember kviknaði í bifreið (A) eftir að hún hafði lent í árekstri við aðra bifreið á Hringveginum. M kom að slysinu og dró hann ökumanninn úr bifreiðinni. Kippti þá ökumaðurinn í hægri handlegg M með þeim afleiðingum að hann fékk slink á hægri öxl.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þeirra meiðsla sem hann hlaut við atvikið. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ber ábyrgð á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í tækinu eða ógætni ökumanns. Skv. 1. mgr. 89. gr. laganna ber skráður eða skráningarskyldur eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ábyrgð á því og er fíbótaskyldur skv. 88. gr.

Af gögnum málsins virðist mega ráða að ökumaður A hafi verið valdur að þeim árekstri sem var orsök þess að eldur kviknaði í bifreiðinni. Skaðabótaábyrgð annarra aðila hefur því ekki stofnast vegna þessa. Við það má miða að eldurinn í A hafi kviknað vegna notkunar hennar í skilningi ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Þá kann ökumaður A að eiga rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr slysatryggingu ökumanns skv. 92. gr. laganna. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að meiðsl M hlutust við það að ökumaður A kippti í handlegg hans þegar hann hugðist draga ökumanninn út úr bifreiðinni. Það atvik sem þannig varð þess valdandi að M varð fyrir meiðslum var það fjarlægt notkun bifreiðarinnar að ekki verður talið að skráður eigandi A, sem er annar en ökumaðurinn, beri á grundvelli 1. mgr. 88. gr. umferðarlaganna skaðabótaábyrgð gagnvart M. Af því leiðir að M getur ekki átt rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum út ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 26. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 73/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins Á.

Maður meiddist þegar hann stakk sér til sunds í sundlaug 13.7.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 23.3.2016.

Málsatvik.

M meiddist þegar hann stakk sér til sunds í sundlaug sem Á rekur. Í gögnum málsins kemur fram að M hafði tekið eftir skilti við norðurenda laugarinnar um að dýpi laugarinnar væri 1.2 metrar og dýfingar bannaðar. Taldi M að þarna væri grynri endi laugarinnar og gekk meðfram lauginni að suðurenda þar sem stökkbretti eru staðsett og taldi óhætt að stinga sér þar til sunds og skall harkalega með höfuðið í botn laugarinnar og slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu Á hjá V og segir að upplýsingar og myndir sem V byggir á séu í ósamræmi við myndir sem hafi verið teknar af aðstöðu við laugina þegar M varð fyrir slysinu. M vísar til 12. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og telur að Á hafi vanrækt þær skyldur sem þar er kveðið á um. M segir að skilti við laugarbarminn hafi ekki verið þannig að M gæti ályktað að varhugavert væri að stinga sér til sunds hvar sem væri í lauginni. Í lögregluskýrslu kemur fram að M segist ekki hafa skilið skiltin sem voru á íslensku um dýpt laugarinnar. V hafnar bótaskyldu og segir ekki sýnt fram á skaðabótaskyldu Á eða Á ekki uppfyllt skyldur sínar skv. ofangreindri reglugerð. V segir að skilti um bann við dýfingum og dýpt laugar blasi við sundgestum á leið frá búningsklefa eða heitum pottum ofan í laugina. Þá sé bannmerki við dýfingum teikning og skipti ekki máli hvaða tungumál fólk tali í því sambandi. Þá hafnar V því að aðstæðum við sundlaugina sé ábótavant.

Álit.

Við laugarbarm sundlaugarinnar eru skilti sem banna dýfingar. Auk þess er tekið fram hver dýpt hennar er. Skiltið sem vísar til banns við dýfingum er af einstaklingi sem er að stinga sér til sunds og yfirstrikað, sem vísar til banns við dýfingum. Fram kemur í málskoti að M sá skilti með banni við dýfingum, þar sem einnig er tekið fram hversu djúp laugin er, en tók þá ákvörðun engu að síður að stinga sér til sunds. Slysi M verður því ekki rakið til vanbúnaðar að ræða í sundlauginni varðandi varúðar- og/eða bannmerkingar við dýfingum. Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á að Á beri sök á slysi M eða einhver sem Á ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu Á hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Á hjá V.

Reykjavík 10.5.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 74/2016

**M og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

Árekstur á Kringlumýrarbraut í Reykjavík við gatnamót Háaleitisbrautar þann 3.1.2016.**Gögn.**

Málskot, mótttekið 8.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 1.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið norður Kringlumýrarbraut og beygt til vinstri áleiðis vestur Háaleitisbraut. Í sömu andrá var B ekið suður Kringlumýrarbraut áleiðis yfir gatnamótin. Varð þá árekstur með bifreiðunum þannig að framendi B rakst í hægri hlið A. Umferð um gatnamótin er stjórnað með umferðarljósum. Áreksturinn varð að nóttu til. Þá var myrkur en götulýsing sögð hafa verið góð. Snjóþekja var á yfirborði götunnar og hált. Eftir áreksturinn staðnæmdist A á Háaleitisbraut á miðri akbraut fyrir umferð til vesturs og snéri framendi hennar til norðausturs. B var staðsett á gatnamótunum á hægri akrein fyrir umferð suður Kringlumýrarbraut. Mikið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á bifreiðunum og voru báðar óökufærar.

Ökumaður A var ekki viss hversu hratt hann ók, en ekið varlega þar sem færð hafi ekki verið góð. Hann kvað grænt ljós hafa logað andspænis sér.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 50 km hraða á klst. Hann kvaðst hafa komið af Suðurlandsbraut og ekið hægt að gatnamótunum vegna þess að rautt ljós hafi logað á móti sér á gatnamótunum við Háaleitisbraut. Síðan hafi grænt ljós kviknað og þá hafi hann aðeins gefið í og farið áleiðis yfir gatnamótin. Þá hafi hann tekið eftir A og rekist á hana þegar hún var nánast komin inn á Háaleitisbraut.

Báðar bifreiðar eru leigubifreiðar. Einn farþegi var í A sem ekkert gat borið um málsatvik. Fjórir farþegar voru í B. Í tölvuskeytum til V báru vitnin, hvert fyrir sig, um það að B hafi verið ekið á móti grænu ljósi áleiðis yfir gatnamótin.

Álit.

Báðir ökumenn kváðust hafa ekið gegnt grænu ljósi. Fjögur vitni sem voru farþegar í B bera í sjálfstæðum skýrslum að B hafi verið ekið á móti grænu ljósi. Þótt vitnin hafi verið farþegar í B verður ekki talið að þau hafi tengst ökumanni B þannig að hægt sé að horfa fram hjá framburðum þeirra, en þau bera öll á einn veg. Samkvæmt því verður að telja nægilega sannað að A hafi verið ekið gegnt rauðu ljósi inn á gatnamótin. Verður öll sök því felld á ökumann A, en ekki eru efni til að leggja sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 10. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 75/2016**M og
váttryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og váttryggingafélagið V2
vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á þjóðvegi rétt norðan við Húsavík 22. mars 2015.****Gögn.**

Málskot, móttekið 9.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 21.3.2016.

Bréf V2, dags. 1.4.2016.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B, en þeim hafði verið ekið í sömu akstursstefnu frá Húsavík, í átt að Tjörnesi, skömmu fyrir atvikið. Bifreið A var ekið á undan og bifreið B á eftir og varð áreksturinn þegar bifreið A var ekið til vinstri til þess að snúa við til þess að aka aftur tilbaka inn í bæinn. Á bakhlið tjónstilkynningar M kemur fram að hann hafi verið að snúa við með stefnumerki til vinstri þegar árekstur varð en í framburðarskýrslu hans hjá lögreglu kveðst hann hafa verið komin alveg yfir á vinstri akrein og tilgreinir að ökumaður B hafi ekið allt of nálægt sér og verið með hund í bifreið sinni. Ökumaður bifreiðar B segir í skýrslu sinni að bifreið A hafi verið ekið á undan honum og ekið út í hægri kant áður en henni var ekið í U-beygju til vinstri og í veg fyrir bifreið B.

V1 telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt nægilegrar varúðar við framúrakstur og hafi auk þess ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða í skilningi 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og eigi því að bera alla sök á árekstrinum.

V2 telur hins vegar að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi ekki gætt nægrar varúðar við akstur til hliðar. V2 vísar til framburðar M í frumskýrslu þar sem hann viðurkennir að hafa ekið í útskot á veginum áður en hann tók U-beygju. Einnig vísar V2 til þess að M hafi ekki ekið í samræmi við 1. og 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga, né heldur 3. mgr. 25. gr. og 3. mgr. 15. gr. sömu laga varðandi það að gæta að annarri umferð þegar ekið er til hliðar, veita umferð um veg forgang þegar ekið er frá útskoti eða að taka vinstri beygju vinstra megin á akbraut.

Álit.

Þegar ökumenn aka til hliðar á vegi, á sama hátt og M gerði í greint sinn, verður að líta til háttarnisreglna umferðarlaga, sérstaklega 2. mgr. 17. gr. þeirra, sem segir að sá sem ekur til hliðar á akbraut skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Einnig verður að líta til ákvæða 15., sbr. 16. gr. sömu laga um að sá ökumaður sem ætlar að aka yfir akbraut verði að gefa sérstaklega gaum umferð sem á eftir honum kemur. M ók á undan bifreið B og bar, við vinstri beygju yfir akbrautina í þeim tilgangi að snúa við, að gæta sérstaklega að því að það væri hægt án óþæginda fyrir umferð sem á eftir kom. Af gögnum málsins verður ekki séð að hann hafi gætt þess nægilega vel og verður því öll sök lögð á hann sem ökumann bifreiðar A. Ekki þykir sannað að ökumaður bifreiðar B hafi verið með of stutt bil milli bifreiðanna í skilningi 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga og ber hann því ekki sök.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 26. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 76/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðaverkstæðisins B

Maður rann í hálfu fyrir utan bifreiðaverkstæði og slasaðist þ. 10.3.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.9.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 30.3.2016.

Málsatvik.

M var sendur af vinnuveitanda sínum með bifreið til viðgerðar hjá B. M segir að umræddan dag hafi verið kalt í veðri og snjór hafi verið yfir öllu. Eftir að M hafði skilað bifreiðinni af sér hugðist hann ganga út og rann á hálkubletti fyrir utan inngang verkstæðisins og slasaðist. M segir að planið þar fyrir framan hafi hvorki verið saltað né sandað til að koma í veg fyrir hálfu. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V og segir aðstæður fyrir utan bifreiðaverkstæðið hafi verið óforsvaranlegar vegna hálfu fyrir utan B. V hafnar bótaskyldu og segir rangt og ósannað að aðstæður fyrir utan bifreiðaverkstæði B hafi verið óforsvaranlegar og af myndum af slyssað verði ekki ráðið að sérstaklega hált hafi verið á planinu. Þá segir V að ekki sé ætlast til að viðskiptavinir séu á gangi fyrir framan umferðardyr bifreiða inn á verkstæði B en aðrar dyr séu fyrir inngöngu í móttöku verkstæðisins og sé ætlast til þess að viðskiptavinir noti þær dyr. V segir að M starfi í næsta húsi við verkstæði B og hafi verið á leið þangað og því valið þann kost að stytta sér leið með því að ganga um umferðardyr verkstæðis B. V byggir á því að slysi M verði ekki rakið til atriða sem B beri skaðabótaábyrgð á og fullnægjandi sönnun fyrir því hafi ekki verið færð fram.

Álit.

Þegar slysið varð var snjór yfir öllu svæðinu við umferðardyr verkstæðis B og því ljóst að gæta þurfti varúðar við að fara fótgangandi um svæðið. Ekki hefur verið sýnt fram á að B hafi vanrækt skyldur sínar varðandi umbúnað og öryggi á svæðinu eða aðstæður hafi verið með þeim hætti að B eða starfsfólki B hafi borið skylda til að gera sérstakar ráðstafanir á athafnasvæði B. Ekki liggur því fyrir sönnun þess að slysi M verði rakið til atriða sem B eða starfsfólk B bera ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 26.4.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 77/2016**M og
váttryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og váttryggingafélagið V2
vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á bifreiðastæði við Dalveg í Kópavogi 18. febrúar 2016.****Gögn.**

Málskot, móttækið 10.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 4.4.2016 ásamt gögnum.

Bréf V2, dags. 4.4.2016, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu vegna áreksturs má sjá að árekstur var með bifreiðum A og B þannig að vinstri framhorn bifreiðanna lentu saman. Ökumaður bifreiðar A segist hafa verið nýbúin að aka aftur á bak úr bifreiðastæði þegar bifreið B hafi komið á miklum hraða og ekið á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B segir hins vegar að ökumaður bifreiðar A hafi ekið öfugu megin á akstursleið bifreiðastæðisins og hún hafi reynt að beygja frá án árangurs áður en árekstur varð. Í skýrslunni er síðan haft eftir vitni að bifreið B hafi verið ekið á mikilli ferð um bifreiðastæðið og hafi ökumaður verið að kveikja í sígarettu rétt áður en árekstur varð.

M telur að áreksturinn megi rekja til þess ökumadur bifreiðar B hafi ekki veitt ökumanni bifreiðar A forgang frá hægri, eins og honum hafi borið að gera skv. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 auk þess sem bifreið B hafi verið ekið yfir merкта stöðureiti á bifreiðastæðinu. Einnig vísar M á bug að bifreið A hafi verið ekið öfugu megin á akstursleið um bifreiðastæðið og vísar um það til mynda af vettvangi. Af hálfu V1 eru þessi sjónarmið M ítrekuð og einnig lögð áhersla á að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt m.v. aðstæður skv. framburði vitnis.

V2 telur að ósannað sé að bifreið B hafi verið ekið of hratt m.v. aðstæður auk þess sem bifreið A hafi verið ekið gegn merktri akstursleið bifreiðastæðis á meðan ökumaður bifreiðar B hafi ekið eftir merktri slíkri leið. V2 vísar á bug ásökunum í málskoti um að ökumaður bifreiðar B hefði ekið yfir merкта stöðureiti, þar sem það fái ekki stoð í gögnum málsins.

Álit.

Við þær aðstæður sem árekstur varð, þar sem ekki er um hefðbundna merкта akbraut er að ræða, ber ökumönnum að sýna sérstaka aðgát og sýna hvor öðrum tillitsemi þegar þeir mæta öðrum ökutækjum, sbr. 4. og 19. gr. umferðarlaga. Í gögnum málsins má sjá að því er haldið fram að báðir ökumenn hafi ekið gegn þeim akstursleiðum sem þeim bara að aka um bifreiðastæðið. Þau gögn sýna hins vegar ekki með skýrum hætti með hvaða hætti hvor um sig gerði það og telst það því ósannað. Þegar hins vegar litið er til myndar af stöðu bifreiðanna eftir áreksturinn má hins vegar sjá að ökumaður bifreiðar A hefði getað ekið þeirri bifreið lengra til hægri á bifreiðastæðinu og þannig gætt meiri aðgátar. Þegar litið er til vitnisburðar verður einnig talið sannað að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt m.v. aðstæður. Miðað við umrædd gögn teljast báðir ökumenn bera sök á árekstrinum og þykir ekki unnt að leggja meiri sök á annan en hinn og skiptist hún til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 10. maí 2016.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 78/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. sjúklingatryggingar L-1
vátryggingafélagið V-2 v. sjúklingatryggingar L-2.

Ágreiningur um uppgjör bóta úr sjúklingatryggingu vegna tjónsatviks 31.10.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-23
2. Bréf V-1 dags. 3.4.2016
3. Bréf V-2 dags. 4.4.2016

Málsatvik.

M fór í krossbandsaðgerð á vinstra hné 31.10.2007 og krafðist bóta úr sjúklingatryggingu. Vátryggingafélögin sem aðild eiga að þessu máli samþykktu að standa að mati á því tjóni sem M hefði orðið fyrir við aðgerðina og afleiðingum þess. Matsgerð matsmanna er dagsett þ. 14.12.2015 og greiddu V-1 og V-2 bótakröfu í samræmi við niðurstöðu matsgerðarinnar. Lögmenn M gerðu síðan kröfu um að M fengi greiddan útlagðan kostnað og samþykktu vátryggingafélögin að greiða fyrir örorkumatið og útlagðan kostnað M vegna örorkumats þ.m.t. flugferðir til og frá Íslandi. Félögin féllust hins vegar ekki á að greiða annan útlagðan kostnað M og telja hluta hans fyrndan og hluti kostnaðarins þ.e. aðgerðir vegna lærvöðvaáverka, sem kom fram árið 2009 sé ekki afleiðing sjúklingatryggingaratburðarins. V-1 og V-2 segja ágreining í málinu varða annars vegar fjárhæðir bóta fyrir lögmanskostnað og vísa til 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum og telja að sá ágreiningur verði ekki borin undir nefndina nema með samþykki félaganna. Í öðru lagi áréttu bæði félögin að ágreiningur um greiðslu útlagðs kostnaðar vegna viðgerða á lærvöðva, telji þau ekki afleiðingar af sjúklingatryggingaratburðinum þ. 31.10.2007 sbr. matsgerð þá sem vísað er til hér að framan. Þá vísa félögin til 19. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingar þar sem kveðið er á um að kröfur skv. sjúklingatryggingu fyrnist á 4 árum og því ljóst að kostnaðurinn sem ágreiningur er um sé fyrndur. M segir að athugasemdir varðandi lögmansþóknun eigi ekki við þar sem að örorkumatsfundir hafi verið tveir með meira en árs millibili auk geðmats. Rétt sé því að greiða kostnað vegna a.m.k. tveggja matsferla og krafa hans sé á því byggð að M fái greitt fyrir bæði ferlin.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um greiðslu kostnaðar vegna bótaskylds atburðar í sjúklingatryggingu sem bæði vátryggingafélög, V-1 og V-2, hafa greitt bætur vegna. Annars vegar er ágreiningur um fjárhæð lögmansþóknunar og hins vegar um greiðslu sjúkrakostnaðar vegna aðgerða sem M gekkst undir eftir hinn bótaskylda atburð.

Í 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005, kemur eftirfarandi fram um starfssvið nefndarinnar:

„Nefndin úrskurðar um ágreining varðandi bótaskylda, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Nefndin úrskurðar um bótaffárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila.“

Í þessu máli er ágreiningur um greiðslu kostnaðar M vegna málsins. Verður ekki hjá því komist að líta svo á að ágreiningur um greiðslu hans sé fyrst og fremst ágreiningur um bótafjárhæð, en í váttryggingafélögin hafa greitt bætur að hluta vegna lögmannskostnaðar og ætla má að þau hafi einnig greitt sjúkrakostnað að hluta. Krafa M um frekari greiðslu kostnaðar er því ágreiningur um fjárhæð bóta og þarf því, með vísan til fyrrnefndrar 3. gr., sérstakt samþykki váttryggingafélaga sem eiga í hlut, ef úrskurðarnefnd í váttryggingamálum á að fjalla um slíkan ágreining. Í gögnum málsins kemur fram að hvorugt váttryggingafélaganna gefur slíkt samþykki. Verður því ekki hjá því komist að vísa málinu frá og ekki fjallað frekar um það efnislega.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá með vísan til 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005.

Reykjavík 3.5.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 79/2016**M og
váttryggingafélagið V1 vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar A og váttryggingafélagið V2
vegna ábyrgðartryggingar X.****Tjón á bifreið vegna falls grýlukertis/isklumps af þaki húss 15. desember 2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 4.3.2016, ásamt tölvupóstsamskiptum við X.

Bréf V1, dags. 17.3.2016 ásamt úrskurðum í málum nr. 51 og 80/2008.

Tölvupóstur M, dags. 20.4.2016.

Málsatvik.

Grýlukerti/isklumpur féll af þaki húsnæðis X á bifreið M, hvar hún stóð mannlauð og kyrrstæð á skilgreindu bifreiðastæði við húsið. Tjón varð á bifreiðinni og ekki er ágreiningur um að það hafi orðið með þessum hætti.

M telur að það eigi að bæta tjónið úr kaskótryggingu hennar sjálftrar auk þess sem hún telur að H, sem húseigandi, beri ábyrgð á tjóni sem verður við hans eign. M vísar m.a. til þess að það hafi öllum verið ljósar veðuraðstæður á þessum tíma auk þess sem klakahröngl hafi verið í kringum bifreið hennar á bifreiðastæðinu við H og full ástæða til að bregðast við þeim.

V1 telur að gildissvið kaskótryggingar taki ekki til tjóns sem þessa og vísar til gr. 4 í váttryggingarskilmálum, þar sem tjónsatvik sem váttryggingin tekur til eru talin upp. Ekkert af þeim ná til þeirra atvika sem leiddu til tjóns á bifreið M þegar ís fellur á hana.

V2 vísar til skilmála ábyrgðartryggingar sem segja að bætur greiðist á grundvelli skaðabótaábyrgðar váttryggingartaka. Ekki gildi hlutlæg ábyrgð húseiganda á öllu tjóni sem verður við húseign hans heldur verði að sýna fram á að hann hafi sýnt af sér a.m.k. gáleysi við þær aðstæður sem uppi voru. Þegar litið sé til upplýsinga frá H verði hins vegar ekki talið sýnt að starfsmenn hafi vitað af umræddri hættu og hafi átt að bregðast öðruvísi við en þeir gerðu. V2 telur ekkert komið fram um að starfsmenn H hafi vanrækt skyldu sína við þær aðstæður sem voru uppi þennan dag.

Álit.

Í fyrsta lagi er ágreiningur um hvort tjón á bifreið M falli undir gildissvið kaskótryggingar hennar hjá V1. Um þá tryggingu gilda váttryggingarskilmálar þar sem gildissvið hennar er tilgreint í 4. gr. Í þeirri grein eru ekki tilgreind sambærileg atvik og leiddu til tjóns M. Telst því tjónið falla utan gildissviðs tryggingarinnar.

Hvað varðar skaðabótaábyrgð H og mögulega greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu hjá V2 verður að líta til þess hvort nægar ráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu H vegna veðuraðstæðna og hvort hætta af hrúni á ís eða snjó hafi verið ljós. Með hliðsjón af almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar ber M sönnunarbyrði fyrir því að tjónið sé hægt að rekja til aðstæðna sem H ber ábyrgð á. Í málinu liggur fyrir yfirlýsing frá H um að gerðar hafi verið ráðstafanir vegna veðurs með því að moka snjó af svölum en starfsfólk H hafi ekki vitað að klaki hefði myndast á þakinu þennan dag, auk þess sem ekki sé vitað að atvik sem þessi hafi orðið áður. Þó umhleypingasamt hafi verið í desembermánuði 2015 verður ekki litið framhjá því að það er M að sýna fram á að aðstæður hafi verið með þeim hætti að H hafi borið að gera sérstakar ráðstafanir, umfram það sem gert var, til þess t.d. að forða hættu á því að ís eða snjór félli af þaki húss H. Í málinu liggur ekkert staðfest fyrir um það að veðuraðstæður hafi verið með þeim hætti, viðvaranir eða aðrar þær

aðstæður sem sýna ákveðið fram á að verklag starfsmanna H hafi verið gáleysislegt. Verður því ekki fallist á skaðabótaábyrgð H á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fyrir nefndina.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V1. M á heldur ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V2.

Reykjavík, 3. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 80/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar eiganda hests.****Ágreiningur um bótaskyldu er skemmdir urðu á bifreið við að hestur skall á henni.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 6.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Um aðild málsins.

Í málskoti eru málskotsaðilar sagðir vera tveir, M eigandi bifreiðarinnar A, svo og nafngreind kona sem ók A þegar atvik gerðust sem mál þetta snýst um, en hún varð fyrir líkamstjóni við atvikið. M og konan hafa ekki uppi sömu kröfur á hendur V vegna málsins. Ekki eru skilyrði til að þau leggi ágreining sinn fyrir nefndina í einu og sama málskoti. Í úrskurði þessum verður tekinn til úrlausnar ágreiningur M við V, en ekki verður vikið frekar að ágreiningi konunnar við félagið.

Málsatvik.

Seinni hluta dags 1. október 2015 var A ekið til vesturs eftir Eyrarbakkegi ofan við byggðina á Eyrarbakka í Árborg. Stökk þá hestur framundan jeppabifreið (B) með áfastri hestakerru, sem hafði verið lagt í vegkantinum að norðanverðu við afleggjara sem liggur m.a. að hestagerði sem þar er. Lenti hesturinn á framanverðri hægri hlið A. Nokkrar skemmdir urðu á A og hesturinn varð fyrir meiðslum og var hann aflifaður í kjölfarið. Hesturinn var í eigu D sem nýtur váttryggingarverndar samkvæmt ábyrgðartryggingu hjá V vegna atviksins. Hámarkshraði á Eyrarbakkegi er 90 km á klst. Í samþykktum fyrir búfjárhald í Árborg segir að lausaganga búfjár sé bönnuð í sveitarfélaginu og er búfjáreigendum skylt að halda búfénaði sínum á afgirtum svæðum.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 80-90 km hraða á klst. og séð B í vegkantinum. Hún hafi hægt örlítið á ferð og beygt yfir á vinstri vegarhelming og ætlað fram hjá B. Þegar hún hafi verið komin rétt fram fyrir B hafi hesturinn hlaupið á A.

D kvaðst hafa orðið vitni að því þegar ekið var á hrossið. Hann kvaðst hafa verið að temja hestinn í gerði sem er staðsett innan girðingar skammt frá veginum. Hafi hrossið sloppið út úr gerðinu, stökkið yfir ristarhlið sem var á girðingunni og þaðan upp á veg þar sem ekið var á það. Kvað D að hraði A hafi verið mikill og umfram leyfilegan hámarkshraða. Hann hafi verið með B á veginum með blikkandi ljós til viðvörunar fyrir aðra ökumenn sem öku um svæðið.

M hefur krafist bóta vegna skemmda sem urðu á A úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu þar sem ekki verði ráðið að tjónið megi rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi D eða annarra atvika sem hann ber ábyrgð.

Álit.

Eins og áður greinir er lausaganga búfjár bönnuð í sveitarfélaginu. Ekki verður annað ráðið en lausaganga hrossa falli undir bannákvæði þetta. Af frásögn D verður ekki annað ráðið en atburðarásin hafi verið samfelld frá því hrossið losnaði úr gerðinu uns það hljóp út á veginn og lenti á framhlið A. D var að temja umrætt hross. Ekki hafa komið fram neinar skýringar á því hvernig það atvikaðist nákvæmlega að hrossið slapp út úr gerðinu. Með tilliti til þess lausagöngubanns sem þarna gildi hefur D sönnunarbyrði um það að gerðið, sem hann notaði meðan á tamningu hestsins stóð, hafi verið nægilega öruggt. Slík sönnun liggur ekki fyrir í málinu. Engin haldbær skýring hefur heldur komið fram um ástæðu þess að D taldi þörf á að hafa viðvörunarljós kveikt á B öðrum vegfarendum til viðvörunar ef allt var með felldu við tamningu hestsins í gerðinu. Að öllu virtu, og eins og mál þetta liggur fyrir, verður að telja að tjón sem varð á A umrætt sinn verði rakið til þess að D hafði ekki nægar vörslur á hestinum innan girðingarinnar svo koma mætti í veg fyrir að hann slyppi laus út á veginn eins og raunin varð. Telst D því eiga sök á óhappinu. Ekki verður ráðið að óhappið megi rekja til þess að A hafi verið ekið of hratt eða ökumaðurinn hafi að öðru leyti hagað akstri sínum svo

að hann verði að einhverju leyti talinn vera ábyrgur fyrir því hvernig fór. Samkvæmt þessu á M rétt á að fá tjón sitt bætt að fullu úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á óskoraðan bótarétt úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík, 26. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 81/2016**M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og TY 507 B.****Árekstur í Breiðholtsbraut 11. febrúar 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 17.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur V dags. 4.4.2016.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að árekstur varð með bifreiðunum A og B á Breiðholtsbraut. Ekki er ljóst af gögnum málsins nákvæmlega hvar árekstur varð en haft er eftir ökumanni bifreiðar A að hann hafi ekið inn á Breiðholtsbraut af Dalvegi og kveðst hann hafa verið á vinstri akrein þegar bifreið B hafi verið ekið í hliðina á honum. Ökumaður bifreiðar B segir að bifreið A hafi verið ekið af hægri akrein yfir á þá vinstri þar sem bifreið B var ekið.

M, sem ökumaður bifreiðar A, telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem hann hafi ekið utan í bifreið A. M bendir á að hann hafi verið staðsettur á vinstri akrein og ökumaður bifreiðar B hafi verið að tala í síma þegar árekstur varð.

V gerir engar athugasemdir vegna málskotsins.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að bifreið A var ekið af Dalvegi inn á Breiðholtsbraut frá hægri og áleiðis inn á vinstri akrein Breiðholtsbrautar þegar árekstur varð við bifreið B. Biðskylda er af Dalvegi inn á Breiðholtsbraut og bar því ökumanni bifreiðar A að veita umferð um Breiðholtsbraut forgang skv. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Honum bar einnig að gæta varúðar þegar hann skipti um akrein, sbr. 2. mgr. 17. gr. sömu laga. Þegar litið er til gagna málsins verður að ætla að árekstur hafi orðið í beinu framhaldi af þessum akstri ökumanns A og ber hann því sök á árekstrinum. Ber hann einnig sönnunarbyrði fyrir því að aksturslag ökumanns bifreiðar B hafi verið með þeim hætti að hann beri einnig sök á árekstrinum. Engin staðfesting er í gögnum málsins á því að ökumaður bifreiðar B hafi einnig verið að skipta um akrein eða að hann hafi ekið gáleysislega. Verður því öll sök lögð á ökumann bifreiðar A (M).

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 10. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 82/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á einbreiðri brú 25.10.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 10.11.2015
3. Bréf V-2 dags. 29.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Árekstur varð á einbreiðri brú yfir Köldukvísl í Tjörneshreppi. Í lögregluskýrslu kemur fram að aðkoman að brúnni sé vel merkt beggja megin brúarinnar og brúin sé 85 metra löng. Einnig kemur fram að áreksturinn hafi orðið 7.5 metrum innan við vesturenda brúarinnar. Ökumaður A segist hafa séð til ferða B sem kom á móti honum og áttað sig á að þeir yrðu nokkuð jafnir inn á brúna og hafi hann því komið A tímanlega fyrir á miðjum veginum til að gefa í skyn að hann ætlaði að aka A yfir brúna, en þegar hann sá B koma inn á brúna hafi hann bremsað og við það snérist A og B lent á vinstri afturhurð A og síðan á brúnni. A segist hafa ekið á um 85 km. hraða. Ökumaður B segist hafa ekið á 60-70 km. hraða og hafi séð B en ekki vitað hvaða reglur giltu um svona aðstæður og taldi sig komast yfir á undan. Vitni að árekstrinum sem ók á eftir B segist hafa séð þegar A kom á móti þeim og hafi hann hægt á ferð sinni og vikið út í vegkantinn og hafi reiknað með að ökumaður B mundi gera það sama en hann hafi þess í stað ekið áfram inn á brúna.

Álit.

Báðir ökumenn bera að þeir hafi séð til hvors annars í aðdraganda árekstursins og bar því að haga akstri sínum í samræmi við ákvæði 19. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem kveðið er á um að við aðstæður eins og þær, sem hér ræðir um, beri að aka varlega og sýna öðrum vegfarendum tillitsemi og nema staðar ef nauðsyn ber til. Hvorugur ökumanna gætti þessa og bera þeir báðir sök á árekstrinum. Til þess verður þó að líta við mat á sök hvors um sig að ökumaður bifreiðar B var kominn mun lengra inn á brúna en A þegar árekstur varð. Þó ökumaður bifreiðar A hafi gefið þær skýringar að hann hafi hemlað og þess vegna verið kominn skammt inn á brúna þegar árekstur varð, verður ekki litið framhjá því að áreksturinn varð þar sem ökumaður bifreiðar B hafði ekið rúmlega 70 metra inn á brúna. Telst ökumaður bifreiðar A því bera meiri sök en ökumaður bifreiðar B og þykir því rétt að skipta sök þannig að ökumaður bifreiðar A beri 2/3 sakar og ökumaður bifreiðar B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber 2/3 sakar og ökumaður bifreiðar B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 10.5.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 83/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar veghaldara.****Ágreiningur um bótaskyldu er dekk á bifreið skemmdist er henni var ekið í holu á vegi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 17.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis 12. mars 2016 var bifreið M ekið ofan í holu í malbiki á Víkurvegi í Reykjavík, en við það eyðilagðist hægra framdekk bifreiðarinnar. M kveður starfsmenn bensínstöðvar N1, sem er í næsta nágrenni við tjónsstaðinn, hafa kvartað við A sem veghaldara vegna hola í akbrautinni á Víkurvegi. Ekki er kannast við það af hálfu A að slíkar kvartanir hafi borist.

M hefur krafist þess að fá tjón sem varð á bifreið hans bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari byrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Enn fremur segir í 2. mgr. sömu gr. að veghaldari skuli svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni.

Eins og mál þetta liggur fyrir eru engin gögn sem staðreyna að búíð hafi verið að kvarta við A áður en óhappið varð þannig að stofnast hafi til athafnaskyldu A skv. 2. mgr. 43. gr. vegalaga. Með því er og ósannað að tjón M verði rakið til gáleysis A við veghaldið. Þegar af þeirri ástæðu eru ekki skilyrði til fella bótaskyldu á A skv. 56. gr. laganna. M getur því ekki krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 84/2016
M og
vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur við Dalveg í Kópavogi þann 3. desember 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18. mars 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 4. apríl 2016 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B við Dalveg í Kópavogi þann 3. desember 2015. M, sem var ökumaður bifreiðar A, kveðst hafa ekið suður Dalveg í umrætt sinn. Tók hann vinstri beygju inn að Dalvegi 16 en ekki vildi betur til og ók bifreið B aftan á bifreið A, hægra megin. Fannst M ökumaður B aka hratt í umrætt sinn, en mjög mikil snjókoma mun hafa verið þegar áreksturinn varð. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið að aka norður Dalveg þegar bifreið A hafi verið ekið í veg fyrir bifreiðina. Hann hafi ekki náð að stöðva bifreiðina sökum mikillar hálfu.

Í niðurstöðu rannsóknarfulltrúa Aðstoðar og Öryggis kemur fram að miðað við framburð beggja ökumanna þyki ljóst að áreksturinn hafi orðið með þeim hætti að bifreið A hafi verið ekið í veg fyrir bifreið B.

Álit.

Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að bifreið B hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður eða ekki sýnt af sér næga aðgæslu við aksturinn. Þegar tekið er mið af öllum gögnum málsins þykir nægilega sannað að bifreið A hafi verið ekið í veg fyrir bifreið B með þeim afleiðingum að árekstur varð. Þegar ökumaður ætlar að beygja á vegamótum, ber honum að veita forgang þeirri umferð, sem á móti kemur, sbr. 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Það virðist bifreið A ekki hafa gert og ber því ábyrgð á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 85/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X og
ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.****Árekstur á Miklubraut 9. desember 2014.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18.3.2016, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 22.3.2016 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B þegar þær lentu saman á Miklubraut með þeim hætti að bifreið A var ekið til vinstri utan í bifreið B, sem þannig lendi utan í grindverki sem aðskilur akreinar á götunni. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið með þessum hætti vegna veghefils sem hafi skyndilega ekið af frárein inn á Miklubrautina þvera, í veg fyrir bifreið A og hafi hann reynt að forða árekstri við veghefilinn með aksturslagi sínu. Ökumaður bifreiðar B ber þannig að hann hafi ekið um Miklubraut og bifreið A hafi verið ekið frá akrein hægra megin á bifreið B með sömu afleiðingum og ökumaður bifreiðar A lýsir. Í skýrslu stjórnanda veghefilsins kemur fram að hann hafi verið við vinnu við Miklubraut og hafi þurft að aka inn á götuna til að snúa við. Hann hafi verið kyrrstæður í nokkra stund þegar bifreiðar hafi nálgast á nokkurri ferð eftir Miklubraut og það hafi síðan orðið árekstur með tveimur bifreiðum. Ökumaður veghefilsins segir einnig að gul blikkandi viðvörðunarljós hafi verið notuð við vinnu hans í greint sinn svo vegfarendur gætu brugðist við. Í gögnum málsins er einnig að finna framburð vitnis sem var við akstur um Miklubraut á sama tíma. Í þeim framburði kemur fram að vitnið hafi ekið á eftir bifreiðum sem hafi nauðhemlað þegar veghefill hafi þverað Miklubraut.

V telur að það megi rekja árekstur bifreiðanna A og B til þess að ökumaður veghefilsins hafi ekið í veg fyrir bifreiðarnar inn á Miklubraut og þannig sýnt gáleysi við aksturinn. Bætur hafa verið greiddar úr ábyrgðartryggingu X hjá V og hefur V krafist X um greiðslu sjálfsábyrgðar vegna tjónagreiðslanna.

M telur að tjónið á bifreiðum A og B verði fyrst og fremst rakið til þess að sjálfir öikumenn bifreiðanna hafi sýnt gáleysi við aksturinn. M vísar til þess að veghefillinn hafi verið öllum öikumönnum um Miklubraut sýnilegur í ljósi stærðar hans, viðvörðunarljósa sem hafi verið blikkandi. Veghefillinn hafi ekki getað birst skyndilega í ljósi stærðar hans auk þess sem M telur að framburður vitnis í málinu sé ekki áreiðanlegur.

Álit.

Þegar litið er til þess sem kemur fram í gögnum málsins um akstur bifreiðanna A og B sem og akstur veghefilsins verður ekki annað lagt til grundvallar en að vegheflinum hafi verið ekið út á Miklubraut í sömu mund og árekstur varð með bifreiðum A og B. Öikumönnum farartækja, bifreiðum og vinnuvélum, ber að haga akstri eftir umferðarlögum nr. 50/1987. Í 3. mgr. 25. gr. þeirra kemur fram að þeir sem aka út á veg af bifreiðastæði, lóð landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði eða af götuslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða svipuðum vegi eða af gangstétt eða vegaröxl skuli veita umferð um vegin forgang. Verða aðstæður við og á Miklubraut ekki túlkaðar með öðrum hætti en að þeir sem aka inn á akbraut Miklubrautar verði að veita umferð um hana forgang. Í þessu máli verður því ekki litið öðruvísi á en að stjórnandi veghefilsins hafi átt að veita bifreiðunum A og B forgang við akstur um Miklubraut og verður ekki litið svo á að blikkandi viðvörðunarljós á vegheflinum breyti þeim forgangi og telst tjónið sem um ræðir að öllu leyti rakið til þess að forgangur var ekki virtur. Ekki hafa komið fram í málinu gögn sem sýna að öikumenn bifreiðanna A og B hafi sýnt gáleysi við aksturinn þannig að þeir beri sök á árekstrinum. Verður tjón á bifreiðunum A og B því rakið til skaðabótaábyrgðar X og staðfestist

Því greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V skv. váttryggingarsamningi. Ekki hefur annað komið fram en að í þeim samningi hafi verið ákvæði um sjálfsábyrgð X sem V á þá rétt á að krefjast greiðslu á.

Niðurstaða.

Bætur vegna tjóns á bifreiðunum A og B greiðast úr ábyrgðartryggingu X hjá V og V er heimilt að krefjast greiðslu sjálfsábyrgðar skv. váttryggingarsamningi.

Reykjavík, 10. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 86/2016
M og
vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar

Tjón vegna raka sem kom fram í baðherbergi 1.2.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 31.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M segir að grunur hafi komið upp um myglusvepp í íbúð í hans. Við athugun kom í ljós raki í svefnherbergi við hlið baðherbergis og við gólf upp við baðkar. Til að ganga úr skugga um hvað væri að ákvað M að rífa flísalögn á baði og segir að hvergi hafi verið bleytu að sjá nema fyrir neðan blöndunartæki og aðeins upp frá þeim. M segir að mikil bleyta hafi komið í ljós undir baði og þegar vatni var hleypt á aftur hafi lögnin sprungið og í ljós hafi komið að rörið hefði tærst. M krefst bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V og telur að lekinn og tjónið sé bótaskyldt úr fasteignatryggingu M hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir ágreining um hvort M hafi orðið fyrir tjóni vegna leka úr lögnum íbúðar og hvort hið meinta tjón falli undir skilmála fasteignatryggingar M hjá V. Í því sambandi vísar V til 1. gr. og 8. gr. vátryggingaskilmála og telur ljóst að M eigi ekki rétt á bótum. Þá segir V að þó svo að lagnir hafi lekið þá falli það ekki undir ákvæði 1.gr. vátryggingaskilmála þar sem lekinn sé vegna ónógs frágangs á baðherbergi. Þá vísar V til þess að búið hafi verið að fjarlægja flisar af baðherbergi og því ómögulegt að meta hvort þær hafi skemmt eða M orðið fyrir tjóni.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum þá var raki í baðherbergi í íbúð M. Eftir því sem næst verður komist stafar rakinn frá blöndunartækjum vegna ófullnægjandi frágangs. Í 1. gr. vátryggingaskilmála fasteignatryggingar M hjá V segir m.a. að vátryggingin bæti skemmdir á vátryggðri fasteign sem stafar af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum íbúðar. Í því tilvik sem hér um ræðir var ekki um skyndilegan leka að ræða úr vatnsleiðslum og því ekki þegar af þeirri ástæðu um bótaskyldu að ræða af hálfu V vegna þess leka sem kom fram og M lýsir í málskoti sínu að hafi verið fyrir hendi og komið í ljós þegar viðgerð og/eða endurbætur á baðherbergi í íbúð hans voru byrjaðar. M á því ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 10.5.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 87/2016
M og
vátryggingafélagið V v. líftryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu úr líftryggingu vegna andláts 6. nóvember 2013.
Upplýsingaskylda vátryggingartaka.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 15.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

A tók líftryggingu hjá V 27.11.1996 en hún lést 6.11.2013. Dánarorsökin var öndunarbílun vegna lungnabólgu og undirrót þess ástands er sjúkdómurinn “Myotonia dystrophica”, sem er sagður hægvirkur vöðvavisnunarsjúkdómur og sjúkdómseinkennin fjölbreytileg. Fram kemur í málskoti að framangreindur sjúkdómur hafi greinst haustið 1994, en þá hafi sjúkdómseinkennin verið afar væg.

Af hálfu M kemur fram að heilsufar vátryggingartakans A hafi verið gott þegar hún sótti um líftrygginguna hjá V. M krefjast bóta úr líftryggingu vátryggingartaka og vísa m.a. til 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og þess að vátryggingarfélag losni ekki úr ábyrgð þó upplýsingagjöf sé ekki fullnægjandi, eins og hafi verið í umræddu tilviki, nema það sé gert vísitandi og um svik sé að ræða. Í tilviki vátryggingartaka hafi ekki verið um það að ræða og iðgjöld af tryggingunni hafi verið greidd samviskusamlega í 17 ár í þeirri trú að vátryggingin væri gild. Þá er sagt að vátryggingartaki hafi mátt vera í góðri trú um að V mundi afla allra upplýsinga sem það kysi. Þá er vísað til 85. gr. laga um vátryggingarsamninga af hálfu M. M gerir kröfu til þess að fá endurgreidd iðgjöld af tryggingunni verði ekki fallist á bótaskyldu enda verði þá tryggingin ógild frá upphafi.

V hafnar bótaskyldu og byggir á því að vátryggingartakinn A hafi vísitandi og með sviksamlegum hætti gefið rangar upplýsingar um heilsufar í umsókn um líftryggingu og ábyrgð V sé því af þeim sökum fallin niður. V vísar til þess að vátryggingartaki hafi greinst með ofangreindan sjúkdóm á árinu 1992 í kjölfar þess að sami sjúkdómur hafi þá greinst hjá dætrum hennar. V bendir á að vátryggingartaki hafi verið um það spurð við töku tryggingarinnar hvort hún hafi legið á sjúkrahúsi eða heilsuhæli vegna sjúkdóms, uppskurðar eða rannsóknar og þeirri spurning hafi vátryggingartaki svarað neitandi. Þá hafi vátryggingartaki einnig verið spurð um það hvort hún haft aðra (en þá sem sérstaklega var spurt um) sjúkdóma líkamlega eða andlega og þeirri spurning hafi hún líka svarað neitandi. Loks bendir V á að vátryggingartaki hafi við töku tryggingarinnar sagst hafa verið á umsóknardegi og tveimur næstliðnum árum fyrir umsóknardag fullkomlega heilsuhraust og vinnufær. V segir að umsókn vátryggingartaka hefði verið hafnað hefði hún gefið réttar upplýsingar um að hún væri haldin ofangreindum sjúkdómi við töku tryggingarinnar. V telur ómögulegt A hafi ekki verið meðvituð um sjúkdóminn við útfyllingu umsóknarinnar um vátrygginguna. V telur að vanræksla vátryggingartaka á að gefa réttar upplýsingar hafi verið sviksamleg og hafna beri bótaskyldu með vísan til 1. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga og 4. gr. vátryggingarskilmála. Loks bendir V á dóm Hæstaréttar í máli nr. 396/2006 til stuðnings sjónarmiðum sínum.

Álit.

Í læknisvottorði læknis, dags. 12.3.2014, segir ”við fyrstu komu á stöðina þ.19.10.1994 segir eftirfarandi: ”Fyrir tveimur árum greindist myotonia dystrophica. Komst upp þar sem þetta greindist hjá dætrum A, hefur lítil sem engin einkenni af sjúkdómnum.”

Miðað við ofangreinda tilvísun í læknisvottorð liggur fyrir að váttryggingartakinn A vissi af því að hún var haldin mjög alvarlegum sjúkdómi. Útilokað er að A hafi ekki vitað af því að umræddur sjúkdómur væri alvarlegur. Við töku líftryggingar rúmu tveimur og hálfu ári síðar mátti váttryggingartaka vera ljóst að það skipti máli að gefa réttar upplýsingar varðandi ofangreindan sjúkdóm. Það gerði váttryggingartaki hins vegar ekki. Váttryggingartaki vissi eða mátti vita að henni hefði ekki staðið til boða að taka umrædda líftryggingu ef réttar upplýsingar um þennan alvarlega sjúkdóm hefðu legið fyrir þegar váttryggingartaki sendi umsókn um töku líftryggingarinnar. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður því ekki annað séð en að A hafi leynt V upplýsingum um alvarlegan sjúkdóm með sviksamlegum hætti og ber V því ekki ábyrgð sbr. 1. mgr. 83. gr. laga um váttryggingasamninga og 4. gr. váttryggingarskilmála sem giltu um líftrygginguna. M á því ekki rétt á bótum úr líftryggingu A hjá V. Ekki eru efni til þess miðað við aðstæður að M fái endurgreidd iðgjöld líftryggingarinnar.

Niðurstaða.

M eiga hvorki rétt á bótum úr líftryggingu A eða fá endurgreidd iðgjöld líftryggingarinnar.

Reykjavík 25.5.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 88/2016**M1 og M2**

og

vátryggingafélagið V v/ ferðasjúkra- og ferðarofstryggingar erlendis.**Ágreiningur um rétt til endurgreiðslu ferðakostnaðar vegna rofs á orlofsferð.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 23. apríl 2015 héldu M, þ.e. M1 og M2, flugleiðis í orlofsferð til Berlínar þar sem þau hugðust dveljast til 26. sama mánaðar eða í þrjá daga. Er þau voru á leiðinni til Berlínar veiktist M1 um borð í flugvélinni þannig að lenda þurfti í Bergen í Noregi og þar var hún flutt á sjúkrahús. Eftir 11 daga dvöl á sjúkrahúsinu var henni leyft að halda aftur til Íslands.

M hafa í gildi fjölskyldutryggingu hjá V og einn þáttur vátryggingarinnar er svokölluð ferðasjúkra- og ferðarofstrygging erlendis. M hafa krafist þess að fá ferðakostnað vegna ferðarinnar til Berlínar endurgreiddan úr þessum þætti vátryggingarinnar. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í umræddri ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu er svofellt ákvæði varðandi endurgreiðslu kostnaðar vegna orlofsferðar: „Verði orlofsferð rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða hafi vátryggður legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann, þá greiðir félagið andvirði ferðar sjúklingsins. Verði ferð rofin án þess að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt, greiðir félagið hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar sem rofin var. Hámark bóta vegna ferðarofs er 10% af hámarkssjúkrakostnaði vátryggingarinnar sem gildir í Evrópu utan Sviss. Bætur greiðast einungis vegna ferðar sem varir sex daga eða lengur.“

Aðila greinir á um hvort réttur til bóta hafi stofnast með vísan til síðasta málsliðar hins tilvitnaða skilmálaákvæðis, þ.e. hvort um hafi verið að ræða ferð sem ekki myndi vara í sex daga eða lengur eða hvort ferðin hafi varað í 11 daga að teknu tilliti til sjúkrahúsdvalar M1 í Noregi.

Hið umdeilda skilmálaákvæði lýtur að rétti vátryggðs til greiðslu á andvirði orlofsferðar ef ferðin er rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða vátryggður hafi legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann. Vart fer á milli mála að í þessu tilviki er með ferðatíma átt við þann tíma sem sjálfri orlofsferðinni er ætlað að vara. Þegar gert er að skilyrði fyrir greiðslu bóta í lokamálslið ákvæðisins að einungis séu greiddar bætur vegna ferðar sem varir í sex daga eða lengur verður það ekki slitið frá efnisinnihaldi greinarinnar að öðru leyti. Verður því ekki hjá því komist að líta svo á að skilyrðið um sex daga lágmarksferðatíma eigi við um þann tíma sem sjálfri orlofsferðinni var ætlað að vara. Tíminn sem M1 dvaldist á sjúkrahúsi í Noregi getur ekki talist til þess tíma sem orlofsferð þeirra var ætlað að vara. Hér verður því það líta til þess að orlofsferðin átti að vera frá 23. til 26. apríl 2015 eða einungis í þrjá daga. Með vísan til lokamálsliðar skilmálaákvæðisins fullnægði orlofsferðin ekki skilyrði um lágmarksferðatíma. Þau eiga því ekki rétt á bótum úr umræddum vátryggingarþætti fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu erlendis hjá V.

Reykjavík, 25. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 89/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X.****Slys í líkamsræktarstöð 15. janúar 2015.****Gögn.**

Málskot, móttækið 23.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.4.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var við æfingar í sal líkamsræktarstöðvar sem X rekur. Á slysaskráningarblaði sem M fyllti út hjá X kemur eftirfarandi lýsing fram: „Var að gera facepulls í taki nr. 25 með ca kg. Annað handfang rifnaði af teipuðum vír og ég hentist á gólfíð.“ Í tjónstilkynningu til V tekur M ennfremur fram að vírinn hafi slitnað og hann hafi meiðst m.a. á öxl við fall í gólfíð. Með gögnum málsins fylgja myndir af umræddu tæki og hvað „teipið“ var staðsett. Ekki virðist vera ágreiningur milli aðila um hvernig slysið varð, í þeim skilningi að M hafi verið að framkvæma æfingu og vír í tækinu sem hann notaði hafi gefið sig með þeim afleiðingum að hann féll í gólfíð.

M telur að umbúnaður líkamsræktartækisins hafi verið óforsvaranlegur í skilningi reglugerðar 941/2002 um hollustuhætti, þar sem fjallað sé um rekstur heilsuræktarstöðva. Hvort sem ástæður vanbúnaðar hafi verið skemmdarverk eða annað þá hafi X borið að hafa eftirlit með ástandi tækja og því hafi verið ábótavant og beri X því skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins sem eigandi líkamsræktarstöðvarinnar.

V telur f.h. X að starfsmönnum X hafi verið með öllu ókunnugt um ástand tækisins sem M var að nota og að ósannað sé að þeir hafi sett það „teip“ sem M vísar til á tækið. Í gögnum málsins kemur einnig fram að X hefur haldið því fram að mögulega hafi verið um skemmdarverk á tækinu að ræða, sem X hafi ekki vitað um. V telur að X hafi sinnt skyldum sínum skv. reglugerð nr. 941/2002 með reglulegu eftirliti með tækjum og bendir ennfremur á að sú líkamsræktarstöð sem M hafi slasast í sé „ómönnuð“ og þeir sem æfi þar geri það á eigin ábyrgð. Þannig telur V að slys M verði rakið til óhappatilviks sem X ber ekki ábyrgð á eða til aðgæsluleysis M sjálfs.

Álit.

Þegar litið er til aðstæðna við rekstur heilsuræktarstöðva er ljóst að þar kaupa viðskiptavinir aðgang að æfingaaðstöðu með tækjum og búnaði. Óumdeilt er í málinu að á rekstraraðilum slíkra stöðva hvíla almennar skyldur skv. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Þó þær skyldur séu almennar verður að líta til þess að rekstraraðilar þeirra hafa tekjur af því að bjóða upp á aðstöðu til æfinga, þeir ákveða hvaða tækjum viðskiptavinir hafa aðgang að og má ætla að þeir hafi þess vegna einhvers konar sérþekkingu á því hvernig slík tæki eiga að virka. Það verður því að leggja nokkrar skyldur á X, sem rekstraraðila heilsuræktarstöðvar, að sjá til þess að fyrirtækið uppfylli þær almennu kröfur um öryggi sem t.d. fyrrnefnd reglugerð gerir ráð fyrir. Við einfalt eftirlit hefði starfsmönnum X mátt vera ljóst að „teipaður“ vír í svona tæki gæfi ástæðu til að huga frekar að tækinu og af myndum að dæma virðist það að hafa verið að einhverju leyti sýnilegt að átt hafi verið við vírinn. Verður að meta starfsmönnum X það til gáleysis að hafa ekki gert frekar ráðstafanir, en ekki liggur fyrir hvernig almennu eftirliti var nákvæmlega háttað í umræddri heilsuræktarstöð. Var enn frekar ástæða til að hafa slíkt reglulegt eftirlit í „ómannaðri“ stöð þar sem starfsmenn virðast vera takmarkað á svæðinu þegar viðskiptavinir eru að æfa. Telst X því bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Þegar litið er til þess hvort M beri hluta af tjóni sínu sjálfur vegna meðábyrgðar verður litið til þess sem sagt var áður um að „teip“ á tækinu virðist hafa verið sýnilegt. Sakarmat er þó ekki það sama gagnvart M sem viðskiptavini og starfsmönnum X, sem ætla má að hafi meiri sérþekkingu á

tækjum sem þessum. Verður M ekki metið það til gáleysis að hafa ætlað að nota umrætt tæki til æfinga, en hann mátti frekar ætla að gerðar hefðu verið fullnægjandi ráðstafanir með einhvers konar viðgerð, fyrst aðgengi að tækinu var óheft. Telst M því eiga rétt á fullum bóttum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bóttum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 90/2016
M og
vátryggingafélagið V v. vatnstjónstryggingar fasteignatryggingar.

Vatn lak úr nýrri uppþvottavél og skemmdi parket þ. 18.3.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 23.3.2016 ásamt fylgiskjöllum ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 8.4.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M segist hafa keypt nýja uppþvottavél 17.3.2016 og flutt hana heim til sín og hafi vélin verið sett á gólf fyrir framan eldhús í íbúð hans. M segir að daginn eftir hafi gamla uppþvottavélin verið aftengd og sú nýja sett í staðinn, en þá hafi komið í ljós að vatn hafði lekið úr nýju vélinni og það legið á parketi í u.þ.b. sólarhring og sé það bólgið og dökkleitt eftir þetta. M krefst bóta úr vatnstjónstryggingu og vísar til ákvæðis í b-liðar í 1. gr. vátryggingarskilmála þar sem segir að einnig bætist tjón sem verða þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða skyndilegra bilana á þeim. M telur ljóst að um leka úr hreinlætistæki hafi verið að ræða og tjón hans því bótaskyldt. V hafnar bótaskyldu og segir að uppþvottavél geti ekki talist hreinlætistæki, en samkvæmt almennri málvenju eru hreinlætistæki, tæki og búnaður sem yfirleitt eru staðsettur í baðherbergi svo sem handlaugar, salerni, sturta og önnur tæki sem brúkuð eru til persónulegs þrifnaðar. Til stuðnings fyrir þessari afstöðu vísar V til orðabókar Máls og menningar frá 1996 þar sem ofangreind skilgreining á hugtakinu hreinlætistæki kemur fram. V segir að uppþvottavél hafi ekki verið skilgreind sem hreinlætistæki skv. almennri málnotkun. V hafnar því að leki úr ótengdri uppþvottavél falli undir b-lið 1. gr. vátryggingarskilmála.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýst um það hvort uppþvottavél teljist vera hreinlætistæki samkvæmt almennum málskilningi og hvort skilja megi ákvæði b-liðar 1. gr. vátryggingarskilmála með þeim hætti að leki úr ótengdri uppþvottavél sé leki úr hreinlætistæki. Miðað við orðskýringar sem vísað er til af hálfu V sbr. orðabók Máls og menningar frá 1996 liggur fyrir að uppþvottavél fellur ekki undir það að vera hreinlætistæki. Í orðabók Menningarsjóðs frá 1983 er um svipaða skýringu að ræða en þar segir "hreinlætistæki- handlaug og salernistæki með tilheyrandi búnaði (krönum o.þ.h) Hvergi er að finna í orðskýringum þann skilning M að uppþvottavél sé skilgreind sem hreinlætistæki. Ekki verður því á það fallist að tjón M sé bótaskyldt með vísan til b-liðar 1.gr. vátryggingarskilmála. M á því ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 25.5.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 91/2016**M og
vátryggingafélagið V v. heimilistryggingar.****Munum stolið úr geymslu í fjölbýlishúsi.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 23. mars 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf frá V þann 28. apríl 2016.

Málsatvik.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar kemur fram að tilkynning hafi borist um innbrot í Kórahverfi í Kópavogi þann 28. desember 2014. Meðal annars kemur fram í skýrslunni að haft hafi verið samband við eiganda einnar geymslunnar, M og Á. Í skýrslunni kemur þó fram að M og Á væru ekki með sama heimili. Á sagði við lögregluna að mikið magn af eignum hans væri horfið úr geymslunni, m.a. flugustangir, verkfæri og frosin matvæli.

Þann 29. janúar 2016 mætti Á á lögreglustöðina í Kópavogi, að eigin frumkvæði, til að leiðrétta meintan misskilning sem fram kæmi í frumskýrslu lögreglunnar. Á bar vitni um að hann hefði ekki átt þá muni sem hafði verið stolið, heldur hafi M átt þetta allt saman. Þetta hafði hann enn fremur tilkynnt lögreglunni þann 28. janúar 2015 og var það skráð í dagbókarfærslu lögreglunnar.

V hefur hafnað bótaábyrgð úr heimatryggingu M með vísan til gr. 1.1 sem fjallar um hverjir séu vátryggðir samkvæmt vátryggingunni.

Álit.

Í gr. 1.1 heimilistryggingar sem M er með hjá V kemur fram að vátryggðir séu vátryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald.

Samkvæmt gögnum málsins virðist Á ekki hafa haft sama lögheimili og M þegar brotist var inn í geymsluna. Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar var Á eigandi að tilteknum munum sem voru í geymslu M. Á breytti svo um framburð, eftir að V var búð að hafna bótaábyrgð, á þann veg að það hafi ekki verið Á sem átti munina heldur M.

Málskotið varðar bótaábyrgð úr heimilistryggingu M hjá V. Til þess að munirnir falli undir vátrygginguna verða þeir að hafa verið eign M. Sönnunarbyrðin um slíkt hvílir á M. Eina skjalið sem lagt hefur verið fram um slíkt er ný lögregluskýrsla með breyttum framburði Á um eignarhald munanna. Að mati nefndarinnar verður að leggja frumskýrslu lögreglunnar til grundvallar en ekki breyttan framburð Á um eignarhaldið. Verður því að hafna bótaábyrgð.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki til staðar úr heimilistryggingu hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 92/2016**M og
váttryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og váttryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á Þrengslavegi 28. febrúar 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 22.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 5.4.2016, ásamt gögnum; lögregluskýrslum, greinargerðum beggja ökumanna, upplýsingum og viðbótarupplýsingum frá vitni, myndum og niðurstöðu tjónanefndar váttryggingarfélaganna.

Bréf V2, dags. 6.4.2016 ásamt niðurstöðu tjónanefndar váttryggingarfélaganna.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að það hafi verið tilkynnt um umferðaróhapp á Þrengslavegi þar sem tjón varð á bifreið A sem var ekið í átt frá Reykjavík og lýsti ökumaður bifreiðarinnar (M) að jeppabifreið með kerru hafi verið ekið úr gagnstæðri átt og að kerran hefði farið yfir á öfugan vegarhelming og lent á bifreið A með þeim afleiðingum að bifreiðin stöðvaðist í vegkanti. Lögregla hafði upp á bifreið B og viðurkenndi ökumaður hennar að hann hafi verið við akstur á Þrengslavegi og fundið högg eftir að hafa mætt bifreið, en ekki áttað sig á að það hafi orðið árekstur. Farþegar í bifreið B urðu ekki varir við neitt. Á eftir bifreið A ók vitni sem kveðst hafa séð að bremsuljós kviknaði á bifreið A í sömu mund og og sú bifreið mætir annarri bifreið. Vitnið lýsir einnig slæmum veðuraðstæðum. Í viðbótarlögregluskýrslu lýsir ökumaður bifreiðar B aðstæðum nánar þannig að hann hafi ekki gert sér grein fyrir að árekstur hafi orðið og hann hafi því ekið áfram. Stuttu síðar hafi hann hins vegar fundið titring á kerrunni og þá stöðvað í vegarkanti og séð að kerran væri skemmd á vinstri hlið. Hann taldi ólíklegt að kerran hafi sveiflast til þar sem hún væri þung og hann hefði sem ökumaður ekki orðið var við óeðlilega aksturseiginleika hennar áður en árekstur varð. Í gögnum málsins er einnig tilgreind af hans hálfu sú skýring að beisli kerrunnar hafi verið stutt og því minni líkur á að hún hafi geta sveiflast til.

M telur að sannað sé að að kerra aftan í bifreið B hafi sveiflast yfir á öfugan vegarhelming og þannig farið yfir á vegarhelming þann sem bifreið A hafi verið ekið réttilega á. M vísar til hvassviðris sem hafi verið sem og krapa á veginum og hafi það getað leitt til þess að kerran aftan í bifreið B hafi getað sveiflast til. Einnig vísar M til vitnisburðar ökumanns sem á eftir henni ók og vitnisburðar hans um veðuraðstæður og líkur á að kerra hafi getað fokið til. M telur því að bifreið B beri alla sök á árekstrinum.

V1 telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekki sýnt tillitsemi við akstur sinn, eins og gefin eru fyrirmæli um að ökumenn geri í 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þó ágreiningur sé milli ökumanna um málsatvik bendi háttsemi ökumanns bifreiðar B eftir áreksturinn til þess að hann hafi ekki gætt nægilegrar varúðar, þar sem hann hafi keyrt áfram án þess að gæta að því hvað olli högginu sem hann kveðst hafa fundið fyrir þegar hann mætti bifreið A á Þrengslavegi. Einnig vísar V1 til veðuraðstæðna.

V2 vísar til þess að það sem haft sé eftir vitni því sem ók á eftir bifreið A verði að skoða með hliðsjón af því að það hafi ekki séð áreksturinn og því ekki hægt að byggja á ályktunum þess um mögulega málavexti. Einnig telur V2 að það sýni ekki með skýrum hætti að kerra bifreiðar B hafi farið yfir á öfugan vegarhelming að ökumaðurinn hafi ekki stöðvað, það hafi verið vegna þess að veður hafi verið vont, auk þess sem farþegar í bifreiðinni hafi ekki orðið varir við högg. Einnig vísar V2 til þess að ekki sé hægt að draga afdráttarlausar ályktanir af ákomum á kerrunni, veðuraðstæðum, yfirborði vegar eða stærðfræðiútreikningum í málskoti. Í ljósi þess að ekki sé sannað hvar bifreiðarnar voru á veginum þegar árekstur varð verði að skipta sök til helminga.

Álit.

Þegar litið er til þess sem kemur fram í gögnum málsins er ljóst að ekki eru vitni að nákvæmum árekstri milli bifreiðarinnar A og kerru sem dregin var af bifreið B og það vitni sem tilgreint er í lögregluskýrslu getur einungis borið um að bifreið A hafi verið hemlað og ekið til hægri þegar hún mætti annarri bifreið. Hann getur einnig borið um eigið mat á slæmum veðuraðstæðum sem ökumönnum bifreiða A og B, sem og lögreglunni virðist bera saman um að hafi einmitt verið slæmar. Þegar litið er til framburða ökumanna bifreiða A og B um akstursskilyrði og slæmra veðuraðstæðna er ljóst að báðum ökumönnum bar að sýna tillitsemi við akstur sinn um Þrengslaveg í greint sinn. Það verður þó ekki hjá því litið að ákoma er á bifreið A og á kerru sem dregin var af bifreið B. Það að aka með kerru aftan í bifreið við þessar aðstæður krefst sérstakrar tillitsemi til annarrar umferðar. Það að ekki hafi orðið árekstur með bifreiðunum sjálfum heldur þannig að kerra aftan í bifreið B hafi lent á bifreið A telur nefndin benda frekar til þess að bifreið B hafi verið ekið með þeim hætti að kerran hafi ekki verið stöðug á veginum. Ökumaður bifreiðar B stöðvaði ekki bifreið sína þegar hann heyrði högg og var því ekki hægt að meta, t.d. með hliðsjón af förum á veginum, mögulega staðsetningu bifreiðanna þegar árekstur varð. Verður hallinn af slíkum sönnunarskorti lagður á ökumann bifreiðar B. Ekki verður séð að ökumaður bifreiðar A hafi sýnt gáleysi við aksturinn. Öll sök verður því lögð á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 25. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 93/2016**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar eiganda fasteignar.****Ágreiningur um bótaskyldu er þakplata f auk á bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 23.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Athugasemdir M, dags 13.4.2016.

Málsatvik.

Aðfaranótt 16. febrúar 2016 f auk þakplata á bifreið M, þar sem hún var á bifreiðastæði við skóla í sveitarfélaginu A í miklu hvassvirðri sem gekk yfir bæinn að kvöldi 15. febrúar og aðfaranótt 16. febrúar. Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu sem gerð var um atvikið segir að ljóst sé að umrædd plata hafi losnað af húseign, gamla vélaverkstæðinu, sem er í eigu A.

M kveður plötuna hafa losnað af húseigninni í óveðri í desember 2015, en legið í fjörunni þar til hún f auk á bifreið M. Í sérstöku skjali til úrskurðarnefndar, dags. 13. apríl 2016, er tekið fram af hálfu M að eftir óveðrið í desember 2015 hafi einhverjar plötur verið festar að nýju á húsið, eitthvað hafi verið hreinsað upp af plötum sem hafi fokið um næsta nágrenni, en ekki allar. Tveimur dögum eftir að þakplatan f auk á bifreið hennar hafi tveir nafngreindir starfsmenn A hreinsað upp níu plötur úr fjörunni sem ekki höfðu verði teknar þaðan eftir rokið í desember 2015. Því til staðfestu hafa starfsmennirnir undirritað skjalið.

M hefur krafist bóta fyrir það tjón sem varð á bifreið hennar úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir er ekki um það deilt að þakplata sú sem f auk á bifreið M hafi losnað af húseign í eigu A í óveðri í desember 2015. Platan mun svo hafa legið í fjörunni í nánd við tjónsstaðinn ásamt fleiri þakplötum uns hún f auk á bifreiðina. Ekki verður ráðið af gögnum málsins, svo sannað geti talist, að starfsmenn A hafi vitað eða mátt vita að þakplötur hafi legið í fjörunni frá því þær losnuðu af húseigninni þar til þær voru fjarlægðar eftir atvikið aðfaranótt 16. febrúar. Af skjali því sem tveir starfsmenn A undirrituðu telst einungis sannað að þeir hafi tveimur dögum síðar hreinsað níu þakplötur úr fjörunni. Af skjalinu verður ekki ráðið að starfsmennirnir hafi um lengri tíma vitað af plötunum í fjörunni. Af öllum gögnum málsins virtum þykir ekki hafa verið sýnt fram á að tjón á bifreið M verði rakið til vanrækslu starfsmanna A við að leita uppi þakplötur þær sem síðar fundust í fjörunni eða annarra atvika sem A ber ábyrgð á. Af því leiðir að tjónið bætist ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 94/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.****Árekstur á Leirársveitarvegi 26. janúar 2016.****Gögn.**

Málskot, móttekið 20.3.2016, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 7.4.2016.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M, sem ökumaður bifreiðar A, ók inn á Leirársveitarveg til vinstri frá heimreið að einum bæ og af Leirársveitarvegi til hægri áleiðis inn heimreið að öðrum bæ þegar árekstur varð við bifreið B, sem var ekið eftir Leirársveitarvegi. M kveðst í lögregluskýrslu hafa verið nánast kyrrstæður þegar árekstur varð. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið eftir Leirársveitarvegi á hraðanum 70-80 km/klst þegar hann sá að bifreið A var ekið inn á veginn og í veg fyrir hann. Í gögnum málsins kemur auk þessa fram að stutt vegalengd, eða um 20 metrar, séu á milli heimreiða að bæjunum.

M vísar til mynda af vettvangi þar sem hann hefur stillt bifreið sinni upp, eins og hann telur hana hafa verið staðsetta þegar árekstur var. Hann telur að áreksturinn megi eingöngu rekja til aksturslags ökumanns bifreiðar B sem hafi bæði ekið of hratt og vísvitandi á bifreið A. M vísar einnig til þess að bifreið B hafi verið ekið á öfugum vegarhelmingi þegar árekstur varð og ef hann hefði ekki ekið með þeim hætti þá hefði ekki orðið árekstur með bifreiðunum.

V vísar til 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að ökumaður bifreiðar A hafi átt að veita ökumanni bifreiðar B forgang við akstur um Leirársveitarveg.

Álit.

Þegar litið er til aðstæðna á vettvangi, þ.á.m. þeirra mynda sem liggja fyrir í gögnum málsins, verður ekki annað séð en að bifreið A hafi verið ekið frá heimreið inn á Leirársveitarveg og verið þar búin að aka mjög stutta vegalengd, áleiðis inn að heimreið að öðrum bæ, þegar árekstur varð. Þegar litið er til umræddra gagna verður einnig að líta svo á að Leirársveitarvegur sé vegur í skilningi 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga þar sem kemur fram að þeir sem aka út á veg af bifreiðastæði, lóð landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði eða af götuslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða svipuðum vegi eða af gangstétt eða vegaröxl skuli veita umferð um veginn forgang. Verður heimreiðin sem M, sem ökumaður bifreiðar A, ók út frá að teljast svipað svæði eða svipaður vegur í skilningi ákvæðisins. Bar M því að veita umferð um Leirársveitarveg forgang. Í ljósi þess hversu stutt hann var búinn að aka á veginum þegar árekstur varð verður áreksturinn rakinn til þess að M veitti ekki þann forgang. Ekki þykir sannað að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt eða gáleysislega í greint sinn en M ber sönnunarbyrði fyrir því. Verður því öll sök lögð á M, sem ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 10. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 95/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ greiðslukortatryggingar kreditkorts.****Ágreiningur um rétt til endurgreiðslu ferðakostnaðar vegna rofs á orlofsferð.****Gögn.**

Málskot, móttakið 30.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 19.4.2016, ásamt vátryggingarskilmálum.

Tölvupóstur M, dags. 1. maí 2016.

Málsatvik.

Samkvæmt upplýsingum á tjónstilkynningu ferðaðist M til Ítalíu þann 31. janúar 2015 í vikuferð. Daginn eftir féll hún á skíðum í skíðabrekku og gat ekki farið á skíði það sem eftir var ferðar og þurfti að vera á hótélherbergi sínu það sem eftir var ferðar.

M hafa í gildi greiðslukortatryggingu hjá V og einn þáttur vátryggingarinnar er svokölluð ferðarofstrygging. M hafa krafist þess að fá ferðakostnað vegna ferðarinnar til Ítalíu endurgreiddan úr þessum þætti vátryggingarinnar þar sem ferðin nýttist ekki sem skíðaferð. V hefur hafnað bótaskyldu og borið fyrir sig að skilyrði í vátryggingarskilmálum séu ekki uppfyllt.

Álit.

Í umræddri ferðarofstryggingu er svofellt ákvæði varðandi endurgreiðslu kostnaðar vegna orlofsferðar: „Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að kr. 440.000 af óafturkræfum ferðakostnaði vátryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar sem vátryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.“

Í ákvæðinu er skýrt tekið fram að skilyrði þess að vátryggður fái ferðakostnað endurgreiddan er að hann þurfi að rjúfa og ferð og fara heim eða að liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegs slyss. Ekki kemur fram í vátryggingarskilmálum að réttur til endurgreiðslu sé miðaður við að vátryggður geti ekki notið þeirrar ferðar sem hann fyrirhugaði. Ekki liggja fyrir gögn í málinu sem staðfesta að M hafi þurft að liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slyss og á hún þegar af þeirri ástæðu ekki rétt til endurgreiðslu ferðakostnaðar úr greiðslukortatryggingu sinni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 96/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar veislupjónustu (H)

Maður rann í hálfu fyrir utan veitingastað og meiddist þ. 4.1.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 11.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M segist hafa verið á leið inn á veitingastað H þegar hann féll í hálfu á bifreiðaplaninu við inngang veitingastaðarins og slasaðist og var slysið tilkynnt V 25. 7.2013. M krefst bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu H hjá V. M segir að mikil hálka hafi verið umræddan dag og hálkuvörnum hafi verið ábótavant og telur M að H hafi vanrækt með saknæmum hætti að fyrirbyggja slys vegna hálku og hafi hvorki mokað snjó eða gert aðrar ráðstafanir til að draga úr hálfu. Vitni segir í skýrslu hjá lögreglu þ. 17.2.2016 að það hafi séð þegar M féll og mikil hálka hafi verið. Annað vitni segir að það hafi almennt verið lítið um hálkuvarnir. Forsvarsmáður H segir að það hafi verið hálkuvarnir og mokað, saltað og sandað eftir þörfum og M hafi ekki talað við sig um þetta meinta slys fyrir löngu seinna og ekki leitað til læknis fyrr en í desember 2013 vegna þessa meinta slyss. V hafnar bótaskyldu og segir að það hafi verið saltað, sandað og mokað við veitingastað H þegar ástæða var til. V mótmælir vitnaskýrslum sem teknar eru rúnum þrem árum eftir meintan atburð og þær hafi eitthvað gildi. V bendir á að M á að ekki sé nákvæmlega ljóst hvar M datt og hann greini frá því með mismunandi hætti og þannig sé ekki ljóst hvort að M datt á þeim hluta bílansins þar sem H bar að sinna hálkuvörnum eða ekki. V aflaði upplýsinga um veðurfar og skv. þeim gögnum liggur fyrir að um 10 stiga hiti var á slysdegi á slysstað og hláka dagana á undan eftir frostakafli. V segir að engin samtímagögn liggi fyrir um aðstæður á umræddu bílplani á slysdag og forsvarsmenn H hafi ekki verið látnir vita af slysinu og M hafi ekki tryggt sér neina sönnun þess á slysdegi hvernig aðstæður væru. V segir að M hafi ekki sýnt fram á að hálkuvörnum hafi ekki verið sinnt eða orsakatengsl séu á milli meintrar vanrækslu H og tjóns M.

Álit.

Ekki liggur ljóst fyrir miðað við það sem fram kemur frá M hvar hann féll á umræddu bílastæði. Engum samtímagögnum er til að dreifa varðandi slys M og þá liggur ekki fyrir með hvaða hætti hálkuvarnir voru á umræddu bifreiðaplani á slysdegi. Forsvarsmenn H halda því fram að þeir hafi mokað snjó og saltað og sandað bifreiðaplan eftir þörfum. Af hálfu M er ekki sýnt fram á að aðstæður á bifreiðaplaninu þar sem hann datt hafi verið ábótavant. Þá hefur M ekki heldur sýnt fram á að hann hafi dottið þar á bílplaninu sem H ber að sinna hálkuvörnum. Þegar af framangreindum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 25.5.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 97/2016**M
og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar verktaka.****Ágreiningur um bótaskyldu er bifreið hafnaði ofan í skurði á vegslóða.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 24.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Erlendur ferðamaður hafði tekið á leigu bifreið í eigu M. Hinn 22. júní 2015 ók leigutakinn bifreiðinni til austurs eftir vegslóða ofan af Húsavíkurhöfða og var að skima eftir heitri laug sem honum hafði verið tjáð að ætti að vera í nágrenninu. Ók hann eftir slóðanum uns hann var kominn því sem næst að Norðausturvegi til móts við tjaldstæðið á Húsavík sem er að austanverðu við veginn. Þar ók hann bifreiðinni yfir moldarbing sem lá yfir slóðann, en hinum megin við binginn féll bifreiðin ofan í skurð sem búíð var að grafa meðfram veginum að vestanverðu. Bjart var af degi og skýjað þegar atvikið átti sér stað og slóðinn mun hafa verið þurr.

Ökumaðurinn kvaðst hafa ekið á u.þ.b. 5-10 km hraða. Þegar hann hafi átt skammt ófarið að skurðinum hafi vegurinn hækkað um hálfan metra eftir að mold hafi verið sturtað á hann. Hann taldi moldina ekki vera neina fyrirstöðu. Skyndilega hafi framendi bifreiðarinnar stungist niður í skurðinn. Kvaðst ökumaðurinn aldrei hafa séð neinn skurð og ekki heldur þegar hann hafi verið uppi á Húsavíkurhöfða til að aka vegslóðann niður.

Hægt var að aka inn á vegslóðann frá Norðausturvegi og ofan af Húsavíkurhöfða. Engar merkingar voru við enda slóðans þar sem moldarbingurinn lá yfir hann. Í lögregluskýrslu um atvikið segir að þegar horft er eftir vegslóðanum að ofanverðu sé ekki hægt að greina neinn skurð né afgerandi hindrun í slóðanum. Í kjölfar óhappsins munu lokunarborðar hafa verið settir upp við hvorn enda vegslóðans.

M kveður óhappið mega rekja til ófullnægjandi merkinga við enda slóðans þar sem bifreið hans endastakkst ofan í skurðinn. Bifreiðin eyðilagðist við óhappið og hefur M krafist bóta fyrir tjónið úr ábyrgðartryggingu verktaka þess sem annaðist skurðgröftinn. V, ábyrgðartryggjandi verktakans, kveður óhappið mega rekja til gáleysis ökumannsins og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Vegslóðinn, sem óhappið varð á, er nokkuð greinilegur af því sem ráða má af fyrirliggjandi myndum. Þá mun hafa verið unnt að komast inn á slóðann uppi á Húsavíkurhöfða eftir öðrum slóða af Norðausturvegi. Þótt ekki hafi verið lokað fyrir umferð eftir slóðanum úr þeirri átt sem bifreið M var ekið átti ökumanninum ekki að dyljast að vegslóðinn hélt ekki áfram yfir binginn sem lá þvert yfir hann. Sýndi ökumaðurinn talsvert gáleysi þegar hann hélt för sinni áfram yfir binginn án þess að skeyta um það sem var handan hans. Telst ökumaðurinn eiga sök á því hvernig för. Eins og atvikum var háttað eru ekki talin næg efni til að fella ábyrgð á verktaka þann sem unnið hafði að skurðgreftri meðfram veginum. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu verktakans hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 25. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 98/2016
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á gatnamótum Böggvisbrautar og Hólavegar á Dalvík þ. 14.1.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 29.3.2016
2. Bréf V-1 dags. 10.2. og 12.4.2016 ásamt fylgiskjali
3. Bréf V-2 dags. 7.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-5

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Böggvisbrautar og Hólavegar á Dalvík. Bifreiðinni A var ekið norður Böggvisbraut og beygt til hægri inn á Hólaveg og svo snúið þar við til þess að aka suður Böggvisbraut þegar árekstur varð við B, sem einnig var ekið norður Böggvisbraut. Umferð um Böggvisbraut nýtur forgangs gagnvart umferð um Hólaveg. Ökumaður A segir í lögregluskýrslu að hann hafi gefið stefnuljós til hægri þegar hann hafi beygt inn á Hólaveg og síðan gefið stefnuljós til vinstri þegar hann hafi verið að beygja aftur inn á Böggvisbrautina. Ökumaður A mætti síðar til skýrslutöku hjá lögreglu að eigin frumkvæði og sagði ekki rétt eftir sér haft í frumskýrslu lögreglu og segist hafa verið byrjaður að beygja til vinstri þegar B hafi verið ekið framhjá og utan í vinstra framhorn A. Í bréfi segir ökumaður A að hann hafi aldrei gefið stefnuljós til hægri og ekki beygt niður Hólaveg né tekið sveig til hægri á gatnamótunum, hann hafi ekið yfir gatnamótin og gefið stefnuljós til vinstri og byrjað að beygja til vinstri á mjög lítilli ferð eftir að hafa gætt ítrustu varúðar varðandi umferð sem á eftir kynni að vera. Ökumaður B segist hafa séð þegar A var beygt inn á Hólaveg og síðan allt í einu séð að A var beygt aftur inn á Böggvisbraut í veg fyrir B.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn er ekki unnt að miða við aðra atvikalýsingu en fram kemur í frumskýrslu lögreglu og framburð ökumanna þar varðandi aðdraganda árekstursins. Af þeim gögnum og framburðum virtum verður öll sök lögð á ökumann A, sem tók U beygju með röngum hætti auk þess sem hann virti ekki biðskyldu fyrir umferð af Hólavegi inn á Böggvisbraut.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök

Reykjavík 7.6.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 99/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um meðábyrgð farþega í bifreið vegna stórkostlegs gáleysis.****Gögn.**

Málskot, móttakið 31.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 19.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Aðfaranótt mánudagsins 14. júlí 2014 var bifreiðinni A ekið vestur Vífilsstaðaveg áleiðis yfir gatnamót Hafnarfjarðarvegur. Í sömu andrá var bifreið ekið norður Hafnarfjarðarveg og varð árekstur með bifreiðunum á gatnamótunum. Ekki er um það deilt að A var ekið inn á gatnamótin andspænis rauðu ljósi og B, ökumaður A, telst eiga sök á árekstrinum. M var farþegi í A og varð fyrir meiðslum við áreksturinn. A var vátryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá V og hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni fyrir líkamstjón sitt. V hefur fallist á greiðsluskyldu, en telur að skerða beri bætur um 2/3 hluta vegna meðábyrgðar M þar sem hann hafi umrætt sinn þegið far með ökumanni sem var undir áhrifum fíkniefna og með því verið meðvaldur að tjóninu með háttsemi sem verður metin honum til stórkostlegs gáleysis. M hefur ekki fallist á afstöðu V.

Tveir farþegar voru í A, M og stúlkan D. Við rannsókn málsins fundust á M efni sem voru talin vera kannabis. Í framburðarskýrslu sem tekin var af M 8. desember 2014 kvað hann magn þeirra fíkniefna sem á honum fundust hafa verið „einn stór böddi“. Í framburðarskýrslu sem tekin var af B 26. nóvember 2014 kvaðst hann á föstudagskvöldinu fyrir slysið hafa verið í samkvæmi ásamt M sem væri vinur hans. Í samkvæminu hafi hann prófað kannabis, amfetamín, MDMA og kókaín. Einn í samkvæminu hafi aðstoðað hann við að komast yfir A sem væri í eigu föður hans og hafi dvalist utanþegar þessa helgi. Laugardagsnóttina hafi hann, M og D ákveðið að fara í útilegu á sunnudeginum. Um nóttina hafi þau farið af stað á A og ætlað að verða sér úti um tjald. Í þeirri ferð hafi hann sofnað undir stýri og lent í umferðaróhappinu. Áður en hann ók af stað hafi M sagt við sig að sér væri óhætt að aka bifreiðinni þar sem fíkniefnin sem hann tók inn myndu einungis mælast í honum í einn sólarhring. Nánar lýsti hann fíkniefnaneyslu sinni svo: „Ég var búinn að neyta þrjár jónur af kannabis, tvær línur af amfetamíni, þrjár línur af kókaíni og MDMA.“ Hann kvaðst ekki hafa fundið fyrir áhrifum fíkniefna við aksturinn.

Í þágu rannsóknar málsins voru í kjölfar slyssins tekin þvag- og blóðsýni úr B. Samkvæmt matsgerð rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands fannst í þvagsýninu MDMA og kannabínóíðar og í blóðsýninu MDMA 340 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 0,5 ng/ml. Eru efni þessi sögð vera í flokki ávana- og fíkniefna sem óheimil eru á íslensku forráðasvæði. Ökumaður teljist því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar slysið varð, sbr. 2. mgr. 45. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Bætur fyrir líkamstjón má þó lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sbr. 2. mgr. sömu gr. Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim og mælist slík efni í blóði eða þvagi ökumanns telst hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega, sbr. 1. og 2. mgr. 45. gr. a laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006 um breytingu á þeim.

Í máli þessu snýst ágreiningur aðila um það hvort M hafi vitað eða mátt vita, er hann settist upp í bifreiðina hjá B áður en slysið varð, að B væri vegna undanfarandi neyslu fíkniefna ófær um að

aka bifreiðinni örugglega, þannig að virt verði honum til stórkostlegs gáleysis að hafa þegið far með B.

Ekki er um það deilt að M og B voru saman í samkvæmi á föstudagskvöldi áður en slysið varð. Í samkvæminu neytti B talsverðs magns fikniefna. Ekki virðist heldur um það deilt að áður en ferðin hófst hafði M á orði við B að fikniefni þau sem B hafði neytt ættu ekki að finnast við mælingu. Samkvæmt þessu verður að telja sannað að M hafi vitað af fikniefnaneyslu B áður en ökuferðin hófst og sýndi M stórkostlegt gáleysi þegar hann tók sér far með B umrætt sinn. Með vísan til 2. mgr. 88. gr. ufl. og þegar litið er til þess hver aðdragandi ökuferðarinnar var þykir rétt að bætur til M skuli skertar um helming.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að helmingi fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 100/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B.****Áræktur við gatnamót Hallsvegur og Þvervegur 8. október 2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 31.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur V, dags. 2. maí 2016.

Málsatvik.

Áræktur varð með bifreiðunum A og B þar sem þeim var ekið vestur Hallsveg. Bifreiðinni A var ekið á undan og bifreið B í sömu akstursátt á eftir. Í tjónsskýrslu kemur fram að árækturinn hafi orðið þegar bifreið A var ekið til vinstri í fyrirhugaða U-beygju. M (ökumaður bifreiðar A) segir í tjónsskýrslu að hann hafi ætlað að snúa á veginum, talið sig gefa stefnuljós, bremsað niður til að taka u-beygju þegar bifreið B hafi verið ekið aftan á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa séð að ökumaður A hafi hægt á sér fyrir framan hann og ekið þannig til hægri að hann hafi ákveðið að aka beint áfram, en þá hafi ökumaður bifreiðar A ekið til vinstri í veg fyrir bifreið B án þess að gefa stefnuljós.

M telur að árækturinn megi fyrst og fremst rekja til þess að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða og þannig brotið gegn fyrirmælum 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Einnig bendir M á að hann hafi ekki tekið beygju frá hægri brún vegar heldur þeirri vinstri.

V gerir ekki sérstakar athugasemdir við málskotið eða efnisatriði málsins.

Álit.

Þegar ökumenn aka til hliðar á vegi, á sama hátt og M gerði í greint sinn, verður að líta til háttænisreglna umferðarlaga, sérstaklega 2. mgr. 17. gr. þeirra, sem segir að sá sem ekur til hliðar á akbraut skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Einnig verður að líta til ákvæða 15., sbr. 16. gr. sömu laga um að sá ökumaður sem ætlar að aka yfir akbraut verði að gefa sérstaklega gaum umferð sem á eftir honum kemur. M ók á undan bifreið B og bar, við vinstri beygju yfir akbrautina í þeim tilgangi að snúa við, að gæta sérstaklega að því að það væri hægt án óþæginda fyrir umferð sem á eftir kom. Af gögnum málsins verður ekki séð að hann hafi gætt þess nægilega vel og verður því öll sök lögð á hann sem ökumann bifreiðar A. Ekki þykir sannað að ökumaður bifreiðar B hafi verið með of stutt bil milli bifreiðanna í skilningi 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga og ber hann því ekki sök.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 101/2016
M og
vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar

Ágreiningur um bótakröfu úr fasteignatryggingu húsfélagsins vegna tjóns 18.2.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30.3.2015 ásamt fylgiskjölum nr. 1-6
2. Bréf V dags. 2.5.2016

Málsatvik.

Með kaupsamningi dags. 18.2.2015 keyptu M fjögurra herbergja íbúð. Kaupverðið var greitt með útborgun, lántökum og skyldu eftirstöðvar kr. 2.000.000 greiddar þ. 2.11.2015 og gefið út afsal fyrir eigninni. Fljótlega eftir að M fengu íbúðina afhenta töldu þau hana haldna göllum, sem M fengu fyrirtækið Verksýn til að skoða og meta. Niðurstaða Verksýnar var að um umfangsmikla galla væri að ræða á fasteigninni. M telja sig hafa orðið fyrir tjóni vegna viðskiptanna og hyggjast sækja rétt sinn í dómsmáli gagnvart seljanda o.fl. M telja sig eiga rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fasteignatryggingar og gera kröfu til viðurkenningar á þeim bótarétti. V hafnar bótaskyldu og segir að gildissvið málskostnaðartryggingar í fasteignatryggingu geri það að skilyrði að ágreiningur varði vátryggingartaka sem eiganda, en þegar ágreiningur varði kaupanda og seljanda geti ágreiningurinn ekki varðað báða aðila sem eigenda fasteignar og ágreiningur málsins eigi heyri frekar undir heimilistryggingu en fasteignatryggingu.

Álit.

Ágreiningur er um hvort M eigi rétt á greiðslum úr málskostnaðartryggingu fasteignatryggingar húsfélags hússins þar sem íbúðin er. Kaupendur fasteignar öðlast eignarrétt í fasteigninni í samræmi við greiðslur kaupverðs. Ekki liggur fyrir hve stóran hluta kaupverðsins M hafa greitt. Miðað við ákvæði kaupsamningsins og venjur í fasteignaviðskiptum eru líkur á að M hafi greitt meginhluta kaupverðsins við og fljótlega eftir undirskrift kaupsamnings. Þá liggur ekki fyrir með hvaða hætti eða hvort M hafa beitt stöðvunarrétti varðandi eftirstöðvar kaupverðs. Samkvæmt venjum í fasteignaviðskiptum taka kaupendur við réttindum og skyldum hvað húsfélög varða við afhendingu eignar og greiða þá öll gjöld til húsfélagsins en greiðslum seljenda lýkur frá og með þeim tíma. Kaupendur taka þá við öllum réttindum sem eigendur hvað húsfélagið varðar frá og með þeim tíma að þau taka við greiðslum í húsfélagið og njóta þá um leið réttinda og bera ábyrgð á skyldum húsfélagsins. Upplýst er að M fengu íbúðina afhenta í ágúst árið 2015. Ekki liggur annað fyrir en frá þeim tíma hafi M tekið við öllum réttindum og skyldum hvað húsfélagið varðar auk þess að hafa greitt meginhluta kaupverðs eignarinnar og því öðlast eignarréttindi í samræmi við það. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður því ekki annað séð en M eigi rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fasteignatryggingar húsfélagsins.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu húsfélags íbúðar sinnar hjá V.

Reykjavík 7.6.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 102/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er bráðinn málmur slettist ofan í skó starfsmanns endurvinnslu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 28.4.2016.

Málsatvik.

Hinn 1. nóvember 2013 um kl. 14:00 var M við störf hjá fyrirtækinu A við að hreinsa niðurfall úr ofni þegar bráðinn málmur skvettist ofan í vinstri skó hans. M hlaut brunasár á fætinum og leitaði til læknis á Læknavaktinni í Kópavogi tveimur dögum síðar, 3. nóvember 2013. Frá þeim degi til 12. janúar 2014 er M sagður hafa verið óvinnufær. Þá hefur M verið metinn til 3% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku vegna brunasára sem hann hlaut í slysinu.

M kveður slysið mega rekja til skorts á viðeigandi persónuhlífum og hann hafi ekki fengið viðhlítandi þjálfun og leiðsögn við framkvæmd verksins og meðhöndlun á fljótandi málm. Af þeim sökum beri A ábyrgð á líkamstjóni hans. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins (VER) eins og skylt hafi verið skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en af dómaframkvæmd sé „margstaðfest að atvinnurekandi verði að bera hallann af því ef hann tilkynnir slys ekki til VER eins og lög bjóða.“ Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu og kveður M hafa fengið sérstakan hlífðarfátnað til afnota, þ.e. buxur, öryggisskó og sérstakar hlífar yfir skóna sem ná upp á legginn, svo og sérstaka kápu til að nota við töku sýna. Þá kveður V að ákvæði 79. gr. laga nr. 46/1980 eigi ekki við. M hafi lokið vinnudeginum og ekki leitað læknis fyrr en tveimur dögum síðar auk þess sem vinnuveitandi hafi ekki fengið vitneskju um slysið fyrr en einhverju síðar.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til VER öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna eigi síðar en innan sólarhrings. Ekki liggur annað fyrir en M hafi unnið það sem eftir lifði vinnudagsins þann dag er slysið varð. Þá leitaði hann læknis fyrst tveimur dögum síðar, en var talinn óvinnufær eftir þá læknisskoðun. Eins og hér stóð á verður ekki talið að M hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt nefndu lagaákvæði þannig að á hann verði felld sönnunarbyrði um málsatvik að því marki sem þau kunna að vera umdeild. Gegn neitun A verður að telja ósannað að slysið verði rakið skorts á fullnægjandi hlífðarbúnaði við það starf sem M vann við er hann slasaðist, leiðsögn hafi að einhverju leyti verið áfátt eða það verði að öðru leyti rakið til atvika sem A getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 104/2016**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar A.****Ágreiningur um bótaskyldu er bráðinn málmur slettist ofan í skó starfsmanns endurvinnslu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 29.4.2016.

Bréf lögmanns M, dags. 29.4.2016.

Málsatvik.

Hinn 14. nóvember 2013 var M við störf hjá fyrirtækinu A við að taka málsýni þegar bráðinn málmur skvettist ofan í öryggisskó hans. M hlaut brunasár á fætinum og leitaði til læknis daginn eftir eða 15. nóvember s.á. Í gögnum málsins liggur fyrir læknisvottorð sem staðfestir óvinnufærni M frá slysdegi til 1. janúar 2014. Þá hefur M verið metinn til 5% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku vegna brunasára sem hann hlaut í slysinu.

M kveður slysið mega rekja til skorts á viðeigandi persónuhlífum og hann hafi ekki fengið viðhlítandi þjálfun og leiðsögn við framkvæmd verksins og meðhöndlun á fljótandi málm. Af þeim sökum beri A ábyrgð á líkamstjóni hans. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins (VER) eins og skylt hafi verið skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en af dómaframkvæmd sé „margstaðfest að atvinnurekandi verði að bera hallann af því ef hann tilkynnir slys ekki til VER eins og lög bjóða.“ Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu og kveður M hafa fengið sérstakan hlífðarfatnað til afnota, þ.e. buxur, öryggisskó og sérstakar hlífar yfir skóna sem ná upp á legginn, svo og sérstaka kápu til að nota við töku sýna. Þá kveður V að ákvæði 79. gr. laga nr. 46/1980 eigi ekki við. M hafi lokið vinnudeginum og ekki leitað læknis fyrr en tveimur dögum síðar auk þess sem vinnuveitandi hafi ekki fengið vitneskju um slysið fyrr en einhverju síðar.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til VER öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna eigi síðar en innan sólarhrings. Þó það sé ekki alveg skýrt í gögnum málsins, virðist sem M hafi hætt vinnu á slysdegi og leitað til læknis daginn eftir, þar sem hann var talinn óvinnufær. Þó ekki liggi fyrir ítarlegar upplýsingar um samskipti M og forsvarsmanna A á slysdegi verður að ætla að meiri líkur en minni séu á að forsvarsmönnum A hafi átt að vera ljóst að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína þennan dag, að því gefnu að hann hafi framvísað læknisvottorði um óvinnufærni strax næsta dag. Þó megi færa rök fyrir því að M hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt nefndu lagaákvæði þannig að á hann verði felld sönnunarbyrði um málsatvik að því marki sem þau kunna að vera umdeild, verður að líta til þess að atvik eru nokkuð ljós hvað það varðar að bráðinn málmur skvettist ofan í öryggisskó M 14. nóvember 2016. Það sem ágreiningur stendur um hins vegar er hvort slysið verði á einhvern hátt rakið til skorts á fullnægjandi hlífðarbúnaði við það starf sem M vann við er hann slasaðist, leiðsögn hafi að einhverju leyti verið áfátt eða það verði að öðru leyti rakið til atvika sem A getur borið ábyrgð á. Þó sönnunarbyrði um þau atvik verði lögð á A, eins og málum er hér háttað, verður þó ekki talið að annað hafi komið fram í gögnum málsins en að M hafi fengið hlífðarfatnað hjá A, til að nota við vinnu sína. Ekki hefur verið sýnt fram á að sá hlífðarbúnaður hafi verið ófullnægjandi og ekki er sjálfkrafa hægt að gera ráð fyrir því að hann hafi verið það, þrátt fyrir að færa megi sönnunarbyrði um atvik máls á A. Ekki verður því fallist á skaðabótaskyldu A og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

Má ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 105/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna fiskiskipatryggingar X vegna skipsins Z.****Árekstur báta í Flateyrarhöfn 8. mars 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 18.4.2016 ásamt húftryggingarskilmálum fyrir íslensk fiskiskip.

Bréf X dags. 22.4.2016.

Málsatvik.

Í tjonstilkynningu frá X til V, dags. 9. mars 2016 kemur fram eftirfarandi tjonslýsing: „[B] fer að mæla oliu á bátnum og á meðan leysir hásetinn landfestar og er [B] startar vél í gang, er vélin kúpluð inn því einhver hefur rekið sig í útskiptingu þanni að báturinn tekur kipp og lendir á [A] og veldur tjóni á rekkverki og festingum beitningatrekt.“

M telur að þessi lýsing sýni að greiða eigi bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjónsins og vísar til þess að sambærileg málsatvik og svipuð tjón hafi leitt til bótaskyldu tryggingafélags tjónvalds.

V telur að skilyrði gr. 25.1 í C-lið váttryggingarskilmála váttryggingar X séu ekki uppfyllt, en hún hljómi þannig að váttryggingin bæti „Tjón, sem váttryggt skip veldur með árekstri og tjón sem verður á annan hátt við stjórnun þess, enda sé um beint líkamstjón eða munatjón sem váttryggður veldur með saknæmum og ólögum hætti.“ V telur ekki sé sýnt að nokkur hafi verið við stjórn skipsins þegar tjónið varð en það sé áskilið skv. skilmálaákvæðinu. V telur að það sé heldur ekki sýnt að það hafið orðið mistök við stjórnun skipsins og skipstjóri þess hafi ekki mátt ætla að skipið hrykki af stað við gangsetningu vélar, auk þess sem ekki væri hægt að útiloka skyndilega og ófyrirséða bilun í búnaði vélarinnar sem hafi leitt til þessa. Sönnunarbyrði um mistök eða saknæma háttsemi hvíli á og hún hafi ekki verið uppfyllt og verði tjónið því rakið til óhappatilviljunar sem X ber ekki ábyrgð á.

Í málinu liggur einnig fyrir bréf frá Verði tryggingum hf., váttryggjanda M, þar sem kemur fram að félagið telur að skilyrði um skaðabótaábyrgð X séu uppfyllt og greiða eigi bætur úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Álit.

Í málinu liggur fyrir lýsing skipstjóra í tjonstilkynningu á aðstæðum þegar skipið Z lenti utan í öðru skipi (A), sem skemmdist við það. Sú lýsing ber með sér að þegar vél skipsins er sett í gang þá hafi skipting þess verið þannig stillt að báturinn tók kipp við gangsetningu. Verður að ætla að stjórnandi skipsins, skipstjórinn, beri ábyrgð á því að skipið sé ekki gangsett nema búnaður skipsins sé rétt stilltur. Honum bar því að sjá til þess að svo væri fyrir gangsetningu og er það ótvíræður þáttur í stjórnun skipsins. Það að þess hafi ekki verið gætt er gáleysi af hans hálfu og eru skilyrði gr. 25.1 í C-lið váttryggingarskilmála fiskiskipatryggingar X því ótvírætt uppfyllt m.t.t. þess að tjón hafi orðið vegna saknæmrar og ólögumtrrar háttsemi váttryggðs. Greiðsluskylda hefur því stofnast úr fiskiskipatryggingu X hjá V vegna tjóns M.

Niðurstaða.

Bætur greiðast úr fiskiskipatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 106/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R.

Kona datt vegna rofs á gangstétt á Laugavegi og slasaðist 12.8.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 8.4.2016

Málsatvik.

M datt um holu sem var umhverfis tré í gangstétt við Kirkjuhúsið á Laugavegi í Reykjavík og axlarbrotnaði. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V og telur að starfsmenn R beri ábyrgð á slysi hennar á grundvelli sakarreglu íslensks skaðabótaréttar og beri ábyrgð á umræddri gangstétt. Af hálfu M er á það bent að ekki hafi verið um misfelli í gangstétt að ræða heldur hafi verið hola umhverfis tré sem M datt um. M segir að þessar aðstæður séu óviðunandi og til þess fallið að skapa slysaþættu auk þess sem R hafi vanrækt athafnaskyldu sína til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir holamyndun. V hafnar bótaskyldu og segir ósannað að hola hafi myndast við tréð og þegar starfsfólk R hafi mætt á slysstað hafi það lagfært misfelli á hellulögn vegna trjárótar, en enga hellu hafi vantað í gangstéttina og ekki komi fram að starfsfólkið hafi orðið vart við holu í beðinu við tréð. V telur enn fremur ósannað að þó það hafi verið hola í beðinu að starfsfólk R hafi vitað af því fyrir slysið og starfsfólkið vissi ekki af misfelli í gangstéttarlögninni í nánd við slysstaðinn fyrr en eftir slysið.

Álit.

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á að starfsfólk R eða aðrir sem R ber ábyrgð á hafi vitað af misfelli við tréð þar sem M féll og axlarbrotnaði. Af gögnum málsins og myndum af vettvangi verður ekki ráðið að aðstæður þar sem slysið varð séu þess eðlis að leiði til sakar R. Þar sem M hefur ekki sýnt fram á að slys hennar stafi af vanrækslu eða sök starfsfólks R eða öðrum sem R ber ábyrgð á eða að aðstæður á slysstað hafi verið óforsvaranlegar á hún ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 25.5.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 107/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar F og
vátryggingafélagið V-2 v. fasteignatryggingar.

Vatnstjón í íbúðarhúsi þ. 13.11.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V -1 dags. 19.4.2016.
3. Bréf V-2 dags. 19.5.2016.

Málsatvik.

Vatn flæddi inn í kjallara húss M úr frárennislögnum í eigu F. M krefst bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu F og vatnstjónstryggingu. M segir að frárennislögnin hafi verið í ólagi í mörg ár og stjórnendum F hafi átt að vera kunnugt um vandamálið en tvisvar eða þrisvar hafi stífla verið losuð úr lögninni. M segist hafa fengið upplýsingar um að ekki hafi verið hægt að hreinsa lögnina eftir tjónsdag þar sem vatnsrör lægi þvert í gegn um hana. M segir að eftir að hann varð fyrir tjóninu þ.13.11.2014 hafi flætt aftur inn í kjallarann og lögnin stíflast tvívegis. V-1 hafnar bótaskyldu úr frjálstri ábyrgðartryggingu F og segir að miklar rigningar og asahláka hafi verið þegar tjónið varð, en gögn málsins séu afar takmörkuð um hvað varð þess valdandi að lagnirnar höfðu ekki undan að flytja það vatn sem um þær flæddi í umrætt sinn og engin matsgerð liggja fyrir eða önnur gögn um ástand lagnarinnar. V-1 segir að forsvarsmönnum F hafi ekki verið kunnugt um að eitthvað væri athugavert við lögnina og F eða einhver sem F beri ábyrgð á hafi því ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. V-2 hafnar bótaskyldu og segir að tjón M hafi orðið af völdum vatns utan veggja hússins og tjónið falli því ekki undir vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar M hjá V.

Álit.

Vatnstjón M var af völdum utanaðkomandi vatns úr holræsum sem eru hluti af fráveitukerfi sveitarfélagsins F en á ekki upptök sín innan veggja húss M. Þess vegna er bótaskylda ekki fyrir hendi úr fasteignatryggingu M hjá V-2. Ágreiningslaust er að holræsið annaði ekki að flytja vatnsmagnið sem þurfti að flytja við þær aðstæður sem voru þegar M tjónið varð. Ástæður þess að holræsið flutti ekki það vatnsmagn sem þurfti og leiddi til þess að M varð fyrir tjóninu liggja ekki ljósar fyrir. Ekki hafa verið lögð fram gögn sem sýna að ástand lagnarinnar hafi verið ábótavant og þá með hvaða hætti eða F eða aðilum sem F ber ábyrgð á hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um að flutningsgeta lagnarinnar væri ekki nægjanleg. M hefur ekki lagt fram gögn sem sýna með nægilega skýrum hætti fram á að F beri ábyrgð á því tjóni sem um varð og forsvarsmönnum F eða þeim sem F ber ábyrgð á hafi vitað af því að lögnin var gölluð og á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V-1.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V-1 og M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V-2.

Reykjavík 24.6.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 108/2016**M
og
váttryggingafélagið V v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort áverkki á öxl hafi veri af völdum slyss.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags.25.4 .2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 9. september 2014 vann M ásamt öðrum starfsmönnum vinnuveitanda síns við að flytja vél og lyfta henni upp á 2. hæð í tilteknu húsi. Lyftari var notaður til að lyfta vélinni upp á hæðina en náði ekki að lyfta henni alla leið. Var þá lyft undir vélina með handafli til að ná því sem upp á vantaði. Við það varð M fyrir meiðslum.

Vinnuveitandi M hafði í gildi slysatryggingu launþega hjá V. Í tjónstilkynningu M til V, dags. 1. mars 2015, er áverkanum sem hann fékk lýst á þann veg að hnykkur hafi komið á handlegg auk mikils sársauka og verks sem hafi dofnað. Daginn eftir hafi handleggurinn verið sem lamaður og hann farið til læknis. Í tilkynningu vinnuveitanda um slysið til V, dags. 15. mars 2015, segir að verið var að lyfta vél með lyftara og handafli upp á 2. hæð, við það hafi slitnað sin í hægri öxl M.

Í læknisvottorði heimilislæknis M, dags. 10. október 2014, kemur fram að deginum áður hafi M verið að lyfta vél við vinnu þegar hann fann smell í hægri öxl. Þar segir einnig að einkenni hafi gefið grun um rof á „supraspinatus“, hann fari í sjúkrahjálfun og það taki um þrjá mánuði fyrir sinina að gróa. M leitaði til bæklunarskurðlæknis á stofu 5. febrúar 2015. Í fyrirliggjandi vottorði bæklunarskurðlæknisins, dags. 30. maí 2016, kemur fram að M hafi lýst því að hann hafi verið við vinnu sína síðastliðið haust að lyfta þungu stykki er hann hafi fengið högg á hægri öxlina og eftir það mikla verki. Í niðurlagi vottorðsins, undir fyrirsögninni „Samantekt og álit“, segir m.a. að læknirinn geti staðfest að M hafi komið til skoðunar í febrúar 2015 og lýst slysi eða áverka hálfu ári áður. Við skoðunina hafi hann verið með ágætis hreyfiferla og finan styrk í öxlinni en segulóm skoðun hafi sýnt að hluta til rifu á einni sin. Einnig segir svo í niðurlagskafla vottorðsins: „Undirritaður getur ekki staðfest neitt varðandi slysdag eða áverkamekanisma og vísar því til heilsugæslulækna varðandi það...“

M hefur krafist bóta úr launþegatryggingunni hjá V. V hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu þar sem ekki væri sýnt fram á að áverkki M hafi orðið af völdum slyss í skilningi skilmála váttryggingarinnar.

Álit.

Í grein 1.1 í skilmálum V fyrir slysatryggingu launþega segir að félagið greiði bætur vegna slyss, er váttryggður verður fyrir eins og greinir í skilmálunum, váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Enn fremur segir í gr. 1.2 að með orðinu "slysdag" sé í skilmálunum átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannanlega án vilja hans.

Að framan hefur verið gerð grein fyrir þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu um það atvik er sin mun hafa rofnað í hægri öxl M er hann, að því er ætla verður, lyfti undir vél til að koma henni síðasta spölinn upp á 2. hæð í húsinu. Í tjónstilkynningu sinni til V kveður M að hnykkur hafi komið á handlegg. Í vottorði heilsugæslulæknis er því lýst að M hafi fundið smell í hægri öxl. Þá segir vottorði bæklunarskurðlæknis að M hafi lýst því svo að hann hafi fengið högg á hægri öxlina. Ekki verður séð af þessu að fullt samræmi sé í lýsingum M á því hvernig áverkinn hafi borið að höndum. Ekki er heldur að finna nánari útlistun á því hvernig M hafi fengið hnykk á handlegg, eins og segir í tjónstilkynningunni til V, eða hvernig hann hafi fengið högg á hægri öxl, eins og hann mun hafa lýst því fyrir bæklunarskurðlækninum hvernig hann varð fyrir áverkanum.

Að öllu virtu verður ekki talið samkvæmt gögnum málsins að M hafi sýnt nægilega fram á að hann hafi orðið fyrir áverkanum af völdum utanaðkomandi atburðar eins og áskilið er svo um slys geti verið að ræða í skilningi váttryggingarskilmálanna. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 109/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og C
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Digranesvegi í Kópavogi 15.12.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 ódagsett
3. Bréf V-2 dags.26.4.2016
4. Þrjár myndbandsupptökur.

Málsatvik.

Bifreiðarnar voru á akstri suðaustur Digranesveg þegar óþekkt bifreið stoppar við afleggjarann að Digraneskirkju. Ökumaður C nær ekki að stoppa og ekur aftan á B sem kastast á A. Ökumaður A segist hafa stoppað af því að bifreið fyrir framan sig stoppaði við afleggjarann að Digraneskirkju en síðan hafi komið högg aftan á A þegar B lenti á A. Ökumaður B segist hafa stoppað um 2 metra fyrir aftan A og hafi flautað á bifreiðarnar og síðan hafi C ekið aftan á B og við það hafi B kastast á A. Ökumaður C segist hafa verið að aka niður Digranesbrekkuna og litið aðeins til hliðar og síðan hafi bifreiðin fyrir framan hann verið aðeins á ská stopp og hafi hann bremsað en lent aftan á B.

Álit.

Ökumaður A stöðvar vegna þess að bifreið er stopp fyrir framan hann. Ökumaður B stöðvar fyrir aftan A, en ökumaður C ber sjálfur að hann hafi litið til hliðar og síðan hafi bifreiðin fyrir framan hann verið stopp aðeins á ská. Af myndbandsupptökum að dæma þá var bifreið B nokkuð á ská, en ekki liggur fyrir hvort það hafi gerst við áreksturinn eða fyrr. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en orsök árekstursins sé sú að ökumaður C gætir ekki nægjanlegrar varúðar og hafi ekki verið með fulla athygli og aðgát við aksturinn. Ökumaður C ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður C ber alla sök.

Reykjavík 1.7.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 110/2016**M og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á bifreiðastæði við Þingvallaveg 10. desember 2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 28.4.2016.

Tölvupóstur M, dags. 18.5.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B á bifreiðastæði við Þingvallaveg. Ökumenn skiluðu sitthvorri tjónstilkynningunni vegna atvika málsins og ber ekki saman um þau m.v. þær skýrslur. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið að koma sér út af stæðinu smátt og smátt og hafi nýverið búinn að bakka þegar bifreið B hafi verið ekið aftan á bifreið A. Ökumaður bifreiðar A segir að bifreiðin hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Ökumaður bifreiðar B segir enn fremur að bifreið hans hafi verið kyrrstæð og bifreið A hafi verið bakkað á bifreið B. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa gefið hljóðmerki þegar hann sá í hvað stefndi.

M, sem ökumaður bifreiðar A, telur að ökumaður bifreiðar B beri alla ábyrgð á árekstrinum með því að hafa ekið á bifreið A. M leggur áherslu á að bifreið hans hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. M auk þess telur skýringar ökumanns B á atvikum ekki standast, bifreið B hafi ekki verið komin inn í bifreiðastæði þegar árekstur varð og eins og ökumaður bifreiðar B hafi verið í kappakstri eða að troða sér inn á milli trjágróðurs við bifreiðastæði og bifreiðar A, án þess að gefa hljóðmerki.

V1 hefur ekki sérstakar athugasemdir við efnisatriði málsins.

Álit.

Samkvæmt tjónstilkynningum beggja ökumanna voru báðar bifreiðar kyrrstæðar þegar þær lentu saman en ekki verður séð af myndum af bifreiðunum að árekstur hafi verið harður. Ef báðar bifreiðar hefðu verið kyrrstæðar hefði árekstur væntanlega ekki orðið. Það verður því að líta til framburðar hvors um sig um hvernig akstri var háttáð áður þeir telja sig hafa stöðvað hvora bifreið um sig. Í skýrslu ökumanns bifreiðar A kemur fram að hann hafi bakkað bifreiðinni til þess að komast út af bifreiðastæðinu en hafi verið búinn að ljúka því þegar árekstur varð. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið búinn að leggja bifreið B og á leið út úr henni þegar árekstur varð. Þó hvorugur ökumanna viðurkenni að hafa verið á ferð á bifreiðum sínum þegar árekstur varð verður að líta til þess að sérstök aðgæsluskylda hvílir á þeim sem ekur aftur á bak, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þ.e. hann þarf að gæta þess að það sé hægt án hættu og óþæginda fyrir aðra. Verður því að leggja sönnunarbyrði á ökumann bifreiðar A um að hann hafi gætt þess nægilega vel. Með hliðsjón af gögnum málsins verður ekki annað séð en að áreksturinn hafi orði í nægilega miklum tengslum við að bifreið A var ekið aftur á bak að leggja verði alla sök á ökumann bifreiðar A. Af sömu gögnum telst ekki nægilega sannað að ökumaður bifreiðar B hafi ekið ógætilega í greint sinn. Öll sök verður því lögð á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.

Öll sök á bifreið A.

Reykjavík, 14. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 112/2016**M og****vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2) v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða við Hraunbæ 30 í Reykjavík 28.10.2015.****Gögn.**

1. Málskot, mótttekið þ. 12.04.2016 ásamt fylgiskjölum
2. Tölvupóstur V-2, dags. 13.5.2016
3. Bréf V-1 dags 4.5.2016 ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.

Ökumaður B ók bifreið sinni austur Hraunbæ með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri inn að húsi nr. 109. Um leið og bifreiðinni var beygt til vinstri ók ökumaður A bifreið sinni, sem var að aka í sömu stefnu og B, inn í hlið B við ætlaðan framúrakstur. Ökumaður B kvaðst hafa gefið stefnuljós tímanlega og hægt vel á bifreiðinni áður en hann beygði og er sú frásögn studd með framburði vitnis. Á vettvangi er hálfbrotin miðlína. Ökumaður A reyndist vera undir áhrifum fíkniefna og var metinn óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega.

Í málskoti kemur fram að ökumaður B telji að alla sök beri að leggja á ökumann A þar sem hann hafi í fyrsta lagi ekki sýnt af sér nægilega aðgæslu miðað við aðstæður þegar áreksturinn varð. Við þessar aðstæður hafi hann átt að aka hægra megin fram úr B, sbr. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í öðru lagi hafi ökumanni A borið að sýna fyllstu aðgæslu við framúraksturinn, sbr. 2. mgr. 20. gr. s.l., þar sem fram kemur að ökumaður, sem ætlar framúr ökutæki, skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu en það hafi hann ekki gert. Í þriðja lagi að ökumaður A hafi brotið gegn skýru banni við framúrakstri á vegamótum, sbr. 22. gr. s.l. Í fjórða lagi að þar sem vegurinn hafi verið merktur hálfbrotinni línu þar sem áreksturinn varð hafi verið varhugavert að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð, sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. Í fimmta lagi er bent á þá staðreynd að ökumaður A hafi verið sannanlega óhæfur til þess að aka ökutækinu umrætt sinn, enda undir áhrifum fíkniefna. Slík háttsemi sé í brýnni andstöðu við 45. gr. a umferðarlaga. Einnig segi vitni að A hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður.

Í bréfi V-1 til nefndarinnar kemur fram að félagið telji að ekki sé orsakasamband milli ástands ökumanns A og árekstursins og að ósannað sé að A hafi verið ekið umfram leyfilegan hámarkshraða. Þá telur félagið að sú staðreynd að ökumaður B hafi gefið stefnuljós í tíma leysi hann ekki undan aðgæsluskyldu gagnvart umferð sem á eftir kemur, sbr. 5. mgr. 31. gr. og 2. mgr. 15. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr. umferðarlaga. Þá fjallar V-1 um aðgæsluskyldu þar sem hálfbrotin miðlína er til staðar og telur að við slíkar aðstæður sé rétt að leggja 2/3 sakar á þann ökumann sem ekur fram úr.

Álit.

Sá sem fer framúr annarri bifreið á akbraut verður að gæta að ákvæðum 20.-22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram kemur að ávallt beri að sýna aðgæslu við framúrakstur. Einnig kemur fram í 23. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995 að þeim sem ekur yfir hálfbrotna miðlínu ber að hafa í huga að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð. Með hliðsjón af aðstæðum á vettvangi þykir ökumaður bifreiðar A ekki hafa gætt umræddrar varúðar nægilega vel, auk þess sem vitni ber um að ekið hafi verið nokkuð greitt. Ber hann meginhluta sakar vegna árekstursins. Þrátt fyrir sannaða fíkniefnaneyslu ökumanns bifreiðar A liggur ekki fyrir sönnun á orsakasambandi milli þess ástands ökumannsins og árekstursins.

Ökumaður bifreiðar B þykir hins vegar ekki hafa gætt nægilega vel að umferð fyrir aftan sig áður en hann tók vinstri beygju. Vitni staðfestir að ökumaður bifreiðar B hafi gefið stefnumerki og ekki

er ástæða til þess að draga í efa framburð hans. Stefnumerkjagjöf leysir ökumann bifreiðar B hins vegar ekki frá þeirri skyldu að hugað að umferð fyrir aftan sig, sbr. fyrirmæli í 2. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. umferðarlaga. Þykir ökumaður bifreiðar B því einnig bera sök.

Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður A beri $2/3$ hluta sakar en ökumaður B beri $1/3$ hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber $2/3$ sakar og ökumaður bifreiðar B ber $1/3$ sakar.

Reykjavík 1.7.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 113/2016**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Líkamstjón hjólreiðamanns undir Gullinbrú 14. ágúst 2014.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.4.2016, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 2.5.2016.

Málsatvik.

Ágreiningslaust er að M var að hjóla á stíg undir Gullinbrú þegar hann hlaut líkamstjón í samstuði við annan hjólreiðamann. Samkvæmt gögnum málsins, m.a. myndbandsupptöku, voru aðstæður á vettvangi þannig að á nálægum ljósastaur var sérstakt umferðarskilti sem varaði við blindbeygju framundan. Einnig liggur fyrir að speglar höfðu verið settir upp á vettvangi, í þeim tilgangi að auðvelda þeim sem væru að mætast á þessum stað að sjá hinn. Þegar M varð fyrir líkamstjóninu 14. ágúst 2014 voru hins vegar umræddir speglar ekki uppi, en skv. upplýsingum frá X hafði borið á því að á þeim væru unnin skemmdarverk og þeir rifnir niður.

M telur að aðstæður á vettvangi hafi verið hættulegar og að sveitarfélagið X beri ábyrgð á því skv. skyldum t.d. í 10. og 56. gr. vegalaga nr. 80/2007. Þar komi fram að veghaldari eigi að annast viðhald og að af gáleysi við veghaldið leiði skaðabótaábyrgð X sem veghaldara. Gáleysið felist í því að hafa haft aðstæður með þessum hætti á hjólreiðastíg þar sem þær hafi verið augljóslega hættulegar fyrir vegfarendur. Það megi annars vegar sjá af því að X hafi sett upp spegla, en látið sér svo í léttu rúmi liggja hvort þeir væru uppi, sem og að aðstæður hafi verið lagaðar stuttu eftir slys M og feli það í sér viðurkenningu á að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar.

V telur f.h. X að aðstæður hafi verið fullnægjandi í skilningi vegalaga. Umræddur stígur hafi verið hannaður sem göngustígur á sínum tíma og varað hafi verið við hættu með sérstöku umferðarskilti þegar umferð hjólreiðamanna fór að aukast fyrir nokkrum árum. Með því að X gerði ráðstafanir til að vara við hættunni hafi öllum vegfarendum átt að vera ljóst að þeir yrðu að gæta sérstakrar varúðar þegar þeir hjóluðu í blindbeygjuna. V telur að þó speglar hafi verið settir upp til að auðvelda sýn vegfarenda, hafi ekki hvílt á X að bregðast við um leið og þeir væru skemmdir.

Álit.

Í málinu liggja fyrir gögn sem sýna með óyggjandi hætti aðstæður á vettvangi á stígunum við Gullinbrú. Verður að ætla að það umferðarmerki sem sett var upp af hálfu X til að vara við umræddri blindbeygju hafi verið nægilega skýrt til að minna vegfarendur á að þeim bæri að fara að öllum með gát á umræddum stað, auk þess sem það má vera öllum ljóst sem þarna fara um að skert útsýni kallar á fyllstu aðgát. Ekki verður séð að það baki X skaðabótaábyrgð eitt og sér að það séu blindbeygjur á stígum sem eru ætlaðir til göngu og hjólreiða og ekki telst sýnt að aðstæður á vettvangi hafi verið þannig að rekja megi til gáleysis starfsmanna X. Verður því ekki fallist á skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2016.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 115 /2016
M og
vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins A.

Stúlka brotnaði á báðum fótleggjum fyrir fimleikaæfingu þ. 28.6.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið 3.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 22.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M var ásamt fleiri stúlkum í sal íþróttahúss og var fimleikaæfing um það bil að hefjast. M var á trampólíni þegar þrjár stúlkur stukku niður á hana og M fótbrotnaði á báðum fótum. Gæslumaður í íþróttahúsinu sagði að fólki væri ekki heimilt að fara inn í íþróttasalinn áður en þjálfari kæmi og hleypti þeim inn, en samt hefðu fimm stúlkur gert það, en gæslumaðurinn hafi sagt að þær mættu ekki vera í salnum, en þær hefðu samt farið inn og lokað á eftir sér. Stúlkurnar sem voru ásamt M í salnum í umrætt sinn sögðu að þær hefðu verið að skjóta hvor annarri upp í loftið af trampólíni og yfir á dýnu við hliðin og sögðu að slysið hefði átt sér stað þegar þær stukku inn á trampólínið. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V í ljósi aldurs stúlnanna, en M var á fjórtánda ári þegar slysið varð, reynslu þeirra af fimleikum og vanrækslu starfsmanns íþróttahússins. M vísar til 14.gr. íþróttalaga nr. 64/1998. Þá vísar M til þess að starfsmaðurinn hafi vitað af stúlkunum inni í íþróttasalnum og ekki hafi verið fylgt fyrirmælum um að börn væru ekki eftirlitslaus í salnum. M byggir á almennu sakarreglunni og meginreglunni um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til sakar A eða starfsmanna A auk þess sem tjón M sé ekki sennileg afleiðing af meintri háttsemi starfsmanns A. V vísar til þess að stúlkurnar sem fóru í leyfisleysi inn í íþróttasalinn hafi verið á fjórtánda ári og höfðu æft fimleika í íþróttahúsinu í mörg ár og hafi þekkt umgengnisreglur í húsinu mjög vel. M og þær stúlkur sem með henni voru hafi brotið gegn fyrirmælum starfsmanns og umgengnisreglum hússins og hljóti að bera ábyrgð á þeirri háttsemi sjálfar. Þá vísar V til þess að ekki sé sýnt fram á að starfsmaðurinn hafi ekki uppfyllt þau skilyrði um gæslu og eftirlit í íþróttahúsinu sem fram komi í lögum nr. 64/1998. Þá vísar V til þess að tjón M geti ekki talist sennileg afleiðing af háttsemi starfsmanns A.

Álit.

Í umrætt sinn voru stúlkur sem orðnar voru fjórtán ára eða á fjórtánda ári að bíða eftir að hefja fimleikaæfingu, en upplýst er og ómótmælt að þær hafi þá æft fimleika svo árum skipti og þekkt vel til aðstæðna í umræddu íþróttahúsi og þeirra reglna sem þar giltu. Fram kemur einnig að M og þeim stúlkum öðrum sem fóru inn í íþróttasalinn áður en æfingin hófst hafi verið bent á að þeim væri það ekki heimilt, en þær hafi ekki látið sig það nokkru skipta. Ekki er sýnt fram á að aðstaða eða aðstæður í íþróttasalnum eða húsinu hafi verið óviðunandi eða hættulegar og þá verður ekki á það fallist miðað við aðstæður og aldur stúlnanna að gæslumaður íþróttahússins hafi sýnt af sér saknæma vanrækslu í umrætt sinn eða mátt ætla að M gæti orðið fyrir slysi eins og því sem um ræðir. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 7.6.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 116/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar veitingahúss.****Kona rann á dagblöðum sem lögð höfðu verið á gólf veitingastaðar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 12.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V, dags. 28.4.2016.

Málsatvik.

M var gestur á veitingastað sem rekinn er af fyrirtækinu A 26. júní 2015 og hafði setið við annan mann innst í einu horni veitingastaðarins og snætt þar kvöldverð. Hún þurfti að bregða sér á salerni í öðrum enda veitingasalarins og fór þangað eftir nokkurs konar gangvegi á milli borða í salnum. Á leið sinni til baka gekk hún yfir dagblöð sem lögð höfðu verið á gólfið á gangveginum við eitt borðið þar sem olía mun hafa hellst á gólfið. Rann þá M aftur fyrir sig á dagblöðunum og féll í gólfið og varð fyrir meiðslum. Á myndum úr öryggismyndavél á staðnum má sjá tildrög þess að M féll í gólfið. Þar sést er starfsmaður veitingastaðarins lagði blöðin á gólfið og stóð svo til hliðar í gangveginum er M kom og steig á dagblöðin með fyrrgreindum afleiðingum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur viðurkennt bótaskyldu að $\frac{3}{4}$ hlutum en telur M eiga að bera fjórðung tjónsins vegna eigin sakar. M hefur ekki fallist á þá sakarskiptingu.

Álit.

Af þeim myndum sem liggja fyrir af slysinu og tildrögum þess má sjá hvar starfsmaður veitingastaðarins dreifði úr dagblöðum á gólfið milli borða. Að svo búnu vék starfsmaðurinn frá örskamma stund en kom svo aftur og stillti sér upp til hliðar í gangveginum framan við dagblöðin. Strax í kjölfar starfsmannsins kom svo M og steig á dagblöðin og rann á þeim nær umsvifalaust. Engar aðvaranir voru við blöðin um að stíga þyrfti á þau með varúð og starfsmaðurinn sem þarna stóð varaði hana heldur ekki við eða stöðvaði för hennar yfir blöðin. Þótt M kunni að hafa gengið rösklega til sætis síns verður ekki séð að hún hafi gengið óeðlilega hratt og þegar litið er til þess að svo virðist sem M hafi gengið að dagblöðunum á eftir starfsmanninum verður af gögnum málsins ekki ráðið með neinni vissu að hún hafi séð dagblöðin framundan á gólfinu fyrr en í þann mund sem hún steig á þau. Verður að telja að hún hafi ekki haft mikið svigrúm til að breyta göngu sinni yfir blöðin né heldur að hún hafi haft ástæðu til að ætla að varasamt gæti verið að ganga yfir þau. Að öllu virtu verður ekki talið að nægilega hafi verið sýnt fram á samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að M hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leitt getur til meðábyrgðar hennar á tjóninu. Hún telst því eiga óskertan rétt til bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Bóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 117/2016
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar sjómanna.

Sjómaður meiddist þegar hann var að toga í gils 11.11.2014

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.4.2016 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 14.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir lýsingu frá 11.11.2014 úr skipsdagbók sem segir að M hafi tilkynnt að hann hafi meitt sig þegar hann var að toga fast í gilsinn og eitthvað hafi hrokkið til í síðu hans. M krefst bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V og telur að meiðsli sín hafi orðið með þeim hætti að það heyrir undir slysatryggingu sjómanna. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi ekki orðið fyrir slysi skv. skilmálum slysatryggingar sjómanna og vísar til greinar 1.3. í vátryggingarskilmálum þar sem segir m.a. að með orðinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum vátryggðs og gerist án vilja hans. V telur að meiðsli M stafi ekki frá slysi og því sé ekki um bótaskyldu að ræða.

Álit.

Gögn málsins eru afar takmörkuð og ekki á öðru að byggja hvað varðar meiðsli M en því sem fram kemur í skipsdagbók og rakið er hér að framan. Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu þá verður ekki annað séð, en að meiðsli M stafi af því að hann togaði fast í gilsinn í umrætt sinn og eitthvað gaf sig í líkama hans eða eins og það er orðað í skipsdagbókinni, „eitthvað hafi hrokkið til í síðu hans“. Ekki verður því annað séð en meiðsli M verði rakið til einhvers sem gerist í líkama hans sjálfs en verði ekki rakið til utanaðkomandi atviks. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V

Reykjavík 14.6.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 118/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ innbústryggingar.****Farsíma stolið af náttborði í íbúð þar sem samkvæmi var haldið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 20.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi föstudagsins 18. mars 2016 hélt M „smá party“ á heimili sínu. Hún var með símann sinn í hleðslu á náttborði í svefnherbergi sínu. Lokað var inn í svefnherberið en dynnar þó ólæstar. Þegar líða tók á kvöldið komu tveir óboðnir gestir í heimsókn. Nokkurn tíma tók að koma þeim út og þegar að því var komið að kalla til lögreglu létu þeir loks segjast og fóru. Nokkru síðar, eða um tvö leytið, kveðst M hafa áttað sig á að annar hinna óboðnu gesta hafði farið inn í svefnherbergið og tekið símann ófrjálsri hendi. Síminn mun ekki hafa komið í leitirnar.

M hefur krafist bóta vegna tjóns vegna missis símans úr innbústryggingarlið fjölskyldutryggingar sem hún hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis í vátryggingarskilmálum þar sem fram komi að vátryggingin taki til þjófnaðar úr ólæstri íbúð, en forsenda bótaskyldu sé að eðlileg aðgát sé viðhöfð. Telur V að M hafi ekki sýnt eðlilega aðgát þegar hinir óboðnu gestir komust inn í íbúðina og áttu um hana frjálsa för, auk þess sem þjófnaðurinn hafi ekki verið tilkynntur lögreglu þegar í stað með ósk um rannsókn, eins og skylt hafi verið samkvæmt 62. gr. skilmálanna.

Álit.

Í 1. kafla vátryggingarskilmála fjölskyldutryggingar M hjá V er fjallað um innbústryggingu en 2. gr. og 7. gr. eru innan þessa kafla skilmálanna. Í fyrsta málslið 2. gr. segir að vátryggingin taki til innbús, almenns og sérgreinds, sem eru í eigu hinna vátryggðu. Í 7. er sérstök yfirlitsmynd þar sem bótasvið vátryggingarinnar er nánar tilgreint undir 13 stafliðum, A-M. Samkvæmt staflið E tekur vátryggingin til þjófnaðar úr grunnskóla og ólæstri íbúð. Jafnframt er þess getið að forsenda bótaskyldu sé að eðlileg aðgát sé viðhöfð.

Krafa vátryggingarskilmálanna um að eðlileg aðgát skuli viðhöfð felur í sér fyrirmæli um að vátryggður skuli viðhafa tiltekna háttsemi eða athöfn við gæslu innbúsmuna þegar sú hætta er m.a. fyrir hendi að innbúsmunum geti verið stolið úr ólæstri íbúð. Ekki er unnt að líta svo að í fyrirmælum þessum felist hlutlæg ábyrgðartakmörkun á gildissviði vátryggingarinnar. Þó er krafa sú sem í ákvæðinu felst svo almennt orðuð og ekki svo skýr að hún geti talist varúðarregla í skilningi e-liðar 2. mgr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Er því óhjákvæmilegt að skýra ákvæðið í samræmi við 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um að félagið losni úr ábyrgð í heild eða að hluta þegar vátryggður hefur valdið vátryggingaratburði með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að farsíma M hafi verið stolið af völdum háttsemi hennar sem metin verður til stórkostlegs gáleysis. Eru því ekki skilyrði að lögum til að skerða bætur eða fella niður á grundvelli fyrrgreinds skilmálaákvæðis um að eðlileg aðgát skuli viðhöfð. Ekki verður heldur séð að það verði virt M til stórkostlegs gáleysis að hafa ekki tilkynnt þjófnaðinn til lögreglu, sbr. 62. gr. skilmálanna. Eru því heldur ekki skilyrði til að skerða bætur eða fella þær niður þótt lögreglu hafi ekki verið tilkynnt um atburðinn, sbr. 28. gr. laga nr. 30/2004. Að framangreindu athuguðu telst M eiga rétt á að fá tjón sitt að fullu bætt úr innbústryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum vegna þjófnaðar á farsíma úr innbústryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 119/2016**M****og****vátryggingafélagið V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Tómlætisfrestur 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

Málskot, móttakið 12.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 19.4.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M á í ágreiningi við fyrrverandi eiginkonu sína (X) vegna atvika í tengslum við lífeyrisréttindi og liggur fyrir í málinu stefna X gegn M sem þingfest var í Héraðsdómi Reykjavíkur 29. október 2015. Í málinu liggja einnig fyrir upplýsingar um að í skilnaðarsamningi M og X hafi verið ákvæði um skiptingu lífeyrisréttinda. Af gögnum málsins má einnig sjá að ágreiningur sá sem leiddi til umrædds dómsmáls er að minnsta kosti hægt að rekja til bréflægs svars M dags. 13. mars 2015 við áskorun X um að M legði fram tiltekin lækisfræðileg gögn. Í tölvupóstum dags. 12. og 17. mars 2015 tilkynnti lögmaður M um umræddan réttarlegan ágreining til V. Í tölvupósti dags. 18. mars 2015 hafnaði V greiðsluskyldu með þeim rökum að ágreiningur M og X varðaði hjónaskilnað þeirra og væri slíkur ágreiningur undanþeginn greiðsluskyldu, sbr. gr. 38 í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar. Einnig væri ekki uppfyllt ákvæði 37. gr. sömu skilmála um að vátryggingin þurfi að hafa verið í gildi í tvö samliggjandi ár áður en ágreiningur kemur upp.

M telur að ágreiningur sé ekki í tengslum við hjónaskilnað heldur uppgjör á lífeyrisréttindum löngu eftir að þau X skildu. Einnig vísar M til þess að um nýtt mál sé að ræða eftir að M var stefnt í október 2015 og hafi hann þá verið búinn að vera með vátryggingu hjá V í meira en 2 ár.

V telur í fyrsta lagi að afstaða félagsins til málsins hafi legið fyrir með tölvupósti 18. mars 2015 og þá hafi verið vísað til þess að M hefði eitt ár skv. 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga til að bera neitun félagsins undir úrskurðarnefnd eða dómstóla. Það hafi M ekki gert fyrir en málskoti til úrskurðarnefndar, sem móttékið hafi verið 12. apríl 2016. Hafi þá ársfresturinn verið liðinn. Í öðru lagi telur V að ágreiningur M og X sé þess eðlis að hann varði hjónaskilnað þeirra þar sem í skilnaðarsamningi hafi verið kveðið á um skiptingu lífeyrisréttinda og að ágreiningur hafi komið upp í málinu, þó stefna hafi ekki legið fyrir fyrr en í október 2015, fyrr á árinu 2015 og þá hafi ekki verið liðin tvö samliggjandi ár þar sem M hafi haft fjölskyldutryggingu hjá V.

Álit.

Í 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram að ef vátryggingafélag hafnar kröfu vátryggðs í heild eða að hluta glati hann rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. sömu laga innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað. Einnig kemur fram að í slíkri tilkynningu skuli þess getið hver fresturinn er og með hvaða hætti er unnt að rjúfa hann og afleiðinga þess að ekki er aðhafst fyrir lok hans. Þegar litið er til samskipta lögmanns M við V verður ekki annað séð en að í tölvupósti V dags. 18. mars 2015 hafi kröfu M verið hafnað. Kröfu sem á rætur sínar að rekja til ágreinings sem kom upp í síðasta lagi í upphafi árs 2015 þó málinu hafi ekki verið stefnt fyrr en í október það ár. Þegar kröfunni var hafnað benti V á þau atriði sem tilgreind eru í 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga. Verður því ekki hægt að líta framhjá því að að þegar málskot M var móttékið hjá nefndinni hafi ársfrestur umrædds ákvæðis hafi liðið 18. mars 2016 og hafi M því glatað mögulegum rétti sínum til bóta þar sem málskot hans hafi ekki borist fyrr en 12. apríl 2016.

Þegar af þeirri ástæðu er ekki ástæða til að fjalla frekar um 37. eða 38. gr. vátryggingarskilmála V.

Niðurstaða.

M hefur glatað rétti til bóta úr málskostnaðartryggingu fjölskylduþryggingar hjá V á grundvelli 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Reykjavík, 14. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 120/2016**M****og****vátryggingafélagið V vegna vatnstjónsliðar húseigendatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum vatnsleka á við sturtu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V dags 23.3.2016 (líklega röng dagsetning), ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur M, dags. 27. apríl 2016.

Málsatvik.

Í febrúar sl. tilkynnti M um tjón á húseign sinni til V. Í tjónstilkynningunni kemur fram að M tilkynnir um leka úr vatnslögn innan veggja og vísar til þess að „svo virðist sem leki undir sturtubotni hafi farið smám saman vaxandi og runnið undir parket í stofu“. M vísar til þess í málskoti að sprunga hafi komið á botn í sturtuklefa og þannig hafi vatn farið undir klefann og smátt og smátt hafi safnast saman vatn sem olli síðan skemmdum sem hann telur falla undir gildissvið vátryggingarskilmála sinna hjá V.

Starfsmaður V fór að kanna aðstæður strax eftir að tjónstilkynning barst og telur V, með hliðsjón af þeirri skoðun, að blöndunartæki sturtu hafi verið slitin og frágangur sturtuklefa hafi verið slæmur, auk þess sem ástand hans hafi verið slæmt. V telur að tjónið falli ekki undir gildissvið 1. gr. vátryggingarskilmála húseigendatryggingar þar sem það stafir ekki af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka, eins og þar sé áskilið. Einnig vísar V til c.liðar sömu greinar um það sem vátryggingin bætir ekki, en þar er sérstaklega tekið fram að tjón sem hljótist af langvarandi raka eða vatnsleka bætist ekki. V telur að hvort sem leka megir rekja til þess að sturtubúnaður hafi ekki verið í lagi eða að það hafi verið sprunga á sturtubotni, þá sé tjónið vegna langvarandi raka og bætist því ekki úr vátryggingunni.

Álit.

Samkvæmt vátryggingarskilmálum þeim sem um vatnstjónstrygginguna gilda bætir vátryggingin skemmdir á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum hennar. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að um langvarandi vatnsleka hafi verið ræða frá opnu og ófrágengnu vatnsröri. Eins hér stóð á verður tjónið á fasteign M ekki rakið til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka úr vatnsleiðslum eins og áskilið er í fyrrgreindu skilmálaákvæði, þó ástæða lekans kunni að vera sprunga í sturtubotni. Af þeirri ástæðu fæst tjónið ekki bætt úr vatnstjónstryggingarlið húseigendatryggingarinnar hjá X.

Niðurstaða.

Má ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingarlið húseigendatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 121/2016**M og
vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega og frjálsrar ábyrgðartryggingar T****Starfsmaður í verslun slasaðist þegar hún var á leið niður stiga 22.7.2012.****Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 15.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 27.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M var við störf í verslun T og var á leið niður stiga og féll í stiganum og fótbrotnaði. M tilkynnti V um slysið þ.30.9.2014 eða rúmum 26 mánuðum eftir tjónsatvikið. V hafnar bótaskyldu úr slysátryggingu launþega á þeirri forsendu að slysið hafi verið tilkynnt eftir að ársfresturinn skv. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga lauk. M gerir kröfu um bætur úr slysátryggingu launþega og bendir á að M hafi leitað á slysadeild LSH daginn eftir slysið og þar hafi M verið sagt að horfur væru góðar og þetta mundi ganga yfir, en þegar M hafi verið ljóst að svo mundi ekki vera hafi hún leitað til bæklunarlæknis þ.22.9.2014 og í framhaldi af því mati bæklunarlæknisins að slysið mundi hafa í för með sér varanlegar afleiðingar hafi hún leitað til lögmanns og slysið hafi verið tilkynnt til V í beinu framhaldi. M telur því að ársfresturinn hafi ekki verið liðinn þar sem hún hafði ekki vitneskju um varanlegar afleiðingar slyssins fyrr en eftir lækni meðferðina hjá bæklunarlækninum. M gerir einnig kröfu um bætur úr frjálsri ábyrgðartryggingu T hjá V og telur að stiginn þar sem M datt hafi ekki verið í forsvaranlegu ástandi og vísar í því sambandi til 4.tl.3.gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. V hafnar því sem röngu og ósönnuðu að slys M megi rekja til atriða sem M ber skaðabótaábyrgð á. V bendir á að ekkert liggi fyrir um að stiginn sem um ræðir sé vanbúinn.

Álit.

Ekki liggur fyrir að M hafi vitað eða mátt vita að slys hennar mundi hafa varanlegar afleiðingar fyrr en hún hafði leitað aðstoðar bæklunarlæknis þann 22.9.2014. M tilkynnti slys sitt til V í beinu framhaldi af því og verður ekki á það fallist að M hafi tilkynnt slysið eftir að ársfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga var liðinn. M á því rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V. Ekki hefur verið sýnt fram á að stiginn þar sem M datt hafi verið hættulegur eða eitthvað ábótavant hvað hann varðar eða tjón M verði rakið til sakar T eða einhvers sem T ber ábyrgð á. Þegar af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu T hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum slysátryggingu launþega hjá V, en á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu T hjá V.

Reykjavík 7.6.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 122/2016**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar byggingaraðila.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss í nýbyggingu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í júlímánuði 2012 var M ráðinn í hlutastarf hjá fyrirtækinu A til að annast járnabindingar í húsbyggingu að Dalprýði 9 í Garðabæ en fyrirtækið B stóð að byggingunni. Um kl. 10 að morgni 31. júlí 2012 stóð M uppi á vinnupalli, svokölluðum röraverkpalli eða hjólapalli, í um 3 m hæð og vann við járnabindingar yfir glugga. Efstu gólfborð pallsins voru ekki í sömu hæð og mun borðið sem M stóð á hafa verið nær veggnum og í 3 m hæð en hitt borðið sem var fjær veggnum var um 40 cm lægra eða í um 2,60 m hæð. Engin handrið voru á pallinum.

M, sem var á 73. aldursári þegar slysið varð, kvaðst í vettvangsskýrslu lögreglu hafa verið á efra gólfborði vinnupallsins þegar hann hafi í fljótfærni stigið út af borðinu og dottið niður á neðra borðið og þaðan niður á sjálfa gólfplötuna. Hann kvaðst vera hættur störfum vegna aldurs en verið að hjálpa til við járnabindinguna fyrir fyrirsvarsmann B. Í síðari skýrslu hjá lögreglu kvaðst M ekki gera sér grein fyrir hvað gerðist, en hélt að liðið hafi yfir sig og hann dottið aftur fyrir sig niður af pallinum. Hann kvaðst sjálfur hafa tekið ákvörðun um að vinna verkið af pallinum. Pallurinn hafi verið þarna og smiðir á staðnum hafi notað hann einnig. M var ekki viss hverjum pallurinn tilheyrði.

Tveir fyrirsvarsmenn A gáfu skýrslu hjá lögreglu vegna slyssins. Í skýrslum þeirra kom m.a. fram að M hafi verið að störfum við húsbygginguna á vegum A, fyrirsvarismaður B hafi haft verkstjórn með höndum yfir M og það hafi ekki verið í verkahring A að fara yfir öryggis- og aðbúnaðarmál við M áður en hann hóf störf heldur þeirra smiða sem þarna voru. Þá virðast fyrirsvarsmennirnir ekkert hafa vitað um ásigkomulag vinnupallsins sem M hafði verið að vinna á þegar slysið varð.

Slysið var rannsakað af Vinnueftirliti ríkisins (VER). Í umsögn þess um slysið segir að það megi rekja annars vegar til þess að viðeigandi fallvarnir hafi ekki verið á vinnupallinum og hins vegar að ekki hafi verið búið að gera áhættumat fyrir þann verkþátt sem M vann við.

M kveður B bera ábyrgð á vanbúnaði vinnupallsins og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu. Kveður V ljóst samkvæmt upplýsingum frá B að aðrirallar hafi verið til staðar sem hefðu hentað mun betur fyrir það verk sem M hugðist inna af hendi. Enn fremur hafi starfsmenn B notað hjólapallinn sama dag og fjarlæggt þá handrið af pallinum þegar flytja átti hann á milli staða allt í samræmi við gr. 13.6 í reglugerð nr. 331/1989 um röraverkpalla, þar sem fram komi að alla hluti skuli fjarlægja eða skorða á hjólapalli áður en hann er fluttur til svo ekki sé hætt á að þeir falli niður.

Álit.

Ekki er um það deilt að vinnupallur sá sem M féll af hafi verið í eigu B. Af gögnum málsins virðist mega ráða að B hafi, eins og fyrr segir, verið byggingaraðili hússins en A komið að járnabindingum í byggingunni. Á hinn bóginn verður ekki ráðið með vissu hvort A hafi komið að verkinu sem sjálfstæður verktaki og annast þann verkþátt sem laut að járnabindingunni samkvæmt verksamningi við A ellegar að B hafi einungis lánað M til verksins hjá B. Hvað sem því líður er í máli þessu einungis gerð krafa um viðurkenningu á rétti M til bóta úr ábyrgðartryggingu B þótt A hafi í reynd verið vinnuveitandi M.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum merkir orðið atvinnurekandi í lögnum hvern þann sem rekur atvinnustarfsemi. Í 1. mgr. 17. gr.

laganna er mælt fyrir um það að þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir og aðrir, sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum. Með vísan til þessa fer ekki á milli mála að B var atvinnurekandi á byggingarstaðnum í skilningi laga nr. 46/1980 og á honum hvíldu því skyldur að sjá til þess að M væri tryggðu góður aðbúnaður og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum án tillits til vinnuréttarlegra tengsla þeirra. Bar B að sjá til þess að M mundi vinna við járnabindingarnar við trygg og örugg starfsskilyrði. M virðist hins vegar hafa unnið verkið eftirlitslaust í 3 m hæð á vanbúnum vinnupalli. Staðhæfingar af hálfu B um að aðrir pallar hafi verið til staðar sem hefðu hentað betur til verksins eru ekki studdar neinum gögnum. Ekki er heldur studd gögnum sú staðhæfing að handrið á pallinum hafi verið meðal hluta sem fjarlægja þurfti af honum svo flytja mætti hann á milli staða. Þá þykir mega taka undir þá niðurstöðu VER að orsök slyssins hafi m.a. verið sú að ekki hafi verið viðeigandi fallvarnir á pallinum. Ber B ábyrgð á þessum vanbúnaði og þar af leiðir að hann ber ábyrgð á líkamstjóni M sem hann hlaut í slysinu.

M mun hafa áralanga starfsreynslu af járnabindingum í húsbyggingum. Hann var engu að síður kominn á eftirlaun sökum aldurs þegar slysið varð en hafði ráðið sig tímabundið við járnabindingar í umræddri byggingu. Þótt það verði virt honum til nokkurs gáleysis að hafa notað vanbúinn vinnupallinn við járnabindingarnar umrætt sinn verður gáleysið ekki talið svo alvarlegt að það verði metið stórkostlegt. Eru því ekki skilyrði til að skerða rétt hans til skaðabóta vegna meðábyrgðar, sbr. 23. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim. M á því rétt til óskertra bóta fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 123/2016**M og****vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar launþega****Tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004
vegna slyss 5. júní 2012.****Gögn.**

Málskot, móttækið 15.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 2.5.2016.

Bréf lögmanns M dags. 2.5.2016.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína 5. júní 2012 og er atvikum lýst þannig í gögnum málsins að lyftara hafi verið bakkað yfir vinstri fót M með þeim afleiðingum að hann slasaðist á vinstri rist. M tilkynnti slysið til V 12. mars 2015. Í gögnum málsins kemur fram að M hafi leitað samdægurs til læknis eftir slysið og hafi verið greindir með kramningsáverka og afrifubrot á fyrsta framsristarbeiðni. M hafi verið eina nótt á sjúkrahúsi en ekki hafi þótt ástæða til aðgerðar. Viku síðar hafi M lagst aftur inn á sjúkrahús í nokkra daga vegna óþæginda auk þess sem hann hafi gengist undir húðtransplant-aðgerð í ágúst 2012. Í eftirliti hjá lækni í september 2012 kom fram að M hafi verið aumur í fætinum og var honum ráðlagt að leita til bæklunarlæknis. Það gerði hann ekki. Mat á afleiðingum slyssins fór fram í mars 2015 en undir lok þess árs versnaði líðan M og kemur fram í málskoti að hann hafi verið óvinnufær frá því í febrúar á þessu ári og fyrirhuguð sé önnur aðgerð vegna afleiðinga slyssins. M telur að hann hafi ekki fengið vitneskju um varanlegar afleiðingar slyssins fyrr en 7. mars 2015, þegar matsgerð vegna þess lá fyrir. Hann vísar til dóma hæstaréttar máli sínu til stuðnings, aðallega Hrd. 7/2009 og Hrd. 10/2015.

V telur að ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. gr. 5.1 í 2. kafla vátryggingarskilmála, hafi verið liðinn þegar M tilkynnti tjón sitt til V 12. mars 2015. Hann hafi gengist undir aðgerð í ágúst 2012 og síðasta læknisheimsókn vegna slyssins, áður en mat fer fram, hafi verið í september 2012. V telur, með hliðsjón af þessu, að M hafi vitað um atvik sem bótakrafa hans er reist á fljótlega eftir þetta, þ.e. að afleiðingar slyssins væru varanlegar, og hafi átt að vera það fullljóst í mars 2014, eða ári áður en hann tilkynnir um slysið til V. Tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga sé því liðinn og eigi M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um tímamarkið þar sem M eru ljós atvik sem krafa hans um bætur úr slystryggingu launþega er reist á, sbr. orðalag 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Þegar litið er til gagna málsins er ljóst að M var greindur með brot og kramningsáverka strax eftir slysið og gekkst undir aðgerð í ágúst 2012, sem og fengið tilvísun til bæklunarlæknis vegna óþæginda í september sama ár. Þó hann hafi ekki fylgt því eftir að fara til þess bæklunarlæknis sem honum var vísað til verður ekki annað ályktað af læknisfræðilegum gögnum málsins að M hafi haft veruleg óþægindi vegna áverkans allt frá degi tjónsatviks. Á haustmánuðum 2012 má ætla að M hafi mátt vera ljós atvik sem krafa hans um bætur úr slysatryggingu launþega er reist á. Tómlæti M sjálfs við að leita til bæklunarlæknis verða ekki metnar þannig að tímamunkturinn

færist fram í mars 2015. Til þess er einnig litið að þá þegar hafði slysið verið tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands, skv. upplýsingum í matsgerð, eða þann 19. júní 2012. Verður því ekki

talið að tilkynning til V hafi borist innan þess ársfrests sem tilgreindur er í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 124/2016
M og
vátryggingafélagið V v. flutningstryggingar.

Tjón á búslóð 18.2.2016. Ágreiningur um bótafjárhæð. Frávísun.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.4.2016 ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V dags. 29.4.2016

Málsatvik.

M flutti búslóð frá Danmörku til Grindavíkur og skemmdust tveir skápar í flutningnum. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu heldur hvaða verði V skuli bæta tjónið á skápunum. V er tilbúið til að greiða það verð sem skáparnir kostuðu í Danmörku, en M gerir kröfu til þess að V greiði hærri fjárhæð eða sem M telur að nemi viðgerðarkostnaði á skápunum. V viðurkennir bótaskyldu en segir ágreiningin snúast eingöngu að útreikningi á bótafjárhæð og geti úrskurðarnefnd í vátryggingamálum ekki úrskurðað um slíkan ágreining nema vátryggingafélagið samþykki og í þessu tilviki samþykkir V ekki að úrskurðarnefndin fjalli um þennan ágreining um bótafjárhæð.

Álit.

Í 2. mgr. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum segir að nefndin úrskurði um ágreining um bótafjárhæð að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Ágreiningur í máli þessu varðar ekki ágreining um bótaskyldu heldur bótafjárhæð. Þar sem V hafnar að úrskurðarnefndin fjalli um þann ágreining er málinu vísað frá nefndinni með vísan til ofangreindra ákvæða samþykta fyrir nefndina, sbr. auglýsing nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 7.6.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 125/2016**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar.****Ágreiningur um gildissvið ábyrgðartryggingar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 12.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 28.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Viðbótargögn frá M.

Málsatvik.

M er þjónustufyrirtæki með starfsemi sem felst í viðgerðum og viðhaldi á lækningatækjum, uppfærslu hugbúnaðar og vélbúnaðar því tengdu auk þjónustu við tölvukerfi sem þeim tengjast. Vegna starfsemi sinnar hafði M á árinu 2014 í gildi ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá V. Um vátrygginguna gildi sérstakur skildagi sem nefndist „viðtækari skildagi fyrir raftækjaverkstæði“, og orðaðist svo: „Þrátt fyrir ákvæði 4.3.2-4.3.3 almennu vátryggingarskilmálanna vátryggir félagið gegn þeirri skaðabótaábyrgð er stofnast vegna skemmda á tækjum sem vátryggingartaki hefur til viðgerðar, hreinsunar eða geymslu. Ábyrgð á tjóni af völdum bruna eða þjófnaðar er þó undanskilin, svo og ábyrgð vegna viðgerða á skipum eða tækjum úr skipum. Ef nauðsynlegt reynist að vinna verk að nýju vegna ófaglegrar eða ófullnægjandi vinnu, tekur vátryggingin ekki til kostnaðar við það.“

Í júlí 2014 vann M við lækningatæki hjá B, aðila í heilbrigðisþjónustu. Kom þá upp bilun í tækinu sem rekja mátti til mistaka starfsmanna M og viðurkenndi V bótakröfu vegna tjóns sem varð á sjálfu tækinu. B hefur enn fremur gert skaðabótakröfu á hendur M vegna fjárhagstjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir af völdum rekstrarstöðvunar meðan tækið var ónothæft vegna bilunarinnar. Hefur M krafist þess að tjón B vegna rekstrarstöðvunarinnar verði bætt úr ábyrgðartryggingunni hjá V. V hefur hafnað þeirri kröfu. M vill ekki una afstöðu félagsins og vísar í þeim efnunum til fyrrgreinds skildaga, bréfasamskipta við starfsmann V frá árinu 2002, þar sem fram komi m.a. að „[a]lmenni skilmálinn bætir afleidda tjónið...“, svo og tjóns frá árinu 2013 sem V bætti.

Álit.

Um ábyrgðartryggingu þá sem M hafði í gildi hjá V, þegar tjónið varð, giltu skilmálar félagsins um ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar. Í gr. 4.1 í skilmálunum er kveðið á um bótasvið vátryggingarinnar. Þar segir m.a., sbr. gr. 4.1.1, að vátryggingin bæti beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Í þessu felst að vátryggingin tekur einungis til beins tjóns, líkams- eða munatjóns, sem vátryggður ber skaðabótaábyrgð á, en tekur hins vegar ekki til óbeins eða afleidds tjóns, svo sem tjóns af völdum rekstrarstöðvunar.

Í greinum 4.2 til 4.13 í skilmálunum eru tilgreind tjón sem vátryggingin bætir ekki. Er þess getið í greinum 4.3.2 og 4.3.3 að vátryggingin bæti ekki tjón vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna sem vátryggður hefur tekið í heimildarleysi, ellegar tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Með fyrrgreindum viðtækari skildaga fyrir raftækjaverkstæði er þessum ákvæðum í reynd vikið til hliðar að því marki sem ákvæði skildagans segja til um. Það breytir hins vegar ekki því að óhaggað stendur ákvæði gr. 4.1.1 um að vátryggingin taki einungis til skaðabótaábyrgðar vátryggðs vegna beins líkams- eða munatjóns. Af fyrirliggjandi gögnum vegna bréfasamskipta starfsmanns V og M á árinu 2002 og uppgjörs tjóns frá 2013 verður ekki ráðið að V hafi í samningi sínum við M um ábyrgðartrygginguna vikið til hliðar því ákvæði skilmálans að

vátryggingin taki einungis til skaðabótaábyrgðar vegna beins tjóns. Að þessu virtu telst ábyrgðartryggingin ekki taka til ábyrgðar M á bótakröfu B vegna rekstrarstöðvunartjónsins.

Niðurstaða.

Skaðabótakrafa B vegna rekstrarstöðvunartjóns bætist ekki úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 126/2016

M

váttryggingafélagið V v/ innbústryggingar fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um greiðslu bóta vegna innbrots sem tilkynnt var 9. október 2015.**Gögn.**

Málskot, móttakið 16.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 6.5.2016.

Málsatvik.

Með tjonstilkynningu dags. 9. október 2015 tilkynnti M um innbrot í geymslu. Þar hafði ýmsum munum verið stolið, meðal annars munir sem tengdust mótörhjólaiðkun og köfun sem og snjóbretti og ferðatöskur. V féllst á að bæta tjon M, en hafnaði að hluta að bæta mótörhjólafatnað og hlífar sem tengjast þeim fatnaði og köfunarbúnað. Helstu röksemdir V fyrir því eru þær að mótörhjólafatnaður og hlífar teljist til auka- og/eða varahluta sem tilheyri vélknúnu ökutæki í eigu váttryggðs, í skilningi undanþáguákvæðis í gr. 1.5 í váttryggingarskilmálum. Nánar tiltekið sé greiðsluskylda V skv. umræddu ákvæði einungis bundin við 2% váttryggingarfjárhæðar og hafi V nú þegar greitt bætur upp að því marki fyrir mótörhjólafatnað og hlífar. Þessu til stuðnings vísar V til 72. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem kveðið er á um skyldu ökumanna til að nota tiltekinn hlífðarbúnað við akstur bifhjóls og sé því umræddur fatnaður og hlífar það nátengdur ökutæki að hann teljist til auka- og/eða varahluta þess. Hins vegar telur V að köfunarbúnaður M falli ekki undir gildissvið innbústryggingar skv. gr. 1.1.1 þar sem kemur fram að félagið bæti tjon á almennu innbúi og sé köfunarbúnaður ekki almennt innbúi heldur sérgreint tómsundaáhold.

M telur hins vegar að umræddur hlífðarfatnaður og þær hlífar sem V vísar til sé ekki auka- og/eða varahlutur sem tilheyrir vélknúnu ökutæki heldur heyri til persónu þess sem það notar. Skýring ákvæðis váttryggingarskilmála geta ekki gengið lengra en það sé ekki skýrt að umræddur búnaður teljist til auka- eða varahluta sem tilheyri vélknúnu ökutæki og verði V að bera hallann af því. Hvað köfunarbúnað varðar telur M að hugtakið sérgreint tómsundaáhold sé ekki skilgreint sérstaklega í váttryggingarskilmálum V og geti félagið því ekki byggt á því gagnvart M að það greiðist ekki bætur vegna köfunarbúnaðar hans á grundvelli þess. Einnig vísar M til þess að útbreiðsla köfunar sé vaxandi og verði að telja slíkar tómsundir eins almennar og t.d. snjóbrettaiðkun, en V hafi þá þegar fallist á að greiða bætur vegna snjóbrettis í eigu M.

Álit.

Samkvæmt gildissviðsákvæði váttryggingarskilmála innbústryggingar V tekur váttryggingin til innbús í eigu váttryggðu. Í gr. 1.1.1 kemur fram að með innbúi sé átt við: „Almennt innbú og persónulega muni sem fylgja almennu heimilishaldi.“ Í gr. 1.5 kemur einnig fram að váttryggingin nái til „Auka- og varahluta sem tilheyra vélknúnu ökutæki.“ og „Hámarksbætur eru 2% af váttryggingarfjárhæð í hverjum tjónsatburði.“ Ágreiningur aðila lýtur að því hvort mótörhjólafatnaður og hlífar geti talist til slíkar auka- og varahluta þannig að bótafjárhæð takmarkist við umrædd 2% af váttryggingarfjárhæð. Þegar litið er til orðalags váttryggingarskilmálanna verður ekki séð að umræddur hlífðarfatnaður og hlífar séu í sjálfu sér hluti af ökutækinu sjálfu þannig að hann eða þær teljist tilheyra þeim í í almennum málskilningi. Verður V að bera hallann af því að það sé ekki tilgreint með skýrari hætti að hlífðarbúnaður falli þarna undir og getur V því ekki borið fyrir sig takmörkun á bótafjárhæð við 2% váttryggingarfjárhæðar.

Hvað köfunarbúnað M varðar verður að vísa til þess að sú orðnotkun í gr. 1.1.1. í innbústryggingu, að váttryggingin nái til almenns innbús og persónulegra muna sem tilheyra almennu heimilishaldi, verður ekki skilin öðruvísi en að gerð sé sú krafa að þeir munir sem um ræðir séu algengir á heimilum. Notkun köfunarbúnaðar verður ekki talin svo útbreidd að hann geti talist til muna sem tilheyra almennu heimilishaldi. Ekki breytir þessu mati að V hafi ákveðið að bæta snjóbretti í eigu M. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu V vegna köfunarbúnaðar.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bóttum úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar fyrir mótorhjólafatnað og hlífar en á ekki rétt á bóttum úr sömu vátryggingu hjá V vegna köfunarbúnaðar.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 127/2016
M og
vátryggingafélagið V v. innbútryggingar fjölskyldutryggingar.

Tjón á reiðhjóli þegar steinn skaust upp í stellið 3.4.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 12.5.2016

Málsatvik.

Tjón varð á reiðhjóli M þegar því var hjólað eftir hjólastíg/göngustíg og steinn skaust upp í stellið með þeim afleiðingum að það skemmdist. M krefst bóta vegna tjónsins og segir óviðkomandi málinu hvers konar hjól hafi verið um að ræða, tjónið sé ekki af völdum slits og telur það ekki hlutverk hjólreiðamanna að þeir skoði hvort hjólreiðastígar séu hreinsaðir eða ekki. V hafnar bótaskyldu og segir M hafa verið að hjóla yfir göngustíg sem ekki hafi verið sópaður þegar óhappið varð. V segir að á þeim árstíma sem tjónið varð megi vænta misjafnra veðra og gera megi ráð fyrir steinum og lausamöl á gang- og hjólastígum. V telur það að steinn skjótist upp undan reiðhjóli sé ekki ófyrirsjáanlegur atburður heldur áhætta sem því fylgir. V vísar til ákvæðis 4.1 í III kafla skilmála umræddrar tryggingar þar sem fram kemur að tryggingin bæti tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika og telur V að ekki hafi verið um ófyrirsjáanlegt atvik að ræða.

Álit.

Við aðstæður eins og eru iðulega hér á landi á göngu- og hjólreiðastígum, þar sem hálkuvörn er sett á stígana á veturna má jafnan búast við því að steinar geti verið á akstursleið reiðhjóla sem kunnir að skjótast undan hjólunum. Slíkt er það algengt að ekki er hægt að fallast á að um ófyrirsjáanlegt atvik sé að ræða þegar það á sér stað. Tjón M varð vegna skyndilegs en ekki ófyrirsjáanlegs atviks og er því bótaskylda ekki fyrir hendi sbr. ákvæði 4.1. í III. kafla vátryggingaskilmála. M á því ekki rétt á bótum úr innbútryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbútryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 7.6.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 128/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Álmakór í Kópavogi 4.4.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.19.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V-1 dags. 12.5.2016 ásamt fylgiskjali
3. Bréf V-2 dags. 24.5.2016

Málsatvik.

Árekstur varð á Álmakór í Kópavogi. Ökumaður B segist hafa ekið vestur Álmakór á um 30 km. hraða þegar bifreið úr gagnstæðri átt hafi sveigt yfir á sinn vegarhelming og ekið á sig. Ökumaður A segist hafa ekið austur Álmakór á lítilli ferð þegar hann hafi séð barn fyrir framan sig og þá sveigt frá því til vinstri og segir ökumaður að sólin hafi blindað sig og hann því ekki séð B. Í viðbótaskýrslu segir ökumaður A að B hafi einnig sveigt til vinstri í aðdraganda árekstursins vegna þess að bifreið hafi verið lagt við gangstétt á akrein B.

Álit.

Af gögnum málsins virtum þá verður ekki annað séð en að ökumaður A hafi ekið inn á eða yfir miðju vegar án þess að gæta nægjanlega að umferð sem á móti kom. Í 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumaður sem skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Ökumaður bifreiðar A gætti þess ekki nægilega vel og ber hann halla af sönnunarskortum um annað og þar með alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 1.7.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 129/2016**M og
vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra (A)****Krafa úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra vegna galla í fjöleignarhúsi****Gögn.**

1. Málskot M móttakið þann 19. apríl 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 6. maí 2016.

Málsatvik.

M, sem er húsfélag, gerir kröfu í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans A vegna meintra galla/skemmda á fjölbýlishúsinu sem M telur að sé á ábyrgð A.

Byggingarár hússins er skráð 2001. Árið 2004 fór fram stöðuúttekt á húsinu og voru gerða nokkrar athugasemdir. Hafði þá verið búið í húsinu í nokkur ár.

Í málskoti kemur fram að athugasemdir M snúast að mestu leyti um þrennt, í fyrsta lagi loftræstikerfi, í öðru lagi leka um sprungu í vesturhluta bílakjallara og í þriðja lagi vöntun á hurðapumpum í öllum íbúðum hússins.

M gerir kröfu til að fá tjón sitt bætt úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu A á grundvelli þess að möguleg krafa M um bætur úr starfsábyrgðartryggingunni sé fyrnd.

Álit.

Að mati M er bótakrafa hans ekki fyrnd á grundvelli laga nr. 14/1905 og vísar þess í stað til skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 sem giltu þegar húsið var byggt og byggingarreglugerðar nr. 441/1998, varðandi ábyrgð byggingarstjóra. Telur M að líta beri til 3. mgr. 33. gr. reglugerðarinnar þar sem kveður á um að starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra skuli gilda í a.m.k. fimm ár frá lokum framkvæmdar sem hann hefur stýrt. Lok framkvæmdar telst vera þegar lokaúttekt hefur farið fram.

Gera verður greinarmun á gildistíma vátryggingarinnar annars vegar og fyrningu skaðabótakröfu hins vegar. Ljóst þykir að þar sem lokaúttekt hefur ekki enn farið fram er vátryggingin en í gildi. Aftur á móti fyrndist skaðabótakrafa í þessu máli á tíu árum frá því að tjónsatburður átti sér stað, sbr. 1. mgr. 5. gr. fyrrgreindra fyrningarlaga. Hugsanleg vanræksla byggingarstjóra átti sér stað á árunum 2000 – 2004. Ljóst er því að þegar krafa var gerð í nóvember 2015 var hugsanlega skaðabótakrafa M fyrnd.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 130/2016**M og
vátryggingafélagið V vegna innbústryggingar fjölskyldutryggingar.****Sönnun innbrots 29. ágúst 2015****Gögn.**

Málskot, móttakið 22.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.5.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram krafa M um greiðslu ákveðinnar fjárhæðar vegna muna sem hún telur að hafi verið stolið í innbroti á heimili hennar aðfararnótt 29. ágúst 2015. Í gögnum málsins er frumskýrsla lögreglu frá því hún var kölluð á vettvang að morgni þessa dags. Þar er haft eftir M að hún hafi rumskað um nóttina við einhvern umgang og farið fram og tekið eftir því að rúða var brotin. Hún hafi hins vegar haldið að það hafi einhver reynt að komast inn og ekki séð að munir voru horfnir fyrir en morguninn eftir. M vísar í sömu skýrslu til þess að hún og aðrir íbúar hússins hafi átt í ágreiningi við nafngreindan verkataka sem hafi verið að vinna við húsið og hún gruni hann um verknaðinn. Annar íbúi í húsinu gaf lögreglu einnig skýrslu og kvaðst hafa heyrt umgang í íbúð M um nóttina en haldið að hann hafi stafað frá M sjálfri. Í sérstakri skýrslu rannsakara kemur fram að M telur að innbrot hafi átt sér stað milli kl. 4.30 og 9.30 um nóttina en hún hafi farið seint að sofa. M vísar einnig til þess að hún hafi vaknað um nóttina við einhvern hávaða og þá haldið að kettir væru að fara um baðherbergisglugga, en hún hafi ekki athugað málið nánar. Í skýrslunni kemur einnig fram mat rannsakara á því að sá maður sem M hafði bent á sem mögulegan sökudólg sé ekki tengdur málinu. V fékk fyrirtækið Aðstoð&Öryggi til að skoða málið frekar og liggur fyrir ódagsett skýrsla frá fyrirtækinu þar sem kemur fram mat starfsmanna fyrirtækisins á því, byggt á gögnum þess og sérstakri rannsókn og viðtali við M. Niðurstaða þeirra er að það sé ósamræmi í framburði M um hvað gerðist aðfararnótt 29. ágúst 2015. Sérstaklega er minnst á að aðspurð hafi M sagt frá glerbrotum utandyra en ekki innandyra, sem að þeirra mati styður það að rúða hafi verið brotin innanfrá en ekki utanfrá til þess að komast inn í íbúðina. Í málinu liggur síðan einnig fyrir ódagsett yfirlýsing manns sem kom á vettvang að morgni og gerði M vart um að það væri brotin rúða í útidyrhúrd. Hann hafi þurft að fara inn til að gera vart við sig og þá hafi M komið fram hálfsofandi. Umræddur maður kveðst hafa átt samskipti við lögreglu á vettvangi en ekkert kemur fram í frumskýrslu lögreglu um þau samskipti, en hann ber um að M hafi verið í miklu uppnámi þegar lögregla kom á vettvang. Hann kveðst einnig hafa sópað upp glerbrotum í forstofu til að heimilismenn myndu ekki skera sig á þeim. Einnig liggur fyrir í málinu ódagsett yfirlýsing vinkonu M sem kom að heimili M að morgni 29. ágúst 2015, þær hefðu ætlað að eyða deginum saman en M hafi ekki getað gert það sökum atburða næturinnar. M gerði skriflega bótakröfu til V með bréfi dags. 11. september 2015, en einnig er tilgreint í lögregluskýrslu hvað M telur að hafi horfið umrædda nótt.

M telur af lögregluskýrslum í málinu liggja fyrir að það hafi verið brotist inn í íbúð sína og þannig sé um innbrot að ræða í skilningi vátryggingarskilmála. M vísar á bug að það hafi verið misræmi í framburði hennar hjá lögreglu og gefur skýringar á því í löngu máli í röksemdum í málskoti. Þar á meðal er vísað til þess að hún þurfi heilsu sinnar vegna að taka svefnlyf og sterk verkjalyf og það geti skýrt að hún var ekki nægilega vel áttuð strax að morgni þegar lögreglan kom fyrst á vettvang. Einnig vísar M til þess að hún var í eðlilegu uppnámi vegna innbrotsins. M vísar einnig á bug að skýrsla frá fyrirtækinu Aðstoð&Öryggi sé lögð til grundvallar sem sönnunargagn og vísar til blaðaumfjöllunar um dómaframkvæmd þar sem fjallað er um sambærilegar skýrslur. Um sé að ræða gagn sem V aflar einhliða og ekki sé hægt að byggja niðurstöðu félagsins á því eingöngu.

V telur vera misræmi í framburði M um atvik í frumskýrslu lögreglu, skýrslu rannsakara og skýrslu starfsmanna fyrirtækisins Aðstoð&Öryggi, sem hafi rannsakað málið sérstaklega. Það misræmi telur V að sýni að það sé ósannað að innbrot hafi átt sér stað í íbúð M. V telur ummerki á vettvangi benda

eindregið til þess að rúða í hurð íbúðar M hafi verið brotin innanfrá. Einnig telur V ekki unnt að byggja á yfirlýsingu um annað frá manni sem ekki er getið um í lögregluskýrslu auk þess sem M geti ekki um hann fyrr en síðar.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort atvik séu þannig að skilyrði váttryggingarskilmála um þjófnað innbúsmuna úr íbúðarhúsnæði M séu uppfyllt. Nánar tiltekið hvort sannað sé að munum í eigu M og sonar hennar hafi verið stolið aðfararnótt 29. ágúst 2015. Í málinu liggja fyrir tvær lögregluskýrslur þar sem M fer yfir mögulega atburðarás næturinnar. Í þeim skýrslum ber M ekki á sama veg um hvort hún skoðaði aðstæður við útidyrhurð um nóttina eða ekki. Ekki liggur því nákvæmlega fyrir hvenær eða með hvaða hætti annar en húsráðendur hefðu getað komið inn í íbúð M. Þó skýrsla frá fyrirtækinu Aðstoð&Öryggi sé einhliða aflað sönnunargagn af hálfu V verður ekki litið framhjá því að sérfræðingar sem rita undir skýrsluna lýsa þar mati sínu á málinu á þann hátt að það hafi ekki átt sér stað innbrotþjófnaður á vettvangi. Þrátt fyrir yfirlýsingar einstaklinga, sem segjast hafa verið á staðnum að morgni 29. ágúst 2015, er þeirra engu getið í lögregluskýrslu og geta þau heldur ekki borið um atburðarás fyrr en að morgni.

Það er váttryggður sem ber sönnunarbyrði fyrir því að það hafi orðið tjónsatvik sem fellur undir váttryggingarsamning sinn hjá váttryggingafélagi. Miðað við þau sönnunargögn sem hafa verið lögð fram í þessu máli um mögulega atburðarás verður ekki talið nægilega sannað að innbúsmunum í eigu M og sonar hennar hafi verið stolið aðfararnótt 29. ágúst 2015.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 131/2016
M og
vátryggingafélagið V v. innbústryggingar fjölskyldutryggingar.

Tjón á myndavél í maí 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 26.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-8

Málsatvik.

M segir að hún hafi keypt myndavél árið 2013, en sonur hennar hafi fengið að hafa hana og hafi M talið rétt að myndavélin væri á hans nafni. Myndavélin hafi orðið fyrir tjóni þegar M rak sig á borð og myndavélin fallið í gólfíð og hafi hún verið dæm ónýt af viðgerðaraðila. M gerir kröfu til að V fá tjónið bætt úr Fjölskyldutryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að skv. kaupnótu fyrir myndavélina sé kaupandi hennar sé sonur M og hafi M upplýst að hún hefði valdið tjóni á myndavél sonar síns, en breytt framburði sínum og sagst eiga myndavélina eftir að henni var tjáð að vélin fengist ekki bætt úr tryggingunni þar sem hún væri í eigu sonar M. V telur sannað að sonur M eigi umrædda myndavél og hann sé skráður annarsstaðar en á heimili M og vátrygging M nái því ekki til tjóns á munum í eigu sonar hennar jafnvel þó hann hafi búið tímabundið hjá M.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum verður ekki annað séð en að sonur M sé eigandi umræddrar myndavélar og þar sem hann hefur skráð lögheimili annarsstaðar en hjá M nær tryggingarvernd fjölskyldutryggingarinnar M ekki til muna í eigu sonar hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V

Reykjavík 7.6.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 132/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla sem hestur varð fyrir í hestagerði.****Gögn.**

Málskot, móttakið 22.4.2016.

Bréf V, dags. 4.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt tjonstilkynningu M, dags. 29. febrúar 2016, hafði hann deginum áður rekið hross í hestagerði til að til að taka tvö hross í hans eigu úr hópnum. Fyrst hafi annað hrossið verið tekið og hin hrossin lätin bíða í gerðinu í rúma klukkustund uns síðara hrossið yrði tekið. Þegar að var komið til að taka síðara hrossið lá eitt hross í eigu B fótbrotið fast í hliðgrind og þurfti að aflífa það. Í málskoti kemur fram að M og starfsmenn hans hafi ekki hugsað út í að nýbúið var að gefa hrossunum skammt frá gerðinu sem sennilega hafi orsakað óróleika í hópnum.

M hefur í gildi ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur hjá V. Hefur hann krafist þess að tjon sem B varð fyrir við það að aflífa þurfti hrossið verði bætt úr ábyrgðartryggingunni. V hefur hafnað bótaskyldu úr vátryggingunni þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að M beri skaðabótaábyrgð á tjóni B.

Álit.

Samkvæmt 2. gr. í vátryggingarskilmálum sem gilda um ábyrgðartryggingu þá sem M hefur hjá V tekur vátryggingin til skaðabótaábyrgðar, sem fellur á vátryggðan, þ.e. M í því tilviki sem hér um ræðir, vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar, sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun, enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Einnig er tekið fram í 4. gr. skilmálanna að vátryggingin taki ekki til bótaábyrgðar, sem stofnast vegna loforðs frá vátryggðum um að hann beri víðtækari ábyrgð en venjulega skaðabótaskyldu utan samninga. Það er því skilyrði þess að tjon bættist úr vátryggingunni að M beri skaðabótaábyrgð á tjóninu samkvæmt gildandi íslenskum rétti, eins og áréttað er í 1. gr. skilmálanna. M getur á hinn bóginn ekki notið verndar ábyrgðartryggingarinnar hafi hann lofað B bótum þegar skaðabótaábyrgð hefur ekki stofnast.

Sú almenna regla gildir í skaðabótarétti að sá sem gerir skaðabótakröfu á hendur öðrum verður að sanna að sá sem krafinn er beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem krafan er reist á. Þannig verður B í reynd að sýna fram á að M beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem hlaust við það að hestur hans festist í hliðgrindinni með þeim afleiðingum að aflífa þurfti hann. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að það hafi verið saknæmt af hálfu M eða starfsmanna hans að reka hrossin í gerðið og geyma þau þar í um klukkustund. Þá verður heldur ekki séð að sú skýring sem fram kemur í málskoti að hugsanlegur óróleiki í hrossunum eftir að búið var að gefa þeim kunni að hafa valdið því að hrossið festist í hliðgrindinni og fótbrotnaði. Liggur því ekki fyrir að M beri skaðabótaábyrgð á tjóni B sem leitt getur til greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingunni. Hann getur því ekki krafist þess að V bæti tjónið.

Niðurstaða.

Tjon B bættist ekki úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 133/2016
M og
vátryggingafélagið V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasala X
og fasteignasölnunnar Z.

Skaðabótaábyrgð fasteignasala vegna sölumeðferðar fasteignar frá nóvember 2014 fram í mars 2015 þegar kaupsamningur var undirritaður.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20. apríl 2016 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 2. júní ásamt gögnum.
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 6. júní 2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M gerði tilboð í tiltekna íbúð í Reykjavík 25. nóvember 2014 og var gengið frá kaupsamningi um eignina 13. mars 2015 og var eignin afhent 27. sama mánaðar. Með tölvupósti M til X dags. 9. apríl 2016 tilkynnir M að það hafi komið fram duldir gallar eftir afhendingu og að það standi til að áætla kostnað til að fyrirbyggja frekari vandamál. Einnig liggur fyrir tölvupóstur frá M til X dags. 21. maí 2015 um að hún sé ósátt við að hafa ekki verið upplýst um sérstaka skoðunarskýrslu frá Frumherja eða hennar getið í söluyfirliti fasteignarinnar af hálfu X. Sú skýrsla sem M vísar til er dags. 3. nóvember 2014 og var hún gerð að frumkvæði einstaklinga sem höfðu gert kauptilboð í sömu íbúð, með fyrirvara um hvað kæmi fram í umræddri skýrslu. Í tölvupóstsamskiptum milli M og þeirra einstaklinga síðan í maí 2015 kemur fram að M fékk afrit skýrslunnar gegn greiðslu 13. maí 2015. Seljandi íbúðarinnar höfðaði síðan mál gegn M til heimtu greiðslna sem M hafði haldið eftir. Sættir tókust í því dómsmáli með því að M greiddi það sem út af stóð skv. kaupsamningi en gerði fyrirvara um frekari kröfur vegna málsins.

M telur að X hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, með því að hafa ekki getið um galla fasteignarinnar í söluyfirliti eins og honum bar að útbúa skv. 10. gr. laganna. Einnig vísar M til orðalags 11. gr. laganna þar sem tilgreint er hvaða upplýsingar ber að gefa um að á söluyfirliti og að fasteignasali skuli sjálfur afla upplýsinga og kynna sér fasteignina að eigin raun skv. 12. gr. laganna. M telur að gáleysi fasteignasalans X felist annars vegar í því að gallar sem voru á fasteigninni hafi verið þess eðlis að upplýsingar í söluyfirliti gæfu ekki raunhæfa mynd af ástandi hennar. Sérstaklega vísar M þar til þess að lögnum hafi verið lýst sem yfirförmum og endurnýjuðum að hluta. Í ljósi hafi hins vegar komið að þær lagnir sem í fasteigninni voru hafi verið þess eðlis að vátryggingafélög hafi ekki viljað vátryggja eignina m.t.t. vatnstjóns, eftir að M hafði fengið hana afhenda. Hins vegar byggir M á því að X hafi sýnt gáleysi með því að hafa ekki upplýst hana um skýrslu Frumherja dags. 3. nóvember 2014, en í þeirri skýrslu hafi komið fram upplýsingar sem hefðu haft veruleg áhrif á afstöðu M til tilboðsgerðar. M telur að með hliðsjón af þessu beri X skaðabótaábyrgð skv. 27. gr. laga nr. 99/2004 og beri að greiða bætur úr starfsábyrgðartryggingu hans sem fasteignasala hjá V.

V vísar til afstöðu X sjálfs og hafnar greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingunni. X vísar fyrst og fremst til þess að ekki sé sýnt að hann hafi sýnt saknæma háttsemi við sölumeðferð eignarinnar. Ekki sé getið almennt um sérstakar tegundir lagna í húsum á söluyfirliti og þau atriði sem M vísi til hafi átt að vera henni sjálfri ljós við sjónskoðun eignarinnar. Einnig vísar X til þess að þó hann hefði haft upplýsingar um skýrslu Frumherja þegar söluyfirlit var gert þá hefði það ekki breytt atvikum þar sem skoðunarmaður hafi einungis beitt sjónskoðun á eignina og verði ekki lögð skaðabótaábyrgð á fasteignasala vegna atriða sem eru þess eðlis að þau komi fram við sjónskoðun, sbr. Hrd. 60/2007. M hafi auk þess skoðað eignina með byggingarfróðum aðila og hafi því verið unnt að sjá meinta galla. Einnig telur X að tjón M sé ósannað, engin matsgerð liggja fyrir og auk

Þess sé ekki sannað að sú fjárhæð sem M krefur V um sé tjón sem er sennileg afleiðing þess að skýrsla Frumherja hafi ekki verið getið í söluyfirliti. M beri sönnunarbyrði um það. Einnig er bent að M hafi greitt kaupverð að fullu til seljanda.

Álit.

Í lögum nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa kemur fram í 10. gr. að fasteignasali skuli gera söluyfirlit vegna fasteignar sem hann er með í sölumeðferð og í 11. gr. kemur fram hvert efnis söluyfirlits skuli vera. Þar er sérstaklega tilgreint í c.lið 2. mgr. að söluyfirlit skuli geyma „upplýsingar um ástand eignar og einstakra hluta hennar, þar á meðal um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um á eign“. Í j.lið sömu greinar kemur síðan fram að söluyfirlit skuli geyma „önnur atriði sem kunnugt er um, svo sem skýrslur um ástand eignar sem gerðar hafa verið.“

Þó komi fram í gögnum málsins af hálfu X að hann hafi ekki vitað um skoðunarskýrslu þá sem var gerð hjá Frumherja, dags. 3. nóvember 2014 verður ekki annað séð af þeim upplýsingum sem koma fram í sömu gögnum að það hafi komið tvö kauptilboð í eignina á sama tíma. Það er að segja að þegar M gerði kauptilboð hafi annað kauptilboð verið í gildi með fyrirvara um ástand eignarinnar. Þegar aðrir tilboðsgjafar drógu tilboð sitt tilbaka, eftir að hafa gert slíkan fyrirvara um ástand eignarinnar, verður að telja það gáleysi af hálfu fasteignasalans að hafa ekki kannað til hlítar hvort það lægi fyrir skýrsla um ástand eignarinnar og hvort efni hennar hefði áhrif á lýsingu í söluyfirliti. Fasteignasala bar að afla upplýsinga, skv. 1.mgr. 12. gr. laga nr. 99/2004 og þar sem skýrslur eru sérstaklega tilgreindar í j.lið 2. mgr. 11. gr. laganna verður að telja að það hvíli sérstök skylda á fasteignasalanum að kanna til hlítar hvort slíkt sé til staðar og verður einnig lagt til grundvallar að það hafi verið auðvelt að gera það í þessu tilviki og þess þá heldur þegar eignin er í sölumeðferð á tveimur stöðum. Verður, af gögnum málsins, taldar nægilega miklar líkur á því að X hafi átt að vera um skýrsluna kunnugt að sönnunarbyrði hvílir á honum um skýringar á því hvers vegna hennar var ekki getið í söluyfirliti. Þær skýringar fá ekki nægilega stoð í gögnum málsins. Verður því að fallast á að skilyrði skaðabótaábyrgðar fasteignasala séu uppfyllt skv. 27. gr. laga nr. 99/2004 og þar af leiðandi bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá V.

Að því sögðu þarf að taka afstöðu til þess hvort M hafi sýnt fram á hún hafi orðið fyrir tjóni og hvort fallast eigi á kröfu hennar um um tiltekna bótafjárhæð. Í málinu liggur ekki fyrir sérstakt samþykki V um að fjallað sé um bótafjárhæðir, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki tekin afstaða til kröfu M um greiðslu tiltekinnar bótafjárhæðar.

Niðurstaða.

Fallist er á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V en ekki er tekin afstaða til ágreinings um bótafjárhæð.

Reykjavík 24. júní 2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 134/2016**M og
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis A.****Tjón á bifreið um borð í Herjólfri þegar önnur bifreið rann á hana 31.3.2016****Gögn.**

1. Málskot móttækið 25.4.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 13.5.2016. ásamt fylgiskjöllum 1-3.
3. Bréf váttryggingafélags bifreiðar M dags. 6.3.2016. ásamt fylgiskjöllum 1-6

Málsatvik.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A, sem hann telur að hafa runnið afturábak á bifreið M. M segir að mikið sé lagt upp úr því að ökumenn skilji þannig við bifreiðar sínar þegar þeim er lagt að þær séu í gír og handbremsu, en A hafi ekki verið í handbremsu í umrætt sinn. A sé sendibíll hlaðinn búnaði og það sé ámælisvert að ganga ekki tryggilega frá honum, en þar sem hann hafi ekki verið í handbremsu hafi ekki verið gengið tryggilega frá A og vísar M til 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V hafnar bótaskyldu og bendir á að auk þess að hafa verið sett í fyrsta gír þegar ökumaður skildi við hana hafi A einnig verið stöppuð niður á öðru framhjól. V segir ósannað að A hafi runnið afturábak og það hafi verið nánast ómögulegt. Þá segir V að þó sannað væri að A hefði runnið á bifreið M þá verði það ekki rakið til notkunar bifreiðarinnar sbr. 88. gr. umferðarlaga.

Álit.

Bifreiðin A fór utan í bifreið M um borð í skipinu Herjólfri. Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber skráður eða skráningarskyldur eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 88.-89. gr. laganna. Í 3. mgr. 90. gr. laganna er mælt svo fyrir um að auk ábyrgðar skv. 1. mgr. 90. gr. fer um bótaábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum. Bifreiðinni A var lagt í bílastæði um borð í skipinu Herjólfri, en fyrir liggur að bifreiðin var ekki sett í handbremsu þrátt fyrir skýr fyrirmæli um það. Skv. tjónaskýrslu skipafélagsins segir að vindur hafi verið 21 metrar á sekúndu og ölduhæð 3 metrar. A er sendiferðabíll og því er ómótmælt að hún hafi verið hlaðin búnaði. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður að telja nægjanlega sannað að rekja megi tjónið á bifreið M til þeirrar vanrækslu ökumanns A að setja bifreiðina ekki í handbremsu þrátt fyrir skýr fyrirmæli um að þannig beri að skilja við bifreiðar þegar þær eru yfirgefnar. Ökumanni A mátti því vera ljós sú hætta sem í því fólst að fylgja ekki skírur fyrirmælum um frágang A. Með vísan til 3. mgr. 90. gr. umferðarlaga er fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 24.6.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 135/2016
M og
vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur við Illugagötu í Vestmannaeyjum þann 19. febrúar 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27. apríl 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 3. maí 2016.
3. Bréf V2 dags. 10. maí 2016 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B þegar þeim var bakkað úr bifreiðastæðum við Illugagötu í Vestmannaeyjum þann 19. febrúar 2016. Fram kemur í tjónstilkynningu sem báðir ökumenn undirrita að bifreiðarnar hafi verið að bakka út úr stæðum andspænis hvor annarri, tóku ökumenn ekki eftir bifreið hins og lentu þær saman.

Í tjónstilkynningu kemur fram í framburði ökumanns bifreiðar A, sem er málskotsaðili M, að hann hafi verið búinn að bakka inn á Illugagötu og hafi verið að taka af stað þegar bifreið B var bakkað inn í hlið A. Fram kemur í framburði ökumanns bifreiðar B að ökutækin hafi lent saman þegar báðum bifreiðum var bakkað úr innkeyrslum hjá húsum sínum.

Í bréfi V1 er bent á að stór og djúp dæld sé á hægri hlið bifreiðarinnar og að engin dragför eða rispur séu til staðar. Eigi það að renna stoðum undir þá fullyrðingu M að hann hafi verið búinn að stöðva bílinn og að fara aka áfram þegar bifreið B bakkar á bifreið A.

Álit.

Engin vitni voru að atburðinum. Ómögulegt er að staðhæfa út frá framlögðum ljósmyndum nákvæmlega hvernig aðdragandinn að árekstrinum var. Við sakarskiptingu í máli þessu verður að líta til þess að báðir ökumenn höfðu þá skyldu að gæta að umferð fyrir aftan sig þegar þeir óku aftur á bak, sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sú skylda hvíldi jafnt á báðum ökumönnum. Þykir hvorugur ökumanna hafa gætt nægilega vel að annarri umferð við þessar aðstæður, þ.e. aðgæsluskyldu þeirra var hin sama. Skiptir eigi máli hvar ákomurnar voru í þessu tilfelli.

Niðurstaða.

Sök skiptist að jöfnu milli bifreiða A og B.

Reykjavík 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 136/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um hvort vátrygging hafi verið í gildi þegar bifreið skemmdist í umferðaróhappi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 27.4.2016.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Athugasemdir M, dags. 13.6.2016.

Málsatvik.

M hafði í gildi kaskótryggingu hjá V vegna bifreiðar sinnar, A, auk annarra vátrygginga. Hinn 30. júlí 2014 var M í vanskilum með iðgjöld nokkurra vátrygginga, þ. á m. vegna kaskótryggingar A fyrir tímabilið 23.06.2014-31.12.2014 samkvæmt skirteini að fjárhæð 30.452 krónur. Með innheimtuviaðvörðun sem send var M hinn sama dag var vakin athygli hans á vanskilunum. Með bréfi 13. ágúst sama ár var M minntur á vanskilin og hann hvattur til að ganga frá greiðslum svo komast mætti hjá innheimtuáðgerðum af hálfu V. Lokaaðvörðun var send M með orðsendingu 24. september sama ár. Var skorað á hann að greiða iðgjaldaskuldir sínar eða semja um greiðslu þeirra innan 14 daga frá dagsetningu orðsendingarinnar. Að öðrum kosti myndu þær vátryggingar sem tilgreindar eru í orðsendingunni falla úr gildi að liðnum greiðslufrestinum. Meðal hinna tilgreindu vátrygginga var fyrrgreind kaskótrygging A fyrir tímabilið 23.06.2014-31.12.2014, en einnig kaskótrygging vegna þessarar sömu bifreiðar fyrir tímabilið 27.02.2013-31.12.2013 samkvæmt skirteini að fjárhæð 40.655 krónur, svo og fyrir tímabilið 01.01.2014-31.12.2014 samkvæmt síðastgreindu skirteinisnúmeri að fjárhæð 15.339 krónur. Með útbornu ábyrgðarbréfi V, dags. 13. október 2014, var M tilkynnt að kaskótrygging A hafi verið felld úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi. Bréfið mun hafa verið afhent 15. sama mánaðar.

Hinn 20. janúar 2015 greiddi M inn á iðgjaldaskuldir sínar hjá V, þ. á m. vegna kaskótryggingar A 40.655 krónur fyrir tímabilið 27.02.2013-31.12.2013, 15.339 krónur (39.443-24.104) fyrir tímabilið 01.01.2014-21.05.2014 og 17.818 krónur (30.452-12.634) fyrir tímabilið 23.06.2014-13.10.2014, en við lok síðasta tímabilsins var kaskótryggingin felld niður vegna vanskila eins og áður greinir.

Hinn 27. mars 2015 greiddi M vanskil vegna ábyrgðartryggingar A, 54.404 krónur fyrir tímabilið 27.02.2013-31.12.2013, 20.802 krónur (53.490-32.688) fyrir tímabilið 01.01.2014-21.05.2014 og 24.209 krónur (41.375-17.166) fyrir tímabilið 23.06.2014-13.10.2014. Hinn 22. október 2015 greiddi svo M 49.658 krónur vegna ábyrgðartryggingar A fyrir tímabilið 27.03.2015-31.12.2015. Þegar M greiddi síðastgreinda iðgjaldið skráði starfsmaður V svofellda athugasemd í annál skirteinisins: „Trygging xxx gefin út, fnr. xxx gildir frá 27.03.15. Hefði átt að setja þessa tr. í gang þegar þetta var greitt. Minn feill en hann samþykkur því að taka frá þeim tíma og sleppa kaskótr. eins og er.“

Að kvöldi 4. nóvember 2015 varð M fyrir því óhappi að A skemmdist í bílveltu. Í kjölfarið hafði M símasamband við V þar sem hann tjáði starfsmanni V að hann hefði velt A deginum áður og spurðist svo fyrir um það hvort bifreiðin hafi verið kaskótryggð. Var hann þá upplýstur um að engin kaskótrygging væri í gildi vegna bifreiðarinnar. M hefur ekki fallist á afstöðu V. Hann kveðst aldrei hafa fengið í hendur fyrrgreint bréf frá 24. september 2014 auk þess sem þar segi að sérstök tilkynning verði send út áður en komi til niðurfellingar. Enn fremur kveðst M hafa greitt 123.000 krónur inn á iðgjaldaskuldina 20. janúar 2015 en verið ósáttur við hvernig greiðslunni var ráðstafað og árangurslaust gert athugasemdir þar að lútandi við þjónustufulltrúa hjá V. Þá hafi hann einnig greitt 17.804 krónur inn á skuldina 13. mars sama ár og síðan 185.503 krónur 27. sama mánaðar. Frá fyrstu tíð hafi hann átt sín vátryggingaviðskipti við V og forvera þess og

síðastliðin 8 til 10 ár hafi hann greitt iðgjöldin með svipuðum hætti og síðustu misseri þótt hann hafi ekki samið um fastar mánaðargreiðslur.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja ljóst að M var í nokkrum vanskilum með iðgjöld sín hjá V í lok júlí 2014, þ. á m. vegna kaskótryggingar A. Þeirrar skuldar var getið í bréfi V til M 30. júlí 2014 og hann hvattur til greiðslu skuldarinnar og það síðan áréttað í bréfi 13. ágúst sama ár. Þótt þess sé ekki getið í gögnum málsins þykir mega miða við að M hafi einnig verið krafinn um greiðslu skuldarinnar innan tiltekins frests þegar váttryggingin tók gildi 23. júní sama ár, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (vsl.).

Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. vsl. getur félagið losnað undan ábyrgð með því að senda nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ef iðgjald er ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. 32. gr. Tilkynningin skal skýrlega bera með sér að váttryggingin falli niður ef iðgjaldið er ekki greitt innan hins tilskilda frests. Svo sem fyrr greinir sendi V bréf til M, dags. 24. september 2014, sem bar yfirskriftina „Lokaaðvörðun“. Þar var skorað á M að greiða skuldina innan 14 daga frá dagsetningu bréfsins. Jafnframt var tekið fram með breiðu lettri að váttryggingar þær sem taldar eru upp í bréfinu falli niður verði skuldin ekki greidd eða um hana samið innan hins tilskilda frests. Verður að telja að með þessu hafi skýrlega komið fram í bréfinu að hinar tilgreindu váttryggingar, þ. á m. kaskótryggingin vegna A, myndu falla niður að liðnum 14 dögum frá dagsetningu bréfsins, ef iðgjöld vegna þeirra væru þá enn ógreidd eða ósamið um greiðslu þeirra. Bréf þetta fullnægði að öllu leyti þeim skilyrðum sem 1. mgr. 33. gr. vsl. kveður á um svo það geti talist lögmætur undanfari þess að váttryggingin sé felld niður vegna vangaldins iðgjalds. M hefur að vísu andmælt því að bréf þetta hafi borist honum á sínum tíma. Afrit bréfsins sem liggur fyrir í málinu ber með sér að það er stílað á nafn M og heimilisfang hans. Ekki er ástæða til að draga í efa að það hafi verið sent um það leyti sem það er dagsett og í kjölfarið borist á heimili M. Eru því ekki efni til að fallast á mótbáru M að þessu leyti. Því til áréttingar ber að hafa í huga að M var með útbornu ábyrgðarbréfi 13. október 2014 tilkynnt það sérstaklega að kaskótrygging A hafi verið felld úr gildi. Að þessu virtu þykir mega slá því föstu að þann dag hafi kaskótryggingin fallið úr gildi.

Í fyrri málslið 3. mgr. 33. gr. segir að líta beri á greiðslu iðgjalds sem ósk um nýja váttryggingu, ef það er greitt eftir lok greiðslufrestsins í 1. mgr. Í byrjun árs 2015 greiddi M einungis iðgjöld vegna kaskótryggingar A fram til þess tíma er váttryggingin var felld niður 13. október 2014. Þegar M greiddi hinn 22. október 2015 vangaldið iðgjald vegna ábyrgðartryggingar A fyrir tímabilið 27.03.2015-31.12.2015 var um það rætt milli M og þjónustufulltrúa V að hann myndi að svo stöddu sleppa því að kaupa kaskótryggingu fyrir bifreiðina, eins og fram kom í skráningu þjónustufulltrúans í annál ábyrgðartryggingarskírteinisins. Þá verður ekki ráðið að eftir innborgunina 20. janúar 2015 hafi M ætlast til þess að hann fengi að greiða iðgjald fyrir kaskótrygginguna allt váttryggingartímabilið frá 23.06.2014-31.12.2014 í stað þess að greiða einungis fyrir tímabilið 23.06.2014-13.10.2014 er váttryggingin var felld úr gildi. Í ljósi alls þessa verður að telja að með greiðslum þeim sem M innti af hendi inn á iðgjaldaskuldir sínar í byrjun árs 2015 hafi ekki falist beiðni um nýja kaskótryggingu fyrir A í skilningi 3. mgr. 33. gr. vsl. Verður því ekki hjá því komist að líta svo á að M hafi ekki haft kaskótryggingu í gildi hjá V þegar tjón varð á A í umferðaróhappinu 4. nóvember 2015. Hann á því ekki rétt á bótum hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 137/2016**M
og****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar (X).****Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna stórkostlegs gáleysis, umferðarslys 2. júlí 2014.****Gögn.**

Málskot, móttakið 25.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.5.2016.

Bréf lögmanns M dags. 24. maí 2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var farþegi í bifreiðinni X þegar henni var ekið út af vegi og fór eina til tvær veltur. Ekki er ágreiningur um að M hafi hlotið líkamstjón í umræddu umferðaróhappi og ekki er heldur ágreiningur um að ökumaður bifreiðar X hafði aldrei öðlast ökuréttindi þegar hann ók bifreiðinni út af vegi í umrætt sinn. V hefur takmarkað ábyrgð sína og telur að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 1987, með því að taka sér far með réttindalausum ökumanni telur að bótaréttur M takmarkist við 1/3 hluta heildarbóta.

M telur í fyrsta lagi að V geti ekki borið fyrir sig takmörkun á ábyrgð þar sem félagið hafi ekki gert það tímanlega í skilningi 1. mgr. 31. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M telur að V hafi fengið nægilega skýrar upplýsingar um atvik málsins, þ.á.m. réttindaleyfi ökumannsins, með lögregluskýrslu dags. 26. ágúst 2014, en hafi ekki borið fyrir sig takmörkun fyrr en í lok desember 2015 og það sé ekki án ástæðulauss dráttar í skilningi 31. gr. laga um vátryggingarsamninga. Í öðru lagi telur M ekki sýnt að það hafi verið orsakatengsl milli réttindaleyfi ökumanns og útafaksturs og beri V sönnunarbyrði um það, auk þess sem ekki sá sannað að M hafi vitað af réttindaleyfi M þegar hún tók sér far með bifreið X. Til vara krefst M þess að takmörkun ábyrgðar verði ekki eins mikil og V hefur ákveðið.

V telur að félagið hafi upplýst um takmörkun ábyrgðar án ástæðulauss dráttar skv. 1. mgr. 31. gr. laga um vátryggingarsamninga og bendir á að fullnægjandi upplýsingar hafi ekki borist félaginu fyrr en 8. desember 2015 og kröfu hafi verið hafnað 23. sama mánaðar.

Álit.

Heimild vátryggingafélags til að lækka bætur í heild eða að hluta skv. bótareglum umferðarlaga er byggð á 2. mgr. 88. gr. þeirra, en ekki lögum um vátryggingarsamninga. Þegar af þeirri ástæðu á tilvísun til 1. mgr. 31. gr. laga um vátryggingarsamninga ekki við, enda vísar sú grein til þess ef félagið ber fyrir sig að vera laust úr ábyrgð skv. ákvæðum IV. kafla laga um vátryggingarsamninga og verður ákvæðinu ekki beitt með lögjöfnun um ákvæði umferðarlaga.

Í málinu liggur fyrir að M tók sér far með bifreið þar sem ökumaður hafði aldrei öðlast ökuréttindi, þó hann hafi þá lokið hluta ökunáms. M.v. þær upplýsingar sem liggja fyrir um atvik sem leiddu til þess að bifreið X var ekið út af vegi, þó ekki liggja fyrir sérstakar tæknilegar upplýsingar í lögregluskýrslu, verður ekki hjá því komist að álykta að það megi rekja til kunnáttuleysis ökumanns og réttindaleyfi hans. Í sömu gögnum kemur fram að M hafi, þegar lögregla kom á vettvang, fyrst sagst hafa ekið bifreiðinni til þess að koma raunverulegum ökumanni frá vandræðum. Er ekki hægt að líta öðruvísi á slíkan framburð en að M hafi því vitað um réttindaleyfi raunverulegs ökumanns og hefur ekkert komið fram í málinu sem styður að hún hafi ekki vitað um það. Verður að líta svo að það að taka sér far með ökumanni sem aldrei hefur öðlast ökuréttindi sé í sjálfu sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af dómafordæmum um beitingu umræddrar greinar þegar ökumenn eru undir áhrifum áfengis verður ekki litið svo á að háttsemi M sé

eins alvarleg. Að öllum atvikum virtum þykir rétt að takmarka bætur um þriðjung þannig að M eigi rétt á 2/3 hluta bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á 2/3 hluta bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 138/2016**M
og****vátryggingafélagið V vegna sjúkdómatryggingar.****Ágreiningur um bótafjárhæð vegna umferðarslyss 23. janúar 2013.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 29.4.2016, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 17.5.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M telur að hann hafi fengið sjúkdóm sem fellur undir gildissvið sjúkdómatryggingar hans hjá V og hefur hann krafist bóta úr vátryggingunni. Enginn ágreiningur er um að M greindist með góðkynja heilaæxli þann 5. júlí 2013. V hefur hafnað því að líkamsástand M sé þess eðlis að það falli undir gildissvið vátryggingarinnar, nánar tiltekið gr. 4.7.1 í vátryggingarskilmálum LJ30 sem segir að félagið greiði bætur vegna brotnáms „*góðkynja heilaæxlis í svæfingu (general anaesthesia) sem leiðir til viðvarandi skerðingar á heilastarfsemi eða ef það er óskurðtækt og leiðir jafnframt til viðvarandi skerðingar á taugastarfsemi (neurological deficit)*.“

M telur að það komi fram í lækisfræðilegum gögnum málsins að áhrif hins góðkynja heilaæxlis séu þess eðlis að um sé að ræða viðvarandi skerðingu á taugastarfsemi vátryggðs og vísar þar m.a. til lækisvottorða dags. 30. júní 2013, 30. janúar og 26. september 2014, sem og vottorða dags. 26. september og 16. október 2015 þar sem ýmsum einkennum M er lýst. M telur að með þeim upplýsingum sem komi fram í umræddum vottorðum sé grundvöllur kröfu hans ljós. Auk þess vísar M til þess að ef V ætli að byggja á undanþágum þá beri félagið sönnunarbyrði fyrir að atvik séu með þeim hætti.

V telur að gildissviðsákvæði gr. 4.7.1 séu ekki uppfyllt hvað það varðar að viðvarandi skerðing hafi orðið á heilastarfsemi M, eins og áskilið er í greininni. Sérstaklega vísar V til lækisvottorðs dags. 24. september 2015 þar sem segir að M hafi ekki þróað með sér t.d. „hydrocephalus eða önnur einkenni“ og þau einkenni sem hann hafi lýst hafi verið metin sem stoðkerfiseinkenni sem hafi verið tímabundin en ekki viðvarandi, eins og áskilið sé í fyrnefndri gr. 4.7.1. Með vísan til þessa telur V að ekki sé nægilega sannað að M hafi viðvarandi skerðingu á taugastarfsemi og því nái gildissvið skilmála ekki yfir ástand hans.

Álit.

Í gr. 4.7.1 í skilmálum LJ30, sem gilda um sjúkdómatryggingu M, kemur fram að skilyrði greiðslu bóta vegna góðkynja heilaæxlis, sem ekki hefur verið numið brott, er að það leiði til viðvarandi skerðingar á taugastarfsemi (neurological deficit). Í þeim lækisvottorðum sem liggja fyrir í málinu er einkennum M frá árinu 2013 lýst. Í þeim gögnum kemur hins vegar ekki fram með skýrum hætti að þau einkenni séu vegna viðvarandi skerðingar á taugastarfsemi. M ber sönnunarbyrði um að skilyrði sem lúta að gildissviði vátryggingarskilmála séu uppfyllt. Fyrirliggjandi gögn sýna það ekki með nægilega skýrum hætti. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu úr sjúkdómatryggingu hjá V m.v. fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 139/2016**M****v. bifreiðarinnar A og****X sf. v. greiðsluskyldu vegna tjóns af völdum óþekktis ökutækis.****Ágreiningur um sönnun tjóns af völdum óþekktis ökutækis 13.3.2015****Gögn.**

1. Málskot móttækið 2.5.2016 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf X, dags. 4.5.2016 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf lögmanns M, dags. 6.5.2016

Málsatvik.

M segir málavexti vera þá að hann hafi ekið Vesturlandsveg til austurs á afrein af Vesturlandsvegi inn á Grjótháls við bensinstöð og þegar M ók fram hjá bensinstöðinni hafi bifreið skyndilega ekið út af bílastæðinu og í veg fyrir A. Til að koma í veg fyrir árekstur hafi M sveigt A til vinstri, en tókst samt ekki að koma í veg fyrir áreksturinn og A hafnaði síðan á ljósastaur og hafi hin bifreiðin ekið áfram inn Grjótháls og stungið af frá vettvangi. M krefst bóta frá V vegna árekstursins sbr. 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjategyggingar. Í lögregluskýrslu kemur fram m.a. að ákomur á bifreið M séu mjög litlar og ekkert hafi sést á ljósastaurnum sem M sagðist hafa ekið utan í en smárispa hafi verið á hægra frambretti bifreiðar M mögulega eftir annað ökutæki. X hafnar bótaskyldu og vísar til lýsingar í lögregluskýrslu um ákomur á A og ljósastaurnum sem M segist hafa ekið utan í. Þá vísar X til þess að lýsing M á árekstrinum á slysadeild klukkutíma eftir áreksturinn sé með öðrum hætti en í lögregluskýrslu.

Álit.

Í lögregluskýrslu kemur fram að ákomur á bifreið M séu óverulegar og engin ákoma sé á ljósastaurnum sem M segist hafa ekið utan í. Þá verður einnig að líta til þess að M lýsir atvikum með nokkrum öðrum hætti hjá lækni stuttu eftir atvikið en hann gerir í lögregluskýrslu. Af gögnum málsins virtum telst ekki sannað að það tjónstilvik sem M lýsir hafi átt sér stað með þeim hætti sem hann heldur fram. M á því ekki rétt á bótum vegna meints áreksturs við óþekkt ökutæki

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna meints áreksturs við óþekkt ökutæki.

Reykjavík 1.7.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 140/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ slysátryggingar launþega.****Maður hlaut meiðsl við að lyfta þungri byrði.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt tilkynningu M um tjón, dags. 1. mars 2016, var M í maímánuði 2014 við annan mann að lyfta þungu líki yfir í kistu. Við að lyfta brast bak M neðst í mjóhrygg. Greinilega hafi heyrst eins og brothljóð. M leitaði í kjölfar atviksins á Heilsugæslustöð. Í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 29. febrúar 2016, er M sagður vera óvinnufær með öllu vegna sjúkdóms frá 7. febrúar sama árs og óvíst hversu lengi.

M hefur krafist bóta úr slysátryggingu launþega hjá V vegna meiðsla þeirra sem hann varð fyrir. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að atvikið hafi ekki orðið af völdum slyss í skilningi skilmála slysátryggingarinnar.

Álit.

Í 9. gr. í vátryggingarskilmálum V fyrir slysátryggingu launþega segir m.a. svo um bótasvið vátryggingarinnar að félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir, ef það leiðir til andláts, varanlegrar læknisfræðilegrar örorku, tímabundins missis starfsorku eða tannbrots. Í 8. gr. skilmálanna segir að með hugtakinu „slys“ sé „átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.“

Takmarkaðra gagna nýtur við í málinu um þann áverka sem M varð fyrir í baki umrætt sinn. Þó liggur fyrir að hann lyfti sjálfviljugur þungu líki sem leiddi til þess að eitthvað brast í baki hans. Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins verður ekki ráðið að meiðsl í baki M megi rekja til utanaðkomandi atburðar sem er eitt skilyrði þess að um slys geti verið að ræða. Heldur hafi hin þunga byrði sem hann ákvað að lyfta valdið áverkanum innra með honum. Atvikið fellur því ekki undir hugtakið slys í skilningi vátryggingarskilmálanna og telst því ekki bótaskyld úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 141/2016**M
og****vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar launþega.****Slyshugtak vátryggingarskilmála vegna líkamstjóns 3. mars 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 27.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.5.2016.

Bréf lögmanns M dags. 26. maí 2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þegar hann var við körfuboltaæfingar. Í gögnum málsins liggur fyrir tjonstilkynning dags. 20. mars 2016, sem undirrituð er af M, en þar segir: „Var að hita upp skjólstaðinga fyrir æfingar sem þeir áttu að fara að gera undir leiðsögn Magna. Ákveðið var að hita upp í körfubolta með þeim afleiðingum að M sleit vinstri hásin við upphlaup og engin snerting var við annan aðila.“ Í annarri tjonstilkynningu dags. 21. mars 2016 kemur einnig fram að vinstri hásin hafi slitnað við upphlaup og engin snerting hafi orðið við annan aðila. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 5. apríl 2016. Í tjonstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 14. apríl 2016 er lýsingin hins vegar svohljóðandi: „Í einu uppstökkinu með boltann rennur kærandi til, missir jafnvægið og fellur við með þeim afleiðingum að vinstri hásin slitnar.“ Í málskoti, sem móttakið var 27. apríl 2016 var lýsing með sama hætti.

M telur að það sem raunverulega gerðist hafi verið það að hann missti jafnvægið í uppstökki og féll og verði líkamstjón hans ekki rakið til skyndilegs svimakasts hans eða innra ástands og verði því að telja að um utanaðkomandi atburð sé að ræða í skilningi dómafordæmis í máli Hæstaréttar Íslands nr. 412/2011. M ítrekar að hann hafi verið við hestaheilsu áður en líkamstjónið kom til og að V beri sönnunarbyrði um að rekja megi líkamstjón hans til innra ástands. Einnig bendir M á að ekki hafi verið haft samband við vitni til að leiða betur í ljós málsatvik.

V telur að ekki sé sýnt að rekja megi líkamstjón M til utanaðkomandi atburðar í skilningi 8. gr. vátryggingarskilmála slysatryggingar launþega. Þar komi fram að hugtaksskilyrði slyss í skilningi þeirrar greinar sé að utanaðkomandi atburður hafi leitt til líkamstjóns M. Lýsingar hans á atvikum bendi hins vegar ekki til þess og verði ekki byggt á lýsingum M sem komi til eftir að hann fékk upplýsingar um höfnun bótaskyldu, heldur á fyrstu skýrslum um málið.

Álit.

Í vátryggingarétti er orðið slys gjarnan skýrt sérstaklega í vátryggingarskilmálum vátryggingafélaga með þeim hætti að það þurfi að vera um að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerðist án vilja hans. Slík skilgreining kemur fram í 8. gr. skilmála slysatryggingar launþega hjá V. Í nýlegri dómafrákvæmd Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. dóms réttarins í málum nr. 412/2011 og 128/2013, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi vátryggingarskilmála. Í þessu máli verður ekki litið framhjá tilkynningu M sjálfs um að hann hafi verið að stökkva upp þegar hásin í vinstri fæti slitnaði. Aðrar lýsingar á atburðinum hnekkja ekki umræddri lýsingu atvika og verður hún því lögð til grundvallar. Verður, við þær aðstæður, ekki annað séð en að líkamstjón M hafi orðið vegna innra ástands í líkama hans en ekki vegna utankomandi atburðar við fall, þar sem áhrif á líkama urðu, m.v. þá lýsingu sem lögð er til grundvallar, án þess að fall kæmi til. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 142/2016
M og
vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar og
slysátryggingar ökumanns og eiganda ökutækja.

Kona ók bifreið fram af bryggju í Reykjavík 18.1.2015.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 8.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 5.6.20116 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

Af hálfu M er málavöxtum lýst með þeim hætti að hún hafi ekið af Geirsgötu norður Miðbakka þar sem bifreið M var beygt til hægri og snúið skyndilega til vinstri og ekið fram af bryggjunni. M var um 25 mínútur í sjónum áður en henni var bjargað. M krefst bóta úr kaskótryggingu og slysátryggingu ökumanns og eiganda bifreiðar sinnar. M segir að ekki sé hægt að fella niður bótarétt vegna upplýsinga sem komi fram í lögregluskýrslu málsins og mótmælir M því að slysið megi rekja til stórkostlegs gáleysis af hennar hálfu. Þá er á það bent af hálfu M að snjór og klaki hafi verið á slystað og ekki hægt að útiloka að slysið hafi orðið með þeim hætti að M hafi misst stjórn á bifreiðinni í hálfu og snjó á bryggjunni með þeim afleiðingum að bifreiðin hafnaði í sjónum. Í lögregluskýrslu segir að samkvæmt upptökum í eftirlitsmyndavélakerfi Faxaflóahafna sjáist að bifreið sé ekið af Geirsgötu og norður Miðbakka þar sem bifreiðinni er beygt til hægri og snúið skyndilega til vinstri og ekið fram af bryggjunni. Í lögregluskýrslu kemur fram að fyrir um daginn hafði vinkona M haft samband við lögreglu og tilkynnt henni að M hafi rokið út úr heimahúsi í Kópavogi í einhverskonar geðrofi, en hún hafi þá nokkrum dögum áður hafið að nýju neyslu ólöglega fíkniefna. V hafnar bótaskyldu og telur með hliðsjón af gögnum málsins að tjónstilvikinu hafi verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. V bendir á að upplýsingar liggja fyrir að M hafi um árabíl glímt við fíkniefnavanda og fari jafnan í geðrof þegar hún hefur neyslu og í lögregluskýrslu í málinu komi fram að aðstandandi M hafi rætt við hana skömmu áður en umrætt atvik gerðist og hafi M þá verið í geðrofi og ekki verið í tengslum við raunveruleikann. Þá bendir V á að bifreið M hafi verið snúið skyndilega til vinstri og ekið fram af bryggjunni. V segir ljóst að M hafi verið ófær um að stjórna bifreið í umrætt sinn vegna fíkniefnaneyslu. V telur miðað við upplýsingar í málinu að fyrir liggja að M hafi brotið tilgreindar varúðarreglur vátryggingarskilmála þeirra sem um ræðir með það alvarlegum hætti að það leiði til þess að bótaréttur verði felldur niður að fullu. V telur að tjónsatburðinn megi rekja til stórkostlegs gáleysis M og falli bótaréttur M því niður hvað varðar báðar þær vátryggingar sem komi þarna til.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn þá er ljóst að aksturslag M er þannig í umrætt sinn að hún beygir skyndilega til vinstri þegar hún er á bryggjunni og fram af henni og út í sjó. Engin tilraun er gerð til að hemla eða koma í veg fyrir að bifreiðinni sé ekið út af bryggjunni, þannig að ekki verður séð að sérstakar aðstæður á vettvangi, t.d. yfirborð bryggjunnar hafi leitt til þess að bifreiðin lenti í sjónum. Miðað við aksturslag M í umrætt sinn verður ekki annað séð en að hún hafi af ásetningi og/eða stórkostlegu gáleysi hagað akstri sínum með þeim hætti að bifreiðinni var ekið rakleiðis út af bryggjunni og hafnaði í sjónum. V er því heimilt að fella niður bætur til M úr kaskótryggingu bifreiðar hennar og bætur úr slysátryggingu ökumanns og eiganda með vísan til 1. og 2. mgr. 27.

gr. laga um vátryggingasamninga, sbr. 90. gr. sömu laga. M á því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðar sinnar hjá V eða úr slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðar sinnar hjá V eða slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Reykjavík 14.6.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 143/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á gatnamótum Gránufélagsgötu og Glerárgötu á Akureyri 31.3.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27.4.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 13.5.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6
3. Bréf V-2 dags. 24.5.2016

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið eftir Gránufélagsgötu og runnið aðeins út á Glerárgötu vegna hálfu og bakkað til baka og A verið kyrrstæður þegar B var ekið aftan á A. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A á lítilli ferð og ekki náð að stöðva vegna hálfu og reynt að sveigja B til hægri frá A en það ekki dugað til.

Álit.

Ökumaður A segist hafa séð til ferða B niður Glerárgötu, að mati ökumanns A töluvert ofar í götunni, áður en hún tók ákvörðun um að bakka aftur inn á götuna. Ökumaður A tók því ákvörðun um að bakka gegn akstursstefnu og taka þar með upp hemlunarvegalegd B þó hún vissi að B var að koma niður götuna í mikill hálfu. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum. Ekki skiptir máli í þessu sambandi þó að ökumanni A hafi tekist að stöðva A skömmu áður en árekstur varð.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 24.6.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 144/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ húseigendatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum leka í fasteign.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M rekur hótél í húseign sem vátryggð er samkvæmt húseigendatryggingu hjá V. Í málskoti segir að við lekaleit 16 febrúar 2016 í þakrými húseignarinnar hafi komið í ljós umtalsverðar rakaskemmdir á þakklæðningu. Pípulagningameistari á vegum M var fenginn til að skoða aðstæður í húseigninni. Í ódagsettri skýrslu hans segir svo: „Ég undirritaður fór að [H] til skoðunar á leka í einu herberginu. Við leit á leka var farið upp á háloft. Kom þá í ljós að útöndun frá skolpstamma, sem lá upp úr þaki hafði farið úr sambandi rétt undir þaki. Var klæðningin á þakinu farin að skemmast vegna gufu sem kemur úr lögnum við notkun á sturtum o.fl. frá hótélherbergjum. Var skemmdin komin í ákveðinn radíus frá rörinu. Ef til vill er hluti af skemmdinni utanaðkomandi. En meginhluti skemmdanna er trúlega út af gufu sem kemur frá lögnum.“ Í skýrslu annars pípulagningameistara, sem V fékk til að skoða aðstæður, segir að niðurstaða hans sé að „[e]ndarör við útöndun á þaki tærð í sundur upp við þak.“

M hefur krafist bóta úr húseigendatryggingunni hjá V vegna þess tjóns sem á að hafa orðið á húseigninni vegna þeirrar bilunar sem virðist hafa orðið á útöndunarröri upp undir þakinu. V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að tjónið falli ekki undir gildissvið vátryggingarinnar.

Álit.

Í 1. gr. í skilmálum húseigendatryggingar V segir að vátryggingin bæti skemmdir á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum hennar.

M hefur sönnunarbyrði um það að atvik hafi verið með þeim hætti að öll skilyrði séu fyrir hendi svo tjónið falli undir gildissvið vátryggingarinnar, sbr. 1. gr. skilmálanna, þ. á m. að tjónið verði rakið til skyndilegs leka. Ekki liggur fyrir lýsing á orsökum þess tjóns sem ágreiningur aðila snýst um að öðru leyti en því sem fram kemur í fyrrgreindum skýrslum tveggja pípulagningameistara. Ekki verður séð af þessum skýrslum að tjónið verði rakið til skyndilegs leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum húseignarinnar, eins og áskilið er. Telst því ósannað, eins og málið liggur fyrir, að orsök tjónsins megi rekja til skyndilegs leka. Af því leiðir að tjón M fæst ekki bætt úr vatnstjónstryggingarlið húseigendatryggingarinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 145/2016**M
og****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Slys við veiðar í Elliðaánum 23. júlí 2010.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3.5.2016, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 25.5.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þegar hann var við veiðar í Elliðaánum, nánar tiltekið þannig að hann steig ofan í holu eða sprungu við árbakkann og ristarbrotnaði. Ekki er ágreiningur um að M hafi orðið fyrir líkamstjóni með þessum hætti þann 23. júlí 2010.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjónsins vegna óforsvaranlegra aðstæðna á veiðisvæði Elliðaána, en X sé umsjónaraðili með vatnasvæði þeirra og þess vegna sé kröfu beint að X. M skýrir aðstæður með þeim hætti að hann hafi stigið ofan í umrædda holu eða sprungu eftir að hafa fengið fisk á, en hann hafi flutt sig til í því skyni að vera í betri aðstæðum til að landa fisknum. M tekur einnig fram að þegar laxinn taki þá sé hugur veiðimannsins upptekinn við að landa honum en „ekki af illsjáanlegri sprungu“. M vísar til þess að hann hafi gert öryggisfulltrúa X viðvart á árinu 2009 um umrædda holu og tekið málið aftur upp í janúar 2010 á sérstökum fundi og hafi það verið fært til bókar af öryggisfulltrúanum. M telur að hann hafi mátt vænta þess að X gerði ráðstafanir í kjölfarið til að minnka slyshættu. Það að ekkert hafi verið gert af hálfu X sé gáleysi og á því verði X að bera skaðabótaábyrgð.

V vísar til þess að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð verði að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Það hafi M ekki gert en þrátt fyrir ítarlega leit af hálfu X þá hafi ekkert fundist sem staðfesti að hann hafi gert athugasemdir við aðstæður á veiðistöðum Elliðaár. Einnig bendir V á að um sé að ræða náttúrulegt umhverfi árinna og það sé gróft, holótt og hrjóstrugt. Það sé ekki óvenjulegar aðstæður á árbökkum og hafi því M átt að fara að öllu með gát. V rekur slysið til óhappatilviljunar og hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X.

Álit.

Í málinu liggur ekkert fyrir sem styður fullyrðingar í málskoti um að M hafi kvartað undan aðstæðum á árbakka Elliðaána á árunum 2009-2010, áður en hann slasaðist þann 23. júlí 2010. Telst því ekki sannað að X hafi vanrækt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slyshættu, enda í raun ekki heldur ljóst hvað X hefði borið að gera við þær náttúruaðstæður sem eru við árbakka almennt. Verður ekki með nokkrum hætti séð að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X, sem umsjónaraðili vatnasvæðisins, geti borið skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Því hefur ekki stofnast greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 146/2016**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður slasaðist þegar hjólaverkpallur féll sem hann var að klifra upp í.****Gögn.**

Málskot, móttakið 4.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 2. desember 2013 var M, tæplega 38 ára gamall, við störf sem sviðsmaður á sviði Austurbæjarbíós á vegum vinnuveitanda síns, A, til undirbúnings upptöku á nánar tilgreindum sjónvarpsþætti í húsinu. Á sviðinu hafði verið reistur 6 m hár hjólaverkpallur. Er M var að klifra upp pallinn að utanverðu féll pallurinn um koll og við það meiddist M einkum á vinstri fæti.

Verkpallurinn mun hafa verið reistur af B, verktaka sem vann fyrir A við uppsetningu sviðsmyndar á sviði hússins. Að sögn B mun hafa gleymst að setja hjólin á pallinum í bremsu. M hugðist klifra upp á verkpallinn til að festa hann í loftið. Þegar M var kominn í um 3 m hæð mun slinkur hafa komið á pallinn og við það féll hann í gólfíð.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins (VER) um slysið kemur fram að M vinni við sviðsmyndagerð og hafi umsjón með tækjum. Slysdaginn hafi hann verið að stýra sviðsmynd í sjónvarpsþættinum. Til hafi staðið að festa stórt auglýsingaspjald á verkpallinn. Þegar M hafi farið upp verkpallinn hafi hann klifrað utan á pallinum. Um niðurstöður rannsóknar VER á tildrögum slyssins segir að í fyrsta lagi hafi pallurinn verið of hár miðað við breidd, en mesta hæð hjólaverkpalls sem notaður er innanhúss sé fjórum sinnum minnsta breidd milli hjóla eða stuðningsstoða. Í öðru lagi hafi ekki verið farið upp pallinn um lúgu í pallgólfi eins og reglur segi til um heldur klifrað utan á pallinum en við það breytist jafnvægispunktur hans. Í þriðja lagi hafi pallurinn ekki verið í bremsu. Loks í fjórða lagi hafi ekki verið gert áhættumat fyrir vinnu í hæð. Krafist var úrbóta á öllum þessum þáttum sem að álitu VER voru talin orsök slyssins.

Fyrir liggur yfirlýsing frá B, dags. 10. mars 2016, þar sem fram kemur að B hafi reist verkpallinn ásamt öðrum manni. Þá hafi M ekki verið í húsinu og hann hafi ekki komið að uppsetningu pallsins né frágangi. Hann hafi heldur ekki verið kominn í hús þegar B fór upp á pallinn í gegnum lúgur á pallgólfinu og sömu leið til baka.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur viðurkennt bótaskyldu en telur að M verði að bera 1/3 hluta tjóns síns sjálfur vegna meðábyrgðar sinnar þar eð hann hafi af stórkostlegu gáleysi átt þátt í því að slysið varð, sbr. 1. mgr. 23. gr. a skaðabótagalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim. Í því sambandi er þess getið af hálfu V að B hafi staðfest í síma að hann hafi varað M við því að fara upp á verkpallinn þar sem hann væri hættulegur.

Álit.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins, og þá einkum samkvæmt umsögn VER um slysið, að umræddur verkpallur var á ýmsan hátt vanbúinn þegar slysið varð, svo sem að hann var of hár miðað við breidd og hjól hans voru ekki í bremsu. Þegar litið er til aldurs M og þeirrar stöðu sem hann gegndi hjá A verður að telja að hann hafi sýnt nokkuð aðgæsluleysi þegar hann klifraði upp utanverðan pallinn. Kann það að hafa leitt til þess að slinkur kom á pallinn sem olli því að hann féll á hliðina. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að M kom ekki að uppsetningu né frágangi pallsins. Er því ekki víst að honum hafi verið það nægilega ljóst að pallurinn gat verið óvenju valtur vegna hæðar sinnar miðað við breidd og að hjólin undir honum væru ekki í bremsu. Þá er ekkert í gögnum málsins til sönnunar á þeirri staðhæfingu V að B hafi verið búinn að vara M við því að pallurinn væri hættulegur. Að þessu virtu verður ekki talið að það verði virt M til

stórkostlegs er hann umrætt sinn klifraði upp utanverðan verkfallinn. Hann á því rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 147/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna slysáttryggingar launþega.****Slysahtak váttryggingarskilmála vegna líkamstjóns 22. ágúst 2012 og
tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

Málskot, móttakið 4.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.5.2016, ásamt afriti af bréfi V dags. 29.12.2015 og tilkynningu til V dags. 26.10.2015.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þegar hann „var að koma út úr hjólaskóflu og steig á misfelli og fékk slink á vinstri fótinn og hlaut meiðsli af.“ Í gögnum málsins liggur fyrir tjónstilkynning til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 28. ágúst 2012 M, en þar segir: „Var að fara niður úr Hjólaskóflu og kom illa niður og fékk slæman verk í hné.“ Í sjúkraskrá M kemur fram að hann hafi leitað til læknis 26. ágúst 2012 og þar er atvikum þannig lýst: „Var að stíga úr vörubíl og fékk mikinn þrýsting í vinstra hné [...] Var að stíga úr vörubíl og fékk snúning á vinstra hné.“

M telur í fyrsta lagi að atvik líkamstjóns hans hafi verið þess eðlis að meiðsli hans megi rekja til utanaðkomandi atburðar í skilningi váttryggingarskilmála V og þess slysahtaks sem þar kemur fram og er í samræmi við almennt slysahtak váttryggingaréttar og dómafordæmi í máli Hæstaréttar Íslands nr. 412/2011. Lending á jörðinni hafi verið sá skyndilegi utanaðkomandi atburður sem olli rifu á innri liðþófa í vinstra hné M. Einnig vísar M til þess að Sjúkratryggingar Íslands hafi samþykkt að um væri að ræða slys, en sama slysahtak sé í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar. Í öðru lagi byggir M á því að hann hafi ekki gert sér raunverulega grein fyrir varanlegum afleiðingum líkamstjónsins fyrr en 16. júní 2015 og fái það stöð í læknisfræðilegum gögnum málsins. Tjónið hafi verið tilkynnt til V 22. júní 2015 og því innan ársfrests þess sem tilgreindur er í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga.

V telur í fyrsta lagi að ekki sé sýnt að rekja megi líkamstjón M til utanaðkomandi atburðar í skilningi gr. 1.2 í váttryggingarskilmálum slysáttryggingar launþega félagsins. Þar komi fram að hugtaksskilyrði slyss í skilningi þeirrar greinar sé að utanaðkomandi atburður hafi leitt til líkamstjóns M. Lýsingar M á atvikum bendi hins vegar til þess að tjón hans verði rakið til innri veikleika í ljósi þess að verkur sá sem M lýsir í vinstra hné hafi einungis komið til vegna hreyfingar hans sjálfs. Einnig vísar M í öðru lagi til þess að M hafi gengist undir speglunaraðgerð á hné 25. september 2012 og verið í eftirliti vegna þeirrar aðgerðar 3. desember 2012. Þar hafi komið fram að M hafi verið með stöðuga verki í hné eftir það. Þá hafi verið komin fram þau atvik sem krafa M geti verið reist á og með því að tilkynna ekki um tjónið til V fyrr en með tjónstilkynningu dags. 26. október 2015 hafi ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga verið liðinn.

Álit.

Í váttryggingarétti er orðið slys gjarnan skýrt sérstaklega í váttryggingarskilmálum váttryggingafélaga með þeim hætti að það þurfi að vera um að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs og gerðist án vilja hans. Slík skilgreining kemur fram í gr. 1.2 í skilmálum slysáttryggingar launþega hjá V. Í nýlegri dómafrákvæmd Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. dóms réttarins í málum nr. 412/2011 og 128/2013, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi váttryggingarskilmála. Í þessu máli verður ekki litið framhjá tilkynningu M sjálfs um að hann hafi verið að stíga niður og fengið við það slæman verk í hné. Aðrar lýsingar á atburðinum hnekkja ekki umræddri lýsingu atvika og verður hún því lögð til grundvallar. Verður, við þær aðstæður, ekki annað séð en að líkamstjón M hafi orðið vegna innra ástands í líkama hans en ekki vegna utankomandi atburðar við fall, þar sem áhrif á líkama urðu, m.v. þá lýsingu sem lögð er til grundvallar, án þess að

fall kæmi til, heldur þannig að M steig niður. Atvikið fellur því ekki undir hugtakið slys í skilningi váttryggingarskilmálanna og telst því ekki bótaskyld úr slysáttryggingunni.

M á þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu launþega. Þó þess vegna sé ekki tekin afstaða til þess hvort ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi verið liðinn, þegar tilkynnt var um tjónið til V í júní 2015, skal þess getið að m.v. upplýsingar í læknisfræðilegum gögnum málsins má ætla að óþægindi M vegna umrædds atviks hafi verið stöðug frá árinu 2012 auk þess sem tjónstilkynningu var beint til Sjúkratrygginga Íslands í lok ágúst 2012. Verður því að ætla að atvik sem krafa M gæti verið reist á hafi verið komin fram fyrir mitt ár 2014.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 148/2016
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns.

Umferðaróhapp á vélhjóli. Tilkynningarfrestur vegna slyss 14.10.2014.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 3.5.2016 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf V dags. 1.7. 2016

Málsatvik.

M meiddist í umferðaróhappi á vélhjóli 14.10.2014. Slysið var tilkynnt til V með tjonstilkynningu dags. 19.2.2016. M krefst bóta, en V hafnar bótaskyldu á þeim forsendum að slysið hafi verið tilkynnt eftir að frestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl.) var liðinn. M heldur því fram að hann hafi ekki getað gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins fyrir en löngu eftir slysdag. M bendir á, að hann hafi leitað sama dag og slysið varð á bráðadeild LSH og sýndi röntgenmynd brot á vinstra ökkla og ristarbeini. M var settur í gips og við endurkomu þ. 3.12.2014 segir í sjúkraskrá um M „M hlaut afrifubrot á MT5basis og var í gipsi. Tók það af sér sjálfur fyrir viku þar sem það var allt í tætlum og hefur nú stigið án þess og er farinn að vinna. Einhver væg einkenni eftir 6 klst. Vinnudag annars líður honum vel. Rtg. Þetta er byrjað að gróa en það er þarna glufa lateral en annars lítur þetta mjög vel. Ekki þörf á frekara eftirliti hér og hann útskrifast.“ M segir að seinni part sumars 2015 hafi hann leitað til heimilislæknis vegna óþæginda og sendi hann M í röntgenmyndatöku og kom þá í ljós að brotið var ekki fyllilega gróið. Í lok janúar leitaði M síðan til bæklunarlæknis vegna óþæginda og verkja í vinstri ökkla og rist og var M þá tjáð að um væri að ræða varanlegar afleiðingar slyssins og í kjölfar þess leitaði M til lögmanns sem tilkynnti sem sendi tilkynningu til V dags. 19.2.2016. M byggir á því að hann hafi því tilkynnt slysið til V um leið og hann hafi getað gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins og hafi því tilkynning verið send áður en tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. vsl. hafi verið liðinn. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið hafi ekki verið tilkynnt félaginu innan lögbundins tilkynningarfrests skv. 124.gr. vsl. V bendir á að M hafi verið meðhöndlaður vegna beinbrots strax á slysdegi og beinbrot teljist alvarlegur áverki og telur V að strax á slysdegi hafi M átt að gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta, samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Þó rúmir 16 mánuðir hafi liðið frá slysinu þangað til það var tilkynnt V, verður með engu móti ráðið af gögnum málsins að ári áður en slysið var tilkynnt hafi M vitað um þau atvik sem krafa hans er reist á. M leitaði strax eftir slysið til læknis. Á röntgenmynd kom í ljós brot á vinstra ökkla-beini og ristarbeini. Við endurkomu eftir 6 vikur kemur fram í sjúkraskrá að M sé útskrifaður og farinn að stíga í fótinn og vinna. Ekki verður séð að M hafi á þeim tíma getað gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins. Af gögnum málsins verður með engu móti ráðið að ári áður en slysið var tilkynnt eða í febrúar 2015, hafi M vitað um þau atvik sem krafa hans er reist á eins og áskilið er í 1. mgr. 124. gr. vsl. heldur hafi honum mátt vera það ljóst í síðasta lagi seinni hluta sumars 2015 þegar hann leitaði aftur til læknis vegna óþæginda. Af þeirri ástæðu verður ekki talið að hann hafi glatað rétti til bóta að því marki sem hann hefur orðið fyrir varanlegu líkamstjóni af völdum þess. M telst því eiga rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík. 16.8.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 149/2016**M****vátryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um greiðsluskyldu vegna kostnaðar við rekstur dómsmáls vegna ágreinings um greiðsluskyldu þjónustuaðila bifreiðar.****Gögn.**

Málskot, móttækið 6.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 18.5.2016.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 15.6.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi fest kaup á bifreið 4. október 2013. Áður en gengið var frá kaupsamningi fór fram sérstök skoðun á bifreiðinni, eða daginn áður. M telur að þeirri skoðun hafi verið ábótavant og snýr réttarlegur ágreiningur hans fyrst og fremst að kröfum á hendur þeim þjónustuaðila sem annaðist þá skoðun.

M hefur í gildi málskostnaðartryggingu hjá V og hefur krafist þess að kostnaður hennar í tengslum við rekstur dómsmálsins greiðist úr málskostnaðartryggingunni. Helstu röksemdir M eru þær að V beri fyrir sig undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum, en slík ákvæði beri að túlka þröngt. M telur að ágreiningur hans varði hann ekki sem eiganda eða notanda bifreiðarinnar heldur snúi hann einungis að gallaðri þjónustu af hálfu fyrrnefnds þjónustuaðila.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr vátryggingunni á þeim forsendum að ágreiningur varði M sem eiganda vélknúins farartækis, sbr. undanþáguákvæði í gr. 25.10 í vátryggingarskilmálum V.

Álit.

Samkvæmt upphafsákvæði gr. 25.1 í skilmálum V sem gilda um málskostnaðartrygginguna bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Skv. gr. 25.10 bætir félagið þó ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis, fellihýsis eða annarra tengivagna, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu.

Ágreiningur sá sem M á í við fyrrnefndan þjónustuaðila byggist á því að M telur að sú þjónusta sem veitt var hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem hægt er að leiða af lögum þar um. Þótt ágreiningurinn lúti fyrst og fremst að ágreiningi aðila um hvers konar þjónusta var veitt og hvort hún var í samræmi við lög og reglur verður ekki fram hjá því litið að M leitaði eftir þeirri þjónustu þegar hann hugðist kaupa bifreið og daginn eftir gekk hann frá kaupunum. Verður því ekki komist hjá því að líta svo á að hann hafi verið notandi bifreiðar þegar þjónustan var veitt og þegar ágreiningur kom upp við þjónustuaðilann er M eigandi bifreiðarinnar. Með því að svo háttar til telst ágreiningurinn varða M sem notanda eða eftir atvikum eiganda bifreiðar og telst V því undanþegið greiðsluskyldu með vísan til gr. 25.10 í skilmálum vátryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 152/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar D.

Maður slasaðist á fingri við vinnu þ. 1. 7.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið 6.5.2015 ásamt fylgiskjölum 1-21
2. Bréf V dags. 20.5.2016 ásamt fylgiskjölum 1-5

Málsatvik.

Starfsmaður D var stjórnandi gröfu og var að hífa járnör með gröfuskóflunni og þegar hann slakaði á til að leggja rörið segir M, sem var að aðstoða við verkið, hafa tekið eftir að rörið var að fara niður á vitlausan stað og segist M þá hafa sett höndina upp til að biðja stjórnanda gröfunnar um að stoppa svo M gæti rétt rörið af, en stjórnandinn hafi slakað gröfuskóflunni áfram niður með þeim afleiðingum að litli fingur M varð á milli rörsins og skóflunnar og brotnaði. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu D hjá V og byggir á því að slysið hafi orðið vegna saknæmrar háttsemi stjórnanda gröfunnar og þar sem slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins verði að leggja frásögn M af málsatvikum til grundvallar í málinu. M segist hafa gefið stjórnanda gröfunnar skýr merki um að stöðva vinnu og hafi staðið í þeirri trú að stjórnandinn hefði móttakið merki hans. V segir að í umrætt sinn hafi verið að setja stólpa á lager og nóg pláss hafi verið á svæðinu og algjör óþarfi hafi verið fyrir M að leggja höndina ofan á stólpann. M hafi ekki haft annað verkefni en að festa keðju á stólpa og losa aftur þegar stólpinn var kominn niður. M hafi eingöngu þurft að toga í járnött þegar flutningi rörsins hafi verið lokið en um mjög einfalt verk hafi verið að ræða. Þá segir V að M hafi borið að gefa stjórnanda gröfunnar skýr og ótvíræð merki og ganga úr skugga um að þau boð hafi verið meðtekin áður en M aðhafðist frekar. V segir að M hafi farið sjálfur af vettvangi og hafi D ekki verið ljóst að M yrði frá vinnu vegna þessa, en M sé ekki starfsmaður D heldur annars aðila sem D var að vinna fyrir í umrætt sinn

Álit.

M var að vinna einfalt verk í umrætt sinn og þurfti ekki að gera annað en að losa keðju sem var um járnstólpa sem verið var að setja niður með því að slaka gröfuskóflu niður. M byggir bótakröfu sína á sök stjórnanda gröfunnar og segist hafa gefið gröfumanninum ótvíræð merki um að hætta að slaka járnörinu niður. Í gögnum málsins verður ekki séð að gröfumaðurinn hafi orðið var við merkjagjöf M hvað þetta varðar og ekkert í gögnum málsins bendir til þess að gröfumaðurinn hafi í umrætt sinn sýnt af sér gáleysi þannig að leiði til bótaskyldu D. M bar einnig að gæta varúðar við það einfalda verk sem verið var að vinna í umrætt sinn og bíða þangað til ljóst var að gröfumaðurinn hefði móttakið þau skilaboð sem hann segist hafa sent honum. Þegar af þessum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík 14.6.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 153/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar veghaldara.****Tjón á bifreið er henni var ekið ofan í holu á malbikaðri akbraut.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.5.2016.

Bréf V, dags. 25.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M mun hafa ekið bifreið sinni ofan í holu í malbiki er hann ók suður Kringluna að austanverðu við samnefnda verslunarmiðstöð í átt að Listabraut. Í tilkynningu M um tjónið, dags. 2. maí 2016, segir svo orðrétt: „Ók suður meðfram Kringlunni lenti í holu og skemmdi dekk og gorm.“ Kveður M að 18 viðgerðar holur af verið á umræddri leið og hafi hann lent í einni þeirra sem hafi verið 20-25 cm djúp. Í tjónstilkynningu segir að tjónið hafi orðið 15. mars 2016, en M kveður þá dagsetningu ekki vera nákvæma.

M kveður veghaldarann, Reykjavíkurborg (A), bera ábyrgð á tjóninu og hefur krafist þess að það verði bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Af hálfu A barst vitneskja um holu að vestanverðu við Kringluna 14. mars 2016 og gert var við hana samdægurs. Hins vegar hafi ekki verið vitað um neinar aðrar holur 15. mars. Með vísan til þessa hefur V hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Enn fremur skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni.

Samkvæmt því sem fyrir liggur í máli þessu verður ekki ráðið að A hafi vitað af holu þeirri sem olli skemmdum á bifreið M. Telst því ósannað að tjónið verði rakið til gáleysis A við veghaldið. Þegar af þeirri ástæðu eru skilyrði bótaskyldu skv. 56. gr. vegalaga ekki fyrir hendi. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess tjóns sem varð á bifreið hans umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 154/2016**M og
vátryggingafélagið V v. skipatryggingar R.****Sjómaður slasast við vinnu 7.2.2015.****Tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.12.5.2016 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf V dags. 23.5.2016.
3. Viðbótargögn frá lögmanni M, launaseðill og læknabréf.

Málsatvik.

M var að vinna í lest og var að setja fiskikar upp í 4.hæð þegar hönd hans klemmdist á milli karsins og járngrindar með þeim afleiðingum að M slasaðist þannig að hluti af fingurgóm hægri litlafingurs hjóst af. M krefst bóta úr slysatryggingu skv. skipatryggingu R hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir ekkert liggja fyrir í málinu af hálfu M varðandi málavexti eða ágreiningsefni, en af fyrri samskiptum megi þó ráða að ágreiningur sé um það hvort ársfrestur skv. 1. mgr. 124.gr. vátryggingasamningalaga nr. 30/2004 hafi verið liðinn eða ekki.

V segir að tjón M hafi komið fram á slysdegi og M hefði þá átt að geta gert sér grein fyrir að slysið hefði varanlegar afleiðingar fyrir hann og rétt sé því að miða upphaf ársfrestsins við tjónsdag. V segir að þ.10.5.2015 hafi lögmaður M sent V tölvupóst og óskað eftir afritum af gögnum málsins og V svarar því bréfi þ.11.5.2015 og segir ekkert vinnuslys skráð á M og lögmaðurinn beðinn um að senda frekari upplýsingar m.a. um vinnuveitanda, lýsingu á tjónsatburði, umboði og hvaða kjarasamning M heyri undir. V segir að þ.5.4.2016 eða 14 mánuðum eftir slysdag hafi lögmaður M sent póst þar sem hann spyrji hvort þetta sé ekki allt skráð og allt klárt ásamt nokkrum gögnum. V segir að höfnun á greiðsluskyldu hafi síðan verið send lögmanni M þ.11.4.2016. V segist ekki geta litið svo á að gerðar hafi verið kröfur um bætur þegar lögmaður M biður um gögn í máli sem V hafi verið algerlega ókunnugt um.

Álit.

Í 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga segir að sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hafi ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti. Í máli þessu liggur fyrir að V barst ekki krafa um bætur frá M eða V tilkynnt um vátryggingaratburð með öðrum hætti innan árs frá því að M fékk vitneskju um þau atvik sem bótakrafa hans er reist á, en með hliðsjón af eðli líkamstjónsins má ætla að M hafi mátt vita um atvik sem krafa hans er reist á á slysdegi. Fyrirspurn lögmanns varðandi gögn í máli sem V hafði enga vitneskju verður ekki talin fullnægjandi sem tilkynning um tjón í skilningi sömu 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. M á því ekki rétt á bótum úr skipatryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr skipatryggingu M hjá V.

Reykjavík, 24.6.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 155/2016**M og****vátryggingafélagið V v. frítímaslysátryggingar fjölskylduátryggingar.****Ágreiningur um gildissvið ákvæðis um frest til að krefjast örorkumat.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 13.5.2016 ásamt fylgiskjölum 1-14
2. Bréf V dags. 10.6.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6

Málsatvik.

M varð fyrir slysi 17.8.2011 á Spáni þegar hann hlaut brot á báðum höndum þegar hann datt. Ágreiningur í málinu varðar það hvort réttur M til bóta sé fallinn niður eða ekki vegna ákvæðis í vátryggingarskilmálum um að tiltekinn frest til að krefjast örorkumats, nánar tiltekið b- og c-lið 5. gr. skilmálanna, um að það skuli innan þriggja ára eftir slys. M vísar til þess að ekki sé kveðið á um réttaráhrif þess að örorkumat fari ekki fram innan þriggja ára frá slysdagi. Þá er af hálfu M vísað til 63. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 um að ákvæði laganna séu ófrávíkjanleg, en ekki sé kveðið sérstaklega á um tómlætisreglu eins og þá sem í skilmálum V í lögnum og sé V því ekki heimilt að beita slíkri reglu. M bendir á að slys hans hafi verið tilkynnt innan tilskilins frests 1. mgr. 124. gr. laganna og V hafi tekið þátt í gagnaöflun vegna málsins. Þá er vísað til þess af hálfu M að um óljósa reglu sé að ræða í vátryggingaskilmálum hvað varðar 21. gr. og því beri að skýra ákvæði greinarinnar V í óhag þar sem V hafi samið reglurnar einhliða. V hafnar bótaskyldu á þeim forsendum að meira en þrjú ár liðu frá slysinu án þess að M hafi gert reka að því að láta meta varanlega örorku vegna afleiðinga slyssins og bótaréttur því ekki til staðar skv. orðalagi 5. gr. skilmála tryggingarinnar. V telur ákvæði 5. gr. vátryggingaskilmálanna sé alveg skýrt og leggi þær skyldur á herðar M að hlutast til um það að örorkumat á varanlegum afleiðingum slyssins fari fram innan þriggja ára, enda sé það á hans valdi og ábyrgð.

Álit.

Í 5. gr. í vátryggingaskilmálum V um bætur vegna varanlegs líkamstjóns segir í tl. b. „Örorka ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdagi.“ Í tl. c í nefndri 5.gr. segir að ”þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunní að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið.”

Með dómi Hæstaréttar máli nr. 22/2004 var leyst úr ágreiningu um túlkun á efnislega samhljóða skilmálaákvæðum slysátryggingar og að ofan greinir vegna kröfu um örorkubætur á grundvelli örorkumats sem framkvæmt var rúmum þremur árum eftir slysdag. Í dómi Hæstaréttar var m.a. á því byggt að tjónþola hefði verið í lófa lagið að kynna sér þá skilmála, sem reyndi á í málinu, en þeir hafi markað nánara inntak þess réttar sem tjónþolanum var veittur. Hafi umrædd skilmálaákvæði hvorki getað talist óeðlileg né óvenjuleg á sínu sviði. Með því að ekki hefðu komið fram haldbær rök fyrir því að tjónþolinn gæti verið óbundinn af hinum umdeildu skilmálaákvæðum var bótakröfu hafnað. Þegar M leitaði eftir því að örorka hans yrði metin voru meira en fjögur ár liðin frá því að hann slasaðist. Var því löngu liðinn sá þriggja ára frestur sem örorkumat skyldi í síðasta lagi framkvæmt sbr. tl. c í 5.gr. vátryggingarskilmála frítímaslysátryggingarinnar. Með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 22/2004 og með hvaða hætti skilmálaákvæði eins og þessi eru túlkuð þar verður ekki hjá því komist meðan þeim dómi hefur ekki verið hnekkkt að líta svo á að réttur M til að krefjast örorkubóta sé niður fallinn. M á því ekki rétt á bótum úr frítímaslysátryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysátryggingu fjölskylduátryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 1.7.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 156/2016**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Sönnun tjónsatviks vegna líkamstjóns 21. ágúst 2014. Notkun bifreiðar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 7.6.2016.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir M því að hún hafi verið í strætisvagni og hafi hrasað þegar vagninum var ekið hratt af stað. Nánar tiltekið hafi hún verið nýkomin inn í strætisvagninn og eftir snörp orðaskipti milli hennar og vagnstjóra hafi strætisvagninum verið gefið það mikið inn á hún hafi fengið á sig hnykk. Í lögregluskýrslu er svipuð lýsing á atvikum höfð eftir M sem leitaði síðan til læknis samdægurs. Í læknabréfi dags. 22. ágúst 2014 kemur fram að hún hafi fengið á sig hnykk í strætó og þar er atvikum þannig lýst að vagninum hafi verið ekið á miklum hraða og síðan hafi ökumaður hans þurft að stöðva skyndilega og kveðst M þá hafa fengið á sig slink, án þess að falla við. Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni IF K18 að hann kannist ekki við að hafa gefið vagninum snögglega inn eða að M hafi fallið eða nær fallið en lýsir snörpum orðaskiptum við M á meðan á ökuferðinni stóð, þar sem M hafi verið með athugasemdir um að vagninn hafi verið seinn.

M telur að með frásögn M sjálftrar, sem og staðfestingu í læknisfræðilegum gögnum á að hún hafi leitað læknis samdægurs, sé ljóst að hún hafi hlotið líkamstjón sem hægt sé að rekja til notkunar bifreiðarinnar X í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Varðandi kröfur til sönnunar vísar M til dóma Hæstaréttar í málum nr. 228/2013 og 10/2015.

V vísar til þess að sönnunarbyrði hvíli á þeim sem haldi því fram að líkamstjón hans verði rakið til notkunar bifreiðar í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga og að M hafi verið margsaga um atvik málsins, bæði hjá lögreglu og við komur á slysadeild. Einkenni sem hún hafi lýst í læknisheimsóknum séu auk þess almenn og engan vegin svo sértæk að þau geti talist í tengslum umferðarslys.

Álit.

Í gögnum málsins er framburður M og ökumanns strætisvagnsins rakinn í lögregluskýrslum. Í skýrslunum kemur fram að þeim ber ekki saman um aksturslag ökumanns strætisvagnsins m.t.t. þess hvort honum hafi verið ekið þannig af stað eftir að M kom um borð að hún hafi fallið við eða að á líkama hennar hafi komið þannig hnykkur að ætla megi að líkamstjón hafi hlotist af. Skýringar M í lögregluskýrslu fara ekki að öllu leyti saman við það sem eftir henni er haft í læknisfræðilegum gögnum, þó sönnunargildi undirritaðra lögregluskýrslna sé alla jafna meira um atvik máls. Það verður þó ekki komist hjá því að líta til þess að einkenni þau sem M lýsir þegar hún leitar til læknis eru frekar almenns eðlis. Verður það því ekki talið styðja þannig við frásögn M af atvikum að fullsannað sé að hún hafi hlotið líkamstjón í strætisvagninum X hinn 21. ágúst 2014. Atvik málsins eru því ekki sambærileg við atvik mála í Hrd. 228/2013 og Hrd. 10/2015.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 157/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda vegna vinnuslyss 6. júlí 2015.****Gögn.**

3. Málskot, dags. 13.5.2016, ásamt fylgigögnum.

4. Bréf V, dags. 7.6.2016, ásamt fylgigögnum; spurningar til X og svör V með tölvupóstum sem og myndir af stiga.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M datt úr stiga á vinnustað sínum. Umræddur stigi er tréstigi sem festur er við sérstaka lúgu sem liggur upp á loft. Ástæða þess að M datt úr stiganum er sú að skrúfufestingar hans gáfu sig. Af gögnum málsins er ekki hægt að sjá að ágreiningur sé um þá orsök slyssins en atvikum er lýst í tjonstilkynningu til V dags. 27. október 2015 og tjonstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 27. júlí 2015. Þar kemur fram að M varð strax óvinnufær vegna afleiðinga slyssins. Ekki liggur fyrir lögregluskýrsla eða tilkynning eða skýrsla Vinnueftirlits ríkisins vegna tjónsatviksins.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga vinnuslyssins vegna vanrækslu á umbúnaði stigans sem M þurfti að nota vegna vinnu sinnar. M telur að X hafi vanrækt skyldu sína skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 að kalla Vinnueftirlit ríkisins til, en ljóst sé að sú skylda hafi verið fyrir hendi í ljósi þess að M varð óvinnufær strax. M telur að X verði að bera hallann af því að ekki fór fram rannsókn af hálfu Vinnueftirlitsins. Einnig telur M að forsvarsmönnum X hafi átt að vera ljóst að skrúfur í stiga ættu til að losna og hafi því átt að fylgjast betur með ástandi hans og gæta þess að það væri í samræmi við reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995. Einnig vísar M til reglugerðar nr. 367/2006, máli sínu til stuðnings.

V telur ekki sannað að starfsmenn X hafi vitað af því að skrúfufestingar stiga hafi verið lausar og sé því ekki hægt að leggja á fyrirtækið skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss M. Enginn á vinnustað X hafi veitt því athygli að festingar væru lausar og ráðstafanir hafi verið gerðar á sínum tíma til að tryggja skruúffestingar og hafi X fengið fagaðila, trésmið, til að ganga frá festingunum.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort rekja má slys M til þess að X hafi vanrækt eftirlit með þeim stiga sem var notaður til að komast upp á loft í húsnæði X. Ekki var framkvæmd sérstök rannsókn á stiganum eða aðstæðum um leið og slysið varð af hálfu Vinnueftirlitsins og í ljósi afleiðinga þess verður að telja að X hafi verið skylt að tilkynna um það til Vinnueftirlitsins, sbr. skyldu sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 46/1980. Verður því, samkvæmt áralangri dómaframkvæmd Hæstaréttar, að leggja framburð M til grundvallar varðandi aðstæður á vettvangi og að festingar stigans hafi gefið sig. Það verður að leggja ríkar skyldur á vinnuveitendur að þeir hafi eftirlit með vinnuaðstæðum starfsmanna sinna, sérstaklega umbúnaði stiga þar sem augljós slyshætta er. Verður með hliðjón af almennum fyrirmælum í ákvæðum 13., 42. og 37. gr. laga nr. 46/1980 að leggja til grundvallar að rík ástæða hafi verið fyrir X að fylgjast sérstaklega með festingum í umræddum stiga. Í ljósi þess að þær gáfu sig í greint sinn verður að leggja til grundvallar að slíku eftirliti hafi ekki verið sinnt nægilega vel og ber X hallann af sönnunarskortum um annað.

Ekki verður séð af gögnum málsins að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi eða ásetning við vinnu sína, í skilningi 23. gr. a. í skaðabótalögum nr. 50/1993, þannig að hann beri hluta tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

Tjón M bætist úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 158/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar S og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar H.

Kona datt um keðju í bílageymslu 6.3.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.5.2016 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V-1 dags. 2.6.2016 ásamt fylgiskjali
3. Bréf V-2 dags. 14.6.2016

Málsatvik.

M fór úr bíl í bílakjallara og var á leið á tónleika en M starfar sem hljóðfæraleikari. M ætlaði að ganga af bifreiðastæði í bílakjallaranum að lyftuhúsi, en ekki er sérstaklega merkt gönguleið frá þeim stað þar sem M fór úr bílnum og að lyftuhúsinu. M fór á milli bíla áleiðis að lyftuhúsinu og féll um keðju sem strekkt var milli súlna, í þeim tilgangi að afmarka bifreiðastæðin og slasaðist hún við fallið. M telur að keðjan hafi ekki verið sýnileg enda sé skuggsýnt í bílageymslunni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S sem rekstraraðila bílakjallara og H sem húseigenda. Einnig telur hún að T, sérstakt rekstrarfélag bílakjallarans, beri ábyrgð á aðstæðum í bílakjallaranum. M telur að keðjan hafi verið of lág og með öllu ósýnileg. M telur S, H og T bera skaðabótaábyrgð á slysi hennar á grundvelli ábyrgðar fasteignareiganda og/eða rekstraraðila. M segir umbúnaðinn ófullnægjandi og óforsvaranlegan auk þess sem engar varúðarmerkingar hafi gefið til kynna að varast þyrfti keðjuna. V-1 hafnar bótaskyldu vegna S og segir S ekki eiganda að þeim búnaði sem M datt um og ekki hafa komið honum fyrir og beri því ekki ábyrgð á honum sem slíkum. Þá mótmælir V-1 að búnaðurinn sem M datt um hafi hvorki verið óvenjulegur né óforsvaranlegur. V-2 hafnar bótaskyldu vegna H og T. V-2 segir að T hafi ekki verið með ábyrgðartryggingu hjá V-2 á tjónsdegi, en T sé eigandi bílakjallarans þar sem slysið varð. V-2 segir að H sé ekki rekstraraðili bílakjallarans og langtímasamningur hafi verið gerður við S um rekstur hans. Þá segir V-2 að ekki sé sýnt fram á að H eða starfsfólk H hafi sýnt af sér háttsemi sem leiði til skaðabótaskyldu og umbúnaður sá sem H beri ábyrgð á sé þannig að ekki leiði til skaðabótaskyldu í þessu tilviki. V-2 hafnar því að um vanbúnað hafi verið að ræða sem hafi leitt til slyss M.

Álit.

Nefndin tekur einungis afstöðu til ágreinings um bótaskyldu milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sbr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina, sbr. auglýsing nr. 1090/2005. Verður því ekki tekin afstaða til mögulegrar skaðabótaskyldu T, þar sem ekki liggur fyrir að það félag hafi verið tryggt með ábyrgðartryggingu hjá vátryggingarfélag á tjónsdegi. Nefndin tekur því einungis afstöðu til þess hvort skaðabótaskylda sé fyrir hendi af hálfu S vegna ábyrgðartryggingar hjá V-1 eða hjá H vegna ábyrgðartryggingar hjá V-2.

Í umrætt sinn ákvað M að stytta sér leið á milli bifreiða í bílakjallara og féll um keðju sem er strekkt á milli súlna í bílakjallaranum. Keðjan er ekki á augljósri gönguleið heldur er ætlað að stýra því hvernig bílum er lagt. Mat nefndarinnar er að ekki hafi, með þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, verið sýnt fram á að sá búnaður sem þarna var um að ræða hafi verið óforsvaranlegur eða til þess fallinn að valda augljósri hættu fyrir þá sem um bílakjallarann ganga. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu húseigenda eða rekstraraðila vegna slyssins sem hún varð fyrir 6.3.2014.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V-1 eða V-2.

Reykjavík 9.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 159/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ sjúkdómatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna taugaskaða í kjölfar slyss.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 27.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Tilkynning V, dags. 12.8.2016, um að félagið samþykkti að nefndin úrskurði í málinu.

Málsatvik. M varð fyrir meiðslum á löngutöng vinstri handar og fékk sýkingu í fingurinn sem þurfti að meðhöndla með sýklalyfjagjöf á sjúkrahúsi. Til að auðvelda lyfjagjöfina var ákveðið að setja æðalegg í bringu M og leiða hann í miðlæga bláæð nálægt hjarta. Við það að koma æðaleggnum fyrir varð M fyrir alvarlegum taugaskaða sem hefur haft í för með sér verkjaástand og skyntruflanir. Í fyrirbyggjandi greinargerð sérfræðings í taugalækningum kemur fram að greinst hafi hjá M svokölluð „hyperpathia“ (ofurskynjun gagnvart létttri sársaukaertingu húðar) og „allodynia“ (ofurskynjun gagnvart létttri snertingu húðar) í húð í „fossa supraclavicularis“ (ofan á herðum hægra megin) og axlarsvæði hægra megin. Séu þessar skyntruflanir í húð merki um að taugaskaði hafi átt sér stað. Hafa afleiðingar skaðans verið metnar til alls að 40 stiga varanlegs miska.

M hafði í gildi hjá V sjúkdómatryggingu, sem ber heitið „Options Critical Illness Plan“. Telur M að taugaskaðinn leiði til greiðslu bóta úr tryggingunni og hefur krafist V um bætur vegna taugaskaðans. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 3. gr. skilmála sjúkdómatryggingarinnar, sem liggja fyrir í íslenskri þýðingu, er gerð grein fyrir þeim sjúkdómum sem leitt geta til greiðslu bóta úr váttryggingunni. Greinin ber yfirskriftina „Bætur vegna hættulegra sjúkdóma og fötlunar. Í gr. 3.1 er að finna nokkrar skilgreiningar, þ. á m. skilgreiningu á því sem nefnt er „varanlegur taugafræðilegur skaði“ og segir að það skuli „eiga við um skýr og sannanleg einkenni skaða á miðtaugakerfinu sem ætlað er að vari alla ævi hins líftryggða, án tillits til þess hvenær tryggingatímabili lýkur eða hinn líftryggði fer á eftirlaun. Þessi einkenni fela í sér doða, ofurskynnæmi (aukin tilfinninganæmi), lómun, staðbundið þróttleysi, tormæli (talerfiðleikar), málstol (getuleysi til tals), kyngingartregðu, sjónskemmdir, erfiðleika með gang, vanhnutun (samhæfingarvandi), skjálfta, flog, andlega hnignun, óráð eða dauðadá. Þetta felur ekki í sér uppgötvanir í skönnun einni án hvers konar sýnilegra, líkamlegra eða geðrænna einkenna.“ Í lok greinar 3.1 segir að hættulegur sjúkdómur eða fötlun skuli þýða einn af þeim sjúkdómum eða fötlun sem eru talin upp í greinum 3.1.1 til 3.1.27. Varanlegur taugafræðilegur skaði er ekki talinn þar upp meðal þeirra sjúkdóma eða sjúkdómseinkenna sem bætast sérstaklega. Á hinn bóginn er áskilið varðandi fjóra tiltekna sjúkdóma, þ.e. heilahimnubólgu af völdum bakteríu skv. gr. 3.1.3, góðkynja heilaæxli skv. gr. 3.1.4, dauðadá skv. gr. 3.1.7 og heilablóðfall skv. gr. 3.1.26, að þeir hafi leitt til varanlegra taugaskemmda svo til greiðslu bóta geti komið.

Með því að taugaskaði sá sem M varð fyrir er ekki meðal þeirra hættulegu sjúkdóma eða fötlunar sem talin eru upp í greinum 3.1.1 til 3.1.27 í váttryggingarskilmálanum getur ekki komið til bóta úr téðri sjúkdómatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 160/2016**M
og****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Ágreiningur um bótafjárhæð vegna umferðarslyss 23. janúar 2013.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18.5.2016, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 27.5.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umferðarslysi 23. janúar 2013. Í málinu liggja fyrir upplýsingar um mat á tímabundnum og varanlegum afleiðingum slyssins skv. skaðabótalögum nr. 50/1993. Við uppgjör málsins í apríl sl. kom upp ágreiningur milli M og V um þau árslaun sem lögð eru til grundvallar útreikningi bóta fyrir varanlega örorku skv. 5.-7. gr. skaðabótalaga.

M telur að við þennan útreikning eigi að leggja til grundvallar meðaltekjur félagsmanna í Stéttarfélagi lögfræðinga árið 2013 samkvæmt úttekt BHM um laun starfsmanna ríkisins eftir bandalögum og stéttarfélögum, að viðbættu 11,5% framlagið í lífeyrissjóð. Ekki þykir nauðsynlegt að tilgreina sérstaklega frekari röksemdir M fyrir því að sú viðmiðun sé lögð til grundvallar.

V telur að ágreiningur snúist eingöngu um bótafjárhæðir og veitir ekki samþykki sitt fyrir því að úrskurðarnefnd í vátryggingamálum fjalli um þann ágreining.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum frá 21. nóvember 2005, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, starfar úrskurðarnefnd í vátryggingamálum samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins (nú Fjármála- og efnahagsráðuneytisins), Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga (nú Samtaka fjármálafyrirtækja). Þá segir í 1. mgr. 3. gr. samþykktanna að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt segir að nefndin úrskurði um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Í 2. mgr. 3. gr. er tekið fram að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Nefndin úrskurðar hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Í málinu er ágreiningur um hvaða árslaun eigi að leggja til grundvallar við útreikning tiltekins bótaþáttar skv. skaðabótalögum, þ.e. hvaða bótafjárhæð eigi að greiða til M. Í bréfi V, dags. 27. maí 2016, kemur skýrt fram að samþykki liggi ekki fyrir af hálfu félagsins að nefndin fjalli um ágreining um bótafjárhæðir. Það liggur því ekki fyrir samþykki allra málsaðila, eins og áskilið er, og verður málinu vísað frá með vísan til 3. mgr. 3. gr. fyrrnefndra samþykktu.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 24. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 161/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ slysátryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um sönnun líkamstjóns vegna umferðaróhapps 30. mars 2013.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18.5.2016, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 6.6.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi lent í umferðaróhappi 30. mars 2013. Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna þess kemur fram að M hafi ekið á steinsteyptan vegg við Bæjarhraun í Hafnarfirði og kvað M ástæðu þess vega að köttur hafi skyndilega hlaupið fyrir bifreið hans þannig að hann missti stjórn á henni. Í lögregluskýrslunni kemur einnig fram að M hafi kvartað undan eymslum í baki á vettvangi. M var fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild í kjölfarið og segir í læknaþréfi dags. 30. mars 2013 að M hafi þar verið greindur með tognun og ofreynslu á lendahrygg. Í læknisvottorði frá heimilislækni kemur fram að M hafi leitað á heilsugæslustöð í mars 2014 vegna bakverkja, en þá einungis rætt við hjúkrunarfræðing í síma og ekki mætt í bókaðan tíma hjá lækni á heilsugæslustöð. Í vottorði annars heimilislæknis dags. 22. desember 2015 kemur fram að M hafi leitað til hans í júní 2014 m.a. vegna bakverkja. Einnig liggur fyrir vottorð frá bæklunarskurðlækni dags. 16. febrúar 2016.

M telur að sýnt sé með þeim gögnum sem liggja fyrir vegna málsins að hann hafi hlotið líkamstjón í umræddu umferðaróhappi og V beri að standa að mati á afleiðingum þess. M bendir sérstaklega á að áakstur hafi verið nokkuð harður og lýsingar í læknisfræðilegum gögnum styðji að hann hafi hlotið við það líkamstjón.

V telur að ekki sé sannað af gögnum málsins að M hafi hlotið líkamstjón í títtnefnt sinn. V bendir á að eftir að M hafi leitað á slysadeild, sama dag og umferðaróhappið varð, hafi hann ekki leitað læknis fyrr en eftir 14 mánuði og að læknisfræðileg gögn séu ekki afdráttarlaus um að þau einkenni sem M kvartar um nú séu vegna umrædds óhapps.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M kvartaði undan óþægindum í baki á vettvangi umferðaróhapps og leitaði strax til slysadeildar þar sem hann var greindur með tognun skv. læknaþréfi dags. 30. mars 2013. Í öðrum læknisfræðilegum gögnum er einkennum lýst eins og þau eru þegar M leitar til annarra lækna. Þó það komi ekki fram með skýrum hætti hvort þau einkenni séu vegna téðs umferðaróhapps verður ekki framhjá því litið að M upplýsti um líkamsleg óþægindi strax á vettvangi og fékk greiningu á slysadeild strax í kjölfarið. Verður með því talið sannað að M hafi hlotið eitthvað líkamstjón við umferðaróhappið þó ekki liggi fyrir með nákvæmum hætti hvers konar afleiðingar það hafi haft í för með sér, tímabundnar eða varanlegar. Verður því fallist á bótaskyldu úr slysátryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A. Með þeirri niðurstöðu er þó ekki tekin afstaða til þess hvert umfang líkamstjóns M kann að vera.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er bótaskyld úr slysátryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 162/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Umferðaróhapp á Skólavörðustíg í Reykjavík 28.12.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.5.2016 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 1.6.2016

Málsatvik.

M segir að bifreiðinni A hafi verið ekið á sig þegar M gekk yfir Skólavörðustíg þegar A var ekið austur Skólavörðustíg og M ekki getað forðað sér og lent upp á A og síðan fallið í götuna. M fór til skoðunar á slysadeild LSH þar sem hann var greindur með tognun og ofreynslu á háls-,brjóst, og lendahrygg ásamt whiplash- skaða. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyssins. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður A segist hafa ekið mjög hægt og stoppað vegna umferðar en þegar hún var nýbúin að taka af stað aftur hafi M allt í einu verið kominn upp á vinstra framhorn A. Skv. lögregluskýrslu bar M að A hafi verið ekið í hægri hlið sér þegar hann var að ganga yfir götuna. Ekki sást neitt tjón á framhorni A og segja lögreglumenn að þeir hafi haft það á tilfinningunni eftir vettvangsskoðun og samtöl við málsaðila að það væri málum blandið hvort um umferðaróhapp hafi verið að ræða. Í læknisvottorði þ.28.12.2015 segir að engin brot greinist, M sé aumur yfir hryggjatindum og brjósthrygg og mjöðm hægra megin en ekki séu önnur áverkamerki. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum A. V vísar til lögregluskýrslu og telur ósannað að vátryggingaratburður hafi átt sér stað. V segir að þó lagt sé til grundvallar að vátryggingaratburður hafi átt sér stað þá sé ekki fyrir hendi sönnun á orsakatengslum á milli einkenna sem M lýsi hjá læknum og umferðaróhappsins og segir V ósannað að líkamstjóni M hafi verið valdið af A.

Álit.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber að hún hafi verið nýbúin að taka af stað eftir að hafa stöðvað A þegar M hafi verið komin upp á vinstra framhorn A. Þó ekkert tjón hafi sést á bifreiðinni eftir þennan atburð verður ekki litið framhjá því að ökumaðurinn ber um að M hafi lent í samstuði við bifreiðina. Þegar það gerðist var bifreiðin í notkun, sbr. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. verður því að fallast á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A, að því leyti sem M getur sýnt fram á að líkamleg óþægindi hans séu rakin til þessa samstuðs.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna þeirra meiðsla sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna notkunar bifreiðarinnar A.

Reykjavík 24.6.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 163/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar fjölskylduþryggingar X.****Skaðabótaábyrgð einstaklings á hjóli gagnvart gangandi vegfaranda
vegna tjónsatviks 28. október 2015.****Gögn.**

Málskot, dags. 21.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 30.5.2016, ásamt fylgigögnum; spurningar til X og svör V með tölvupóstum dags. 14. og 15. apríl 2016.

Tölvupóstur lögmanns M dags. 6. júní 2016.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þegar hún lenti í samstuði við hjólreiðamanninn X við hjólreiða- og göngustíg í Borgartúni í Reykjavík. Í framburði M í lögregluskýrslu kemur fram að hún kvaðst hafa verið að ganga frá bifreið sinni í átt að bílastæðamali upp við húsið Borgartún 6 og ekki hafa tekið eftir X sem kom hjólandi eftir hjólreiðastíg. Í framburði X í lögregluskýrslu kveðst hann ekki muna mikið eftir atvikinu, en hann fékk högg á höfuð við samstuðið við M. Í tölvupósti X til V dags. 15. apríl sl. kemur fram að X hafi verið að hjóla eftir þar til gerðum hjólreiðastíg í Borgartúni þegar M hafi allt í einu stigið inn á stíginn og í veg fyrir X sem hafi þá reynt að forða samstuði með því að beygja til hægri. Einnig kemur fram í lögregluskýrslu að vitni sem hjólaði á eftir X hafi séð þegar M gekk þvert yfir hjólreiðastíginn og þegar X hafi beygt til hægri hafi M verið á milli hjólreiðastígs og göngustígs.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu með því að hjóla án aðgæslu á gangstíg og bendir á fyrirmæli í 4. mgr. 39. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að það sé einungis heimilt að hjóla á gangstíg sé það unnt án hættu fyrir gangandi vegfarendur. X hafi því átt að veita M forgang á leið sinni yfir gangsstíg. Einnig telur M að X hafi ekki sýnt nægilega aðgát við hjólreiðar sínar í ljósi fjölda gangandi vegfaranda í Borgartúni. M vísar einnig til dóms Hæstaréttar í máli nr. 283/2014 máli sínu til stuðnings og telur skilyrði sakarreglunnar uppfyllt um skaðabótaábyrgð X.

V telur ekki sýnt að X hafi sýnt gáleysi þegar hann hjólaði á þar til gerðum stíg um Borgartún. M hafi gengið þvert yfir sérstakan hjólreiðastíg og ekki verið komin inn á gangstíg þegar X hafi hemlað á reiðhjóli sínu til að reyna að koma í veg fyrir tjón. V vísar til frásagnar vitnis um að M hafi komið skyndilega inn á hjólreiðastíginn og telur að aðstæður séu ekki sambærilegar máli Hæstaréttar nr. 283/2014.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M og til þess þurfa skilyrði skaðabótaréttar að lögum að vera uppfyllt, þar á meðal að sýnt sé fram á að X hafi sýnt gáleysi við stjórn reiðhjóls í umrætt sinn. Ekki er fyllilega ljóst hvort X og M lentu saman á hjólreiðastíg eða gangstíg, en m.v. myndir af vettvangi liggja þeir saman og þurfti M að ganga yfir hjólreiðastíginn til að komast inn á gangstétt upp við húsið Borgartún 6. Þegar lítið er til framburðar M í lögregluskýrslu er ljóst að hún gáði ekki sérstaklega að umferð um hjólreiðastíginn áður en hún gekk yfir hann og samkvæmt framburði vitnis varð samstuð með M og X í þann mund sem M var að ganga inn á gangstíginn. Í framburði X kemur síðan fram að hann hafi hjólað eftir hjólreiðastígnum. Í ljósi þess verður ekki lagt til grundvallar að X hafi vanrækt skyldur sínar skv. 4. mgr. 39. gr. umferðarlaga sem gildir um umferð reiðhjólanna á göngustígum en ekki skv. orðanna hljóðan á sérstökum hjólreiðastígum. Verður því ekki sýnt að X hafi sýnt gáleysi þegar hann hjólaði eftir þar til gerðum stíg og ber hann ekki skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu fjölskylduþryggingar X hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 164/2016**M
og
vátryggingamiðlunin X v/starfstryggingar.****Ágreiningur um niðurfellingu starfstryggingar. Aðild. Frávísun.****Gögn.**

Málskot, móttakið 23.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Gögn varðandi samskipti V við M og breska vátryggjendur eftir móttöku málskots.

Málsatvik.

Frá árinu 2008 hafði M í gildi svonefnda starfstryggingu hjá bresku vátryggingafélagi sem hann hafði keypt fyrir milligöngu V sem er vátryggingamiðlun með starfsleyfi hér á landi. M gerir þá kröfu að hann fái greiddar bætur úr vátryggingunni vegna sjúkdóms sem hann vísar til að hafi greinst 21. maí 2014 og vísar til vátryggingarsamnings, auk vátryggingarskirteinis, sem útgefið hafi verið af X 3. mars 2014. M vísar til þess að hann hafi tilkynnt um tjón sitt 24. júní 2015 með bréfi V til M, dags. 1. júlí 2015, var M tilkynnt að við athugun á þeirri bótakröfu hafi komið í ljós að vátryggingin hafði ekki verið endurnýjuð hjá viðkomandi vátryggingafélagi. Því væri ekki grundvöllur til að framvísa kröfu og krefjast bóta en í málskoti er einnig vísað til tjónsatburðar sem átti sér stað 21. maí 2015 og óvinnufærni M frá 22. maí 2015. Í kjölfarið áttu M og V í samskiptum m.a. um ástæður þess að vátrygging M var ekki endurnýjuð og rétt vátryggingafélagsins að endurnýja ekki vátrygginguna og tók nefndin afstöðu til þess hluta málsins með úrskurði í máli nr. 21/2016. Hvað varð ágreining um greiðsluskyldu vegna tjónsatburðar eftir atvikum í maí á árinu 2014 eða 20185 hefur ekki fengist úrlausn mála milli X og M og er sá hluti málsins því einnig til úrlausnar hjá nefndinni.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum frá 21. nóvember 2005, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, starfar nefndin samkvæmt samkomulagi fjármála- og efnahagsráðuneytisins (áður viðskiptaráðuneytisins), Neytendasamtakanna og Samtaka fjármálafyrirtækja (áður Sambands íslenskra tryggingafélaga). Í 1. mgr. 3. gr. samþykktanna segir að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga. X á ekki aðild að Samtökum fjármálafyrirtækja og er því ekki aðili að þeim samningi sem úrskurðarnefnd í vátryggingamálum grundvallast á og ágreiningur M beinist heldur ekki að vátryggingafélagi sem á aðild að téðum samningi. Ágreiningur málsaðila heyrir því ekki undir nefndina og ber með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktanna að vísa málinu frá.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 19. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 165/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðaplani við Skeifuna 13-15, Reykjavík 3.12.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.5.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 8.6.2016 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V-2 dags. 8.6.2016

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B á bifreiðaplani við Skeifuna 13-15. Ökumaður A segist hafa ekið í vesturátt eftir akstursleiðinni milli Hagkaupa og Rúmfatalagersins og hafi gatan verið þröng vegna snjóalaga auk þess sem bifreið hafi staðið út úr bifreiðastæði við Rúmfatalagerinn og B sem á móti kom hafi runnið til og rekist í hlið A. Ökumaður B segir að ökumaður A hafi ekið inn á sinn vegarhelming þar sem bifreið hafi skagað út í akrein í akstursleið A og hafi A verið á á vegarhelmingi sínum þegar A og B mættust. Ökumaður B segist hafa ekið utan í kant og runnið í aðdraganda árekstursins.

Álit.

Akstursleiðin þar sem áreksturinn varð er þröng og útakstur bifreiða inn á akstursleiðina er með nokkurra metra millibili. Sýna verður fyllstu árvekni og stilla hraða mjög í hóf við þessar aðstæður, sérstaklega þegar litið er til veðurs og færðar sem var þegar árekstur varð. Ökumenn greinir á um tildrög árekstursins og gögn málsins sýna ekki nákvæma staðsetningu bifreiðanna þegar árekstur varð. Að teknu tilliti til framburðar ökumanna og annarra gagna málsins er ósannað að annar ökumaður hafi sýnt meira gáleysi en hinn við aksturinn og því verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík 1.7.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 166/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið og tímamörk málskostnaðartryggingar vegna ágreinings sem kom upp á árinu 2015.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 24.5.2016

Bréf V, dags. 2.6.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M eigi í ágreiningi við X um greiðslu bóta úr ferðatryggingu hennar hjá félaginu. Sá ágreiningur eigi upptök sín í því að hún hafi verið stungin af skordýri á ferðalagi 29. júlí 2011 og afleiðingar þeirrar stungu hafi verið margvíslegar fyrir heilsufar hennar. M lýsir samskiptum við X í löngu máli í málskoti. Fyrst hafi félagið hafnað greiðslu bóta þar sem það hafi ekki talið líkamstjón M hafi hlotist af slysi. Síðan hafi X fallið frá því en svarað M þannig til hinn 12. ágúst 2015, þegar hún gerði kröfu um að líkamstjón hennar yrði metið m.t.t. réttar til bóta fyrir varanlega örorku, að félagið samþykkti ekki að greiða kostnað við slíkt örorkumat. Ástæða þessa var sú að X taldi ekki sýnt að skilyrðum lágmarksörorku skv. vátryggingarskilmálum (meira en 15%) væri náð. M er ekki sátt við þau málalok og hyggst höfða mál á hendur X til greiðslu bóta úr ferðatryggingu sinni.

Hvað varðar þá vátryggingu (málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar) sem hér er til umfjöllunar telur M að hún eigi rétt til greiðslu bóta úr þeirri vátryggingu vegna þess ágreinings sem hún standi í við X. Lögmaður M fór fram á viðurkenningu V á bótaskyldu úr þeirri vátryggingu með bréfi dags. 4. apríl 2016 og vísar til ákvæða vátryggingarskilmála um gildissvið hennar. M telur að þau séu og engin af þeim undanþáguákvæðum sem tilgreind séu í skilmálanum eigi við um ágreining M við X en ef væri vafi um slíkt þá bæri að skýra hann M í hags með vísan til andskýringarreglu vátryggingaréttar.

V tilgreinir það tímabil sem M var vátryggð með málskostnaðartryggingu hjá félaginu, en það var 1. janúar 2011 – 1. janúar 2012. V vísar til þess að í gr. 43.1 í vátryggingarskilmálum kimi fram að það sé hægt að fara fram á að málskostnaður sé greiddur ef vátryggingin sé í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár hjá félaginu. V vísar til samskipta M og X, sem lýst er í gögnum málsins, og telur að ágreiningur milli þeirra hafi ekki komið upp fyrr en í júlí 2015, þegar X hafnaði greiðslu bóta úr ferðatryggingu. Á árinu 2015 hafi M ekki verið með málskostnaðartryggingu í gildi hjá V og því geti hún ekki gert kröfu um greiðslu málskostnaðar vegna fyrirhugaðrar málshöfðunar gegn X.

Álit.

Með vísan til gagna málsins er ljóst að ágreiningur, sá sem M hyggst höfða mál gegn X vegna, var endanlega staðfestur með því að X hafnaði, þann 12. ágúst 2015, að standa að mati á afleiðingum líkamstjóns M. Fyrr á á því ári hafði einnig verið ágreiningur milli M og X um bótarétt hennar, en ekki verður annað séð en að ágreiningur milli þeirra aðila hafi fyrst komið upp á árinu 2015.

Í gögnum málsins er tilgreint að M hafi verið vátryggð hjá V með málskostnaðartryggingu allt árið 2011, en ekki liggja fyrir upplýsingar um að hún hafi haft slíka tryggingu hjá V eftir það.

Í gr. 43 í vátryggingarskilmálum V koma fram tímamörk þau sem gilda um málskostnaðartryggingu M. Í gr. 43.1 kemur fram að vátryggingin þarf að hafa verið í gildi þegar ágreiningur, sá sem krafist er málskostnaðar vegna, og hafi verið í gildi í tvö samliggjandi ár. Með hliðsjón af því sem áður er sagt, um að ágreiningur sá sem M hyggst höfða mál vegna, hafi komið upp á árinu 2015 verður að telja að ákvæði í gr. 43.1 eigi ekki við um mál M.

Þegar gr. 43 er skoðuð frekar verður þó að líta til þess að í því ákvæði er gildissvið málskostnaðartryggingarinnar vikkað út í gr. 43.2. og 43.3. Í þessu máli verður að líta til orðalags gr. 43.3 þar sem kemur fram að ef vátryggður hefur ekki lengur málskostnaðartryggingu eða sambærilega tryggingu þegar ágreiningur kemur upp geti hann samt sem áður fengið málskostnað greiddan úr

málskostnaðartryggingunni, ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni gerðust og ekki eru liðin fjögur ár frá atburðinum eða atvikinu.

Hér verður því í fyrsta lagi að taka afstöðu til þess hvenær þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfu M um málskostnað gerðust. Þegar litið er til gagna málsins er ljóst að ágreiningurinn, sem krafa um málskostnað byggir á, byggir á því að M hafi hlotið varanlegt líkamstjón vegna skordýrabits 29. nóvember 2011. Samkvæmt orðanna hljóðan verður að líta svo á að það atvik eða atburður sem krafa M byggist á hafi átt sér stað á þeim degi.

Eins og áður segir var M með málskostnaðartryggingu hjá V þennan dag. Hins vegar gerir gr. 43.3 ráð fyrir því að ekki séu liðin fjögur ár frá atburðinum eða atvikinu og verður að ætla að þar sé miðað við þegar M gerir fyrst kröfu í málskostnaðartrygginguna. Eins og áður segir var það gert með bréfi lögmanns M dags. 4. apríl 2016. Þá voru liðin meira en fjögur ár frá skordýrabiti því sem M telur að hafi leitt til líkamstjóns síns og er það atvik eða atburður sem stofnar til kröfu hennar í ferðatrygginguna hjá X. Fellur krafa M því einnig utan gildissviðs gr. 43.3 í málskostnaðartryggingu. Önnur ákvæði vátryggingarinnar geyma ekki frekari rétt til handa M og verður því ekki fallist á greiðsluskyldu V úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 27. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 167/2016**M
og
váttryggingafélagið V v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Tjón á bifreið sem var ekið í stóran vatnspoll í undirgöngum á Rafstöðvarvegi 15.2.2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 23.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 10.6.2016.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 10.6.2016.

Málsatvik.

M lýsir aðstæðum svo að hinn 15.2.2016 hafi hann ekið úr Ártúnsbrekku inn á Rafstöðvarveg. Í undirgöngum sem hann hafi þurft að fara um hafi ekki verið mikil lýsing og ók hann í stóran vatnspoll sem leiddi til tjóns á bifreið hans. Starfsmaður Reykjavíkurborgar hafi komið stuttu síðar til að losa um stíflu í niðurfalli og til að setja upp merkingar til að vara við hættu. M telur pollinn hafa myndast vegna vatnsflóðs í götunni og þannig falli tjón á bifreið hans undir gildissvið váttryggingarskilmála kaskótryggingar V. Þar er sérstaklega vísað til j-liðar gr. 4.1 í skilmálum þar sem komi fram að félagið bæti skemmdir á hinu váttryggða ökutæki sem verður af völdum aur- eða vatnsflóðs. M vísar til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 172/2008 máli sínu til stuðnings og telur aðstæður í því máli sambærilegar við aðstæður sínar.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að pollur sem myndast á götu með þessum hætti sé ekki aur- eða vatnsflóð í skilningi gr. 4.1 í váttryggingarskilmálum og vísar um það til úrskurðar nefndarinnar í máli 132/2015 og telur aðstæður þar sambærilegar. M mótmælir því sérstaklega.

Álit.

Samkvæmt gr. j-lið 4.1 í skilmálum kaskótryggingarinnar bætir váttryggingin tjón á váttryggðu ökutæki vegna aur- eða vatnsflóðs. Vatnsagi á Rafstöðvarvegi vegna rigningarvatns virðist hafa myndað allstóran poll á götunni að öllum líkindum sökum þess að niðurföll hafa verið stífluð eða fráveitukerfi sveitarfélagsins hefur ekki annað því að koma vatni af götum. Þótt stór pollur, og eftir atvikum nokkuð djúpur, hafi myndast við þessar kringumstæður, var vatnið á sjálfri götunni þar sem ætíð má búast við nokkurri vatnssöfnum svo sem í rigningum. Er hér ekki um flóð að tefla í skilningi fyrrgreinds ákvæðis í skilmálum og aðstæður sambærilegar við þær aðstæður sem lýst er í máli nefndarinnar nr. 132/2015. Kaskótryggingin tekur því ekki til tjónsins. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjón M ekki bætt úr kaskótryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 168/2016**M****og****vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á Melatorgi 12. apríl 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 14.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 2.6.2016.

Bréf V2, dags. 2.6.2016.

Tölvupóstur M, dags. 6.6.2016.

Málsatvik.

Árekstur varð milli bifreiða A og B á gatnamótum Hringbrautar og Suðurgötu, en þar eru gatnamótin mörkuð með hringtorgi, svokölluðu Melatorgi. Áreksturinn varð við útakstur af Hringbraut til norðurs inn á Suðurgötu. Bifreið A var ekið í innri hring hringtorgsins, eða á vinstri akrein, og bifreið B í þeim ytri, eða á hægri akrein. Fyrirhuguð akstursstefna ökumanns bifreiðar A var af Hringbraut norður Suðurgötu en fyrirhuguð akstursstefna ökumanns bifreiðar B var vestur Hringbraut. Í upphaflegri tjónsskýrslu, sem gerð er af Aðstoð&Öryggi, kemur fram að báðir ökumenn hafi ekið vestur Hringbraut áður en árekstur varð og hafi ökumaður bifreiðar A verið að beygja til hægri af vinstri akrein norður Suðurgötu þegar árekstur varð á meðan ökumaður bifreiðar B verið á hægri akrein og ætlað að aka áfram eftir henni, framhjá útakstri suður Suðurgötu. Í síðari gögnum frá ökumanni bifreiðar A kemur fram að hún hafi ekki verið að aka vestur Hringbraut áður en árekstur varð heldur austur Hringbraut og því verið búin að fara framhjá tveimur mögulegum útleiðum á hringtorginu áður en árekstur varð, suður Suðurgötu og austur Hringbraut.

M (ökumaður bifreiðar A) telur sannað af gögnum sem hún leggur fram að hún hafi átt erindi í Langholtsskóla og verið á leið þangað þegar árekstur varð. Vegna framkvæmda á Suðurgötu hafi hún ekið frá Þorragötu í gegnum vesturbæinn inn á Birkimel og þannig út á Hringbraut til að aka í gegnum miðbæ út á Sæbraut. Það sé því ljóst að hún hafi ekki verið að aka út úr innri hring hringtorgsins við fyrsta möguleika heldur við þann þriðja og ökumaður bifreiðar B hafi því átt að veita henni forgang við útakstur út af hringtorginu. Mistök hafi orðið við skýrslugerð, þ.e. að haft hafi verið eftir henni að hún hafi verið að aka vestur Hringbraut en ekki austur, sem hún hafi ekki áttá sig á fyrr en eftir að skýrslan lá fyrir.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur sannað að hún hafi átt forgang við akstur út úr hringtorginu. V2 telur hins vegar að ekki leggja eigi upphaflega skýrslu til grundvallar og framburð ökumanna þar og að skipta eigi sök þannig að ökumaður bifreiðar A beri 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta sakar.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort leggja eigi framburð M um aðdraganda áreksturs í málskoti til grundvallar frekar en það sem haft er eftir henni í skýrslu frá Aðstoð&Öryggi. Þó M hafi skýrt akstursleið sína í málskoti og lagt fram gögn sem hún telur skýra mál sitt verður ekki hjá því litið að mögulegar leiðir af Þorragötu að Melatorgi eru bæði þannig að hægt er að aka vestur Hringbraut og austur hana. Verða umrædd gögn því ekki talin sýna með óyggjandi hætti fram á að rangt hafi verið haft eftir M í upphaflegri tjónsskýrslu og því lagt til grundvallar að hún hafi ekið vestur Hringbraut og því verið að aka út úr hringtorginu af innri hring þess við fyrsta mögulega útakstur.

Í 1., sbr. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram hvernig haga skal akstri á gatnamótum þegar fyrirhugað er að taka hægri beygju. Í þeim lögum eru ekki sérstök ákvæði um akstur á hringtorgum og verður því að líta til ofangreindra ákvæða í 15. gr. vegna aðstæðna sem eru uppi á

Melatorgi. Ökumaður bifreiðar A (M) gætti þess ekki að velja þá akrein sem var lengst til hægri á akbrautinni vegna fyrirhugaðrar hægri beygju strax á fyrstu gatnamótum. Þess vegna ber hann nokkra sök á árekstrinum. Í b-lið 24.gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra kemur fram að sá sem ekur yfir brotna deililínu megi aka yfir hana, enda sé gætt fyllstu varúðar. Við athugun á vettvangi árekstursins er ljóst að ökumaður bifreiðar B ók yfir umrædda deililínu sem er merkt með yfirborðsmerkingum á hringtorginu og staðsett þannig að sérstaklega varhugavert er að aka yfir hana. Verður að meta honum það til sakar að hafa ekki gætt nægilega vel að annarri umferð um hringtorgið. Með hliðsjón af öllum aðstæðum málsins og hönnun hringtorgsins verður sök skipt til helminga milli ökumanna A og B.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 24. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 169/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R.

Kona steig á frárennslirör og slasaðist 13.5.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið maí 2016 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 13.6.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M var á vinnustað sínum og var að fara út með rusl, sem fauk úr höndum hennar eftir að hún kom út. Þegar M fór til að ná í ruslið sem hafði fokið steig hún fram af gangstétt og á rörbút sem skagaði fram undan gangstéttarkantinum og snéri sig illa á hægri ökkla. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V og telur frágangi frárennslirörsins vera ábótavant og falið í sér slysgildru sem fari í bága við sjálfagaðan og eðlilegan frágang á byggingastað og lóð hvað þá skólalóð. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið verði rakið til óhappatilviljunar en ekki saknæms vanbúnaðar á fasteign. V segir að rörbúturinn sem um ræðir standi um 10 cm út úr kantsteininum þar sem hann myndar horn og hafi þann tilgang að dreina gangstéttina og sé þessi búnaður settur til að koma í veg fyrir að pollar myndist. V segir að þessi frágangur á umræddu drenröri stangist ekki á við neinar reglur. Í umsögn yfirmanns á vinnustað M segir að frágangur R hafi verið til fyrirmyndar og rörið hafi verið hvítt á lit og vel sjáanlegt og geti ekki talist slysgildra enda sett upp til að verjast slysum og hafi gert gönguleiðina trausta og örugga.

Álit.

Ekki er sýnt fram á af hálfu M að frágangi á rörinu sem um ræðir hafi verið ábótavant, um hafi verið að ræða hættulegar aðstæður eða að þær hafi farið gegn fyrirmælum laga eða reglna sem geti átt við hvað varðar hugsanlega bótakröfu M. Ekki er sýnt fram á vanrækslu eða sök R eða aðila sem R ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 1.7.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 170/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B****Árekstur á bifreiðastæði við verslun Krónunnar við Þjóðhildarstíg í Reykjavík 2.2.2016.****Gögn.**

Málskot, móttækið 1.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V, dags. 16.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með A og B á bifreiðastæðinu eftir að A hafði verið ekið aftur á bak úr stöðureit upp við húsið og B var ekið til austurs eftir bifreiðastæðinu hægra megin fram með A. Rákust þá saman hægra framhorn A og vinstra framhjól B. Bjart var af degi og hálka þegar áreksturinn varð.

Í skýrslu sem tekin var af öikumönnum á vettvangi er haft eftir öikumanni A að hann hafi bakkað úr stöðureit og stöðvað. Er hann hafi ætlað að fara af stað aftur hafi B komið hægra megin við sig og sveigt fram fyrir A og upp á gangstéttina. B hafi svo verið lagt í stæði austast á bifreiðastæðinu. Í málskoti kemur fram að ökumaður A kveðst hafa bakkað úr stöðureitnum og því næst tekið af stað en á sömu stundu hafi B verið ekið hægra megin við hann.

Eftir öikumanni B er haft í fyrrgreindri skýrslu, sem gerð var á vettvangi, að hann hafi komið inn á bifreiðastæðið og séð að A hafði verið bakkað úr stöðureit fyrir fatlaða yfir planið. A hafi svo verið ekið af stað þegar hann hafi verið að aka hægra megin við A. Kvaðst ökumaðurinn hafa séð að ökumaður A hafi ekki séð sig svo hann hafi ekið upp á gangstéttina en A hafi lent á framdekki B.

Álit.

Samkvæmt því sem fyrir liggur í gögnum málsins hafði ökumaður A bakkað úr stöðureit og ekið svo af stað án þess að hafa gefið annarri umferð nægilegan gaum en í sömu andrá var B ekið fram með A. Þá hélt ökumaður B ferð sinni ótraudur áfram eftir bifreiðastæðinu þótt hann hafi séð að A hafði verið ekið úr stöðureit og myndi í framhaldinu verða ekið áfram. Verður að telja að hvorugur öikumanna hafi sýnt þá tillitssemi og varúð sem af þeim mátti krefjast svo eigi myndi leiða til hættu eða valda tjóni eða óþægindum, sbr. 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Báðir öikumenn eiga því sök á árekstrinum og með hliðsjón af atvikum öllum, sbr. 89. gr. ufl., þykir rétt að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Hvor öikumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 1. júlí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 171/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Stjórnandi vörubifreiðar slasaðist er hann var að draga inn vökvaknúinn stuðningsfót.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15.6.2016.

Málsatvik.

Hinn 29. janúar 2014 mun M hafa verið stjórnandi vörubifreiðar (A) með áföstum krana sem knúinn var af aflvél bifreiðarinnar. M vann þá við að draga inn stuðningsfót hægra megin fyrir aftan stýrishúsið. Varð hann þá fyrir meiðslum, en atvikinu er lýst svo í tjónstilkynningu til V: „Hinn slasaði var að stjórna hleðslukrana, lokið hafði verið við að lesta bifreiðina, var að draga upp og inn vökvastuðningsfót kranans þegar stjórnandi klemmdist á hægri framhandlegg ofan úlnliðs, á milli slönguarms og útdragsarms fyrir stuðningsfót kranans. Við það brotnar önnur pípa handleggsins.“

A er vátryggð samkvæmt lögboðnum ökutækjetryggingum hjá V, þ. á m. slysatryggingu ökumanns og eiganda. M hefur krafist bóta úr slysatryggingunni hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1998 um breyting á þeim, skal hver ökumaður sem stjórnar ökutæki sem skylt er að ábyrgðartryggja skv. 91. gr. tryggður sérstakri slysatryggingu og skal vátryggingin tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. laganna.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að aðila greini á um málsatvik heldur um það hvort atvikið falli undir gildissvið slysatryggingarinnar. Þannig verður ekki séð að brigður séu á það bornar að þegar slysið varð hafi M sem stjórnandi A verið að draga inn einn af stoðfótum bifreiðarinnar í kjölfar þess að lokið var við að lesta hana. Stoðfæturnir eru áfastir bifreiðinni og ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en að þeir hafi verið tengdir aflvél hennar. Á þann hátt eru þeir fyrir tilstilli vélarafis bifreiðarinnar dregnir út og ganga svo niður til að fastskorða bifreiðina í ákveðinni stöðu t.d. meðan hún er lestuð eða losuð með hleðslukrananum eins og raunin var í því tilviki sem hér um ræðir. Á sama hátt eru fæturnir dregnir inn aftur. Voru stoðfæturnir því órjúfanlegur þáttur í notkun A sem vörubifreiðar þegar hún var lestuð umrætt sinn með notkun hleðslukranans. Verður að telja að það verk sem M vann við þegar slysið varð, þ.e. að draga inn einn stoðfótinn að lokinni lestun, hafi því hlotist af notkun A sem vörubifreiðar og af þeim sökum sé slysið sem hann varð fyrir bótaskyld úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar. Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi valdið slysinu með stórkostlegu gáleysi. Er því ekki efni til að skerða rétt hans til bóta.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda vörubifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 9. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 172/2016**M****og váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Umferðaróhapp milli bifreiðar og reiðhjóls 17. apríl 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 20.6.2016, ásamt fylgigögnum; fyrirspurn V og svör fulltrúa reiðhjólamanns með tölvupósti dags. 16.6.2016.

Tölvupóstur M dags. 20.6.2016 ásamt myndum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðin X og reiðhjól lentu saman þegar M ók bifreiðinni X áleiðis út af bifreiðastæði við Gnoðavog en reiðhjólamaður kom hjólandi eftir gangstétt á Gnoðarvogi.

M lýsir því svo í málskoti að hann bifreiðin hafi verið kyrrstæð þegar hjólað hafi verið á hana. Útsýni hafi verið skert við akstur hans út af bifreiðastæði og þess vegna hafi hann stöðvað til að líta til beggja átta. M kveðst hafa ætlað að reyna að bakka þegar hann sá reiðhjólið nálgast en ekki tekist það sökum þrengsla á bifreiðastæðinu. M telur að reiðhjólinu hafi verið hjólað á allt of mikilli ferð og það sé aðalorsök þess að tjón hafi orðið á bifreið hans þegar hjólið lenti á henni. Einnig vísar M til mynda af skemmdum á hlið bifreiðarinnar, fyrir miðju hennar og aftarlega og að það sýni að hann hafi gert þær ráðstafanir sem hægt var með því að stöðva bifreið sína.

Í skýrslu reiðhjólamannsins kemur fram að hann hafi komið hjólandi á gangstétt á lítilli ferð og þá séð til ferða bifreiðarinnar X sem hafi stöðvað á bifreiðastæðinu. Reiðhjólamaðurinn segist þá hafa haldið áfram för sinni en þá hafi bifreiðinni verið ekið af stað og þannig hafi hann lent á bifreiðinni. Hann telur að ökumanni bifreiðarinnar hafi borið að veita umferð um götuna og gangstéttina forgang.

V vísar í bréfi sínu til þess að 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um sakarskiptingu eigi ekki við í málinu þar sem ekki sé um að ræða árekstur tveggja skráningarskyldra vélknúinna ökutækja að ræða. Það verði því að afgreiða málið út frá hlutlægni ábyrgð eiganda bifreiðarinnar X skv. 1.mgr. 88. gr. umferðarlaga og mögulegu gáleysi reiðhjólamanns á grundvelli 2. og 3. mgr. 88. gr. V telur að reiðhjólamaðurinn hafi ekki sýnt gáleysi, þaðan af síður stórkostlegt gáleysi í aðdraganda umferðaróhappsins. V rekur ákvæði umferðarlaga varðandi umferð á vegum og telur að gangstigur sé vegur í skilningi 1. gr. laganna. Þannig verði að líta svo á að skv. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga beri ökumanni bifreiðar að veita umferð um gangstíg forgang við akstur út af bifreiðastæði. Ekki sé nægilega sýnt fram á að reiðhjólamaðurinn hafi hjólað of hratt eða gáleysislega m.v. aðstæður og því sé ekki hægt að fella niður bætur til hans að fullu eða að hluta.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að ekki var um árekstur skráningarskyldra vélknúinna ökutækja að ræða, í skilningi 89. gr. umferðarlaga. Því verður ekki tekin afstaða til sakar hvors ökumanns um sig eins og þegar um slíkan árekstur er að ræða. Eigandi ökutækis ber svokallað hlutlæga ábyrgð á tjóni sem verður vegna notkunar ökutækis skv. 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga. Það þýðir að sá sem verður fyrir tjóni vegna notkunar ökutækis óháð því hvort ökumaður ökutækisins hafi sýnt óaðgæslu eða annars konar gáleysi við aksturinn. Þó ökutæki kunni að vera kyrrstæð þegar umferðaóhöpp verða, teljast þau í notkun, ef óhöppin verða í tengslum við akstur þeirra. Það að stöðva við leið út af bifreiðastæði telst slík notkun og verður eigandi bifreiðarinnar X að teljast bera ábyrgð á tjóni reiðhjólamannsins í umferðaróhappi því sem vísað hefur verið til.

Til þess að reiðhjólamaður missi rétt til bóta að hluta eða öllu leyti þarf hann með háttsemi sinni að hafa sýnt gáleysi eða eftir atvikum stórkostlegt gáleysi, sbr. 3. og 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Við mat á háttsemi þess reiðhjólamanns sem á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X verður

að líta til þess að framburður um hversu hratt hann hjólaði er ekki sambærilegur milli hans og M og engin vitni voru af því. Verður M að bera hallann af því og telst ekki sannað að reiðhjólamaðurinn hafi hjólað of hratt í greint sinn. Ekki verður heldur séð að hann hafi brotið gegn öðrum hátternisreglum umferðarlaga um forgang, en umferð um veg í skilningi 1. gr. umferðarlaga hefur forgang gagnvart umferð út af bifreiðastæðum í skilningi 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Verður því ekki fallist á að reiðhjólamaður hafi sýnt gáleysi sem áhrif hefur á greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Niðurstaða.

Tjón reiðhjólamanns er að fullu bótaskylt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 9. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

ENDURUPPTAKA MÁLS**Mál nr. 173/2016****M og****vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar****Rakaskemmdir í húsi vegna vatnsleka þ. 17.5.2016.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 2.6.2016, ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V, dags. 15. júní 2016.
3. Tölvupóstur M, dags. 25. júlí 2016.

Málsatvik.

Raki kom fram á milli svefnherbergis og baðherbergis vegna vatnsleka í baðherbergi. M krefst bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V vegna þessa og telur að aðstæður séu með þeim hætti að V beri að bæta tjónið. V hafnar bótaskyldu og segir tjónið sé afleiðing af langvarandi raka og falli því ekki undir skilmála vátryggingarinnar. V vísar til ákvæða í gr. 2.1 í 1.kafla vátryggingaskilmála þar sem segir að tryggingin bæti tjón af völdum “vökva sem óvænt eða skyndilega streymi fram og á upptök sín innan útveggja og botnplötu húseignarinnar”.

Eftir að málið hafði verið afgreitt með úrskurði dags. 9. ágúst sl. kom í ljós að viðbótargagn frá M hafði ekki skilað sér til nefndarmanna. Það var tölvupóstur sem M hafði sent til starfsmanns nefndarinnar 25. júlí sl. Málið var því lagt fyrir nefndina á ný með umræddum tölvupósti og samþykkti nefndin endurupptöku málsins.

Eftir umræðu um efni hans komst nefndin hins vegar að þeirri niðurstöðu að það breytti ekki afstöðu hennar til ágreinings um bótaskyldu úr vatnstjónslið fasteignatryggingar M.

Álit (óbreytt).

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að tjónið sem M varð fyrir sé vegna þess að vatn hafi komið frá vatnslögn á baðherbergi og hafi lekinn staðið í umtalsverðan tíma. Í kafla 1 í grein 2.1 í vátryggingaskilmálum er tekið fram að tryggingin bæti tjón af völdum vökva sem óvænt eða skyndilega streymi fram. Ekki var um það að ræða í þessu tilviki og verður ekki annað séð af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu en að lekinn hefur staðið í nokkurn tíma. M á því ekki rétt á bótum úr húseignatryggingu hjá V.

Niðurstaða (óbreytt).

M á ekki rétt á bótum úr húseignatryggingu hjá V.

Reykjavík 19.8.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 173/2016
M og
vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar

Rakaskemmdir í húsi vegna vatnsleka þ. 17.5.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2.6.2016. ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 15. júní 2016.

Málsatvik.

Raki kom fram á milli svefnherbergis og baðherbergis vegna vatnsleka í baðherbergi. M krefst bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V vegna þessa og telur að aðstæður séu með þeim hætti að V beri að bæta tjónið. V hafnar bótaskyldu og segir tjónið sé afleiðing af langvarandi raka og falli því ekki undir skilmála vátryggingarinnar. V vísar til ákvæða í gr. 2.1 í 1.kafla vátryggingaskilmála þar sem segir að tryggingin bæti tjón af völdum “vökva sem óvænt eða skyndilega streymi fram og á upptök sín innan útveggja og botnplötu húseignarinnar”.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að tjónið sem M varð fyrir sé vegna þess að vatn hafi komið frá vatnslögn á baðherbergi og hafi lekinn staðið í umtalsverðan tíma. Í kafla 1 í grein 2.1 í vátryggingaskilmálum er tekið fram að tryggingin bæti tjón af völdum vökva sem óvænt eða skyndilega streymi fram. Ekki var um það að ræða í þessu tilviki og verður ekki annað séð af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu en að lekinn hefur staðið í nokkurn tíma. M á því ekki rétt á bótum úr húseignatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseignatryggingu hjá V.

Reykjavík 9.8.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 174/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X.****Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda vegna vinnuslyss 27. mars 2012.****Gögn.**

Málskot, dags. 27.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 14.6.2016, ásamt fylgigögnum; fyrirspurn V og svör með tölvupósti dags. 9.6.2016.

Yfirlýsing M dags. 16. júní 2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hlaut líkamstjón við vinnu sína hjá þjónustumiðstöð X í geymsluhúsnæði að Njarðarbraut 1 í Innri-Njarðvík hinn 27. mars 2012. Í lögregluskýrslu vegna atviksins kemur fram að M hafi verið að rífa svokölluð sýningarhús sem geymd sviðsmynd sýningar sem hafði verið notuð annars staðar, ásamt samstarfsmanni sínum. Við það verk hafi hann staðið ofan á húsinu og verið að losa festingar þegar það féll skyndilega og M fallið. Vinnueftirlit ríkisins kom á vettvang og skoðaði aðstæður og í skýrslu þess dags. 29. mars 2012 kemur fram það mat stofnunarinnar að orsakir slyssins hafi verið þær að undirbúningur verksins hafi verið ófullnægjandi, starfsmenn X hafi ekki þekkt til hönnunar og uppbyggingar sviðsmyndarinnar sem verið var að vinna auk þess sem ekki hafi verið gert áhættumat vegna verkþáttar eða heildstætt áhættumat vegna starfsemi þjónustumiðstöðvar X.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga vinnuslyss M og að greiða eigi bætur úr ábyrgðartryggingu hjá V. M byggir á því að honum hafi, ásamt samstarfsmanni sínum, verið falið að taka umrædd sýningarhús niður og vísar því á bug að ákveðið hafi verið að utanaðkomandi aðili hafi átt að gera það. M vísar til skýrslu Vinnueftirlitsins um orsakir slyssins sem og 13. og 14. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og telur að X hafi ekki gert nauðsynlegar varúðarráðstafanir vegna verksins. Einnig vísar M til þess að X hafi ekki gætt nægilega að því að fylgja ákvæðum reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, sem og ákvæðum reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

V vísar til upplýsinga frá yfirmanni hjá X um að M og samstarfsmanni hans hafi ekki verið falið að vinna umrætt verk og þess vegna hafi ekki verið gerðar sérstakar ráðstafanir til að undirbúa það. Sérstöku fyrirtæki hafi verið falið að vinna verkið þar sem starfsmenn þjónustumiðstöðvar X hafi ekki ráðið við það með þeim tækjabúnaði sem þeir réðu yfir. V telur því að X geti ekki borið skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram mismunandi skýring hjá M og starfsmönnum X um hvort M hafi átt að vinna það verk sem hann var að vinna þegar hann slasaðist, þ.e. að taka niður svokallað sýningarhús eða sviðsmynd, eða hvort sérstökum verktaka hafi verið falið að vinna það verk. Engu að síður slasaðist M við að taka niður umrætt sýningarhús og verður ekki séð að það sé ágreiningur um að M hafi unnið það verk með samstarfsmanni sínum. Í tölvupóstsamskiptum milli V og yfirmanns verkstjóra hjá X kemur fram að honum þyki ólíklegt að hafa tekið fram fyrir hendur á verkstjóranum um hvort starfsmenn þjónustumiðstöðvar X hafi átt að vinna umrætt verk eða ekki en verkstjóri heldur því fram að M og samstarfsmaður hans hafi ekki átt að vinna verkið. Þegar litið er til þess að slysið varð á vinnutíma M, hann vann verkið með samstarfsmanni sínum og einhver óvissa er um samskipti milli yfirmanna um framkvæmd þess, verður að leggja til grundvallar að það séu meiri líkur

en minni að skilaboð til M frá vinnuveitanda hafi verið þau að vinna það verk sem hann slasaðist við að vinna. Verður X að bera hallann af skorti á sönnun um annað. Þegar litið er til niðurstöðu Vinnueftirlits ríkisins um orsakir slyss M verður að leggja til grundvallar að verkstjórn verksins hafi verið áfátt og á því ber X skaðabótaábyrgð. Verður því fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Ekki verður séð af gögnum málsins að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi eða ásetning við vinnu sína, í skilningi 23. gr. a. í skaðabótalögum nr. 50/1993, þannig að hann beri hluta tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

Tjón M bætist úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 175/2016
M v. bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar F.

Krafa um bætur vegna tjóns á gírkassa eftir smurningu þ. 24.11.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.6.2016 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 6.6.2016.

Málsatvik.

M segir að 24.11.2015 hafi komið upp bilun í gírkassa bifreiðarinnar A. Við skoðun á verkstæði kom í ljós að gírkassinn var ónýtur, mjög lítil olía á honum og engin ummerki þess að olía hefði lekið af kassanum. A hafði verið í smurningu hjá F 11.11.2015 og ekið um 400 km frá þeim tíma þar til að gírkassinn var úrbræddur. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu F sem annaðist um smurningu á bílnum og telur að um handvömm hafi orðið við smurningu bifreiðarinnar A og olía ekki sett á gírkassa. Í tilkynningu frá F kemur fram að þegar A kom á smurstöð hjá F þá hafi m.a. magn og ástand olíu á gírkassa skoðuð og skipt um ef þurfti. Í tjónstilkynningu kemur fram hjá F að mælt hafi verið á gírkassa og rétt magn hafi verið á gírkassanum. V hafnar bótaskyldu og segir ekkert koma fram í reikningum eða öðrum gögnum málsins að athuga ætti með olíu á gírkassa A þegar bifreiðin var í smurningu hjá F og ekki sé hægt að gera F ábyrgt fyrir tjóninu sem varð á A þar sem engin skylda sé til að skoða stöðu á drifbúnaði nema sérstaklega sé um það beðið, en slíkt hafi ekki verið gert í því tilviki sem hér ræðir um. Þá segir V að ekkert í gögnum málsins sýni fram á að um saknæma háttsemi starfsfólks F hafi verið að ræða.

Álit.

Bifreiðinni B hafði ekki verið ekið um 400 km. frá því að hún var í smurningu hjá F. Einungis liðu 13 dagar frá því að bifreiðin var smurð og þangað til að gírkassinn bræddi úr sér vegna þess að hann var nánast olíulaus. Í gögnum sem M hefur lagt fram segir að engin merki voru þess, að gírkassinn hefði lekið olíu. V byggir á því að ekki sé um bótaskyldu að ræða þar sem að ekki hafi verið sérstaklega beðið um að skoða stöðu olíu á drifbúnaði. Í gögnum frá F segir hins vegar að jafnan þegar bifreið komi til smurningar skuli staða og magn olíu skoðað. Miðað við þann skamma tíma sem líður frá smurningu og þann takmarkaða akstur sem um er að ræða frá því að A var smurður hjá F þykir ekki óvarlegt að ætla að sá eða þeir starfsmenn F sem önnuðust smurþjónustu á A 11.11.2015 hafi ekki gætt að eða alla vega ekki kannað nægjanlega vel hver staða og magn olíu hafi verið á gírkassa og það sé orsök þess að gírkassinn eyðilagðist. F selur þjónustu sína sem fagaðili hvað varðar smurningu bifreiða og gætti ekki að því með fullnægjandi hætti að næg olía væri á gírkassa A þegar bifreiðin var þjónustuð af F og ber því ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir vegna skemmda á gírkassa A.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V vegna tjóns á A.

Reykjavík 1.7.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 176/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar sjómanna og ábyrgðartryggingar útgerðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er sjómaður varð fyrir meiðslum um borð í fiskiskipi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 20.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 11. júlí 2014 varð M fyrir meiðslum á hægri ökkla við störf um borð í fiskiskipinu K. Í skipsdagbók K er skráð að kl. 6:00 hafi einn úr áhöfn skipsins komið og tilkynnt að M hafi misstigið í vinnslu við bretti og ökklinn verið kældur og hlúð hafi verið að honum.

Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 15. júlí 2014, sem undirrituð er af M og útgerð K, segir að M hafi verið við vinnu að stafla bretti í pökkunarrými og hafi verið að stíga niður af stöflunarpalli þegar hann hafi misstigið sig á hægri ökkla á rúllubandi neðan við stöflunaraðstöðu. M leitaði til læknis daginn eftir, 12. júlí 2014. Í nótum læknisins vegna þeirrar komu mun vera skráð að M hafi deginum áður verið við störf um borð í K er hann hafi misstigið sig illa á hægri ökkla. Að álitum læknisins bjó M við slæma tognun á ökkla „lateralt“ og fékk hann „L-spelku“ til verkjastillingar ásamt verkjalyfjum. M mun hafa verið óvinnufær í kjölfar slyssins en í fyrirliggjandi læknisvottorðum verður ekki ráðið hversu lengi hann var frá vinnu.

Í málskoti er atvikum svo lýst að M hafi ætlað að sækja plastrúllu og til þess hafi hann þurft að byrja á því að stíga á snúningspall, sem notaður er til að snúa brettum til að pakka þeim í plast. Síðan hafi hann þurft að stikla á milli teina fyrir vagna, sem brettin fara á, og járna sem skynjarar fyrir brettin eru fest við. Einnig hafi hann orðið að gæta þess „að stíga það langt að hann kæmist yfir drifkeðjuna, sem var í miðjunni“. Hafi hann rekið fótinn í eitthvað af þessu, fípast, komið illa niður og fóturinn snúist illa um ökkla. Eftir slysið kveður M að úrbætur hafi verið gerðar á vinnuaðstöðunni til að draga úr slysum eins og hann varð fyrir. Vinnuveitandi hafi tilkynnt um slysið til Sjúkratrygginga Íslands en ekki til rannsóknarnefndar samgönguslysa og því sé engin rannsóknarskýrsla til um atvikið eða aðstæður fyrir og eftir að það gerðist.

M kveðst umrætt sinn hafa orðið fyrir slysi í skilningi slysatryggingar sjómanna auk þess sem útgerð K beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans. Af þeim sökum krefst hann bóta úr slysatryggingu sjómanna og ábyrgðartryggingu útgerðar K hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna.

Álit.

Af gögnum þeim sem liggja fyrir í málinu verður ekki ráðið að M hafi áður en hann skaut málinu til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum krafð V um skaðabætur úr ábyrgðartryggingu útgerðar K. Af hálfu V er heldur ekki tekin afstaða til skaðabótakröfunnar í athugasemdum félagsins til nefndarinnar. Samkvæmt fyrri málslið 2. mgr. 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, skal málskotsaðili hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag áður en hann getur leitað til nefndarinnar. Með því að ekki verður séð að M hafi lagt kröfu sína um skaðabætur úr ábyrgðartryggingu útgerðarinnar fyrir V brestur skilyrði til að leggja málið fyrir nefndina. Kröfu M um að hann eigi rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu útgerðar K er því vísað frá.

Samkvæmt 1. gr. í skilmálum V fyrir slysatryggingu sjómanna greiðir félagið bætur vegna slyss, er sá sem tryggður er, verður fyrir eins og segir í vátryggingarskírteini. Þá segir í þessari grein skilmálanna að með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist sannanlega án vilja hans.

Ekki virðist um það deilt að M hafi verið við vinnu í þökkunarrými um borð í K er hann hugðist sækja plastrúllu er hann hafi misstigið sig illa og orðið fyrir meiðslum á hægri ökkla. Í skipsdagbók K er um sjálft atvikið einungis skráð að M hafi misstigið sig. Sama máli gegnir í sameiginlegri tjónstilkynningu M og útgerðar K til Sjúkratrygginga Íslands að hann hafi misstigið sig á hægri ökkla á rúllubandi neðan við stöflunaraðstöðu er hann steig niður af stöflunarpalli. Í lækisfræðilegum gögnum, sem liggja fyrir nefndinni, er þess eins getið varðandi málsatvik að M hafi misstigið sig illa við störf um borð í K. Í málskoti er því lýst svo að aðstæður hafi verið erfiðar þar sem M hafi þurft að ná í plastrúlluna og hann hafi rekið fótinn í eitthvað, en við það hafi honum fípast og hann komið illa niður og fóturinn snúist um öklann. Ekki er nánari grein gerð fyrir hvað það kann að hafa verið sem M rak fótinn í. Eins og hér stendur á verður að leggja til grundvallar þá lýsingu á tildrögum atviksins sem fram kom í upphaflegum gögnum, þ.e. skipsdagbók, tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands og skráningu í sjúkraskýrslur, um að M hafi misstigið sig er hann steig á rúllubandið. Ekki verður ráðið að það hafi verið af völdum utanaðkomandi atburðar eins og áskilið er samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar svo um bótaskyld slys geti verið að ræða. Hann telst því ekki hafa orðið fyrir slysi sem leiði til bótaskyldu úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

Kröfu M um að viðurkenndur verði réttur hans til bóta úr ábyrgðartryggingu útgerðar K hjá V er vísað frá.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 9. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 177/2016**M
og váttryggingafélagið V v/ slysatryggingar.****Ákvæði í váttryggingarskilmálum um tímasetningu örorkumats vegna slyss 6. janúar 2013.****Gögn.**

Málskot, dags. 2.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15.6.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi tilkynnt um slys til V með tjonstilkynningu dags. 26. júní 2013. Þar kemur fram að M handleggsbrotnaði þann 6. janúar 2013 þegar hann féll á bifreiðaplani. Áverkar M eru staðfestir með læknisfræðilegum gögnum. Með tölvupósti dags. 13. maí 2016 óskar lögmaður M eftir afriti gagna hjá V, en í málinu liggur einnig fyrir umboð M til lögmanns dags. 12. maí 2016. Með tölvupósti dags. 17. maí 2016 vísar V til gr. 4.7 í váttryggingarskilmálum slysatryggingar V með þeim orðum að endanlegt örorkumat skuli fara fram innan þriggja ára frá slysdegi.

M telur að hann eigi rétt til bóta úr slysatryggingu og telur að það sé ekki tilefni til þeirrar afdráttarlausu túlkunar á orðalagi gr. 4.7 í váttryggingarskilmálum eins og V beitir. Ef bótaréttur falli niður ef örorkumat fari ekki fram innan þriggja ára sé um að ræða tómlætisreglu sem hafi mjög íþyngjandi áhrif. Ekki sé kveðið á um slíka reglu í lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga heldur aðrar tómlætisreglur. Verði að líta til 63. gr. laganna þar sem kveðið er á um að það megi ekki vikja frá ákvæðum II. hluta laganna ef það leiðir til lakari stöðu viðskiptavinar en ákvæði laga um váttryggingarsamninga kveða á um. Það að það sé ekki kveðið sérstaklega á um heimild til íþyngjandi tómlætisáhrifa sem þess sem kemur fram í gr. 4.7 sé váttryggingafélögum óheimilt að beita þeim. Einnig vísar M til þess að M hafi veitt V víðtækt umboð til að afla gagna vegna málsins og það hafi því átt að hlutast til um slíka gagnaöflun innan þeirra þriggja ára sem ákvæði gr. 4.7 kveður á um. Í þriðja lagi vísar M til þess að um sé að ræða ákvæði staðlaðra váttryggingarskilmála sem V semji einhliða og því verði skv. túlkunarreglum váttryggingarsamninga, svokallaðri andskýringarreglu, að túlka ákvæðið M í hag. Í fjórða og síðasta lagi vísar M til dóma héraðsdóms og eins úrskurðar nefndarinnar þar sem sambærileg ákvæði hafa verið túlkuð váttryggingafélögum í óhag.

V telur orðalag gr. 4.7 í váttryggingarskilmálum skýrt þar sem þar segi að „endanlegu örorkumati verði [ekki] frestað [...] lengur en í þrjú ár frá slysdegi“ og að „undantekningarlaust [skuli] framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið.“ V telur engan vafa um hver réttaráhrif ákvæðisins séu. Einnig vísar V til dóms Hæstaréttar Íslands í mál nr. 22/2004 máli sínu til stuðnings. Að sama skapi sé ákvæðið svo skýrt að engin tilefni séu til beitingar svokallaðrar andskýringarreglu váttryggingaréttar. Einnig telur V að lög um váttryggingarsamninga standi ekki í vegi fyrir því að í váttryggingarskilmálum séu ákvæði eins og gr. 4.7. Það komi beinlínis fram í athugasemdum í frumvarpi með 121. gr. laganna að það sé hægt að kveða sérstaklega á um hvenær örorkumat eigi að fara fram í fyrsta og síðasta lagi. Ákvæði skilmála V sé því í fullu samræmi við lög um váttryggingarsamninga. Einnig telur V að þó M hafi veitt félaginu umboð til gagnaöflunar sé það hans að gera kröfu í váttrygginguna innan tímamarka.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvernig eigi að túlka ákvæði í váttryggingarskilmálum V, nánar tiltekið gr. 4.7 sem segir eftirfarandi: „*Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Þótt gera megi ráð fyrir, að ástand hins slasaða kunní að breytast, skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfelli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir, að hún verði endanleg.*“ Umrætt ákvæði er í fyrsta

lagi skýrt um að undantekningarlaust skuli framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slys. Verður ekki hjá því litið að túlka réttaráhrif þess að það sé ekki gert með þeim hætti að váttryggður missi annars tækifæri til að gera kröfu um örorkubætur. Er slík túlkun í samræmi við dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 22/2004. Með þeim dómi var leyst úr ágreiningi um túlkun á efnislega samhljóða skilmálaákvæðum slysáttryggingar og að ofan greinir vegna kröfu um örorkubætur á grundvelli örorkumats sem framkvæmt var rúmum þremur árum eftir slysdag. Í dómi Hæstaréttar var m.a. á því byggt að tjónþola hefði verið í lófa lagið að kynna sér þá skilmála, sem reyndi á í málinu, en þeir hafi markað nánara inntak þess réttar sem tjónþolanum var veittur. Hafi umrædd skilmálaákvæði hvorki getað talist óeðlileg né óvenjuleg á sínu sviði. Með því að ekki hefðu komið fram haldbær rök fyrir því að tjónþolinn gæti verið óbundinn af hinum umdeildu skilmálaákvæðum var bótakröfu hafnað. Þegar M leitaði til V um mat á örorku var liðinn sá þriggja ára frestur sem örorkumat skyldi í síðasta lagi framkvæmt sbr. títtnefnd gr. 4.7 í váttryggingarskilmálum slysáttryggingar. Með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 22/2004 og með hvaða hætti skilmálaákvæði eins og þessi eru túlkuð þar verður ekki hjá því komist meðan þeim dómi hefur ekki verið hnekkð að líta svo á að réttur M til að krefjast örorkubóta sé niður fallinn. Er einnig vísað til orðalags lögskýringargagna með lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga því til stuðnings að sú lagasetning hafi ekki áhrif á fordæmisgildi dómsins.

Vísun M til héraðsdóma eða einstakra úrskurða nefndarinnar, þar sem málsatvik eru ekki sambærileg, breyta ekki þessari niðurstöðu en nefndin vísar sérstaklega til úrskurða sinna í málum nr. 106/2015 og 468/2015 þar sem málsatvik eru sambærileg.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu hjá V.

Reykjavík, 9. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 178/2016**M og****vátryggingafélagið V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.****Ágreiningur um fyrningu bótakröfu á hendur byggingarstjóra.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 30.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins var í árslok 2001 veitt leyfi fyrir byggingu fjöleignarhússins að K í Hafnarfirði, en það mun svo hafa verið byggt á árinu 2002 og tekið í notkun um það leyti. Byggingarstjóri við bygginguna var S sem hafði lögmælt starfsábyrgðartryggingu hjá V. Lokaúttekt vegna byggingarinnar fór ekki fram í kjölfar þess að húsið var tekið í notkun. Af hálfu M mun beiðni um lokaúttekt hafa verið send byggingaryfirvöldum í Hafnarfirði um mitt ár 2009 og eftir ítrekun fór úttektin fram 30. júní 2011. Voru athugasemdir gerðar í fjórum tölulíðum og mælst til að brugðist verði við athugasemdunum sem allra fyrst og byggingarstjóri boði til endurtekinnar lokaúttektar þegar úrbætur lægju fyrir og eigi síðar en innan fjögurra vikna.

Í mars 2015 var af hálfu M aflað skoðunargerðar um ástand K með viðgerðartillögum og kostnaðaráætlun. Laut skoðunargerðin að nokkrum húshlutum, einkum þaki, þakrennum og niðurfallsrörum, gluggum og hurðum, útveggjum.

Með vísan til skoðunargerðarinnar var með bréfi 18. febrúar 2016 krafist af hálfu M bóta úr starfsábyrgðartryggingu S hjá V vegna galla og óvandaðra vinnubragða við byggingarframkvæmdirnar. Er krafan sögð sundurliðast samkvæmt níu matsliðum: 1) áætluðum kostnaði vegna endurbóta, 2) þenslurauf, 3) frágangi plötuskila, 4) þéttingu hurða, 5) uppsetningu bílskúra, 6) dyra á milli hjólageymslu og tveggja bílskúra, 7) uppsetningu rafmagns, 8) brunavarna og 9) fallvarna. Nemur krafan samtals 18.292.510 krónum. V hefur hafnað bótakröfum M m.a. á grundvelli fyrningar. Er þess krafist fyrir úrskurðarnefnd að viðurkennt verði að skaðabótakrafa M í starfsábyrgðartryggingu S hjá V sé ekki fyrnd.

Álit.

Svo sem áður greinir mun K hafa verið byggt á árinu 2002 og tekið þá í notkun. Af kennitölu M má einnig ráða að það hafi verið stofnað á því ári. Samkvæmt 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sem í gildi voru þegar byggingarframkvæmdirnar stóðu yfir, bar byggingarstjóri ábyrgð á því að byggt væri í samræmi við samþykktu uppdretti, lög og reglugerðir. Af dómaframkvæmd, sbr. m.a. 118. gr. þág. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, mátti ráða að jafnframt hvíldi á byggingarstjóra skylda til að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdunum, sem hann stýrði, þar á meðal með því að iðnmeistarar, sem komu að verkinu fyrir atbeina hans, sinntu skyldum sínum og að framkvæmdin væri tæknilega og faglega fullnægjandi. Með sagnæmri vanrækslu á þessum skyldum félli skaðabótaábyrgð á byggingarstjóra. Þótt drög að lokaúttekt hafi ekki verið gerð fyrr en á árinu 2011 verður ekki annað ráðið en þær framkvæmdir sem ábyrgð S sem byggingarstjóra kann að taka til hafi farið fram í síðasta lagi á árinu 2002 er húseignin var tekin í notkun, auk þess sem á sama tíma mátti það, sem úrskæiðis fór við byggingarframkvæmdirnar og ábyrgð S gat tekið til, vera húseigendunum ljóst. Skaðabótakrafa á hendur S fyrntist á 10 árum, sbr. 2. tölul. 4. gr. þág. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Skaðabótakrafa M á hendur V var því fallin niður þegar hún var sett fram.

Niðurstaða.

Krafa M, húsfélags, um skaðabætur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans S hjá V, er fyrnd.

Reykjavík, 16. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 179/2016**M
og****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Sönnun tjónsatviks vegna líkamstjóns 19. september 2015. Notkun bifreiðar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 10.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 24.6.2016 ásamt tölvupósti ökumanns X dags. 6.1.2016.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir M því að hann hafi verið staddur í Ingólfsstræti í Reykjavík þegar bifreiðinni X hafi verið ekið yfir ristina á honum og við það hafi hann dottið aftur fyrir sig og höfuð hans skolið í götuna. M leitaði læknis strax í kjölfarið og í samskiptanótu læknis dags. 19.9.2015 kemur fram að ekið hafi verið yfir rist M og fótur hans sé mjög bólginn. Í tjónstilkynningu M til V dags. 11.11.2015 er aðdraganda líkamstjóns M ekki lýst ítarlega en vísað til ákeyrslu. Í tölvupósti ökumanns X dags. 6.1.2016 kemur fram að ökumaðurinn telur að ekki hafi verið um ákeyrslu að ræða heldur hafi M dottið ofurólvi af tröppum palls sem liggur við veitingastað sem stendur við Ingólfsstræti. Ökumaðurinn segist hafa ekið bifreiðinni á gönguhraða og að vinur M hafi komið að bifreiðinni og sagt að hann hafi ekið á M en síðan beðist afsökunar á því.

M telur að sannað sé að líkamstjón hans sé rakið til notkunar bifreiðarinnar X í skilningi 1. mgr. 88. gr. Hann hafi borið um atvik málsins með sama hætti frá upphafi og vísar því á bug að ósamræmi sé í frásögnum aðila vegna þessa. V telur ósannað að atvik hafi verið með þeim hætti sem M lýsir í málskoti og bendir á að sú lýsing sé ekki í samræmi við lýsingu ökumanns X á atvikum, auk þess sem það sé misræmi í frásögn M um hvort bifreiðinni hafi verið ekið áfram eða aftur á bak þegar henni á að hafa verið ekið yfir rist á fæti hans. V vísar til þess að sönnunarbyrði um atvik málsins hvíli á M og hann verði að bera hallann af því að hafa ekki kallað til lögreglu til rannsóknar á atvikum málsins eða með öðrum hætti tryggt sér sönnun um þau.

Álit.

Af gögnum málsins má sjá að ekki fór fram sérstök rannsókn á aðdraganda þess að M hlaut brot á rist vinstri fótur hinn 19. september 2015. M leitaði strax til læknis vegna áverkanna og í frásögn hans og í læknisfræðilegum gögnum er tilgreint að bifreið hafi verið ekið yfir rist hans og þannig hafi hann hlotið áverka. Um nokkuð sértæka áverka er að ræða sem verður ekki séð að önnur sennilega skýring sé á en að fótur M hafi lent undir dekki bifreiðar. Þó ökumaður bifreiðarinnar X hafi ekki orðið var við að hafa ekið á M er staðfest af hans hálfu að hann hafi ekið bifreiðinni á gönguhraða um Ingólfsstræti. Ekki er um breiða götu að ræða og verður að telja mögulegt að fótur M hafi getað lent undir dekki bifreiðarinnar án þess að ökumaður yrði þess var. Verður að telja nægilega í ljós leitt að meiðsli M megi rekja til notkunar bifreiðarinnar X skv. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga og M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar hjá V. Ekki hefur verið sýnt fram á að líta megi á háttsemi M í greint sinn sem stórkostlega gálaus í skilningi 2. mgr. 88. gr. sömu laga og á hann því rétt á fullum bótum.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 180/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Reykjanesbraut norðan við Stekkjarbakka í Reykjavík 23.5.2016.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 10.6.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 16.6.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf V-2 dags. 15.7.2016 ásamt fylgiskjölum 1-5

Málsatvik.

Ökumaður bifreiðar B ók norður Reykjanesbraut á akrein lengst til vinstri. Ökumaður bifreiðar A ók frá Stekkjarbakka og yfir tvær akreinar á akreinina lengst til vinstri norður Reykjanesbraut og hemlaði og var bifreið B í framhaldi ekið aftan á A. Ökumaður bifreiðar A segist hafa ekið inn á Reykjanesbraut frá Stekkjarbakka og hafi bifreið B verið langt í burtu þegar ökumaður A ók inn á akreinina, en önnur bifreið hafi síðan beygt í veg fyrir sig og hafi hann þurft að hemla hratt niður, eins og ökumaður orðar það, til koma í veg fyrir árekstur við þá bifreið en síðan hafi hann fundið að högg kom aftan á A. Ökumaður bifreiðar B segist hafa séð þegar bifreið A fór inn á akreinina sem hann ók eftir og bifreið B hafi síðan verið ekið í veg fyrir bifreið A og stöðvuð skyndilega fyrir framan hann og hafi ekki verið hægt að koma í veg fyrir árekstur.

Álit.

Ekki er sannað að ökumaður A hafi í umrætt sinn ekið í veg fyrir B með þeim hætti að akreinaskipti hans hafi upptekið eðlilega hemlunarvegalengd bifreiðar B. Af gögnum málsins verður ráðið að ökumaður B gætti ekki nægjanlega að umferð fyrir framan sig, en skv. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 segir: „Ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skal vera svo langt frá því, að eigi sé hætt á árekstri, þótt ökutækið, sem er á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess.“ Verður því að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber alla sök.

Reykjavík 19.8.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 181/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ innbústryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á sjónvarpi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 24.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 22. mars 2016 tilkynnti M á netspjalli við V um tjón á sjónvarpi af Philips gerð. Þar sagði: „Sjónvarpið okkar var að brenna sig í dag það var brunalykt af honum...“ Þegar spurt var hvað hafi komið fyrir svaraði M „ég veit það ekki, hann virkar ekki neitt núna.“ Daginn eftir hafði M símasamband við V og kvað börn sín hafa hrint sjónvarpinu í gólfið með þeim afleiðingum að það virkaði ekki sem skyldi. Í málskoti er atvikum lýst svo að barn M hafi ýtt sjónvarpinu svo það hafi dottið og hætt að virka jafnframt sem brunalykt hafi komið frá því.

Sjónvarpið var skoðað af nafngreindum viðgerðaraðila. Samkvæmt athugun viðgerðaraðilans mun spennugjafi og baklýsingarflgjafi í tækinu hafa brunnið. Ekki hafi verið hægt að slá föstu hvað hafi valdið því að þessi búnaður í sjónvarpinu hafi brunnið yfir. Engar greinilegar eða sjáanlegar skemmdir hafi verið á baklýsingu, en samt ekki hægt að útiloka að högg hafi valdið álagi. Að mati viðgerðaraðilans var þó talið ómögulegt að úrskurða hvort högg hafi getað valdið því að „spennugjafi/stýring fyrir baklýsingu“ brann yfir eða ekki. Skjárinn var engu að síður skemmdur og tækið því óviðgerðarhæft.

M hefur krafist bóta úr innbúskaskótryggingarlið innbústryggingar sinnar hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum innbúskaskótryggingar hjá V bætir vátryggingin tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á vátryggingartímabilinu, sem eru ekki bótaskyld samkvæmt öðrum ákvæðum vátryggingarskilmálans. Þá segir þar enn fremur að vátryggingin bætir ekki tjón sem rekja má til eðlilegs slits.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sést hafi á ytra byrði tækisins þannig að það hafi orðið fyrir höggi eða skyndilegu og óvæntu hnjaski af öðru tagi. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af því sem fram kom í skoðunargerð viðgerðaraðilans, eins og að ofan greinir, verður ekki talið sannað að skemmdir á sjónvarpi M hafi orðið af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks eins og áskilið er í vátryggingarskilmálunum. Tjónið verður því ekki rakið til atvika sem innbúskaskótryggingin tekur til. M á því ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbúskaskótryggingarlið innbústryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 9. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 182/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Víkurvegi 19. apríl 2016.

Gögn.

1. Málskot móttækið 10.6.2016 ásamt fylgiskjölum 1-9.
2. Bréf V-1 dags. 24.5.2016.
3. Bréf V-2 dags. 11.7.2016.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var beygt til vinstri í vesturátt á gatnamótum Þúsaldar og Víkurvegjar. A ók fyrir aftan B. Ökumaður A segir ökumann B hafa tekið beygjuna á undan yfir á hægri akrein, en A hafi fylgt á eftir á vinstri akrein og segir ökumaður A að stuttu eftir að báðar bifreiðarnar hafi beygt inn á Víkurveginn hafi ökumaður B beygt yfir á vinstri akrein í veg fyrir A og árekstur orðið. Ökumaður B segir að A hafi verið að reyna að komast fram úr B þegar árekstur varð.

Álit.

Ökumenn greinin þannig á um aðdraganda árekstursins og ekki er unnt af gögnum málsins að skera úr um það hvort annar ökumaður ber sök á árekstrinum umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 19.8.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 183/2016**M
og váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Tjón á ofnum í íbúðarhúsnæði 7. júní 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur M dags. 23.6.2016 ásamt myndum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón hafi orðið á ofnum í íbúðarhúsnæði M þann 7. júní sl. Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að heitt vatn hafi verið tekið af hverfi því sem í íbúðarhúsi hans er í á þeim degi og opnað aftur fyrst um kl. 16:30 og síðan tekið af og opnað aftur um kl. 17:30 og þá hafi ofnar í húsinu sprungið.

M telur að handvömm hafi orðið hjá X þegar heitu vatni hafi verið hleypt á aftur og hefur ítrekað reynt að leita skýringa hjá X um ástæður þessa. M ber að öryggisloki á ofnum hafi verið í lagi en sjá megi af myndum að ofnar hafi þanist út um 2 til 3 mm við það högg sem varð þegar heitu vatni var hleypt á húseignina. M kveðst einnig hafa reynt að fá starfsmenn X á staðinn til að skoða aðstæður, en því hafi ekki verið sinnt.

V vísar til ákvæðis í váttryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar X þar sem kemur fram í 2. gr. að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem kunni að falla á X. V vísar til þess að M þurfi því að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi vegna tjónsins. V vísar einnig til skýringa frá X vegna vinnubragða umræddan dag þar sem kemur fram að ekki verði talið að nein mistök hafi verið gerð af hálfu starfsmanna X þegar heitu vatni var hleypt á aftur eftir tilkynnta lokun þess. Það sé hins vegar eðlilegt að þrýstingur geti sveiflast og því sé nauðsynlegt fyrir notendur að vera með öryggisloka á inntaki húseigna til að verja búnað innanhúss. V telur ekkert hafa komið fram um að aðgerðir starfsmanna X í umrætt sinn hafi verið með þeim hætti að starfsmenn hafi sýnt gáleysi við störf sín eða mistök hafi verið gerð. Á meðan ekki sé sýnt fram á slíkt sé skaðabótaábyrgð X ekki fyrir hendi og því ekki greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

Bótgrundvöllur ábyrgðartryggingar X hjá V er sá að tjón hafi orðið sem verndað er með reglum íslensks skaðabótaréttar. Það er, til þess að M eigi rétt á skaðabótum vegna tjóns síns þarf hann að sýna fram á að mistök hafi átt sér stað, vanbúnaður hafi verið á búnaði X eða öðru sem X ber ábyrgð á að lögum. Þó aðstæður húseignenda séu ekki sérstaklega góðar til að afla sönnunargagna þegar atvik sem þessi koma upp og beiðnum þeirra er ekki sinnt hjá X, er það eitt og sér ekki nægilegur grundvöllur skaðabótaábyrgðar X. Ekki liggja fyrir gögn, úttektir eða annað haldbært til sönnunar þess að skilyrði skaðabótaábyrgðar X séu fyrir hendi vegna tjóns á ofnum í íbúðarhúsnæði M og eru því ekki skilyrði til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 9. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 184/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ lögmæltrar slysátryggingar ökumanns fjórhjóls.****Ágreiningur um bótaskyldu er stjórnandi fjórhjóls missti stjórn á tækinu og slasaðist.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 30.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kvöldmatarleytið 18. apríl 2014 ók M fjórhjóli (A) í sinni eigu norður Gullengi í Reykjavík yfir gatnamót þeirrar götu og Fróðengis og áfram til norðurs eftir síðarnefndu götunni. Skömmu eftir að hann var kominn yfir gatnamótin missti hann stjórn á A með þeim afleiðingum að það fór upp á gangstétt að vestanverðu við götuna þar sem það svo valt og M kastaðist af því. M varð fyrir alvarlegum meiðslum á hægri fæti og varð að taka fótinn af fyrir neðan hné. Bjart var af degi og þurr færi þegar slysið varð. Yfirborð götunnar var malbikað. Frá gatnamótum Gullengis og Fróðengis liggur Gullengi til vesturs stuttan vegarkafla að Borgarvegi. Hraðahindranir eru sitt hvoru megin við gatnamótin, annars vegar á Gullengi að sunnanverðu og hins vegar á Fróðengi að norðanverðu. Hámarkshraði á Gullengi og Fróðengi er 30 km á klst.

Í skýrslu hjá lögreglu kvaðst M hafa ætlað að skjótast til að kaupa bensín. Bifreið hafi verið á undan honum sem hafi ekið rosalega hægt, en hann hafi „verið stressaður að mæta löggunni á þessu svæði.“ Hann hafi tekið fram úr bifreiðinni og farið yfir hraðahindrun. Hann hafi náð gripi á hjólinu en svo hafi verið mól eða sandur á akbrautinni og þá hafi hann ekki náð neinu gripi. Hann hafi þá farið að „slæða“ og reynt að bremsa og beygja og farið upp á gangstétt og séð að hann varð að fara að „klessa á“. Hafi hann brugðist þannig við að hann hafi ætlað að hoppa af hjólinu en verið of seinn að hoppa þannig að önnur öxlin hafi farið í rafmagnskassa og hann hafi kastast og svo hafi „slöknað“ á honum. Áður en slysið varð hafi hann hafa tekið „einn hring“ í hverfinu og þá „gefíð aðeins í“. Svo hafi hann ætlað að fara og taka bensín. Hann hafi ekki ekið hratt því bifreið hafi verið á undan honum; hann hafi kannski náð 35–40 km hraða á klst. þegar hann fór fram úr bifreiðinni sem var ekið á undan honum, og svo hafi hann bara runnið.

Í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir nokkrum vitnum um slysið og hvernig það bar að höndum. Tvö vitni kváðust hafa ekið út Gullengi og séð A fyrir framan sig þar sem því hafi verið ekið á mikilli ferð í átt að Fróðengi. Hafi ökumaður þess stokkið yfir fyrri hraðahindrunina við Gullengi og einnig þá næstu við Fróðengi. Ökumaðurinn hafi ekki náð beygjunni eftir seinni hraðahindrunina og endað á gangstéttarbrún vinstra megin og velt hjólinu. Eitt vitni kvaðst hafa verið að koma eftir Gullengi frá Borgarvegi þegar hún hafi séð A ekið á mikilli ferð frá Gullengi yfir í Fróðengi. Annað vitni kvaðst hafa verið á bifreiðastæði við Gullengi 2 og heyrt í fjórhjóli. Hafi hjólið komið „á syngjandi siglingu“ eftir Gullengi í átt að Fróðengi. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hraða hjólsins en því hafi verið ekið vel yfir 30 km/klst. Það hafi svo séð hvar hjólið hafi farið upp á gangstétt. Benti vitnið á hvar hjólið hafi farið upp á gangstétt og hvar ökumaðurinn hafi verið búinn að missa stjórn á því þar sem það hafi farið í einhvers konar svigakstur og oltið. Eftir enn öðru vitni er svo haft að það hafi séð þegar A var ekið norður Fróðengi frá Gullengi og síðan upp á kant vinstra megin eftir að ökumaðurinn hafði misst stjórn á hjólinu. Vitnið kvaðst ekki geta áttáð sig á því hversu hratt A var ekið þegar óhappið átti sér stað.

Í málinu liggur fyrir skýrsla, dags. 19. október 2015, er lýtur að útreikningi á líklegum hraða A þegar M missti stjórn á því, svonefnd „Skýrsla vegna útreiknings í PC Crash“. Er í komist að þeirri niðurstöðu að hraði A hafi þá verið 83–85 km á klst. Skýrslunni fylgdi loftmynd af slysstaðnum þar sem færðar hafa verið inn nokkrar vegalengdir. Þar kemur fram að lengd hraðahindrunarinnar sunnan gatnamótanna, þ.e. við Gullengi, hafi verið 5,7 m, sjálf gatnamótin eru 23 m, hraðahindrunin við Fróðengi 6,2 m, frá þeirri hraðahindrun að ljósastaur á milli tveggja rafmagnskassa, sem M kveður

aðra öxl sína hafa kastast á, eru 26 m og loks 33 m frá ljósastaurnum á milli rafmagnskassanna að ljósastaurnum sem M hafnaði svo á. Einnig kemur fram á myndinni að 38 m hafi verið frá þeim stað þar sem A fór upp á gangstétt að ljósastaurnum sem M hafnaði á.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr slysatryggingu ökumanns hjá V. V hefur viðurkennt rétt M til bóta að helmingi, en telur að þær beri að skerða um helming þar sem hann hafi valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi. M hefur ekki fallist á þá niðurstöðu félagsins.

Álit.

M ók fram úr bifreið á eða við gatnamót, þar sem hraðahindranir eru sitt hvoru megin við gatnamótin. Hámarkshraði á akbrautinni er 30 km á klst. Þegar M var kominn yfir síðari hraðahindrunina missti hann stjórn á A með þeim afleiðingum sem lýst hefur verið hér að framan.

Þótt ekki teljist sannað að M hafi ekið A á 83-85 km hraða á klst. eins og fram kemur í fyrirliggjandi skýrslu um útreikning á hraða M, þykir engu að síður mega hafa til hliðsjónar mælingar á vegalengdum á slysstað sem tilgreindar eru í skýrslunni. Samkvæmt þeim mælingum fór hjólið 38 m eftir gangstéttinni uns það staðnæmdist og valt yfir M. Þegar til þessa er litið og þess sem fram kemur í framburðum vitna verður að telja nægilega í ljós leitt að M hafi umrætt sinn ekið í loftköstum yfir hraðahindranirnar verulega yfir leyfðum hámarkshraða og miklum mun hraðar en aðstæður leyfðu að öðru leyti. Aksturslag þetta sem leiddi til slyssins var í senn vítavert og hættulegt og fól í sér háttsemi sem verður að meta M til stórkostlegs gáleysis. Er því V rétt að skerða bætur vegna líkamstjóns hans, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Að öllu virtu þykir rétt að bætur skerðist um 1/3 hluta þannig að M eigi rétt til bóta að 2/3 hlutum.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 2/3 hlutum úr slysatryggingu ökumanns fjórhjólsins A hjá V.

Reykjavík, 16. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 185/2016**M
og****vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar X****Gildissvið slysatryggingar ökumanns skv. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987
vegna slyss 30. september 2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 3.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna slyss M kemur fram að M hafi staðið við enda steypudælu sem hann stjórnaði og hún hefði eitthvað staðið á sér en svo alt í einu komið stór gusa úr henni sem varð til þess að M féll á járnstoð byggingarkranans sem hann stóð við. Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að M hafi verið að dæla steypu á dælubifreiðinni X þegar dælan stíflaðist skyndilega með þeim afleiðingum að hún sló hann niður.

M telur að slys hans hafi orðið vegna eðlilegrar notkunar steypubifreiðarinnar X og sé því skilyrði 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um notkun bifreiðar uppfyllt. M vísar til þess að steypudæla bifreiðarinnar hafi verið knúin áfram af aflvél bifreiðarinnar og vísar til dómafordæma þar sem litið sé á slíkt sem eðlilega notkun bifreiða. M vísar því á bug að steypubifreiðin hafi verið notuð eins og vinnuvél í greint sinn.

V lýsir aðstæðum þannig að dælubifreiðin X hafi verið útbúin steypudælubúnaði sem sé þannig að steypu sé dælt úr bifreiðinni fyrir í trekt sem hafi verið stillt upp á verkstað, kyrrstæðri og á sérstökum fótum og steypu sé síðan dælt þaðan með dælu/barka á viðeigandi stað. V telur að slys sem verður við notkun þessa búnaðar sé ekki þess eðlis að M hafi verið við stjórn bifreiðarinnar X, né heldur að slysið megi rekja til notkunar bifreiðarinnar, en í 92. gr. umferðarlaga um slysatryggingu ökumanns þurfi þau skilyrði að vera uppfyllt til greiðsluskyldu úr slíkri tryggingu. V telur að það sé ekki hægt að jafna aðstæðum vegna slyss M til þess þegar verið er að ferma eða afferma bifreiðar og telur stjórnun steypudælu það fjarri notkun bifreiðarinnar sjálftrar að tjón vegna slíks falli ekki undir skilyrði 92. gr. umferðarlaga.

Álit.

Þegar litið er til þess hvort skilyrði 92. gr. umferðarlaga um stjórn ökutækis og notkun þess, í skilningi 1. mgr. 88. gr. sömu laga, séu uppfyllt verður að líta til þeirra gagna sem liggja fyrir um slysaatvik M. Af þeim verður ekki séð með skýrum hætti að slys M hafi orðið við það þegar verið var að afferma bifreiðina X. Einnig verður heldur séð af gögnum málsins með nægilega skýrum hætti að búnaður sem verið var að nota í greint sinn hafi verið þannig að hann megi tengja með beinum hætti við notkun bifreiðarinnar X. Telst því ósannað að slys M sé hægt að rekja til notkunar bifreiðarinnar í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga og eru skilyrði 92. gr. sömu laga um gildissvið slysatryggingar ökumanns því ekki uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 187/2016**M og****vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á hringtorgi á Vesturlandsvegi við Þingvallaveg 27.5.2016****Gögn.**

1. Málskot móttakið 16.6.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V-1 dags. 11.7.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2.
3. Bréf V-2 dags. 24. júní 2016 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

Bifreiðunum var ekið suður Vesturlandsveg að hringtorgi við Þingvallaveg. Ökumaður A ók inn í innri akrein hringtorgsins með fyrirhugaða akstursstefnu út á næstu gatnamótum áfram Vesturlandsveg. Ökumaður B ók inn á ytri akrein með fyrirhugaða akstursstefnu út á öðrum gatnamótum inn á Þingvallaveg. Árekstur varð með bifreiðunum þegar A ætlaði að aka út úr hringtorginu og B hringtorgið áfram. Akreinaamerkingar á hringtorginu eru með þeim hætti þegar ekið er til suðurs að þær eru merktar áfram út á Vesturlandsveg bæði fyrir ytri og innri hring, B ók því yfir akreinalínu yfir á aðra akrein, þegar ökumaður B ætlaði að aka framhjá gatnamótunum við Vesturlandsveg. Ökumaður A segist hafa ekið inn í innri akrein með fyrirhugaða akstursleið áfram Vesturlandsveg og B lent á A þegar A hafi verið ekið út úr hringtorginu. Ökumaður B segir að A hafi komið á eftir sér og ekið á vinstri framhlið B þegar bifreiðinni var ekið í akstursstefnu framhjá gatnamótunum við Vesturlandsveg að Þingvallaafleggjara.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, sem nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri akreinar í akstursstefnu sína, færa ökutæki sitt í tæka tíð á þá akrein sem er lengst til hægri, ef hann ætlar að beygja til hægri. Þá ber skv. 3. mgr. sömu greinar að aka sem næst hægri brún akbrautar og skal beygja tekin eins kröpp og unnt er. Í 4. mgr. sömu greinar segir að sé akbraut sem beygt er inn á með tvær eða fleiri akbrautir fyrir umferð í sömu akstursstefnu skuli beygjan þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. tekin svo sem hentugast er með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar. Engin sérstök ákvæði eru um hringtorg í umferðarlögum og verður því að taka mið af háttennisreglum sem segja til um hvernig aka skuli um gatnamót.

Gatnamót Vesturlandsveg og Þingvallavegar, sem mörkuð eru með því hringtorgi sem hér ræðir um er óvenjulegt að ýmsu leyti þar sem umferð um Vesturlandsveg til suðurs getur ekki ekið strax til hægri út úr hringtorginu heldur er fyrst mögulegt að aka út úr því þegar ekið er áfram suður Vesturlandsveg. Næst er síðan hægt að aka í austurátt inn á Þingvallaveg. Greinilegar akreinalínur eru fyrir umferð sem ekur að hringtorginu suður Vesturlandsveg inn á hringtorgið og út úr því á áfram suður Vesturlandsveg. Hringtorgið er fjölfarið og algjör undantekning ef bifreiðum sem aka suður Vesturlandsveg hvort sem er á hægri eða vinstri akrein er ekki ekið út úr hringtorginu áfram Vesturlandsveg til suðurs. M.v. þessar sérstöku aðstæður verður að miða við að öikumenn sem aka suður Vesturlandsveg í innri hring hringtorgsins aki því að þessu leyti í samræmi við 4. mgr. 15. gr. umferðarlaga. Þegar ökumaður bifreiðar B, sem ók í ytri hring hringtorgsins ók hins vegar yfir hálfbrotna línu af sinni akrein inn á vinstri akrein, þ.e. innri akrein hringtorgsins, ók hann í raun yfir á aðra akrein og fylgdi því m.a. ekki ákvæðum 4. mgr. 15. gr. umferðarlaga miðað við gerð

og lögun hringtorgsins. Ökumanni B bar því að gæta ítrustu varúðar og gæta þess að þegar hann ók inn á vinstri akrein hringtorgsins að hann gæti ekið með þeim hætti án þess að valda erfiðleikum eða hættu fyrir aðra umferð. Þessa gætti ökumaður B ekki og miðað við framangreint og þessar sérstöku aðstæður í umræddu hringtorgi ber hann alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 19.8.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 188/2016**M
og****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Slys um borð í ferju milli Viðeyjar og Reykjavíkur 17. maí 2014.****Gögn.**

Málskot, móttakið 9.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf lögmanns M, dags. 8.7.2016, ásamt læknaþréfi dags. 18.5.2014.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna slyss M er haft eftir M að hún hafi verið að skemmta sér með vinnufélögum sínum um borð í ferju sem hafi verið á leið milli Viðeyjar og Reykjavíkur. Hún hafi misst jafnvægið með þeim afleiðingum að hún féll í gólfíð. Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að hún hafi dottið vegna þess að skipstjóri ferjunnar hafi gefið henni inn í stað þess að hægja og þannig hafi komið slynkur á ferjuna með þeim afleiðingum að M féll um 3 metra og lenti illa. Í slysaskráningu starfsmanna X kemur fram að kona hafi hoppað eða dottið úr stiga úr stýrishúsi niður á dekk og aðstæður í Reykjavíkurhöfn hafi verið finar. Í gögnum málsins má einnig finna lýsingar frá starfsfélögum sem sumir bera um að einhver slynkur hafi komið á ferjuna á sama tím og M hafi dottið og að hann haf verið að leggja að bryggju í Reykjavíkurhöfn þegar þetta gerðist.

M telur að skipstjóri ferjunnar hafi sýnt gáleysi við stjórn hennar með því að stýra henni þannig að slynkur hafi komið á hana sem hafi leitt til líkamstjóns M. Það sé staðfest í framburðarskýrslum samstarfsmanna M og starfsmaður X viðurkenni auk þess að einhver slynkur hafi komið á ferjuna í tölvupósti til V. M telur að augljós slysaþætta hafi verið vegna aðstæðna um borð og siglingalags og beri X því skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga líkamstjóns M.

V telur f.h. X að ósannað sé að ferjunni hafi stjórnað gáleysislega af hálfu skipstjóra hennar. V vísar til þess að M hafi verið að ganga um stiga þegar óhappið varð og að hún hafi gengið ranglega um hann þannig að hún hafi ekki haft handfestu og hafi því misst jafnvægið eða hoppað niður þannig að hún lenti illa. Um óhapp hafi verið að ræða sem ekki sé hægt að rekja til háttsemi skipstjóra eða annarra starfsmanna X, en ferjan hafi verið að leggja að bryggju þegar óhappið varð.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um málsatvik hvað það varðar hvort slys M megi rekja til þess að slynkur hafi komið á ferjuna, sem hún var farþegi í, og hvort það megi rekja hann til þess að ferjunni hafi verið stjórnað gáleysislega m.v. aðstæður. Þegar gögn málsins eru skoðuð í heild og aðstæður M þegar hún féll við, verður að hafa í huga að hún var um borð í ferju sem var á siglingu og um það bil að leggja að höfn. Hreyfing á ferjunni við þær aðstæður verður að telja eðlilega og verður ekki ráðið að sá mögulegi slynkur sem komið hefur á hana á einhverjum tímamarki hafi verið þannig að rekja megi hann til gáleysis skipstjóra við stjórn ferjunnar. Ekki kemur fram að siglingalag skipstjórans hafi til dæmis haft áhrif á aðra farþega né er að sannað að hann hafi siglt ferjunni þannig að hann hafi brotið gegn reglum eða viðmiðum við þessar aðstæður. Verður slys M því ekki rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 189/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar byggingaraðila.****Kona slasaðist er hún féll á hálkubletti á svölum nýbyggðs húss.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.8.2016.

Málsatvik.

Hinn 9. mars 2015 varð M fyrir meiðslum er hún rann á hálkubletti sem hafði myndast á svalagöngum fyrir framan íbúð hennar í tilteknu fjöleignarhúsi í Reykjavík. Húsið var byggt af nánar tilgreindum byggingaraðila, A. Hafði M flutt í íbúðina nýja í nóvemberbyrjun 2014 og hafði því búið þar í rúma fjóra mánuði er slysið varð.

Kveður M að slysið megi rekja til þess að ekki hafi verið vatnshalli á svalagólfinu og regnvatn safnist fyrir á því sem hafi frosið þegar frost væri úti. Gólfíð hafi ekki fullnægt ákvæðum byggingarreglugerðar um að gólf í veggsvölum skuli halla frá húsi og vatni af því skuli veitt um niðurfall í frárennsliskerfi. Þá hafi A ekki brugðist við þegar M kvartaði vegna gallans, sbr. ákvæði laga nr. 40/2002 um fasteignakaup þar að lútandi. Af þessum sökum telur M að A beri ábyrgð á líkamstjóni því sem hún varð fyrir umrætt sinn og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu sem m.a. hefur borið því við að ekki sé sannað samkvæmt gögnum málsins að ekki sé vatnshalli í svalagólfinu.

Álit.

Í málinu liggur fyrir tölvubréf maka M, að því er ætla verður, dags. 12. janúar 2015, sem stílað er á nafngreindan mann og afrit („cc“) til annars. Í bréfinu er m.a. að því vikið að svalir sem gengið er inn af inn í íbúðir séu ekki með vatnshalla og sitji pollar á þeim í rigningu löngu eftir að hætt er að rigna. Staðhæfing M um að ekki sé vatnshalli í svalagólfinu þar sem slysið varð er að öðru leyti ekki studd neinum gögnum, svo sem mati óvilhalls aðila. Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi gögnum hvort menn þeir sem tölvubréfinu var beint til séu í fyrirsvari fyrir A eða A hafi með öðrum hætti fengið vitneskju um hinn meinta galla í svalagólfinu og getað bætt úr honum. Með vísan til þessa og gegn andmælum V verður að telja ósannað að slysið megi rekja til vanbúnaðar húseignarinnar sem A verður kennt um eða annarra atvika sem leitt geta til bótaábyrgðar A. Samkvæmt þessu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 190/2016
M
vátryggingafélagið V v. brunatryggingar

Krafa um bætur vegna tjón á lausafé vegna tjóns 20.3.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16.6.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V dags. 4.7.2016.

Málsatvik.

M krefst þess að V bæti brunatjón á lausafé vegna bruna sem átti sér stað 20.3.2011, með kr. 22.214.820 skv. mati í bréfi lögmanns M dags. 7.8.2015. Af hálfu M er því haldið fram að V hafi ekki látið meta tjónið þrátt fyrir ítrekaðar kröfur þar um og samskipti aðila. V hafnar bótaskyldu og segir að uppgjör vegna brunatryggingar fasteignar sé fullfrágengið en uppgjör vegna lausafjár hafi ekki farið fram og engin skoðun á tjóninu hafi farið fram þegar bruninn átti sér stað og hafi M í stað þess að kalla á tjónaskoðunarmenn tæmt húsnæðið og komið fyrir í geymslu. V vísar til bréfs lögmanns M dags. 7.8.2015 og segir að það bréf feli í sér upptalningu á munum og verðlagningu M, en engin gögn um munina hafi fylgt. V vísar til 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) varðandi fyrningu og telur kröfu M fyrnda. Þá segir V að M hafi ekki fullnægt skyldu sinni skv. 47. gr. vsl. um að veita V upplýsingar eða leggja fram gögn til að félagið gæti metið ábyrgð sína og greitt bætur. V hafnar því að úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum taki afstöðu til fjárhæðar bóta.

Álit.

Óumdeilt er að tjón varð á fasteign og lausfé þegar starfsstöð Bíltækni ehf. á Smiðjuvegi 32 í Kópavogi brann. Í gögnum málsins kemur fram að með yfirlýsingu dags. 9.12.2011 fékk M framseld öll réttindi til að krefjast vátryggingarbóta vegna brunans frá þrotabúi. Fyrir liggur að brunatjón skv. brunatryggingu á fasteigninni er fullfrágengið, en ekki hafa verið greiddar bætur vegna tjóns á lausafé. Samkvæmt gögnum málsins hafa lögmennt verið M til aðstoðar vegna kröfu á hendur V vegna tjóns á lausafé og þeir hafa átt samskipti við V, en ekki látið meta tjónið eða höfðað dómsmál til að koma í veg fyrir fyrningu kröfuréttinda M á hendur V. Samkvæmt 52. gr. vsl. fyrnast kröfur um bætur á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem varða grundvöll kröfu hans. Verður að ætla að vátryggður hafi haft upplýsingar um slík atvik fljótlega eftir brunann og alla vega í síðasta lagi, við framsal krafna með yfirlýsingu dags. 9.12.2011 frá þrotabúi Bíltækni ehf. átti M að hafa allar upplýsingar um þau atvik sem vörðuðu grundvöll kröfu hans á hendur V. Verður því að líta svo á að fyrningarfræstur skv. 52. gr. vsl. hafi byrjað að líða við lok almanaksársins 2011. Síðan eru liðin meira en fjögur ár og telst krafa M því fyrnd.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr brunatryggingu lausafjár hjá V þar sem krafa hans er fyrnd.

Reykjavík 16.8.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 191/2016
M vegna bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V v. frjálstrar ábyrgðartryggingar G.

Steinn skaust undan sláttuvél á bifreið 4.6.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.6.2016 ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V dags. 24.6. 2016

Málsatvik.

M segist hafa ekið A norður Vatnsendaveg þegar hann heyrði eitthvað koma í hægri hlið hlið A eins og grjót hefði farið í bifreiðina en þá hafi hann verið að aka framhjá manni sem var að slá gras og grjótið því líklega kastast af sláttuvélinni. Sláttumaðurinn sagðist hafa verið að slá gras og vera að vinna hjá G og vel gæti verið að grjót hefði kastast frá sláttuvélinni, en hann hefði ekki tekið sérstaklega eftir því. M krefst bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu G hjá V, en V hafnar bótaskyldu og segir engin gögn liggja fyrir um að sláttumaðurinn beri sök á tjóninu á A. Þá liggi ekki fyrir nein gögn um að sláttumaðurinn hafi sýnt af sér slíka háttsemi sem teljist vera gáleysisleg, hirðulaus eða ámælisverð og því geti það ekki bakað honum bótaábyrgð.

Álit.

M krefst bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu G hjá V. Ekki hefur verið sýnt fram á að sá starfsmaður G sem sá um að slá gras í umrætt sinn þegar stein gæti hafa skotist undan vélinni og á A, hafi sýnt af sér gáleysi eða hagað vinnulagi með óeðlilegum hætti. Þá er ekki sýnt fram á að nokkuð hafi verið óeðlilegt við sláttuvélina sem um ræðir eða annað sem gæti leitt til sakar G á tjóni A. M á því ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 19.8.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 192/2016

M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
sama félag v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á bifreiðastæði við verslun BYKO að Fiskislóð í Reykjavík þann 4.6.2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 21.6.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum M.

Bréf V, dags. 11.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið í merktan stöðureit á bifreiðastæði við verslun BYKO að Fiskislóð í Reykjavík. Rakst þá hægra framhorn A í vinstri framhurð B sem hafði verið lagt í stöðureit hægra megin við þann stöðureit sem A var ekið í.

M er eigandi B og ók henni þegar árekstur varð. Hún kvaðst hafa lagt B í stöðureitinn, drepíð á vélinni og tekið af sér öryggisbeltið. Að svo búnu hafi hún opnað bílstjórakurðina varfærnislega en þá hafi A verið ekið á hurðina og hafi hún verið „hrifsuð“ úr höndum hennar. Taldi M að A hafi verið ekið of nálægt B og til þess mætti rekja áreksturinn.

Ökumaður A kvaðst hafa verið að leggja bifreið sinni í stöðureitinn. Hann mótmælir lýsingu M á málavöxtum.

Álit.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum af vettvangi verður ekki annað ráðið en A hafi verið ekið með eðlilegum hætti inn í þann stöðureit sem ökumaðurinn hugðist leggja bifreið sinni í. Þá hefur vinstri framhurð B verið komin yfir þá línu sem aðgreinir annars vegar stöðureitinn sem A var ekið í og hins vegar stöðureitinn sem B hafði verið lagt í. Samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal opna dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við þegar farið er í eða úr ökutæki. Þessa gætti M ekki er hún opnaði dyr bifreiðar sinnar. Hún telst því eiga sök á árekstrinum. Staðhæfingar M um að A hafi verið ekið of þröngt inn í stöðureitinn eða of nálægt B eiga sér ekki stoð í gögnum málsins, þ. á m. ljósmyndum. Er ósannað að áreksturinn verði rakinn til aksturslags ökumanns A eða óvarkárni hans að öðru leyti. Er því ekki efni til að fella sök á hann. Ökumaður B ber því alla sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 19. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 193/2016**M
og
váttryggingafélagið V v/ bifreiðanna A og B.****Árekstur á gatnamótum Hofsvallagötu og Hringbrautar í Reykjavík 6.5.2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 20.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 28.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A og B var ekið norður Hofsvallagötu að gatnamótum þeirrar götu og Hringbrautar og var A ekið á undan B. Á gatnamótunum var B ekið hægra megin áleiðis fram úr A. Rákust þá saman hægra framhorn A og framanverð vinstri hlið B. Ein akrein er fyrir akstur bifreiða norður Hofsvallagötu sunnan gatnamótanna.

Á forsiðu sameiginlegrar tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn hafa undirritað, er merkt varðandi A að henni hafi verið ekið í sömu átt og B en á annarri akrein, að ökumaðurinn hafi skipt um akrein og beygt til hægri. Í viðbótarupplýsingum ökumanns A í tjónstilkynningunni segir að hann hafi ekið á mjög litlum hraða eða á u.þ.b. 5 km hraða á klst. og verið á gatnamótunum og kominn „yfir ljós“ og beygt til hægri á Hringbraut í átt að Melatorgi. Hafi B skolið í framhlið A og A í hlið B. Ökumaðurinn kvaðst hafa gefið merki með stefnuljósum.

Varðandi B er merkt á forsiðu tjónstilkynningarinnar að henni hafi verið ekið í sömu átt og A en á annarri akrein. Í viðbótarupplýsingum ökumanns B í tjónstilkynningunni kemur fram að hann hafi ekið á innan við 5 km hraða á klst. og A hafi verið komin út á mið gatnamótin með stefnuljós til vinstri fyrir beygju vestur Hringbraut og hafði þegar sveigt til vinstri. Í stað þess að beygja til vinstri hafi ökumaður A hætt við beygjuna og sveigt aftur til hægri í þeim tilgangi að aka áfram eftir Hofsvallagötu yfir gatnamótin. Þá hafi B verið komin hægra megin við hlið A á leið áfram yfir gatnamótin og árekstur orðið þegar A hafi verið sveigt fyrirvaralaust í vinstri hlið B.

Álit.

Ekki er fullt samræmi í frásögn ökumanna um tildrög árekstursins. Engum hlutlausum vitnum er til að dreifa. Við úrlausn um skiptingu sakar vegna árekstursins verður að leggja til grundvallar það sem fram kemur í fyrirliggjandi tjónstilkynningu. Af afstöðumynd af vettvangi sem ökumenn hafa rissað upp á forsiðu tjónstilkynningarinnar má ráða að áreksturinn hafi orðið á sunnanverðum gatnamótunum í kjölfar þess að bifreiðunum var ekið inn á gatnamótin. Þá er ljóst að nægilegt svigrúm hefur verið fyrir B sem nemur a.m.k. breidd hennar til að henni yrði ekið hægra megin fram með A og áleiðis áfram yfir gatnamótin eins og ökumaður B hugðist gera. Hafi ökumaður A ætlað að beygja til hægri áleiðis austur Hringbraut ók hann ekki sem næst hægri brún akbrautarinnar eða tók beygjuna eins krappa og unnt var líkt og honum bar að gera, sbr. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Telst hann því eiga sök á árekstrinum og eins og hér stendur á hefur hann þá einnig sönnunarbyrði um að röng sé sú staðhæfing ökumanns B að A hafi verið komin út á gatnamótin með stefnumerki um fyrirhugaða beygju til vinstri þegar henni hafi verið fyrirvaralaust beygt aftur til hægri og árekstur orðið. Sú sönnunarbyrði hefur ekki tekist og er því ekki efni til að sakast við ökumann B sem var þá heimilt að aka hægra megin fram úr A á gatnamótunum, sbr. 1. mgr. 20. gr. ufl. Öll sök verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 16. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 195/2016
M og
vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar og starfsábyrgðartryggingar L

Sjúklingur féll fram af bekk eftir lækniáðgerð og slasaðist 14.10.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23.6.2016 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 11.7.2016 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segir málavexti vera þá að hún hafi fallið fram af bekk þegar hún var undir svæfingu eftir aðgerð hjá L og slasast. M krefst bóta úr sjúklingatryggingu og starfsábyrgðartryggingu L og telur að M hafi verið í umsjá L þegar hún varð fyrir slysinu. M telur að ekki hafi verið gætt öryggis hennar með fullnægjandi hætti í umrætt sinn og gera verði þá kröfu að sjúklingar undir svæfingu séu öruggir. Af hálfu M er vísað til bótareglna 2. gr. laga um sjúklingatryggingar nr. 111/2000 og auk þess er byggt á því að L hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi ekki verið lengur í umsjá L þegar slysið varð heldur svæfingarlæknis og hjúkrunarfræðings. V segir að sjúkrarúmið sem M var í hafi verið útbúið með hliðarstöðum og erfitt að sjá hvernig hægt hefði verið að koma í veg fyrir slysið þó meðferð hefði verið önnur. Þá segir V að ekkert bendi til þess að L hafi valdið tjóninu með saknæmri háttsemi. Í aðgerðarlýsingu læknis fyrir M kemur fram eftirfarandi skráning: “Komin í vöknun (A + B eru að hlúa að sjúkl í næsta rúmi) dettur á gólfið úr rúminu, sængin undir henni og hlífðarspjöld uppi.”

Álit.

Í 2. gr. laga um sjúklingatryggingar nr. 111/2000 segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhverra þeirra atvika sem síðan eru rakin í tl.1-4. Í 1.tl. 2. gr. laganna er mælt fyrir um bótaskyldu ef ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviðið. M hafði verið svæfð vegna aðgerða sem L framkvæmdi og var umönnun og gæsla hjá öðru starfsfólki við vöknun. Ekki liggur fyrir að L hafi verið vinnuveitandi þess starfsfólks í skilningi reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Takmarkaðar lýsingar eru í gögnum málsins á því hvað nákvæmlega gerðist þegar M féll fram úr rúminu. Í aðgerðarlýsingu L kemur fram slysið varð þegar M fór yfir grindur á sjúkrarúminu og slasaðist. Þegar þetta gerðist hafði L lokið aðgerð sinni fyrir nokkru og M var í umsjá svæfingalæknis og hjúkrunarfræðings. Ekki liggur fyrir að komast hefði mátt hjá tjóninu hefði eftirliti L með M eftir að hún kom á vöknunardeildina verið hagað með öðrum hætti. Ekki er því sýnt fram á að M eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L sbr. tl. 1-4 í 2.gr. laga um sjúklingatryggingar. Þá er ekki sýnt fram á að L hafi gerst sek um saknæma háttsemi við umrædda lækniáðgerð. M á því hvorki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu né starfsábyrgðartryggingu L.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu eða starfsábyrgðartryggingu L.

Reykjavík 6.9.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 196/2016**M
og váttryggingafélagið V v/ sjúkdómatryggingar.****Gildissvið váttryggingaskilmála vegna greiningu krabbameins í febrúar 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 7.7.2016.

Málsatvik.

Í málskoti og tilkynningu M til V kemur fram að M hafði haft ýmis einkenni frá skjaldkirtli frá árinu 2012 en á árinu 2015 hafi komið fram æxli á skjaldkirtli sem fjarlægt hafi verið með skurðaðgerð í febrúar 2016. Rannsókn á æxlinu hafi leitt í ljós krabbamein. Vegna ungs aldurs M var ekki farið í frekari meðferð en að fjarlægja æxlið sjálft, en lækisfræðileg gögn sýna að ekki hefur orðið vart við meinvörp eða krabbamein annars staðar.

M telur, með vísan til læknaþréfs læknis, að hún hafi fengið krabbamein sem uppfyllir skilgreiningu 11. gr. váttryggingarskilmála sjúkdómatryggingar. Um hafi verið að ræða illkynja æxli sem sé þess eðlis að það geti sent meinvörp um háls og lungu og sé því ífarandi krabbamein en ekki setbundið krabbamein eins og sé undanþegið í c. lið 11. gr. skilmálanna. Læknir M telur að um ranga túlkun V sé að ræða þar sem hegðun skjaldkirtilskrabbameina sé ekki þannig að þau séu setbundin.

V vísar til 11. gr. váttryggingarskilmála og að gildissvið sjúkdómatryggingarinnar taki eingöngu til illkynja æxla „sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi“. Undanskilin séu þó m.a. skv. c. lið sömu greinar „sérhvert krabbamein án íferðar (setbundið krabbamein). V vísa til lækisfræðilegra gagna sem sýni að krabbamein V hafi verið staðbundið innan kirtils og ekki vaxið út fyrir það. Það hafi því ekki verið stjórnlausvöxtur og dreifing illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi eins og áskilið sé í 11. gr. váttryggingarskilmála

Álit.

Eins og kemur fram í umræddri 11. gr. (og 9. gr) váttryggingarskilmála sjúkdómatryggingar hjá V greiðir félagið bætur úr sjúkdómatryggingunni ef váttryggður greinist með krabbamein sem er þess eðlis að það einkennist af stjórnlausum vexti og illkynja frumur hafi dreift sér ásamt ífarandi vexti í vefi. Í lækisfræðilegum gögnum vegna veikinda M kemur fram að einungis hafi fundist illkynja frumur í því æxli sem fjarlægt var í febrúar 2016 og frekari meðferð hafi ekki verið ákveðin þar sem ekki hafi orðið vart við dreifingu illkynja fruma á aðra staði í líkama hennar. Á meðan ekki hefur verið sýnt fram á annað verður að leggja það til grundvallar að krabbamein M hafi þess vegna ekki falið í sér að illkynja frumur hafi dreift sér ásamt ífarandi vexti í vefi heldur hafi verið setbundið í skilningi c. liðar 11. gr. váttryggingarskilmálanna. Slík tegund krabbameina er undanskilin greiðsluskyldu skv. nefndri grein og á M því ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu m.v. þau gögn sem fyrir liggja. Mat meðferðarlæknis á orðalagi skilmála breytir ekki þeirri niðurstöðu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 197/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins S.****Skemmdir urðu á bifreið er steinn skaust undan sláttutraktor.****Gögn.**

Málskot, móttakið 22.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.7.2016.

Málsatvik.

Um miðjan dag 18. maí 2016, er M var á ferð í bifreið sinni í sveitarfélaginu S, skaust steinn undan sláttutraktor í bifreiðina, en verið var að slá grasræmu milli gangstéttar og akbrautar, að því er virðist.

Í fyrirliggjandi tölvubréfi frá S vegna atviksins segir að starfsmaður S hafi verið að störfum á umræddu svæði við slátt á vél í eigu S. Búið hafi verið að grjóthreinsa svæðið áður en atvikið átti sér stað. Starfsmaðurinn hafi því gert ráð fyrir að óhætt væri að slá grasið. Hins vegar sé aldrei öruggt að takast megi að hreinsa upp allt grjót og eins gæti grjót hafa komið á svæðið milli þess sem það var grjóthreinsað og það var slegið.

M kveður ljóst að illa eða kæruleysislega hafi verið staðið að grjóthreinsuninni og því beri S skaðabótaábyrgð á því tjóni sem hún varð fyrir vegna skemmdanna sem urðu á bifreiðinni. Hefur hún krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki virðist vera um það deilt að starfsmenn S hafi grjóthreinsað umrædda grasræmu áður en sláttur hófst. Hins vegar er um það deilt hvort nægilega vel hafi verið staðið að hreinsuninni. Engin sérstök gögn liggja fyrir í málinu til stuðnings þeirri staðhæfingu M að illa eða kæruleysislega hafi verið staðið að verki, en á það þykir mega fallast með S að ekki sé unnt að grjóthreinsa grasflöt eins og hér um ræðir þannig að útilokað sé að í henni megi finna grjót sem geti skotist undan sláttuvél þegar grasið er slegið. Verður að líta svo á að hér hafi verið um óhappatilvik að ræða en ekki atvik sem rekja megi til saknæmrar háttsemi starfsmanna S. S telst því ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni M og af því leiðir að það fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins S hjá V.

Reykjavík, 20. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 198/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.

Árekstur á hringtorgi á gatnamótum Vesturlandsvegur og Álafossvegur 26.3.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27.6.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 11.7.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

Árekstur varð á hringtorgi á gatnamótum Vesturlandsvegur og Álafossvegur í Mosfellsbæ. Báðum ökutækjunum var ekið austur Vesturlandsveg. Ökumaður A segist hafa ekið á um 60 km hraða inn á hringtorgið af vinstri akrein Vesturlandsvegur inn á innri hring hringtorgsins með fyrirhugaða akstursstefnu strax út til hægri á fyrstu gatnamótum. Ökumaður B segist hafa ekið á um 30 km hraða á hægri akrein Vesturlandsvegur og ætlað áfram austur Vesturlandsveg á ytri akrein hringtorgsins og sagðist ekki hafa átt von á því að A yrði beygt strax úr hringtorginu.

Álit.

Með því að ökumaður A hugðist beygja til hægri út úr hringtorginu strax við fyrstu gatnamót inn Álafossveg bar honum að velja þá akrein sem lengst var til hægri sbr. 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Með því að hafa valið ranga akrein að þessu leyti telst ökumaður A bera sök á árekstrinum og til þess er einnig að líta að ökumaður A segist hafa ekið á 60 km hraða í umrætt sinn og m.v. aðstæður á vettvangi verður að telja það of hratt m.v. aðstæður. Í 23. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995 að þeim sem ekur yfir hálfbrotna miðlínu ber að hafa í huga að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð. Ökumaður B ók yfir slíka akreinalínu í veg fyrir akstursleið A út úr hringtorginu og ber því einnig talsverða sök á árekstrinum. Eftir atvikum þykir rétt að skipta sök til helminga miðað við aðstæður og aksturslag öikumanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 19.8.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 199/2016
M
og váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.

Vinnuslys á veitingastað 15. október 2014.

Gögn.

Málskot, dags. 28.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 6.7.2016.

Bréf lögmanns M, dags. 6.7.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið við störf á veitingastað X og þurft að sækja vörur í geymslu þegar hún slasaðist. Nánar tiltekið hafi bjórkútur dottið skyndilega á tána á henni með þeim afleiðingum að hún hlaut slæmt tábrott. Læknisfræðileg gögn í málinu staðfesta líkamstjónið. Í málinu liggur einnig fyrir sambærileg lýsing á atvikum í tjónstilkynningu M til V vegna slyssins.

M telur að hún hafi slasast vegna þess að á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi aðstæður. Bjórkútum hafi verið staflað þannig að einum hafi verið staflað ofan á annan og þannig hafi ekki þurft mikið til að þeir féllu niður. Það verklag hafi skapað hættu og X beri hallann af því að það hafi ekki verið betra. Einnig telur M að umrætt verklag og aðstæður á vinnustaðnum hafi ekki verið í samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglur sem settar eru með stoð í þeim lögum. Einnig bendir M á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins eins og 79. gr. laganna gerir ráð fyrir og dómaframkvæmd sýni að við þær aðstæður verði að leggja lýsingu tjónþola til grundvallar af atvikum máls.

V bendir á leiðbeiningar í lögum nr. 46/1980 og reglum þeim tengdum séu almennt orðaðar og gefi litla vísbendingu um hvernig eigi að stafla upp bjórkútum. V telur ljós að það þurfi mikið til að bjórkútar detti niður m.v. hvernig bjórkútum hafi verið staflað í geymslu X. Verklagið hafi verið þannig að einum kút hafi verið staflað ofan á tvo slíka þannig að undirstaða hafi verið trygg. Slysið megi því rekja fyrst og fremst til þess að M hafi verið að troðast eða að öðrum kosti sé ósannað hvað varð nákvæmlega til þess að bjórkútur datt ofan á fót M. Ekki sé nægilega vel gerð grein fyrir atburðarásinni af hálfu M og sé því ósannað að það sé rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort rekja má slys M til þess að vinnuaðstæður hennar í geymslu veitingastaðar hafi verið ófullnægjandi m.t.t. laga nr. 46/1980 og reglna sem hafa stoð í þeim lögum. Ekki var framkvæmd sérstök rannsókn á aðstæðum um leið og slysið varð af hálfu Vinnueftirlitsins og í ljósi afleiðinga þess verður að telja að X hafi verið skylt að tilkynna um það til Vinnueftirlitsins, sbr. skyldu sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 46/1980. Verður því, samkvæmt áralangri dómaframkvæmd Hæstaréttar, að leggja framburð M til grundvallar varðandi aðstæður á vettvangi. Í gögnum málsins kemur fram að bjórkútur sem hafi verið staflað ofan á annan slíkan hafi fallið ofan á fót M. Það verður að leggja ríkar skyldur á vinnuveitendur að þeir hafi eftirlit með vinnuaðstæðum starfsmanna sinna, sérstaklega þar sem starfsmenn þurfa að fara um svæði þar sem augljós slyshætta er. Ekki verður annað séð en að bjórkútum hafi verið staflað þannig að ekki hafi þurft mikið til að þeir féllu niður en X hefur ekki sýnt fram á að þeim hafi verið staflað þannig á slysdegi að undirstöður hafi verið traustar. Verður með hliðjón af almennum fyrirmælum t.d. í 13.laga nr. 46/1980 að leggja til grundvallar að rík ástæða hafi verið fyrir X að tryggja verklag við uppröðun í geymslu þannig að ekki hafi verið eins augljós slyshætta og þarna var. Í ljósi þess að bjórkúturinn féll niður án sýnilegrar ástæðu í greint sinn verður að leggja til grundvallar að verkalag við stöflun þeirra hafi verið ófullnægjandi og ber X hallann af sönnunarskorti um annað.

Ekki verður séð af gögnum málsins að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi eða ásetning við vinnu sína, í skilningi 23. gr. a. í skaðabótalögum nr. 50/1993, þannig að hún beri hluta tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 200/2016
M og
vátryggingafélagið V v. vatnstjónstryggingar fasteignatryggingar

Vatnstjón ágreiningur um umfang tjóns sem varð 29.5.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.6.2016 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 5. 7.2016. ásamt fylgiskjölum 1-7.

Málsatvik.

Vatnstjón varð á fasteign M hinn 29. maí 2016. Ekki ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjónsins heldur er ágreiningur um umfang bótanna. Skemmdir urðu á innréttingu og parketi hússins og krefst M þess að bætur verði með þeim hætti að skipt verði um parket á þeim fleti sem skemmdist og alls staðar þar sem samskonar parket sé, samtals 82 fermetra. Einnig eru gerðar kröfur um að allt flæðandi verði parket slípað og lakkað auk þess krefst M bóta vegna uppbrots, röskunar og afnotamissis. V telur skemmdirnar það litlar að það nægi til að bæta tjónið að skipta um fjalir og slípa parket á gangi og samliggjandi stofu og telur V að ekki sé þörf á að skipta um parket í svefnherbergjum heldur eingöngu þar sem parketið skemmdist og hefur boðið M bætur sem nema nýju parketi á samtals 40 fermetra flöt. M telur það ekki nægjanlegt og nauðsynlegt sé að skipta um parket á á stærra svæði þar sem að litamunur muni annars verða á því parketi sem sé nýtt því parketi sem skv. þeirri tillögu verði óbreytt. M vitnar í því efni til samtals sem hann átti við sérfræðing. V telur ekki sannað að heildarmynd raskist og mótmælir því og bendir á að engin gögn séu lögð fram af hálfu M sem bendi til þess að verðgildi fasteignar hans rýrni við að greiða bætur skv. því tjónamati sem V hefur lagt til grundvallar.

Álit.

Í málinu liggja ekki fram gögn frá M sem renna stoðum undir kröfur hans og hnekkja því tjónamati sem V leggur til grundvallar. Ekki er nóg að vísa til samtals um að slíkt gerist almennt, án þess að aðstæður hafi sérstaklega verið metnar. Þá er ekki sýnt fram á það af hálfu M að heildarmynd íbúðarinnar verði raskað með þeirri aðferð sem V leggur til hvað varðar viðgerðina vegna vatnstjónsins. Miðað við fyrirliggjandi gögn á M því ekki frekari kröfur á hendur V en V hefur boðið í samræmi við tjónamat félagsins.

Niðurstaða.

M á ekki kröfur um frekari bætur en V hefur boðið.

Reykjavík 16.8.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 201/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Skaðabótaábyrgð verkstæðis vegna smurþjónustu 1. febrúar 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.7.2016.

Bréf M dags. 1.9.2016, ásamt ódagsettri yfirlýsingu frá starfsmanni fyrirtækisins Y.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M fór með bifreið sína í smurþjónustu hjá X 1. febrúar 2016. M telur að síðan þá hafi heyrst óvanalegt hljóð í bifreiðinni. M fór með bifreiðina á verkstæði annars fyrirtækis, Y, í kjölfarið og var það mat starfsmanna þar að hljóð í bifreiðinni væru frá girrkassalegum og það þyrfti að skipta um þær, sbr. ódagsett yfirlýsing starfsmanns Y. Auk þess liggur fyrir mat bifvélavirkja, kunningja M, sem hún leitaði til vegna málsins, sbr. yfirlýsing dags. 27. júní 2016, um að girrkassalegur bifreiðarinnar séu ónýtar. M lýsir því þannig að hún hafi notað bifreiðina í „smá snatt milli staða og er búið að aka henni um 4956km síðan í febrúar“.

M telur að það hafi orðið tjón á bifreið sinni hjá X og rekur það til þess að við smurþjónustu 1. febrúar 2016 hafi eldri smurolíu verið tappað af girrkassa og ekki sett ný á í staðinn. M vísar til álits bifvélavirkja dags. 27. júní 2016 þar sem hann telur umrædda ástæðu vera fyrir tjóninu. Einnig bendir M á að farið hafi verið með bifreiðina reglulega í smurþjónustu og ekki hafi verið komið að því aftur þegar hljóð fóru að heyrast úr bifreiðinni. Einnig bendir M á að V hafi ekki viljað fá bifreiðina til skoðunar og verði að bera hallann af því.

V telur ósannað að tjón á bifreið M megi rekja til vinnubragða starfsmanna X, það sé hennar að sýna fram á með hvaða hætti slík vinnubrögð hafi verið óviðunandi. Einnig bendir V á að bifreið M hafi verið ekið nær 5000 km síðan hún var í þjónustu hjá X og geti því verið ýmsar aðrar ástæður fyrir þeirri bilun sem M lýsir.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að því hvort rétt hafi verið staðið að verki þegar bifreið M var í smurþjónustu hjá X 1. febrúar 2016. Sönnunarbyrðina um að atvik hafi verið með þeim hætti að skaðabótaábyrgð verði lögð á X vegna tjóns M hvílir á M. Í málinu lýsir hún því að hún hafi heyrt hljóð úr bifreiðinni eftir að hún var hjá X. Hljóðunum lýst í skýrslum tveggja sérfræðinga í bílgreinum, annar fékk bifreiðina til skoðunar 6. apríl 2016 en ekki er ljóst nákvæmlega hvenær eftir það hinn skoðaði bifreiðina. Ef M heyrði umrædd hljóð strax eftir 1. febrúar 2016, var henni í lófa lagið að tryggja sér betri sönnun um ástæður þeirra strax. Það að leita skýringa rúmum tveimur mánuðum seinna og byggja á mati sérfræðings um mögulegar ástæður eftir það eru ekki næg sönnunargögn til sönnunar á því að tjón á girrkassalegum sé hægt að rekja til háttsemi starfsmanna X eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. M virðist heldur ekki hafa leitað til X vegna mögulegs tjóns fyrr en í byrjun júní 2016, en það að bifreiðin hafi ekki verið skoðuð þá af hálfu X eða V breytir ekki þessu sönnunarmati.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 202/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar (X)****Vinnuslys við hreinsun steypusílós 14. apríl 2014.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 9.8.2016, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt lýsingu í lögregluskýrslu slasaðist M við að verða fyrir steypusíló (steyputunnu) á vinnustað sínum hjá X. Í skýrslu Vinnueftirlitsins, sem rannsakaði vettvang, kemur fram að M hafi verið að hreinsa steypu úr hliðum steypusílós og hafi farið af palli við hlið sílósins og upp á veggkant við hlið þess, til að ná að hreinsa steypuna betur. Við verkið hafi hann verið með heyrnahlífar og hjálm, verið að horfa ofan í sílóid og því ekki séð þegar steyputunna kom keyrandi eftir færibaldi og lenti á honum. Ljóst er af lýsingum af vettvangi að M fór í veg fyrir leið svonefndrar steyputunnu eftir færibaldi. Að mati Vinnueftirlitsins var orsök slyssins sú að það hafi ekki verið fullnægjandi varnir til að stöðva færibaldi þegar starfsmaður var kominn út á leið þess til að hreinsa steypusíló. Þannig hafi starfsmenn ekki getað unnið vinnu sína áhættulaust. Vinnueftirlitið telur einnig að ekki hafi verið til fullnægjandi verklagsreglur um hvernig skuli staðið að hreinsun steypusílósins.

M telur að á grundvelli skýrslu Vinnueftirlitsins að ljóst sé að aðbúnaður á vinnustað M hafi verið saknæmur. Auk þess vísar M til þess að saknæmur skortur hafi verið á verklagsreglum og leiðbeiningum á vinnustað X og bendir á að verklagi hafi verið breytt eftir slysið á þann veg að færiband sé stöðvað sérstaklega áður en starfsmenn fari á þann stað sem M var á þegar hann slasaðist. Einnig mótmælir M fullyrðingum X um að verklag hafi verið skýrt á slysdegi, t.d. að rjúfa ætti straum á færibaldi eða að starfsmenn ættu að framkvæma verkið með öðrum hætti. Ekki hafi verið skýrar verklagsreglur fyrir hendi og á því beri X ábyrgð.

V telur f.h. X að verklagsreglur hafi verið skýrar á slysdegi og telur auk þess að skýrsla Vinnueftirlitsins sé órökstudd með öllu og í andstöðu við þær upplýsingar sem X hafi lagt fram. Af hálfu X er byggt á því að hefðbundið hafi verið að vinna verk það sem M var að vinna með þeim hætti að starfsmenn væru á palli við sílóid, en ekki með því að fara upp á færibaldi sem M fór upp á. Auk þess hafi verið rofar við hverja starfsstöð til að rjúfa straum á færibaldi, ef starfsmenn þyrftu að fara inn á umferðarleið þess. X vísar til þess að M hafi ekki haft nokkra ástæðu til að nota þá aðferð sem hann notaði til að hreinsa hliðar sílósins sem hann var að hreinsa. Hann hefði frekar átt að nota sköfu með löngu skafti, sem hafi verið tiltæk. Auk þessa hafi M verið búinn að starfa hjá X í átta ár á slysdegi og hafi því verið öllum hnútum kunnugur á vinnustaðnum. Verði því að líta svo á að slysið verði ekki rakið til annars en óaðgæslu M sjálfs.

Álit.

Þegar litið er til gagna málsins verður ekki horft framhjá því að niðurstaða Vinnueftirlitsins um aðstæður á slysavettvangi er nokkuð afdráttarlaus og telst rökstuðningur varðandi skort á skýrum verklagsreglum ganga frammar fullyrðingum X um skýrt verklag nú, eftir að slysið átti sér stað. Auk þess verður ekki annað séð en að verklag hafi verið gert skýrara eftir slysið. Verður því að líta svo á að X hafi ekki, með nægilega skýrum hætti sett verklagsreglur um hvernig starfsmenn áttu að bera sig að við að hreinsa steypusílóin, í ljósi þeirrar augljósu slyshættu sem var þar sem starfsmenn áttu greiða leið inn á umferðarleið færibands þess sem steyputunnur fóru um. Ber X því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Ekki verður hjá því komist að líta einnig til háttsemi M sjálfs. Í 23. gr. a. í skaðabótalögum nr. 50/1993 kemur fram að starfsmaður sem lendir vinnuslysi geti borið hluta tjóns síns sjálfur hafi hann sýnt stórkostlegt gáleysi eða ásetning við vinnu sína. Í þessu máli er ljóst að M hafði unnið hjá X í átta ár þegar hann slasaðist. Honum hefði því átt að vera fullljósar aðstæður á vettvangi og honum hefði ekki átt að dyljast sú hætta að fara inn á umferðarleið færibandsins án þess að rjúfa straum þess.

Telst þessi háttsemi til stórkostlegs gáleysis hans og með hliðsjón af atvikum öllum telst hann bera þriðjung tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V en ber þriðjung tjóns síns sjálfur.

Reykjavík, 20. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 203/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys á bifreiðaverkstæði 6. apríl 2009.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 29.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 26.7.2016.

Bréf lögmanns M, dags. 24.8.2016.

Málsatvik.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins vegna slyss M kemur fram að hann hafi verið að skera sundur púströr á bifreið þegar slípirokkurinn, sem hann notaði til verksins, hafi hrokkið skyndilega til. Hafi M við það misst stjórn á rokknum og slípiskífan lenti í andliti hans með þeim afleiðingum að hann hlaut líkamstjón af. Mat Vinnueftirlitsins er að orsök slyssins megi helst rekja til þess að slípirokkurinn var notaður án öryggishlífar. Meðvirkandi þættir séu mögulega að erfitt sé að hafa fullt vald á slípirokk sem haldið sé í meira en axlarhæð, eins og M hafi gert í umrætt sinn, og að reynsluleysi M hafi mögulega haft einhver áhrif.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans. Hann hafi verið að vinna sinn annan vinnudag hjá X og hafi verið fenginn slípirokkur sem ekki hafi verið með fullnægjandi hlífðarbúnaði. M mótmælir fullyrðingum X um að hlífar hafi verið til staðar á vinnustaðnum. M vísar til fyrirmæla í lögum nr. 46/1980 og reglum þeim tengdum sem leggja m.a. þær skyldur á X að leiðbeina starfsmönnum sínum. Með því að gera það ekki varðandi meðferð hættulegs búnaðar, eins og slípirokk, hafi X sýnt saknæma háttsemi. M vísar einnig á bug fullyrðingum X um að M hafi átt að vita um hlífar á vinnustaðnum. Einnig vísar M til niðurstöðu Vinnueftirlitsins um orsakir slyssins og að þar sé um að ræða opinberan aðila sem hæfur sé til að meta aðstæður á vinnustaðnum með hlutlausum hætti.

V telur í fyrsta lagi ósannað að þó að öryggishlíf hefði verið á slípirokknum að það hefði komið í veg fyrir tjón M í ljósi þess að tilgangur slíkrar hlífar sé ekki að koma í veg fyrir slys sem geta orðið þegar slípirokkurinn rekst í þann sem notar tækið hverju sinni heldur t.d. til að varna því að notandi reki fingur í skífuna. Einnig telur V sýnt að X hafi haft tiltækar öryggishlífar til að nota á umræddan slípirokk á vinnustaðnum. M hafi því ekki borið sig rétt að þegar hann ákvað sjálfur að nota slípirokkinn án öryggishlífar. Slys M megi því eingöngu rekja til gáleysis hans sjálfs og ef hann hafi talið aðstæður ófullnægjandi á vinnustaðnum hafi hann sjálfur átt að vekja athygli á því í ljósi 2. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1980.

Álit.

Í málinu liggur fyrir mat Vinnueftirlitsins á orsökum slyss M, en það mat byggir á rannsókn eftirlitsins á vettvangi. Þar kemur fram að orsök slyssins hafi aðallega verið sú að slípirokkur hafi verið notaður án öryggishlífa. Ekkert kemur fram í skýrslu Vinnueftirlitsins að slíkar hlífar hafi verið tiltækar á vinnustaðnum. Verður að leggja þær forsendur til grundvallar við sakarmat og túlka skýringar X á aðstæðum á vinnustaðnum með hliðsjón af því að þær koma nú fram en ekki sýnt að þær hafi komið fram á vettvangi. Verður að telja það til sakar starfsmanna X að hafa falið M verk án þess að leiðbeina honum nægilega vel um öryggishlífar eða hvernig hann ætti að bera sig að við verkið, í ljósi þess að hann var einungis búinn að vinna á vinnustaðnum í tvo daga. Það að hann hafi haft reynslu annars staðar upphafur ekki þá skyldu vinnuveitanda að tryggja öryggi starfsmanna sinna og veita þeim leiðbeiningar, sbr. almenn fyrirmæli um slíkt í lögum nr. 46/1980. Ber X hallann af sönnunarskorti um að notkun öryggishlífar hefði ekki komið í veg fyrir tjón M. Greiðsluskylda er því fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X.

Þegar M varð fyrir tjóni hafði 23. gr. a. í núgildandi skaðabótalögum nr. 50/1993 ekki tekið gildi varðandi meðábyrgð starfsmanna í vinnuslysum á líkamstjónum sínum. Verður því að meta

mögulega meðábyrgð M m.t.t. þess hvort hann hafi sýnt einfalt gáleysi við vinnu sína og að það hafi orsakað tjón hans að einhverju leyti. Í því samhengi verður ekki hjá því litið að slípirokkur er þannig verkfæri að hætta af notkun hans er nokkuð ljós. Þó X beri ábyrgð á því að öryggishlíf hafi ekki verið fyrir hendi á slípirokknum verður hins vegar að meta það M til gáleysis að hafa beitt honum með þeim hætti sem hann gerði, þ.e. upp fyrir sig þannig að augljóst var að erfiðara var að hafa stjórn á honum en ef honum hefði ekki verið beitt með þeim hætti. Með hliðsjón af atvikum öllum telst M bera þriðjungshluta tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V en ber þriðjung tjóns síns sjálfur.

Reykjavík, 20. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 204/2016
M og
vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar G.

Kona slasaðist um borð í hvalaskoðunarbát 17.9.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29.7.2016, ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 12.7.2016, ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M slasaðist um borð í hvalaskoðunarbát sem G gerir út. M segir að báturinn sem hún var í hefði lyfst og skolið á haffletinum með þeim afleiðinum að M skall niður í sæti sitt og slasaðist. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu G og telur G bera skaðabótaábyrgð á tjóni hennar. Af hálfu M er á því byggt að skipstjóri bátsins þar sem M var farþegi hafi siglt ógætilega og m.a. í öldu sem kom frá báti sem sigldi á undan bátnum þar sem M var farþegi. Þá vísar M til 162. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Skipstjóri bátsins sem G var í segir að brýnt hafi verið fyrir öllum farþegum að fjaðra í fótum komi öldur eða báturinn lyftist og hafi hann siglt í nokkrar mínútur frá Húsavíkurhöfn þegar hann varð var við að eitthvað hefði gerst, þegar M hafi gefið merki um að eitthvað væri að. Skipstjórinn segist ekki gera sér grein fyrir hvað hefði gert það að verkum að M lét vita að hún hefði meiðst, þar sem gott hafi verið í sjóinn og hann ekki tekið eftir að óvenjulegt högg kæmi á bátinn. Þegar í ljós hafi komið að M kenndi sér meins hefði verið siglt tafarlaust til hafnar. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að siglt hafi verið með gáleysislegum hætti í umrætt sinn. Þá vísar V til framburða ferðafélaga M og telur þá hafa lítið sönnunargildi um að siglt hafi verið gáleysislega inn í öldur. V bendir á að sýna þurfi fram á saknæma háttsemi af hálfu vátryggingartaka en sönnun um slíkt liggi ekki fyrir í málinu.

Álit.

Af hálfu M er haldið fram að bátnum þar sem hún var farþegi hafi verið siglt ógætilega. Í skýrslu skipstjóra er ferð bátsins lýst með þeim hætti að honum hafi verið siglt út úr Húsavíkurhöfn án þess að sérstakt högg hafi komið á hann. Þó samferðamenn M lýsi atvikum þannig eftir að M slasaðist að eitthvað högg hafi komið á bátinn, virðist enginn annar um borð hafa orðið fyrir óþægindum vegna slíks. Leiðbeiningar til farþega um hvernig þeir áttu að bera sig að um borð voru gefnar fyrir ferðina og verður ekki séð að fullnægjandi sönnun liggi fyrir í málinu að bátnum hafi verið stjórnað gáleysislega. Ekki er sýnt fram á að G eða aðilar sem hann ber ábyrgð á hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í umrætt sinn og verður líkamstjón M rakið til óhappatilviks. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 20.9.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 205/2016
M og
vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2) v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur við flugstöð Leifs Eiríkssonar þann 25. maí 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12. júní 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 13. júlí 2016 ásamt gögnum.
3. Bréf V2 dags. 12. júlí 2016.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B við flugstöð Leifs Eiríkssonar þann 25. maí 2016. Lögregla var kvödd á staðinn. Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreið B var ekið gegn einstefnu í átt að Reykjanesbraut. Kvaðst ökumaður bifreiðar B (M) vera koma frá starfsmannastæði við flugstöðina og ekki áttað sig á því að um einstefnugötu væri að ræða. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið að aka frá Reykjanesbraut inn á götuna sem liggur í átt að starfsmannastæði við flugstöðina. Þar sem um einstefnugötu hafi verið að ræða hafi ökumaður bifreiðar A eingöngu litið til hægri og alls ekki gert ráð fyrir að bifreið væri ekið á móti einstefnunni frá vinstri. Biðskylda var á ökumanni bifreiðar A.

Í lögregluskýrslu kemur enn fremur fram að ökumaður bifreiðar A hafi ekki haft réttindi til þess að aka viðkomandi bifreið, sem var hópbifreið fyrir 13 farþega.

Álit.

Málavextir liggja skýrt fyrir og eru óumdeildir. Skýrar merkingar voru um að bannað væri að aka þá leið sem ökumaður bifreiðar B ók. Ökumaður bifreiðar A mátti ekki gera ráð fyrir því að bifreið væri ekið gegn fyrirhugaðrar akstursstefnu hans og verður það því ekki metið honum til sakar að hafa ekki litið í þá átt sem bifreið B kom frá. Verður þar af leiðandi að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B, ber alla ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 206/2016**M
og****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Slys í hálfu við atvinnuhúsnæði 12. desember 2014.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 28.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 21.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið á leið til að sinna verki í húsnæði X á Kirkjusandi þegar hann rann í hálfu og hlaut við það líkamstjón. Nánar tiltekið var M á leið inn um starfsmannainngang og var að ganga á gangstétt með verkfæratösku þegar hann féll við.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns síns þar sem ekki hafi verið gerðar fullnægjandi ráðstafanir vegna hálkuvarna í umrætt sinn. M hafi upplýsingar um að gangstétt hafi t.d. ekki verið söltuð eða aðrar ráðstafanir gerðar, en nauðsynlegt hafi verið að gera þær í ljósi veðuraðstæðna. M vísar einnig til ríkra skyldna fasteignareigenda vegna umbúnaðar fasteigna þar sem búast má við umferð gangandi vegfarenda, en X hafi höfuðstöðvar bankastarfsemi sinnar þar sem M féll og verði því að gera ráðstafanir við hæfi. Það hafi ekki verið gert, t.d. sé upplýst að húsvörður X hafi verið með salt til að dreifa á stéttir vegna hálfu en hafi ekki gert það í greint sinn. Einnig vísar M til þess að ríkari ástæður hafi verið fyrir X að bregðast sérstaklega við þar sem snjóbræðslukerfi undir gangstéttinni hafi verið bilað.

V telur fyrir hönd X að nægar ráðstafanir hafi verið gerðar vegna hálkuvarna við húsnæðið á Kirkjusandi í greint sinn. Ósannað sé að snjóbræðslukerfi við húsnæði X hafi verið í ólagi, en það hafi almennt nýst til hálkuvarna auk þess sem gerður hafi verið samningur við verktaka sem dreifi salti yfir bílastæði reglulega og þannig fari salt upp á gangstéttir, sem dugi almennt til að það myndist ekki mikil hálka á svæðinu. V telur ósannað að starfsmönnum X hafi borið að gera sérstakar ráðstafanir þennan dag, slysið hafi orðið að morgni og ekki sýnt að unnt hafi verið að koma í veg fyrir það.

Álit.

Ágreiningslaust er að slys M varð, þegar hann var að ganga inn í höfuðstöðvar X á leið til vinnu í húsnæðinu. M hélt á verkfæratösku og rann í hálfu á gangstétt. Slysið varð 12. desember 2014 og hafði snjóað dagana áður og frost var þennan morgun. Ekki telst sannað að snjóbræðslukerfi undir stétt eða bifreiðaplani hjá húsnæði X hafi verið bilað þennan dag og starfsmönnum X hafi því borið að gera sérstakar ráðstafanir vegna þess. Þær almennu ráðstafanir sem gerðar voru af hálfu X vegna hálkuvarna skv. upplýsingum frá X teljast ekki óeðlilegar. Af gögnum málsins telst ekki sannað að starfsmenn X hafi vanrækt að gera þær almennu ráðstafanir eða að þeim hafi borið að gera sérstakar ráðstafanir þennan morgun, þ.e. að salt- eða sandbera gönguleiðir sérstaklega eða annað sem hefði getað komið í veg fyrir fall M. Verður X því ekki talið bera skaðabótaábyrgð vegna slyss M og greiðsluskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 207/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar K.

Starfsmaður slasaðist þegar kælir féll á hann 15.7.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30.6.2016 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 25.7.2016 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segir að hann ásamt fjórum öðrum hafi verið að flytja tvo kæla úr verslun og hafi tveir hjólapallar verið settir undir sitt hvorn endann á kælunum. Hann hafi byrjað að ýta, en þá hafi kælir á hjólapöllum, sem ekki var verið að ýta fallið á M og hann slasast. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu K hjá V og segir K ekki hafa tryggt öruggt vinnuumhverfi í umrætt sinn. M vísar til þess að verkstjórn og verklagi hafi verið ábótavant og K beri ábyrgð á því. V hafnar bótaskyldu og bendir á að skv. málavaxtalýsingu í málskoti þá hafi engin verið að ýta kælunum sem féll á M og hann hafi dottið af óútskýrðum ástæðum og segir V þá lýsingu í ósamræmi við fyrri lýsingu M um að einhver hafi ýtt við kælunum sem hafi við það fallið á M. V segir að engin starfsmaður K hafi verið nálægt kælunum sem féll á M og þeim verði því ekki um það kennt.

Álit.

Ekki eru lögð fram gögn sem sýna, að verklagi við flutning á kælunum hafi verið ábótavant eða skort hafi á verkstjórn við það verk, sem er ekki flókið í framkvæmd. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að tjónsatvikið verði rakið til starfsmanna K eða einhvers sem K ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 17.10.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 208/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A.

Krafa um bætur til handa farþega í bifreið vegna umferðarslyss 11.4.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.7.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-9.
2. Bréf V dags. 19.7.2016

Málsatvik.

M var farþegi í bifreið sem lenti í árekstri 11.4.2014. M leitaði ekki til læknis eftir atvikið en fór til sjúkraþjálfara rúmum mánuði eftir að umræddur árekstur varð. Áður hafði M verið til meðhöndlunar hjá sjúkraþjálfara vegna varanlegra afleiðinga fyrri slysa í mörg ár. M leitaði fyrst til læknis eftir það umferðarslys sem hér er til umfjöllunar 15.4.2015. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A og M vísar til þess að áreksturinn 11.4. 2014 hafi verið harður og þó M hafi reynt að harka af sér hafi afleiðingar vegna slyssins verið umtalsverðar. V hafnar bótaskyldu og segir að orsakatengsl séu ekki sönnuð milli tjónsatburðar og þeirra einkenna sem M vísar til. V segir að hraði ökutækjanna sem í hlut áttu í umrætt sinn hafi verið óverulegur, en M bendir á það á móti, að þau hafi komið úr gagnstæðum áttum. Þá bendir V á að M bjó við varanleg einkenni af sama tagi og hann vísar til hvað varðar slysið 11.4.2014 eftir eldri slys.

Álit.

M var farþegi í A þegar bifreiðin lenti í árekstri 11.4.2014. M leitaði ekki til læknis eftir framangreint umferðarslys fyrr en 15.4.2015 eða rúmu ári eftir slysið. Fyrir liggur að M býr við varanleg einkenni vegna fyrri slysa, en engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á núverandi einkenni M sé hægt að rekja eingöngu til umferðarslyssins 11.4.2014. Miðað við fyrirliggjandi gögn er ekki sýnt fram á að orsakatengsl séu á milli slyssins og núverandi einkenna M og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík 6.9.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 209/2016
M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.

Áræstur við Bókhlöðustíg þann 2. apríl 2016.

Gögn.

1. Málskot móttækið 6. júlí 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 18. júlí 2016 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Áræstur varð með bifreiðum A og B við Bókhlöðustíg, nánar tiltekið fyrir aftan Menntaskólann í Reykjavík, þann 2. apríl 2016, klukkan 07:00. Lögregla var kvödd á staðinn. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar A hafi tilkynnt lögreglunni um áræsturinn. Kveðst hann hafa verið að aka inn á Bókhlöðustíg af bifreiðarstæði sem er austan við Bókhlöðustíg 7. Hann sagðist hafa tekið eftir bifreið B, sem var ekið Bókhlöðustíg til austurs, frá Lækjargötu, og stöðvað bifreið sína vegna þess. Taldi hann að parið í bifreið B hafi verið að tala saman eða kyssast þegar áræsturinn varð. Kveðst hann hafa verið kyrrstæður þegar áræsturinn varð. Farþeginn í bifreið B mun hafa hlaupið á brott en ökumaður hennar verið mjög æstur og varla viðræðuhæfur. Ökumaður bifreiðar B mun svo hafa ekið af vettvangi áræstursins áður en lögregla kom á staðinn.

Lögreglan rakti slöð bifreiðar B sem fannst í bifreiðarstæði við Ingólfsstræti 12. Þá var ökumanninn hvergi að finna og svaraði ekki hringingum lögreglunnar. Voru báðar bifreiðarnar fjarlægðar með dráttarbifreiðum.

Ökumaður bifreiðar B kom síðar sama dag á lögreglustöðina til að gera grein fyrir máli sínu. Kveðst hann hafa ekið sem leið lá upp Bókhlöðustíg í átt að gatnamótum Ingólfsstrætis og Bókhlöðustígs. Við gatnamótin hafi annarri bifreið verið ekið á mikilli ferð á bifreið hans. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið gripinn skelfingu og ekið á brott eftir að ökumaður bifreiðar A hafi ásað hann um að hafa verið að kyssa pilt þegar áræsturinn varð. Kveðst hann svo hafa farið að veitingastaðnum Prikið og verið þar í um hálfu klukkustund. Þegar hann ætlaði að fara í bílinn aftur hafi hann verið horfinn. Ökumaður bifreiðar B viðurkennir að hafa verið búin að drekka einn bjór þegar áræsturinn varð og vildi ekki gefa upplýsingar um hver hafi verið með í bifreiðinni í umrætt skipti.

Álit.

Deilt er um málavexti. Ljóst er að bifreið A var ekið af bifreiðastæði inn á götu þar sem bifreið B kom aðvífandi. Öllu jöfnu er sök lögð á þann ökumann sem ekur út af bifreiðastæði inn á götu í veg fyrir aðra bifreið. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið kyrrstæður og ekki kominn að öllu leyti út á götuna þegar áræsturinn varð og að ökumaður bifreiðar B hafi ekki verið með hugann við aksturinn þegar áræstur varð. Sökum þess að ökumaður bifreiðar B ók af vettvangi, auk þess sem hann viðurkenndi fyrir lögreglu að hafa drukkið einn bjór áður en áræsturinn varð, þykir eðlilegt að sönnunarbyrðin færist yfir á hann vegna þeirra atvika sem um er deilt. Engar skýringar hafa komið fram af hálfu ökumanns B sem hrekja fullyrðingar ökumannsins bifreiðar A um að bifreið A hafi verið kyrrstæð, auk þess sem viti í bifreið A ber með sama hætti. Verður því að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber alla ábyrgð á áræstrinum.

Reykjavík 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 210/2016**M
og****vátryggingafélagið V vegna kaskótryggingar bifreiðar.****Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna bruna í bifreið 15. júní 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 30.6(7).2016, ásamt lögregluskýrslum og vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að eldur hafi komið upp í bifreið M 15. júní 2016. Þegar lögregla kom á vettvang var mikill eldur og reykur í bifreiðinni og hún gjörónýt að innan. Vitni, nágranni í næsta húsi við M, lýsir atvikum þannig að hann hafi orðið var við eld í bifreið M og farið inn heima hjá sér og náð í handslökkvitæki til að slökkva eldinn. Þá hafi M komið öskrandi að og bannað honum að slökkva eldinn. Annar nágranni M hafði einnig orðið vör við reyk frá bifreið M og séð aðila með slökkvitæki sem M hafi meinað að nota til að slökkva eldinn.

M telur að réttur M til greiðslu bóta sé fyrir hendi úr kaskótryggingu bifreiðar hennar skv. gr. 4.1 í vátryggingarskilmálum. Um sé að ræða íkveikju af hálfu annars einstaklings og sé lögreglurannsókn í gangi til að upplýsa hver hafi átt í hlut. M kveðst hafa verið í uppnámi vegna atviksins og rekur það til langvarandi áreitiss og annarra skemmdarverka af hálfu annars einstaklings og því brugðist þannig við á vettvangi að letja nágranna sinn til að slökkva eldinn. M bendir á að ef eigi að takmarka ábyrgð vátryggingafélagsins vegna háttsemi hennar, þá sé það alla vega ekki nema að hluta.

V telur í fyrsta lagi að þeirri háttsemi M, að hafa bannað nágranna sínum að slökkva eld í bifreið sinni með slökkvitæki, hafi hún valdið tjóninu og því falli réttur til bóta niður skv. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. gr. 6.1 í vátryggingarskilmálum. Einnig vísar V til þess að M hafi með ásetningi brotið gegn fyrirmælum 1. mgr. 28. gr. með því að koma ekki í veg fyrir eða takmarka tjón á bifreið sinni þegar eldur hafi verið kominn upp í henni. Með vísan til gr. 15.1 í vátryggingarskilmálum og 4. mgr. 28. gr. laga um vátryggingarsamninga verði því að fella ábyrgð V niður að fullu.

Álit.

Í gögnum málsins er háttsemi M lýst með vitnisburðum tveggja vitna, þ.e. er að M hafi komið í veg fyrir að reynt hafi verið að slökkva eld sem var laus í bifreið hennar með slökkvitæki. Sú háttsemi fer í bága við skýr fyrirmæli í gr. 15.1 í vátryggingarskilmálum, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga um vátryggingarsamninga. Þó M hafi verið í uppnámi verður ekki séð að það eitt dragi úr skyldum hennar til að gera ráðstafanir til að takmarka tjóni, sérstaklega í ljósi þess að það var auðvelt að leyfa þeim einstaklingi sem kom á vettvang með slökkvitæki að reyna að slökkva eldinn. Með þessari háttsemi sinni braut M með ásetningi gegn fyrrgreindum fyrirmælum. Með heimild í 4. mgr. 28. gr. laga um vátryggingarsamninga getur V því takmarkað ábyrgð sína í heild vegna tjónsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 211/2016
M og
vátryggingafélagið V v. slysaftryggingar launþega O.

Sönnun líkamstjóns vegna falls í stiga á hjólavél 21.10.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið 5.7.2016 ásamt fylgiskjölum 1-18
2. Bréf V dags. 13.7.2016

Málsatvik.

M segist hafa verið að afgreiða hjólavél og farið niður stiga vélarinnar eftir afgreiðslu og runnið til í stiganum á drullu eða feiti og slasast, en samt haldið áfram að vinna. M leitaði til heilsugæslu daginn eftir og segist hafa minnst á slysið, þó það komi ekki fram í gögnum heilsugæslunnar. M segist hafa tilkynnt slysið til vinnuveitanda síns O, en slysið hafi ekki verið rannsakað með þeim hætti sem nauðsynlegt hefði verið sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. V hafnar bótaskyldu og bendir á að engin læknisfræðileg samtímagögn liggja fyrir um áverka M í kjölfar atviksins eða eymsli sem hann rekur til þeirra. V segir að M hafi leitað til heilsugæslu 19.9.2014, eða tæpu ári eftir slys vegna verkja í vinstri öxl og þá hafi M ekkert minnst á atvikið sem átti sér stað 21.10.2013. M hafi fyrst minnst á atvikið í samskiptum við heilsugæsluna 22.9.2014, þremur dögum eftir að hann leitaði fyrst til læknis vegna einkenna í vinstri öxl. Þá bendir V á að eina samtímagagnið sem liggja fyrir í málinu sé óundirritað skjal sem virðist vera slysaskráning að mati V, en óljóst sé hvaða tilgangi það þjóni. V telur ósannað að M hafi haft þau heilsufarseinkenni, sem hann kvartar um, frá meintum slysdegi og því sé ekki um bótaskyldu að ræða.

Álit.

Engin læknisfræðileg samtímagögn liggja fyrir í málinu á þeim tímapunkti sem atvik slyss M urðu þann 21.10.2013. M leitaði ekki til læknis vegna atviksins fyrr en um ári síðar og sú staðhæfing M að hann hafi minnst á atvikið þegar hann kom á heilsugæslu daginn eftir að það átti sér stað fær enga stoð í framlögðum gögnum. Fyrir liggur ódagsett og óundirrituð skráning á því atviki sem hér ræðir um, en af hálfu M er ekki sýnt fram á hvenær og með hvaða hætti sú skráning fór fram. Á því skjali verður því ekki byggt miðað við framlögð gögn málsins í heild. Miðað við gögn málsins liggur ekki fyrir sönnun þess að um orsakatengsl sé að ræða hvað varðar þá verki sem eru að hrjá M og atviksins 21.10.2013. M á því ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu launþega hjá O.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu launþega hjá O.

Reykjavík 20.9.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 212/2016
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega A.

Ágreiningur um túlkun á slyshugtakinu

Gögn.

1. Málskot móttekið þann 7. júlí 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 15. júlí 2016.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti var M þann 21. nóvember 2014 í vinnu hjá A við að pakka fiskstykkið í 6 kg. öskjur sem síðan voru settar fjórar saman í 24 kg. álpönnur. Síðar var M ásamt samstarfsmanni sínum að færa álpönnu af borðinu hjá þeim, yfir á bretti sem haft er á gólfi fyrir aftan starfsmennina, þegar óhappið varð. Við þetta fékk M bakmeiðsli. Samkvæmt tjónstilkynningu sem M undirritaði og send var til V kemur fram að M hafi haldið á frystipönnu með öðrum starfsmanni og fékk í bakið. Sömu sögu er að segja um tilkynningar til Vinnueftirlits ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands, sem M einnig undirritar. Endanleg greining var los og skrið á lendarhryggjarliðum, sem leiddi svo til bakspengingar.

Gerð var krafa um bætur úr slysatryggingu launþega A hjá V en V hafnaði greiðslu bóta á þeim grundvelli að hvorki hafi verið um slyd að ræða í skilningi skilmála vátryggingarinnar né í hefðbundnum skilningi vátryggingaréttarins.

Álit.

Enginn ágreiningur er um málsatvik. M byggir á því að atburðurinn falli undir slyshugtak vátryggingaréttarins og skilgreiningu á slysi samkvæmt slysatryggingu launþega. Í skilmálum slysatryggingarinnar kemur fram að með orðinu slyd sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. M telur að orsök meiðslanna eigi sér rætur utan líkama M, nánar tiltekið að bera fyrrgreinda álpönnu.

V telur að ekki hafi verið um neinn utanaðkomandi atburð að ræða og því falli hann ekki undir slysatrygginguna. Bendir V á að ekkert sé fram komið í málinu um að eitthvað óvænt hafi breytt atburðarrásinni frá því sem ætlað var þegar M og samstarfsmaður hans lyftu og færðu álpönnuna til.

Málgögn benda til þess að líkamsmeiðslin sé að rekja til innra ástands en ekki til utanaðkomandi atburðar eins og kveðið er á um í skilmálum slysatryggingarinnar. Getur því ekki stofnast bótaréttur úr slysatryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 213/2016
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.

Árekstur bifreiða á bílastæði í Hraunbæ í Reykjavík 31.7.2015

Gögn.

1. Málskot, mótttekið 6.7.2016 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V, dags 26.8.2016.

Málsatvik.

Árekstur varð á bílastæði við Hraunbæ í Reykjavík. Ökumaður A sagðist hafa verið að bakka út úr bílastæði og A verið kyrrstæður og hún hafi verið að setja A í fyrsta gir þegar B var bakkað á A. Ökumaður B segir að bifreiðunum hefði verið bakkað hvorri á aðra.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að báðar bifreiðarnar hafi bakkað á svipuðum tíma út úr bílastæði. Báðum ökumönnum bar að gæta varúðar við akstur aftur á bak skv. fyrirmælum í 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga. nr. 50/1987. Ekki liggja fyrir gögn í málinu sem réttlæta að sök sé lögð á annan ökumann umfram hinn og ósannað er að bifreið A hafi verið kyrrstæð það lengi að áhrif hafi á sakarskiptingu. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 20.9.1016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 214/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar H.

Skaðabótaábyrgð vegna líkamsárásar nemanda á kennara þann 23.1.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.7.2016 ásamt fylgiskjölum 1-12.
2. Bréf V dags. 26.7.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M varð fyrir líkamsárás þegar hún var við vinnu sína sem kennari í skóla, þegar nemandi réðst á hana og lamdi og sparkaði í hana. Umræddur nemandi sló og hrinti íþróttakennara sínum og reyndi íþróttakennarinn þá að halda nemandanum og fá hann fram á gang með aðstoð M til að róa hann. Nemandinn réðst á M, lamdi hana í andlitið og sparkaði í öxlina á henni, bak og háls og M slasaðist töluvert við árásina. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V og telur að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna H og byggir m.a. á því að umræddur nemandi hafi átt að vera undir sérstöku eftirliti og gæslu á vegum skólans vegna þeirrar hættu sem af honum stafaði. Af hálfu M er vísað til laga um grunnskóla nr. 91/2008 einkum 7. gr. og 3. mgr. 14. gr., sem og reglugerðar nr. 585/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Þá vísar M til reglugerðar nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir og V kafla reglugerðar nr. 1040/2011 þar sem fjallað er um ábyrgð skólustjóra. Þá vísar M til 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M telur að viðvera stuðningsfulltrúa hefði getað komið í veg fyrir umrædda árás. V hafnar bótaskyldu og segir að ekkert liggi fyrir í málinu sem gefi ástæðu til að ætla að slík hætta stafaði af umræddum nemanda að nauðsynlegt væri að honum fylgdi sérstakur stuðningsfulltrúi og ekki sýnt fram á að slíkur fulltrúi hefði getað komið í veg fyrir árásina. Þá segir V að tjón M verði ekki rakið til þess að starfsmenn H hafi vanrækt umsjónarskyldur sínar með nemandanum sem árásina gerði.

Álit.

Ekki eru lögð fram gögn í málinu sem sýna að umræddur nemandi hafi verið hættulegur sjálfum sér eða öðrum og nauðsyn hafi borið til að honum fylgdi jafnan sérstakur stuðningsfulltrúi. Í umrætt sinn fór M ásamt öðrum íþróttakennara til að reyna að tala um fyrir nemanda með þeim afleiðingum sem um getur. Árás nemandans á M var skyndileg og ekki hefur verið sýnt fram á að hún hafi verið fyrirsjáanleg þannig að samstarfsfólk M eða nokkur sem H ber ábyrgð á hafi bakað sér skaðabótaábyrgð vegna árásar nemandans á M í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu H hjá V

Reykjavík 20.9.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 215/2016**M
og****vátryggingafélagið V vegna kaskótryggingar bifreiðar.****Rispur í lakki á bifreið – sönnun tjónsatburðar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 27.7.2016, ásamt myndum af bifreið M.

Málsatvik.

Í málskoti eru afar takmarkaðar upplýsingar um atvik málskots M annað en að tilgreint er í athugasemdum að lakk á bifreið hennar sé skemmt. Málskotið verður ekki skilið öðruvísi en að M geri kröfu um bætur úr kaskótryggingu sinni hjá V vegna þess tjóns.

V telur ekki sannað að skilyrði bótaskyldu séu fyrir hendi, engin tilraun sé gerð til að sýna fram á að tjónið tengist tjónstilvikum sem talin séu upp í 4. gr. vátryggingarskilmála, heldur sé það bæði óljóst og illa upplýst. V vísar til e.liðar 4. gr. samþykpta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005 og telur að það eigi að vísa málinu frá. Ella telur V að ekki liggja fyrir gögn um meint skemmdarverk á bifreið M og því séu ekki skilyrði til greiðslu bóta.

Álit.

Í málskoti er, eins og áður segir, að finna afar rýrar upplýsingar um efni málskots M eða röksemdir hennar fyrir því að greiða eigi bætur úr kaskótryggingu hjá V. Eins og hægt er að skilja málskotið verður þó að leggja til grundvallar að M telji að tjón hafi orðið vegna skemmdarverka á bifreið hennar. Engin gögn liggja fyrir um hvenær bifreiðin var skemmd eða hvernig. Ekki liggur heldur fyrir hvenær það á að hafa gerst. M ber sönnunarbyrði fyrir því að tjón á bifreiðinni hafi orðið vegna tjónstilvika sem tilgreind eru í 4. gr. vátryggingarskilmála hjá V. Þó þar sé að finna tjónstilvikið skemmdarverk verður ekki ráðið af takmörkuðum gögnum málsins að tjón M hafi komið til með þeim hætti. Ekki hefur því stofnast bótaskylda úr kaskótryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 216/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er vél bifreiðar bræddi úr sér eftir að hafa verið ekið út af vegi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 21.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 26. júní 2016 var A, sem er bifreið í eigu M, ekið út af Þjóðvegi 1 eftir að ökumaðurinn hafði misst stjórn á henni við það að sauðkind fór yfir veginn. Lenti A á grjóti utan vegarins með þeim afleiðingum að skemmdir urðu á henni, þ. á m. mun lítið gat hafa komið á vatnskassa. Ökumanni tókst að koma A upp á veginn að nýju og halda ferð sinni áfram. Nokkru síðar drapst á vél A og við skoðun á verkstæði kom í ljós að vélin hafði brætt úr sér þar sem kælivatn hafði lekið af vélinni. Segir í málskoti að eftir tilteknum verkstæðismanni sé haft að engin viðvörunarljós kvikni í mælaborði A þegar kælivatnið hitnar um of. Væntanlega hafi hitamælir hækkað án þess að eftir því væri tekið.

A var kaskótryggð hjá V og hefur M krafist bóta úr vátryggingunni vegna þeirra skemmda sem urðu á A við útafaksturinn. V hefur viðurkennt bótaskyldu að öðru leyti en því að það hafnar bótaskyldu vegna skemmda á vélinni. M unir ekki þeirri niðurstöðu V.

Álit.

Í 4. gr. skilmála kaskótryggingarinnar er skilgreint hvert sé bótasvið vátryggingarinnar. Samkvæmt gr. 4.4 bætir vátryggingin tjón á vátryggðu ökutæki vegna útafaksturs. Ljóst er að vél A skemmdist ekki við útafaksturinn heldur nokkru síðar þegar hún bræddi úr sér eftir að kælivatn hafði lekið af henni. Samkvæmt þessu varð vélin ekki fyrir skemmdum við útafaksturinn og fellur því utan bótasviðs vátryggingarinnar. M á því ekki rétt á bótum kaskótryggingunni hvað varðar tjón á vélinni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna skemmda á vél A úr kaskótryggingu hennar hjá V.

Reykjavík, 20. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 217/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Ágreiningur um notkun ökutækis í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 19.7.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í áhaldahúsi sveitarfélagsins Y. Hann hafi komið með bifreiðina X til viðgerðar vegna þess að bensínmotor aftan á bifreiðinni hafi ekki farið í gang, en sá motor er notaður til að knýja áfram saltdreifara aftan í bifreiðinni. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni með þeim hætti að þegar fyrrnefndur motor var ræstur, hafi komið mikil sprenging frá pústi mótorsins og agnir úr pústinu hafi lent í andliti M. Í málinu liggur einnig frammi matsgerð vegna læknisfræðilegrar og tímabundinnar örorku M vegna líkamstjónsins.

M telur að tjón hans hafi hlotist af notkun bifreiðarinnar X í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og V beri því að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar. M vísar til þess að rekja megi tjónið til búnaðar sem tilheyrir eðlilegri og venjulegri notkun bifreiðarinnar og knúinn hafi verið áfram af vélarafli hennar. M vísar einnig til dómaframkvæmdar Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

V telur að ekki hafi verið um notkun bifreiðarinnar X að ræða þar sem hún hafi staðið kyrrstæð inni á verkstæði þegar M hlaut líkamstjón. Aflvél hennar hafi ekki verið í gangi heldur hafi það orðið þegar sérstakur bensínmotor hafi verið ræstur. Umræddur motor sé ekki hluti af búnaði bifreiðarinnar og ekki tengdur aflvél hennar tjónið því ekki hægt að rekja til aksturs bifreiðarinnar, sérstaks búnaðar hennar að eiginleika hennar sem ökutækis og tjónið því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

Álit.

Míðað við þær lýsingar sem liggja fyrir af aðstæðum og búnaði bifreiðarinnar X verður ekki annað séð en að sérstakur bensínmotor hafi verið á bifreiðinni sem var ekki með beinum hætti tengdur við aflvél bifreiðarinnar. Þessi bensínmotor hafi verið notaður til að knýja áfram saltdreifara sem staðsettur hafi verið á bifreiðinni. Tjón M varð þegar umræddur bensínmotor var ræstur til að kanna virkni hans. Bensínmotorinn er sjálfstæð aflvél og þó bifreiðin geti verið notuð til saltdreifingar með þeim búnaði varð tjónið ekki við notkun hennar sem slíkrar heldur við viðgerð á búnaði sem er sjálfstæður en ekki eðlilegur eða venjulegur hluti bifreiðarinnar. Tjónið telst því ekki hafa hlotist af notkun í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðar hjá V.

Reykjavík, 20. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 219/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingar.****Ágreiningur um rétt til greiðslu úr vátryggingunni vegna dómsmáls um slit á fyrningu skuldar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 12.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 22.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Á árunum 2001 til 2003 tók M námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN). Eftir að námi lauk í árslok 2003 greiddi M reglulega af láninu en lenti svo í vanskilum með lánið í mars 2008 og í maí 2010 var stefna til heimtu eftirstöðva lánsins árituð um aðfararhæfi. Með úrskurði héraðsdóms í febrúar 2010 var bú M tekið til gjaldþrotaskipta og lauk skiptum í maí 2014. Með stefnu sem þingfest var fyrir héraðsdómi í maí 2016 höfðaði LÍN nýtt mál á hendur M þar sem höfð er uppi sú efniskrafa aðallega að fyrningarlit kröfu sjóðsins á hendur M samkvæmt nánar tilgreindu skuldabréfi verði viðurkennd með dómi. Til vara er krafist, að því er virðist, fyrningarhlita vegna kröfu á hendur M samkvæmt stefnu í hinu fyrra dómsmáli sem árituð var um aðfararhæfi í maí 2010. Í dómsmálinu mun reyna á túlkun 2. og 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. 1. gr. laga nr. 142/2010 um breyting á þeim, hvað varðar fyrningu og slit fyrningar kröfu eftir að búskipum lauk.

M hefur fengið lögmann til að taka til varna í dómsmáli því sem þingfest var nú í maí 2016. Vegna málarekstursins hefur M krafist þess að fá kostnað við málsvörnina greiddan úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað greiðsluskyldu með vísan til greinar 25.12 í skilmálum vátryggingarinnar.

Álit.

Í inngangi fyrir málskostnaðartrygginguna í vátryggingarskilmálum V segir í upphafi að hlutverk málskostnaðartryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Þá segir í gr. 25.1 í skilmálunum að vátryggingin bæti málskostnað sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Í greinum 25.2 til 25.14 eru tilgreind tilvik sem eru undanþegin bótaskyldu úr vátryggingunni. Þannig segir í gr. 25.12 að vátryggingin bæti ekki málskostnað sem m.a. varðar mál sem snúast um „gjaldþrota- eða nauðasamninga þar sem vátryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.“ Til þessa undanþáguákvæðis vísaði V þegar það hafnaði M um bætur úr vátryggingunni. Ekki er fyllilega ljóst hvað átt er við með gjaldþrota- eða nauðasamningum í ákvæði þessu, einkum gjaldþrotasamningum. Þótt í dómsmáli því sem höfðað hefur verið á hendur M kunni að reyna á túlkun ákvæða 1. og 2. mgr. 165. gr. gjaldþrotaskiptalaga verður ekki ráðið að umrætt undanþáguákvæði vátryggingarskilmálanna taki til dómsmáls þess sem hér um ræðir. Brestur því skilyrði til að beita því gagnvart kröfu M um bætur úr vátryggingunni. Verður því að fallast á rétt M til bóta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 16. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 221/2016
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega N.

Starfsmaður slasaðist við árekstur lyftara á vinnusvæði 7.11.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.7.2016 ásamt fylgiskjölum 1-15
2. Bréf V dags. 9.8.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M ók lyftara í umrætt sinn út úr gám þegar samstarfsmaður M ók stórum lyftara í veg fyrir akstursleið M og árekstur varð. M var greind með tognun á lendarhrygg sem afleiðingar slyssins. M segist hafa harkað af sér og stundað sjúkraþjálfun, en eftir að hún hóf vinnu fyrri hluta ársins 2015 hafi hún komist að raun um að afleiðingar slyssins væru varanlegar og er á því byggt af hálfu M að hún hafi fyrst mátt gera sér grein fyrir atvikum að baki tjóni sínu í byrjun árs 2015. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega N hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að slys M hafi ekki verið tilkynnt innan árs frá því að M vissi um atvik sem lágu að baki kröfu hennar sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. V bendir á að slysið varð 7.11.2012 og var ekki tilkynnt félaginu fyrr en 29.6.2015, þó eyðublað tjónstilkynningar sé dagsett 24.2.2015. V segir að M hafi verið meira og minna þjökuð af bakverkjum frá slysi og komist aftur til vinnu eftir margra mánaða óvinnufærni. V telur að M hefði mátt gera sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni strax í febrúar 2013, en þá hafði hún verið óvinnufær í 3 mánuði og í síðasta lagi í byrjun nóvember 2013 en þá hafi hún farið í léttari störf vegna stoðkerfisvandamála og fyrir lá vottorð gigtarlæknis um aukið einkenni vefjagigtar.

Álit.

Við komu á sjúkrastofnun eftir slysið 7.11.2012 var M greind með tognun. Því er lýst í gögnum málsins að M var í nánast stöðugri meðferð sjúkraþjálfara og var óvinnufær í nokkra mánuði og hlaut vefjagigtargreiningu skömmu eftir slysið. Einnig liggur fyrir að M hafði áður átt við bakvandamál að stríða vegna annars slyss. Í læknisvottorði dags. 16.7.2015 kemur fram að M hefur verið meira eða minna þjökuð af bakverkjum frá slysinu og óvinnufær um nokkurt skeið eftir það. Þá vísar læknirinn til þess í vottorðinu til álits læknis sem segir að M sé með vefjagigt og hafi sjúkdómurinn blossað upp við slysið. Einnig kemur fram í umræddu vottorði að M hafi fengið tilvísun til sérstaks endurhæfingarfyrtækis í júní 2013 og álit gigtarlæknis frá sama tíma. Í ljósi þessa og þeirra stöðugu óþæginda sem M átti við að etja frá 7.11.2012 verðu að ætla að hún hafi mátt gera sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni í lok ársins 2013. Slysið var hins vegar ekki tilkynnt fyrr um mitt ár 2015 og var þá liðinn ársfrestur til að tilkynna slysið sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega N.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega N.

Reykjavík 6.9.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 222/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ferðatryggingar greiðslukortatryggingar.

Greiðsluskylda vegna sjúkrakostnaðar erlendis í tengslum við meiðsli á hné 13.9.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.7.2016 ásamt fylgiskjölum 1-15.
2. Bréf V dags. 2.9.2016.

Málsatvik.

M segist hafa verið að hlaupa yfir götu þegar hún hrasaði og meiddist á hægra hné. M krefst bóta úr ferðatryggingu sinni vegna erlends sjúkrakostnaðar. M vísar í vottorð grískis bæklunarskurðlæknis um að M hafi fundið strax fyrir sársauka við göngu eftir að hafa hrasað og fái sá skilningur stoð í matsgerð Sigurðar Thorlacius læknis dags. 4.2.2016. M varð einnig fyrir slysi þ. 23.3.2013 og fékk þá áverka á vinstra hné og bak og vísar í gögn þar að lútandi, en M segist ekki hafa þjáðst af einkennum frá hægra hné eða notið læknishjálpar og/eða meðferðar vegna þess. V hafnar bótaskyldu og segir málavexti eins og M lýsi í tjónstilkynningu vera aðra en hún lýsi í málskoti en þar segir „Var að flýta mér yfir götu, var nærri dottin. Hné gaf sig með miklum sársauka” V segir að þessi lýsing á atvikinu sé í samræmi við það sem M lýsi um tildrög slyssins á matsfundi. V vísar til upplýsinga í gögnum málsins um að M hafi í tengslum við þetta slys 23.3.2013 fengið mikið högg á bakið og hlaut við það m.a. brot á brjósthrygg og spjaldhrygg og áverka á bæði hné. Einnig bendir V á að það komi fram í gögnum málsins að M hafi sögu um álagsverki í hægra hné í tengslum við fjallgöngur. V telur að miðað við lýsingu M í tjónstilkynningu þá sé ekki um slys eða sjúkdóm að ræða í skilningi vátryggingaskilmála. Þá telur V að miðað við læknisfræðileg gögn megi álykta að einkenni M stafi af fyrri meiðslum vegna slyssins sem hún varð fyrir 23.3.2013. V vísar í vátryggingaskilmála þar sem segir að V bæti ekki kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóms sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar og/eða meðferðar við á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. V hafnar því að M hafi ekki þjáðst af einkennum frá hægra hné eftir slysið 2013 enda komi fram í læknisvottorði 14.6.2013 að bæði hnén hafi glennst í sundur og M fengið valgus álag á bæði hnén. Þá vísar V í læknisvottorð frá 17.12.2015 þar sem kemur fram að sennilega hafi gömul áverkamerki á krossbandi skipt máli í meiðslunum árið 2014.

Álit.

Í örorkumati læknis dags. 4.2.2016 kemur fram að M hafi í fyrra slysi 23.3.2013 fengið áverka á bæði hné og í slysinu sem hér er til umfjöllunar þan 13.9.2014 hafi M hlotið áverka á hægra hné og eftir það varanlega versnun einkenna þaðan. Þá segir að M hafi fyrri sögu um álagsverki í hægra hné í tengslum við fjallgöngur og hafi gengist undir speglunaraðgerð fyrir um það bil 12 árum. Þá segir að sjúkdómsástand hægra hnésins verði að mestu rakið til slyssins 13.9.2014 þó líkamlegt ástand M eigi ákveðinn þátt í sjúkdómsástandi hægra hnésins. Í læknisvottorði dags. 21.12.2015 kemur fram að M hafi verið í þjálfun vegna fyrra slyssins fram á haust 2013 og síðan leitað til læknisins 14.1.2015 eftir slysið sem hún varð fyrir 13.9.2014. Í læknisvottorði dags. 17.12.2015 segir m.a. að M að í fyrra slysinu (þ.23.3.2013) hafi M slasast töluvert á vinstra hné er hún sleit krossband, en var að auki líka með áverka á hægra hné og í seinna slysinu (þ.13.9.2014)

sé eins og að liðbandið fremra á hægri hné hafi gefið sig enn frekar en M hafi greinilega fengið áverka á það liðband í fyrri slysinu.

Ljóst er af því sem að framan er rakið varðandi heilsufarssögu M að hún hafði orðið fyrir einhverju hnjaski á hægri hné í slysinu 23.3.2013. Í lækisfræðilegum gögnum verður ekki annað séð, en það hafi ekki háð M svo nokkru hafi numið. Atvik þau sem M lýsir hvort heldur er í málskoti eða tjónstilkynningu bendir til þess að skyndilegt utanaðkomandi atvik hafi orðið þess valdandi 13.9.2014, þegar M þurfti skyndilega að flýta sér yfir götu, að hún varð fyrir þeim áverka sem þá áttu sér stað þ.e. að hægri hné gaf sig. Þá vísar V til ákvæða váttryggingaskilmála þar sem segir að félagið bæti ekki kröfur vegna hvers kyns slyss, veikinda og sjúkdóma sem hinn váttryggði hafi þjást af og notið lækisþjálpar og/eða meðferðar við á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds vegna ferðar. V hefur ekki sýnt fram á með afgerandi hætti að M hafi notið lækisþjálpar og/eða meðferðar vegna vandamála frá hægri hné síðustu sex mánuði áður en hún greiddi staðfestingargjald vegna ferðar sinnar. Sönnunarbyrði um að skilyrði undanþáguákvæðis váttryggingarskilmála þess efnis hvílir á V. Umrætt undanþáguákvæði váttryggingaskilmála eiga því ekki við miðað við fyrirliggjandi gögn í málinu og M á því rétt á bótum úr kortatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 27.9.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 223/2016
M og
vátryggingafélagið V v/ábyrgðatrygginga bifreiðanna A og B.

Áræktur á Bústaðarvegi við Suðurhlíð þann 29. mars 2016.

Gögn.

1. Málskot móttækið 18. júlí 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 20. júlí 2016 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Áræktur varð með bifreiðum A og B á Bústaðarvegi við Suðurhlíð þann 29. mars 2016. M, sem jafnframt var ökumaður bifreiðar A, kveðst hafa ekið austur Bústaðarveg gegn grænu ljósi þegar ekið var aftan á bifreið hennar á ferð. Í málskoti kemur nánar fram að M hafi ekið af stað þegar grænt ljós kviknaði á umferðarvitnum, en stigið lítillega á bremsuna skömmu eftir að hún lagði af stað vegna mikillar umferðar sem var á vettvangi, og þá hafi hún fengið mikið högg aftan á bifreið sína.

Ökumaður bifreiðar B kveðst aftur á móti hafa verið á leið austur Bústaðarveg og verið að taka af stað úr kyrrstöðu á grænu ljósi, þegar ökumaður bifreiðar A, sem var á undan, hemlaði skyndilega án sýnilegrar ástæðu.

Ökumaður í bifreið, sem var fyrir aftan bifreiðar A og B, gaf sig fram sem vitni á vettvangi. Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreið A hafi verið fremst í röð bifreiða við gatnamótin. Þegar grænt ljós kom fór umferðin af stað. Bifreið A hafi svo stöðvað skyndilega á grænu ljósi án sýnilegrar ástæðu fyrir því.

Álit.

Ágreiningur er um málsatvik milli ökumanna bifreiða A og B. Óvilhallt vitni gaf sig fram á vettvangi og gaf skýra skýrslu um málsatvikin varðandi árækturinn. Engin ástæða er til annars en að leggja framburð vitnisins til grundvallar um málsatvikin. Því verður að telja að ökumaður bifreiðar A (M) hafi stöðvað bifreið sína á grænu ljósi án sýnilegrar ástæðu.

Í 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumaður megi ekki að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að það tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu. Einnig er vísað til 2. mgr. 17. gr. laganna varðandi að draga snögglega úr hraða.

Ökumaður bifreiðar B hefði átt að fylgjast betur með umferð fyrir framan og hafa lengra bil á milli ökutækjanna til þess að geta brugðist við óvæntum aðstæðum. Í 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga er kveðið á um að ávallt skuli hafa nægilegt bil á milli ökutækja til þess að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess.

Ljóst er af framangreindu að báðir aðilar sýndu af sér gáleysi í aðdraganda árekstursins. Málsatvik og málgögn bera ekki með sér að leggja eigi meiri sök á annan ökumanninn fremur en hinn. Verður því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist að jöfnu milli bifreiða A og B.

Reykjavík 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 224/2016

M
og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á gatnamótum Skarðshlíðar og Smárahlíðar á Akureyri 12.4.2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 18.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 26.7.2016.

Bréf V2, dags. 25.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt vettvangsskýrslu lögreglu var B ekið af Smárahlíð úr norðri inn á Skarðshlíð. Í sömu andrá var A ekið eftir austur Skarðshlíð að gatnamótunum. Þar rákust saman framendi A og vinstra framhorn B. Bjart var af degi og sólskin þegar áreksturinn varð. Á Smárahlíð hvílir biðskylda gagnvart umferð á Skarðshlíð. Hámarkshraði á Skarðshlíð er 30 km á klst. Tjón er sagt hafa orðið mikið á báðum bifreiðum.

Ökumaður A kvaðst aðspurður hafa ekið á um 40-50 km hraða á klst. Er hann hafi verið kominn að gatnamótum Smárahlíðar hafi B verið ekið í veg fyrir hann. Hann hafi hemlað, en hann hafi séð B of seint til koma í veg fyrir árekstur. Í málskoti kveður M að A hafi verið ekið mun hægar en haft er eftir ökumanninum í lögregluskýrslu. Telur hann ökumann B beri alla sök á árekstrinum.

Eftir ökumanni B er haft í lögregluskýrslu að hann hafi ekið suður Smárahlíð og inn á gatnamótin án þess að sjá til ferða A fyrr en óhappið varð.

Álit.

Einu haldbæru sönnunargögnin, sem liggja fyrir í málinu um áreksturinn og aðdraganda hans, þ. á m. hraða A, eru lögregluskýrsla og ljósmyndir af ökutækjunum. Ökumaður B virti ekki biðskyldu gagnvart A og telst eiga meginsök á árekstrinum. Þegar litið er til þess sem haft er eftir ökumanni A í lögregluskýrslu um hraða A og hversu mikið tjón mun hafa orðið á bifreiðunum við áreksturinn verður að telja nægilega sannað að ökumaður A hafi ekið nokkuð nokkuð yfir leyfðum hámarkshraða á Skarðshlíð. Verður áreksturinn að nokkru leyti rakinn til þessa og telst ökumaður A því eiga lítils háttar sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þykir rétt að skipta sök þannig að ökumaður A beri ¼ hluta sakar og ökumaður B beri ¾ hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ¼ hluta sakar og ökumaður B beri ¾ hluta sakar.

Reykjavík, 27. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 225/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna starfsábyrgðartryggingar bifreiðasala.****Meðábyrgð tjónþola vegna vanrækslu við að koma á kaskótryggingu vegna bifreiðakaupa.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.8.2016, ásamt skjáskoti úr tölvukerfi V og úrskurði í máli nr. 42/2011.

Málsatvik.

Í gögnum málsins liggur fyrir að fallist hefur verið á bótaskyldu V úr starfsábyrgðartryggingu bifreiðasala vegna tjóns sem M hafði orðið fyrir vegna bifreiðaviðskipta. M hafði keypt bifreið í maí 2013 og hafði verið samið um að bifreiðasali sá sem váttryggður var hjá V myndi annast það að koma á váttryggingarviðskiptum í tengslum við bifreiðakaupin, þ.e. að sjá til þess að bifreiðin yrði tryggð með lögmæltum váttryggingum sem og kaskótryggingu. Þegar bifreið M lenti í altjóni í janúar 2014 kom í ljós að hún var ekki kaskótryggð. Eins og áður segir féllst V á bótaskyldu vegna þeirrar gálausu háttsemi bifreiðasalans að hafa ekki gert ráðstafanir til að koma á þeim viðskiptum. Við uppgjör váttryggingabóta taldi V hins vegar að M bæri einnig ábyrgð á tjóninu með því að hafa ekki gætt þess sjálf að kaskótrygging væri í gildi.

M telur að hún eigi enga sök á tjóninu sjálf. M vísar til þess að hún hafi ekki fengið nokkrar tilkynningar frá V frá því að hún eignaðist bifreiðina um að hún væri ekki kaskótryggð. Afrit bréfa sem V hafi lagt fram hafi ekki orðið til fyrr en eftir tjónsatburðinn. Einnig vísar M til þess að vegna greiðsluþjónustuviðskipta sinna í banka hafi hún ekki haft yfirsýn yfir nákvæm váttryggingarviðskipti sín. Auk þess telur M útiloka að hún hafi getað ráðið það að fjárhæð iðgjalda að bifreið hennar væri ekki kaskótryggð.

V vísar til þess að félagið hafi sent váttryggingarskírteini til M vegna lögmæltra ökutækjatrýgginga eftir beiðni, dags. 31. maí 2013. Samhliða váttryggingarskírteini hafi farið bréf til M þar sem vakin var athygli á að bifreiðin væri ekki kaskótryggð. Færsla sé um að umrætt bréf hafi verið sent úr í tölvukerfi V en kerfið geymi ekki afrit af bréfinu sjálfu. Gildandi trygging hafi síðan verið endurnýjuð 1. júlí 2013 og upplýsingar um hana, ekki kaskótryggingu, hafi því á ný verið sendar til M. V telur því að M hafi mátt vera ljóst að bifreið hennar var ekki kaskótryggð og tómlæti hennar sé því hluti af tjóni því sem bifreiðasalinn olli og M beri því helmingshluta tjóns síns sjálf.

Álit.

Ekki er ágreiningur um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu bifreiðasala hjá V, heldur eingöngu hvort og þá hversu mikinn hluta tjónsins M þarf að bera sjálf vegna meðábyrgðar. Þegar háttsemi M er metin verður ekki annað séð en að hún hafi ekki þurft að gera miklar ráðstafanir til að staðreyna að bifreið hennar væri tryggð með kaskótryggingu. Í váttryggingarskírteini vegna lögmæltra ökutækjatrýgginga er ekki minnst á kaskótryggingu og ekki verður dregið í efa að M hafi fengið það bréf sem V kveðst hafa sent til að vekja athygli á því að kaskótrygging væri ekki fyrir hendi. Í ljósi þess hversu langur tími leið frá því að váttryggingarviðskipti komust á og að tjóni verður ekki hjá því komist að meta tómlæti M til sakar. Með hliðsjón af aðstæðum öllum telst hún bera ábyrgð á helmingi tjóns síns sjálf.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr starfsábyrgðartryggingu bifreiðasala hjá V.

Reykjavík, 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Ólafur L. Einarsson hdl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 226/2016
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar ökutækis.

Miskabótakrafa samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Gögn.

1. Málskot móttakið þann 14. júlí 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 29. ágúst 2016.

Málsatvik.

M lenti í umferðarslysi þann 16. nóvember 2012 og var í rétti. Bifreiðin sem var í órétti var vátryggð hjá V. Þann 15. desember 2014 fékk M greiddar bætur vegna umferðarslyssins á grundvelli niðurstöðu matsgerðar frá 23. september 2014. Voru bæturnar móttæknar með fyrirvara á uppgjörskvittun sem var eftirfarandi:

Með fyrirvara í bráð og lengd við mat á tímabundnum og varanlegum afleiðingum umferðarslyss 16.11.2012, allt sbr. matsgerð dags. 23.09.2014. Þá er gerður fyrirvari við tekjuviðmiðun í útreikningi bóta vegna varanlegrar örorku en tjónþoli telur að taka eigi tillit til vinnu við öflun fjármagnstekna og afraksturs þeirra vinnu við ákvörðun tekjuviðmiðunar.

Ekki var gerð krafa um miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 við fyrrgreint uppgjör og telur V þá kröfu nú of seint fram komna. Fyrirvarinn taki ekki til kröfu um miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga.

M telur að hann hafi ekki haft fullnægjandi upplýsingar til að leggja fram kröfuna fyrr en síðar og ekki við uppgjörið sem fram fór 15. desember 2014. Telur M að V og lögreglan hafi ekki afhent gögn til sín sem sýndu fram á að ökumaður bifreiðarinnar sem var í órétti hafi verið mjög ölvaður eða um 2 prómill alkóhólmagns í blóði. Þar af leiðandi hafi M ekki vitað af ölvunarástandi ökumannsins og hugsanlegum rétti sínum til bóta skv. 26. gr. skaðabótalaga.

Álit.

Þegar umboð lögmanns M barst V í maí 2013 sendi félagið ýmis gögn til lögmannsins, þ. á m. frumskýrslu lögreglunnar. Í henni kemur skýrlega fram að þegar lögreglan ræddi við ökumann hinnar bifreiðarinnar hafi lagt frá honum áfengisþef. Hafi hann því verður færður inn í lögreglubifreiðina og þaðan í fangamóttöku til töku öndunarsýna og blóðsýnis. Kemur enn fremur fram í áverkavottorði læknis sem lögmaður M fékk í hendurnar að ökumaðurinn hafi verið ölvaður.

Í ljósi framangreind verður að telja að M hafi fengið strax í maí 2013 nægar upplýsingar til þess að kalla eftir frekari upplýsingum í tengslum við ölvunarástand hins ökumannsins, til þess að hugsanlega geta gert kröfu á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga. Það var aftur á móti ekki gert. Ekki verður heldur talið að fyrirvarinn sem gerður var við bótauppgjörið 15. desember 2014 náði til miskabóta samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga. Verður því að telja að með fyrrgreindu uppgjöri hafi M fyrirgert rétti sínum til að krefjast miskabóta á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á miskabótum samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík 27. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 227/2016
M og
vátryggingafélagið V v. slysafélagið A.

Ökumaður og eigandi bifhjóls varð fyrir slysi 22.6.2013. Tilkygning tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.7.2016 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 17.8.2016.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hann ók bifhjóli sínu þann 22.6.2013. M var fluttur á sjúkrahús og þá kom í ljós brot á vinstra hné og var hann settur í gips. Meðferð áverkanna var þannig að gipsið var fjarlæggt 12.8.2013. M var eftir það í meðferð hjá sjúkrahjálfa, en var dragheltur og leitaði því til sérfræðings í bæklunarskurðlækningum vorið 2014 og fór í aðgerð 26.5.2014. M segist hafa haft samband við lækningarnar þann 10.7.2014 og sagst eiga erfitt með gang, en lækningarnar sagði að það væri ekki óeðlilegt miðað við tímann sem liðinn væri frá aðgerðinni. M fékk síðan sterasprautu hjá lækningarnar í maí 2015, en fékk ekki bót meina sinna með því. Slysið M var tilkynt til V með tjónstilkynningu dags. 14.7.2015. Af hálfu M er því haldið fram að hann hafi fyrst gert sér grein fyrir að hann kynni að hafa hlotið varanlegt líkamstjón vorið 2015, þegar honum var ljóst að sterasprautan virkaði ekki. V hafnar bótaskyldu og telur að frestur til að tilkynna slysið hafi verið útrunninn þegar það var tilkynt sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. V tekur fram að aðgerð sú sem framkvæmd var á M 26.5.2014 hafi verið nokkuð flókin aðgerð þar sem fræsa þurfti bein og slétta og hreinsa bólgu/örvef. V segir að af fyrirliggjandi lækningavottorðum liggja fyrir að um alvarlegt slys hafi verið að ræða og telur V að M hafi fengið vitneskju um atvik þau sem krafa hans er reist á strax á slysið en slysið hafi verið tilkynt rúmum tveim árum eftir að það átti sér stað. V segir að verði ekki fallist á það að M hefði haft vitneskju um atvik sem krafa hans sé reist á þegar á slysið þá hafi honum ekki getað dulist það þann 12.9.2013 þegar M kom í lokaskoðun á Landspítala, en í allra síðasta lagi þegar M var vísað til sérfræðings í bæklunarlækningum. Auk þess telur V til þess að af dómafordæmi megi sjá að rétt sé að miða upphaf ársfrestsins til tjónstilkynningar við það tímamark þegar M hitti umræddan sérfræðing eða í síðasta lagi þegar sá tók M til aðgerðar 26.maí 2014.

Álit.

M varð fyrir nokkuð alvarlegum áverka í slysinu 22.6.2013, þar sem meðhöndla þurfti beinbrot í hné með gipsi. Þau einkenni sem M átti við að stríða eftir það leiddu til þess að hann leitaði til sérfræðings í bæklunarlækningum vorið 2014. Í ljósi þess að hann fór síðan í aðgerð hjá þeim sérfræðingi sama vor verður að telja að þá hafi M í síðasta lagi haft vitneskju um atvik sem krafa hans er reist á. M tilkynnti tjón sitt til V með tjónstilkynningu dags. 14.7.2015, en þá var sá árstilkynningarfrestur liðinn sem vísað er til í 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga. M á því ekki rétt á bótum úr slysafélaginu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysafélaginu A og ökumanns A hjá V.

Reykjavík 20.9.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 228/2016
M og
vátryggingafélagið V v. frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar.

Maður féll úr klettum og slasaðist þ. 5.9.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19.7.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf V dags. 26.7.2016.

Málsatvik.

M fór upp í Súlusker suður af Vestmannaeyjum til að sinna erindum og þegar því var lokið fór hann niður bratta til að komast niður úr skerinu. M segist hafa dottið þegar hann var að fara niður úr Súluskeri og misst takið á kaðli, sem þarna er til stuðnings fyrir þá sem fara um klettana, og þannig dottið í sjóinn og slasast. M krefst bóta úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá M og segir að um óhapp hafi verið að ræða en hann hafi ekki verið að stunda klettklifur í umrætt sinn heldur verið á þekktri leið upp og niður úr Súluskeri. V segir að slysið hafi orðið þegar M var að klífa niður þverhniptan klett á Súluskeri. Af hálfu V er á það bent að skv. b lið 25. gr. vátryggingaskilmála tryggingarinnar sé klettklifur undanskilin áhætta og eina leiðin til að komast upp og niður úr Súluskeri sé að klífa 60 metra háa þverhnipta kletta. V segir að orðalag ákvæðisins í vátryggingaskilmálum sé með þeim hætti að það taki til alls klettklifurs.

Álit.

Fyrir liggur að M var í umrætt sinn að klífa kletta þegar hann fór upp og ætlaði síðan niður úr Súluskeri. Um er að ræða þverhnipta eyju sem ekki er hægt að fara upp nema með því að klífa þverhnipta kletta sem þar eru. Það var M að gera í umrætt sinn þegar hann var á leið niður úr eyjunni. Klettklifur er undanskilin áhætta skv. b. lið 25.gr. vátryggingaskilmála og tekur það til alls klettklifurs þar sem engin takmörkun er gerð á því skv. ofangreindu ákvæði vátryggingarskilmálanna. Tilvísun til íþróttá í fyrirsögn ákvæðisins breytir ekki þeirri niðurstöður. M á því ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 6.9.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 229/2016
M og
vátryggingafélagið V v. húseigendatryggingar.

Vatnsleki veldur skemmdum á baðherbergi í íbúð á Langholtsvegi.

Gögn.

1. Málskot móttakið þann 21. júlí 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. ágúst 2016 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M er eigandi fasteignarinnar að Langholtsvegi og leigir út kjallaraíbúðina. Tildrög vatnslekans kveður M vera þau að leigjendur kjallaraíbúðarinnar tilkynntu honum þann 26. apríl 2016 um rakamyndun á vegg inn í baðherberginu. M fékk smíð til þess að skoða málið þann 28. apríl 2016 og var niðurstaða þeirrar skoðunar að líklega væri vatnsdren við húsið ónýtt eða ekki til staðar. M fékk gröfu á staðinn og þann 30. apríl 2016 kom grafa á staðinn. Kom þá í ljós að veggurinn væri heitur og því væri dreninu ekki um að kenna. M tilkynnti þá um tjónið til V. Samkvæmt M taldi V ekki þörf á því að senda skoðunar- eða viðgerðaraðila strax á staðinn heldur kom hann 2. maí 2016. Í skýrslu skoðunaraðila kemur fram að tjónið hafi verið skoðað, myndað og rakamælt, um sér að ræða leka í heitavatnslögn í vegg á baði og að lokað hafi verið fyrir vatnið. Einnig kemur fram vegna síðari skoðunar að veggur hafi verið brotinn til að leita að leka, lögnin tekin í sundur og töppuð til að koma á vatni á efri hæð, og að lagnir á baði séu ónýtar í veggnum.

V hafnaði bótaskyldu úr húseigendatryggingu með vísan til þess að ekki hafi verið um skyndilegan leka að ræða heldur langvarandi, vatnið sem olli tjóninu hafi hvorki streymt óvænt né skyndilega fram.

Álit.

Samkvæmt skilmálum húseigendatryggingar V bætir vátryggingin tjón af völdum vökva sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök sín innan útveggja og botnplötu húseignarinnar vegna bilunar eða mistaka. M telur að lekinn hafi verið óvæntur og skyndilegur og því ætti vátryggingin að bæta tjónið.

Teknar voru myndir af tjóninu og þær lagðar fram í málinu. Á þeim myndum sjást m.a. myglu- og ryðskemdir undir vaski, mikla útbungun og lok á veggflísnum og við sturtubotn, litbreytingar á fúgum, og ryð á rörum inni í veggnum. Allt þetta og það hvernig vatnslekinn kom fram á yfirborðið bendir sterklega til þess að um langvarandi vatnsleka og/eða raka hafi verið að ræða í veggjum baðherbergisins.

Vatnstjónstrygging húseigendatryggingar M hjá V tekur ekki til langvarandi utanaðkomandi smáleka eins og virðist vera um að ræða í fasteign M. M á því ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu húseigendatryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 230/2016

**M og
vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar fjölskyldutryggingar.**

**Tjónstilkynningarfræstur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga
nr. 30/2004 vegna slyss 22. ágúst 2012.**

Gögn.

Málskot, móttakið 22.7.2016

Bréf V, dags. 2.9.2016.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V dags. 10. júní 2015 kemur fram að M hafi slasast þegar hann var að slá grasblett í Þýskalandi þann 22. ágúst 2012. Líkamstjóni vegna slyssins er lýst þannig að M hafi misst framan af vísifingri hægri handar.

M telur að hann eigi rétt til bóta vegna afleiðinga slyssins úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. Hann telur að þó hann hafi ekki tilkynnt um slysið til V fyrr en tæpum þremur árum eftir að það átti sér stað, þá verði að líta til þess að atvik slyssins hafi verið þannig að hann hafi verið feiminn við að tilgreina þau og vantað hvatningu til.

V telur að M hafi mátt vera það ljóst mjög fljótlega eftir tjónsatvikið 22. ágúst 2012, að hann hafi orðið fyrir tjóni. Aðgerð hafi verið gerð strax í Þýskalandi þar sem fjærhluti fjærkjúku vísifingurs hægri handar hafi verið fjarlægður. V telur að þá hafi M mátt vera atvik að baki mögulegri kröfu í slysatryggingu fjölskyldutryggingar ljós. Í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 komi fram að vátryggður skuli tilkynna vátryggingafélagi um tjón sitt innan eins árs frá þeim tímapunkti. Það hafi M ekki gert og hafi hann því glatað rétti til bóta úr vátryggingu V.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr að því hvort M hafi innan árs frá því að hann vissi um atvik að baki kröfu sinni tilkynnt V um tjón á fingri. Þó almennt sé ekki alltaf hægt að fullyrða hvenær vátryggðum eru slík atvik ljós þegar um líkamstjón er að ræða, verður ekki hjá því komist að líta til þess hér að hluti af fingri M var fjarlægður með skurðaðgerð stuttu eftir tjónsatvikið sjálft 22. ágúst 2012. Verður að ætla að þá hafi M mátt vera ljós atvik þau sem geta leitt til bótakröfu hans vegna tímabundinnar eða eftir atvikum varanlegrar örorku í skilningi vátryggingarskilmála sem giltu um slysatryggingu fjölskyldutryggingar. M tilkynnti tjónið ekki til V fyrr en 10. júní 2015, eða tæpum þremur árum síðar. Þá var liðinn sá ársfræstur sem tilgreindur er í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Hefur M því, með vísan til þess ákvæðis, glatað rétti til bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 27. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 231/2016**M og
vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar A
og vátryggingafélagið V2 v/ábyrgðartryggingar B.****Vinnuslys við löndun 8. ágúst 2013.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 4.8.2016, ásamt gögnum.

Bréf V1, dags. 15.8.2016, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt lýsingu í lögregluskýrslu varð M fyrir líkamstjóni þegar hann var að hífa handtrillu (rafmagnshandtjakk) um borð í skip, en M kvaðst á vettvangi halda að stroffan sem trillan var húkkuð í hefði hrokkið úr króknum með þeim afleiðingum að trillan féll niður. M var starfsmaður hjá fyrirtækinu A þegar slysið varð og á vettvangi þegar lögregla kom á staðinn var verkstjóri hjá A og samstarfsmaður M hjá A. Þeir báru báðir að samstarfsmaðurinn hafi húkkað lykkjur stroffunnar, sem handtrillan var sett í, í krók á krana sem væri á vettvangi á vegum fyrirtækisins B. Ekki er upplýst að starfsmenn B hafi verið á slysstað. M leitaði til læknis og fór í aðgerð vegna brots á ökkla og var óvinnufær um nokkra hríð.

M telur að slys hans megi rekja til þess að aðbúnaður á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi. Annars vegar telur hann að sýnt sé að krókur á krana í eigu fyrirtækis B hafi verið í ólagi þannig að hann hafi geta opnast án þess að lás á króknum hafi verið opnaður og þannig skapað hættu. Hins vegar telur hann að rekja megi slysið til saknæmrar háttsemi samstarfsmanna sinna hjá fyrirtæki A, en þess hafi ekki verið gætt að setja stroffu nægilega vel í krók á krananum í ljósi þess að króksöryggið hafi ekki verið til staðar. Einnig bendir M á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins skv. lagaskyldu þar um í 79. gr. laga nr. 46/1980. M vísar einnig til fyrirmæla í umræddum lögum og reglum þeim tengdum um öryggismál á vinnustöðum.

V1 telur f.h. fyrirtækis A að það fyrirtæki beri ekki skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyss M. V1 vísar til ódagsettrar yfirlýsingar verkstjóra A, þar sem hann bætir við framburð sinn frá lögregluskýrslu og lætur í té mat sitt á því stroffa hafi verið nægilega fest í krókinn á krananum og ástæða þess að hún hafi losnað hafi sú að það hafi komið slynkur á stroffuna. Verstjóri A vísar til þess að byrði sú sem M hafi verið að hífa hafi verið á leið niður þegar hún féll og því sé líklegast að hann hafi sjálfur stjórnað hífingunni þannig að slynkur hafi komið á og þannig hafi slysið orðið. Einnig vísar V1 til öryggisreglna fyrirtækis A þar sem komi fram að þeir sem eru að hífa byrði eigi ekki að standa undir henni þegar híft er, en það hafi M gert. V2 telur fyrirtæki A ekki getað borið ábyrgð á mögulegum vanbúnaði króks í eigu fyrirtækis B.

V2 vísar til þess að ekki sé með nokkrum hætti staðfest að krani í eigu fyrirtækis B hafi verið vanbúinn, krókar hans hafi verið notaðir skömmu áður af skipverjum skipsins sem var verið að landa úr án athugasemda. Einnig hafði verið lokið við um 70% af löndun úr skipinu með því að nota umræddan krana að einhverju leyti og engar athugasemdir gerðar við starfsmenn B um um að hann hafi verið í ólagi. V2 telur því ljóst að fyrirtæki B beri ekki skaðabótaábyrgð vegna slyss M.

Álit.

Ekki var framkvæmd sérstök rannsókn á aðstæðum um leið og slysið varð af hálfu Vinnueftirlitsins og í ljósi afleiðinga þess verður að telja að vinnuveitanda M, fyrirtæki A, hafi verið skylt að tilkynna um það til Vinnueftirlitsins, sbr. skyldu sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 46/1980. Verður því, samkvæmt áralangri dómaframkvæmd Hæstaréttar, að leggja framburð M til grundvallar varðandi aðstæður á vettvangi. Ekki verður séð með skýrum hætti að fyrirtæki B hafi haft nægar upplýsingar til að tilkynna um slysið með sambærilegum hætti og fyrirtæki A. Verður því sambærileg skylda ekki lögð á fyrirtæki B.

Þegar litið er til framburðar M um aðstæður á vettvangi í aðdraganda slyssins er ljóst að samstarfsmaður hans bjó handtrilluna til hífingar. Af framburði umrædds samstarfsmanns má ráða að honum hafi verið ljóst að hægt væri að opna krók á krananum, sem notaður varð til hífingar, án þess að opna öryggislæsingu á króknum. Verður að ætla að við þær aðstæður hafi verið þeim mun meiri ástæða til þess að tryggja festingar áður en híft var. Óljóst er hvort slynkur kom á byrðina í hífingunni eða hvort hún rakst utan í eitthvað við hífinguna. Verður fyrirtæki A að bera hallann af því að ekki er nægilega sýnt fram á að búíð hafi verið þannig um festingar að öruggt væri að hífa umrædda byrði og ber það skaðabótaábyrgð vegna þess. Þó gögn málsins bendi til þess að krókur sá sem notaður var hafi verið þannig að hann gæti opnast án aflæsingar, er ekki nægilega sýnt fram á að krókurinn hafi verið vanbúinn í skilningi reglna þar um eða að starfsmönnum fyrirtækis B hafi verið það ljóst. Verður það því ekki talið bera skaðabótaábyrgð vegna slyss M.

Ekki verður séð af gögnum málsins að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi eða ásetning við vinnu sína, í skilningi 23. gr. a. í skaðabótalögum nr. 50/1993, þannig að hann beri hluta tjóns síns sjálfur. Almenn tilvísun til reglna fyrirtækis A um öryggismál breytir ekki því mati.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1 en á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 13. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 232/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðatryggingar S.

Starfsmaður slasaðist þegar henni skrikaði fótur 5.3.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22.7.2016 ásamt fylgiskjölum 1-14
2. Bréf V dags. 27.7.2016.

Málsatvik.

M bar 25 kg hrísgrjónapoka frá lagersvæði inn í eldhús og segir að vegna þyngsla pokans hafi henni skrikað fótur á hálu gólfinu, hún fallið niður og slasast. Í kjölfarið var M flutt með sjúkrabíl af vinnustað. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðatryggingu S og telur að slysið verði rakið til ófullnægjandi starfsaðstæðna og vísar til 1. mgr. 13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig vísar M til 37. gr. og 42. gr. laganna og reglugerðar nr. 499/1994. M segir að gólfið á vinnustað hennar hafi verið sleipt og orsök slyssins sé sú að M hafi verið látin bera of þunga byrði miðað við líkamsburði og styrk og gólfið sem M hafi gengið um hafi verið sleipt. V hafnar bótaskyldu og segir að S vinnuveitandi M segi að vagnar séu á vinnustaðnum til að flytja þunga hluti og hafi M staðið til boða og raunar verið skylt að nota hjálparkæmi til að flytja þyngri hluti eða þá kalla eftir aðstoð annarra starfsmanna. Þá bendir V á að M hafi ekki lagt fram nein gögn varðandi það að gólfefni á vinnustaðnum hafi verið hálta en vænta mátti á vinnustað sem þeim sem hér ræðir um. V bendir á að M hafi starfað hjá S frá árinu 2008 og því vel meðvituð um allar aðstæður og hættur á vinnustaðnum. V segir að ekki sé sýnt fram á að umrætt atvik megi rekja til atriða sem S beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins þegar í stað eða innan sólarhrings frá því að það átti sér stað. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna Vinnueftirliti ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Þegar tekið er tillit til þess hvað slys M var alvarlegt og flytja þurfti hana frá vinnustað á sjúkrastofnun í sjúkrabifreið, þá bar S að tilkynna slysið þegar í stað til Vinnueftirlitsins. Þessa gætti S ekki og tilkynnti slysið tæpri viku eftir að það átti sér stað. Við þær aðstæður hefur S sönnunarbyrðina fyrir því að atvik hafi verið með öðrum hætti en haldið er fram af hálfu M. Slík sönnun S liggur ekki fyrir og með vísan til lýsingar af hálfu M á aðstæðum á vinnustað verður á það fallist að S hafi orðið fyrir slysinu vegna ófullnægjandi starfsaðstæðna á vinnustað, svo sem lýst er í málskoti. M á því rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu S hjá V.

Reykjavík 20.9.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 233/2016
M og
vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar A.

Ágreiningur um ábyrgð á tjóni vegna hjólastillingar bifreiðar.

Gögn.

1. Málskot móttakið þann 26. júlí 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 27. júlí 2016 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M kveðst hafa farið með bifreið sína föstudaginn 15. júlí 2016 á verkstæði A í Fellsmúla til að láta hjólastilla bifreiðina. Telur M að ungir ómenntaðir drengir hafi verið látnir hjólastilla bifreiðina. Stillibolti mun hafa slitnað og yfirverkstjórinn stöðvað verkið. Kveður M að boltinn hafa verið rafsudaður fastur og svo ekki gert neitt meira. Mánudaginn 18. júlí 2016 kveðst hann hafa farið á verkstæði A á Ártúnshöfða til að leita ráða en þar sé M einnig vísað frá. Kveðst M þá hafa farið með bifreiðina á annað verkstæði til að gera við hana. M telur að A eigi m.a. að greiða reikninginn vegna vegna viðgerðarinnar.

V telur ósannað að starfsmenn A hafi viðhaft óforsvaranlegt verklag við vinnslu verksins, þ.e. að hjólastilla bifreið M.

Álit.

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnur á saknæma og ólögmæta háttsemi tjónvalds. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem færa sönnur á að A hafi viðhaft saknæma og ólögmæta háttsemi, sem leiða á til skaðabótaábyrgðar A gagnvart M. Verður því að telja skaðabótaábyrgð A ósönnuð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 234/2016

**M og
váttryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
váttryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

Árekstur á bifreiðastæði við Höfðabakka í Reykjavík 7. júní 2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 20.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 4.8.2016, ásamt gögnum.

Bréf V2, dags. 10.8.2016, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B þegar þeim var báðum ekið aftur á bak á bifreiðastæði. Af sameiginlegri tjónstilkynningu má ráða að bifreið B hafi verið ekið út frá merktu bílastæði en bifreið A hafi verið ekið aftur á bak eftir akstursleið bifreiðastæðisins.

M telur að bifreið B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem þeirri bifreið hafi verið í hlið bifreiðar A og hafi hann, sem ökumaður bifreiðar A, ekki haft nokkra möguleika á að koma í veg fyrir áreksturinn.

V1 tekur undir þessi sjónarmið M og telur að ökumaður bifreiðar B hafi átt að gæta frekari varúðar þar sem þeirri bifreið var ekið úr stöðureit bifreiðastæðis inn á akbraut þess og hafi því borið að veita bifreið A forgang.

V2 telur að aðgæsluskylda hafi hvílt með sama hætti á öikumönnum bifreiðanna þegar þeim var ekið aftur á bak, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og vísar til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 69/2010 og 64/2015 því til stuðnings.

Álit.

Ljóst er að öikumönnum sem aka aftur á bak ber að fara eftir fyrirmælum 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að þeim beri að ganga úr skugga um hvort það sé hægt að aka aftur á bak án hættu og óþæginda fyrir aðra. Ljóst er að ökumaður bifreiðar B var að aka út úr stöðureit á bifreiðastæði og bar að gæta að umferð um akleið bifreiðastæðisins. Ökumaður bifreiðar A var að aka á þeirri akleið rétt við stöðureiti á bifreiðastæðinu og bar við þær aðstæður einnig að gæta að því að sú akstursleið væri án hættu og óþæginda fyrir aðra. Verður ekki gerður sá greinarmunur á aðgæsluskyldu öikumanna hér að máli skipti við sakarmat. Verður hvorugur öikumanna talinn hafa gætt nægrar varúðar og eru ekki efni til að skipta sök öðruvísi en til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli öikumanna bifreiðar A og bifreiðar B.

Reykjavík, 20. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 235/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ lausafjártryggingar og innbústryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna innbrots í lagerhúsnæði.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.7.2016, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 5.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Á tímabilinu frá kl. 8 að morgni fimmtudags 18. febrúar 2016 til kl. 11 að morgni laugardags 20. sama mánaðar var brotist inn í húsnæði sem M hafði til umráða á jarðhæð að Grensásvegi í Reykjavík, en húsnæðið notaði hann bæði sem íverustað og geymslu fyrir vörur sem hann hugðist selja gegn endurgjaldi. Á þeirri hlið húsnæðisins sem snýr út í port eru tveir opnanlegir gluggar, hvor 85x36 cm að stærð og er neðri brún þeirra í 218 cm hæð frá jörðu. Segir í lögregluskýrslu að búið hafi verið að rífa stormjárn laust í öðru opnanlega faginu og líklega farið þar inn í húsnæðið en undir opnanlega faginu var búið að koma fyrir sorpgámi sem hafði verið komið þarna fyrir um einum eða tveimur mánuðum áður vegna annarrar starfsemi í húsinu. Þar sem engin loftræsting hafi verið í húsnæðinu hafi þurft að skilja opnanlegu fögin eftir opin með smá rifu og hafi það alltaf verið þannig.

Hefur M krafist bóta vegna þess sem stolið var úr lausafjártryggingu og innbústryggingu sinni hjá V, sölgleraugum fyrir allt að 1.800.000 krónur, svo og fimm ára gömlu hljóðboxi („sounddock“) af Bose gerð, en ekki er vitað um verðmæti þess. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að innbrotið megi rekja til brots á varúðarreglu í vátryggingarskilmálum.

Álit.

Í lausafjártryggingu þeirri sem M hefur í gildi hjá V er í gr. 24.1 að finna varúðarreglu sem segir að vátryggður skuli sjá til þess að húseign þar sem vátryggt lausafé er staðsett sé alltaf læst og öllum gluggum lokað og þeir kræktir aftur þegar enginn er í húseigninni. Efnislega samhljóða varúðarreglu er að finna í innbústryggingu þeirri sem M kveðst hafa hjá V. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga getur vátryggingafélag ekki borið fyrir sig varúðarreglu eins og hér um ræðir ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt lagagrein þessari borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Af gögnum málsins má vera ljóst að brotist var inn í húsnæðið þar sem gluggi var skilinn eftir opinn. Með því var brotin varúðarregla sem að framan greinir. Varúðarregla sem þessi hefur mikla þýðingu til að afstýra hættu á innbroti. Þegar til þessa er litið og húsnæðið var mannlaust í rúma tvo sólarhringa þar sem gluggi var opinn á þeirri hlið hússins sem snéri inn í port og tiltölulega auðvelt að komast inn um gluggann verður að líta svo á að sök vátryggðs sé nokkur og því sé rétt að skerða bætur til hans að hluta. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skerða bætur um 2/3 hluta og hann eigi því rétt á bótum að 1/3 hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 1/3 úr lausafjártryggingu og innbústryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 236/2016**M og
vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur við gatnamót Dalvegjar og Nýbýlavegjar 15. júní 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.7.2016

Bréf V1, dags. 19.8.2016, ásamt mynd af gatnamótum Dalvegjar og Nýbýlavegjar og úrskurði nefndarinnar í máli nr. 121/2010.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar A leitaði til lögreglu og lýsti árekstri við bifreið B á gatnamótum Dalvegjar og Nýbýlavegjar. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið kyrrstæð á gatnamótunum þegar bifreið B hafi verið ekið aftan á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kveðst einnig hafa verið kyrrstæður á gatnamótunum þegar bifreið A hafi verið ekið aftur á bak á bifreið B. Ökumönnum ber ekki alveg saman um þau samskipti sem áttu sér stað eftir áreksturinn en ökumaður bifreiðar A segir að bifreið B hafi verið ekið áfram en ökumaður bifreiðar B segir að kannað hafi verið með skemmdir, en þær hafi ekki verið neinar og ökumenn því haldið áfram för sinni. Farþegar í bifreið A bera um atvik eins og ökumaður bifreiðar A og farþegi í bifreið B ber um atvik eins og ökumaður bifreiðar B.

V1 telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B, sem hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða og sýnt sé að hann hafi ekið aftan á bifreið A.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr að því hvort sannað sé að atburðarás fyrir árekstur milli bifreiða A og B hafi verið þannig að bifreið B hafi verið ekið aftan á bifreið A eða að bifreið A hafi verið ekið aftur á bak á bifreið B. Ökumenn bera báðir um að bifreiðar þeirra hafi verið kyrrstæðar fyrir áreksturinn. Verða vitni í hvorri bifreiðinni talin það tengd ökumönnum að framburður þeirra hafi afgerandi áhrif á sönnunarstöðu í málinu. Það sem liggur því fyrir er hvort annar ökumanna verður að bera hallann af þeirri sönnunarstöðu sem er uppi í málinu, þar sem hvor ökumanna ber hinn sökum um að hafa ekið á bifreið sína. Þegar aðstæður eru skoðaðar á þeim gatnamótum sem áreksturinn varð verður ekki séð að á þeim sé slíkur halli að augljós hætta sé á að kyrrstæðar bifreiðar renni aftur á bak. Í 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að sá sem ekur á eftir öðru ökutæki skuli gæta þess að vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið, sem á undan fer stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Sérstök varúðarskylda hvíldi því á ökumanni bifreiðar B að hafa nægilegt bil á milli bifreiða. Við sönnunarmat telst ekki nægilega sannað að ökumaður bifreiðar A hafi ekið aftur á bak í greint sinn, þó sérstök varúðarskylda hvíli einnig á þeim sem það gerir, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af atvikum öllum verður því hallinn af sönnunarskorti lagður á ökumann bifreiðar B að hafa ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða og ber hann því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 4. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 237/2016
M og
vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Ágreiningur um tjónsuppgjör á bifreið vegna áreksturs þann 20. maí 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. júlí 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 23. ágúst 2016 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Enginn ágreiningur er um málavexti. Ekið var á kyrrstæða og mannlaus bifreið M þann 20. maí 2016 af hálfu ökumanns bifreiðar A sem er með ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V. A var í 100% órétti.

M gerir þá kröfu að V greiði út bifreið M vegna tjónsins sem varð á bifreiðinni, en V hefur hafnað þeirri kröfu. Í málskoti kemur fram í rökstuðningi fyrir kvörtun að bifreiðin hafi verið ný og að framvegis muni skráning í ferilskrá hjá skráningarstofu vera á þann hátt að hún hafi lent í tjóni. Sé hún því orðin verðminni en hún var fyrir áreksturinn.

Röksemdir V fyrir höfnun eru annars vegar að tjónið sé að fullu uppgert og hins vegar að ósannað sé að bifreiðin sé verðminni eftir tjónið og þá viðgerð sem framkvæmd hefur verið.

Þar sem í eðli sínu um er að ræða ágreining um tjónsfjárhæð þarf samþykki beggja máladaila til þess samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Með málskotinu er litið svo á að M sé því samþykktur og V hefur fyrir sitt leyti samþykkt afgreiðslu nefndarinnar.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins er nú þegar búið að gera við bifreiðina og hefur V greitt þann viðgerðarkostnað ásamt kostnað vegna bílaleigubifreiðar í fimm daga.

Öll viðgerð virðist hafa farið fram samkvæmt kröfum framleiðanda bifreiðarinnar. Ekkert tjón varð á burðarvirki bifreiðarinnar. Málskotsaðili hefur ekki lagt fram nein haldbær gögn sem sýna fram á það að bifreiðin sé verðminni eftir tjónsatburðinn og viðgerðina. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að bifreiðin verði þannig skráð hjá skráningarstofu að hún hafi lent í tjóni í ljósi þess að ekki varð tjón á burðarvirki hennar. Ekki er annað hægt að sjá af gögnum málsins en að gert hafi verið við bifreiðina á faglegan hátt. Verður því að hafna því að M eigi rétt á því að V greiði bifreiðina út eins og um altjón hefði verið að ræða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis A hjá V.

Reykjavík 20. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 238/2016
M og
vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar

Flygildi (dróni) lenti á tré og skemmdist 26.7.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 2.8.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 9.8.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M segist hafa verið að undirbúa að taka upp myndskleið af sumarbústað með því að láta flygildi fljúga í kring um bústaðinn. M segist hafa misreiknað hæð trjáa í nágrenni við bústaðinn með þeim afleiðingum að flygildið fór á tré og skemmdist auk þess sem myndavél sem er áföst flygildinu skemmdist. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V og segir að engin munur sé á flygildi og öðrum heimilistækjum. V bendir á að samkvæmt ákvæðum 10. gr. vátryggingaskilmála varðandi innbúskaskó taki vátryggingin til tjóns á vátryggðum lausafjármunum og ágreiningur í málinu varði hvort tjón M falli undir innbúskaskó-trygginguna skv. framangreindri 10.gr. V bendir á að skv. 9. gr. vátryggingarskilmála gildi innbúskaskó-trygging um lausafjármuni sem tilheyra innbúi vátryggðora og í 2.gr. vátryggingarskilmála sé tekið fram að vátryggingin taki til almenns og sérgreinds innbús auk almenns viðlegubúnaðar og tómstundaáhalda. V segir flygildið hvorki teljast til almenns eða sérgreinds innbús né almenns viðleguútbúnaðar og tómstundaáhalda og því falli þetta tilvik ekki undir trygginguna skv. 9. og 2. gr. vátryggingarskilmála.

Álit.

Innbúskaskó-trygging M tekur til almenns og sérgreinds innbús, auk almenns viðleguútbúnaðar og tómstundaáhalda. Flygildi það sem hér ræðir um kostar skv. upplýsingum V um 250 þúsund krónur og er með afar fullkomnum upptökubúnaði. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um útbreiðslu búnaðar sem þessa hér á landi en ekkert liggur fyrir um að útbreiðslan sé þannig að hgæt sé að skilgreina hann sem almennt tómstundaáhalda. Flygildið og sá búnaður sem á því er fellur því ekki undir þá skilgreiningu að teljast almenn tómstundaáhöld. M á því, þegar af þeirri ástæðu, ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 6.9.2016.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 239/2016
M og
vátryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar L.

Afleiðingar aðgerðar á tveimur fingrum hægri handar þann 29. október 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þann 2. ágúst 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 10. ágúst 2016, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins leitaði M til L fyrst þann 24. september 2013 vegna langvarandi eymsla í handarbaki hægri handar auk smella og læsinga í löngutöng. Samkvæmt sjúkraskrá var M greindur með s.k. Trigger finger. Þann 29. október 2013 framkvæmdi L aðgerð á löngutöng og baugfingri hægri handar M. M kveður batann hafa verið mjög hægan, hann hafi ekki náð fullri réttu í fingurna tvo og hafi fundið fyrir kraftleysi í þeim. Spelka sem L útbjó skilaði takmörkuðum árangri. M sótti enn fremur sjúkrahjálfun fram á árið 2014. Í læknaþréfi vegna endurkomu M til L þann 3. apríl 2014 kemur fram að augljós ástæða réttiskerðingar sé örmyndun og jafnvel birting lófakreppu, þó erfitt væri að fullyrða um það.

M telur sig hafa orðið fyrir tjóni í kjölfar aðgerðarinnar hjá L, en tjónið felst í takmarkaðri hreyfigetu og minni krafti í löngutöng og baugfingri hægri handar. Þessi eftirköst hafi leitt til þess að M hefur átt erfitt með að sinna starfi sínu. M byggir á því að aðgerðin hafi valdið tjóni M og að það hafi verið mistök að framkvæma aðgerð á tveimur fingrum, en ekki bara löngutöng.

M leitaði svo álits annars læknis þann 21. maí 2014 og var niðurstaða hans sú að líklega væru lófakreppubreytingar að hindra fulla réttu og trufla, en lækninum sýndist sinarnar vera fríar. Krafist er bóta úr sjúklingatryggingu L hjá V.

V telur að ekki sé fyrir hendi bótaskylda úr sjúklingatryggingu L hjá V. Bendir V á að M hafi sérstaklega samþykkt aðgerð á tveimur fingrum og að engin læknisfræðileg greining sé til staðar sem staðfesti að betra hafi verið að gera minni aðgerð eða að það hefði breytt einhverju varðandi þau einkenni sem M þjáist af í dag.

Álit.

Gert er ráð fyrir því að aðallega sé byggt á því af hálfu M að L eigi að bera skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda sé tjónið að öllum líkindum að rekja til þess atviks sem fram kemur í 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000: „Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.“

Þegar lítið er til gagna málsins í heild verður að líta til þess að mat nefndarinnar tekur mið af því að nefndarmenn eru ekki sérfróðir á sviði læknisfræði og byggja mat sitt því eingöngu á þeim gögnum sem liggja fyrir.

Þegar tekið er mið af öllum fyrirliggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að ekki liggi fyrir með óyggjandi hætti að aðgerðinni hafi ekki verið hagað eins vel og unnt var og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Ekki hafa verið lögð fram læknisfræðileg gögn sem sýna fram á að aðgerðin sem L framkvæmdi falli undir 1. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000. Verður því að hafna bótaábyrgð L.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 240/2016**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingu X.****Skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið 27. maí 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 51.8.2016, ásamt gögnum, þ.á.m. lögregluskýrslu, greinargerð frá X, myndum og bréfi V dags. 23.6.2016.

Málsatvik.

Tjón varð á bifreið M þegar henni var ekið aftur á bak á bifreiðaplani í hesthúsahverfi við Heimsenda. Bifreiðinni var ekið á járnstút sem rakst upp undir vélarþönnu bifreiðarinnar og gerði á hana gat þannig að olía lak út og tjón varð á bifreiðinni. Í lögregluskýrslu kemur fram að járnstútur sá sem bifreiðin lenti á var lok ofan af vatnsloka.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu þar sem það megi rekja til ófullnægjandi frágangs starfsmanna X vegna framkvæmda sem höfðu verið á vegum X nokkru áður á svæðinu. Ljóst sé af því hvernig skilið hafi verið við járnstykkið að það hafi ekki verið gert á fullnægjandi hátt og vísar M til mynda af vettvangi vegna þess. Einnig vísar M til frágangs eftir tjónsatburðinn og staðsetningar á bifreiðaplani þar sem búast megi við umferð.

V vísar til upplýsinga frá X um aðstæður á vettvangi en þar hafi svokölluð spindillokahús væntanlega verið rifin upp af snjóruðningstækjum fyrr um veturinn. Starfsmenn X hafi hins vegar ekki fengið upplýsingar um aðstæður fyrr en tveimur dögum eftir tjónsatvikið og hafi þá gert ráðstafanir til að laga aðstæður. Verði því ekki séð að hægt sé að rekja tjón á bifreið M til gáleysis starfsmanna X, gengið hafi verið frá umræddu loki á fullnægjandi hátt en utanaðkomandi aðstæður sem starfsmönnum X var ekki kunnugt um hafi leitt til þess að járnstútur stóð upp úr bifreiðaplani því sem ökumaður bifreiðar M ók um.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að bifreið M var ekið á járnstút sem lá á bifreiðaplani. Þó framkvæmdir hafi mögulega verið hjá X löngu áður á umræddu plani verður ekki talið sannað að þannig hafi verið búið um svokölluð spindillokahús að járnstúturinn hafi verið með þessum hætti á bifreiðaplaninu frá þeim framkvæmdum. Ekki verður heldur talið sannað, gegn ummælum í skýrslu starfsmanna X, að þeim hafi verið kunnugt um að lok hafi losnað og/eða járnstútur væri á bifreiðaplaninu við hesthús M. Hallann af þessum sönnunarskorti ber sá sem gerir kröfu í ábyrgðartryggingu, en honum ber að sanna að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi af hálfu þess sem krafinn er um skaðabætur. Verður því ekki, m.v. þau gögn sem liggja fyrri í málinu, fallist á að X beri skaðabótaábyrgt á tjóni M og að greiðsluskylda hafi þannig myndast úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 241/2016**M og
vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og vátryggingafélagið V2 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur við framúrakstur og vinstri beygju á Álftanesvegi 23. júlí 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur V2, dags. 11. ágúst 2016.

Bréf V1, dags. 22.8.2016, ásamt myndum af vettvangi og tilvísun til fyrri úrskurða nefndarinnar.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B þegar þeim var báðum ekið norður Álftanesveg, bifreið B á eftir bifreið A. Ökumaður bifreiðar A kvaðst hafa orðið var við að vélarljós byrjaði að lýsa í mælaborði bifreiðarinnar og hafi hann því ákveðið að stöðva bifreiðina með því að aka henni til vinstri út af veginum og þá hafi orðið árekstur við bifreið B sem ekið hafi verið framúr. Ökumaður bifreiðar A kvaðst ekki hafa orðið var við bifreið B fyrir en árekstur varð. Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa ekið fram á bifreið A þar sem henni hafi verið ekið hægt eftir Álftanesvegi og því ákveðið að fara fram úr bifreið A. Í sömu mund hafi ökumaður bifreiðar A ekið til vinstri í veg fyrir bifreið B þannig að árekstur varð. Í lögregluskýrslu kemur fram að vitni hafi ekið bifreið sinni einnig eftir Álftanesvegi og hafi ökumaður bifreiðar B verið að taka fram úr bifreið vitnisins og bifreið A þegar árekstur varð með þeim bifreiðum. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið á 80 km/klst, en hámarkshraði á Álftanesvegi er 70 km/klst.

M (ökumaður bifreiðar A) telur ekki rétt að hann beri alla sök á árekstrinum fyrir að beygja til vinstri á veginum þar sem ökumaður bifreiðar B hafi verið að taka fram úr tveimur bifreiðum.

V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málskotsins en vísar til gagna málsins og telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar A fyrir að gæta ekki að umferð fyrir aftan sig þegar hann beygði til vinstri á Álftanesvegi. V2 telur að það eigi að leggja alla sök eða, hið minnsta, meirihluta sakar á ökumann bifreiðar B fyrir að aka fram úr tveimur bifreiðum og þannig yfir hálfbrotna miðlínu, á of miklum hraða og án nægrar aðgæslu. Í bréfi V2 er vitnað til fyrri úrskurða nefndarinnar varðandi sakarskiptingu við vinstri beygju og framúrakstur, m.a. mála nr. 112/2016, 261/2014, 120/2013, 164/2012 og 383/2015.

Álit.

Sá sem fer framúr annarri bifreið á akbraut verður að gæta að ákvæðum 20.-22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram kemur að ávallt beri að sýna aðgæslu við framúrakstur. Einnig kemur fram í 23. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995 að þeim sem ekur yfir hálfbrotna miðlínu ber að hafa í huga að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð. Sá sem beygir til vinstri á akbraut verður hins vegar að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig þegar hann tekur vinstri beygju, sbr. fyrirmæli í 2. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. umferðarlaga. Einnig ber þeim sem ekur með þessum hætti til vinstri einnig að gæta fyrirmæla fyrrgreinds ákvæðis 23. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995.

Við mat á sakarskiptingu skv. 89. gr. umferðarlaga verður að horfa til atvika og aðstæðna í hverju máli fyrir sig. Í einhverjum málum eru málsatvik og aðstæður þess eðlis að jafna má þeim til annarra mála og sakarskipting því eins, en í öðrum ekki. Í þessu máli verður ekki fullyrt um hvort aðstæður eru að öllu leyti í samræmi við önnur mál nefndarinnar sem vísað hefur verið til.

Hér verður annars vegar litið til þess að varúðarskylda þess sem ekur fram úr, sérstaklega ef hann ekur fram úr tveimur bifreiðum í einu er sérstaklega rík og verður því að meta ökumanni bifreiðar B það til sakar ekki hafa gætt umræddrar varúðar nægilega vel þegar hann ók fram úr tveimur bifreiðum í einu, yfir merktum hámarkshraða.

Hvað varðar ökumann bifreiðar A var hann að bregðast við mögulegri bilun bifreiðarinnar vegna vélarljóss í mælaborði. Gögn málsins sýna ekki með skýrum hætti að hann hafi gefið stefnumerki í tæka tíð áður en hann ók til vinstri eða að hann hafi litið eftir umferð sem á eftir honum var eins og honum bara að gera.

Við mat á endanlegri sakarskiptingu verður að hafa í huga að rík varúðarskylda hvíldi á báðum ökumönnum í aðdraganda árekstursins. Þar hafði þó ökumaður bifreiðar B, sem ók fram úr tveimur bifreiðum í einu, í þessu tilviki aðeins ríkari varúðarskyldu en ökumaður bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B ber því $2/3$ hluta sakar en ökumaður A ber $1/3$ hluta sakar.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B ber $2/3$ hluta sakar en ökumaður bifreiðar A ber $1/3$ hluta sakar.

Reykjavík, 13. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 242/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna farmtryggingar X.****Ágreiningur um ryðskemmdir á borvagni í flutningi 11. – 16. mars 2016.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 8.8.2016

Bréf V, dags. 5.9.2016, ásamt myndum og skoðunarskýrslu.

Bréf M, dags. 8.9.2016, ásamt myndum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram M lét flytja fyrir sig borvagn með skipi frá Rotterdam til Reykjavíkur í mars sl. Í váttryggingarskírteini vegna farmtryggingar X kemur fram að umræddur borvagn sé sérstaklega váttryggður og um farmtrygginguna gildi váttryggingarskilmálar fyrir flutningstryggingu (A).

M telur að það hafi orðið tjón á borvagninum í flutningnum þar sem greinilega sjáist að ryðskemmdir séu á tjökkum og öðrum búnaði hans. Umræddur borvagn hafi verið keyptur nýr og ónotaður frá viðurkenndum framleiðanda og séu því allar líkur á því að ryðskemmdir hafi komið til vegna þess að saltvatn hafi komist að tækinu í sjóflutningnum. Tækið hafi verið tryggt í þeim flutningi og greiðsluskylda V því fyrir hendi.

V telur að umræddur vagn hafi verið fluttur „neðan dekks á fleti“ í skipi X og sé því ólíklegt að sjór eða saltvatn hafi komist að tækjum hans. Einnig vísar V til þess að í sérstakri skoðunarskýrslu komi fram að við skoðun 21. mars 2016 hafi ekki fundist nein ummerki saltvatns eða sjávar á vagninum. V telur ekki sýnt að M hafi orðið fyrir tjóni vegna þess ryðs sem fannst við skoðun á borvagninum, annars vegar að það sé ekki sannað að í því felist tjón og hins vegar að það sé ekki sannað að það hafi komið til við flutninginn. Ekki hafi verið lögð fram gögn um ástand borvagnsins fyrir flutninginn eða sönnun um tjóns yfirhöfuð.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum er gildissvið farmtryggingarinnar skilgreint í gr. 1.1. Þar kemur fram að váttryggingin „bætir allt tap eða skemmdir á hinu váttryggða, þó með þeim undantekningum sem segir í 2., 3., 4. og 5.gr. (grein) hér að neðan.“ Orðalagið „allt tap eða skemmdir á hinu váttryggða“ verður ekki skilið öðruvísi en að váttryggður þurfi að sýna fram á annað hvort tap eða skemmdir til þess að fallist sé á bótaskyldu úr váttryggingunni. Í þessu máli er ljóst af sérstakri skoðunarskýrslu að ryð var á búnaði borvagns M þegar hann var skoðaður um fimm dögum eftir að hann kom til landsins með skipi. Ummæli M um í hvaða ástandi borvagninn var keyptur hafa ekki verið rengd og verður lagt til grundvallar að hann ástand hans hafi verið þannig þegar hann var sendur af stað að ekki hafi verið á honum ryð. Verður að túlka orðalag váttryggingarskilmála með þeim hætti að orðið skemmdir verði ekki túlkað öðruvísi en að það taki til ryðsins. Ekki verður því litið framhjá því að gildissvið váttryggingarskilmála sé uppfyllt að því leyti, en engar undantekningar á bótaskyldu eiga við skv. 2.-5. gr. skilmálanna. Nefndin tekur ekki afstöðu til ágreinings um bótafjárhæð nema að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina, sbr. auglýsing nr. 1090/2005. Slíkt liggur ekki fyrir og er því einungis fjallað um bótaskyldu en ekki um mögulega bótafjárhæð.

Niðurstaða.

Gildissvið váttryggingarskilmála um skemmdir á borvagni M er uppfyllt vegna farmtryggingar hjá V.

Reykjavík, 4. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 244/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar G.

Rafmagnshlið með slá lokaðist á þak bifreiðar þann 25.4.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9.8.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2.
2. Bréf V dags. 18.8.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M segist hafa verið á bifreið sinni og beðið í röð til að komast inn á gámasvæði G og verið annar í röðinni. Þegar bifreið sú sem var á undan bifreið M ók í gegnum rafmagnsstýrt hlið með slá lyftist sláin og tók M þá ákvörðun að aka á eftir þeirri bifreið með þeim afleiðingum að sláin lokaðist í þak bifreiðar hans og bifreiðin varð fyrir skemmdum. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu G vegna tjóns á bifreiðinni og segir að engar upplýsingar séu við hliðið um það hvernig skuli aka í gegnum það. Í lögregluskýrslu kemur fram að hliðinu er stjórnað með fjarstýringu sem starfsmenn eru með og það eina sem hægt væri að gera með fjarstýringunni væri að opna hliðið, en hliðinu væri ekki lokað með fjarstýringunni. Þá kom einnig fram að þegar bifreið er ekið um hliðið þá lokast hliðið með því að sláin fer niður þegar viðkomandi bifreið er ekið úr hliðinu. V hafnar bótaskyldu og segir málið snúast um það hvort starfsfólk G hafi sýnt sagnæma háttsemi sem G beri skaðabótaábyrgð á. V segir að starfsfólk G loki ekki hliðinu þegar bifreið hafi verið ekið í gegn um það heldur fari sláin niður sjálfkrafa um leið og nemi á hliðinu nemur að bifreið hefur verið ekið í gegn um það. V segir að M hafi mátt vita að einungis hafi verið að hleypa einum bíl í gegn um hliðið en ekki tveim og honum hafi ekki verið gefið merki um að hann mætti aka inn á svæði G. V telur því að tjón M verði einungis rakið til eigin sakar hans sjálfs og starfsmaður G hafi ekki gert neitt rangt.

Álit.

Staðfest er í lögregluskýrslu að ekki eru sérstakar merkingar eða leiðbeiningar við rafmagnshliðið sem M ætlaði að aka í gegnum. Verður það eitt og sér ekki talið sagnæmt af hálfu G. Fyrir liggur að hliðinu sem M hugðist aka í gegn um er stjórnað með fjarstýringu til að opna það, en það lokast sjálfkrafa þegar bíl hefur verið ekið í gegnum hliðið. Starfsfólk G stjórnar því ekki lokun hliðsins. Það að sláin hafi farið í þak bifreiðar M er því ekki vegna sérstakra atvika sem starfsfólk G stýrði. Útbúnaður eins og sá sem hér um ræðir þ.e. sláarhlið sem lokast þegar einni bifreið hefur verið ekið um það er algengur bæði hér á landi og almennt verður að gera ráð fyrir að öikumenn þekki til slíks útbúnaðar og hvernig hann virkar. Verður ekki talið varhugavert að ætla að almennt lokist sláarhlið þegar einni bifreið hefur verið ekið um það og að næsti ökumaður verði að bíða eftir merki um að óhætt sé að aka í gegnum hliðið. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á sök starfsfólks G á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá M.

Reykjavík 20.9.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 245/2016
M og
vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar kranans A.

Krafa um fullar bætur vegna tjóns á krana sem rakst upp undir brú 20.5.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12.8.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 31.8.2016 ásamt fylgiskjölum 1-5

Málsatvik.

Bifreið með krananum A var ekið eftir Suðurlandsvegi í átt til Reykjavíkur. Þegar ekið var undir brúna við Hádegismóa rakst kraninn undir brúna þannig að tjón varð á honum. M telur að einungis hafi verið ekið með kranann í nokkurra sentimetra hærrí stöðu en vanalega og sú háttsemi geti ekki talist stórkostlegt gáleysi af hálfu ökumanns bifreiðarinnar. M krefst fullra bóta úr kaskótryggingu A hjá V. V telur að tjóni á krananum hafi verið valdið með stórkostlegu gáleysi ökumanns bifreiðarinnar sem ók með kranann og vátryggðum verði samsamað með þeirri háttsemi á grundvelli 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Með vísan til þess telur V að skerða beri bætur til handa M um helming (50%) skv. heimild í 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga og 9. gr. sameiginlegra skilmála V nr. YY10. V bendir á að í reglugerð nr. 155/2007 komi fram að leyfileg hæð ökutækis sé 4.20 m. frá yfirborði vegar og hafi M eða þeim sem hann ber ábyrgð á verið skylt að fara eftir þeim ákvæðum. Kraninn sem um ræðir hafi rekist upp undir brú sem er 5.33 m á hæð og því staða kranans langt yfir leyfilegum mörkum. V telur að frávikin varðandi hæð kranans hafi verið það veruleg að skýrlega hafi verið brotið gegn ákvæði umræddrar reglugerðar og að ökumanni umræddrar bifreiðar hafi borið að sýna ríka aðgæsluskyldu og vísað er til þekkingar hans og menntunar í því sambandi.

Álit.

Hæð kranans sem rakst upp undir brúna á Suðurlandsvegi við Hádegismóa var töluvert meiri en leyfð hámarkshæð sbr. reglugerð nr. 155/2007, eða rúmlega einn metri. Hæð kranans var svo mikil að hann rakst í umrædda brú þegar aka átti undir brúna. Ökumanni bifreiðarinnar, sem er atvinnubifreiðastjóri, mátti vera það ljóst að hæð kranans væri slík að hætta væri á að kraninn rækist í brúna. Ökumaðurinn bifreiðarinnar sýndi verulega óaðgæslu við aksturinn þegar hann ók undir brúna. Þá óaðgæslu verður að virða honum til stórkostlegs gáleysis. V er því heimilt að skerða bætur til M með vísan til 9. gr. vátryggingarskilmála nr. YY10, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga. Eftir atvikum þykir rétt að bótaréttur M skerðist um helming kaskótryggingunni. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að V hafi nú þegar greitt helming tjónsins og á M því ekki rétt á frekari bótum.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá helming tjóns síns bætt úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík 20.9.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 246/2016

M
og
fyrirtækið V v/ óþekkts ökutækis.

Ágreiningur um bótaskyldu er maður féll af reiðhjóli.**Gögn.**

Málskot, móttækið 11.8.2016, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 25.8.2016.

Málsatvik.

Síðdegis 18. september 2014 hjólaði M á ljósastur við innkeyrslu að bifreiðastæði við KR heimilið við Kaplaskjólsvæg í Reykjavík og féll hann í götuna. Við óhappið viðbeinsbrotnaði M vinstra megin. M gaf skýrslu hjá lögreglu 15. október 2014. Í skýrslunni er haft eftir honum að hann hafi hjólað eftir Kaplaskjólsvægi til norðurs og er hann kom að innkeyrslu að KR heimilinu hafi bifreið komið úr gagnstæðri átt. Hann hafi misreiknað hraða bifreiðarinnar og hjólað yfir innkeyrsluna. Kvað hann bifreiðina hafa farið hraðar en hann áttaði sig á og því stigið hjólið fastar til að koma sér af veginum. Á hann hafi komið fát sem hafi verið svo mikið að hann hafi ekki séð ljósastaur handan við götuna og hjólað á hann af miklu afli og fallið á gangstéttina. Við það að hjóla á lausastaurinn hafi hann fengið mikið högg á vinstri öxl.

Ekki er vitað hver sú bifreið var sem bar að í þeirri andrá sem M hjólaði yfir innkeyrsluna og lenti á ljósastaurnum. M kveðst hafa orðið fyrir því tjóni, sem hann hlaut við slysið, af völdum hinnar óþekkta bifreiðar. Hefur hann krafist bóta fyrir tjón sitt úr hendi V með vísan til 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmaeltar ökutækjatrýggingar. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 skal V sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfæranda vegna slyss á Íslandi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúins ökutækis. Svo virðist sem engin vitni hafi verið að atvikinu og er M einn til frásagnar um það hvernig það bar að höndum. Samkvæmt frásögn hans mun hann hafa stigið hjól sitt fastar og komið á hann fát er hann áttaði sig á að hann hafi misreiknað hraða bifreiðarinnar sem þarna mun hafa borið að. Ekki verður frekar ráðið af frásögn M hvernig hin óþekkta bifreið nálgadist og í hverju sú hætta fólst sem átti að hafa stafað af henni. Þegar af þeirri ástæðu, sem og gögnum málsins að öðru leyti, þykir M ekki hafa leitt nægar líkur að því að ætla megi að tjón hans hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúins ökutækis. Greiðsluskylda hefur því ekki stofnast hjá V vegna máls þessa.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda V er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 20. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 247/2016
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Takmörkum ábyrgðar vátryggingafélags vegna slyss 10.7.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10.8.2016 ásamt fylgiskjölum 1-22
2. Bréf V dags. 18.8.2016 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M féll aftur fyrir sig á leið upp stiga í stigagangi á leið upp í íbúð sína. M krefst bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinni hjá V og segir ekki liggja ljóst fyrir hvernig atvikið átti sér stað nákvæmlega og hann hafi vissulega verið undir áhrifum áfengis en það hafi ekki skipt máli og ekki séu bein orsakatengsl á milli áfengisneyslu og slyssins. M segir að slysið hafi verið dæmigert óhapp. V segir að við komu á bráðamóttöku LSH hafi verið tekin blóðprufa af M og skv. niðurstöðu hennar hafi M verið með áfengismagn í blóði sem svarar til 2.47 prómilla og hafi V því fellt niður ábyrgð sína með vísan til 2. mgr. 10. gr. vátryggingarskilmála vátryggingar M og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. V telur að ölvun M hafi verið slík að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða og hafi M verið ofurölvi við komu á bráðamóttöku. V bendir á að í greinargerð með frumvarpi að lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 sé talað um ölæði þegar áfengismagn í blóði teljist í námunda við 1.60 prómill og M verið langt yfir þeim mörkum í umrætt sinn. V byggir á því að það hafi verið beint orsakasamband milli ölvunar M og þess að hann datt í stiganum.

Álit.

Miðað við það áfengismagn sem mældist í blóði M við komu á bráðamóttöku LSH var hann ofurölvi þegar hann féll í tröppunum. Ölvun M var svo mikil að hann ekki verður annað séð en að háttsemi hans sem leiddi til falls hans við að ganga upp stigann í greint sinn hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi og að beint orsakasamband sé á milli þeirrar háttsemi og þess að hann féll í stiganum. Með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga er V heimilt að takmarka ábyrgð sína. Eins og kemur fram í tilvitnuðu ákvæði ber, við úrlausn á þessum atriðum líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fikniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir um aðdraganda slyss M verður ekki annað séð en að sök hans hafi verið mikil í þeim skilningi að hann féll í stigagangi án þess að séð verði að nokkur fyrirstaða hafi verið og var undir gríðarlega miklum áhrifum áfengis. Rétt þykir með vísan til ofangreinds að M sæti skerðingu bóta um 2/3 hluta en fái tjón sitt bætt að 1/3 hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum sem nema 1/3 hluta af bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar, en sætir skerðingu bóta um 2/3 hluta.

Reykjavík 6.9.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 249/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Skaðabótaábyrgð vegna vatnstjóns 25. júlí 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 12.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 14.9.2016, ásamt gögnum, þ.á.m. tjonstilkynning dags. 2.8.2016, tölvupóstur frá X dags. 3.8.2016, skýrsla X dags. 9.9.2016 og leiðbeiningar um hönnunarrennsli skólps og ofanvatns og höfnunarbréf V dags. 5.8.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að flætt hafi upp úr klósetti og niðurföllum í miklu vatnsveðri sem varð 25. júlí sl. í vesturbæ Reykjavíkur. M vísar til þess að vatn hafi flætt um íbúð hans og hann hafi orðið fyrir tjóni á innbúi, innréttingum og rafmagnstækjum auk þess sem hann hafi misst leigutekjur vegna þess tíma sem hann hafi ekki getað leigt íbúðina út. M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjónsins og rekur það til þess að frárennsliskerfi hafi ekki virkað sem skyldi. M bendir á að svipaðar aðstæður hafi komið upp í lok árs 2007 og hafi X því átt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þær gætu komið upp aftur.

V vísar til gagna sem aflað var hjá X um hönnun frárennsliskerfis og gagna um úrkomu víðsvegar um borgina. V telur ósannað að eitthvað hafi verið athugavert við hönnun frárennsliskerfis X og ekki hafi verið lögð fram gögn sem sýni fram á hvort og þá hvernig það atvik sem M vísar til í málskoti, tæpum tíu árum áður, átti sér stað og hvaða ráðstafana X hefði átt að grípa til í kjölfarið. Gögn sýni að frárennsliskerfið sé hannað í samræmi við sambærileg slík kerfi annars staðar auk þess sem veður geti verið þannig að úrkoma sé mismunandi milli hverfa í Reykjavík á sama tíma. Ekki hafi því verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð X.

Álit.

Almennar reglur skaðabótaréttar gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að tjón hans sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar annars beri sönnunarbyrðina fyrir því að atvik eða aðstæður séu með þeim hætti. Í málinu liggur fyrir að úrkoma var mjög mikil á tilteknu svæði í Reykjavík. Það að frárennsliskerfi X ráði ekki við slíkt vatnsmagn á stuttum tíma er leiðir ekki sjálfkrafa til skaðabótaábyrgðar X. Ekki hefur verið sýnt fram á að frárennsliskerfi X hafi verið ranglega hönnuð eða að starfsmenn X hafi sýnt gáleysi í störfum sínum vegna þeirra aðstæðna sem upp komu. Verður því ekki fallist á að bótaskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna vatnstjóns M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 250/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ forfallatryggingar.****Maður missti af utanlandsferð vegna hjartabilunar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 22.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 22. janúar 2016 keypti M flugfar vegna orlofsferðar til Alicante á Spáni með brottför 26. mars sama ár. M var lagður inn á spítala 16. mars. Í fyrirbyggjandi læknisvottorði, dags. 31. mars 2016, er veikindum M lýst sem versnandi hjartabilun. Í vottorðinu er svarað játandi þeirri spurningu að M hafi verið til meðferðar vegna sama eða tengds heilsufarsvanda síðastliðið eitt ár og sagt að um dreifðar læknakomur á göngudeild hafi verið að ræða á síðastliðnu ári. Í öðru vottorði læknis, dags. 23. mars 2016, kom fram að M væri af heilsufarsástæðum óhæfur til ferðalaga.

M hafði í gildi forfallatryggingu hjá V og hefur krafist bóta úr váttryggingunni vegna óendurkræfs ferðakostnaðar. V hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að M hafi verið til meðferðar vegna sama eða tengds heilsufarsvanda og varð þess valdandi að hann komst ekki í orlofsferðina. M vill ekki una þeirri niðurstöðu og telur V bera fyrir sig að ári áður hafi hann verið lagður inn á sjúkrahús vegna blóðtappa sem ekki geti flokkast undir að vera sami sjúkdómur og hjartabilun.

Álit.

Samkvæmt 16. gr. í skilmálum ferðatryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar bætir félagið ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur allt að váttryggingafjárhæð vegna ferðar sem hinn váttryggði kemst ekki í ef ástæðan er m.a. veikindi hins váttryggða enda vottað af starfandi lækni. Í 17. gr. skilmálanna eru talin upp tilvik sem leiða til þess að félagið sé undanþegið bótaskyldu. Segir þar að félagið greiði ekki m.a. kröfur vegna veikinda og sjúkdóma sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Af læknisvottorði því sem að framan greinir verður ekki annað ráðið en M hafi notið lækni meðferðar vegna hjartabilunar á göngudeild síðastliðna sex mánuði áður en fargjaldið var greitt. Téð undanþáguákvæði váttryggingarskilmálanna á því við hér sem leiðir til þess að M á ekki rétt á bótum úr ferðatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu hjá V.

Reykjavík, 20. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 251/2016**M og
váttryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
váttryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á gatnamótum Hólavegar og Hjaltadalsvegur 1. júlí 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 22.8.2016, ásamt gögnum.

Bréf V1, dags. 1.9.2016.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á gatnamótum Hólavegar og Hjaltadalsegar rétt vestan við Laufskálarétt í Skagafirði. Bifreið A var ekið eftir Hólavegi til austurs þegar bifreið B var ekið af Hjaltadalsvegi til norðurs inn á Hólaveg til vesturs. Engin umferðarmerki voru á vettvangi um forgang umferðar, en einhverjar leiðbeiningar höfðu verið settar upp í nágrenni gatnamóta til að stýra umferð vegna hestamannamóts á svæðinu.

M telur að hún hafi ekið bifreið A á malbikaðri aðalbraut og eigi því að leggja alla sök á bifreið B sem hafi verið ekið inn af ómalbikuðum Hjaltadalsvegi inn á aðalbraut í veg fyrir umferð. M vísar til þess að Vegagerðin hafi sett upp biðskyldumerki af Hjaltadalsvegi eftir óhappið sem stýri umferð í þann rétta farveg.

V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málskotsins en V2 telur að fullyrðingar M um umferðarforgang séu ósannaðar. Það séu engin umferðarmerki til að stýra umferð og verði því að líta til fyrirmæla í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem komi fram að sá sem hefur hinn á hægri hönd skuli veita forgang. Það sé ljóst í málinu að bifreið A hafi haft bifreið B á hægri hönd og verði því að leggja alla sök á bifreið A.

Álit.

Í 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 koma fram leiðbeiningar í formi fyrirmæla til ökumanna um hvernig forgangur er á vegamótum. Í 1. mgr. kemur fram að ökumenn skuli hafa sérstaka aðgát við vegamót, í 2. mgr. kemur fram að forgangur skuli fara eftir umferðarmerkjum um bið- eða stöðvunarskyldu, í 3. mgr. er síðan kveðið á um sérstaka skyldu þeirra sem eru t.d. að fara út af bifreiðastæði, lóð, landareign eða svipuðu svæði eða af heimreið eða svipuðum vegi, að veita þeim umferð í veg fyrir leið hans forgang. Síðan er kveðið á um svokallaðan hægri rétt í 4. mgr. þegar leiðir ökumanna skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum. Í þessu máli er ágreiningur um hvort líta eigi til 3. eða 4. mgr. 25. gr. við sakarskiptingu, en ljóst er að umferð var ekki stjórnað með umferðarmerkjum skv. 2. mgr. Það sem M kallar aðalbrautarrétt í málskoti eru aðstæður sem lýst er í 3. mgr. 25. gr. og verður því að líta til aðstæðna á vettvangi til að fá úr því skorið hvort líta megi á Hjaltadalsveg sem t.d. lóð, landareign, heimreið eða svipaðan veg í skilningi þess ákvæðis. Þegar upprættir og myndir af vettvangi er ljóst að Hólavegur er bundinn slitlagi en ekki Hjaltadalsvegur. Það eitt og sér gerir hins vegar Hjaltadalsveg ekki að t.d. heimreið eða svipuðum vegi gagnvart Hólavegi. Verður ekki annað séð en að Hjaltadalsvegur sé lengri en svo að hann liggja eingöngu að einum bæ. Verður því ekki litið svo á að Hjaltadalsvegur sé heimreið eða svipaður vegur í skilningi 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga þannig að ökumenn sem óku þann veg bæru að veita umferð um Hólaveg forgang. Telst því umferð um Hólaveg hafa borið að veita umferð um Hjaltadalsveg forgang í skilningi fyrrnefndrar 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og verður því öll sök lögð á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 20. september 2016.

Bóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 252/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar K.

Starfsmaður varð fyrir slysi þegar hún fékk yfir sig stíflueyði 29.6.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12.8.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 6.9.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-2

Málsatvik.

M er starfsmaður K og segir að innri vaskur á vinnustað hennar hafi verið stíflaður á tjónsdegi. Hún kveðst hafa ítrekað farið fram á að fagmaður yrði fenginn til að losa stífluna. Þar sem það var ekki gert ákvað M að nota stíflueyði til að leysa vandamálið og klæddi sig í hanska og opnaði brúsa með stíflueyði. Við það að opna brúsann slettist úr honum á M og samstarfskonu hennar, aðallega á hendur M. M telur að aðstæður á vinnustað hafi verið slæmar og K ekki gætt ákvæða laga um að tryggja öryggi starfsfólks. Þá vísar M til þess að Vinnueftirlit hafi ekki verið kallað til svo sem K hafi borið að gera vegna slyss hennar. V hafnar bótaskyldu og segir á brúsanum með stíflueyðinum sé barnalæsing og erfiðlega hafi gengið fyrir M að opna brúsann þegar hann opnaðist og hafi þá vökvi farið yfir M. V segir að yfirmaður M hafi rétt henni gúmmihanska og stíflueyðinn og brýnt fyrir henni að fara varlega, en þegar M opnaði brúsann þá hafi vökvi úr honum náð að slettast upp. V segir að umrætt verk sé einfalt sem ekki krefjist sérþekkingar að setja stíflueyði í vask sem hægt leki niður úr. V telur því slys M stafa af óhappatílviki eða aðgæsluleysi M.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að K vinnuveitandi M hafi sýnt af sér háttsemi sem leiði til sakar hans á því að M varð fyrir umræddu slysi. Ekki er sýnt fram á að aðbúnaði hafi verið ábótavant þannig að hafi leitt til umrædds slyss M. Ekki er ágreiningur um málavexti svo máli skipti varðandi niðurstöðu í málinu og brestur á því að kalla til Vinnueftirlit ríkisins breytir því engu varðandi niðurstöðu í málinu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 27.9.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 253/2016
M og
vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar

Skemmdir á parketi þegar hælpuði á háhæluðum skóm datt af 12.6.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16.8.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 29.8.2016.

Málsatvik.

M segist hafa verið stödd í skírnarveislunni þegar hælpuði datt undan skóm hennar án þess að hún hefði vitað af því og það hefði valdið tjóni á parketi. M krefst þess að greiddar verði skaðabætur vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að tjónið á parketinu verði ekki rakið til sakar M og M hafi ekki gert sér grein fyrir að hælpuðinn undir öðrum skó hennar hefði dottið af fyrr en eftir skírnarveislunni.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á eða því haldið fram að M hafi vitað af því þegar hún fór inn á parketgólf í skírnarveislunni að hælpuði hefði dottið undan skóm hennar. M var heimil för inn á gólfíð á skónum og ekkert bendir til að M hafi sýnt af sér saknæma háttsemi eða M hafi vitað af því að hælpuðinn datt af skónum þegar hún var í veislunni. M á því ekki rétt á V bæti það tjón sem varð á parketinu sem hér ræðir um.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á því að greiddar verði bætur vegna skemmda á parketi úr fjölskyldutryggingu hennar hjá V.

Reykjavík 20.9.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 254/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 vegna ábyrgðartryggingar A
og vátryggingafélagið V-2 vegna ábyrgðartryggingar B.

Vinnuslys þann 31. júlí 2014 við byggingaframkvæmdir á Höfðatorgi.

Gögn.

1. Málskot móttakið þann 15. ágúst 2016 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V-1 frá 25. ágúst 2016 ásamt fylgiskjöllum.
3. Bréf V-2 frá 5. september 2016.

Málsatvik.

Í tilkynningu um vinnuslys til Vinnueftirlits ríkisins, sem móttékin var þann 28. nóvember 2014, og undirrituð var af forsvarsmanni A, og tilkynningu um slys til Sjúkratrygginga Íslands, sem einnig var móttékin þann 28. nóvember 2014 og undirrituð af sama forsvarsmanni A, svo og M, kemur fram sama málavaxtalýsingin. Fram kemur að M hafi verið að undirbúa fráslátt í bifreiðakjallara, hæð -3, á Höfðatorgi. Nauðsynlegt var að losa niður handrið áður en verkið gæti hafist. M var að ganga inn um op á bifreiðakjallaranum þegar hann steig á enda járnstangar, sem var hulin plasti og öðru lauslegu. Þegar M steig á járnstöngina sporðreistist hún og skall harkalega á höfðinu á M. Miðað við frágang á handriðinu þar sem stífa (liggjandi borð) var sett á milli handriðsstöða er líklegt að járnstöngin hafi legið ofan á stífunni. Önnur málavaxtalýsing kemur fram í vottorðum og læknabréfum frá heila- og taugaskurðlækningadeild Landspítalans. Mun M hafa hætt vinnu strax og leitað til læknis. Hvorki A, vinnuveitandi M og undirverktaki á staðnum, né B, sem var yfirverktaki við byggingaframkvæmdina, munu hafa tilkynnt um slysið til Vinnueftirlits ríkisins. Engir starfsmenn frá B voru að vinna í bifreiðakjallaranum og mun A alfarið hafa séð um öryggismálin á vinnustað fyrir sína starfsmenn.

M telur að slysið megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað og að A og B beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir í slysinu á grundvelli sakarreglu íslensk skaðabótaréttar. M.a. er bent á að ekki hafi verið nægilega vel gengið um gólf bifreiðakjallarans og að lýsing hafi verið slæm. Enn fremur bendir M á að hvorki A né B hafi tilkynnt um slysið til Vinnueftirlits ríkisins og verði því að bera hallan af skorti á upplýsingum sem ætla mætti að unnt hefði verið að afla ef lögmælt rannsókn hefði farið fram á vinnustaðnum í kjölfar slyssins.

V-1 hefur hafnað skaðabótaskyldu A og vísar m.a. til þess að málsatvik séu óljós þar sem misræmi sé í málsgögnum um þau. Enn fremur vísar V-1 til þess að ekki hafi verið sýnt fram á að þeir lausamunir sem M hrasaði um hafi verið á vegum eða á ábyrgð A. Að lokum er bent á að slysið hafi gerst um mitt sumar og því hafi nægileg birta verið í bifreiðakjallaranum, svo og að það hafi verið á ábyrgð yfirverktaka, B, að hafa fullnægjandi lýsingu á svæðinu.

V-2 hefur einnig hafnað skaðabótaskyldu B og vísar m.a. til þess að A hafi verið eini verktakinn sem vann á þessu svæði og beri því ábyrgð á starfsaðstöðunni. Verkstjóri á vegum A hafi borið ábyrgð á öryggismálum á vinnusvæði A. Einnig að góð birta hafi verið á staðnum.

Álit.

Málið var ekki rannsakað af hálfu Vinnueftirlits ríkisins eða annarra aðila strax eftir slysið. Miðað við aðstæður og gögn málsins verður því að leggja frásögn M af atburðinum til grundvallar. Í IV. viðauka reglna nr. 547/1996 kemur fram að á byggingarsvæðum beri að tryggja góða umgengni á gólfum bygginga og annars staðar þar sem umferð er. Einnig að hentug lýsing eigi að vera á öllum vinnusvæðum og gönguleiðum. Þar sem leggja verður málavaxtalýsingu M til grundvallar er ljóst að fyrrgreind ákvæði reglnanna voru brotin.

Ljóst er af gögnum málsins að vinnuveitandi M og undirverktaki á staðnum átti að bera ábyrgð á öryggismálum sinna starfsmanna og á svæðum þar sem þeir voru að starfa. Samkvæmt þessu verður að leggja ábyrgð á A, en ekki B, að hafa ekki hlutast til um að starfsaðstæður væru fullnægjandi og í samræmi við fyrrgreindar reglur.

Aðstæður á vinnustað voru því ekki forsvaranlegar og ber A skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V-1.

Reykjavík 27. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 255/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis H.

Sönnun tjónsatviks vegna ætlaðs líkamstjóns 7.5.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17.8.2016 ásamt fylgiskjölum 1-12.
2. Bréf V dags. 31.8.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2.
3. Bréf lögmanns M, dags. 15.9.2016.

Málsatvik.

M segist hafa verið á leið til vinnu 7.5.2013 með strætisvagni og þegar hún var að setjast hafi strætisvagninum verið snögghemlað og hún dottið á gólfíð og rekið höfuðið í. M leitaði læknis sama dag og slysið var tilkynnt V með tjónstilkynningu dags. 22.4.2014. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu strætisvagnsins. Af hálfu M er vísað til 1. og 2. mgr. 31. gr. svo og 94. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og telur að V hafi ekki gætt að viðkomandi lagaákvæðum þannig að félagið hafi tilkynnt M án ástæðulauss dráttar að félagið hygðist takmarka ábyrgð sína. Það hafi liðið 14 mánuðir þar til tjóni hafi verið hafnað og geti V því ekki borið slíka höfnun fyrir sig því hún hafi ekki uppfyllt skilyrði umræddra lagagreina. V hafnar bótaskyldu og segir að öllum strætisvagnabílstjórar séu skyldir til að tilkynna um slys sem verða um borð í vögnum, en ekkert slys hafi verið tilkynnt á þeirri leið sem M fór í umrætt sinn. Af hálfu V er tekið fram að áður en vottorð barst félaginu þ.e. 9.6.2015 hafi félagið engar forsendur haft til að meta hvort aðrar orsakir hafi legið að baki þeim líkamlegu einkennum sem M kvartaði yfir hjá lækni 7.5.2013 og hafi V því ekki verið kunnugt um atvik sem gætu leyst félagið undan ábyrgð fyrr en á þeim tíma. V telur að M hafi orðið fyrir líkamstjóni en telur ósannað að líkamstjón M hafi orsakast með þeim hætti sem M heldur fram.

Álit.

Rétt er að geta þess að tilvísun lögmanns M til 31., eftir atvikum 94. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 á ekki við í máli þessu. Samkvæmt orðanna hljóðan eiga þær aðeins við þegar vátryggingafélag ætlar að bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð skv. ákvæðum IV., eftir atvikum XIII. kafla þeirra laga. Höfnun V byggir ekki á ákvæðum laga um vátryggingarsamninga heldur á því að atvik séu ekki nægilega sönnuð. Þess vegna verður ekki litið til umræddra ákvæða laga um vátryggingarsamninga.

Tilkynning um líkamstjón M barst V tæpu ári eftir að M segir að það hafi átt sér stað. Ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um í hvaða strætisvagni M var eða að atvik hafi verið með þeim hætti að M hafi orðið fyrir því slysi í strætisvagni svo sem hún heldur fram. Þá sýna þau læknisfræðilegu gögn sem fyrir liggja í málinu ekki orsakatengsl á milli líkamstjóns M og meints slyss 7.3.2013. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis Hagvagna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá H.

Reykjavík 4.10.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 256/2016**M og
vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar A
og vátryggingafélagið V2 v/ábyrgðartryggingar B.****Slys í hálfu á bifreiðastæði 1. apríl 2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 30.8.2016, ásamt gögnum.

Bréf V1, dags. 5.9.2016, ásamt gögnum.

Bréf M, dags. 12.9.2016

Málsatvik.

M slasaðist þegar hún var að koma út úr versluninni Nettó á Hornafirði þann 1. apríl 2015. Rétt við gangstéttina fyrir utan verslunina rann innkaupakerra M frá henni og rann M þá til í hálfu og datt aftur fyrir sig er hún ætlaði að ná til kerrunnar. Slasaðist M nokkuð við fallið. Verslunin Nettó er í verslunarkjarnanum Miðbæ á Höfn í Hornafirði, ásamt nokkrum öðrum verslunum og þjónustuaðilum.

M telur að rekstraraðili verslunarkjarnans, sem hún telur að sé B, og/eða A, eigandi verslunarinnar sem M kom út úr, beri skaðabótaábyrgð á tjóninu. M telur að slysið megi rekja til óforsvaranlegra aðstæðna fyrir utan verslunarkjarnann þar sem mikil hálfka hafi verið og hvílt hafi rík athafnaskylda á B sem rekstraraðila kjarnans, og/eða A, sem eiganda Nettó, að tryggja öryggi þeirra sem þar eiga leið um.

V1 hafnaði bótaskyldu á þeirri forsendu að í verslunarkjarnanum veiti hinir ýmsu aðilar þjónustu og að það sé húsfélag kjarnans sem sjái um allar hálfkuvarnir fyrir utan hann, en ekki einstaka þjónustuaðilar. Því geti A ekki borið ábyrgð á hálfkuvörnum. Í kjölfar þeirrar höfnunar var gerð krafa í ábyrgðartryggingu B sem sá um húsvörslu og viðhald fasteignarinnar fyrir húsfélagið. V2 hafnaði hins vegar bótaskyldu á þeirri forsendu sú skylda hvíldi ekki á B að sjá um hálfkuvarnir við húsið. B væri með lítinn rekstur í húsinu og með samning um að sinna tilteknum verkum fyrir húsfélagið, s.s. ræstingu og húsvörslu. Hvergi sé getið um það í samningi við B að honum sé skylt að sjá um hálfkuvarnir.

Álit.

A er einn af nokkrum rekstraraðilum í verslunarkjarnanum og ber hann ekki ábyrgð umfram aðra á hálfkuvörnum á bílastæði sem viðskiptavinir kjarnans nota. Sú ábyrgð hvílir á húsfélagi hússins. B er einnig með rekstur í húsinu en er jafnframt með samning við húsfélagið um að sinna tilteknum verkum fyrir félagið. Ekki hefur verið sýnt fram á, að á grundvelli þess samnings, eða annars samnings, hvíli sú skylda á B að sjá um hálfkuvarnir á bílastæðinu. Þegar af þeirri ástæðu ber B ekki ábyrgð á mögulegum skorti á hálfkuvörnum á bílastæðinu. M á því hvorki rétt á bótum frá V1 né V2 vegna slyssins.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1 né úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 4. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 257/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar dráttarvélar.****Maður slasaðist er unnið var við að lesta eftirvagn dráttarvélar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 31.8.2016.

Málsatvik.

Hinn 15. júní 2015 vann M við að lesta eftirvagn dráttarvélarinnar A stórum sekkjum með viðarkurli. Í gögnum málsins er vagninn nefndur ýmist vélavagn, viðarvagn eða stauravagn. Samkvæmt gögnum málsins var vagninn búinn sérstökum þar til gerðum krana, viðarkrana, til að hífa staura eða trjáboli upp á vagninn eða af honum. Kraninn mun vera knúinn af aflvél A. Á enda kranans ver sérstök kló, viðarkrabbí, til að grípa utan um staura þegar þeir eru hífðir. Búið var að hífa fjóra sekki upp á vagninn. Er til stóð að hífa fimmta sekkinn hugðist M hagræða sekknum. Læsti þá stjórnandi kranans klónni fyrir slysi og hægri hönd M klemmdist milli klóarinnar og sekkjarins með afleiðingum að hann hlaut alvarlega áverka á tveimur fingrum handarinnar.

A er vátryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá V og M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Í 2. gr. laganna er dráttarvél skilgreind sem vélknúð ökutæki sem aðallega er hannað til að draga annað ökutæki og draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki og er á hjólum og/eða beltum. Ekki verður annað ráðið en vagn sá sem tengdur var A umrætt sinn sé eftirvagn í skilningi 2. gr. ufl., þ.e. ökutæki sem er hannað til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga.

Af gögnum málsins má ráða að flytja hafi átt sekkina með A frá tilteknum bæ í Borgarfirði, þar sem slysið varð, til Akraness. Umrætt sinn var því verið að lesta eftirvagninn vöru til flutnings með A. Eins og hér stóð á verður að horfa heildstætt til þess að hér var fyrst og fremst verið að nota bæði ökutækin, þ.e. A og eftirvagninn, sem ökutæki til vöruflutninga. Notkun kranans, sem knúinn var af aflvél A, stóð í svo nánnum tengslum við lestun ökutækjanna sem flutningstækja, þegar slysið varð, að líta verður svo á að hún teljist við þessar aðstæður hafa verið hluti af eðlilegri og venjulegri notkun A sem vélknúins ökutækis. Þessu breytir ekki þótt A hafi verið kyrrstæð og stuðningsfætur kunni að hafa verið útdregnar til að tryggja stöðugleika tækjanna meðan unnið var við að hífa sekkina upp á vagninn. Líkamstjón M telst því hafa hlotist af notkun A sem skráningarskylds vélknúins ökutækis í skilningi 1. mgr. 88. gr. ufl. M á því rétt á bótum fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Ekki verður séð að slysið megi rekja til meðábyrgðar M, enda er slíku heldur ekki haldið fram af V. Er því ekki efni til að skerða rétt hans tilbóta.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 258/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Ágreiningur um sönnun líkamstjón vegna áreksturs 28. mars 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 26.8.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðinni X var ekið í hlið bifreiðar sem M ók þann 28. mars 2016. Ekki er ágreiningur um sakarskiptingu í málinu heldur hvort M hafi sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni í umræddum árekstri. Í sameiginlegri tjónstilkynningu beggja ökumanna er ekki getið um líkamstjón ökumanna eða farþega.

M kveðst fljótlega eftir slysið hafa farið að finna fyrir einkennum og hafi leitað til læknis rúnum mánuði eftir það og í kjölfarið lýsir hún frekari læknisheimsóknum og sjúkraþjálfun. Vegna tungumálaörðugleika hafi hún hins vegar ekki náð að koma upplýsingum á framfæri með nægilega skýrum hætti um umferðarslysið fyrr en hún fór til læknis með túlk með sér. M leggur til grundvallar að þó hún hafi mögulega áður átt við einhver einkenni að stríða vegna annarra atvika en umferðarslyssins þá hafi hún alltaf lýst núverandi einkennum sem nýlegum í læknisheimsóknum sínum. Það sé því óyggjandi að einkenni hennar í dag tengist umferðarslysinu.

V vísar til læknisfræðilegra gagna málsins þar sem komi fram að M hafi ekki leitað til læknis eftir áreksturinn fyrr en eftir um fimm vikur. Þar hafi hún lýst almennum einkennum í mjóbaki og í annarra læknisheimsókn viku síðar hafi hún vísað til umferðarslyss í Póllandi um tveimur árum fyrr sem mögulegrar ástæðu einkenna sinna. Það hafi hins vegar ekki verið fyrr en síðar sem M hafi nefnt áreksturinn hér á landi sem mögulega ástæðu einkenna sinna. V telur ekki sannað að tungumálaörðugleikar hafi haft þar ráðandi áhrif og vísar til þess að þar sem M hafi haft sambærileg einkenni áður verði að gera strangar kröfur til hennar að sýna fram á að tiltekin einkenni séu vegna árekstursins 28. mars 2016. Það hafi ekki tekist og því komi ekki til greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Álit.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um læknisfræðilegum gögnum um einkenni M. Það er ljóst að hún leitaði ekki læknis fyrr en um fimm vikum eftir árekstur. Í sameiginlegri tjónstilkynningu er hvergi getið um einkenni hennar. Líkamstjón er ekki tilkynnt til V fyrr en með tjónstilkynningu dags. 25. maí 2016. Í læknisfræðilegum gögnum kemur ekki fram fyrr en 15. júní 2016 að M tengi einkenni sín í mjóbaki við árekstur þann 28. mars 2016. Þó mögulega hafi verið um tungumálaerfiðleika að ræða í fyrri læknisheimsóknum M ber hún sönnunarbyrði um að þau einkenni sem hún býr nú við sé hægt að tengja með afgerandi hætti við umræddan árekstur. Það hafa ekki leitað til læknis fyrr en fimm vikum eftir hann dregur verulega úr því að slík sönnun takist. Því til viðbótar verður að líta til þess að einkenni M eru nokkuð almenns eðlis og að hún hafi haft svipuð einkenni áður. Verður því, af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram, ekki ráðið að einkenni hennar nú sé hægt að rekja til árekstursins 28. mars 2016. Getur hún því ekki krafist bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðar hjá V.

Reykjavík, 20. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 259/2016**M og
váttryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
váttryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur við biðstöð hópibifreiða við Miklubraut 7. júlí 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 10.8.2016

Bréf V1, dags. 22.8.2016, ásamt tjónstilkynningu, myndum og niðurstöðu tjónanefndar váttryggingafélaganna.

Bréf V2, dags. 31.8.2016, ásamt myndum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreið B var ekið aftan á bifreið A þar sem hin síðarnefnda hafði verið stöðvuð við biðskýli Strætó bs. á beygjuakrein. Bifreiðunum hafði báðum verið ekið vestur Miklubraut fyrir áreksturinn. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa stöðvað og gefið stefnumerki til að hleypa manni út úr bifreiðinni þegar bifreið B hafi verið ekið aftan á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið inn á beygjuakrein og ekki séð að bifreið A væri stopp fyrir en of seint og því ekki náð að koma í veg fyrir að lenda aftan á bifreið A.

M telur að það eigi að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B fyrir að hafa ekki gætt að umferð fyrir framan sig. Það sé ekki óvarlegt að stöðva bifreið A við strætóskýlið, það hafi ekki verið strætóumferð á sama tíma og aðstæður góðar til útsýnis fyrir ökumann bifreiðar B. Hann hafi auk þess átt að gæta varúðar þar sem hann hafi sýnilega beygt inn á sérmerкта akrein fyrir hóp- og leigubifreiðar nokkuð áður en árekstur varð.

V1 telur að hvorugur ökumanna hafi fylgt nægilega fyrirmælum umferðarlaga og verði sök því að skiptast til helminga en V2 telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar B fyrir að hafa ekki gætt að umferð fyrir framan sig.

Álit.

Í 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að sá sem ekur á eftir öðru ökutæki skuli gæta þess að vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið, sem á undan fer stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Slík skylda hvíldi á ökumanni bifreiðar B og eins og aðstæður voru á vettvangi telst hann ekki hafa gætt þessa nægilega vel og ber því megin sök á árekstrinum. Verður þó einnig að líta til háttsemi ökumanns bifreiðar A þar sem hann stöðvaði bifreiðina í bága við fyrirmæli í i.lið 1. mgr. 28. gr. umferðarlaga þar sem kemur fram að það megi ekki stöðva ökutæki eða leggja því í minna en 15 metra fjarlægð frá merki fyrir biðstöð hópibifreiða. Telst ökumaður bifreiðar A því einnig bera ábyrgð á árekstrinum. Þegar lítið er til allra aðstæðna á vettvangi þykir hins vegar rétt að skipta sök skv. 89. gr. umferðarlaga þannig að ökumaður bifreiðar B beri 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 4. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 260/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Gildissvið fyrirvara við bótauppgjör vegna umferðarslyss 22. janúar 2014.****Gögn.**

Málskot, móttakið 17.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 9.9.2016, ásamt bréfi Örorkunefndar til V, dags. 11.4.2016 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Ekið var á M 22. janúar 2014 og var fallist á bótaskyldu af hálfu V úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Afleiðingar þess líkamstjóns sem M hlaut þegar ekið var á hana voru metnar með sérstakri örorkumatsgerð lækni og lögfræðings dags. 24. maí 2015. Sérstakt fullnaðaruppgjörslað liggur fyrir sem er dags. 11. júní 2015 og þar ritaði lögmaður M „Með fyrirvara um varanlega örorku.“ Á sérstakri tjónskvittun sem V gaf út vegna greiðslu sem átti sér stað 12. júní 2015 kemur fram eftirfarandi áritun: „Lögmaður tjónþola undirritar uppgjör með fyrirvara um varanlega örorku.“ Í málinu liggur einnig fyrir álitserð örorkunefndar dags. 29. júní 2016 þar sem varanleg örorka M er metin hærrí en hún var í fyrrnefndri matsgerð sem uppgjör miðaðist við þann 12. júní 2015. Lögmaður M gerði kröfu um frekari bætur vegna varanlegrar örorku á grundvelli álitserðar örorkunefndar en V hefur hafnað slíkri kröfu.

M telur að krafa um bætur fyrir varanlega örorku eigi rétt á sér þar sem fyrirvari við það uppgjör sem fór fram í júní 2015 hafi falið í sér rétt M til frekari krafna vegna þess bótaáákvörðunar. Einnig vísar M til þess að lögmaður hennar eða hún sjálf hafi ekki ritað undir tjónskvittun af hálfu V þar sem því sé einhliða lýst yfir að um sé að ræða fullnaðaruppgjör vegna slyss hennar. Einnig vísar M til þess að bundið sé í skaðabótalög að tjónþoli geti borið mat á afleiðingum slyss skv. skaðabótalögum nr. 50/1993 undir örorkunefnd skv. 10. gr. laganna og verði að miða uppgjör við slíkt mat. Einnig telur M að aðstæður í máli hennar séu ekki sambærilegar við aðstæður í máli Hæstaréttar nr. 576/2013, sem V hafi vísað til við höfnun frekari bótagreiðslna.

V telur að engin gögn liggi fyrir um hvernig eigi að skýra þann fyrirvara sem lögmaður M setti við bótauppgjör þann 12. júní 2015 og hann verði ekki skýrður þannig að hann hafi áskilið sér rétt til endurupptöku bótaáákvörðunar. V hafi, frá því að tilkynning barst um beiðni M um álit örorkunefndar í apríl 2016, lýst því álitinu sínu að ekki væru efni til frekari bótagreiðslna. V vísar auk þessa til fordæma Hæstaréttar Íslands í máli nr. 391/2015, þar sem vísað er til dóms réttarins í máli nr. 576/2013. V bendir á að í þeim dómum hafi verið um óljósa fyrirvara að ræða sem fælu ekki annað í sér en áskilnað um endurupptöku máls skv. 11. gr. skaðabótalaga. Þau skilyrði sem þar kæmu fram væru hins vegar ekki uppfyllt í máli M, ekki hefðu orðið ófyrirsjáanlegar breytingar á heilsufari hennar sem hefðu haft í för með sér verulega hækkun á miska- eða örorkustigi. Því sé V ekki tilbúið til að fallast á greiðslu frekari bóta fyrir varanlega örorku til handa M.

Álit.

Í málinu er fyrst og fremst ágreiningur um hvort M hafi gert þannig fyrirvara við bótauppgjör sem fór fram 12. júní 2015 að hún eigi rétt til frekari greiðslna fyrir varanlega örorku skv. skaðabótalögum úr ábyrgðartryggingu bifreiðar hjá V. Eins og fram kemur hér að ofan ritaði lögmaður M við undirritun sína um samþykki við útreikningi V á bótum skv. skaðabótalögum eftirfarandi orð: „Með fyrirvara um varanlega örorku.“ Þegar lítið er til þessa orðalags og þess fordæmis sem felst í Hrd. 391/2015, sem vísar til sambærilegs orðalags í Hrd. 576/2013 og fleiri dómum Hæstaréttar, verður að líta svo á að sá fyrirvari sem settur er við bótauppgjör verði að vera ótvíræður. Fyrrnefndu orðalagi fylgdu ekki skýringar eða gögn sem skýrðu hvaða forsendur voru fyrir því að M væri ekki tilbúin til að fallast á mat á varanlegri örorku eða hvernig ætti að skilja orðalagi að öðru leyti. Verður því, með hliðsjón af fyrrnefndum dómum Hæstaréttar, að líta svo á að orðalagið hafi ekki frekari þýðingu en orðalag 11. gr. skaðabótalaga um endurupptöku gerir ráð fyrir. Nauðsynlegt skilyrði þess að ófyrirsjáanlegar

breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola. Ekki verður séð af álitserð örorkunefndar dags. 29. júní 2016 að það skilyrði sé uppfyllt. M á því ekki rétt á frekari bótum vegna varanlegrar örorku.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 4. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 261/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar v. B.

Árekstur á Innnesvegi við Innrihólm á Akranesi 26.7.2016.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ.23.8.2016 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 9.9.2016
3. Bréf V-2 dags. 5.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Árekstur varð á Innnesvegi við Innrihólmsveg. Ökumenn greinir á um málsatvik og ekki var gerð sameiginleg tjónstilkynning af þeirra hálfu. Ökumaður A segist hafa ekið Innnesveg með fyrirhugaða vinstri beygju, en hann hafi beygt aðeins og seint og ekki gefið stefnuljós. Segist ökumaður A hafa verið kominn á vinstri akrein þegar B var ekið aftan á A. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A og ökumaður A hafi hægt á bifreiðinni og tekið U beygju í veg fyrir sig.

Álit.

Ágreiningur um málsatvik nær fyrst og fremst til þess hversu langt A hafi verið kominn frá gatnamótum þegar hann hægði á bifreiðinni og beygði til vinstri. Af fyrirliggjandi gögnum málsins m.a. ljósmynd virðist A hafa verið kominn framhjá gatnamótunum þegar hann byrjaði að beygja til vinstri án þess að gefa stefnuljós. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður sem ætlar að beygja á vegamótum ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra en þessa gætti ökumaður A ekki. Ökumaður A gaf ekki stefnumerki um þá fyrirætlun sína að beygja til vinstri. Af gögnum málsins er ekki nægjanlega sannað að áreksturinn megi rekja til framúraksturs af hálfu ökumanns B eða annarra atvika sem hann ber ábyrgð á og verður sök því ekki lögð á hann. Öll sök er því lögð á ökumann A sem tók vinstri beygju ranglega án þess að gæta ákvæða 15. gr. umferðarlaga eða gefa stefnuljós.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök

Reykjavík 4.10.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 262/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ferðatryggingar greiðslukortatryggingar.

Gildissvið ferðatryggingar í tengslum við forföll í ferð vegna veikinda.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.8.2016.
2. Tölvupóstur V dags. 29.8.2016, ásamt fylgiskjöllum 1-7

Málsatvik.

M ætluðu að fara í ferð til Tenerife hinn 27.4.2016, en urðu að hætta við vegna veikinda mannsins. M krefjast bóta úr forfallatryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að félagið bæti ekki kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og notið læknishjálpar og/eða meðferðar við á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. M segir að ástæða þess að M urðu að hætta við ferðina hafi mátt rekja til versnunar á veikindum sem maðurinn hefur verið í meðferð vegna sl. eitt ár og mat lækni um að sú versnun sem hafi orðið hafi verið mjög óvænt fyrir þann sjúkdóm sem maðurinn var haldinn.

Álit.

Í læknaþréfi lækni dags. 5.7.2016 kemur fram að maðurinn hafi verið til meðferðar vegna veikinda í byrjun árs 2016 vegna tiltekins sjúkdóms, sem hann fékk þá meðhöndlun við. Einnig kemur fram að maðurinn leitaði aftur til læknisins 12.4.2016 og er þá í ágætu ástandi, en næstu daga og vikur ágerist verkur mjög mikið og við það varð maðurinn ófær til ferðalaga að mati læknisins. Í 17. gr. vátryggingarskilmála kemur fram að félagið bæti ekki tjón vegna veikinda og sjúkdóma sem hinn vátryggði hefur þjáðst af eða notið læknishjálpar og/eða meðferðar við á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds ferðar. Staðfestingargjald ferðar var greitt 25. febrúar 2016 og þá hafði maðurinn verið til meðhöndlunar hjá lækni vegna sjúkdóms rúmum mánuði áður. Þó það að veikindi mannsins hafi þróast með þeim hætti sem þau gerðu og hafi verið óvenjuleg að mati hans lækni, er orðalag umrædds ákvæði vátryggingarskilmála skýrt um að það bæti ekki slík tjón. M eiga því ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 4.10.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 263/2016**M****og****vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Ágreiningur um hvort umferðarslysi hafi verið valdið með stórkostlegu gáleysi tjónþola.****Gögn.**

Málskot, móttakið 24.8.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 26.9.2016.

Bréf V, dags. 19.9.2016.

Málsatvik.

Um hádegisbil 8. desember 2015 ók M bifreið sinni, A, austur Reykjanesbraut vestan Hafnarfjarðar í nánd við álverið í Straumsvík. Fór þá A yfir á rangan vegarhelming og rakst framan á aðra bifreið, B, sem var ekið úr gagnstæðri átt. Áreksturinn var mjög harður og varð M fyrir alvarlegum meiðslum.

Í vettvangsskýrslu lögreglu um slysið er haft eftir vitni sem ók bifreið vestur Reykjanesbraut á eftir B að hann hafi séð til ferða A og veitt því athygli að ekki hafi allt verið með felldu og því hafi ökumaður B dregið úr hraða sem hann hafi einnig gert og hafi ökutækin verið komin þó nokkuð undir hámarkshraða. Hann hafi svo horft á þegar A hafi verið ekið yfir á rangan vegarhelming og framan á B.

Eftir öðru vitni er haft að hann hafi ekið vestur Reykjanesbraut og hafi hann náð að sveigja frá gráum bil, A, sem hafi verið ekið yfir á öfugan vegarhelming og síðan séð í baksýnispegli þegar áreksturinn varð. Taldi vitnið að ökumaður A hafi verið með opin augu og hafi virst sem hann hafi ekki reynt að sveigja til baka áður en áreksturinn varð fyrir aftan hann.

Tvö vitni, ökumaður og farþegi í bifreið sem var ekið vestur Reykjanesbraut, kváðust hafa séð til ferða A sem kom úr gagnstæðri átt og verið ekið yfir á rangan vegarhelming. Bifreið á undan þeim hafi rétt sloppið við að lenda í árekstri við A og hafi þurft að auka hraða bifreiðar þeirrar sem þeir voru á til að forðast árekstur. Ökumaðurinn kvað B hafa verið ekið á eftir sér og nokkuð bil hafi verið á milli bifreiðanna. Hann hafi svo séð í baksýnispegli bifreiðar sinnar hvar A hafi verið ekið yfir á rangan vegarhelming og ekið framan á B.

Þess er getið í vettvangsskýrslu lögreglunnar að finna hafi mátt smá áfengislykt af M eftir að hún hafi verið færð í sjúkrahúsbifreið. Af því tilefni hafi verið ákveðið að taka blóðsýni til rannsóknar á áfengi og lyfjum. Í matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 29. janúar 2016, kemur fram að eftirfarandi lyf hafi mælst í blóðsýninu og í eftirfarandi magni: Citalópram 395 ng/ml, Diazepam 500 ng/ml, Kódein 110 ng/ml, N-desmetýlcitalópram 160 ng/ml, Nordiazepam 670 ng/ml og Zolpidem 235 ng/ml. Um virkni þessara lyfja og magn þeirra í blóði M segir í matsgerðinni að Citalópram sé þunglyndislyf og N-desmetýlcitalópram sé virkt umbrotsefni þess og styrkur þeirra í blóðinu hafi verið umfram það sem búast má við eftir töku læknanlegra skammta af lyfinu og gæti bent til eitrunar. Kódein sé verkjalyf og styrkur þess í blóðinu hafi verið eins og eftir töku læknanlegra skammta. Það hafi slævandi áhrif á miðtaugakerfið en mikið þol myndast gegn lyfinu og því sé ekki unnt að segja til um áhrif þess á aksturshæfni út frá blóðstyrk einum saman. Diazepam sé róandi og kvíðastillandi lyf og Nordiazepam sé virkt umbrotsefni þess og hafi styrkur þeirra verið eins og eftir háa læknanlega skammta af lyfinu. Diazepam hafi slævandi áhrif á miðtaugakerfið og geti dregið úr aksturshæfni í lágum læknanlegum skömmtum. Zolpidem sé svefnlyf og hafi slævandi verkun á miðtaugakerfið og geti skert hæfni til aksturs í nokkrar klukkustundir eftir töku venjulegra svefnskammta. Styrkur lyfsins í blóði M hafi verið umfram það sem búast má við eftir töku læknanlegra skammta við svefnleysi. Þá segir að Kódein, Zolpidem, Diazepam og umbrotsefni þess, Nordiazepam, geti aukið á slævandi og miðtaugakerfisbælandi verkun hvers annars. Er niðurstaða matsgerðarinnar að M hafi samkvæmt framangreindu verið undir slævandi áhrifum lyfjanna og fullvíst sé að hún hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti. Alkóhól mældist á hinn bóginn ekki í blóði M.

Ekkert var haft eftir M í vettvangsskýrslu lögreglunnar. Framburðarskýrsla var tekin af henni 8. febrúar 2016. Þar kemur fram að hún hafi verið á leið frá Leifsstöð úr flugi að loknu frí þegar slysið varð. Kvöldið áður hafi hún tekið lyfið Sobril til að geta sofð þar sem hún sé flughrædd. Þá hafi hún einnig tekið svefnlyfið Stilnoct. Svefnlyfið Zolpidem hafi hún stundum tekið í staðinn fyrir Stilnoct og það hafi hún tekið nokkrum dögum áður, hugsanlega þremur dögum áður. Hún sé einnig á þunglyndislyfjum og um morguninn, þegar slysið varð, hafi hún tekið lyfið Oropram 60 mg. Þá hafi hún tekið tvær Parkódín í flugvélinni við höfuðverk. Umræddan dag hafi hún verið „orðin lúin“ en hafi ekki verið syfjuð fyrir aksturinn. Hún hafi ekki verið undir áhrifum lyfja við aksturinn umrætt sinn, en þau lyf sem hún tók hafi hún fengið að læknisráði og tekið þegar hún þurfti á að halda. Hún kvaðst hafa ekið á 90 km hraða á klst. Varðandi aksturinn í aðdraganda árekstursins kvað hún son sinn, sem var með henni í A, hafa tjáð sér að hún hafi „aðeins misst bílinn yfir á rangan vegarhelming skömmu fyrir slysið.“ Þá hafi hún rankað við sér og áttað sig á því að hún hafi verið orðin þreytt. Hún hafi þá litið á dóttur sína, sem hafi verið sofandi, og hugsað hvort hún ætti að láta hana aka. Hafi hún verið mjög vel vakandi alveg fram að álverinu, þá fyrst hafi hún áttað sig á að hún væri þreytt. Örfáum sekúndum síðar hafi slysið orðið. Hún kvaðst einungis muna eftir að hafa séð B sem kom á móti og verið komin „alveg upp við mig“. Hún hafi öskrað og reynt að sveigja frá. Hún kvaðst ekki átta sig alveg á því hvort hún hafi dottað eða verið eitthvað utan við sig. Kvaðst M alls ekki samþykkja að ökulag hennar hafi verið skrykkjótt.

A var váttrygð lögboðnum ökutækjatrýggingum hjá V, þ. á m. slysatryggingu ökumanns og eiganda. Hefur M krafist bóta úr slysatryggingunni fyrir líkamstjón sitt sem hún hlaut í slysinu. V hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að hún hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi. M unir ekki þeirri afstöðu V.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð váttryggingafélags ef váttryggður í öðrum váttryggingum en líftryggingum hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingarburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingarburður bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Samkvæmt framburði vitna var ekki allt með felldu við akstur M í aðdraganda þess að slysið varð. Þannig er ljóst af framburði vitnanna að M hafi ekið yfir á rangan vegarhelming þannig að aðrir ökumenn hafi þurft að bregðast við sérstaklega til að afstýra árekstri við A. Sjálf hefur M það eftir syni sínum að hún misst A að einhverju leyti yfir á rangan vegarhelming. Hún hafi þá áttað sig á að hún hafi verið þreytt og velt fyrir sér að biðja dóttur sína að taka við akstri A, en skömmu síðar varð áreksturinn. Þá kveðst M ekki gera sér grein fyrir hvort hún haf dottað eða verið utan við sig í þann mund sem áreksturinn varð.

Í blóði M greindust nokkrar tegundir lyfja sem voru til þess fallandi að hafa slævandi áhrif á miðtaugakerfið. Lyfin hafði hún einkum tekið kvöldið áður en slysið varð, morguninn eftir og í fluginu til Íslands. Í fyrrgreindri matsgerð Rannsóknastofu Háskólans í lyfja- og eiturefnafræði var því slegið föstu að M hafi verið undir slævandi áhrifum lyfjanna og talið fullvíst að hún hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti. Þessu mati hefur ekki verið hnekkt og ekkert hefur komið fram í gögnum málsins sem gefur tilefni til að draga niðurstöðuna, sem er afdráttarlaus, í efa.

Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 má enginn stjórna eða reyna að stjórna ökutæki, ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Gegn þessu ákvæði umferðarlaga braut M með akstri sínum umrætt sinn og henni mátti vera það ljóst. Verður akstur M í því ástandi sem hún var metinn henni til stórkostlegs gáleysis. Slysið verður að öllu leyti rakið til þessarar saknæmu háttsemi M. Þegar atvik máls eru virt í heild og horft til þess hversu alvarleg sök M var verður að telja að takmarka beri ábyrgð V á líkamstjóni M og að ábyrgðin takmarkist við helming bóta.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að helmingi úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 17. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 264/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu.****Maður slasaðist á er annar fótur hans féll ofan í veitubrunn.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29.8.2016.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 30.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Á opinni grasflöt við gangstétt meðfram Holtaseli til móts við Hólmasel í Reykjavík er um 60 cm djúpur veitubrunnur fyrir fjarskiptavirki í eigu A, dótturfélags B. Yfir brunnum er brunnlok stept úr járn. Á morgni 12. júní 2015 var M á gangi eftir grasflötinni með hundinn sinn og steig á brunnlokið. Við það sporðreistist lokið og féll M með hægri fót ofan í brunninn en vinstri fótur krumpaðist aftur fyrir hann og hlaut hann áverka á þeim fæti.

M gaf skýrslu hjá lögreglu sama dag og slysið varð auk þess sem aðstæður á slysstað voru skoðaðar. Segir þar að brunnlokið hafi ekki sæti á brunnbarminum og ef stigið er á lokið „veldi það einfaldlega um miðásinn þannig að það opnast niður í brunninn.“

Í yfirlýsingu vitnis, dags. 18. ágúst 2016, segir að vitnið hafi farið með M að brunnum þremur dögum eftir að slysið varð. Hafi brunnlokið þá enn rambað til og frá og hefði sporðreistist ef stigið hefði verið ofan á það. Ástæðu þess að lokið hafi ekki fallið í sethring sinn hafi verið sú að mikil mold, drulla og grasgróður hafi verið komin ofan á sethringinn og allt í kringum brunnopið þannig að ógjörningur hafi verið að setja lokið í sæti sitt.

Í umsögn A um atvikið kemur fram að X hafi borist erindi frá Umhverfis- skipulagsráði Reykjavíkurborgar og leitað umsagnar um slysið. Samkvæmt umbeðinni umsögn 6. júlí 2016 er „bent á mögulegt frávik í frágang á loki á brunni í eigu [A] í gróðursvæði utan við gangstíg. Ekki sé karmur um lok.“ Samdægurs hafi aðstæður verið skoðaðar af hálfu A og við komu að brunnum hafi lok yfir opinu verið stöðugt á öllum hliðum en frekar djúpt í jarðveginum. Vegna fyrrgreindrar ábendingar hafi að morgni næsta dags verið farið í það að setja kambhring um lokið. Þá kemur fram í umsögn A að í kjölfar ábendingar vegfaranda hafi 24. mars 2014 verið farið í lagfæringar á frágangi brunnsins „og tryggt áseta brunnloks á körmum brunntoppis allan hringinn. Jarðvegur var hreinsaður frá brunnkarmi til að brunnlokið sæti tryggilega og tappar settir í göt á brunnloki.“ Hafi brunnlokið verið stillt af þannig að áseta væri örugg og jarðvegur um lokið fyllti að til varnar óviðkomandi aðgengi og verji lokið gagnvart snjóruðningi gangstíga. Við skoðun A eftir slysið hafi brunnlokið verið stöðugt og setið á karmi brunnsins. Lokið sé 70 mm stærra að þvermáli en brunnopið. Engin ummerki hafi hafi verið um galla eða skemmd né annað varðandi frágang brunnsins.

M telur að slysið verði rakið til þess að frágangur brunnloksins og eftirlit með af hálfu A hafi verið ófullnægjandi. Hefur hann krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir umrætt sinn. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Eins og að framan greinir er í umsögn X 6. júlí 2016 bent á mögulegt frávik í frágangi brunnloksins að því leyti að ekki sé karmur um lokið. Af hálfu A er það skýrt með því að rétt þótti að hafa lokið lægra en yfirborð grasflatarinnar í kringum það svo það yrði ekki til trafala við snjóruðning eða snjóhreinun. Var gengið frá lokinu á þann veg að erfitt átti að vera að opna brunninn eða hreyfa lokið úr stað nema til þess stæði einbeittur vilji. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki ráðið að starfsmenn A hafi fengið vitneskju um slysið eða að hætta gæti stafað af brunnlokinu fyrr en 6. júlí 2016. Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið verður ekki talið að nægilega hafi verið sýnt fram á að frágangur loksins hafi verið ófullnægjandi þannig að virt verði

starfsmönnum A til sakar né heldur að slysið verði rakið til þess að eftirlit með lokinu hafi verið vanrækt af hálfu A þannig að leitt geti til skaðabótaábyrgðar fyrirtækisins. M á því ekki kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 27. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 265/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys 4. september 2013.****Gögn.**

Málskot, móttakið 25.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 21.9.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þegar hann var að skipta um gúmmí á glussatjakkni traktorsgröfu sem hann var vinna með. M lýsir atvikum þannig að hann hafi verið að skipta um umrætt gúmmí neðst á glussatjakknum, en mismunandi stykki þurfi að setja undir tjakkinn eftir því á hvaða undirlagi grafan sé á hverju sinni. M kveðst hafa gefið samstarfsmanni sínum merki um að setja glussatjakkinn í efstu mögulega stöðu, en það sé þó þannig staða að svigrúm sé milli tjakksins og hólks sem hann gengur upp í. Hönd M hafi verið hólkinn og þegar tjakkurinn hafi farið í efstu stöðu hafi þumall hægri handar M klemmst á milli hólksins og tjakksins. M telur að búnaður gröfunnar hafi átt að virka þannig að tjakkurinn færi ekki svona langt upp og öryggisbúnaði hennar hafi því verið áfátt. M bendir á að á X hvíli skyldur um að öryggisbúnaður þeirra tækja sem notuð eru á vinnustaðnum séu í lagi og í samræmi við t.d. reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja. M telur að X hafi ekki sinnt þeim skyldum sem sú reglugerð leggur á vinnuveitendur um að tryggja öryggi þeirra tækja sem notuð eru. M telur að viðhaldi traktorsgröfunnar hafi ekki verið nægilega sinnt auk þess sem hún hafi ekki verið skoðuð í samræmi við reglur þar um. Einnig vísar M til þess að í ljósi þess að hann varð strax óvinnufær vegna afleiðinga slyssins hafi X borið að tilkynna um það til Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar sem X hafi vanrækt þá skyldu verði að leggja frásögn M af málsatvikum til grundvallar.

V vísar til þess að M hafi þverbrotið verklagsreglur þær sem gilt hafi um verkið sem hann var að vinna. Það hafi átt að nota sérstaka þvingu til verksins sem hefði komið í veg fyrir að hönd hans lenti á milli, eins og hún gerði þegar slysið varð. V vísar til þess að M hafi áralanga reynslu af störfum sem þessum auk þess sem hann sé menntaður bifvélavirki og hafi því átt að vita að þvingur væru notaðar við verk sem þetta. Einnig bendir V á að ekki hafi nokkuð komið fram um að öryggisbúnaði traktorsgröfunnar hafi verið áfátt eða að hún hafi ekki fengið eðlilegt viðhald.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að þegar M slasaðist hafi hann strax orðið óvinnufær. Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 kemur fram að vinnuveitandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna um slík slys til Vinnueftirlitsins. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar kemur fram að vanræksla umræddrar tilkynningarskyldu leiði til þess að á vinnuveitanda verði felld sönnunarbyrði um málsatvik að því marki sem þau kunna að vera umdeild. Verður því að telja að X beri sönnunarbyrði vegna þeirra fullyrðinga sem koma fram í bréfum V um að sérstakar þvingur hafi verið til staðar og átt að nota vegna þess verks sem M hafði með höndum. Með sömu rökum verður einnig, m.v. þau gögn sem fyrir liggja, að leggja til grundvallar frásögn M um að búnaði traktorsgröfunnar hafi verið áfátt í greint sinn. Telst slys M því að fullu bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X hjá V, en M telst ekki hafa sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr.a. skaðabótalaga nr. 50/1993 við störf sín.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 266/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vegna veghefilsins A
og ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á hringtorgi við Norðlingavað 27. júlí 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.9.2016, ásamt tjónstilkynningu og myndum af bifreiðinni B.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu Aðstoðar&Öryggis, sem kallað var á vettvang eftir árekstur, kemur fram að árekstur hafi orðið með vegheflinum A og bifreiðinni B í hringtorgi. Í tilkynningunni kemur fram að ökumenn greini á um málsatvik. Ökumaður A kveðst hafa verið við akstur í hringtorginu þegar B hafi verið ekið aftan á A. Ökumaður B kveðst hins vegar hafa verið við akstur í hringtorginu þegar A hafi verið ekið inn í það í veg fyrir B. Í tjónstilkynningunni er einnig vísað til vitnisburðar vitnis sem kveðst hafa látið ökumann A vita af því að hann hafi séð áreksturinn og virðist sem starfsmaður Aðstoðar&Öryggis hafi tekið framburð hans símleidis í kjölfarið. Vitnið telur að B hafi verið ekið á miklum hraða inn á hringtorgið og lent á vegheflinum A þegar hann hafi verið kominn inn í hringtorgið.

M telur að alla sök eigi að leggja á B þar sem A, sem hann ók, hafi verið kominn allur inn á einu akrein hringtorgsins þegar árekstur varð. A hafi verið mjög sýnilegur og þar sem ákoma hafi verið aftan á A verði ekki hægt að sjá að A hafi verið ekið í veg fyrir B. Einnig vitnar M til vitnisburðar.

V telur að m.t.t. þess hvar B var ekið inn á hringtorgið, verði ekki annað séð en að B hafi verið ekið nokkra leið á hringtorginu áður en árekstur varð og verði því að leggja til grundvallar að A hafi verið ekið inn í hringtorgið, gegn biðskyldu, í veg fyrir B. Þannig hafi ökumaður A ekki gætt fyrir mæla 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem kemur fram að að sá sem aki gegn biðskyldu eigi að veita umferð um veginn sem hann ætlar inn á forgang. Einnig telur V að vitnið sem vísað sé til í tjónstilkynningu sé ekki óvilhallt þar sem um kunningja M sé að ræða.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að bæði vegheflinum A og bifreiðinni B var ekið inn á hringtorg skömmu áður en árekstur varð. Með hliðsjón af framburðum ökumanna, um hvar þeir óku inn í hringtorgið, verður að draga þá ályktun að bifreiðin B hafi gætt að biðskyldu, skv. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga, fyrr en veghefillinn A og því verið inni í hringtorginu þegar A var ekið inn á það. M, sem ökumaður A, ber því sök á árekstrinum og þannig sönnunarbyrði um að áreksturinn verði að einhverju leyti rakinn til gáleysis ökumanns bifreiðarinnar B. Við mat á því hvort ökumaður B hafi ekið of hratt m.v. aðstæður verður, vegna tengsla þeirra, ekki byggt þannig á vitnisburð félaga M um slíkan hraða, að það hrindi skýrslu ökumanns B um eigin ökuhraða. Er því ekki fyllilega sannað að ökumaður B hafi ekið of hratt eða gáleysislega í greint sinn.

Niðurstaða.

Bætur vegna tjóns á bifreiðinni B greiðast úr ábyrgðartryggingu A. Eigandi veghefils á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B hjá V.

Reykjavík, 27. september 2016.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 267/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ starfábyrgðartryggingar byggingarstjóra.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á fjölbýlishúsi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 7.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M er húsfélag fjölbýlishúss sem mun hafa verið byggt á árunum 2000 og 2001 og skráð í fasteignaskrá á því síðara. Byggingarstjóri við byggingarframkvæmdirnar var A sem hefur haft lögmælt starfsábyrgðartryggingu í gildi hjá V.

Samkvæmt byggingarsögu hússins hjá byggingaryfirvöldum í Reykjavík var skráð 5. október 2010 að eignin væri fokheld að fenginni yfirlýsingu byggingaraðila hússins frá sama degi um að hann „ábyrgist að fullklára uppsetningu og frágang svala og frágang klæðninga upp í loft skyggnis yfir stigagöngum“ hússins.

Aflað var skoðunar og úttektar byggingafræðings á þaki eins matshluta sem tilheyrir M. Í álitserð byggingafræðingsins, dags. 25. september 2015, segir í niðurstöðukafla að frágangur á þaki matshlutans sé hvorki í samræmi við teikningar aðalhönnuðar né heldur í samræmi við byggingarreglugerð sem í gildi var á byggingartíma hússins. Þak hússins sé stórskemmt og valdi tjóni innanhúss m.a. á málningu og vegna rakaskemmda. Vegna þessa hefur M krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu, þar sem krafa M sé fallin niður vegna fyrningar eða tómlætis, auk þess sem ekki hafi verið sýnt fram á hina meintu galla, orsakir þeirra né kostnað við úrbætur.

Álit.

Gögn málsins bera með sér að umrædd húseign hafi verið byggð á árunum 2000 og 2001 og ekki verður annað ráðið en fokheldisvottorð vegna húsbýggingarinnar hafi verið gefið út 5. október 2001. Verður við það að miða að á því tímarki hafi hafi sú missmíð í þakinu átt sér stað sem M kveður að hafi leitt til þess tjóns sem nú er krafist úr hendi V. Í máli þessu er höfð uppi skaðabótakrafa sem skuli greiddast úr lögmælti starfsábyrgðartryggingu A hjá V. Um fyrningu slíkrar kröfu fer eftir almennum lagareglum um fyrningu kröfuréttinda. Samkvæmt 28. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda öðluðust lögin gildi 1. janúar 2008 og gilda einvörðungu um þær kröfur sem stofnast eftir gildistöku þeirra. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en af hálfu M hafi fyrst orðið missmíðar í þakinu vart í aðdraganda þess að aflað var fyrrgreindrar skoðunar og úttektar byggingafræðingsins. Krafa M á hendur A og eftir atvikum V stofnaðist því eftir gildistöku laga nr. 150/2007 og fer því um fyrningu bótakröfu M samkvæmt 9. gr. laganna, en þar segir að krafa um skaðabætur fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Bótakrafa M telst því ekki vera fyrnd. Engin haldbær rök hafa komið fram sem gefa tilefni til að ætla að bótakrafan sé fallin niður vegna tómlætis.

Húseign sú sem M tekur til var byggð á þeim tíma þegar skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 voru í gildi. Samkvæmt 3. mgr. 61. gr. þeirra laga bar byggingarstjóri ábyrgð á því að byggt væri í samræmi við samþykka uppdretti, lög og reglugerðir. Með úttekt og skoðunargerð þeirri, sem liggur fyrir í málinu og ekki hefur verið hnekkt með annarri matsgerð, svo sem matsgerð dómkvadds matsmanns, verður að telja að nægilega hafi verið sýnt fram á að frágangur þaksins hafi ekki verið í samræmi við teikningar aðalhönnuðar né heldur í samræmi við byggingarreglugerð sem í gildi var á byggingartíma hússins. Sem byggingarstjóri við byggingu húseignarinnar ber A ábyrgð á því tjóni sem hefur hlotist vegna missmíðar þessarar. M á því kröfu um bætur af þessum sökum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, húsfélag, á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans A hjá V.

Reykjavík, 4. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 268/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda vegna vinnuslyss 14. febrúar 2013****Gögn.**

Málskot, mótttekið 29.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.9.2016, ásamt ljósmyndum af hjálmi M.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu X til V dags. 19. apríl 2013 og sambærilegri tilkynningu til Vinnueftirlitsins (VER), sem dagsett er sama dag, segir að M hafi fengið járnstykki í höfuðið við vinnu sína við svokallaðan sjávarkamb við Hörpu, tónlistarhús. Notaður hafi verið þil-hamar, sem hengdur hafi verið í krana, til að reka niður þil og úr honum hafi fallið járnstykki sem lenti á hjálmi M þannig að hjálmurinn brotnaði. Í tilkynningunum kemur fram að M hafi ekki hætt vinnu vegna atviksins heldur haldið henni áfram. Í málinu liggur ekki fyrir ítarleg skýrsla með framburði M vegna aðdraganda óhappsins, en í tjónstilkynningu hans til V dags. 9. apríl 2014 kemur einungis fram að járnstykki hafi fallið á höfuð hans. Í læknabréfi dags. 20. febrúar 2013 kemur fram að M hafi leitað á slysadeild þann dag þar sem hann hafi farið að finna fyrir einkennum daginn áður, eða fimm dögum eftir fyrrnefnt atvik.

M telur að X hafi ekki gætt skyldna sinna sem vinnuveitandi varðandi öryggismál við þá vinnu sem M var að vinna og vísar þar til almennra ákvæða um slíkar skyldur í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig vísar M til IV. viðauka reglna nr. 547/1996 varðandi lágmarkskröfur sem gerðar séu á byggingarvinnustöðum, m.a. tryggja þurfi að búnaður sem sé á hreyfingu sé stöðugur og reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. M telur einnig að X hafi vanrækt skyldu sína í 79.-81. gr. laga nr. 46/1980 um að tilkynna slys M til Vinnueftirlitsins strax. Þannig hafi X komið í veg fyrir hlutlausu rannsókn á aðstæðum og verið að bera hallann af því.

V telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða og bendir á að M sjálfur hafi haft það hlutverk að vera verkstjóri á vinnustaðnum og hafi því sjálfur átt að huga að öryggismálum. Einnig telur V að slysið hafi ekki verið tilkynningaskyldt skv. 79. gr. laga nr. 46/1980, auk þess sem M sjálfur, sem verkstjóri, hefði alveg eins átt að hlutast til um slíka tilkynningu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til VER öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna eigi síðar en innan sólarhrings. Ekki liggur annað fyrir en M hafi unnið það sem eftir lifði vinnudagsins þann dag er hann fékk járnstykki á hjálm sem hann bar á höfði sínu. Þá leitaði hann læknis fyrst sex dögum síðar. Eins og hér stóð á verður ekki talið að M hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt nefndu lagaákvæði þannig að á hann verði felld sönnunarbyrði um málsatvik að því marki sem þau kunna að vera umdeild. Þegar litið er til atvika í heild og þeirra athafnaskyldna sem hvíldu á X skv. lögum nr. 46/1980 og reglum þeim tengdum, verður ekki séð að óhapp það sem leiddi til þess að járnstykki lenti á hjálmi M hafi verið vegna vanrækslu á þeim skyldum heldur vegna óhappatilviks sem X ber ekki ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 4. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 269/2016
M og
vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar húsvagna (húsvagnatryggingar).

Markisa feyktist upp á hjólhýsi í vindhviðu 27.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 30.8.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3.
2. Bréf V dags. 6.9.2016. ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M segir að markisa hafi fokið upp á toppinn á hjólhýsi hennar í vindhviðu þar sem hún var stödd á Kollaleiru í Reyðarfirði og krefst bóta úr húsvagnatryggingu sinni hjá V. M segir að skv. veðurmælingu hafi vindhraði verið mestur í hviðum 12.38 m/sek og það sé sanngirnismál að hún fái bætur úr tryggingunni. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki sé um aláhættutryggingu að ræða og bótasvið tryggingarinnar afmarkað í 4. gr. vátryggingarskilmála, en í grein 4.8 segi að félagið bæti tjón á hinu vátryggða vegna óveðurs og óveður sé skilgreint þannig að með óveðri sé átt við þegar vindhraði mælist 28.5 m/sek skv. vottorði Veðurstofu Íslands. V segir að upplýsingar liggi fyrir um vindhraða í umrætt sinn á Kollaleiru sem sé í næsta nágrenni við staðinn þar sem tjónið varð og hafi hann verið mestur 13 m/sek og tjónið falli því ekki undir bótasvið tryggingarinnar.

Álit.

Samkvæmt upplýsingum sem fyrir liggja um vindhraða á Kollaleiru, þegar tjónið varð, kemur fram að vindur hafi þá mest mælt um 13 m/sek. Gildissvið vátryggingar M takmarkast í vátryggingarskilmálum við þá tjónsatburði sem þar eru tilgreindir. Samkvæmt gr. 4.8 í skilmálum þeirrar vátryggingar sem hér ræðir um, bætur vátryggingin tjón á ökutækjum vegna óveðurs, en með óveðri er átt við vindhraða sem mælist 28.5 m/sek skv. vottorði Veðurstofu Íslands. Miðað við fyrirliggjandi gögn þá var mesti vindhraði í næsta nágrenni við þann stað þar sem tjónið varð 13 m/sek eða langt undir þeim viðmiðunarmörkum sem vátryggingaskilmálar marka varðandi óveður. M á því ekki rétt á bótum úr húsvagnatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húsvagnatryggingu sinni hjá V

Reykjavík 27.9.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 270/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ fasteignatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á varmadælum í fasteign.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 2.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M kveður varmadælur í fasteign sinni að Skálabrekkugötu hafi eyðilagst í illviðri sem gekk yfir landið 14. mars 2015. Er komið var í húsið nokkrum dögum síðar hafi komið í ljós að „[þ]að hafði rignt inn í gegnum dælnar, þó eru þær í góðu skjóli. Það hefur rignt alveg lárétt.“ Umræddan dag hafi hafi mesti vindhraði á Þingvöllum mælst 22,6 m/sek. og mesta vindhviða 37,9 m/sek., hvoru tveggja kl. 9 um morguninn. Viðgerðaraðili hafi metið dælnar ónýtar.

M hefur í gildi fasteignatryggingu hjá V vegna eignarinnar. Hún telur að dælnar hafi eyðilagst fyrrgreindan dag við það að regnvatn hafi komist inn í dælnar í ofsaveðri í skilningi skilmála vátryggingarinnar. Hefur M krafist bóta úr fasteignatryggingunni hjá V vegna þess tjóns sem hún varð fyrir af þessum sökum. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 9. gr. í vátryggingarskilmálum þeim sem gilda um fasteignatryggingu þá sem hér er til skoðunar segir að vátryggingin bæti skemmdir á vátryggðri húseign af völdum ofsaveðurs þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða vegg húseignarinnar eða valda tjóni á öðru því sem vátryggt er, enda hafi vindhraði þegar tjónið varð náð 28,5 metrum á sekúndu (11 vindstigum) samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skuli hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.

Í gögnum málsins kemur ekki fram með skýrum hætti hvar hin vátryggða húseign er staðsett að öðru leyti en því að hún er sögð vera við tiltekið húsnúmer við Skálabrekkugötu, 801 Selfossi. Engu að síður þykir mega við það miða að eignin sé í landi jarðarinnar Skálabrekku í Bláskógabyggð, áður Þingvallasveit. Samkvæmt þessu virðist mega ætla að hin vátryggða fasteign sé í nokkurra kílómetra fjarlægð frá veðurmælingastað á Þingvöllum. Ekki er unnt að fullyrða að sami vindhraði hafi verið í landi Skálabrekku og á Þingvöllum auk þess sem vindhraði á Þingvöllum náði ekki 28,5 m/sek. umræddan dag nema í vindhviðum kl. 9 og 10 um morguninn. Ekki liggur fyrir að almennt eignatjón hafi orðið í landi Skálabrekku á þeim tíma sem M telur að tjónið hafi orðið. Ekki liggja heldur fyrir í málinu sönnunargögn um orsök þess að varmadælnar biluðu, svo sem að það hafi gerst af völdum rigningarvatns. Samkvæmt þessu hefur ekki verið sýnt fram á tjónið hafi hlotist af völdum ofsaveðurs í skilningi vátryggingarskilmálanna. M á því ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 27. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 271/2016**M og
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.****Árekstur bifreiða á Reykjadalssvegi 21.7.2016****Gögn.**

1. Málskot móttakið 30.8.2016 ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V dags. 9.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

Báðum bifreiðunum var ekið suður Reykjadalssveg og ók A á undan B og hugðist ökumaður A beygja til vinstri að Vestmannsvatni. B var ekið á eftir A og hugðist ökumaður aka fram úr A í sömu mund og A var beygt til vinstri og árekstur varð. Fullbrotin miðlína er á veginum þar sem áreksturinn varð. Ökumaður A segist hafa gefið stefnumerki í tæka tíð og fylgst vel með umferð í kringum sig áður en hann beygði. Ökumaður B segist ekki hafa áttað sig í tæka tíð á því að A væri að fara að beygja til vinstri á veginum og ekki séð stefnumerki frá A.

Álit.

Ökumaður B mótmælir því ekki að ökumaður A hafi gefið stefnumerki áður en hann hóf að beygja A til vinstri og segir í lögregluskýrslu að hann hafi ekki tekið eftir því fyrir en alveg í restina og segist ekki geta sagt til um það af eða á hvort stefnuljós hafi verið gefið í tæka tíð og ekki geta rengt það. Leggja verður því til grundvallar að ökumaður A hafi gefið stefnuljós í tæka tíð svo sem hann heldur fram. Sá sem fer framúr annari bifreið á akbraut verður að gæta að ákvæðum 20.-22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram kemur að ávallt beri að sýna aðgæslu við framúrakstur. Einnig kemur fram í d.lið 23. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995 að þeim sem ekur yfir fullbrotna miðlínu ber að hafa í huga að það megi einungis aka yfir hana sé gætt fyllstu varúðar. Þess gætti ökumaður bifreiðar B ekki nægilega vel m.v. framburð hans sjálfs. Sá sem beygir til vinstri á akbraut verður hins vegar að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig þegar hann tekur vinstri beygju, sbr. fyrirmæli í 2. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. umferðarlaga. Einnig ber þeim sem ekur með þessum hætti til vinstri einnig að gæta fyrirmæla fyrrgreinds ákvæðis 23. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995. Það að gefa stefnumerki upphefur ekki slíka varúðarskyldu.

Við mat á endanlegri sakarskiptingu verður að hafa í huga að varúðarskylda hvíldi á báðum ökuöðnum í aðdraganda árekstursins. Þar hafði þó ökumaður bifreiðar B, í þessu tilviki aðeins ríkari varúðarskyldu en ökumaður bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B ber því 2/3 hluta sakar en ökumaður A ber 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 sakar og ökumaður B ber 2/3 sakar.

Reykjavík 4.10.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 272/2016
K og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.

Vinnuslys við fiskverkun þann 8. mars 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þann 31. ágúst 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V ásamt fylgiskjölum þann 12. september 2016.

Málsatvik.

K kveðst hafa orðið fyrir vinnuslysi við störf sín á starfsstöð A í Garði þann 8. mars 2014. K kveðst hafa verið að flaka fisk á borði þegar hún fékk flugbeittan flökunarhníf í hægri kálfa. Hafði annar starfsmaður ekki gætt nægjanlega að sér og misst hnífinn með fyrrgreindum afleiðingum, en hann á að hafa verið við sömu iðju og K á annarri starfsstöð sem staðsett var fyrir aftan starfsstöð K. Starfsstöðvarnar voru þannig uppsettar að K og samstarfsmaður hennar, sem missti hnífinn, snéru baki í hvort annað. Í málskoti kemur fram að mikið hafi blætt úr sárinu og að hún hafi fengið mikla verki. Kveðst K hafa tilkynnt A um slysið en að A hafi ekki talið ástæðu til að kalla til Vinnueftirlitið og/eða lögreglu. Leitaði K til læknis samdægurs og var í læknis meðferð í talsverðan tíma. Þann 11. maí 2016 var K svo metin með 3% varanlega læknisfræðilega örorku.

K telur að A beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu. Byggir K skaðabótakröfu sína á því að tiltekinn ónafngreindur starfsmaður hafi sýnt af sér gáleysislega hegðun með því að missa hnífinn í kálfann á K. Enn fremur er krafan byggð á því að verkstjórn hafi verið ábótavant, sem m.a. sést þegar mið er tekið af því hvernig vinnuáðstöðu á starfsstöðinni var stillt upp, enda hefði þurft að vera hæfilegra bil á milli starfsstöðva. Að lokum er vísað til þess að tilkynningarskyldu A til Vinnueftirlitsins hafi verið vanrækt af hálfu A og því eigi A að bera hallann af því ef málið telst ekki nægilega upplýst.

V hefur hafnað skaðabótaábyrgð A og vísar til þess að ósannað sé að annar starfsmaður hafi ollið slysi K. Verkstjórn og vinnuáðstaða hafi ekki verið ábótavant og að A hafi ekki verið skylt lögum samkvæmt að tilkynna um óhappið til Vinnueftirlitsins.

Álit.

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnur á saknæma og ólögmeða háttsemi tjónvalds.

Sannað þykir að K hafi fengið flökunarhníf í hægri kálfa við vinnu sína á starfsstöð A um kl. 10 þann 8. mars 2014. Kveður K að annar starfsmaður hafi misst hníf sinn með fyrrgreindum afleiðingum. Hvergi í málgögnum er að finna nafn þess starfsmanns, hvorki í lögregluskýrslu né í öðrum gögnum málsins. A hefur reynt, án árangurs, að finna út úr því hver sá starfsmaður geti hafa verið, t.d með því að hafa samband við fyrrum samstarfsmenn K. Hefur A óskað eftir því að fá upplýsingar frá K um nafn viðkomandi starfsmanns, án árangurs svo er virðist. Rannsókn Vinnueftirlitsins hefði ekki breytt neinu þar um enda lykilatriði að ræða við meintan samstarfsmann K til að upplýsa um nánari málavexti. Í samskiptaseðli frá Heilsugæslunni í Keflavík kemur fram að K hafi skorið við vinnu í fiski og hafi misst hníf í kálfa. Ekki er minnst á samstarfsmann. Verður að telja ósannað að annar starfsmaður hafi misst hnífinn í kálfa K þann 8. mars 2014.

Miðað við allt framangreint er ósannað að A eigi að bera skaðabótaábyrgð á fjárhagslegu tjóni K vegna slyssins.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 4. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 274/2016

M
og
V v/ fjölskyldutryggingar

Ágreiningur um fjárhæð bóta úr fjölskyldutryggingu vegna slyss á fæti 16. maí 2012.**Gögn.**

7. Málskot, mótttekið 22.8.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum og fylgigögnum.

8. Bréf V, dags. 16.9.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Málsatvik.

M sleit hásin á fæti 16. maí 2012 þegar hann var að spila skvass. Hann fór á slysa- og bráðadeild LSH þann dag og aðgerð 21. janúar 2013 þar sem hvorki lækni meðferð eða endurhæfing hafði borið árangur. Samkvæmt taugaleiðni prófi 8. janúar 2014 hafði orðið taugaskaði við framkvæmd aðgerðarinnar og ástand hásinar talið slæmt.

M tilkynnti tjón sitt til Sjúkratrygginga Íslands 27. maí 2015 sem komst að þeirri niðurstöðu með ákvörðun 30. júní 2015 að M hefði ekki notið bestu mögulegrar meðferðar á LSH 16. maí 2012 þar sem miðað við eðli áverkans hefði verið rétt að hefja gipsmeðferð í hangandi stöðu. Hinn eiginlegi sjúklingatrygginga atburður og tjónsdagsetning var ákveðin 16. maí 2012 og voru M greiddar bætur 18. nóvember 2015 miðað við að miskinn væri 7 stig. M aflaði einhliða sérfræðimats bæklunarlæknis og lögfræðings sem lá fyrir 26. október 2015. Í því mati var miski M metinn 17 stig.

V var krafið um greiðslu bóta á grundvelli sérfræðimatsins með bréfi 2. nóvember 2015. V viðurkenndi bótaskyldu M vegna tjónsins en lagði ákvörðun SÍ til grundvallar við ákvörðun bóta og greiddi bætur á grundvelli þess 27. nóvember 2015.

Álit.

Í 1. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu um samþykktirnar nr. 1090/20015, kemur fram að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu milli málskotsaðila og váttryggingafélags sem hefur starfsleyfi hér á landi. Í þessu máli liggur fyrir að ágreiningur á milli málsaðila er um ákvörðun bóta. Í 2. mgr. 3. mgr. samþykktanna kemur fram að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Slíkt samþykki er ekki fyrir hendi í málinu og verður því samkvæmt ákvæðinu að vísa málinu frá.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 15. nóvember 2016.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 275/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðaplani við Laugar í Reykjavík þ. 15.7.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 15.9.2016
3. Bréf V-2 dags. 7.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðaplani við Laugar í Reykjavík. Ökumaður A segist hafa verið að bakka úr stöðureit þegar hann hafi séð til ferða B, sem hafi verið ekið framhjá A og síðan hafi B bakkað á A. Ökumaður A segist hafa verið kyrrstæður þegar áreksturinn varð. Ökumaður B segist hafa bakkað inn að lausu stæði á bifreiðaplaninu og hafi litið í kringum sig áður en hann bakkaði og hafi þá engin verið fyrir aftan B og A hafi verið ekið á B.

Álit.

Báðir ökumenn bakka í aðdraganda árekstursins. Ökumenn greinir á um aðdraganda árekstursins að nokkru en ökumaður A segist hafa verið kyrrstæður þegar áreksturinn varð, en ökumaður B segir að A hafi bakkað á B. Engin vitni voru að árekstrinum og ekki er sýnt fram á að A hafi verið stöðvuð þegar áreksturinn varð. Báðum ökumönnum bar að gæta varúðar við akstur aftur á bak, sbr. fyrirmæli 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Miðað við fyrirbyggjandi gögn verður því sök skipt til helminga þar sem hvorugur ökumaður gætir nægjanlegrar varúðar áður en hann bakkar.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður um sig ber helmingssök á árekstrinum.

Reykjavík 11.10.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 276/2016

M
og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á hringveginum við Arnarstapa í Skagafirði þann 15.8.2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 30.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V1, dags. 19.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 14.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið austur hringveginn til austurs við Arnarstapa í Skagafirði, og var A ekið á eftir B. Við aðkeyrslu að minnisvarða um Stephan G. Stephansson var A ekið aftan á B. Lítið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á bifreiðunum. Bjart var af degi og olíumalarborið yfirborð vegarins mun hafa verið blautt.

Ökumaður B kvaðst hafa ætlað að beygja til hægri inn á útsýnisplanið við minnisvarðann og gefið stefnumerki til hægri um þá fyrirætlun. Rétt áður en bifreiðin koma að innkeyrslu að minnisvarðanum hafi hann séð stóra holu á veginum og hafi hann þá stöðvað til að átta sig á aðstæðum. Hafi hann þá skyndilega fundið högg aftan á bifreiðina þegar A rakst á B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á eftir B í töluverðan tíma. Hann kveðst ekki hafa séð stefnumerki á B og ekki hafa áttað sig tímanlega á því að B hafði stöðvast. Hafi hann gert ráð fyrir að B yrði ekið inn á útsýnisplanið við Arnarstapa, en þegar hann varð þess var að hún stöðvaðist hafi hann reynt að beygja til vinstri og afstýra árekstri en ekki tekist. Í málskoti kveður ökumaður A að ökumaður B hafi nauðhemað án sýnilegrar ástæðu, en ökumaður B hafi verið einn um að sjá þá holu á veginum sem hafi leitt til þess að hann stöðvaði.

Álit.

A var ekið aftan á B. Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, vera svo langt frá því, að eigi sé hætt á árekstri, þótt ökutækið, sem er á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni A og, eins og hér stóð á, telst hann eiga sök á árekstrinum nema hann sýni fram á að aftanákeyrslan verði að einhverju eða öllu leyti rakinn til atvika sem ökumaður B ber ábyrgð á. Í lögregluskýrslu er þess ekki getið að engin hola hafi verið sýnileg á veginum þar sem áreksturinn varð. Af gögnum málsins að öðru leyti verður heldur ekki ráðið að ökumaður B hafi stöðvað án sýnilegrar ástæðu. Verður að telja ósannað að áreksturinn verði rakinn til atvika sem ökumaður B ber ábyrgð á. Verður öll sök á árekstrinum því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 11. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 277/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Sönnun tjóns vegna bifreiðabvottar 16. desember 2015.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 5.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.9.2016, ásamt gögnum m.a. skjáskot af vef umferðarstofu og höfnunarbref V dags. 23.8.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M telur sig hafa orðið fyrir tjóni við bifreiðabvott sem hann keypti hjá X þann 16. desember 2015, nánar tiltekið þegar bifreið hans fór í gegnum þar til gerða þvottastöð sem X rekur. M vísar til þess að hann hafi heyrt skell þegar þvottaáhalð hafi lent á þaki bifreiðarinnar og að þvotti loknum hafi verið samhverfar rákir á þaki bifreiðarinnar sem M telur að hafi komið til við umræddan skell eða þvott hjá X. M fór með mál sitt fyrir sérstaka kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa sem í álitinu sínu dags. 26. maí 2016 komst að þeirri niðurstöðu að X ætti að greiða kr. 125.000 og taldi nefndin að nægjanlega væri sýnt fram á að bifreið M hafi orðið fyrir tjóni þegar hún var þvegin í þvottastöð X. M vísar einnig til álits bifreiðasmiðs dags. 21. desember 2015 þar sem leiddar eru líkur að því að rákir á þaki bifreiðar hans séu til komnar vegna burstahára úr þvottarúllu, sem hafi verið hlaðin óhreinindum sem hafi náð að rispa lakk bifreiðarinnar.

V telur ósannað að rákir á þaki bifreiðar M hafi myndast við þvott bifreiðarinnar í þvottastöð X. V telur að ekki sé sýnt að sá sem skrifar undir álitargerð dags. 21. desember 2015, sem sé einhliða aflað af hálfu M, hafi sérþekkingu til að meta aðstæður auk þess sem engar myndir eða frekari gögn styðji niðurstöðu hans. Einnig bendir V á að í þvottastöð X sé ekki notast við hefðbundnar þvottarúllur heldur þvottasvampa og því séu forsendur álitargerðarinnar rangar. Ekki liggi því fyrir nægilega skýr sönnun á því hvernig tjón á þaki bifreiðar M sé auk þess sem um sé að ræða níu ára gamla bifreið og ekkert liggi fyrir um ástand hennar áður en hún fór í gegnum þvottastöð X.

Álit.

Almennar reglur skaðabótaréttar gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að tjón hans sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar annars beri sönnunarbyrðina fyrir því að atvik eða aðstæður séu með þeim hætti. Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er ekki bundin af sönnunarmati annarra úrskurðarnefnda, eins og t.d. kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa, og metur aðstæður því með sjálfstæðum hætti. Til þess að M geti átt bótarétt úr ábyrgðartryggingu X hjá V verður M því að geta sýnt fram á það að hann hafi orðið fyrir tjóni sem X ber skaðabótaábyrgð á, sbr. 2. gr. vátryggingarskilmála frjálsrar ábyrgðartryggingar hjá V. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrri um rispur á þaki bifreiðar M og mögulegar ástæður þess eru þau fyrst og fremst álitargerð starfsmanns bifreiðaverkstæðis þar sem rispum er lýst og ályktanir dregnar af því hvers vegna þær gætu komið til. Í álitinu kemur ekki fram að ályktanir séu byggðar á því hvernig búnaður er í þvottastöð X eða samanburður á slíkum búnaði og þeim rispum sem eru á þaki bifreiðar M. Hvorki liggja heldur fyrir myndir af umræddum rispum eða búnaði þvottastöðvarinnar. Verður heldur ekki hjá því litið að álitins er einhliða aflað. Að þessu sögðu verður ekki, af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram, talið nægilega sannað að tjón hafi orðið á bifreið M í þvottastöð X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 278/2016**M
og****Vátryggingafélag Íslands hf. (V) v /kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er bifreið fór út af vegi og valt.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 6.9.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 9.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um hádegisbil 9. ágúst 2015 var lögreglunni á Suðurlandi tilkynnt að bifreiðinni A í eigu M, hafði verið ekið norður afleggjarann frá Gaddstaðafötum á Hellu (Rangárþingi ytra) yfir Suðurlandsveg, farið eina veltu og stöðvast austan við hús Bílaþjónustunnar Hellu ehf. að Dynskálum 24. Snéri framendi A til vesturs eða að húsinu. Í lögregluskýrslu kemur fram um feril A, er atvikið gerðist, að frá nyrðri malbiksbrún Suðurlandsvegar og að vinstra afturhorni A, þar sem hún stöðvaðist, voru 24,5 m. Áður en A stöðvaðist hafi hún tekið niður umferðarskilti frá Vegagerðinni við nyrðri brún Suðurlandsvegar sem hafi verið 3 m á breidd, 2,5 m á hæð og staðið á tveimur 3 m háum álstoðum steiptum föstum á tvo stöpla. Einnig hafi A rekist á aðra bifreið og skemmt afturhlera hennar. A hafi svo stöðvast þar sem hestakerra hafi staðið og eyðilagðist yfirbygging kerrunnar við áreksturinn, en kerran kastaðist um 8,5 og skall þar á vinstri hlið bifreiðar. Ökumaður hafði horfið af vettvangi.

Af hálfu B, ökumanns A, er aðdraganda atburðarins lýst m.a. svo í málskoti að hann hafi um kl. 1:00 aðfaranótt 9. ágúst ekið norður veginn frá Gaddstaðafötum á 60 km hraða á klst. og þegar hann átti um 50-100 m ófarna að gatnamótum Suðurlandsvegar hafi hann þurft að fara yfir á öfugan vegarhelming vegna húsbíls sem var á vegöxlinni en að hluta inni á veginum. Hann hafi ætlað að draga úr hraða með því að stíga á hemla, en allt komið fyrir ekki því hemlarnir fóru „alla leið niður“. Þar sem hemlar virkuðu ekki hafi ökumaðurinn gripið til þess ráðs að „gíra niður“ A til að draga úr hraðanum, en þá hafi A runnið til á veginum. Við það hafi M brugðið og fyrir mistök, sem rekja megi til ótta hans og reynsluleysis sem ökumanns, hafi hann óvart stigið á bensínjölfina í stað hinna óvirku hemla og þannig hafi hraði A aukist verulega, enda um kraftmikla bifreið að ræða (yfir 200 hö).

Við skýrslutöku hjá lögreglu kvað B að A væri í raun í sinni eigu þótt hann væri skráður á móður hans þar sem hann hafi á sínum tíma ekki mátt taka lán fyrir kaupum á bifreiðinni vegna ungs aldurs, en þá hafi hann verið 17 ára gamall.

Samkvæmt matsgerð dómkvadds matsmanns er talið að líklegur hraði A hafi verið 93 km á klst. þegar henni var ekið út af Suðurlandsvegi, minnsti hraði 77 km á klst. en mesti hraði 110 km á klst. Í niðurlagsorðum í matsgerð hins dómkvadda matsmanns er þess getið að þegar A hafi verið ekið á umferðarmerkið og yfir stöpla þess sé viðbúið að hægra framhjólíð hafi losnað frá, drifbúnaður skaddast og bremsuleiðslur rofnað. Við það fari hemlafótstigið í gólfíð ef stigið er á það. Ef ökumaður hefur óvart stigið á bensínið eftir að hann ók fram af veginum í stað þess að stíga á hemlafótstigið hafi það hverfandi áhrif á hraðann því þegar drifbúnaður hægra framhjól hafi farið í sundur við áreksturinn á merkið snúi mismunadrifið eingöngu þeim hluta kerfisins þar sem mótstaðan er minni eða þeim hluta sem hjólíð losnaði frá.

B eyðilagðist við atvikið og hefur M krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá V, vátryggjanda bifreiðarinnar. V hefur hafnað bótaskyldu á þeim forsendum að B, sem bæri ábyrgð á A, hafi valdið tjóninu með háttsemi sem verði metin honum til stórkostlegs gáleysis.

Álit.

Hafi vátryggður í kaskótryggingu, eins og hér um ræðir, valdið vátryggingaratburði með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga

nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Við mat á ábyrgð félagsins skal litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 er í váttryggingum, sem tengjast ekki atvinnustarfsemi, óheimilt að semja með þeim hætti að váttryggður glati rétti sínum til bóta vegna háttsemi ættingja hans, aðstoðarmanna og annarra sem hafa við hann sambærileg tengsl. Þó er félaginu heimilt samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar að semja svo um að það megi m.a. við váttryggingu ökutækja bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða. Í gr. 9.1 í skilmálum V fyrir kaskótrygginguna er að finna ákvæði sem veitir félaginu heimild til að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða ökutæki. Eins og áður getur upplýsti B við skýrslutöku lögreglu að hann væri í raun eigandi A. Þessu hefur ekki verið andmælt að séð verður. Telst B því hafa verið ábyrgur fyrir A þegar tjónsatburðurinn varð og af þeim sökum er V heimilt að bera fyrir sig háttsemi hans.

Þegar litið er til verksummerkja á slysstað eins og gerð er grein fyrir þeim í lögregluskýrslu og matsgerð hins dómkvadda matsmanns, verður að telja engum vafa undirorpið að A hafi verið ekið á ofsahraða í þann mund sem slysið varð eða á um 93 km hraða á klst. eins og niðurstaða matsmannsins kveður á um. B var að koma eftir afleggjara frá hesthúsasvæði á Gaddstaðaflötum og var kominn að gatnamótum Suðurlandsvegar við þéttbýlið á Hellu. Í ljósi þessa var hraðinn langt yfir það sem aðstæður leyfðu. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur B ekki gert sennilegt að hinn mikla hraða megi rekja annars vegar til bilunar í hemlabúnaði A og hins vegar til þess að honum hafi orðið á afsakanleg mistök með því að hafa stigið bensínjölfina í stað hemlafetils er hann hugðist freista þess að draga úr hraðanum þegar í óefni stefndi. Að virtum gögnum málsins verður að telja að B hafi valdið óhappinu með því að hafa ekið á hinum mikla hraða þegar hann kom að gatnamótum Suðurlandsvegar og þá ekki ráðið við aðstæður. Þessa háttsemi B verður að virða honum til stórkostlegs gáleysis. Þegar litið er til þeirra atriða sem líta ber til samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði við úrlausn þess hver ábyrgð félagsins skuli vera þykir rétt eins og hér háttar til að ábyrgð V skerðist um helming og M beri jafnframt tjónið að helmingi sökum þess að B olli því með háttsemi sem telst stórkostlegt gáleysi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að helmingi úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 279/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er bifreið fór út af vegi og valt.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6.9.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 9.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um hádegisbil 9. ágúst 2015 var lögreglunni á Suðurlandi tilkynnt að bifreiðinni A hafði verið ekið norður afleggjarann frá Gaddstaðafötum á Hellu (Rangárþingi ytra) yfir Suðurlandsveg, farið eina veltu og stöðvast austan við hús Bílaþjónustunnar Hellu ehf. að Dynskálum 24. Snéri framendi A til vesturs eða að húsinu. Í lögregluskýrslu kemur fram um feril A, er atvikið gerðist, að frá nyrðri malbiksbrún Suðurlandsvegur og að vinstra afturhorni A, þar sem hún stöðvaðist, voru 24,5 m. Áður en A stöðvaðist hafi hún tekið niður umferðarskilti frá Vegagerðinni við nyrðri brún Suðurlandsvegur sem hafi verið 3 m á breidd, 2,5 m á hæð og staðið á tveimur 3 m háum álstoðum steyptum föstum á tvo stöpla. Einnig hafi A rekist á aðra bifreið og skemmt afturhlera hennar. A hafi svo stöðvast þar sem hestakerra hafi staðið og eyðilagðist yfirbygging kerrunnar við áreksturinn, en kerran kastaðist um 8,5 og skall þar á vinstri hlið bifreiðar. Ökumaður hafði horfið af vettvangi.

Af hálfu M, ökumanns A, er aðdraganda atburðarins lýst m.a. svo í málskoti að hann hafi um kl. 1:00 aðfaranótt 9. ágúst ekið norður veginn frá Gaddstaðafötum á 60 km hraða á klst. og þegar hann átti um 50-100 m ófarna að gatnamótum Suðurlandsvegur hafi hann þurft að fara yfir á öfugan vegarhelming vegna húsbíls sem var á vegöxlinni en að hluta inni á veginum. Hann hafi ætlað að draga úr hraða með því að stíga á hemla, en allt komið fyrir ekki því hemlarnir fóru „alla leið niður“. Þar sem hemlar virkuðu ekki hafi ökumaðurinn gripið til þess ráðs að „gíra niður“ A til að draga úr hraðanum, en þá hafi A runnið til á veginum. Við það hafi M brugðið og fyrir mistök, sem rekja megi til ótta hans og reynsluleysis sem ökumanns, hafi hann óvart stigið á bensínjölfina í stað hinna óvirku hemla og þannig hafi hraði A aukist verulega, enda um kraftmikla bifreið að ræða (yfir 200 hö).

Samkvæmt matsgerð dómkvadds matsmanns er talið að líklegur hraði A hafi verið 93 km á klst. þegar henni var ekið út af Suðurlandsvegi, minnsti hraði 77 km á klst. en mesti hraði 110 km á klst. Í niðurlagsorðum í matsgerð hins dómkvadda matsmanns er þess getið að þegar A hafi verið ekið á umferðarmerkið og yfir stöpla þess sé viðbúið að hægra framhjólíð hafi losnað frá, drifbúnaður skaddast og bremsuleiðslur rofnað. Við það fari hemlafótstigið í gólfið ef stigið er á það. Ef ökumaður hefur óvart stigið á bensínið eftir að hann ók fram af veginum í stað þess að stíga á hemlafótstigið hafi það hverfandi áhrif á hraðann því þegar drifbúnaður hægra framhjólis hafi farið í sundur við áreksturinn á merkið snúi mismunadrifið eingöngu þeim hluta kerfisins þar sem mótstaðan er minni eða þeim hluta sem hjólið losnaði frá.

M varð fyrir meiðslum við atvikið og hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V, vátryggjanda bifreiðarinnar. V hefur hafnað bótaskyldu á þeim forsendum að M hafi valdið slysinu með háttsemi sem verði metin honum til stórkostlegs gáleysis.

Álit.

Hafi vátryggður í slysatryggingu, eins og hér um ræðir, valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið má samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Þegar litið er til verksummerkja á slysstað eins og gerð er grein fyrir þeim í lögregluskýrslu og matsgerð hins dómkvadda matsmanns, verður að telja engum vafa undirorpið að A hafi verið ekið á ofsahraða í þann mund sem slysið varð eða á um 93 km hraða á klst. eins og niðurstaða matsmannsins kveður á um. M var að koma eftir afleggjara frá hesthúsasvæði á Gaddstaðaflötum og var kominn að gatnamótum Suðurlandsvegar við þéttbýlið á Hellu. Í ljósi þessa var hraðinn langt yfir það sem aðstæður leyfðu. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur M ekki gert sennilegt að hinn mikla hraða megi rekja annars vegar til bilunar í hemlabúnaði A og hins vegar til þess að honum hafi orðið á afsakanleg mistök með því að hafa stigið bensínjöfina í stað hemlafetils er hann hugðist freista þess að draga úr hraðanum þegar í óefni stefndi. Að virtum gögnum málsins verður að telja að M hafi valdið óhappinu með því að hafa ekið á hinum mikla hraða þegar hann kom að gatnamótum Suðurlandsvegar og þá ekki ráðið við aðstæður. Þessa háttsemi M verður að virða honum til stórkostlegs gáleysis. Þegar litið er til þeirra atriða sem líta ber til samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði við úrlausn þess hver ábyrgð félagsins skuli vera þykir rétt eins og hér háttar til að ábyrgð V skerðist um helming og M beri jafnframt tjón sitt að helmingi.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að hálfu úr slysathryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 280/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.

Árekstur í hringtorgi á Vesturlandsvegi 18.7.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf V dags. 22.9.2016.

Málsatvik.

Báðum bifreiðum var ekið norður Vesturlandsveg og inn í hringtorg og út úr því við annan útakstur. A ók í ytri hring og B í innri hring og varð árekstur með bifreiðunum þegar þau óku út úr hringtorginu og lenti hægra framhorn B í vinstri hlið A. Ökumaður A segist hafa verið að aka út úr hringtorginu og fundið þegar B hafi slengt sér til og hafi hann náð að stöðva A úti í kanti. Ökumaður B segist hafa ekið í innri hring á eftir ökutæki þegar A hafi beygt á hornið á B við útaksturinn úr hringtorginu.

Álit.

Ökumenn greinir á um aðdraganda árekstursins, en báðir halda því fram að gagnaðili hafi ekið á sig. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem benda til eða sýna fram á að annar ökumaður beri sök umfram hinn á árekstrinum og verður því sök skipt til helminga milli ökumanna, þar sem óljóst er með stöðu ökutækjanna við útakstur úr hringtorginu.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 11.10.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 281/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ sjúkratryggingar X.****Upplýsingaskylda vátryggingartaka við töku vátryggingar og veikindi árið 2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 24.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.10.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M tilkynnti V um veikindi sín með tjonstilkynningu dags. 13. janúar 2016. Þar kemur einnig fram að M hefur verið vátryggður með sjúkratryggingu hjá V síðan í nóvember 2011 þegar vátryggingar X voru færðar frá öðru vátryggingafélagi til V. M fyllti út sérstaka beiðni um persónutryggingar dags. 10. nóvember 2011 þegar þau viðskipti áttu sér stað.

M telur að hann eigi rétt á bótum úr sjúkratryggingu sinni hjá V vegna óvinnufærni sem staðfest sé með læknisvottorðum og hafi komið til á árinu 2015. M vísar m.a. til þess að þegar hann fyllti út beiðni um persónutryggingu í nóvember 2011 hafi V fengið heimild til að afla upplýsinga um heilsufar hans. Það hafi V ekki gert og hafi því afsalað sér rétti til að bera nú fyrir sig upplýsingar úr þeirri sjúkraskrá. Einnig bendir M á að hann hafi svarað spurningum í beiðni um persónutrygginga m.t.t. hvort hann hafi verið fær til að sinna bústörfum á þeim tíma og það hafi hann verið fær til að gera fram til ársins 2015. M telur því að þær upplýsingar sem hann gaf V um heilsufar sitt í nóvember 2011 hafi verið réttar og eigi ekki að hafa áhrif á bótarétt M nú.

V byggir á því í fyrsta lagi að ákvæði í gr. 3.4 í vátryggingarskilmálum sjúkratryggingar komi fram að V greiði ekki bætur vegna sjúkdóma sem sýnt hafi einkenni áður en vátryggingin gekk í gildi, nema félagið hafi samþykkt trygginguna þrátt fyrir það. V vísar til færslna úr sjúkraskrá M þar sem fram kemur t.d. á árinu 2010 að M hafi haft verk í baki í mörg ár auk þess sem óvinnufærni hans á árinu 2015 sé rakin til slitgigtar, sem hafi verið fyrir hendi í mörg ár. Einnig vísar V til þess að M hafi svarað tilteknum spurningum um heilsufar sitt ranglega á beiðni um persónutryggingar dags. 10. nóvember 2011 og geti V þess vegna takmarkað ábyrgð sína með vísan til 1. og 2. mgr. 83. gr. og 120. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu lýtur í fyrsta lagi að því hvort M hafi gefið V rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um heilsufar sitt við töku sjúkratryggingar í nóvember 2011. Í öðru lagi, ef svo er, að því hvort V hafi hlutlægt séð takmarkað ábyrgð sína með gr. 3.4 í vátryggingarskilmálum þannig að vátryggingin taki ekki til afleiðinga sjúkdóma sem M var haldinn áður. Í þriðja lagi, ef slík takmörkun er ekki tæk, hvort rangar eða ófullnægjandi upplýsingar leiða til þess að félagið geti takmarkað ábyrgð sína í heild eða að hluta á grundvelli ákvæða 83. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Í fyrsta lagi verður að líta svo á að þegar M fyllti út beiðni um persónutryggingar hjá V í nóvember 2011 hafi honum borið að veita V réttar upplýsingar við mat á áhættu sinni. Um slíka heimild V til þess að afla upplýsinga um heilsufar komandi vátryggingartaka sinna er fjallað í 82. gr. laga um vátryggingarsamninga. Ekki er hægt að fallast á þær forsendur sem M virðist hafa gefið sér við svör við þeim spurningum sem í beiðninni voru, þ.e. að hann ætti að svara öllum spurningum eingöngu m.t.t. vinnufærni sinnar. Í umræddri beiðni er skýrlega óskað eftir svörum t.d. um hvort M hafi verið ráðlagt að gangast undir rannsóknir í lið 7.3, hvort hann hafi haft sjúkdóm sem krafist hafi rannsókna í lið 7.4, og sérstaklega um verki í baki og gigt í lið 7.7. Þessum spurningum svarar M neitandi en í sjúkraskrá hans, t.d. í færslu frá því í janúar 2010, kemur fram að hann hafi haft verki í baki í mörg ár og farið í röntgenmyndatöku og segulóm skoðun vegna þess. Einnig kemur fram í að M hafi verið greindur með maga-, vélinda eða bakflæðissjúkdóm og taki lyf vegna þess en í lið 7.9 í títtnefndri beiðni svarar M því neitandi að hann taki lyf. Að þessu virtu telst M hafa gefið V ófullnægjandi upplýsingar um heilsufar sitt við mat á áhættu við töku vátryggingar. Telst sú vanræksla

upplýsingaskyldu hans sem váttryggðs ekki óveruleg í skilningi 2. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Í öðru lagi verður að taka afstöðu til þess hvort tilvísun V til gr. 3.4 í váttryggingarskilmálum beri að líta á sem hlutlæga ábyrgðartakmörkun. Það er hvort V hafi samið þannig við M að það sé laust úr ábyrgð þegar af þeirri ástæðu að sjúkdómur M hafi verið til staðar þegar sjúkratryggingin tók gildi. Þegar slíkt ákvæði er skoðað verður að líta til 1. mgr. 86. gr. laga um váttryggingarsamninga þar sem slíkur fyrirvari um ábyrgð váttryggingafélags er takmarkaður við tilvik sem talin eru upp sérstaklega í a.-c. lið greinarinnar. Verður ekki séð að sjúkratrygging V og samskipti M og V í tengslum við töku þeirrar tryggingar hafi verið þess eðlis að V sé tækt að bera fyrir sig fyrirvara í gr. 3.4 váttryggingarskilmála sem hlutlæga ábyrgðartakmörkun.

Í þriðja lagi stendur því eftir að meta hvort og þá með hvaða hætti þær ófullnægjandi upplýsingar sem M gaf um heilsufar sitt við töku sjúkratryggingar hjá V leiði til takmörkunar ábyrgðar V. Verður í þeim efnum að líta til 3. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga þar sem kemur fram að meta skuli hvaða þýðingu vanræksla upplýsingaskyldu hefur haft fyrir mat á áhættu V, hversu sök M er mikil, með hvaða hætti váttryggingaratburður hefur orðið og til atviki að öðru leyti. Ekki liggur fyrir með skýrum hætti hvort og þá hvernig váttryggingu V hefði veitt M ef réttar upplýsingar um heilsufar hans hefðu legið fyrir í nóvember 2011 en ekki er óvarlegt að ætla að V hefði verðlagt áhættuna með öðrum hætti, þ.e. þannig að X hefði þurft að greiða hærra iðgjald en ella. Sök M er nokkur af því að hafa ranglega svarað þeim skýru spurningum sem voru á beiðni V um persónutryggingar og einhver orsakatengsl eru milli þeirra einkenna sem M gaf ekki upplýsingar um og óvinnufærni hans í dag. Þegar allt þetta er virt telst V heimilt að takmarka ábyrgð sína um helming bótafjárhæðar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúkratryggingu X hjá V en V er heimilt að takmarka ábyrgð sína að helmingi bótafjárhæðar.

Reykjavík, 25. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 282/2016**M og
V-1 v. A og
V-2 v. B****Árekstur bifreiða á Hvammabraut í Hafnarfirði þ. 29.6.2016.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 5.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 22.9.2016

Bréf V-2 dags. 20.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Árekstur varð á Hvammabraut (gömlu Reykjanesbraut) í Hafnarfirði milli A og B. Ökumaður B stöðvaði á akbrautinni til að bakka inn í vörubílastæði og þveraði akbraut til norðurs þegar A var ekið í norður og í vinstri hlið B. Ökumaður A segist hafa ekið upp Hvammabraut og þegar hann hafi komið í aflíðandi beygju við kirkjugarðinn hafi hann gætt að umferð frá kirkjugarðinum á hægri hönd og ekið áfram en skyndilega hafi B verið þvert á akbrautinni og verið að snúa við til að bakka inn í stæði. Ökumaður B sagðist hafa stöðvað B á akbrautinni og verið að snúa við til að bakka inn í stæði og þverað báðar akreinar.

Álit.

Hvorugur ökumaður gætir nægjanlegrar varúðar við aksturinn og ekki er forsenda til að fella meiri sök á annan ökumann umfram hinn og er sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 25.10.2016.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 283/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ frítímaslysaftryggingar.****Ágreiningur um uppgjör bóta vegna slyss.****Gögn.**

Málskot, móttakið 2.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 21.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni 16. apríl 2015 mun M hafa dottið fram fyrir sig á heimili sínu og skolið í gólfíð. Í fyrirliggjandi örorkumati, dags. 10. ágúst 2016, sem unnið er af lækni, sérfræðingi í bæklunarskurðlækningum og mati á líkamstjóni, segir að hún hafi rotast og sneiðmynd af höfði hafi sýnt brot á höfuðkúpu og blæðingu í heila vinstra megin. Eftir slysið hafi hún legið á sjúkrahúsi í um tvær vikur. Í samantektar- og álitskafla örorkumatsins kemur fram að þær kvartanir sem M hafi og hún kveður tengjast slysinu eru skerðing á lyktar- og bragðskyni, trufluð sjón, trufluð heyrn, höfuðverkir, gleymni og verkur í kjálkaliðum auk þess sem hún hafi þurft nýjar tennur og sterkari gleraugu. Að teknu tilliti til sjúkdómseinkenna sem M bjó við fyrir slysið, svo sem í höfði, hálsi, nefi og koki, var varanleg læknisfræðileg örorka af völdum slyssins metin 8%.

Samkvæmt tjónskvittun, dags. 16. ágúst 2016, voru M greiddar 291.200 krónur í bætur vegna slyssins. M er ósátt við uppgjórið og samkvæmt því sem fram kemur í málskoti má helst ráða að hún telji bæturnar ekki endurspegla það líkamstjón sem hún telur sig hafa orðið fyrir við slysið. V kveður bæturnar ákveðnar á grundvelli fyrirliggjandi örorkumats og í samræmi við ákvæði í skilmálum sem um vátrygginguna gilda.

Álit.

Þegar litið er til ákvæða í skilmálum frítímaslysaftryggingarinnar, svo sem 29. gr. um verðbreytingar á vátryggingarfjárhæðum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs án húsnæðis frá upphafsdegi vátryggingartímabils til uppgjördags, svo og ákvæða 21. gr. sem lúta að lækun vátryggingarfjárhæðar um 10% vegna aldurs M á slysdagi og 50% skerðingar á metinni örorku þegar hún er metin lægri en 15%, er ekki efni til að gera athugasemdir við útreikning bótanna. Enda má segja að óánægja M með uppgjórið beinist fremur að niðurstöðu örorkumatsins en útreikningi bótafjárhæðarinnar. Öðrum sönnunargögnum um varanlegar afleiðingar af völdum slyssins en fyrrgreindu örorkumati er ekki til að dreifa í málinu. Eins og málið liggur fyrir átti V ekki annan kost en leggja umrætt örorkumat til grundvallar við ákvörðun bótanna. Telji M að örorka hennar af völdum slyssins sé meiri en niðurstaða fyrirliggjandi mats kveður á um verður hún að fá því mati hnekk með nýju mati, svo sem með matsgerð dómkvaddra matsmanna, og freista þess þannig að sýna fram á að varanleg læknisfræðileg örorka sé meiri en fyrirliggjandi mat gefur til kynna. Slíkt mat liggur ekki fyrir í málinu og hefur því ekki verið sýnt fram á að hún eigi rétt til frekari bóta úr slysaftryggingunni hjá V en hún hefur þegar fengið.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr frítímaslysaftryggingu hjá V.

Reykjavík, 11. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 284/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Fjárhæð tjóns vegna áaksturs 13. mars 2016.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 6.9.2016

Bréf V, dags. 22.9.2016.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 26.9.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðinni X var ekið á tík í eigu M á Þjóðvegi 1 við bæinn Lindarbrekku 1 í Berufirði. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar. Ekki hefur hins vegar náðst samkomulag um fjárhæð þess tjóns sem M, sem eigandi tíkurinnar, varð fyrir, en tíkin drapst samstundis við áaksturinn. Bæði M og V hafa samþykkt að nefndin fjalli um bótafjárhæð, sbr. 2.mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005.

M telur að tjón hans vegna dauða tíkurinnar sé kr. 500.000 og sundurliðar það með þeim hætti að kaupverð hennar í lok árs 2014 hafi verið kr. 223.500, kostnaður við sérstaka smalaþjálfun hafi verið kr. 200.000 og eftirstöðvar tjónsins sé almennt fjártjón. M vísar til reikninga vegna kaupa á tíkinni frá ræktendum sem og reiknings frá þeim sem var fenginn til þjálfunar hennar.

V telur að verðmæti tíkurinnar sé einungis fölginn í þeim kostnaði sem var við kaup á henni, en ekki sá kostnaður sem fylgdi þeirri sérstöku þjálfun sem hún hafði fengið. Það séu ekki skaðabótaskyldar afleiðingar þar sem óumflýjanlega fylgi ávallt kostnaður við að halda dýr, t.d. fóðrun og tamningar.

Álit.

Þegar skaðabætur eru ákveðnar verður að meta sérstaklega verðmæti þess sem varð fyrir tjóni. Þegar um munatjón er að ræða gera almennar reglur skaðabótaréttarins ráð fyrir því að tjón sé metið út frá enduröflunarverði, þ.e. hvaða fjárhæð þurfi til að kaupa sambærilegan hlut, miðað við það verð sem var á hlutnum þegar tjón varð. Við mat á verðmæti þeirrar tíkur sem M missti við áaksturinn verður því að líta til þess hvað það kostar hann að kaupa sambærilega tík á því verðlagi sem var á tjónsdegi, eða í mars sl. Þegar litið er til starfa M og búsetu verður að telja augljóst að tjón hans við að missa umrædda tík felur í sér annað og meira fjárhagslegt en að hann kaupir hreinræktaðan skrauthund. Tjón hans telst því fölgid í því að koma sér upp tík, eða eftir atvikum hundi, sem má ætla að hafi sambærilega getu á við þá sem först. Ekki hefur annað komið fram í málinu en að sá kostnaður, þ.e. reikningar upp á kr. 423.200, sem hann hafi greitt vegna tíkurinnar sem först sé eðlilegur til að koma sér upp tík eða hundi sem er sérþjálfaður til smölunar m.v. við verðlag í mars sl. Verður því fallist á að tjón hans sé a.m.k. kr. 423.200, en af þeirri fjárhæð hefur V nú þegar greitt kr. 223.200. Ekki liggja fyrir sambærileg sönnunargögn um annað fjártjón M umfram þetta. Telst hann því eiga rétt á greiðslu kr. 200.000 úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á greiðslu 200.000 kr. úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V, til viðbótar við þær 223.200 kr. sem þegar hafa verið greiddar vegna tjóns hans.

Reykjavík, 11. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 285/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ flutningstryggingar.****Ágreiningur um hvort bætur vegna farmtjóns skulu ákvarðast sem bætur fyrir algert tjón.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.9.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 5.10.2016.

Málsatvik.

M keypti notaða steypudælu í Þýskalandi fyrir EUR 160.000 sem hann hugðist flytja til Íslands til endursölu. Dælan var tryggð hjá V í flutningi hingað til lands. Skip sem flutti dæluna mun hafa laskast og í meðförum hafnarstarfsmanna í Árósum í Danmörku varð dælan fyrir skemmdum. Að tilhlutan V var matsmaður á vegum Lloyd's í Danmörku fenginn til að meta tjónið og umfang þess. Niðurstaða hans var sú að tjónið næmi DKR 133.000. Myndir af tjóninu voru sendar framleiðanda dæluinnar í Þýskalandi. Að hans áliti var talið að steypudælu sem verða fyrir falli séu óviðgerðarhæfar. V greiddi M IKR 3.000.000 í bætur vegna tjónsins. Kveður M að þegar ljóst varð að hann gæti ekki afhent dæluna á réttum tíma vegna tjónsins hafi fyrirhugaður kaupandi rift kaupnum. Að svo stöddu sé enginn annar kaupandi að dæluinni hér á landi. Af þeim sökum sé dælan honum verðlaus komin hingað til lands. Krefst M þess að hann fái tjónið bætt sem algert tjón skv. 15 gr. í skilmálum flutningstryggingarinnar en ekki viðgerðarkostnað skv. 16. gr. skilmálanna. V kveðst hafa greitt fyrrgreinda fjárhæð með vísan til gr. 16.3 í skilmálunum eftir að tilboð fékkst í viðgerð á dæluinni og því eigi M ekki rétt á frekari bótum. Telur V að ágreiningur aðila snúist um bótafjárhæðir og félagið samþykki ekki að úrskurðað sé um bótafjárhæð í málinu og því eigi að vísa því frá skv. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005.

Álit.

Í 2. mgr. 3. gr. samþykta nefndarinnar segir að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Eins og ágreiningsefni málsaðila hefur verið lagt fyrir nefndina snýst það um hvort skemmdir á steypudælu feli í sér að um altjón sé að ræða sem beri að bæta á grundvelli 15. gr. vátryggingarskilmálanna um algert tjón eða hvort unnt sé að gera við dæluna þannig að ákveða beri bætur á grundvelli 16. gr. téðra skilmála. Verður að líta svo á að um sé að ræða ágreining um túlkun á vátryggingarskilmálum og þá einkum hvort bótaskilyrðum 15. gr. skilmálanna sé fullnægt. Slíkur ágreiningur á undir úrskurðarvald nefndarinnar og er því ekki efni til að vísa málinu frá.

Í 15. gr. vátryggingarskilmálanna er kveðið á um bætur fyrir algert tjón og við hvaða aðstæður slíkar bætur skulu greiddast. Þar segir að félagið greiði bætur fyrir algert tjón ef hið vátryggða hefur verið yfirgefið, annaðhvort vegna þess að algert tjón á því virtist óumflýjanlegt eða kostnaður við að bjarga því, gera við það og senda það áfram til ákvörðunarstaðar vátryggingarinnar fari fram úr verði þess þar. Í 16. gr. skilmálanna er kveðið á um ákvörðun bóta þegar ekki er um algert tjón að ræða. Samkvæmt gr. 16.3 getur félagið annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins. Þá segir í gr. 16.6 að vátryggður skuli ekki hagnast á vátryggingaraburði og að vátryggingin skuli einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

Eins og áður greinir kveðst M hafa ætlað að endurselja dæluna hér á landi en þeim kaupum hafi verið rift vegna afhendingardráttar sem leiddi af skemmdunum. Því sé dælan verðlaus og eigi að bætast sem altjón. V fékk Lloyd's í Danmörku til að meta tjónið og samkvæmt matsgerð fyrirtækisins nemur tjónið DKR. 133.000. Fyrirliggjandi tölvubréf framleiðanda steypudæluinnar er almenns eðlis og dugir ekki sem sönnunargagn til stuðnings staðhæfingu M um að skemmdir á dæluinni hafi í för með sér að hann hafi orðið fyrir altjóni í skilningi 15. gr. skilmálanna. Öðrum haldbærum

sönnunargögnum er ekki til að dreifa sem sýnt geta fram á að dælan skuli bætast sem altjón. Matsgerð þeirri sem V aflaði hefur ekki verið hnekkt. Verður ekki hjá því komist að leggja það til grundvallar varðandi umfang tjónsins. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið að um altjón sé að ræða á dælunni eða af öðrum ástæðum sé það andstætt skilmálum farmtryggingarinnar að viðgerð fari fram með þeim hætti sem V hefur lagt til. M á því ekki rétt á bótum fyrir altjón vegna skemmda á steypudælunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir altjón vegna skemmda á steypudælu.

Reykjavík, 25. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 286/2016
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar og ökumanns bifreiðarinnar A.

Árekstur. Slysatrygging ökumanns. Fyrning vegna slyss 15.6.2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 24.10.2016.

Málsatvik.

M lenti í umferðarslysi 15.6.2005. Samkvæmt umboði dags. 27.10.2006 var lögmanni falið til að koma fram fyrir hennar hönd vegna afleiðinga slyssins og sendi lögmaðurinn fyrirspurn til V 8.1.2007 og fór fram á að V sendi honum afrit af lögregluskýrslum og óskað eftir afstöðu V til málsins. Svarbréf V dags. 15.1.2007 sagði að ekki liggi fyrir gögn hjá félaginu þess efnis að M hafi slasast í árekstrinum og var lögmaðurinn beðinn um að senda V útfyllta slysatilkynningu auk vottorðs. Hinn 15.3.2016 veitti M síðan öðrum lögmanni umboð til að fara með málið og sendi hann upplýsingar, þ.á.m. tjónstilkynningu vegna slyss M og með bréfi dags. 30.5.2016 til V óskaði sá lögmaður eftir afstöðu V til bótaskyldu. V svaraði því til að það teldi kröfur vegna slyssins 15.6.2005 fyrndar.

M krefst bóta vegna slyssins og vísar til þess að þáverandi lögmaður M hafi tilkynnt V um slysið og ljóst sé að verið sé að beina kröfu að V og fyrningu hafi verið slitið sbr. 14. gr. núgildandi laga um fyrningu nr. 150/2007. V hafnar bótaskyldu og vísar til 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem kveðið er á um að allar bótakröfur skv. viðkomandi kafla fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði. V telur tilkynningu lögmannsins frá 2007 ekki hafa neitt gildi hvað varðar slit á fyrningarfresti vegna kröfu M.

Álit.

Ágreiningur í málinu varðar það hvort krafa M sé fyrnd. Fyrir liggur að meira en tíu ár eru liðin frá tjónsatburði 15.6.2005. Fyrirspurnarbréf lögmanns M frá 8.1.2007 slítur ekki upphafsdag þess frests og er tilvísun til núgildandi laga um fyrningu haldlaus. Samkvæmt fortakslausu ákvæði 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 fyrnast kröfur skv. XIII. kafla umferðarlaga í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði. Kröfur M í slysatryggingu ökumanns hjá V eru því fyrndar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A.

Reykjavík 22.11.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 287/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Veislutjald fauk og olli skemmdum 24.6.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 20.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M segir að veislutjald sem sé um 100 kíló að þyngd hafi verið tjaldað en fokið um 150 metra og hafnað á þakkanti, fánastöng og hjólhýsi og valdið tjóni. M segir að hugsanlegt sé að tjaldið hafi fokið þegar barn opnaði tjaldið. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V vegna þess tjóns sem hlaut af því að tjaldið fauk. V hafnar bótaskyldu og vísar til 15. gr. vátryggingarskilmála þar sem kveðið er á um það að vátryggt sé gegn þeirri skaðabótaskyldu sem falli á vátryggðan sem einstakling og vísar V til þess að ákvæði sakarreglunnar þurfi að vera uppfyllt svo að um bótaskyldu úr tryggingunni verði að ræða. V segir að engin gögn liggi fyrir sem bendi til þess að tjaldið hafi verið sett upp með röngum eða ófullnægjandi hætti auk þess liggi engin gögn fyrir um veðurhæð eða hvort óforsvaranlegt hafi verið að tjalda tjaldinu miðað við veðurspár. V telur ósannað að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi vátryggðs.

Álit.

Afar takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir í málinu og ekkert kemur fram í gögnum málsins sem bendir til þess að M hafi gerst sekur um skaðabótaskylda háttsemi í umrætt sinn. Þegar af þeim ástæðum er ekki fyrir hendi bótaskylda V úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar M hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 11.10.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 288/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar O.

Heitavatnsinntak í hús bilaði í júlí 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-5.
2. Bréf V dags. 19. 10. 2015 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

M segir að heitavatnsinntak við hús sitt hafi bilað með þeim afleiðingum að heitt vatn lak inn í húsið og hafi þannig valdið umtalsverðu tjóni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu O hjá V og vísar til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga. M segir að starfsfólk O hafi sýnt af sér vangá við viðgerð á vatnsinntakinu og ekki gætt þess að hafa nægjanlegt eftirlit með lögnum og ekki sinnt viðhaldi lagnanna sem skyldi. Þá segir M að starfsmenn O hafi valdið tjóni þegar þeir gerðu við vatnsinntakið og hafi m.a. grafið undan tröppum við húsið en það hafi valdið tjóni. V hafnar bótaskyldu og vísar til ummæla starfsmanna O um að þeim hafi ekki verið kunnugt um að umrætt vatnsinntak hafi verið lélegt og við skoðun hafi komið í ljós að tröppur og bíslag hafi verið gamalt og ekki grundað á fastan jarðveg heldur byggt á moldarlagi. V segir ekkert liggja fyrir sem sýni fram á að vatnslekinn verði rakinn til sakar starfsmanna O eða annars sem O beri ábyrgð á og umræddar lagnir hafi verið lagðar um 1980 og hefðu átt að endast í um 50 ár. Þá vísar V til þess að undirlag á tröppum þeim sem um ræðir uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar séu til mannvirkja.

Álit.

Ekki er sýnt fram á það í gögnum málsins að tjón M verði rakið til sakar starfsfólks O eða einhvers sem O ber ábyrgð á. Ekki liggur fyrir að vitað hafi verið að lagnir við hús M hafi verið í ólagi áður en tjónið varð og ekki hefur heldur verið sýnt fram á að eðlilegur endingartími þeirra hafi verið liðinn þó til hafi staðið að skipta um þær, en það hafi verið vegna aðstæðna sem vörðuðu M og fyrirhugaðar framkvæmdir á hennar vegum. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu O hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu O hjá V.

Reykjavík 17.10.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 289/2016

M
og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
v/ ábyrgðartryggingar strætisvagnsins B

Árekstur á Snorrabraut í Reykjavík að norðanverðu við gatnamót Eiríksgötu hinn
12.3.2016.

Gögn.

9. Málskot, móttækið 8.9.2016, ásamt fylgigögnum.

10. Tölvubréf V, dags. 27.9.2016.

Málsatvik.

A og B var ekið suður Snorrabraut. Að norðanverðu við gatnamót Snorrabrautar og Eiríksgötu var B ekið aftan á A. Skemmdir virðast ekki hafa orðið miklar á bifreiðunum.

Ökumaður A kvaðst hafa skipt um akrein við gatnamót Egilsgötu og farið af vinstri akrein yfir á hægri akrein. Er hann hafi komið að gatnamótum Eiríksgötu hafi hraðahindrun verið á götunni og hafi hann hægt á sér. Skömmu síðar hafi B verið ekið aftan á A. Þá getur ökumaður A þess einnig að bifreið hafi komið norður Eiríksgötu sem virtist ekki ætla að stöðva við gatnamótin og aka í veg fyrir hann. Þess vegna hafi hann dregið úr hraða.

Ökumaður B kvað A hafa komið á mikilli ferð fram úr B og verið snarbeygt fyrir B við gatnamótin og snarhemlað um leið án þess að gefa stefnumerki. Hafi ökumaðurinn ekki fengið við neitt ráðið og lent aftan á A. Ökumaður A hafi verið að flýta sér og „stingur af“.

Álit.

Áreksturinn varð í framhaldi af því að A var ekið af vinstri akrein yfir á hægri akrein Snorrabrautar, en við Eiríksgötu hafi ökumaður A dregið úr hraða að hans sögn vegna hraðahindrunar sem var framundan auk þess sem bifreið á Eiríksgötu virtist ekki ætla að stöðva fyrir honum. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann skiptir um akrein, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Sama er, ef ökumaður ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess. Þegar gögn málsins eru virt í heild, þ. á m. að ökumaður A hvarf af vettvangi án þess að gerð væri viðhlítandi skýrsla um áreksturinn, verður að telja að ökumaður A hafi ekki gætt þessa lagaákvæðis og til þess verður áreksturinn rakinn. Ekki hefur verið sýnt fram á að áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður B hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt bil á milli ökutækjanna eða hann hafi að öðru leyti hagað akstri sínum þannig að á hann verði felld sök. Öll sök á árekstrinum verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 17. október 2016.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 290/2016
M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.

Slys á dekkjaverkstæði 12. desember 2014.

Gögn.

Málskot, móttakið 12.9.2016, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 25.9.2016, ásamt ljósmynd frá X.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M leitaði með nær loftlausan hjólbarða til viðgerðar á verkstæði X. Við það að starfsmaður X dældi lofti í hjólbarðann varð sprenging sem virðist bæði hafa framkallað hávaða og þannig áhrif að tvær rúður í verkstæði X brotnuðu. M kveðst hafa hlotið högg á sig við sprenginguna og líkamstjón sem felist í heilahristingi og heyrnarskerðingu í vinstra eyra.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans og vísar til þess að slysið hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins og í skýrslu þess komi m.a. fram það mat að mikil hætta hafi verið á að það sé þráðarbrot eða aðrar skemmdir í hliðum hjólbarða ef ekið sé á sprungnum hjólbarða tugi kílómetra og að vinnulag á verkstæðinu hafi ekki tekið tillit til þess auk þess sem viðeigandi varúðar hefi ekki verið gætt við dælingu loftis í hjólbarðann. M telur að starfsmenn X hafi brugðist skyldum sínum skv. almennum fyrirmælum í lögum og reglum sem lúta að vinnuvernd, t.d. lög nr. 46/1980 og reglur settar með stoð í þeim lögum. Einnig vísar M til þess að verkþáttur sá sem starfsmenn X unnu við hafði ekki verið áhættumetinn í samræmi við ofangreind lög.

V vísar til þess að M hafi verið vísað inn í sérstaka biðstofu inn af verkstæði X og hafi ekki átt að vera staddur þar sem hann var í greint sinn. Einnig vísar V til þess að starfsmenn X hafi ekki fengið upplýsingar um að ekið hafi verið langa vegalengd á þeim hjólbarða sem M kom með til viðgerðar. Því hafi starfsmenn X ekki haft nægilegar upplýsingar til að meta hættuna af því að hjólbarðinn gæti sprungið. Það séu því ekki réttar forsendur í mati Vinnueftirlitsins á orsökum slyssins og telur V ekki sannað að vinnubrögð starfsmanna X hafi verið með þeim hætti að þeir hafi sýnt gáleysi við vinnu sína eða mögulegt líkamstjón M hafi orðið vegna atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í gögnum málsins, nánar tiltekið lögregluskýrslu af starfsmanni X sem hafði títtnefndan hjólbarða til viðgerðar, kemur fram að hann hafi dælt lofti í hjólbarðann með hefðbundnum hætti. Hann kveðst ekki hafa fengið skýrar upplýsingar frá M um hversu langt hefði verið ekið á hjólbarðanum loftlausum áður en hann kom til viðgerðar. Verður að ætla að slíkar upplýsingar hafi verið nauðsynlegar til að meta endanlega hvaða aðferðir væri best að nota við viðgerð á hjólbarðanum. Þegar litið er til þess að M er atvinnubílstjóri og hefði auðveldlega geta veitt þessar upplýsingar verða ekki gerðar þær kröfur til starfsmanna X að þeir hefðu átt að haga störfum sínum með öðrum hætti en þeir gerðu. Verður hætta af því að dæla lofti í hjólbarða, með þeim hætti sem gert var, ekki talin þannig að augljós sprengihætta væri fyrir hendi. Verður því ekki, af þeim gögnum sem liggja fyrir, talið nægilega sannað að mögulegt líkamstjón M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 291/2016**M og
V-1 v/A og
V-2 v/B****Árekstur bifreiða á bifreiðastæði við Hagkaup Garðabæ þ. 22.8.2016.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 12.9.2016 ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V-1 dags. 23.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4
3. Bréf V-2 dags. 27.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði Hagkaupa í Garðabæ milli bifreiðanna A og B. Ökumaður A segist hafa verið búinn að bakka út úr stöðureit og verið kyrrstæður þegar B bakkaði á A. Ökumaður B segir að báðum bifreiðunum hafi verið bakkað á sama tíma úr stöðureitum sínum þegar áreksturinn varð. Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita kemur fram að A hafi verið bakkað en verið stöðvuð þegar áreksturinn varð.

Álit.

Af gögnum málsins m.a. ljósmyndum sem fylgja verður ekki séð að forsendur séu til að leggja sök á annan ökumanninn umfram hinn og hvorugur sýnir nægjanlega varúð þegar þeir aka bifreiðum sínum afturábak. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður A hafi náð að stöðva bifreiða sína það löngu áður en áreksturinn varð að það skipti máli varðandi sakarskiptingu. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 17.10.2016.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 292/2016

M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar X.

Slys um borð í Hríseyjarferjunni þann 27. júlí 2015.

Gögn.

1. Málskot móttekið 12. september 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 27. september 2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M lenti í slysi um borð í Hríseyjarferjunni þann 27. júlí 2015. Kveður M slysið hafa orðið með þeim hætti að M stóð um borð í ferjunni þegar henni var skyndilega siglt á bryggju með þeim afleiðingum að M féll á lestarlúgu og í gólfíð. Þegar M hafði staðið upp var ferjunni aftur siglt á bryggjuna með þeim afleiðingum að M féll aftur. Kveðst M hafa orðið fyrir meiðslum og leitaði strax á slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Kvartaði M undan verkjum í hálsi og öxl. M telur að skipstjórinn hafi sýnt af sér gáleysi með því að stýra ferjunni beint á bryggjuna í tvígang, það harkalega að M hafi fallið tvisvar og slasast. Vísað er til ýmissa ákvæða í siglingalögum varðandi reglur um flutning á farþegum og ábyrgð skipstjóra og farsala, m.a. 137. gr. laganna. Enn fremur vísar M til þess að X hafi borið að tilkynna um slysið til Rannsóknarnefndar samgönguslysa, en þar sem X hafi ekki gert það verði X að bera hallann af því að málið sé ekki betur upplýst.

X hefur viðurkennt að ferjan hafi í tvígang farið í bryggjuna. Kveður X ástæðuna fyrir því hafa verið bilun í öðru stýri skipsins þannig að skipstjóri hafði ekki fulla stjórn. Skipið hafi kastast frá bryggjunni eftir fyrri stuð en skráfur skipsins unnu áfram þannig að skipið fór aftur áfram og á bryggjuna. X telur að um smávægilegt högg hafi verið að ræða og ekki hafi orðið slys á öðru fólki. V hafnar því fyrir hönd X að sýnt hafi verið fram á saknæma og ólögmeða háttsemi X.

Álit.

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnur á saknæma og ólögmeða háttsemi tjónvalds.

Í 137. gr. siglingalaga kemur fram að farsala sé skylt að bæta tjón er hlýst af því að farþegi lætur lífið eða slasast meðan á ferð stendur ef tjónið má rekja til yfirsjónar eða vanrækslu farsala sjálfs eða einhvers manns sem hann ber ábyrgð á. Því hefur ekki verið mótmælt af hálfu X að skipið hafi í tvígang siglt á bryggjuna, heldur hefur staðfest að svo hafi verið. Ekki liggur fyrir hversu harkalegur eða smávægilegur áreksturinn varð. X ber fyrir sig að bilun hafi orðið í öðru stýri skipsins þannig að skipstjórinn hafi ekki haft fulla stjórn á skipinu. Ekki hafa verið lögð fram gögn sem sýna fram á að bilun hafi orðið í stýrinu. Sönnunarbyrðin fyrir því hvílir á X og verður því að teljast ósannað að um bilun hafi verið að ræða. Því verður að draga þá ályktun að skipið hafi siglt á bryggjuna í tvígang vegna yfirsjónar eða vanrækslu skipstjórans í umrætt skipti eða annars manns sem farsali ber ábyrgð á. Engar aðrar skýringar liggja fyrir í málinu.

Samkvæmt framangreindu verður að leggja skaðabótaábyrgð á X vegna líkamstjóns M vegna slyssins um borð í ferjunni þann 27. júlí 2015.

Niðurstaða.

M á rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 293/2016
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar.

Skaðabótaábyrgð verktaka vegna frágangs við reiðhjólástíg og slyss 16.9.2015.

Gögn.

1. Málskot, móttækið 8.9.2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V, dags. 10.10.2016, ásamt læknisvottorði dags. 17.9.2015 og lýsingu vitnis.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að reiðhjólakona (X) slasaðist þegar hún féll af reiðhjóli við Skeljanes í Reykjavík. Í lögregluskýrslum vegna málsins er sérstaklega skráð að umrætt atvik hafi átt sér stað 16. september 2015, þó dagsetning og tími skýrslugerðarinnar skýrslugerðarinnar sem slíkrar hafi verið mismunandi. Sumarið 2014 fól Reykjavíkurborg M að þvera göngustíg við Skeljanes í þeim tilgangi að hægt væri að koma rafmagnslínu þar fyrir. Það var gert haustið 2014 og fyllt upp í skurð sem þannig myndaðist með jarðvegi í nóvember 2014 og úttekt gerð á verkinu í desember 2014. M er vátryggingartaki ábyrgðartryggingar hjá V, en félagið hefur fallist á greiðsluskyldu úr þeirri tryggingu gagnvart X og telur að M beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns hennar.

M telur ekki nægilega sýnt fram á að fyrirtækið beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni X. Í fyrsta lagi telur M að frágangur hafi verið fullnægjandi við göngustíginn sem X var fengið til að þvera haustið 2014. Engar athugasemdir hafi verið gerðar í lokaúttekt í desember 2014. Einnig telur M að verulegur vafi sé á því hvenær tjónsatvik varð m.v. upplýsingar í tjónstilkynningum og lögregluskýrslum. Að auki telur M ekki heldur ljóst hvar tjónsatvikið varð og vísar til lýsingar eiginmanns X á því að hann hafi sótt X í port á vegum Reykjavíkurborgar, en M hafi ekki verið með framkvæmdir þar. Að lokum vísar M til þess að við skoðun á vettvangi 18. september 2015 hafi verið örlítill brún þar sem stígurinn hafði verið þveraður og gert ráð fyrir að malbikað yrði upp í þá rauf síðar.

V telur að ljóst sé hvar X féll á reiðhjóli og hafi það verið við þá þverun göngustígs við Skeljanes sem M vann að um ári áður. Myndir af vettvangi í lögregluskýrslu sýni um 20 cm djúpan skurð sem hafi verið um 1,5 m á breidd. Þær myndir hafi reyndar ekki verið teknar fyrr en 29. október 2015 vegna misskilnings hjá lögreglu um staðsetningu en V telur að það eigi að leggja þær til grundvallar við sönnunarmat í málinu þrátt fyrir það. Einnig vísar V til þess að strætisvagnabílstjóri og farþegi hafi komið X til hjálpar eftir að hún féll og liggja fyrir skrifleg yfirlýsing bílstjórans um það. Hann lýsi aðstæðum þannig að á stígnum hafi verið skurður eða hola. Auk þess vísar V til þess að fyllt hafi verið upp í skurðinn með jarðvegi haustið 2014 og skv. gögnum málsins hafi verið skilin eftir um 5 cm brún til malbikunar þegar snjór og frost færi úr jörðu. Ekki hafi hins vegar verið gerðar ráðstafanir til þess vorið 2015, eins og búast mætti við af hálfu M og með aukinni umferð um sumarið hafi holan dýpkað og felist gáleysi M í því að hafa ekki gert ráðstafanir við malbikun fyrr, auk þess sem engar merkingar hafi verið til að vara við aðstæðunum.

Álit.

Með því að lesa lögregluskýrslur sérstaklega m.t.t. skráningu dagsetninga, annars vegar daginn sem skýrslur eru skrifaðar og hins vegar hvenær skráð er að sá atburður sem skrifað er um hafi átt sér stað þykir nægilega sannað að tjónsatvik það sem leiddi til líkamstjóns X hafi átt sér stað 16. september 2015. Í málinu liggur fyrir lýsing sem höfð er eftir X, manni hennar og strætisvagnabílstjóra um að hola sú sem X hjólaði ofan í hafi verið nokkur. Myndir og rannsókn sem átti sér stað um einum og hálfum mánuði síðar sýnir að holan hafi verið um 20 cm djúp og 1,5 m breidd. Þegar litið er til þessa, sem og gagna sem sýna að verki M átti að ljúka með malbikun, verður að telja sannað að með því að ljúka ekki framkvæmdum vor/sumar 2015 mátti ætla að hætta skapaðist af aðstæðum. Verður það metið M til sakar og greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu hans hjá V því staðfest.

Niðurstaða.

Bætur vegna líkamstjóns X greiðast úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík 28. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 294/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss í febrúar 2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.10.2016, ásamt tölvupóstsamskiptum milli lögmanns M og starfsmanna X og mætingaryfirliti.

Tölvupóstur V dags. 10.10.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þegar hann var við vinnu sína hjá X að taka steina af bretti. Til þess notaði hann sérstaka klemmu sem hann kveður hafa bognað og steinarnir losnað úr klemmunni þannig að hann hafi fengið slink á hægri öxl og mikinn verk. Í málinu liggur einnig fyrir lýsing starfsmanna X, sem M sé ekki sammála, um að skrúfa með ró sem stilli lengd klemmu hafi hrokkið úr og þannig hafi steinar losnað úr henni.

M telur að þær klemmur sem hann hafði aðgang að til að vinna það verk sem hann átti að vinna hafi verið vanbúnar, nánar tiltekið hafi verið til bæði gular og grár klemmur á vinnustaðnum og hafi M verið að vinna með gráa á slysdegi. M telur að legið hafi fyrir að gráu klemmurnar ættu það til að bogna og vísar til vitnisburða þáverandi samstarfsmanna sinna um það. Í ljósi þess að atvikið varð í lok vinnudags kveðst M ekki hafa tilkynnt verkstjóra sínum um það sem gerðist fyrir en daginn eftir. Engu að síður hefðu ekki verið gerðar ráðstafanir til að kanna ástand eða hættueiginleika umræddra klemma. M telur að tilkynna hefði átt um atvikið til Vinnueftirlits ríkisins skv. skyldu í 79. gr. laga nr. 46/1980 og þar sem X hefði ekki gert það verði að leggja framburð M um aðstæður á vinnustaðnum til grundvallar við mat á skaðabótaábyrgð.

V telur í fyrsta lagi að það sé óljóst hvenær á atburður varð sem M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni vegna. Þannig hafi tilkynningaskylda til Vinnueftirlits ríkisins ekki stofnast þar sem skilyrði 79. gr. laga nr. 46/1980 séu ekki uppfyllt, þ.e. M hafi t.d. ekki orðið óvinnufær strax. Í öðru lagi telur V að það sé ósannað að þær klemmur sem M var að vinna með hafi verið ófullnægjandi og þær yfirlýsingar sem liggja fyrir um slíkt séu þannig til komnar að ekki sé hægt að byggja á þeim. Aðili á vegum M hafi samið þær og fengið tvo erlenda fyrrverandi starfsmenn X til að skrifa undir, löngu eftir atburðinn. Það feli ekki í sér sönnun um að klemmur þær sem stóðu M til boða hafi verið ófullnægjandi.

Álit.

M ber sönnunarbyrði um hvort atvik og aðstæður hafi verið þannig á vinnustað hans hjá X að skaðabótaskylda hafi stofnast af hálfu X. Ekki verður fallist á að skylda til þess að tilkynna vinnuslys hafi stofnast hjá X þar sem óljóst er hvenær atvikið átti sér stað og að M hafi gert verkstjóra sínum það ljóst, auk þess sem M hefur ekki sýnt fram á að hann hafi orðið óvinnufær. Verður því ekki eingöngu byggt á framburði hans varðandi aðstæður á vinnustaðnum. Þá stendur eftir að meta hvort sýnt hafi verið fram á að þau verkfæri sem stóðu M til boða að nota við vinnu sína hafi verið fullnægjandi m.t.t. laga og reglna um vinnuvernd. Þrátt fyrir undirritun tveggja fyrrum samstarfsmanna M á skjal, sem lýsir aðstæðum sem benda til þess að klemmur þær sem notaðar voru, hafi getað verið betri, verður það skjal eitt og sér ekki talið nægja sem sönnunargögn um að umræddar klemmur hafi verið ófullnægjandi við það verk sem M var að vinna. Það kemur fram nokkru eftir ætlað atvik en ekki strax og verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti eins og aðstæður eru í þessu máli. Þegar litið er til gagna málsins í heild verður ekki séð að komið hafi fram nægilega skýr sönnunargögn um atvik eða aðstæður sem X ber skaðabótaábyrgð á og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 295/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys 21. nóvember 2014.****Gögn.**

Málskot, móttakið 9.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 26.9.2016, ásamt afriti tölvupóstsamskipta lögmanns M og starfsmanna V.

Bréf lögmanns V, dags. 28.9.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist þegar hann varð undir nokkuð breyttum gámi sem verið var að koma koma fyrir með sérstökum lyftara. M er starfsmaður X og fékk hann starfsmann annars fyrirtækis, Tækni ehf., til að hjálpa sér við flutning gámsins. Stýrði sá starfsmaður lyftara og segir hann í framburðarskýrslu sinni hjá lögregluskýrslu að hann hafi stýrt lyftara þannig að það hafi átt að lyfta gámi af tilteknum hjólabúkkum. Á gámnum hafi verið áfastur stálbiti og hefði gámurinn verið óstöðugur og oltið þegar honum hafi verið lyft.

M telur að stjórnandi lyftarans hafi verið að vinna verk í þágu X og verði að líta svo á að hann hafi með því orðið starfsmaður X í skilningi reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Umræddur starfsmaður hafi lyft gámi þeim sem átti að flytja við erfiðar aðstæður og ekki haft næga stjórn á gámnum með þeim afleiðingum að hann hafi oltið út af hjólabúkkum þeim sem hann hvíldi á. Á þeirri saknæmu háttsemi beri X skaðabótaábyrgð á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttarins, sem sagt reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.

V vísar til þess að forsvarsmenn X hafi ekki vitað af flutningi gámsins í umrætt sinn og hafi því ekki komið að skipulagi þess, né því að fá aðstoð frá starfsmanni Tækni ehf. við flutninginn. V telur að ekki sé hægt að líta svo á að stjórnandi lyftarans hafi verið starfsmaður X við umrætt verk og að fyrst og fremst verði að líta svo á að M sjálfur hafi beðið þann starfsmann um aðstoð, án þess að bera það undir aðra hjá X. Einnig telur V ósannað að stjórnandi lyftarans hafi sýnt af sér saknæm mistök, en leiðbeiningar til hans hafi verið frá M sjálfum, sem hafi haft yfirsýn yfir aðstæður. V telur því að ekki sé hægt að rekja líkamstjón M til skaðabótaábyrgðar vinnuveitanda hans, X.

Álit.

Sönnunarbyrði um að slys M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á hvílir á M. Verður ekki annað séð af gögnum málsins en að M sjálfur hafi tekið ákvörðun um flutning umrædds gáms, að fá hjálp frá stjórnanda lyftara í eigu annars fyrirtækis til verksins og skipulag flutningsins. Ekki telst sannað að aðrir starfsmenn X hafi tekið þannig þátt í framkvæmd verksins að þeir hafi haft verkstjórnarskyldur yfir M eða stjórnanda lyftarans. Ekki telst heldur sannað að stjórnandi lyftarans hafi sýnt gáleysi þegar hann lyfti gámnum, þó svo illa hafi farið að gámurinn valt. Það verður því ekki séð af gögnum málsins að slys M verði hægt að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X eða annarra atvita eða aðstæðna sem fyrirtækið ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 296/2016
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega I.

Starfsmaður varð fyrir meiðslum þegar hann opnaði hurð 31.7.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið 12.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 28.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M segir að hún hafi verið að opna hurð sem alla jafna sé opnuð með rafmagnsfjarstýringu, en sú stýring hafi verið biluð. M segir að þegar hún hafi togað í hurðina hafi verið óvenjumikil mótstaða og hún fengið slynk á hægri hlið líkamans með þeim afleiðingum að hún hafi tognað og leitaði hún á bráðamóttöku LSH tveim dögum síðar og var greind með tognun og ofreynslu á háls hrygg. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega I hjá V og segir að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Af hálfu M er því haldið fram að hún hafi verið við góða heilsu fyrir umrætt atvik og M hafi ótvírætt orðið fyrir slysi í umrætt sinn enda hafi M fengið skyndilegan hnykk á líkamann þegar hún opnaði hurðina og skyndileg mótstaða í hurðinni hafi verið frávik frá því sem M mátti búast við. V hafnar bótaskyldu og telur að tjón M teljist ekki slys eins og það hugtak sé skilgreint í slysatryggingu launþega. V segir að I vinnuveitandi M kannist ekki við að M hafi lent í slysi við vinnu sína 31.7.2015 og hafi ekki verið frá vinnu í kjölfarið, en hafi skilað inn læknisvottorðum vegna fjarvista dags. 2.10.2015 þar sem fram hafi komið að M væri óvinnufær með öllu vegna sjúkdóms. V segir að í áverkavottorði dags. 4.11.2015 hafi komið fram að M hafi verið að opna þunga hurð og fengið slynk á hægri hlið líkamans. V segir að ekki liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um heilsufar M fyrir slysið en þó sé ljóst að hún hafi verið með vefjagigt. V segir að M hafi ekki verið frá vinnu næstu daga eftir meint atvik eða tilkynnt vinnuveitanda um að hún hafi orðið fyrir slysi og því ekki forsendur til að kalla til Vinnueftirlitið.

Álit.

Ekki liggja fyrir upplýsingar í gögnum málsins sem sýna eða leiða líkur að því að eitthvað hafi verið ábótavant varðandi dyrnar sem M opnaði í umrætt sinn. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að þeir verkir sem eru að hrjá M og lýst er í málskoti sé afleiðing af utanaðkomandi atburði, en verði frekar raktir til innri veikleika í líkama hennar sjálfar. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega I hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega starfsmanna I hjá V.

Reykjavík 25.10.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 297/2016

M og
váttryggingafélagið V v. slysatryggingar sjómanna X.

Ágreiningur um orsakatengsl vegna vinnuslyss þann 6. nóvember 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þann 12. september 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 24. október 2016.
3. Viðbótargögn frá M sem bárust 17. nóvember 2016.
4. Bréf V frá 25. nóvember 2016.
5. Bréf M frá 28. nóvember 2016.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti eru atvik málsins með þeim hætti að þegar M var að vinna í lest togara í eigu X, valt skipið harkalega til hliðar og færiband sem var í notkun 4-5 metrum ofar fellur niður og lendir á M, þ.e. á háls, hægri öxl og bak.

M virðist ekki hafa leitað til læknis fyrr en í byrjun árs 2016. Þó hafa samstarfsmenn M undirritað yfirlýsingu m.a. þess efnis að þeir urðu vitni að slysinu og að M hafi fljótlega eftir slysið kvartað um verk í hægri handlegg. Einnig hafa verið lögð fram tölvupóstsamskipti M til sambýliskonu hans sem eiga að lýsa ástandi M eftir slysið.

Í málskoti gerir M þær kröfur að viðurkenndur verði réttur hans til bóta úr slysatryggingu sjómanna sem X hafði keypt hjá V. Þó kemur fram í málskoti að V hafi samþykkt að mat færi fram á afleiðingum slyssins, þannig að metið yrði af læknum hvort áverkar M væru af slysinu eða ekki.

Í athugasemdir V frá 24. október 2016 kemur fram að V hafi ekki hafnað bótaskyldu í málinu, heldur telur sýnt fram á að M hafi lent í slysi um borð í togara X. Það sem ágreiningurinn snúist um eru afleiðingar slyssins. Bendir V á að M hafi haldið áfram störfum á sjó eftir atvikið, þ.e. kláraði túrinn og fór í tvo aðra túra eftir slysið. Enn fremur að ekki hafi verið minnst á slysið við komu til læknis í ársbyrjun 2016, né við komu til læknis í desember 2015, og að fyrsta skráning læknis á slysatilvikinu hafi verið þann 24. janúar 2016 á Landspítalanum.

Þann 17. nóvember 2016 barst úrskurðarnefndinni matsgerð á afleiðingum slyssins þann 6. nóvember 2015. Samkvæmt matsgerðinni var óskað eftir henni þann 3. ágúst 2016 af hálfu lögmanns M.

Í athugasemdum V frá 25. nóvember 2016 kemur fram V hyggst leggja fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna og þannig leita endurmats, þar sem sérstaklega verður óskað eftir mati á orsakatengslum.

Álit.

Það er meginregla að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnur á orsakatengsl milli líkamstjóns hans (einkenna) og tjónsatburðar. Verður nú vikið að því hvort M hafi í þessu máli tekist að sanna orsakatengsl milli slyssins 6. nóvember 2015 og þeirra varanlegu einkenna sem hann kveðst búa við í dag.

Fjöldi læknisfræðilegra gagna liggja fyrir í málinu. Ljóst er þó að engin læknisfræðileg samtímagögn liggja fyrir um einkenni M strax eftir slysið. M hefur aflað matsgerðar um afleiðingar slyssins með einhliða beiðni til matsaðila. Varhugavert er að leggja það mat til grundvallar um sönnun á því hvort orsakatengsl séu á milli slyssins og þeirra einkenna sem M kveðst búa við í dag.

Engin önnur gögn í málinu færa fullnægjandi sönnur á að M hafi hlotið varanleg líkamleg einkenni vegna óhappsins 6. nóvember 2015. Verður því að telja, miðað við fyrirliggjandi gögn, að orsakatengsl milli óhappsins og varanlegra einkenna M séu ósönnuð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á skaðabótum úr slysatryggingu sjómanna X hjá V.

Reykjavík, 5. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 298/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á gatnamótum Dalsbrautar og Þingvallastrætis 22.8.2016. Staða umferðarljósa.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V-1 dags. 4.10.2016.
3. Bréf V-2 dags. 20.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Dalsbrautar og Þingvallastrætis á Akureyri. A var ekið til norðurs Dalbraut, áleiðis áfram norður yfir gatnamótin. Ökumaður A segir að þegar hann nálgast gatnamótin hefðu umferðarljós skipt yfir á gult, en hann talið sig vera kominn það nálægt gatnamótunum að rétt væri að halda áfram norður yfir þau, en þar hefði hann lent í árekstri við B og segist ökumaður A ekki hafa tekið eftir B fyrr en í þann mund sem áreksturinn varð. Ökumaður B segist hafa ekið austur Þingvallastræti og áfram austur yfir gatnamótin og ljósin hefðu skipt af grænu yfir á gult þegar hann hafi átt um eina billengd að gatnamótunum og hann talið sig kominn það nálægt þeim að rétt væri að halda áfram, en þegar hann hafi ekið inn á gatnamótin hefði árekstur orðið, en hann ekki séð A fyrr en bílarnir rákust saman. Farþegi í A segir að grænt ljós hafi logað fyrir akstursstefnu A, en breyst yfir í gult þegar A var kominn inn á gatnamótin. Tveir farþegar sem í B sögðust ekki hafa séð stöðu umferðarljósa. Vitni sem hjólaði norður Dalbraut tók ekki eftir stöðu umferðarljósa en telur að B hafi ekið í veg fyrir A. Í yfirlýsingu dags. 26.8.2016 kemur fram að hún hafi litið á umferðarljós eftir að áreksturinn átti sér stað og þá hafi rautt logað fyrir akstursstefnu A. Í yfirlýsingu dags. 25.8.2016 segir að hann hafi verið stopp á rauðu ljósi við Þingvallastræti og séð þegar A var að fara yfir gatnamótin og B ekið í veg fyrir A.

Álit.

Fram kemur hjá vitninu kemur fram að rautt ljós hafi logað fyrir akstur eftir Þingvallastræti þegar A og B óku inn á gatnamótin. Sá framburður fær stuðning í framburði ökumanns A og farþega í A. Miðað við framangreint, að virtum öllum gögnum málsins, verður ekki annað ráðið en að ökumaður B, sem ók eftir Þingvallastræti, hafi ekið inn á gatnamótin á móti rauðu ljósi og ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 28.10.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 299/2016
M og
vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar og
ábyrgðartryggingar húseigenda hjá B.

Krafa um bætur vegna myglusvepps sem olli veikindum áramótin 2011-2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-12.
2. Bréf V dags. 29.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M tók íbúð á leigu hjá B og flutti þangað í ágúst 2011. M segir að fljótlega hafi farið að bera á líkamlegum einkennum hjá honum og talið að þau stafaði af völdum myglusvepps og hafi myglusveppurinn verið greindur og í kjölfarið hafi farið fram úrbætur af hálfu B, en ekki hafi dregið úr líkamlegum einkennum M og þau orðið sífellt verri. M telur að B hafi ekki ráðist í nægjanlegar aðgerðir og beri bótaábyrgð á líkamlegu tjóni M. M vísar til niðurstöðu Stefáns Eggertssonar háls-nef- og eyrnalæknis um að líkamleg einkenni M stafi af ýmsum tilbrigðum myglusvepps. M telur að B beri fulla ábyrgð á þeim líkamlegu einkennum vegna annmarka á hinu leigða. V hafnar bótaskyldu og segir að mygla eins og sú sem greindist í leiguhúsnaði M myndist ekki nema af langvarandi raka eða vatnsleka og því taki tryggingin ekki til meints tjóns M, en jafnvel þó að tilvikið félli undir ábyrgðarlið fasteignatryggingar B þá væri ekki um skaðabótaábyrgð B að ræða og vísar til úttektar við kaup á fasteigninni og síðar við leigu M. B hafi fyrst fengið tilkynningu um hugsanlegan raka eða myglu með tölvupósti þ. 18.12.2012 og hafi íbúðin verið skoðuð þ. 27.12.2012 og síðan ráðist í viðgerðir eftir frekari skoðun þ. 7.1.2013 og viðgerðir á húsinu og íbúðinni verið unnar skv. ráðleggingum aðilans sem greindi mygluna. B segir að þegar félagið hafi þ. 8.4.2015 fengið tilkynningu um veikindi M, sem hugsanlega mætti rekja til raka í íbúðinni hafi verið staðreynt að engin raki væri í íbúðinni. Við úttekt þegar nýr íbúi leigði íbúðina þ.16.10.2014 hafi ekkert komið í ljós varðandi raka eða myglu. V segir að B hafi því brugðist við með þeim hætti sem hægt var að ætlast til af B og framkvæmt nauðsynlegar lagfæringar. B hafi því gert allt til að koma í veg fyrir tjón um leið og vitneskja barst til þeirra.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að B brást við um leið og félagið fékk tilkynningu frá M um að mygla gæti verið í íbúðinni sem M leigði af B. Fyrir liggur að B lét framkvæma viðgerðir á íbúðinni með faglegum hætti í samræmi við ráðleggingar fagaðila sem greindi mygluna. Ekki er hlutlæg ábyrgð á tjóni skv. fasteignatryggingu B hjá V og ekki hefur verið sýnt fram á það í málinu að B hafi ekki brugðist við með þeim hætti sem hægt var að gera kröfu til hvað varðar leigusala eða sýnt af sér sök þannig að leiddi til ábyrgðar B í málinu. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu og ábyrgðartryggingu húseigenda, B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu og ábyrgðartryggingu húseigenda, B hjá V.

Reykjavík 17.10.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 300/2016

M
og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á bifreiðastæði við Asparfell í Reykjavík þann 2.9.2016.**Gögn.**

11.Málskot, móttakið 2.9.2016, ásamt fylgigögnum.

12.Tölvubréf V1, dags. 30.9.2016.

13.Bréf V2, dags 4.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið eftir akleið á bifreiðastæðinu við Asparfell í átt að Norðurfelli. B var ekið þvert á akleiðina frá hægri miðað við akstursstefnu A. Rákust þá saman hægri hlið A aftast við afturhorn og vinstra framhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á um 10-15 km hraða á klst. Taldi hann að ökumaður B hafi haft biðskyldu þar sem B hafi verið á „hliðarvegi“ á bifreiðastæðinu. Einnig hafi B verið ekið of hratt og ökumaður ekki náð að hemla í tæka tíð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið eftir bifreiðastæðinu og hemlað þegar hann sá A. Kveður ökumaðurinn aðstæður vera slæmar þegar bifreiðastæðið sé fullt af bifreiðum og útsýni lítið til vinstri.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en almennur umferðarréttur hafi gilt þar sem áreksturinn varð. Ökumaður A hafði B á hægri hlið. Þegar ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum, skal sá þeirra, sem hefur hinn sér á hægri hönd, veita honum forgang, sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður A veitti ekki ökumanni B forgang eins og honum bar. Til þess verður áreksturinn að nokkru rakinn. Ekki verður heldur fram hjá því lítið að ökumaður B sýndi ekki þá varkárni sem af honum mátti krefjast einkum þegar lítið er til þess að útsýni mun hafa verið skert vegna annarra bifreiða þar sem leiðir bifreiðanna skárust. Þá rakst B aftast í hlið A. Ökumaður B á því einnig nokkra sök á því hvernig fór. Af gögnum málsins virtum er ekki efni til að gera upp á milli ökumanna í sakarmati og verður sök skipt að jöfnu.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 25. október 2016.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 301/2016
M og
vátryggingafélagið V vegna lögboðinnarábyrgðartryggingar ökutækis A.

Krafa um bætur vegna hreinsunar á malarefni eftir bílveltu í Ártúnsbrekku 25. júlí 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. ágúst 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. september 2016.

Málsatvik.

Þann 25. júlí 2015 valt vörubifreiðin A á hliðina í Ártúnsbrekku með þeim afleiðingum að möl sem A flutti dreifðist um stóran hluta vegarins. Í kjölfarið þurfti M að grípa til ráðstafana til þess að færa yfirborð vegarins í fyrra horf. Þegar því var lokið sendi M reikning til V fyrir hreinsun malarefnis á veginum vegna þess að V var ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar A. Með bréfi þann 28. október 2015 hafnaði V greiðsluskyldu sinni vegna reikningsins.

M telur að rekja megi kostnaðinn sem af hlaust til notkunar ökutækisins í skilningi 1.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Um sé að ræða skaðabótakröfu vegna tjóns sem M varð fyrir vegna notkunar skráningarskylds ökutækis. M sé veghaldari þjóðvega og beri ábyrgð á veghaldi vegar. Kostnaður við að fjarlægja farm er fellur á akbraut og hindrar umferð sé tjónakostnaður sem bættur sé af ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar. M telur að um sé að ræða einkaréttarlega skaðabótakröfu enda hafi hreinsunin ekki verið hluti af almennu veghaldi í skilningi 12. gr. vegalaga nr. 80/2007 heldur afleiðing af bílveltunni.

V hafnar bótaskyldu og segir M starfa á grundvelli laga sem opinber aðili sem sé óheimilt, eins og öðrum opinberum aðilum, að taka gjald fyrir þjónustu sína nema lög heimili það sérstaklega. Þá er á það bent að starfsemi M er að meginhluta til fjármögnuð með sköttum. Þá vísar V til vegalaga nr. 80/2007 varðandi hlutverk og verkefni M. Þá telur V að lögmælt þjónusta skuli veitt án þess að opinber aðili sem hana veitir eigi sérstaka endurkröfu á hendur öðrum nema lög heimili.

Álit.

Í 1. mgr. 5. gr. vegalaga nr. 80/2007 kemur fram að M annist þátt ríkisins í framkvæmd laganna nema á annan veg sé kveðið í þeim. Í 1. mgr. tl. 5 í 3. gr. vegalaga er orðaskýring á hugtakinu veghald með þessum hætti: „Forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vega.“ Lögbundið hlutverk M er því ótvírætt m.a. að annast um þjónustu og viðhald vega. Í vegalögum er hvergi gert ráð fyrir eða heimiluð sérstök gjaldtaka M fyrir að sinna lögbundnu hlutverki sínu við veghald en ítarlega er fjallað um hlutverk M sem veghaldara í kafla IV. í vegalögum. Þá er í 46. gr vegalaga kveðið á um það að vegir sem opnir eru almenningi til frjálstrar umferðar skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru með tilliti til öryggis umferðar, ástands vega, merkinga og annarra þátta sem kveðið er á um í lögnum og ber veghaldari ábyrgð á því. Skyldur M eru því ótvíræðar varðandi veghald, en ekki er í vegalögum heimild til að M fái greiðslur vegna þessa eða geti sótt þær til þriðja aðila.

Í 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er kveðið á um að sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess. Í 91. gr. sömu laga er fjallað um lögboðna ábyrgðartryggingu sem eiganda er skylt að kaupa vegna þeirrar ábyrgðar, sbr. 93. gr. laganna. Miðað við áðurgreint lögbundið hlutverk M og það að M hafi ekki skýrar heimildir til gjaldtöku og/eða framvísunar kostnaðar þriðja aðila, verður er ekki hægt að leggja til grundvallar að umkrafin fjárhæð sé tjón í skilningi umræddrar 1. mgr. 88. gr. Því greiðast ekki bætur úr

lögboðinni ábyrgðartryggingu A þrátt fyrir að M hafi þurft að greiða kostnað við hreinsun vegar eftir að A valt á hliðina. Sá kostnaður er hluti af lögbundnu hlutverki M við veghald eins og það er ákveðið í vegalögum og hluti af þeim kostnaði sem löggjafinn gerði ráð fyrir við setningu laganna að M þyrfti að standa straum af, óháð því af hvaða ástæðum til hans er stofnað.

M á ekki rétt á greiðslu skaðabóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðar A hjá V.

Reykjavík, 17. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir, lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 302/2016
M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.

Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss í febrúar 2015.

Gögn.

Málskot, móttakið 19.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 3.10.2016.

Tölvupóstur V dags. 18.10.2016 ásamt tjónstilkynningu, lögregluskýrslu og myndum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að aka um þrengingu á götunni Árkvörn við Streng í Reykjavík þegar tjón varð á bifreið hennar. Þar hafði steinhellu verið komið fyrir á gangstétt hægra megin m.v. akstursstefnu M og skagaði horn hellunnar aðeins út á götu. M ók bifreið sinni utan í horn steinhellunnar.

Framkvæmdir voru á vettvangi á vegum X og höfðu ekki verið settar upp viðvörunarmerki vegna þeirra. V hefur fallist á að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu X en telur að M beri sjálf helming tjóns síns vegna þess að staðsetning steinhellunnar hafi verið greinileg og ef M hefði sýnt næga aðgát við aksturinn þá hefði tjónið ekki orðið. V vísar einnig til úrskurðar nefndarinnar í máli 7/2014.

M hefur krafist V um fullar bætur vegna tjóns á bifreið sinni og skv. framburði hennar í lögregluskýrslu sá hún ekki steinhelluna fyrir en horn hennar lenti á hjólbarða bifreiðarinnar þannig að það sprakk á þeim báðum og felgur skemmdust ásamt frekara tjóni.

Álit.

Þegar litið er til aðstæðna sem sýndar eru með myndum í lögregluskýrslu verður ekki annað séð en að sú steinhella sem skagaði lítillaga út á akbraut hafi verið í sama lit og gangstéttin sem hún hvíldi á. Það gerir það að verkum að ökumenn eiga erfiðara með að greina hana. Þó M hefði mögulega getað ekið lengra til vinstri á akbrautinni þykir vera uppi nokkur vafi á því að hún hafi sýnt gáleysi með því að hafa ekið með þeim hætti sem hún lýsir í lögregluskýrslu. Hallann af sönnunarskorti um gáleysi M við aksturinn ber V f.h. X. M á því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V en aðstæður í máli þessu eru ekki sambærilegar aðstæðum í máli nefndarinnar nr. 7/2014.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 303/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á bifreiðaplani 8.1.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V-1, dags. 5.10.2016
3. Bréf V-2, dags. 3.10.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3
4. Bréf Fulltingi, dags. 6.10.2016.

Málsatvik.

Árekstur varð á milli A og B á bifreiðaplani fyrir utan leikskólann Ársól í Álheimum í Reykjavík. Ökumaður A segist hafa verið að bakka úr bifreiðastæði þegar mannlaus bifreið B sem lagt hafði verið í bifreiðastæði við hliðina á A rann aftur á bak úr bifreiðastæðinu og utan í A. Ökumaður B var inni í ofangreindum leikskóla þegar þetta atvik átti sér stað, en segist hafa sett bifreiðina í handbremsu áður en hann yfirgaf hana. Mikil hálka var á bílastæðinu.

M telur að ökumaður bifreiðar B hafi skilið við hana á óforsvaranlegan hátt m.v. þann halla sem er á bifreiðastæðinu og þá hálku sem var á þeim tíma sem tjónið varð. Ekki liggja fyrir sönnun á því að ökumaður bifreiðar B hafi sett bifreiðina í handbremsu og eftir sem áður eigi ekki að ganga þannig frá bifreiðum að hætta sé á að þær renni af stað.

V-2 telur sök ökumanns B ekki sannaða og telur að um óhappatilvik sé að ræða.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber skráður eða skráningarskyldur eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 88.-89.gr. laganna. Þá segir í 3. mgr. 90. gr. að auk ábyrgðar skv. 1. mgr. 90. gr. fer um bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum. Tjón varð á tveim skráningarskyldum bifreiðum þegar þær rákust saman á bílastæði í mikilli hálku þegar bifreið B sem var kyrrstæð og mannlaus rann inn í hlið bifreiðar A. Ekkert liggur fyrir um það af hverju bifreið B fór að renna til hliðar nema vegna þeirrar miklu hálku sem lýst er að hafi verið á bifreiðastæðinu. Þá liggur ekki annað fyrir í málinu en að ökumaður bifreiðar B hafi skilið við bifreiðina með forsvaranlegum hætti áður en hann yfirgaf hana, en ekki er talið sannað af gögnum málsins að halli á bifreiðastæðinu hafi verið þannig að ótækt hafi verið að skilja bifreið eftir þar sem ökumaður bifreiðar B lagði. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið að tjónið sem varð á bifreiðunum verði rakið til sakar ökumanns annarrar bifreiðarinnar eða beggja. Ekki verður því annað ráðið en að um óhappatilvik hafi verið að ræða og tjón A bætist því ekki úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

Hvorugur ökumaður ber sök á árekstrinum og tjón A bætist því ekki úr ábyrgðartryggingu B.

Reykjavík 25.10.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 304/2016**M****og****vátryggingafélagið V v/ ferðarofspáttar greiðslukortatryggingar.****Ágreiningur um hvenær orlofsferð telst hafa verið rofin af völdum slyss.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.9.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 5.10.2016.

Málsatvik.

Eiginkona M var í sumarleyfi með fjölskyldu sinni á Ítalíu frá 10. júní 2016 og heimferð var ráðgerð 25. júní s.á. Hinn 14. júní fótbrotnaði K, eiginkona M, og þurfti að setja hana í bráðabirgðagifs og mun hún ekki hafa mátt stíga í fótinn í sex vikur. Strax 14. júní var afráðið að flytja K til Íslands og af heimferðinni varð 18. júní. Fram að heimferð þurfti K að dveljast á hótélherbergi sínu.

M hafði í gildi nánar tiltekna greiðslukortatryggingu hjá V sem fól m.a. í sér ferðarofstryggingu. Greiddi V bætur úr vátryggingunni sem nam hlutfallslegum óafturkræfum ferðakostnaði fjölskyldunnar fyrir tímabilið frá 16. júní til 25. júní. M hefur ekki sætt sig við þá niðurstöðu félagsins og telur að bæturnar eigi að reiknast frá 14. júní, en frá þeim tíma hafi K ekki getað notað ferðina vegna fótbrotsins og ferðin því í reynd verið rofin þá. V hefur ekki fallist á þennan skilning M.

Álit.

Í vátryggingarskilálum þeim sem um vátrygginguna gilda segir að félagið endurgreiði hlutfallslega allt að 440.000 krónur af óafturkræfum ferðakostnaði vátryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem vátryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.

Ekki er um það deilt að K varð fyrir slysi með þeim afleiðingum að rjúfa þurfti ferðina og fjölskyldan að fara heim. Fyrirgreint ákvæði skilmálanna verður ekki skilið á annan veg en þann að rof verði á ferð við það að vátryggður þurfi að fara heim eða liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slyss, jafnvel þótt dagarnir á undan hafi ekki nýst eins og til stóð vegna afleiðinga veikindanna eða slyssins sem leiddi til ferðarofsins. Í ljósi þessa mæla skilmálarnir í tilviki M ekki fyrir um bætur fyrir ferðarof fyrr en frá þeim degi sem fjölskyldan hélt heimleiðis til loka hins fyrirhugaða orlofstíma. V hefur þegar bætt tjón vegna þess hluta ferðarinnar sem ekki nýttist frá heimferðardeginum 18. júní. M á því ekki rétt á frekari bótum vegna ferðarofsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr ferðarofspætti greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 25. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 306/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu (A)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna dauða birkitrjáa af völdum leka úr hitaveituröri.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 10.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem ráða má af gögnum málsins mun M hafa í ársbyrjun 2016 tilkynnt V sem ábyrgðartryggjanda A að hitaveitulögn, sem liggur undir birkitrjám á lóð við húseign hans við tiltekna götu í Reykjavík, hafi gefið sig og vatn lekið í jarðveginn og eyðilagt trén. Kveður M að umrædd lögn hafi verið lögð í jörð á árinu 1989. Þegar gengið var frá jarðvegi yfir lögninni hafi fyrir handvömm verið gert gat á plast-hlífðarkápu rörsins, en hvasst grjót gæti hafa legið við rörið og eins gæti skófla hafa rekist í kápuna áður en mokað var yfir. Þá hafi jarðsig komið til vegna ófullnægjandi þjöppunar jarðvegs yfir rörunum og mjög líklegt sé að það hafi aukið þrýsting á kápuna og það sem hafi legið utan í henni. Það hafi svo leitt til þess að lögnin gaf sig og heitt vatn farið að leka út í jarðveginn. Kveður M að ljósmynd, sem hann hafi tekið á árinu 2011 af gangstétt sem lögð var um leið og hitaveitulögnin var lögð og liggur við lóðamörkin, sanni á óyggjandi hátt að jarðvinna yfir lögninni og þar með einnig undir gangstéttinni hafi verið ófullnægjandi.

Telur M að A beri ábyrgð á dauða trjána og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Staðhæfingar M um orsakir lekans úr hitaveiturörinu eru ekki studdar neinum gögnum, svo sem matsgerð dómkvadds matsmanns. Af fyrirliggjandi ljósmynd af gangstéttinni, einni og sér, verður heldur ekki fullyrt neitt um það að mistök hafi orðið við jarðvinnu og annan frágang eftir að hitaveitulögnin hafði verið lögð í jörð. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti hefur ekki verið sýnt fram á að tjón M megi rekja til atvika sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28.október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 307/2016**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vegna vinnuáðstæðna vegna líkamstjóns sem sýndi fyrst einkenni í október 2010.****Gögn.**

Málskot, móttækið 21.9.2016, ásamt fylgigögnum merktum 1.-17.

Bréf V, dags. 10.10.2016, ásamt fylgigögnum merktum 1.-17.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa starfað hjá X við tiltekinn ofn sem notaður er við framleiðslu fyrirtækisins á árunum 2009-2011, en hann hóf störf hjá X í maí 2009. Hann kveðst hafa verið greindur með svokallaða sjúkdómsmynd sem nefnd er sarklíki eða sarcoidosis sumarið 2011. Þessa greiningu megi m.a. rekja til einkenna sem hann byrjaði að finna fyrir í október 2010, en þau hafi m.a. lýst sér í þyngslum fyrir brjósti, hjartsláttartruflunum, mæði og andþyngslum. M bendir á að á svipuðum tíma hafi komið upp veikindi hjá tveimur öðrum starfsmönnum X, sem starfað hafi við sama ofn. Í málinu liggur einnig fyrir álitserð tveggja sérfræðinga í lyflækningum og lungnasjúkdómum dags. 12. desember 2013 m mögulegar ástæður veikinda M og aðstæður á starfsstöð X. Í þeirri álitserð kemur fram að mögulegt sé að umhverfisaðstæður á vinnustað hafi haft eitthvað að segja um veikindi M og eins samstarfsmanns hans, sem greindist með sömu sjúkdómsmynd, eins og hún er kölluð í álitserðinni.

M telur að aðstæður á starfsstöð X hafi verið ófullnægjandi hvað varðar loftgæði og hafi þær aðstæður leitt til þess að M veiktist alvarlega á árunum 2010-2011 og hlotið af þeim veikindum varanlegt heilsutjón. M byggir á því að í álitserð þeirri sem hér er vísað í að ofan hafi tveir sérfræðingar slegið föstu að umhverfisaðstæður, sérstaklega útsetning fyrir kísilryki geti haft áhrif á bólgumyndun í líkama og þá sjúkdómsmynd sem M hafi þróað með sér. M telur einnig að forsvarsmenn X hafi sýnt sagnæma og ólögmeta háttsemi vegna skipulags vinnuáðstæðna og vinnuumhverfis og ekki gripið til viðeigandi ráðstafana og aðgerða þrátt fyrir vitneskju um að aðstæður væru ófullnægjandi á vinnustaðnum. M vísar sérstaklega til loftmælinga sem starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins framkvæmdu á árunum 2008, 2010 og 2011, en þær mælingar sýni að við þann ofn sem M starfaði hafi loftmengun oft verið yfir mengunarmörkum, eða í sex af tólf skiptum á árunum 2008-2011. Heildarryk á starfsstöðinni hafi einu sinni verið mælt á tímabilinu og hafi þá verið rétt undir mengunarmörkum, en ekki hafi verið mælt aftur sama dag. M vísar til 3. gr. reglugerðar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum nr. 390/2009, en þar kemur fram að skipuleggja og framkvæma skuli vinnu þannig að mengun sé eins lítil og kostur er og mengun í andrumslofti starfsmanna skuli ekki fara yfir mengunarmörk sem gefin séu upp í sérstakri skrá í viðauka reglnanna. M bendir á að samkvæmt frávíkaskráningum sem X hafi lagt fram hafi samtals 22 frávík tengd loftgæðum og afsogskerfi við ofn þann sem M starfaði við verið skráð á árunum 2008-2010. M vísar til þess að vanræksla forsvarsmanna X hafi falist í því að bregðast ekki réttilega við umræddum frávíkum og gera ekki nægar ráðstafanir til að auka loftgæði, þrátt fyrir að endurbætur á afsogskerfi hafi átt sér stað. M vísar til ummæla í bréfum starfsmanna X til V þar sem M vísar til að viðurkennt hafi verið af þeirra hálfu að við ákveðnar aðstæður á þessum tíma hafi mengunin verið það mikil tímabundið að afsogskerfi hafi ekki haft undan að hreinsa loftið. Einnig vísar M til þess að hann og aðrir starfsmenn X hafi ekki fengið fullnægjandi hlífðarbúnað m.v. aðstæður. M vísar að lokum til þess að hann sé ekki sammála niðurstöðu nefndarinnar í máli hennar nr. 452/2015, en það mál varðaði einnig ábyrgðartryggingu X hjá V vegna veikinda samstarfsmanns hans. M telur að ekki hafi verið tekið nægilega tillit til þess, við mat á skaðabótaábyrgð X, að loftmælingar hafi ítrekað sýnt að loftmengun hafi verið yfir leyfilegum mörkum á vinnustaðnum og verði að meta það til sakar hjá forsvarsmönnum X að hafa ekki brugðist við því.

V telur að ósannað sé að veikindi M veri rakin til loft- eða efnamengunar á starfstöð X og hins vegar að það sé einnig ósannað að veikindi séu rakin til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. V byggir á loftmengun geti verið fylgifyskur þeirrar starfsemi sem X hefur með höndum, en X hafi gert viðeigandi ráðstafanir til að takmarka hættu af því með kerfisbundnum mælingum, úrbótum á loftræstikerfum, fyrirmælum um notkun persónuhlífa, merkingum, fræðslu og reglulegum heilsufarsskoðunum. Einnig vísar V til þess að þær mælingar sem hafi verið framkvæmdar á árunum 2008-2012 á starfstöð X hafi einungis sýnt að örfint ryk hafi mæst yfir núgildandi mengunarmörkum í tæpum helmingi mælinga eða í 6 af 13 mælingum. Þannig hafi mælingar á loftgæðum við þann ofn sem M starfaði við á árinu 2010, þegar hann fór fyrst að finna fyrir einkennum, allar mælst undir viðmiðunarmörkum, auk þess sem einnig er vísað til þess að reglugerð sú sem M vísar til sé frá árinu 2009 og ekki sé ljóst hver viðmiðunarmörk um loftgæði hafi verið fyrir þann tíma og því ósannað að aðstæður hafi verið þannig á árinu 2008 hjá X. Einnig er bent á að úrbætur hafi verið gerðar á árinu 2011 og 2012 og settar hafi verið strangar reglur um notkun rykgríma, sem hafi verið aðgengilegar fyrir starfsmenn, sem og hafi starfsmönnum verið lagðar til sérstakar kolagrímur vegna mengunar frá leirmassa sem notaður var við ofninn sem M vann við. V vísar einnig til almennra upplýsinga um saklíki (sarcoidosis) og að rannsóknir sýni að orsakir sjúkdómsins megi rekja til flókinna tengsla erfða og umhverfis og ekki sýnt að umhverfisþættir séu þar ráðandi. Einnig vísar V til þess að M beri sönnunarbyrði fyrir því að það séu orsakatengsl milli veikinda hans og þeirra aðstæðna sem voru á starfstöð hans og verði hann að bera hallann af sönnunarskortri þar um.

Álit.

Í þessu máli liggur fyrir að M fór að finna sérstaklega fyrir einkennum haustið 2010, sem hann rekur til ófullnægjandi loftgæða á starfstöð sinni hjá X, en þar hóf hann störf vorið 2009, eða um einu og hálfu ári áður. Í málinu kemur fram að mælingar hafi verið gerðar á loftgæðum á starfstöð X á árinu 2008, áður en M hóf þar störf og þá mældist mengun oftast yfir núgildandi mengunarmörkum sem tóku þó ekki formlega gildi fyrr en á árinu 2009. Mælingar hafi síðan verið gerðar á árinu 2010 en þá hafi loftgæði mælst í öll skipti þannig að þau hafi verið undir mengunarmörkum. Liggja þessar upplýsingar fyrir í gögnum málsins. Einnig liggur fyrir í gögnum málsins að starfsmenn hafi kvartað undan slæmum loftgæðum samtals 12 sinnum á árunum 2008-2011. Það sem verður að líta til við sakarmat varðandi viðbrögð við umræddum niðurstöðum er hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að auka loftgæði á starfstöð X, eða minnka hættu á því að aðstæður yrðu heilsuspillandi. Þar kemur fram í röksemdum M að ekki hafi verið gerðar nægar ráðstafanir. Þegar litið er til almennra sönnunarreglna verður hins vegar að hafa í huga að M ber sönnunarbyrðina um að ekki hafi verið nægilega vel brugðist við þeim aðstæðum sem voru uppi og mælingar sýndu á árunum 2009-2011 þegar hann var við störf við þann ofn sem vísað hefur verið til hér að ofan. Telur nefndin að X hafi sýnt fram á með þeim gögnum sem lögð hafa verið fram að þær endurbætur sem hafi verið gerðar á loftræstikerfi sem og strangar reglur um notkun persónuhlífa hafi verið þær ráðstafanir sem unnt hafi verið að grípa til á þessum tíma og ekki sé sannað að aðrar ráðstafanir hafi verið tiltækar af hálfu X. Þegar litið er til þessa auk þess sem litið er til þeirrar óvissu sem uppi er um orsakatengsl umræddra aðstæðna og veikinda M teljast þau gögn sem fyrir liggja í málinu ekki sýnt, svo óyggjandi sé, að aðstæður á starfstöð X eða skortur á viðbrögðum við þeim séu orsök veikinda M. Sú álitsgerð sem lögð hefur verið fram í málinu, dags. 12. desember 2013 er ekki afgerandi um ástæður veikinda M og felur hún því ekki í sér afgerandi sönnun um þau orsakatengsl.

Verður því að vísa til niðurstöðu í nokkuð sambærilegu máli nefndarinnar nr. 452/2015 þar sem ekki var fallist á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Lögð er áhersla á að niðurstaðan byggir á því að í hvorugu málinu liggja fyrir nægilega skýr sönnunargögn um tengsl veikinda og umhverfisaðstæðna á starfstöð X og ekki hafi heldur verið sýnt fram á með nægilega skýrum gögnum að brugðist hafi verið ranglega við aðstæðum á starfstöð M.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 308/2016**M og
og váttryggingafélagið V vegna ferðatrygginga greiðslukorta.****Breyting á ferðatilhögun vegna veikinda ferðafélaga 11.11.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 20.9.2016, ásamt fylgigögnum, bréfi lögmanns málskotsaðila dags.

24.11.2016 og tölvupósti sama dags. 2. janúar 2017.

Bréf V, dags. 13.12.2016, ásamt gögnum, þ.á.m. tölvupósti V dags. 29.12.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hugðist ferðast frá Frankfurt til Abu Dhabi á tímabilinu 11-21. nóvember 2015 til þess að stunda veiðar og kveðst hafa greitt fyrir farseðil á þeirri leið (GBP 802,21) og sömuleiðis fyrir veiðileyfi á Seychelles-eyjum (USD 11.000). Í Frankfurt veiktist ferðafélagi hans alvarlega og breyttist ferðatilhögun M í kjölfarið þannig að hann flaug tilbaka til Íslands og fór ekki í þá veiðiferð sem hann hafði ætlað í. M hefur krafist endurgreiðslu þess kostnaðar sem að ofan greinir þar sem hann hafi ekki verið ferðafær vegna sálræns áfalls sem hann varð fyrir vegna alvarlegra veikinda ferðafélaga síns. Í bréfi lögmanns M til V dags. 8. apríl 2016 er þeim aðstæðum lýst og vísað er einnig til læknisvottorðs dags. 31. ágúst 2016 þar sem heimilislæknir M metur það svo að M hafi orðið óferðafær þann 11. nóvember 2015 vegna atvika sem tengdust umræddum alvarlegum veikindum ferðafélaga M.

V telur ekki skilyrði til greiðslu bóta úr ferðatryggingu greiðslukorts M. V vísar til gr. 8 í váttryggingarskilmálum ferðatryggingar korta Íslandsbanka þar sem fram kemur að váttryggður geti einungis átt rétt á hlutfallslegri endurgreiðslu ferðakostnaðar ef hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS International að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slyss. V telur að umrætt skilyrði um skriflegt læknisráð sé ekki uppfyllt með mati læknis sem hittir M ekki fyrr en hann er kominn heim, auk þess ekki hafi verið leitað eftir samþykki V eða SOS International, eins og áskilið sé. Einnig bendir V á að 6. gr. váttryggingarskilmálanna eigi heldur ekki við þar sem fjallað er um ferðarof vegna veikinda náinna ættingja, sbr. skilgreiningu í I. kafla skilmálanna á því hverjir falli þar undir, en það séu aðrir en ferðafélagi M.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að alvarleg veikindi ferðafélaga M leiddu til ákvörðunar M um ferðarof, þ.e. að hætta við fyrirhugaða veiðiferð til Seychelles-eyja. Skilyrði þess að fá endurgreiddan ferðakostnað vegna ferðarofs eru tilgreind í 8. gr. váttryggingarskilmála V. Í ljósi þess að ákvörðun M um að rjúfa ferð sína var á þeim tímapunkti ekki tekin skv. skriflegu læknisráði, né heldur með samþykki V eða samstarfsfyrirtækis V SOS International, verður ekki séð að skilyrði umræddrar 8. gr. váttryggingarskilmála séu uppfyllt. Váttryggingarsamningurinn veitir að öðru leyti ekki bótarétt vegna ferðarofs M og verður því ekki fallist á greiðsluskyldu V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 309/2016
M og
vátryggingafélagið V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Gildissvið undanþáguákvæðis í vátryggingarskilmálum málskostnaðartryggingar.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 21.9.2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V, dags. 5.10.2016.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 11.10.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins liggur fyrir að M hefur stefnt X til greiðslu launa, kostnaðar og skaðabóta. Í stefnunni kemur fram að kröfur séu byggðar á því að X hafi ekki staðið við samkomulag um ráðningu M til starfa sem flugliði hjá fyrirtækinu.

M hefur krafist V um bætur úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar vegna umrædds ágreinings við X en fyrrnefnd stefna var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 20. september sl. M telur að undanþáguákvæði í gr. 25.5 í vátryggingarskilmálum V eigi ekki við, en þar segi orðrétt að félagið bæti ekki málskostnað í málum „sem varði atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs.“ Þegar það ákvæði sé lesið skv. orðanna hljóðan sé hægt að skilja það þannig að átt sé við atvinnurekstur vátryggðs en ekki atvinnu. V beri hallann af óskýru orðalagi vátryggingarskilmála og vísar M til lögfræðiorðabókar Codex varðandi mismunandi skýringar á orðinu atvinna og atvinnurekstur. Ágreiningur M sé ekki vegna atvinnureksturs hennar og telur hún að fyrrnefnt undanþáguákvæði í gr. 25.5 eigi ekki við.

V telur að undanþáguákvæði gr. 25.5 í vátryggingarskilmálum eigi við samkvæmt orðanna hljóðan og þar sé alveg skýrt að félagið takmarki ábyrgð sína við ágreining vegna atvinnu vátryggðs annars vegar og embættisreksturs hans hins vegar. Málaltilbúnaður M gagnvart X sé vegna þess að M fékk ekki starf hjá fyrirtækinu og sé því yfir allan vafa hafið að um sé að ræða ágreining sem varðar atvinnu hennar.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum vegna málskostnaðartryggingar M kemur fram að hlutverk málskostnaðartryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í gr. 25 í vátryggingarskilmálum kemur fram að vátryggingin taki til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi skv. nánar tilgreindum skilyrðum. Í vátryggingunni eru síðan nokkuð víðtækar takmarkanir á bótasviði sem tilgreindar eru meðal annars tilgreindar í gr. 25.2-25.12. Orðalag gr. 25.5, „Vátryggingin bætir ekki málskostnað sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs.“, er skýrt og þykir vera yfir hinn minnsta vafa hafið að ágreiningur M við X. sé vegna atvinnu hennar, sbr. krafa um greiðslu launa, útlagðs kostnaðar vegna starfs og skaðabætur vegna ætlaðrar riftunar á starfssamningi. M á því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 25. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 310/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar H.

Bifreið ekið utan í umferðarskilti 14.10.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3.
2. Bréf V dags. 28.10.2016.
3. Tölvupóstur M dags. 1. nóvember 2016.

Málsatvik.

M ók utan í umferðarskilti á gatnamótum Kríuáss og Gauksáss í Hafnarfirði, sem M segir að hafi ekki verið fest nægjanlega eða réttilega á hjólbarða fyrir framan nýja umferðareyju. M segir að staurinn með umferðarmerkinu hafi hallað og frágangur þess hafi verið ófullnægjandi og engar aðvaranir hafi verið í götunni um að verkþáttum vegna veghalds væri ólokið. M hefur krafist skaðabóta en V hafnar bótaskyldu og segir að umrætt skilti hafi legið á ská, en ekki verið upprétt. V segir að ekki sé um sök að ræða hjá starfsfólki H og engar athugasemdir hafi borist H sem hafi gefið tilefni til viðbragða af hálfu H. Þá vísar V til þess að M hafi tekið of þrönga beygju í umrætt sinn þegar M inn í Kríuás með þeim afleiðingum að bifreið M rakst utan í skiltið.

Álit.

Af myndum sem fylgja gögnum málsins má ráða að starfsmenn H hafi ekki gætt þess nægilega vel að ganga þannig frá umferðarskiltinu sem um ræðir að ekki stafaði hættu af því vegna umferðar um þau gatnamót sem M ók um. Í ljósi þess að það virðist hafa verið um bráðabirgðafrágang að ræða verður að telja nokkra hættu á því að umferðarskilti næði út í akstursleið bifreiða við þær aðstæður sem myndi sýna. Verður H því að bera skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið M. Við mat á háttsemi M þykir hann sem ökumaður ekki hafa sýnt nægjanlega aðgát þegar hann beygði inn í Kríuás af Gauksási í umrætt sinn og ber hann því einnig ábyrgð á eign tjóni. Með hliðsjón af aðstæðum öllum þykir rétt að hann beri helming tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

Bætur greiðast úr ábyrgðartryggingu H en M ber helming tjóns síns sjálfur.

Reykjavík 22.11.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 311/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar líkamsræktarstöðvar.****Kona varð fyrir meiðslum við æfingu á gervigrasteppi í líkamsræktarstöð.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26.9.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 20.10.2016, ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Hinn 13. janúar 2014 var M í sínum öðrum tíma í opnum tíma í líkamsræktarstöð sem rekin er af A í Reykjanesbæ. Hún var í hópi sem var að æfa hliðarhlaup. Gervigrasteppi var á gólfinu og telur M að það hafi verpst með þeim afleiðingum að hún féll í gólfið. Við það hlaut hún „ótilfært lærleggshálsbrot vinstra megin“. Sjö einstaklingar skrifa undir sameiginlega yfirlýsingu þar sem þeir staðfesta „að gervigrasið í [líkamsræktarstöðinni] á þeim tíma hafi ekki verið kyrfilega fest niður“. Eitt vitni hefur borið að það hafi æft þarna í nokkra mánuði í byrjun árs 2013 og þá hafi grasteppið á gólfinu „ekki [verið] fest niður og bylgaðist alltaf upp þegar t.d. sprettir voru teknir og gat maður auðveldlega hrasað um það“.

Telur M að gólf líkamsræktarstöðvarinnar hafi verið vanbúið samkvæmt því sem að ofan greinir og hafi m.a. ekki fullnægt kröfum 54. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, en skv. 1. mgr. greinarinnar skuli rekstri heilsuræktarstöðvar háttað á þann veg að heilsa og öryggi þeirra sem þangað koma sé sem best tryggð. Í 3. mgr. sé þess getið að rekstraraðili beri ábyrgð á að tæki og búnaður til íþróttaiðkana sé samkvæmt viðurkenndum öryggiskröfum og farið skuli eftir ÍST EN-stöðlum. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu og andmælir því að gólf salarins hafi verið vanbúið. Samkvæmt upplýsingum frá A hafi gervigrasteppið verið límt niður með teppalímbandi og rekkar og dekk hafi haldið við það á álagspunktum. Aðstaðan hafi verið tekin í gegn skömmu áður en slysið varð til að mæta aukinni aðsókn í líkamsræktarstöðvar sem vill verða í janúarmánuði.

Álit.

Engin matsgerð eða annars konar hlutlaus úttekt liggur fyrir um ástand gervigrasteppisins og frágang þess, þ. á m. hvort það fullnægi þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem líkamsræktarstöðinni bar að hlíta. Af yfirlýsingum vitna, sem liggja fyrir í málinu, verður ekki ráðið þannig að sannað teljist að gólfið hafið verið vanbúið þegar M varð fyrir slysinu. Að öllum gögnum málsins virtum þykir ekki nægilega fram komið að meiðsl M megi rekja til vanbúnaðar á gólfi salarins þar sem líkamsræktariðkunin fór fram eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 22. nóvember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 312/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ starfstryggingar, starfstengdrar
sjúkra- og slysaörorkutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við upplýsingagjöf við töku vátryggingarinnar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 10.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Á grundvelli vátryggingarumsóknar, dags. 19. september 2008, keypti M á Lloyd's markaði í Englandi fyrir milligöngu íslenskrar vátryggingarmiðlunar (A) svonefnda starfstryggingu, starfstengda sjúkra- og slysaörorkutryggingu. Í umsókninni svaraði M m.a. einni spurningu, 9. spurningu, sem var í fimm staflaðum, hvort hann hafi einhvern tíma þjádast af nánar tilgreindum sjúkdómum, en undir síðasta staflaðum, staflað e, var hann spurður hvort hann hafi þjádast af „[ö]ðrum sjúkdómum eða áverkum sem þú hefur þurft að leita eftir ráðgjöf læknis eða meðferðar við á sl. þremur árum eða kannst að þurfa að leita meðferðar við í framtíðinni“. Einnig svaraði hann játandi spurningu um að hann væri við góða heilsu og almennt heilsuhraustur. Þá svaraði M neitandi spurningu nr. 8 í umsókninni hvort fyrir hendi væru „aðrar staðreyndir sem hafa áhrif á vátryggingu þá sem sótt er um og nauðsynlegt að upplýsa vátryggjendur um“.

Með tjónstilkynningu 22. júní 2009 krafðist M bóta vegna óvinnufærni frá 10. desember 2008 af völdum blæðandi ristilbólgu (colitis haemorrhagica). Í tjónstilkynningunni sagði enn fremur að árið 2002 hafi hann byrjað með meltingartruflanir sem stóðu í eitt og hálf til tvö ár, en aldrei verið óvinnufær og ekki haft nein einkenni í fjögur til fimm ár eða þangað til í nóvember 2008. Vátryggjandi sem þá hafði tekið að sér vátryggingaráhættuna samþykkti þá bætur vegna óvinnufærni tímabilið 25. desember 2008 til 14. ágúst 2009.

Með tjónstilkynningu 16. mars 2015 krafðist M bóta vegna óvinnufærni frá janúar 2014 af völdum sama sjúkdóms. Kröfunni fylgdi læknisvottorð heimilislæknis þar sem m.a. kom fram að „á tímabilinu 2006 er hann með episodiskar bólgur og blæðingar í ristli.“ Læknirinn hefur leiðrétt hið tilgreinda ártal í vottorðinu þar sem það hafi átt að vera 2009 en ekki 2006.

V, sem þá hafði tekið yfir vátryggingaráhættuna, hefur hafnað bótaskyldu þar sem M hafi gefið rangar upplýsingar við töku vátryggingarinnar á árinu 2008, bæði að hann hafi búið við krónískan ristilsjúkdóm frá árinu 2003 og verið með einkenni á árinu 2006, en þessa hafi ekki verið getið í vátryggingarumsókninni á sínum tíma. Engu breyti þótt læknirinn hafi leiðrétt ártalið sem upphaflega kom fram í læknisvottorðinu. Engu breyti heldur þótt fyrri vátryggjandi hafi greitt M bætur úr vátryggingunni 2009.

Álit.

V er erlent vátryggingarfélag og á ekki aðild að samkomulagi því sem úrskurðarnefnd í vátryggingamálum starfar samkvæmt, sbr. 1. gr. samþykktar fyrir nefndina, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005. V hefur hins vegar fallist á að nefndin úrskurði í málinu og að greiða sinn kostnað við meðferð málsins, sbr. síðari málslíð 11. gr. samþykktanna og með vísan til þessa er málið tekið til úrskurðar.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki annað ráðið en V hafi tekið yfir þann vátryggingarsamning, sem M stofnaði til í september 2008 fyrir milligöngu A, með þeim réttindum og skyldum sem honum fylgja.

Í almennum hluta þeirra vátryggingarskilmála sem gilda starfstrygginguna, kemur fram að vátryggingarsamningurinn lúti íslenskum lögum og hann beri að túlka samkvæmt þeim. Eins og að framan greinir var M spurður í vátryggingarumsókn við töku vátryggingarinnar hvort fyrir hendi væru

„aðrar staðreyndir sem hafa áhrif á váttryggingu þá sem sótt er um og nauðsynlegt að upplýsa váttryggjendur um“. Þegar lagt er mat á hvort M hafi veitt rangar eða ófullnægjandi er hann svaraði spurningunni neitandi þannig að leitt geti til skertrar ábyrgðar félagsins verður að líta til lokamálsliðar 1. mgr. 82. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, en samkvæmt því ákvæði skal váttryggingartaki að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit eða má vita að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu. Í e-lið 9. gr. váttryggingarumsóknarinnar var M spurður hvort hann hefði einhvern tíma þjást af öðrum sjúkdómum eða áverkum sem hann hafi þurft að leita eftir ráðgjöf læknis eða meðferðar við á síðastliðnum þremur fyrir útfyllingu umsóknarinnar árum eða kunni að þurfa að leita meðferðar við í framtíðinni. Í ljósi þessarar spurningar verður ekki séð að M hafi vitað eða mátt vita að sjúkdómar sem hann hafði þjást af og var orðinn einkennalaus af þremur árum áður en hann sótti um váttrygginguna hafi haft verulega þýðingu við mat váttryggjanda á áhættunni. Þegar litið er til þess að læknir leiðrétti í læknisvottorði að það hafi verið á árinu 2009 en ekki 2006 sem M hafði bólgur og blæðingar í ristli er ekkert í gögnum málsins sem gefur tilefni til að ætla að M hafi haft sjúkdómseinkenni sem honum bar að tilgreina er hann svaraði neitandi spurningunni í e-lið 8. gr. umsóknarinnar. Að öllu virtu verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku váttryggingarinnar í þeim mæli að ekki teljist óverulegt, sbr. 2. mgr. 83. gr. vsl. Er því ekki tilefni til að skerða bætur til M á grundvelli tjonstilkynningarinnar 16. mars 2015

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr starfstryggingu sinni hjá V samkvæmt tjonstilkynningu 16. mars 2015.

Reykjavík, 5. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 314/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar húseiganda.****Ágreiningur um bótaskyldu er kona féll niður tröppur er útihurð veitingastaðar f auk upp.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 12. september 2015 var M á leið inn í tiltekið veitingahús á Akureyri, en húsið sem hýsir veitingastaðinn mun vera í eigu fyrirtækisins A. Í skýrslu lögreglu um atvikið segir að stétt fyrir framan inngönguna sé hellulögð og framan við dyrnar sé hellulögð upphækkun með þremur þrepum. Þurrt hafi verið úti en talsverður vindsperringur af suðvestri og gengið á með hviðum. Gatan sem veitingahúsið standi við liggja nánast í austur/vestur. Hurð veitingastaðarins hafi því opnast nánast beint upp í vindinn. Eftir dóttur M er haft að hún hafi verið á undan M og verið að stíga inn. Hún hafi haldið vel í hurðina og M komið á eftir. M hafi einnig haldið í hurðina og verið komin að henni þegar sterk vindhviða hagi komið og feykt hurðinni upp. Við það hafi M fylgt hurðinni og hafnað á stéttinni hægra megin við innganginn. Við fallið lærbrotnaði M og hlaut áverka á höfði. Þá kemur fram í lögregluskýrslunni að pumpa hafi verið á útidyrhurðinni, en hún hafi verið ótengd.

M kveður A sem eiganda húseignarinnar bera skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem hún hlaut við slysið. Hefur hún af þeim sökum krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu. Kveður V að A hafi ekki verið kunnugt um að pumpan væri ótengd. Þvert á móti hafi hann talið að hún væri tengd.

Álit.

Samkvæmt ljósmyndum af umræddri hurð í lögregluskýrslu má sjá að um vængjahurð er að ræða og ekki verður annað ráðið en hún sé frekar mjó og ekki tiltölulega þung. Ætla verður að pumpan á hurðinni hafi einkum verið sett til að dyrnar myndu lokast eftir að um þær hafi verið gengið fremur en að koma í veg fyrir að hurðin myndi fjúka upp þegar dyrnar væru opnaðar. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins að skylt hafi verið að lögum að hafa pumpu á hurðinni. Þá kveðst A ekki hafa vitað að pumpan hafi ekki verið tengd við hurðina þegar slysið varð. Jafnvel þótt svo kunni að vera að slysið hefði ekki orðið ef pumpan hefði verið tengd við hurðina, verður ekki talið að það verði virt A til sakar að pumpan hafi verið ótengd. Af gögnum málsins verður heldur ekki ráðið að slysið megi að öðru leyti rekja til vanbúnaðar húseignarinnar eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á sem eigandi eignarinnar. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 315/2016
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Vinnuslys vegna falls af þaki 5. febrúar 2015.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 27.9.2016, ásamt gögnum.
2. Bréf V, dags. 12.10.2016, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að M hafi verið við vinnu sína hjá X þegar hann féll af þaki húsbýggingar. Nánar tiltekið var M, ásamt samstarfsmanni sínum, á leið niður af þakinu þegar samstarfsmaðurinn rann til á þakinu. Hugðist M þá grípa til hans en rann þá sjálfur fram af þakbrún og féll um þrjá metra til jarðar og slasaðist. Í skýrslu Vinnueftirlitsins, sem kom á vettvang, kemur fram að niðurstaða rannsóknar séu þær að orsök slyss M megir rekja til þess að engar fallvarnir hafi verið notaðar eða aðrar öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir fall og að hálfka vegna veðurfarslegrar áhrifa hafi myndast á þakinu. Vísað er til þess í skýrslunni að þegar starfsmaður Vinnueftirlitsins kom á vettvang hafi þar verið lögreglumaður og samstarfsmenn M; vitni og verkstjóri hjá X. Í lögregluskýrslu kemur fram að engar öryggislinur, net eða stillansar hafi verið á vinnustaðnum.

M telur að X hafi brotið gegn almennum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem ekki hafi verið séð til þess að fallvarnir væru settar upp eða annar öryggisbúnaður væri notaður við vinnu M og samstarfsmanna hans uppi á þaki, til að tryggja öryggi þeirra. Ekki hafi verið gert skriflegt áhættumat um verkþáttinn og brotið hafi verið gegn fyrirmælum í reglugerð nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Einnig vísar M til þess að verkstjóri hafi átt að sjá til þess að fyrirmælum laga og reglna væri fylgt en hann hafi ekki gert það, þrátt fyrir að vera á staðnum þegar framkvæmd vinnunnar fór fram.

V vísar til þess að skv. upplýsingum frá X hafi búnaður til fallvarna og annar öryggisbúnaður verið tiltækur á vinnustaðnum, í sérstökum vinnuskúr, og hafi M verið upplýstur um hvenær nauðsynlegt væri að nota slíkan búnað og hafi þar til gert áminningarskilti auk þess verið á vinnustaðnum. Tveir samstarfsmenn M hafi staðfest að umræddur búnaður hafi verið fyrir hendi í vinnuskúrnum og í verkum stuttu fyrir þetta hafi verið unnið á þökum og þá hafi slíkur búnaður verið notaður. M hafi því átt að vera fullljóst að hann þyrfti að nota slíkan búnað, en hann hafi verið búinn að vinna hjá X í um eitt ár þegar hann slasaðist, auk þess sem hann hafi notað öryggisbúnað nokkrum dögum áður við sambærilegt verk.

Álit.

Þegar litið er til þess hvort X hafi, sem atvinnurekandi, sinnt þeim almennu og sértæku öryggisskyldum sem hvíla á honum sem slíkum í gildandi lögum og reglum verur að líta til þeirra sönnunargagna sem liggja fyrir í málinu. Eins og vísað hefur verið til kom fram í lögregluskýrslu vegna málsins að öryggisbúnaður til fallvarna hafi ekki verið á vinnustaðnum þegar M varð fyrir líkamstjóni. Ekkert kemur fram í skýrslu Vinnueftirlitsins um að slíkur búnaður hafi verið tiltækur. Skýringar verkstjóra í samskiptum við V, nokkru eftir að slysið varð, ásamt myndum sem þá eru sendar til V, duga ekki sem sönnunargögn til að hrekja þá fullyrðingu sem kemur fram í lögregluskýrslu og fær, eins og áður segir stoð í skýrslu Vinnueftirlitsins, um að slíkur búnaður hafi ekki verið til reiðu á vinnustaðnum. Verður að meta það til skaðabótaábyrgðar X sem vinnuveitanda að hafa slíkan búnað ekki tiltækan, auk þess sem benda má á af upplýsingum í

gögnum málsins má ætla að verkstjóri hafi verið á staðnum þegar M og samstarfsmaður hans voru að vinna á umræddu þaki án fallvarna eða öryggisbúnaðar.

Þegar litið er til þess hvort M eigi að bera tjón sitt sjálfur að hluta eða öllu leyti vegna meðábyrgðar verður að líta til 23. gr.a í skaðabótalögum nr. 50/1993. Þar kemur fram að réttur starfsmanns til skaðabóta vegna líkamstjóns sem hann verður fyrir í starfi sínu skerðist ekki vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Í ljósi þeirrar reynslu sem M hafði af störfum hjá X og þeim aðstæðum sem voru á vettvangi hefði hann mátt sjá þörf fyrir sérstakan öryggisbúnað þegar hann var við vinnu á þaki. Verður honum metin sú háttsemi til gáleysis en það gáleysi telst þó ekki, í ljósi óvissu um tiltækan búnað og viðveru verkstjóra á vinnustaðnum, það verulega frávik frá því sem ætla mátti að það verði metið honum til stórkostlegs gáleysis. M á því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 22. nóvember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 316/2016
M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á gatnamótum Smiðjuvegur og Nýbýlavegur 22.8.2016.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 27.9.2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V2, dags. 10.10.2016, ásamt tjonstilkynningu, mynd af gatnamótum og niðurstöðu tjonanefndar vátryggingafélaganna.
3. Tölvupóstur V1, dags. 10.10.2016.

Málsatvik.

Í tjonstilkynningu kemur fram að báðum bifreiðum var ekið til vesturs á samhliða akreinum þegar ökumaður bifreiðar A hugðist aka beint áfram yfir gatnamót Smiðjuvegur og Nýbýlavegur en ökumaður bifreiðar B hugðist beygja til vinstri suður Nýbýlaveg. Ökumaður bifreiðar A telur ökumann bifreiðar B hafa ekið utan í bifreið sína og ökumaður bifreiðar B telur að ökumaður bifreiðar A hafi ekið utan í bifreið sína.

M (ökumaður bifreiðar A) telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum og vísar til þess að hún hafi verið komin inn á gatnamótin og hafi ekið í beinni línu þegar bifreið B hafi verið ekið utan í bifreið A. Framstuðari og stigbretti á bifreið B hafi rekist í afturbretti og afturhurð bifreiðar A og bendi það til þess að M hafi ekki sýnt sök vegna árekstursins.

V1 tekur undir sjónarmið M, en gerir ekki frekari athugasemdir. V2 telur hins vegar ósannað hvar áreksturinn varð og telur ákomur á bifreiðunum ekki sanna hvor ökumanna ók utan í hinn og vegna þeirrar óvissu verði að skipta sök til helminga.

Álit.

Í framburðum ökumanna í tjonstilkynningu kemur fram að M, ökumaður bifreiðar A, segir að bifreið B hafi verið ekið utan í bifreið sína, nánar tiltekið: „...ég er farinn af stað þegar ég finn að vörubifreiðin kemur utan í mig.“. Ökumaður bifreiðar B segir hins vegar: „Ég er lagður af stað í vinstri beygju en heyri þá eitthvað þrusk á hægri hönd við mig.“ Þegar litið er til þessa er ekki ljóst hvar nákvæmlega áreksturinn varð á gatnamótunum og hvor ökumaður ók lengra til hægri, eða vinstri eftir atvikum, en hann átti að gera m.t.t. umferðar um gatnamótin. Þó ákoma hafi verið á afturhluta bifreiðar A breytir það ekki því að ekki verður ráðið með nægilega skýrum hætti hvort ökumaður ók utan í bifreið hins. Vegna þessarar sönnunarstöðu verður að skipta sök vegna árekstursins til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðar A og bifreiðar B.

Reykjavík 28. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 318/2016
M og
V-1 v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar A
V-2 v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar B

Maður féll niður af vinnupalli þ. 29.11.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-11.
2. Bréf V-1 dags. 14.10.2016 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V-2 dags. 18.10.2016.

Málsatvik.

M vann hjá vinnuveitandanum A og féll um 4 metra niður af vinnupalli og slasaðist. Við verkið störfuðu annars vegar starfsmenn A og einnig starfsmenn B. M var að setja aukafestingar á vinnupall og steig út á sliskju sem lá á milli undirsláttar á svölum nýbyggingar, en starfsmenn B voru að rífa undan svölunum og höfðu fjarlæggt undirslátt á þeim stað þar sem M steig, en af hálfu M er fullyrt að hann hafi ekki vitað af því. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu B og byggir á því að B hafi ekki tryggt aðbúnað og öryggi M starfsmanns síns með viðunandi hætti, þá hafi slysið ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits og verði því hvað B varðar að leggja frásögn M til grundvallar í málinu. M krefst einnig bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A og byggir á því að starfsmenn A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við niðurrif undirsláttar undir svölum sem tengdur var við vinnupall sem M stóð á auk þess sem þeir tilkynntu M ekki um þá fyrirætlun sína áður en þeir hófu niðurrifið. Af hálfu M er vísað í lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ákvæði 4.11.3 byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Reglur nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Reglur nr. 331/1989 um rörverkpalla, reglugerð nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu og viðauka við reglugerð um notkun tækja nr. 367/2006.

V-1 hafnar bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu A og segir að þegar starfsmenn A voru að undir svölunum að losa undirsláttinn hafi M komið út á svalirnar og stigið út fyrir þær á doka plötu, en sliskja sem lá á milli uppsláttarins og svalanna hafði verið fjarlægð áður en niðurrifið hófst og uppslátturinn hélt ekki þunga M og hafi hann fallið niður með mótatimbrinu. V- tekur fram að uppslátturinn sé ekki hluti af vinnupalli og tilvísun í reglur um vinnupalla eigi því ekki við hvað þetta varðar. V-1 segir að M sé vanur byggingarverkamaður og hefði mátt átta sig á að verið var að rífa uppsláttinn undan svölunum. V-1 segir að ekki hafi verið sýnt fram á að verklag starfsmanna A hafi verið í bág við lög nr. 46/1980. Þá vísar V-1 til þess að M hafi ekki verið starfsmaður A og skortur á því að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins eigi við um atvinnurekanda M en ekki A. V-2 hafnar einnig bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu B og segir að óumdeilt sé að slysið hafi orðið vegna aðstæðna sem A hafi borið ábyrgð á skv. verksamningi og beri A því ábyrgð á líkamstjóni M. V vísar til þess að ekki sé af hálfu M vísað til neins ákvæðis laga eða reglna sem B hafi ekki fylgt hvað slys M varðar enda hafi B gert allt sem í valdi B stóð til að tryggja öryggi á vinnustaðnum. V-2 viðurkennir að hafa ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlitsins, en segir að málsatvik séu nokkuð óumdeild og hafi það engin áhrif á úrlausn málsins þó tilkynningarskyldan hafi verið vanrækt.

Álit.

Vinnuveitanda ber að tryggja fullnægjandi vinnuaðstæður og öryggi á vinnustað sbr. l.nr. 46/1980. Í umrætt sinn gætti B vinnuveitandi M þess ekki að því að vinnuaðstæður M væru öruggar og ber því ábyrgð á slysi M. Þá þykir B ekki hafa gætt þess að öruggar og eðlilegar boðleiðir væru á milli aðila sem unnu á staðnum þar sem slysið varð enda er ómótmælt að M var ekki látinn vita af því að starfsmenn A höfðu byrjað að rífa undirslátt undir svölum þegar slysið varð.

Starfsmenn A voru að rífa niður undirslátt undir svölum og höfðu fjarlægt festingu á milli uppsláttar svalanna og vinnupalls áður en slysið varð. Á sama tíma og M var að vinna á vinnupallinum við umræddar svalir og var að styrkja hann vegna væntanlegs óveðurs sem hafði verið spáð, voru starfsmenn A að rífa niður undirsláttinn og létu M ekki vita af því að þeir væru að því. A ber sök á því að starfsfólk hans gætti ekki nægjanlega að aðstæðum og gerðu öðrum sem unnu við verkið ekki grein fyrir því að fyrirhugað væri að rífa téðan undirslátt undir svölunum og það gæti valdið hættu fyrir þá sem voru að vinna á viðkomandi verkstað. A ber því sök á slysi M. Miðað við aðstæður þykir því rétt að A og B beri óskipta skaðabótaábyrgð gagnvart M

Niðurstaða.

A og B bera óskipta bótaábyrgð gagnvart M

Reykjavík 22.11.2016.

Valgeir Pálsson hrl.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 319/2016
M og
vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar fasteignasala (A)

Ágreiningur um fjárhæð skaðabóta vegna gáleysis fasteignasala á árinu 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags.18.11.2016.
3. Bréf lögmanns M dags. 25.11.2016.

Málsatvik.

M keyptu fasteign með milligöngu fasteignasalans A. M höfðu síðar mál á hendur Íbúðalánasjóði til aflýsingar veðskuldar af fasteigninni og greiðslu málskostnaðar. Dómkvaddur var matsmaður til að skoða og meta viðgerðarkostnað á umræddri fasteign. Í málinu var fjallað um meint samkomulag M við seljanda eignarinnar um lækkun kaupverðs eignarinnar og hvort það samkomulag hafi verið borið undir Íbúðalánasjóð. Var niðurstaða dómsins að ekkert lægi fyrir í málinu sem stýddi þann framburð fasteignasalans A að hann hefði mátt ganga út frá því að samþykki Íbúðalánasjóðs lægi fyrir um lækkun kaupverðs umræddrar fasteignar þegar samkomulag var gert milli M og seljanda eignarinnar. Umrætt samkomulag var því ekki skuldbindandi fyrir Íbúðalánasjóð og varð það niðurstaða dómsins að Íbúðalánasjóður væri sýkn af öllum kröfum M og bæri að greiða Íbúðalánasjóði kr. 450.000 í málskostnað.

M krefjast bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans A hjá V og sundurliðast bótakrafa M þannig að krafist er lögmannskostnaðar kr. 2.081.030. Kostnaðar vegna matsgerðar kr. 478.155. Greiðsla málskostnaðar vegna ofangreinds dómsmáls kr. 450.000 auk greiðslu til Íbúðalánasjóðs kr. 1.406.912.- og kostnaðar vegna þess að tekin var út áfrýjunarstefna fyrir Hæstarétti og vélritun vegna framlagningar í Hæstarétti. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu og hefur V samþykkt að greiða samtals kr. 3.056.912 í bætur þ.e. greiðslu kr. 1.406.912 til Íbúðalánasjóðs og kr. 450.000 í útlagðan málskostnað og 1.200.000 í lögmannskostnað M. Hins vegar hafnar V greiðslu á greiðslu frekari kostnaðar og telur sig ekki bera ábyrgð á kostnaði vegna áfrýjunar máls M gegn Íbúðalánasjóði eða að kostnaðar vegna matsgerðar falli undir starfsábyrgðartryggingu A eins og hér háttar málum. Þá telur V vel boðið að greiða kr. 1.200.000 í lögmannskostnað vegna málsins. V samþykkir að leggja þennan ágreiningur um fjárhæð bóta undir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Álit.

M höfðaði mál gegn Íbúðalánasjóði til lækkunar kaupverðs og var Íbúðalánasjóður sýknaður af kröfum M vegna þess m.a. fasteignasalinn A hafði ekki gætt þess að fá samþykki Íbúðalánasjóðs fyrir lækkun kaupverðs fasteignarinnar sem M keyptu með milligöngu hans. Fyrir liggur og ágreiningslaust að M urðu fyrir bótaskyldu tjóni vegna handvamar fasteignasalans A en ágreiningur um fjárhæð bóta. Samþykki V liggur fyrir um að úrskurðarnefnd í vátryggingamálum taki það mál til úrskurðar.

Krafa M byggir í meginatriðum á því að V beri að bæta úr starfsábyrgðartryggingu A hjá félaginu tjón sem varð vegna þess að A gætti þess ekki að bera með tryggilegum hætti og fá samþykki Íbúðalánasjóðs fyrir lækkun kaupverðs fasteignarinnar sem M keyptu og vegna þess urðu M fyrir tjóni þ.e. greiðslu til Íbúðalánasjóðs á kr. 1.406.912 málskostnaðar til Íbúðalánasjóðs kr. 450.000 auk greiðslu lögmannskostnaðar til lögmanns síns vegna þeirra málaferla. Þá byggist krafa M einnig á greiðslu kostnaðar dómkvadds matsmanns til að fá staðreynda galla sem urðu á fasteigninni eftir að gengið var frá sölu eignarinnar fram að afhendingardegi og/eða hafi ekki mátt

átta sig við skoðun M kaupenda eignarinnar. Auk greiðslu lögmannskostnaðar lögmanns síns vegna þess þáttar málsins.

Ekki hefur verið sýnt fram á að gallar sem staðfestir voru með matsgerð hins dómkvadda matsmanns og lögmannskostnaður vegna þess þáttar málsins hafi verið á ábyrgð fasteignasalans A og bótaskyldur úr starfsábyrgðartryggingu hans. Umrædd matsgerð hefur ekki verið lögð fram og í dómsmáli M gegn Íbúðalánasjóði er ekki fjallað um matsgerðina í niðurstöðu dómsins. V ber því ekki skylda til að greiða kostnaður vegna matsgerðar eða lögmannskostnaður vegna þess þáttar málsins.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn og sundurliðanir á kostnaði verður ekki séð að M eigi rétt til frekari bóta úr starfsábyrgðartryggingu A en V hefur þegar greitt til M.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á frekari bótum en V hefur þegar greitt úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans A.

Reykjavík 15.12.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 320/2016
M og
vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Krafa um greiðslu úr málskostnaðartryggingu og hvenær ágreiningur hófst vegna samskipta aðila á árunum 2012-2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 11.10.2016
3. Athugasemdir lögmanns M við bréf V dags. 14.10.2016

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M tók lán hjá banka með lánasamningi dags. 17. júlí 2006. M vísar til þess að bankinn hafi endurútreiknað lánið og skilmálabreytt því og tilkynnt það til M með bréfi dags. 12.9.2012. Í kjölfar þess hafi M þann 26.9.2012 sent fyrirspurn til bankans vegna þessa og bankinn hafi svarað henni. M segist hafa snúið sér til lögmanns í ársbyrjun árið 2015 m.a. með spurningu um hvort hann gæti átt rétt á frekari lækkun lánsins og hafi verið ákveðið að láta á það reyna. M telur að ágreiningur hans við bankann hafi hafist í fyrsta lagi við birtingu stefnu vegna þessa ágreinings þann 9.2.2016. M segir rangt að ágreiningur við bankann hafi hafist við móttöku bréfs bankans sem dagsett var 26.9.2012 og krefst því að greiðslu úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V vegna dómsmálsins á hendur bankanum þar sem hann var með slíka vátryggingu hjá V á árinu 2016.

V hafnar bótaskyldu og vísar til gr. 57.1 og 57.2 í vátryggingaskilmálum að hægt sé að fara fram á að málskostnaður verði greiddur ef vátryggingin sé í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hafi verið það í a.m.k. tvö samliggjandi ár hjá félaginu. V segir að M hafi verið með málskostnaðartryggingu hjá V frá 27.5.2013. V segir ágreining í málinu koma upp 26.9.2012 þegar bankinn hafi hafnað frekari lækkun á láni M. Þá vísar V til þess sem fram kemur á bls. 2 í stefnu að bankinn sé að hafna beiðni M um frekari lækkun lánsins, en um það snúist ágreiningurinn skv. stefnunni og þessi afstaða bankans hafi síðan verið áréttuð með bréfi til M dags. 30.5.2013. V segir ágreining í málinu snúast um lögmati lánsins sem M tók hjá bankanum árið 2006 en ekki eingöngu túlkun á neytendalánalögum.

Álit.

M var fyrst vátryggður með málskostnaðartryggingu hjá V 27.5.2013 og hefði átt rétt til greiðslu úr henni að öðrum skilyrðum uppfylltum vegna réttarágreinings sem upp hefði komið eftir þann tímapunkt, að uppfylltum ákvæðum 57.1 og 2 í vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir um. Af gögnum málsins þ.m.t. stefnu af hálfu M á hendur bankanum verður ekki annað ráðið en að ágreiningur M og bankans komi upp og liggi fyrir í síðasta lagi í lok september 2012 þegar bankinn hafnaði frekari lækkun á láninu, eftir fyrirspurn M um endurútreikning. Sú afstaða bankans og þau atvik sem voru til staðar og leiða nú til málshöfðunar af hálfu M lágu því fyrir í lok september árið 2012 eða áður en M tók umrædda tryggingu hjá V. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 28.10.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 321/2016**M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar (X)****Vinnuslys í tengslum við löndum á frosnum fiskafurðum 10. ágúst 2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 29. september 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 17. október 2016 ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir M við bréf V, dagsett 2. nóvember 2016.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu mun M hafa orðið fyrir slysi við vinnu sína fyrir X þann 10. ágúst 2013 þegar var við löndunarstörf. M starfaði hjá X við að skipa upp frosnum fiskafurðum úr skipinu Y sem er í eigu X. Var M staddur á hafnarbakkanum ásamt öðrum manni og voru þeir að húkka úr hífum sem komu upp úr lestum skipsins. vindur og bómur skipsins voru notaðar við verkið. Í eitt skiptið þegar þeir voru búnir að húkka úr og hífing var hafin, flæktist M í spottum klafanna með þrjá fingur hægri handar og hífðist upp í um átta metra hæð þar til að stjórnandi kranans, sem var starfsmaður X, tók eftir þessu og lét M síga aftur niður á hafnarbakkann. Brákaðist M á einum fingri og tognaði illa á tveimur öðrum.

M krefst skaðabóta úr hendi X á grundvelli þess að kranastjóri löndunarkranans hafi sýnt af sér sagnæma og ólögmæta háttsemi. Hvorki lögreglu né Vinnueftirliti ríkisins var tilkynnt um óhappið en lögreglan rannsakaði síðar vettvang og tók vitnaskýrslu. Telur M að tilkynningarskylda til Vinnueftirlitsins hafi hvílt á bæði vinnuveitanda sínum og X.

V hafnar skaðabótaskyldu X og telur kranastjórann ekki hafa sýnt af sér sagnæmt aðgæsluleysi þegar hann hífði brettaklærnar upp í umrætt sinn. Hafi hann fyrst haft yfirsýn yfir vinnusvæðið, byrjað að hífa rólega þegar hann fékk bendingu frá M og samstarfsmanni hans um að hífa. Hífði kranastjórinn fyrst rólega en svo hraðar þegar klærnar voru komnar upp fyrir vörurnar og steig um leið til hliðar samkvæmt hefðbundnu verklagi, til að varna því að brettaklærnar sveifluðust í hann, en hafði þó brettaklærnar sjálfar í augsýn.

Álit.

Það er meginregla í skaðabótarétti að sá sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður að færa sönnur á sagnæma og ólögmæta háttsemi þess sem hann telur bera ábyrgðina.

Miðað við gögn málsins verður að telja að verklag við hífingar í umrætt sinn hafi verið ábótavant. Telja verður mikilvægt að kranastjóri hafi ávallt yfirsýn yfir hífingarsvæðið og hífinguna sjálfa. Verði því ekki við komið verði fyrirkomulagið að vera slíkt að kranastjóri sé ávallt í sjónlínu við aðila á hífingarsvæðinu sem hafi yfirsýnina og geti komið skilaboðum til kranastjórans án tafar. Ljóst er að slysið varð vegna þess að kranastjórinn missti við hífinguna sjónar af spottunum eða stroffunum sem bundnar voru við klafana. Verður að telja slíkt verklag varhugavert og að það hafi orsakað að M var hífður upp á þremur fingrum í um átta metra hæð með fyrrgreindum afleiðingum.

Samkvæmt framangreindu verður að teljast sannað að X eigi að bera bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X.

Reykjavík, 22. nóvember 2016.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 322/2016

M
og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á bifreiðastæði við verslun Rekstrarvara að Réttarhálsi 2, Reykjavík, þann 13.6.2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 6.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags 13.10.2016.

Málsatvik.

A og B hafði verið lagt hlið við hlið í stöðureiti á bifreiðastæðinu og var A vinstra megin við B. Mun B hafa verið ekið aftur á bak úr stöðureitnum. Skömmu síðar var A einnig ekið úr stöðureit. Árekstur varð svo með bifreiðunum þannig að framendi B og afturendi A rákust saman.

Eftir ökumanni B er haft að hann hafi bakkað B úr stöðureitnum og horft í baksýnispegla. Allt í einu hafi kona hans hrópað og þá hafi A einnig verið bakkað úr stöðureitnum. Hann hafi bakkað alveg uns hann lenti á kantsteini og lagst á flautuna. Þá hafi ökumaður A reynt að stöðva en verið kominn of nálægt og lent á B.

Ökumaður A kvað B hafa verið farna úr stöðureitnum við hliðina þegar hann kom út og setti vörur í farangursrými bifreiðar sinnar. Hann hafi gangsett A og bakkað bíllengd, stöðvað og sett í „Drive“. Hafi hann svo ætlað að aka áfram, en þá fengið smá skell aftan á A. Ökumaðurinn kveður að vel geti verið að A hafi ekki verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð þar sem hann var með bifreiðina í „drive“.

Álit.

Eins og að framan greinir deila ökumenn um tildrög árekstursins. Engum vitnum er til að dreifa. Af gögnum málsins verður ekki með fullnægjandi hætti úr því skorið hvort áreksturinn verði rakinn til þess að A var bakkað framan á B eða B var ekið aftan á A. Þannig verður að telja ósannað hvor ökumanna eigi sök á árekstrinum. Samkvæmt þessu, sbr. og 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, verður sök skipt að jöfnu milli ökumanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 28. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 323/2016**M
og
váttryggingafélagið V vegna sjúkra- og slysatryggingar.****Upplýsingaskylda váttryggðs og bætur vegna slyss 9. júlí 2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 30.9.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 25.10.2016.

Bréf V, dags. 17.10.2016, ásamt gögnum.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hann féll af vinnupalli á byggingarstað 9. júlí 2015. V hefur fallist á bótaskyldu úr váttryggingunni en telur að takmarka eigi bætur um 50% vegna þess að M, sem váttryggður, hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni með fullnægjandi hætti við töku váttryggingarinnar.

M telur hann hafi gefið réttar upplýsingar um starf sitt þegar hann sótti um sjúkra- og slysatryggingu í lok árs 2002, en þar tilgreindi hann á beiðni um slíka tryggingu að hann væri framkvæmdastjóri. Því starfi hefur M sinnt síðan og engin breyting orðið á. Það einkahlutafélag sem M stýrir sem framkvæmdastjóri sé byggingarfélag og hafi það verið ljóst frá upphafi hver starfi M hafi verið, þó heiti fyrirtækisins hafi breyst í gegnum tíðina. M telur að þau gögn sem hann hafi fengið um váttrygginguna hafi ekki sýnt með skýrum hætti hvernig V hafi metið áhættuna af starfi hans m.v önnur störf og ef V ætli að halda því fram nú að störf M hafi átt að vera metin í öðrum áhættuflokki en þeim sem V mat hann í verði félagið að bera hallann af því í ljósi upplýsingaskyldu félagsins, sem kveðið sé á um í 64. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. M telur einnig ósannað að samskipti hans við starfsmann V í apríl 2015 um breytingar á öðrum váttryggingum fyrirtækis hans hafi falið í sér upplýsingar um að félagið mæti áhættu af störfum hans meiri en váttryggingaskírteini kveður á um.

V telur að M hafi ekki gefið réttar upplýsingar við töku slysa- og sjúkratryggingar á beiðni sem hann fyllti út í lok árs 2002. Hinn 1. júlí 2003 hafi tryggingin tekið gildi og þar hafi verið tilgreint á váttryggingarskírteini að starfsheiti hans væri framkvæmdastjóri og það flokkað sem áhættuflokkur 1, sem sé sá lægsti af sex slíkum flokkum og sé áhætta minnst í flokki 1 en mest í flokki 6. Einnig vísar V til þess að á váttryggingarbeiðni hafi M svarað því neitandi að sérstök áhætta væri tengd starfi hans. Þó áhættuflokkur hafi ekki verið tilgreindur á váttryggingaskírteinum síðar telur V að M hafi mátt vera ljóst að hann væri tryggður í lægsta áhættuflokki, eins og skrifstofumaður og þannig átt að vera ljóst að hann væri að greiða lægri iðgjöld en áhætta vegna raunverulegs starfs hans bar með sér. Ekki verði lögð sérstök rannsóknarskylda á V þegar upplýsingar frá váttryggðum séu með þeim hætti sem voru í máli M. Vísar V til 22. gr. váttryggingarskilmála sinna um áhættubreytingu og 88. gr. laga um váttryggingarsamninga. V vísar einnig til þess að þær aðstæður sem M var í þegar hann slasaðist feli í sér vinnu við byggingarstörf og falli slík störf alla jafna utan starfsskyldum framkvæmdastjóra. Allt þetta telur V að hefði átt að leiða til þess að M væri skráður í áhættuflokk 6 en ekki 1 og að iðgjöld váttryggingarinnar hafi átt að taka mið af því að réttar upplýsingar hafi verið veittar um áhættu. V vísar til þess að það hafi ekki fengið nema um 38% af réttum iðgjöldum váttryggingarinnar greidd og með hliðsjón af atvikum öllum sé rétt að takmarka bótaskyldu við 50%.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að M hafi tilgreint starfsheiti sitt á váttryggingarbeiðni í desember 2002 sem framkvæmdastjóri félags í byggingariðnaði. Þó skipt hafi verið um nafn á félaginu eftir það þá verður ekki annað séð en að starfsmönnum V hafi mátt vera ljóst um hvers konar félag sé að ræða. Varðandi störf framkvæmdastjóra slíkra félaga er ekki varhugavert að ætla að þau lúti að fleiru en hefðbundnum skrifstofustörfum. Þó sérstaklega hafi verið spurt um sérstaka áhættu af störfum á váttryggingarbeiðni verður neikvætt svar M við þeirri spurningu ekki skilið þannig að hann hafi haldið frá V upplýsingum um eðli starfa sinna. Af gögnum málsins verður ekki séð að skilgreining V á sérstökum áhættuflokkum hafi legið fyrir við váttryggingartöku eða í samtali M við

starfsmann/starfsmenn V á árinu 2015. Ályktanir um að M hafi mátt vita að áhætta af störfum hans væri ranglega metin í sjúkra- og slysatryggingu hans verða ekki annað en ályktanir váttryggingafélags sem var í lófa lagið að meta áhættu með ítarlegri hætti en gögn málsins benda til. Sérstaklega m.t.t. þess að réttur V til að óska eftir nýjum upplýsingum varðandi áhættu í slysa- og sjúkratryggingum er fyrir hendi fyrir hverja endurnýjun váttryggingarinnar. Verður V að bera hallann af því að áhættuflokkun félagsins hafi verið ranglega metin þegar váttrygging var gefin út á grundvelli þeirra upplýsinga sem M gaf í desember 2002.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr sjúkra- og slysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 5. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 324/2016
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.

Uppgjör skaðabóta vegna umferðarslyss 21. nóvember 2009.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 31.5.2016 ásamt gögnum, einnig bréfi dags. 21.10.2016.
2. Bréf V, dags. 12.10.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M lenti í umferðarslysi 21. nóvember 2009 og voru bætur til hans greiddar af hálfu V, sbr. svokallað fullnaðaruppgjör dags 16. október 2012. Bætur voru greiddar samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 og við uppgjörið var gert ráð fyrir því að M fengi 1.000.000 krónur greiddar sem bætur frá almannatryggingum og var sú fjárhæð því dregin frá bótum fyrir varanlega örorku skv. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, en fyrirvari gerður við þann hluta uppgjörsins af hálfu lögmanns M. Þegar M krafðist bóta hjá þeirri stoð almannatrygginga sem við átti, Sjúkratryggingum Íslands, taldi stofnunin ekki skilyrði til greiðslu bóta og svaraði M því til bréflega 18. september 2012. Úrskurðarnefnd almannatrygginga fékk það mál M til meðferðar og með úrskurði í máli nefndarinnar nr. 64/2013 var sú niðurstaða staðfest, sem og í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur dags. 10. apríl 2015 í máli nr. E-2570/2014. M fór þess því á leit að V greiddi fjárhæðina sem dregin hafði verið frá í uppgjörinu í október 2012, þar sem M fékk þær bætur almannatrygginga ekki greiddar og búið væri að fullreyna að fá þær greiddar úr almannatryggingakerfinu. Því hafnaði V og vísaði til þess að umræddur héraðsdómur sýndi að ekki væru sönnuð orsakatengsl milli einkenna M og umferðarslyssins 21. nóvember 2009.

M telur að V sé skylt að greiða umrædda fjárhæð þar sem fallist hafi verið á orsakatengsl með því að leggja matsgerð frá árinu 2012 til grundvallar uppgjöri og bótum vegna varanlegrar örorku. Þannig hafi V í raun viðurkennt umfang tjóns M og því sé ekki um ágreining um bótafjárhæð að ræða. Hins vegar hafi V ekki lagaheimild til að halda fjárhæðinni eftir.

V vísar til þess að félagið hafi ekki samþykkt að nefndin úrskurði um bótafjárhæð málsins og eigi því að vísa málinu frá. Að öðru leyti telur V brostnar forsendur fyrir frekari bótagreiðslum og vísar þar til umfjöllunar um skort á sönnun um orsakatengsl í fyrrnefndum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur.

Álit.

Í 2. mgr. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, kemur fram að nefndin úrskurði ekki um bótafjárhæðir nema með samþykki allra málsaðila. Ljóst er af gögnum málsins að ágreiningur er um greiðslu 1.000.000 króna til M, sem haldið var eftir af þeim bótum sem reiknaðar voru vegna varanlegrar örorku hans skv. 5.-7. gr. skaðabótalaga. Getur slíkur ágreiningur ekki verið annað en ágreiningur um bótafjárhæð sem skal greiða skv. skaðabótalögum vegna mögulegs líkamstjóns M. Ekki liggur fyrir samþykki V um að nefndin fjalli um slíkan ágreining og verður því að vísa því frá.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík 22. nóvember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 325/2016**M og
V-1 v. A og
V-2 v. B****Árekstur bifreiða á Sauðárkróksbraut við Ármúla þ. 27.10.2015****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 30.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 19.10.2016.
3. Bréf V-2 dags. 11.10.2016 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

Báðum bifeiðunum A og B var ekið Sauðárkróksbraut til suðurs og ók B fyrir framan A. Ökumaður A segir að B hafi verið ekið mjög hægt og hafi hann því ákveðið að aka fram úr B og gefið stefnuljós og hafið framúrakstur en rétt áður en hann var kominn framúr hafi B verið beygt til vinstri án þess að gefa stefnuljós að vegaslóða inn á tún og árekstur hafi orðið. Ökumaður B segir að það hafi verið rigning, ísing og glerhálka og hann hafi aldrei séð A, sem hafi lent á hægri afturhorni B þegar hann var að beygja B út af veginum. Ökumaður B telur að A hafi skautað í hálkunni þegar A hafi verið bremsað og lent á hægri afturhorni B.

Álit.

Á framhlið tónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita er merkt við tl. 9 og 11 fyrir A þ.e. ók í sömu átt og B og ók fram úr B. Fyrir B er hakað við tl. 13, beygði til vinstri. Ágreiningslaust er því að A hafði hafið framúrakstur þegar áreksturinn varð. Hálfbrotin miðlína er á veginum þar sem áreksturinn varð og bar ökumanni A að gæta fyllstu varúðar við framúraksturinn, en það þykir hann ekki hafa gert miðað við aðstæður og ber því sök á árekstrinum. Ökumaður B gætti ekki að umferð fyrir aftan sig áður en hann beygði af veginum og hefur ekki mótmælt þeirri staðhæfingu ökumanns A að hann hafi ekki gefið stefnuljós um þá fyrirætlun sína að beygja til vinstri. Ökumaður B ber því einnig sök á árekstrinum fyrir að gæta ekki að umferð sem á eftir kom til að hann gæti beygt til vinstri án hættu fyrir aðra ásamt því að gefa ekki stefnuljós. Við mat á sakarskiptingu þykir eðlilegt miðað við aðstæður að hvor ökumaður beri helmingssök.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 22.11.2016.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 326/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ forfallatryggingarliðs greiðslukortatryggingar.****Ágreiningur um endurgreiðslu kostnaðar vegna ferðar sem vátryggður komst ekki í.****Gögn.**

Málskot, móttakið 4.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 2. febrúar 2015 pantaði M ferð til Tenerife með brottför 16. sama mánaðar. M hafði á þessum tíma í gildi greiðslukortatryggingu hjá V, en einn liður vátryggingarinnar var svokölluð forfallatrygging. Skömmu efir að M keypti ferðina varð hann fyrir yfirliði og af þeim sökum hætti hann við ferðina. Með tjonstilkynningu til M, dags. 11. febrúar 2016, krafðist M endurgreiðslu ferðakostnaðarins úr forfallatryggingunni. V hafnaði bótum með vísan til vottorðs hjarta- og lyflæknis, dags. 9. febrúar 2015, þar sem komið hafi fram að 6. febrúar hafi liðið skyndilega yfir M sem þarfnist nánari meðferðar og uppfærslu. Hafi honum verið ráðlagt að ferðast ekki til útlanda. Í vottorðinu hafi einnig komið fram að M hafi leitað til læknis vegna sama eða tengds heilsuvanda 11. apríl 2014. Þá hafi verið gerðar lyfjabreytingar hjá M sem hafi hjálpað honum með vandann og við skoðun 25. janúar 2015 hafi hann verið við mjög góða líðan. Þá vísaði V til ákvæðis í vátryggingarskilmálum um að félagið bæti ekki m.a. kröfur vegna veikinda og sjúkdóma sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.

Álit.

Í fyrrgreindum vátryggingarskilmálum greiðslukortatryggingar þeirrar sem M hafði í gildi hjá V segir að félagið bæti ekki „kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hvers konar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknskómur, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfaði, óhefðbundin lækningameðferð.“

Auk þess sem fram kemur í fyrrgreindu læknisvottorði er þess getið m.a. í öðrum læknisfræðilegum gögnum málsins að 11. ágúst 2014 hafi M komið til eftirlits hjá lækni vegna „atrial fibrillation“. Hann hafi þá látið nokkuð vel að sér, en það hafi verið „vandamál að það leið yfir hann í fjórgang. Þetta gerðist fyrirvaralaust og hann var fljótur að jafna sig. Lenti inni á spítala síðast í apríl vegna þessa. Í kjölfarið gerði ég hjá honum blóðþrýstingsholter sem sýndi mjög breytilegan blóðþrýsting og lágan blóðþrýsting að nóttu til.“ Hinn 26. nóvember 2014 átti M símtal við lækni, þar sem fram kom að ekki sé „komið út úr Holter sem hann var sendur í á LSH. Er símtalið fór fram er svo að sjá að M hafi þá búið M við sjúkdómsgreiningu eða sjúkdómseinkenni sem nefnd eru „Sundl og svimrandi, R42“. Þá er þess getið í vottorði fyrrgreinds lyf- og hjartalækni, dags. 20. apríl 2015, að M hafi verið skjólstæðingur hans um alllangt skeið vegna gáttatífs. Hafi hann verið í eftirliti frá árinu 2011. Þá hafi verið nær liðið yfir hann og hann reyndist vera með hægán hjartslátt og hraðan þess á milli. Vegna þessa hafi verið settur í hann gangráður og hann settur á lyf til að stilla gangráðinn. Í apríl 2014 hafði M verið að detta án þess að missa meðvitund og gerði lækni 24 klst. blóðþrýstingsmælingu sem sýndi að blóðþrýstingur var of lágur og því var gerð tiltekin lyfjabreyting. Leið honum þá betur og var einkennalítið frá hjarta. Í nóvember 2014 mun hann hafa dottið en rannsóknir hafi ekki sýnt merki um vanstarfsemi á gangráði, en grunur verið um að blóðþrýstingur hafi verið lágur og ákveðið að breyta lyfjatöku. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið þykir nægilega í ljós leitt að síðustu sex mánuði áður en M pantaði utanlandsferðina og greiddi staðfestingargjaldið hafi hann haft sjúkdómseinkenni vegna svima. Af því leiðir að tjón M fæst ekki bætt úr forfallatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 22. nóvember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 327/2016
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar veitingastaðarins X.

Líkamstjón á veitingastað 21. mars 2015.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 5.10.2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V, dags. 12.10.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið staddur á veitingastað X sem viðskiptavinur þegar þjónn staðarins hafi snúið sér skyndilega við með þeim afleiðingum að M hrasaði um annan fót þjónsins og hlaut af því líkamstjón.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð sem vinnuveitandi þess starfsmanns X sem hafi sýnt saknæma háttsemi sem leiddi til tjóns M, en sá starfsmaður hafi átt að gæta betur að sér þegar hann sneri sér við með þeim hætti sem hann gerði. Starfsmenn X í veitingasal eigi að gera ráð fyrir umferð viðskiptavina og verði því að sýna sérstaklega mikla aðgæslu þegar þeir ganga um salinn eða snúa sér við með þeim hætti sem þjónn í störfum sínum hjá X gerði í umrætt sinn. Þá vísar M til þess að á X hvíli strangar skyldur sem umráðamanns fasteignar þar sem rekin er verslun eða þjónusta og tiltekur nokkra dóma Hæstaréttar Íslands um skaðabótaábyrgð vegna slíks umbúnaðar, máli sínu til stuðnings.

V vísar til upplýsinga frá X um atvikið. Þar kemur fram að starfsmaður X hafi staðið við svokallaða þjónastöð á veitingastaðnum og hafi þar verið að sinna verkefnum sínum. Þegar sá hafi snúið sér við hafi M rekist beint á hann og þeir því rekist saman. V tekur undir sjónarmið X um að umrætt atvik verði ekki rakið til gáleysis starfsmanns X heldur hafi verið óhappatilvik að ræða sem enginn ber ábyrgð á. V telur einnig ósannað að tilhöggun á veitingastað X hafi verið þannig að skapast hafi tjónshætta af. Auk þess bendir V á að tilvísun M til dóma vegna umbúnaðar fasteigna og skyldna þar um eigi ekki við í málinu.

Álit.

Í málinu er ágreiningslaust að M og starfsmaður X rákust saman í veitingasal á veitingastað X og kveðst M hafa hlotið af því líkamstjón. Af lýsingum hvors um sig verður ekki annað ráðið en að það hafi gerst snögglega, án þess að hvor um sig hafi haft ráðrúm til að koma í veg fyrir samstuðið. Ekki verður séð að aðstæður hafi verið þannig að starfsmaður X hafi átt að bera sig öðruvísi að þegar hann sneri sér við eða að hann hafi á annan hátt sýnt gáleysi við störf sín. Telst atvikið hafa orðið vegna óhappatilviks en ekki vegna aðstæðna eða atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 22. nóvember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 328/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar H.

Krafa vegna meints slyss á dekkjaverkstæði 8.7.2014.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 5.10.2016. ásamt fylgiskjölum 1-17
2. Bréf V dags. 10.10.2016.
3. Bréf lögmanns M dags. 16.11.2016.

Málsatvik.

M segist hafa slasast við vinnu sína hjá H þegar verið var að taka vír úr stóru vörubíladekki og hafi dekkið farið í hægra lærið á M með þeim afleiðingum að hann slasaðist. M segir að samstarfsmaður hans hafi ekki heyrt í honum og ekki stöðvað vélina sem hefi leitt til þess að dekkið skaust af vélinni í lærið á M. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V og segir aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar í umrætt sinn og samstarfsmaður hans hafi sýnt af sér gáleysi þá hafi H ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlitsins. M vísar að öðru leyti til laga og reglugerða varðandi aðbúnað og hollustuhætti á vinnustað sem og um notkun tækja á vinnustað. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi unnið þann vinnudag til loka, sem meint atvik hafi átt að eiga sér stað. Þá segir V að H hafi ekki verið kunnugt um atvikið fyrr en allnokkru síðar og þá hafi M ekki svarað beiðnum H um að gera grein fyrir atvikinu við framkvæmdastjóra H. V segir að fullyrðingar M um að umrædd vél hafi verið ósamþykkt eigi ekki við rök að styðjast og vélin hafi ekki verið vanbúin.

Álit.

Af hálfu M er ekki sýnt fram á að aðstæður á vinnustað hafi verið með þeim hætti að leiði til sakar hvað vinnuveitanda hans H varðar. Þá hefur M ekki sýnt fram á að samstarfsmanni hans verði að einhverju leyti kennt um það meinta tilvik sem M byggir kröfu sína á. Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um það atvik sem M byggir kröfu sína á nema frásögn hans sjálfs og engin úttekt er gerð af hans hálfu eða rennt stöðum undir þá málsástæðu hans að um saknæman vanbúnað hafi verið að ræða eða gáleysi samstarfsmanns M. Miðað við gögn málsins á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 5.12.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 329/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.

Árekstur bifreiða á gatnamótum Suðurlandsvegur og Breiðumýrar 28.7.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4.10.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 20.10.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Suðurlandsvegur og Breiðumýrar á Selfossi, en báðum bifreiðunum var ekið norður Suðurlandsveg og ók bifreið A á undan bifreið B. Ökumaður A segist hafa ekið til norðurs í átt að hringtorginu til að snúa þar við og hafi ekið mjög hægt þar sem mikil umferð hafi verið. Ökumaður A segir að allt í einu hafi B verið ekið fram úr A á mikilli ferð og þegar B var sveigt til hægri aftur hafi B farið utan í vinstra framhorn A. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A og séð að A gaf stefnummerki til hægri og A síðan beygt til hægri inn að Breiðumýri og hafi hann ökumaður B því ætlað að halda för sinni áfram norður Suðurlandsveg, en þá hafi A sveigt til vinstri í veg fyrir B og árekstur orðið.

Álit.

Framúrakstur er bannaður þar sem áreksturinn varð. Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að B hafi reynt framúrakstur í umrætt sinn þar sem það er bannað og ber B því alla sök á árekstri við bifreið A.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber alla sök.

Reykjavík 22.11.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 330/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ kaskótryggingar bifreiðar og húftryggingar vinnuvélar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er hleðslukrani vörubifreiðar rakst á göngubrú.****Gögn.**

Málskot, móttakið 4.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 26.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um miðjan dag 22. júlí 2016 var vörubifreið (A) í eigu M ekið eftir Vesturlandsvegi í Mosfellsbæ í átt til Reykjavíkur. Er henni var ekið undir göngubrú til móts við Háholt rakst hleðslukrani á milli stýrishúss og palls á brúna með þeim afleiðingum að A telst vera ónýtt sem og hleðslukraninn. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar mun hæð upp í brúna vera 5,35 m.

Í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir stjórnanda A að hann hafi ekið á 30-40 km hraða á klst. og líklegast hafi hann gleymt að setja niður kranann með þeim afleiðingum að hann rakst á göngubrúna. Í málskoti er atvikum lýst nánar svo að stjórnandi A hafði nýlokið verki með krananum og hafi verið búinn að „pakka“ honum saman að mestu leyti. Þá hafi hann verið truflaður af símhringingu sem tengdist starfinu og því þurft að stökkva inn í bifreiðina til að skrifa upplýsingar á miða. Að svo búnu hafi hann farið aftur út og lokið við að hífa upp lappirnar á bifreiðinni og ekið af stað án þess að búið væri „pakka“ krananum saman að fullu.

A og hleðslukraninn voru húftryggð hjá V og hefur M krafist bóta vegna tjónsins úr viðkomandi vátryggingum hjá V. V hefur einungis fallist á bótaskyldu að hálfu þar sem skerða beri bætur um helming með því að stjórnandi A hafi í umrætt sinn valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi. M hefur ekki fallist á þessa niðurstöðu V.

Álit.

Í IV. kafla laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) er í 19.-31. gr. að finna ákvæði um almennar forsendur fyrir ábyrgð vátryggingafélags þegar vátryggingaratburður hefur borið að höndum. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. ufl. losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta ef vátryggður hefur í öðrum vátryggingum en ábyrgðartryggingum valdið vátryggingaratburði með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður hafi verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja er leyfileg hæð ökutækis 4,20 m sem skal mæld hornrétt frá yfirborði vegar að þeim hluta þess sem hæst stendur. Eins og áður getur mun hæð brúarinnar sem A var ekið á vera 5,35 m. Af þessu má ljóst vera að hæð kranans hefur a.m.k. verið rúmum metra meiri en heimilt var samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar. Jafnvel þótt stjórnandinn hafi þurft að gera hlé á störfum sínum við frágang kranans vegna símtals, hefur hæð kranans verið slík að það átti ekki að geta farið fram hjá honum að verulega vantaði upp á að búið væri að ganga frá krananum þannig að forsvaranlegt væri að fara út í umferðina. Var að þessu leyti um það mikilvægan þátt að ræða í frágangi kranans að stórkostleg hætta fólst í því að hefja akstur án þess að búið væri að lækka kranann a.m.k. niður í hæstu leyfilega hæð. Með því að það fórst fyrir og stjórnandinn hóf akstur með kranann í þeirri hæð sem hann var í varð hann valdur að tjóninu með háttsemi sem verður að virða honum til stórkostlegs gáleysis, sbr. 2. mgr. 27. gr. vsl.

Samkvæmt 3. mgr. 29. gr. vsl. má í vátryggingum sem tengjast atvinnustarfsemi semja um, með þeim takmörkunum sem leiðir af 1. mgr. 41. gr. laganna, að vátryggður geti glatað rétti sínum til bóta í heild eða að hluta vegna háttsemi nánar tilgreindra manna eða hópa. Af þessu leiðir að V getur í vátryggingarskilmálum sínum vegna vátrygginga sem tengjast atvinnustarfsemi kveðið á

um það að váttryggður þurfi að sæta skerðingu bóta þegar forsendur fyrir ábyrgð þess hafa að einhverju leyti brostið samkvæmt því sem mælt er fyrir um í ákvæðum IV. kafla vsl. Í gr. 9.2 í skilmálum þeim sem gilda fyrir húftryggingu A mælt fyrir um það að í atvinnurekstri geti V borið fyrir sig háttsemi stjórnenda váttryggðs og stjórnanda hins váttryggða ökutækis. Efnislega hliðstætt ákvæði er einnig að finna í 8. gr. í váttryggingarskilmálum þeim sem giltu fyrir húftryggingu hleðslukranans hjá V. Verður M því að sæta takmörkun á rétti sínum til bóta úr þeim váttryggingum sem hér eru til skoðunar að því marki sem leiðir af stórkostlegu gáleysi stjórnanda A og hleðslukranans og varð þess valdandi að váttryggingaratburðurinn varð. Takmörkun V til að semja með þessum hætti sem leiðir af 1. mgr. 41. gr. vsl. á ekki við hér, enda er í því lagaákvæði einungis kveðið á um takmörkun á rétti félagsins til að skerða bætur til meðváttryggðs þegar váttryggður eða aðrir meðváttryggðir hafa valdið váttryggingaratburði.

Þegar lítið er til þess hversu alvarleg vanræksla stjórnanda A og hleðslukranans var í umrætt sinn þykir rétt að réttur M til bóta úr þeim váttryggingum sem hér eru til skoðunar skerðist um helming.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta að helmingi úr kaskótryggingu A og húftryggingu hleðslukrana hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 332/2016
K og M og
vátryggingafélagið V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasala X.

Skaðabótaábyrgð fasteignasala vegna sölumeðferðar á húsi á Höfn í Hornafirði.

Gögn.

1. Málskot móttakið 6. október 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 24. október 2016 ásamt gögnum.
3. Athugasemdir M og K við bréf V, dags. 3. nóvember 2016, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M og K gerðu tilboð í hús að Hraunhóli 7 á Höfn í Hornafirði þann 9. september 2015 og var það samþykkt þann sama dag. Þann 1. október 2015 var gengið frá kaupsamningi um eignina og virðist eignin hafa verið afhent sama dag. Með bréfi M og K þann 30. mars 2016 var X tilkynnt að M og K teldu að X hefði vanrækt skyldur sínar sem fasteignasali með alvarlegum hætti og gerðu kröfu um að X greiddi þeim 8,5 milljónir króna ásamt vöxtum og dráttarvöxtum. Fram kom í bréfinu að M og K telja X hafa brotið gegn 10., 11., 13. og 15. gr. laga um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015. Er meginástæða kröfunnar sú að M og K telja að þau geti ekki rekið gistiheimili í eigninni eins og tilgangurinn var með kaupunum, og að sölufirlit og fleira hafi borið með sér að heimild væri til staðar frá yfirvöldum að reka gistiheimili. Slík heimild reyndist ekki vera fyrir hendi og þurfa að koma til ýmsar breytingar á eigninni til að heimild fái til þess að reka þar gistiheimili. Er enn fremur nefnt að teikningar hafi ekki verið kynntar M og K, upplýsingar í sölufirliti hafi verið rangar og að verðið á eigninni hafi verið óeðlilegt. M og K telja því að þau hafi orðið fyrir fjártjóni sem X beri ábyrgð á sem fasteignasali.

V hafnar greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingunni. V telur með öllu ósannað að M og K hafi orðið fyrir tjóni sem rakið verður til saknæmrar háttsemi X í tengslum við söluna á Hraunhóli 7. Er vísað til þess að ástand eignarinnar sé í dag í samræmi við samþykktar teikningar og því sé tjón M og K ekkert. Vísað er til þess að í sölufirliti komi skýrt fram að notkun eignarinnar sé einbýlishús, þannig að notkunarflokkur hennar hafi ekki átt að koma M og K á óvart, og það þrátt fyrir að í húsinu væri rekið gistiheimili, eins og fram kom í sölufirlitinu. Upplýsingarnar í sölufirlitinu hafi verið réttar, þótt síðar hafi komið í ljós að ekki væri heimild yfirvalda til staðar fyrir rekstri gistiheimilis. V hafnar enn fremur þeim fullyrðingum að M og K hafi greitt of hátt verð fyrir eignina. Er því haldið fram af hálfu V að M og K og seljandi hefðu verið búin að koma sér saman um kaupverðið þegar óskað var eftir aðkomu X.

Álit.

Um skyldur X við fasteignasölu gilda lög nr. 70/2015. Þar kemur fram í 10. gr. að fasteignasali skuli gera sölufirlit vegna fasteignar sem hann er með í sölumeðferð og í 11. gr. kemur fram hvert efnis sölufirlits skuli vera. Ákvæði 12. gr. fjallar um öflun upplýsinga vegna sölufirlits, ákvæði 13. gr. um kynningu fasteignasala á eign og ákvæði 15. gr. um að fasteignasali skuli gæta hagsmuna kaupanda og seljanda.

Á sölufirliti eignarinnar kemur fram að notkunarflokkur hússins sé einbýlishús. Kemur það einnig fram í kauptilboðinu og kaupsamningnum. Í sölufirlitinu kemur einnig fram að húsið hafði verið notað sem gistiheimili.

Hvergi í gögnum frá X kom fram að fyrir lægi heimild til reksturs gistiheimilis í eigninni. Fullt tilefni var af hálfu M og K að kanna hvort formlegt leyfi til gistiheimilis væri fyrir hendi ef það var forsenda kaupanna. Það gerðu þau ekki. Ekki liggur ljóst fyrir að grundvöllur ákvörðunar M og K um kaup eignarinnar hafi verið að fyrir lægi leyfi til reksturs gistiheimilis.

Ekki þykir sýnt fram á með nægilegum hætti að X hafi við sölu eignarinnar sýnt af sér saknæma og ólögmeða háttsemi sem leiða eigi til skaðabótaskyldu X gagnvart M og K.

Niðurstaða.

Ekki er fallist á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 22. nóvember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 333/2016
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.

Árekstur við akstur bifreiða um hringtorg
Vesturlandsvegur við Þingvallaveg 29.9.2016.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 10.10.2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V, dags. 13.10.2016.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu vegna umferðaróhapps kemur fram að ökumaður bifreiðar A ók á vinstri akrein á Vesturlandsvegi með fyrirhugaða akstursstefnu áfram suður Vesturlandsveg. Ökumaður bifreiðar B ók á hægri akrein, einnig suður Vesturlandsveg, með fyrirhugaða akstursstefnu austur Þingvallaveg, en til þess að aka þar inn þarf að fara framhjá akstursleið um Vesturlandsveg áfram til suðurs. Leið ökumanna liggur þar um hringtorg sem gefur ökumönnum möguleika á að aka Vesturlandsveg og austur Þingvallaveg og inn af Þingvallavegi að austan. Ekki er um þannig gatnamót að ræða að möguleg akstursstefna sé til vesturs af Vesturlandsvegi.

M telur, sem ökumaður bifreiðar A, að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum fyrir að aka um $\frac{3}{4}$ hluta hringtorgs á ytri akrein og þannig í veg fyrir bifreið A sem ekið hafi verið út úr hringtorgi á innri akrein þess.

V vísar til þess að skapast hafi venjur um sakarskiptingu við akstur um hringtorg og beri þær venjur með sér að sá ökumaður sem ekur í innri hring hringtorgs og ætli út úr hringtorginu við fyrstu mögulegu útkeyrslu brjóti gegn 1. mgr. 15. gr., sbr. 3. mgr. sömu greinar í umferðarlögum nr. 50/1987, um að taka hægri beygju frá hægri akrein. Sá ökumaður eigi því að bera meginsök á árekstri við bifreið sem ekið er á ytri hring hringtorgs. Sá ökumaður hafi þó brotið gegn aðgæsluskyldu sinni með því að aka yfir brotnar deililínur akbrautar, framhjá einni útkeyrslu hringtorgsins, skv. b-lið 24. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. Telur V að sök eigi að skiptast þannig að ökumaður bifreiðar A beri $\frac{2}{3}$ hluta sakar og ökumaður bifreiðar B $\frac{1}{3}$ hluta sakar.

Álit.

Nefndin hefur fjallað um aðstæður við umrædd gatnamót áður í úrskurði sínum í máli nefndarinnar nr. 187/2016. Lögð er áhersla á að nefndin telur að það umferðarmannvirki sem markar þau gatnamót séu sérstaks eðlis og má þar helst vísa til þess að um er að ræða einhvers konar þriggja greina hringtorg sem aðallega ber umferð um Vesturlandsveg, en liðkar fyrir umferð austur Þingvallaveg og þá sérstaklega fyrir umferð sem kemur af Þingvallavegi inn á Vesturlandsveg með fyrirhugaða akstursstefnu suður Vesturlandsveg. Þetta umferðarmannvirki leysti því af hólmi hefðbundin gatnamót þar sem ökumenn, sem óku af Þingvallavegi, þurftu að taka hefðbundna vinstri beygju inn á Vesturlandsveg til að aka í átt að Reykjavík. Ljóst er öllum sem þarna fara um, hvort sem þeir eru staðkunnir eða ekki að leiðin um Vesturlandsveg er fjölfarin leið út og inn af höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, sem nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri akreinar í akstursstefnu sína, færa ökutæki sitt í tæka tíð á þá akrein sem er lengst til hægri, ef hann ætlar að beygja til hægri. Þá ber skv. 3. mgr. sömu greinar að aka sem næst hægri brún akbrautar og skal beygja tekin eins kröpp og unnt er. Í 4. mgr. sömu greinar segir að sé akbraut sem beygt er inn á með tvær eða fleiri akbrautir fyrir umferð í sömu akstursstefnu skuli beygjan þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. tekin svo sem hentugast er með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar. Það skal hér ítrekað að engin sérstök ákvæði eru um hringtorg í umferðarlögum og verður því að taka mið af háttennisreglum sem segja til um hvernig aka skuli um gatnamót.

Gatnamót Vesturlandsvegur og Þingvallavegur, sem mörkuð eru með því hringtorg sem hér um ræðir eru, eins og komið hefur fram óvenjuleg, þar sem umferð um Vesturlandsveg til suðurs getur ekki ekið strax til hægri út úr hringtorginu heldur er fyrst mögulegt að aka út úr því þegar ekið er áfram suður Vesturlandsveg. Næst er síðan hægt að aka í austurátt inn á Þingvallaveg. Greinilegar akreinalínur eru fyrir umferð sem ekur að hringtorginu suður Vesturlandsveg inn á hringtorgið og út úr því á áfram suður Vesturlandsveg. Hringtorgið er einnig eins og áður segir fjölfarið og algjör undantekning ef bifreiðum sem aka suður Vesturlandsveg hvort sem er á hægri eða vinstri akrein er ekki ekið út úr hringtorginu áfram Vesturlandsveg til suðurs. M.v. þessar sérstöku aðstæður verður að miða við að ökumenn sem aka suður Vesturlandsveg í innri hring hringtorgsins aki því að þessu leyti í samræmi við 4. mgr. 15. gr. umferðarlaga þar sem þeir eru ekki að beygja á gatnamótum heldur eru að aka áfram Vesturlandsveg.

Þegar ökumaður bifreiðar B, sem ók í ytri hring hringtorgsins ók hins vegar yfir hálfbrotna línu af sinni akrein inn á vinstri akrein, þ.e. innri akrein hringtorgsins, ók hann í raun yfir á aðra akrein og fylgdi því m.a. ekki ákvæðum 4. mgr. 15. gr. umferðarlaga miðað við gerð og lögun hringtorgsins. Ökumanni B bar því að gæta ítrustu varúðar og gæta þess að þegar hann ók inn á vinstri akrein hringtorgsins að hann gæti ekið með þeim hætti án þess að valda erfðleikum eða hættu fyrir aðra umferð. Þessa gætti ökumaður B ekki og miðað við framangreint og þessar sérstöku aðstæður í umræddu hringtorgi ber hann alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík 22. nóvember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 335/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ slysátryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Ágreiningur um hvort umferðarslysi hafi verið valdið með stórkostlegu gáleysi tjónþola.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.10.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 10.11.2016.

Bréf V, dags. 27.10.2016, ásamt matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræðum, dags. 3. maí 2016.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að tilkynnt var um umferðarslys í Bríetartúni við Þórunnartún að morgni 4. apríl 2016. Samkvæmt framburði þriggja vitna hafði bifreið, sem M ók, verið ekið nokkuð greitt austur Bríetartún og allt í einu sveigt til vinstri yfir á öfugan vegarhelming og síðan lengra til vinstri þannig að hún lenti á annarri bifreið. Þegar vitnin fóru að athuga með M eftir áreksturinn sagði hún þeim að hún hefði verið að huga að símanum sínum og litið af veginum fyrir áreksturinn. Lögreglumenn ræddu við M á slysadeild og kvaðst hún hafa verið við akstur austur Bríetartún þegar hún hafi litið á síma sinn til að athuga hvað klukkan væri og þá hefði hún beygt ósjálfrátt til vinstri með þeim afleiðingum að hún fór yfir á öfugan vegarhelming og lenti á annarri bifreið. Á slysadeild mældist jákvæð svörum við kókaín, kannabisefni og lyfjatengd efni í þvagi M. Við rannsókn á blóðsýni sem tekið var úr M á slysadeild mældist kannabisefni, tetrahydrókannabinól, 1,0 ng/ml, en um er að ræða efni sem er í flokki ávana- og fíkniefna sem eru óheimil á íslensku forráðasvæði.

M telur að hún eigi rétt á fullum bótum úr slysátryggingu ökumanns hjá V. Hún hafi ekki ekið of hratt m.v. aðstæður og þó litið magn kannabisefna hafi fundist í blóði hennar þá hafi það ekki haft áhrif á aksturshæfni, auk þess sem neysla umræddra efna hafi átt sér stað um tveimur sólarhringum áður en umferðaróhappið átti sér stað. M bendir á að V geti ekki takmarkað ábyrgð sína nema M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi, sbr. orðalag 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og hafi V sönnunarbyrði fyrir því.

V vísar til þess að í ljósi þess að mælst hafi ólögleg fíkniefni í blóði M hafi hún verið óhæf til að stjórna ökutæki örugglega í skilningi 2. mgr. 45. gr. a. umferðarlaga nr. 50/1987, auk þess sem hún hafi verið svipt ökuréttindum. V bendir einnig á að svörum hafi fundist í þvagsýni M fyrir fleiri fíkniefnum og hafi M viðurkennt neyslu þeirra. Það verði því að líta svo á að komin sé fram sönnun um neyslu efnanna og beri M sönnunarbyrði um að hún hafi ekki fundið fyrir áhrifum þeirra við aksturinn. Einnig vísar V til þess að M hafi ekið án þess að hafa augu á vegi og of hratt m.v. aðstæður í verslunar- og þjónustugötu sem sé fjölfarin. Vitni lýsi aksturslagi M þannig og verði að líta svo á að M hafi sett sjálfa sig og aðra í nokkra hættu með því. Að þessu virtu telur V að skerða eigi bótarétt M að fullu úr slysátryggingu ökumanns og vísar til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga því til stuðnings, sbr. 9. gr. vátryggingarskilmála V.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélags ef vátryggður í öðrum vátryggingum en líftryggingum hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Samkvæmt framburði vitna var ekki allt með felldu við akstur M í aðdraganda þess að slysið varð. Þannig er ljóst af framburði vitnanna að M hafi ekið nokkuð hratt um götu þar sem hámarkshraði er 50 km/klst, en verður þó að líta til aðstæðna þar sem nokkur umferð er um Bríetartún og fjölda bifreiða lagt í götunni. Vitni bera einnig um nokkuð harðan árekstur, sem fær einnig stoð í myndum

af bifreiðum á vettvangi, þar sem sjáanlegt tjón er nokkuð á þeirri bifreið sem M ók. Í skýrslu M sjálfrar kemur einnig fram að hún hafi ekki verið að horfa á veginn þegar hún missti stjórn á bifreiðinni.

Í blóði M greindist tetrahydrókannbinól, 1,0 ng/ml, og jákvæð svörun var í þvagsýni við bæði kókaíni og öðrum lyfjatengdum efnum. M ber við neyslu slíkra efna um tveimur sólarhringum áður en óhappið varð. Samkvæmt 45. gr.a umferðarlaga nr. 50/1987 má enginn stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Einnig kemur fram að ef slík efni mælast í blóði eða þvagi ökumanns teljist hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega. Þó ákvæði umferðarlaga séu ekki sjálfkrafa mælikvarði á háttsemi váttryggðra skv. 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga verður ekki hjá því litið að neysla þeirra efna sem M kveðst hafa neytt geta haft áhrif á aksturshæfni ökumanna. Aðstæður við umrætt óhapp M renna stoðum undir það að aksturshæfni M hafi verið nokkuð skert í ljósi þess að hún missir stjórn á bifreiðinni um leið og hún lítur af veginum.

Þegar þessi atriði eru virt í heild sinni telst M hafa sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur um Bríetartún í greint sinn, en það að M hafi verið svipt ökuréttindum á slysdegi hefur ekki áhrif á mat þetta. Slys hennar verður að öllu leyti rakið til þessarar saknæmu háttsemi við aksturinn. Þegar atvik máls eru virt í heild og horft til þess hversu alvarleg sök M var verður að telja að takmarka beri ábyrgð V á líkamstjóni M og að ábyrgðin takmarkist við helming bóta.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að helmingi úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 336/2016
M og
vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Krafa á hendur byggingarstjóra vegna ætlaðra mistaka við byggingu húss á árin 1999-2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12.10.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 25.10.2016

Málsatvik.

M segir að mistök hafi verið gerð við byggingu þaks yfir inngangi og bílskúr á húsi hans, sem hafi leitt til endurbyggingar að hluta. M segir að ekki hafi verið farið eftir verkeikningum og beri byggingarstjóri hússins alla ábyrgð á því tjóni sem af því hafi hlotist. V hafnar bótaábyrgð og vísar til þess að bygging hússins hafi farið fram árið 1999 og skv. þágildandi fyrningarlögum nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda þá fyrnist skaðabótakröfur á 10 árum, skv. 2. tl. 4. gr. laganna, frá þeim tíma að skaðabótakrafa varð gjaldkræf, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna. V vísar einnig til þess að að skaðabótakrafa teljist stofnast þegar tjónsatburður eigi sér stað. V telur hugsanlega kröfu M á hendur byggingarstjóra fyrnda enda meira en 10 ár liðin frá þeim framkvæmdum sem kröfugerð M byggist á.

Álit.

Fyrir liggur að bygging húss M fór fram á árinu 1999 og í málskoti tilgreinir M tjónsdag með eftirfarandi hætti: „1999-200?“. V fjallar ekki efnislega um mögulega skaðabótaábyrgð byggingarstjóra heldur vísar til þess að kröfur séu fyrndar. Miðað við gögn málsins þá er ljóst að mun lengri tími en 10 ár eru liðin síðan krafa M getur hafa stofnast samkvæmt þeim lögum sem giltu um fyrningu skaðabótakrafna á þeim tíma, en ekki hefur annað komið fram í málinu en að möguleg saknæm háttsemi byggingarstjóra hafi komið fram á árinu 1999. Er því bótakrafa á hendur byggingarstjóra í máli þessu fyrnd sbr. 2.tl. 4.gr. laga nr. 14/1905 fyrningarlaga sem giltu á þeim tíma þegar tjónsatburður átti sér stað og krafan stofnaðist.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra.

Reykjavík 22.11.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 337/2016**vátryggingafélagið V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasala X.****Skaðabótakrafa vegna sölu fasteignar að Klapparstíg með kaupsamningi dags. 10.7.2014.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M keypti hlut í fasteign að Klapparstíg með kaupsamningi dags. 10. júlí 2014. Í söluþingliti sem lá fyrir áður en kaupsamningur var gerður kom fram að tvö bílastæði fylgdu með þeim eignarhluta sem M keypti sem og að eignarlóð fasteignarinnar væri 705 fm. Í kaupsamningi var vísað til þinglýstrar eignaskiptayfirlýsingar dags. 25. febrúar 1991 auk þess sem var vísað til þess að það lægi fyrir ný óþinglýst eignaskiptayfirlýsing frá því í júní 2014 sem ekki hafi verið undirrituð. Fram kom í sama kaupsamningi að aðilar sammings hefðu kynnt sér framlögð skjöl athugasemdalaust. Í útskrift frá Fasteignaskrá Íslands dags. 7. október 2014 kemur fram að lóð fasteignarinnar Klapparstígs sé 705 fm og að sama skapi liggur fyrir veðbandayfirlit frá 10. júlí 2014 þar sem kemur fram að þinglýst hafi verið yfirlýsingu frá árinu 2013 um að heildarlóð væri 705 fm. Einnig má sjá af tilgreindum þinglýstum skjölum á veðbandayfirliti tilvísun til eignaskiptayfirlýsinga.

M telur að fasteignasali hjá X hafi sýnt gáleysi þar sem hvorki hafi legið fyrir að tvö bílastæði fylgdu þeirri eign sem M keypti, auk þess sem eignarlóð hafi ekki verið ein stór og tilgreint hafi verið. M vísar til þág. bótareglu 27. gr. laga nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa og telur að beita eigi ströngu sakarmati þegar háttsemi fasteignasala X sé virt. Hann hafi ekki gætt þess að réttar upplýsingar kæmu fram um bílastæði og stærð eignarlóðar og hafi honum einnig borið að kanna sérstaklega veðskjöl sem hvíldu á eigninni til að staðreyna það sem kom fram á söluþingliti og það að gera það ekki hafi brotið gegn 15. og 16. gr. laga nr. 99/2004. M kveðst hafa orðið fyrir tjóni vegna þess að áskildir kostir hafi ekki fylgt þeim hluta fasteignarinnar sem hann keypti og krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V vegna þess tjóns.

V vísar til þess að upplýsingar um stærð eignarlóðar fyrir fasteignina í heild hafi verið opinberlega skráð sem 705 fm, bæði hjá Fasteignamatni Íslands sem og í veðbandayfirliti og hafi verið vísað til þeirra gagna í kaupsamningi og þannig hafi ákvæði 11. og 12. gr. laga nr. 99/2004 verið uppfyllt af hálfu fasteignasala X. Einnig vísar V til þess að M hafi verið kunnugt um óvissu vegna nýrrar eignaskiptayfirlýsingar og upplýsingar frá húsfélagi um fyrirkomulag vegna bifreiðastæða. Þau tvö bifreiðastæði sem tilgreind voru á söluþingliti hafi verið skv. samkomulagi húseigenda, þar sem hafi verið mikilvægt að tilgreina bifreiðastæði sérstaklega gagnvart öðrum en húseigendum. V vísar einnig til þess að athugasemdir umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar frá árinu 2015 hafi ekki þýðingu í málinu þar sem þær hafi komið fram eftir undirritun kaupsammings á árinu 2014.

Álit.

Annars vegar er ágreiningur um hvort upplýsingar á söluþingliti hafi verið ófullnægjandi í skilningi 10.-12. gr. laga nr. 99/2004, af hálfu fasteignasala X. Þegar gögn málsins eru virt í heild, sérstaklega ódags. söluþinglit, er ljóst að þar er með berum orðum sagt að tvö bifreiðastæði fylgi sérstaklega eign þeirri sem M keypti, án fyrirvara um að á bak við þá yfirlýsingu tilvísun í samkomulag húsfélags hússins eða að um væri að ræða óskipta sameign allra húseigenda. Hefði verið réttara að vísa til óformlegs samkomulags húsfélags um þessa tilhögun, fyrst minnst var á bifreiðastæði í söluþingliti. Telst það til gáleysis af hálfu fasteignasala X.

Hins vegar er ágreiningur um hvort réttar upplýsingar hafi verið veittar um stærð eignarlóðar fasteignarinnar í heild. Í söluþingliti er hins vegar ekki að sjá greinilega að þær upplýsingar séu tilgreindar sérstaklega. Í kaupsamningi dags. 10. júlí 2014 er vísað til veðbandayfirlits og yfirlits frá Fasteignaskrá Íslands um að heildarstærð eignarlóðar sé 705 fm. Um er að ræða opinberar upplýsingar og á þeim tímapunkti lágu einnig fyrir upplýsingar um eignaskiptayfirlýsingar, bæði þinglýstar og óþinglýstar, vegna fasteignarinnar, auk þess sem því er haldið fram að kaupandi hafi

verið upplýstur um vinnu húsfélags varðandi þau mál. Af gögnum málsins telst ekki sannað af hálfu M að upplýsingar sem fasteignasalinn veitti við gerð kaupsamnings hafi verið rangar á þeim tíma sem þær voru gefnar og verður sú háttsemi ekki metin honum til gáleysis.

Það sem eftir stendur er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort það gáleysi, sem felst í því að hafa tilgreint tvö bifreiðastæði með ónákvæmum hætti á söluyfirliti, hafi leitt til tjóns fyrir M. Ekkert liggur fyrir um að þessar upplýsingar hafi leitt til þess að M greiddi herra verð en ella fyrir fasteignina, auk þess sem réttar upplýsingar virðast hafa legið fyrir áður en kaupsamningur var undirritaður. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á skaðabótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 338/2016

M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
sama félag v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á Bústaðavegi í Reykjavík skammt sunnan Snorrabrautar hinn 26.8.2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 13.10.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 31.10.2016.
Bréf V, dags. 27.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið norður Bústaðaveg í átt að Snorrabraut. A hafði verið ekið á hægri akrein og B á vinstri akrein. Varð þá árekstur með bifreiðunum þannig að framanverð vinstri hlið A og hægri hlið B rákust saman.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 50 km hraða á klst. Skyndilega hafi B verið ekið inn í hlið A þegar ökumaður B ákvað að skipta um akrein.

Ökumaður B hefur lýst tildrögum árekstursins á þann veg að hann hafi verið að nálgast umferðarljós við gatnamót Bústaðavegar og tengibrautar milli Hringbrautar og Bústaðavegar, en umferð um gatnamótin sé stjórnað með umferðarljósum. Vegna stöðu umferðarljósanna hafi beygjuakrein lengst til vinstri verið yfirfull og nokkrar bifreiðir hafi verið kyrrstæðar á sjálfri vinstri akreininni fyrir umferð áfram norður yfir gatnamótin sem hafi beðið hafi eftir að komast inn á beygjuakreinina til að geta beygt til vinstri. Þessar bifreiðir hafi því lokað fyrir greiðum aðgangi í beina stefnu áfram eftir vinstri akreininni. Ökumaðurinn kvaðst ekki hafa séð bifreið koma fyrir aftan sig þar sem rautt ljós virtist loga á umferðarljósum fyrir aftan, þ.e.a.s. á gatnamótum Bústaðavegar og Flugvallavegar. Hann hafi því skipt um akrein til að komast fram úr bifreiðunum sem tepptu umferð á vinstri akreininni. Hann hafi fært sig strax aftur á vinstri akreinina þar sem hann hugðist svo beygja til vinstri. Þegar hann hafði ekið um stund á vinstri akrein, eða í um fimm sekúndur, hafi hann fengið þungt högg í hægri hlið B.

Álit.

Ökumenn eru einir til frásagnar um áreksturinn og tildrög hans. Af framburði þeirra er ljóst að ökumaður B skipti um akrein og ók af vinstri akrein yfir á hægri akrein í aðdraganda þess að áreksturinn varð. Við akreinaskiptin bar ökumanninum að ganga úr skugga um að það hafi verið unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þegar til þessa er litið og eins og atvikum er háttáð hefur ökumaður B sönnunarbyrðina um það að hann hafi skipt um akrein án þess að valda ökumanni A hættu eða óþarfa óþægindum. Sú sönnun hefur ekki tekist og verður ökumanni B því gefin sök á árekstrinum. Ekki er efni til að fella sök á ökumann A, en ekki verður séð að lýsing ökumanns B á atvikum eftir áreksturinn hafi sérstaka þýðingu við sakarmat í málinu. Öll sök verður því felld á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 22. nóvember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 339/2016

M
og
VI v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á bifreiðastæði við veitingastaðinn Subway við Hamraborg, Kópavogi, 11.9.2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 12.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V1, dags. 31.10.2016.

Bréf V2, dags. 28.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið eftir bifreiðastæðinu og ætlað að leggja í stöðureit sem var honum á hægri hönd. Hann hafði því beygt til vinstri í því skyni að bakka í stöðureitinn. Hann hafði svo ætlað að „fara að bakka“ þegar B hafði verið ekið aftan á A.

Ökumaður B kvað A hafa verið bakkað á B sem hafði verið kyrrstæð.

Álit.

Tildrög árekstursins eru óljós og skýrslur ökumanna eru ekki svo skýrar að unnt sé að henda nákvæmar reiður á hvernig áreksturinn bar að höndum. Af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu verður því ekki ráðið hvor ökumanna eigi fremur sök en hinn. Ekki verður heldur séð, eins og málið er vaxið, að efni sé til að fella sönnunarbyrðina um það hvað olli árekstrinum fremur á annan ökumanninn en hinn. Samkvæmt þessu og atvikum öllum, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þykir rétt að skipta sök að jöfnu milli ökumanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 29. nóvember 2016.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 340/2016**vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á Miklubraut við Skeiðarvog 9. september 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 14.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 24.10.2016.

Bréf V2, dags. 27.10.2016, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B á Miklubraut. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið á miðakrein þriggja akreina þegar bifreið fyrir framan hana stöðvar þannig að hún hemlar og beygir aðeins til vinstri til að forðast árekstur. Þá hafi bifreið B verið ekið aftan á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið á akrein lengst til vinstri og árekstur hafi orðið þannig að ökumaður bifreiðar A hafi ekið í veg fyrir hann af miðjuakrein.

M telur nokkur tími hafi liðið frá því að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi þurft að skipta um akrein til vinstri vegna umferðar fyrir framan hana og hafi hún ekki séð bifreið B í spegli þegar hún hafi undirbúið akreinaskiptingu. Einnig vísar M til þess að bifreið B hljóti að hafa verið ekið mjög hratt og högg við áreksturinn hafi verið mjög mikið og verði ökumaður bifreiðar B því að bera alla sök.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða, sbr. skyldu hans í 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og beri því alla sök.

V2 vísar hins vegar til þess að það komi skýrt fram í gögnum málsins að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi skipt um akrein og hafi við það borið að gæta þess að það sé án hættu og óþæginda fyrir aðra umferð, sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Verði M því að bera sönnunarbyrði fyrir því að það hafi hún gert og telur V2 að slík sönnun hafi ekki tekist og verði því að leggja alla sök á ökumann bifreiðar A.

Álit.

Í framburði M í skýrslum hennar kemur skýrt fram að hún hafi skipt um akrein á Miklubraut vegna stöðvunar umferðar á undan. Við þær aðstæður bar henni að gæta að því að það væri hægt án óþæginda fyrir aðra umferð, sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Í málinu eru ekki vitni sem bera um óvarlegan akstur ökumanns bifreiðar B eða að árekstur hafi orðið það löngu eftir akreinaskipti M að þau hafi ekki þýðingu við sakarmat. Að því virtu og með vísan til framburðar ökumanns bifreiðar B verður að rekja áreksturinn til þess að ökumaður bifreiðar A skipti um akrein í veg fyrir ökumann bifreiðar B, ber M hallann af sönnunarskortum um annað og verður því að bera alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A (M) hjá V1.

Reykjavík, 29. nóvember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 341/2015
M og
V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Kona rann til í inngangi verslunar og slasaðist þ. 14.2.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags.28.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M segist hafa farið í verslun A, en mikil rigning hafi verið og bleyta við útidyr verslunarinnar og hafi hún runnið í innganginum fallið og slasast. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og telur forráðafólk A bera ábyrgð á því að flísar við inngang hafi ekki verið þurrar, en 15 cm.flíslaslag sé fyrir innan inngang að stórri niðurfelldri burstamottu og flísarnar séu hálar ef þær eru blautar. Starfsfólk A hafi því ekki gætt nægjanlega að öryggi viðskiptavina sinna. V hafnar bótaskyldu og segir að flísarnar sem um ræðir séu gerðar þannig að þær séu ekki hálar í bleytu. V telur rangt að aðbúnaður í anddyri verslunarinnar hafi verið ófullnægjandi og stór niðurfelld burstamotta sé sérstaklega ætluð til þess að þurrka bleytu af skóm viðskiptavina og burstamottan nái nánast fram að dyrum. Þá segir V að M hafi mátt vera það ljóst að bleyta kynni að vera á gólfi við inngang vegna þess hvernig viðraði og hafi því þurft að sýna eðlilega aðgát. Engin vitni voru að því þegar M féll.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að umbúnaður við inngang verslunar A sé ófullnægjandi eða starfsfólk A hafi ekki gætt nægjanlega vel að öryggi viðskiptavina. Gögn málsins sýna ekki fram á að slys M verði rakið til ófullnægjandi umbúnaðar í verslun A eða það megi rekja til sakar A eða starfsfólks A. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 20.10.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 342/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar B.

Starfsmaður féll um rafmagnssnúru og slasaðist 10.7.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.10.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 19.10.2015 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M segir að hann hafi ætlað inn í svonefndan bílasal á vinnustað sínum og hafi samstarfsmaður hans komið fyrir rafmagnssnúru sem búið var að kuðla saman og hafi hann fallið um hana þegar hann gekk út um dyrnar og fallið niður á pall og slasast. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B og segir að samstarfsmaðurinn sem kom rafmagnssnúrunni fyrir í dyraopinu í gangvegi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi enda sé slíkur staður ekki eðlilegur geymslustaður fyrir rafmagnssnúru. M vísar m.a. til 37. og 39. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða þar sem m.a. segir að allir gangar, stigar, forrými og önnur rými sem nota má til útgöngu skuli ávallt vera greiðfærir og hindrunarlausir. Af hálfu M er mótmælt að þetta hafi verið algengt verklag á vinnustað M þegar umrædd rafmagnssnúra hafi verið tengd við ákveðna bifreið. Af hálfu vinnuveitanda M er fullyrt að umrædd rafmagnssnúra hafi verið þarna í töluverðan tíma og hafi M verið það fullljóst. V hafnar bótaábyrgð og telur að meint atvik megi ekki rekja til saknæmrar eða ólögðmætrar háttsemi vátryggingartaka, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki beri ábyrgð á. V segir að rafmagnssnúran hafi verið gerð upp og lögð þar sem M féll og hafi það verklag verið viðhaft í langan tíma og allir starfsmenn vitað af því verklagi. M hafi því mátt gera ráð fyrir að snúran væri þar sem hún var þegar hann féll um hana og þurft að gæta fóta sinna.

Álit.

Af hálfu B vinnuveitanda M og V er því haldið fram að það hafi viðgengist um langan tíma að gera rafmagnssnúruna, sem M féll um, upp og geyma hana þar sem hún var í umrætt sinn og hafi allir starfsmenn þ.á.m. M vitað af því. M hefur mótmælt því að þetta hafi verið algengt verklag. Jafnvel þó það hafi viðgengist að geyma rafmagnssnúru með þeim hætti sem gert var í umrætt sinn þá verður að telja slíkan frágang skapa hættu á tjóni og á vinnustað B verður að telja slíkan frágang óforsvaranlegan. Ber B ábyrgð á því að gengið skuli hafa verið frá rafmagnssnúrunni með þessum saknæma hætti. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 22.11.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 343/2016
M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.

Slys starfsmanns á gönguleið við vinnustað þann 18. desember 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. október 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 17. nóvember 2016 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Ágreiningslaust er að M varð fyrir slysi þann 18. desember 2014, fyrir utan húsnæði þar sem starfsemi X er. Svo virðist sem M hafi runnið til í hálku á leið sinni út í olíubifreið en hann mun starfaði sem olíuflutningabílstjóri. M kveðst hafa verið með fullar hendur af vörum þegar hann rann til á íshelli sem fól var yfir, þannig að hann féll og snéri upp á hægri ökkla. M telur að X beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem hann hefur orðið fyrir vegna slyssins þar sem engin hálkuvörn hafi verið borin á planið, hvorki salt né sandur.

V telur ósannað að líkamstjón M sé að rekja til atvika eða atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum, og þ.a.l. að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

M ber sönnunarbyrði um að X beri skaðbótaábyrgð vegna líkamstjóns hans. Engin vitni urðu að slysinu og kveður X að M hafi tilkynnt um slysið til X símleiðis eftir að hann lagði af stað á olíubifreiðinni.

Lögð voru fram gögn um veðurfar á svæðinu frá veðurathugunarstöðvum. Dagana fyrir slysið var hiti rétt um eða yfir frostmarki og snjókoma. Engar hálkuvörnir voru bornar á planið þar sem olíubifreiðarnar voru. M gat þó ekki dulist aðstæður utandyra í umrætt sinn. M hafði auk þess unnið hjá X í 12 ár á slysdegi.

Í máli þessu liggur ekki fyrir að planið við húsnæði X hafi verið hættuleg vegfarendum eða að mikil hálka hafi verið á þar í kring. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fleiri óhöpp eða tilkynningar um hættulegar aðstæður umræddan dag.

Miðað við allt framangreint telst það ósannað að X eigi að bera ábyrgð á líkamstjóni M vegna slyssins 18. desember 2014. Verður því ekki fallist á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi af hálfu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 15. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 344/2016 – leiðréttur úrskurður
vátryggingafélagið V v. slysátryggingar ökumanns bifhjólans A.

Umferðarslys á bifhjóli 24.8.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17.10.2016 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V dags. 8.11.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Í málskoti segir að M hafi misst stjórn á bifhjólinu A þegar hann var að aka því í átt að mótorkrossbraut, en hjólið hafi lent á grjóti með þeim afleiðingum að það fór á hliðina og A varð fyrir meiðslum. M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns A hjá V og vísar til 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M vísar til þess að þar sé kveðið á um að ökumenn sem stjórna skráningarskyldu vélknúnu ökutæki séu tryggðar bætur jafnvel þó þeir beri sjálfir ábyrgð á tjóninu. Varðandi skerðingu bóta vísar M til þess að félagið V þurfi að sanna að ökumaður hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Af hálfu M er tekið fram að hann sé vanur að aka bifhjólum þó hann hafi ekki haft réttindi til að stjórna þungu bifhjóli eins og um var að ræða hvað varðar A. Í lögregluskýrslu kemur fram að M er eingöngu með svonefnd B réttindi og hafði því ekki réttindi til að aka bifhjólinu A sem um ræðir og skv. lögregluskýrslu þá kemur fram að M segist hafa haldið að hann þyrfti ekki bifhjólaréttindi á þetta hjól þar sem það var mótorkrosshjól og notaði hann það eingöngu á akstursbrautum. V viðurkennir bótaskyldu en telur rétt að skerða bætur til M um helming þar sem hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur bifhjólans og að orsakatengsl hafi verið á milli þess og vátryggingaratburðarins. V vísar til gr. 4.1. í vátryggingaskilmálum slysátryggingar ökumanns og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og segir að M hafi ekki haft réttindi til að aka þungu bifhjóli heldur eingöngu léttu bifhjóli, en A sé þungt bifhjól og atvik málsins bendi til þess að M hafi ekki haft næga þekkingu og reynslu til að aka bifhjólinu.

Álit.

Ekki verður annað séð af gögnum málsins en að ágreiningslaust sé að M ók þungu bifhjóli í umrætt sinn, en hann hafi gert það án þess að hafa þau ökuréttindi sem hann þyrfti til að aka bifhjólinu. Ekkert kemur fram í gögnum málsins um að M sé vanur að aka bifhjólum af þessu tagi þrátt fyrir ökuréttindaleyssið. Þegar M missti stjórn á bifhjólinu er ekki annað að sjá en að aðstæður til aksturs hafi verið góðar. Þrátt fyrir það missti M stjórn á hjólinu þegar hann lenti á einhvers konar fyrirstöðu. Verður ekki annað séð að það verði rakið til þess að M hafði hvorki næga þekkingu né reynslu til að aka þungu bifhjóli eins og A. Við slíkan akstur án ökuréttinda og nægilegrar þekkingar og reynslu sýndi M af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi gr. 4.1 í vátryggingarskilmálum, sbr. tilvísun til þess hugtaks í 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga (og 1. mgr. 90. gr. sömu laga). Þegar tekið er tillit til þess hversu mikil sök M er verður fallist á að V geti takmarkað ábyrgð sína um þriðjung tjónsfjárhæðar vegna stórkostlegs gáleysis M í umrætt sinn. M á því rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns en bætur til hans skerðast um 33%.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr bifhjólátryggingu A hjá V, en bætur til hans skerðast um 33%.

Reykjavík 29.11.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 345/2016**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna umferðaróhapps er bifreið og reiðhjól rákust saman.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 16 hinn 6. september 2016 ók M bifreið sinni, A, norður Rauðarárstíg í Reykjavík. Reiðhjólamaður, B, kom hjólandi á eftir A. Við Fosshótel Lind að Rauðarárstíg 18 kvaðst M hafa gefið stefnuljós til vinstri í því skyni að nota „akstursrein“ fyrir framan hótelið til að taka U-beygju. Í sömu andrá hafi B ákveðið að taka fram úr A og við það hafi hann litið aftur fyrir sig og því ekki tekið eftir því að A var beygt. Það hafi valdið því að B hafi hjólað á vinstri hlið A.

B kvað að hægt hafi verið verulega á ferð A á móts við Rauðarárstíg 18 eins og ökumaður væri að stöðva. Hann hafi ekki séð nein stefnuljós loga á A. Hann hafi ákveðið að aka fram úr A og litið snögg aftur fyrir sig til að kanna hvort bifreið væri að koma fram úr sér. Þegar hann hafi litið aftur fram hafi A verið beygt þvert í veg fyrir sig til að taka U-beygju. Hann hafi ekki náð að stöðva í tæka tíð og lent á vinstri afturhurð A. Hjólið hafi skemmst lítið en hann hafi fengið skurð á hægri hendi og æð sprungið við hægra auga.

V, ábyrgðartryggjandi A, komst að þeirri niðurstöðu að M bæri ábyrgð á tjóni því sem hlaust við umferðaróhappið og því bæri að bæta tjón B úr ábyrgðartryggingu A. M vill ekki una þessari niðurstöðu V.

Álit.

M bar að gæta þess að geta snúið við á götunni án hættu eða óþæginda fyrir aðra, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 (ufl.). Þessa gætti hann ekki. Eins og hér stóð á hefur hann sönnunarbyrði um það að hann hafi beygt til vinstri eða með öðrum hætti undirbúið greinilega vinstri beygju, sbr. 1. mgr. 20. gr. ufl., til dæmis með því að gefa stefnumerki til vinstri, svo B hafi borið að aka hægra megin fram úr A í stað þess að fara fram úr vinstra megin eins og hann gerði. Sú sönnun hefur ekki tekist eins og málið liggur fyrir. Er því ósannað að óhappið verði rakið til atvika sem B telst eiga sök á. Þá er til þess að líta að samkvæmt 1. mgr. 88. gr. ufl. skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Að virtu því sem hér að framan greinir telst M sem eigandi A bera ábyrgð á því tjóni sem B varð fyrir. Er tjónið því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Niðurstaða.

B á því rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 346/2016

M
og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Árekstur á gatnamótum Lækjarfítjar og Löngufítjar í Garðabæ 12.9.2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 20.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 8.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 3.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með A og B á gatnamótum Lækjarfítjar og Löngufítjar. Ákomustaður var á vinstra framhorni A og á hægri hlið B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið norður Löngufít og ætlað að beygja til vinstri áleiðis vestur Lækjarfít. Þá hafi B komið frá vinstri og ekið þvert fyrir A.

Ökumaður B kvað A hafa verið ekið á undan sér eftir Lækjarfít frá gatnamótum þeirrar götu og Hafnarfjarðarvegar. A hafi verið sveigt inn á Löngufít og snúið við á gatnamótunum, en við það hafi árekstur orðið.

Álit.

Ökumenn greinir verulega á um það hvernig áreksturinn bar að höndum. Engin nærtæk skýring liggur fyrir hvernig vinstra framhorn A og hægri hlið B gátu hafa rekist saman ef áreksturinn hefur orðið með þeim hætti sem ökumaður A hefur greint frá. Af hálfu ökumanns A eða V2 hefur frásögn ökumanns B um tildrög árekstursins ekki verið andmælt sérstaklega. Ákomustaðir á bifreiðunum benda og fremur til þess að áreksturinn hafi orðið með þeim hætti. Að öllu virtu verður því að telja að áreksturinn hafi orðið á þann veg sem ökumaður B hefur greint frá. Samkvæmt því hugðist ökumaður A snúa við á gatnamótunum án þess að ganga úr skugga um að það hafi verið unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann telst því eiga sök á árekstrinum. Ekki er efni til að fella sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 29. nóvember 2016.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 347/2015**M og
V v. Frítímaslysáttryggingar****Maður slasast á ferðalagi. Skerðing bóta vegna aldurs þ. 14.5.2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 15.9.2015 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags.28.9.2015.
3. Bréf lögmanns M dags. 30.9.2015.
4. Bréf V dags. 5.10.2015.

Málsatvik.

M slasaðist á ferðalagi í Noregi og varð óvinnufær um tíma vegna slyssins. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu eða niðurstöðu mats, þar sem M var metin til 15 stiga læknisfræðilegrar örorku og tímabundinnar missis starfsorku. Ágreiningurinn í málinu snýst um skerðingu á bótagreiðslum til M vegna aldurs hans. M sættir sig ekki við þá niðurstöðu og krefst þess að V greiði honum fullar bætur í samræmi við matsgerðina sem að ofan greinir á grundvelli þeirra fjárhæða sem tilgreindar eru í váttryggingarskírteini um tryggingu M og úrskurðað verði að óheimilt sé að skerða slysabætur vegna aldurs tjónþola bæði hvað varðar lækun örorkubóta vegna aldurs og afnám bóta vegna tímabundins missis starfsorku vegna aldurs. M byggir á því að líkamstjónið sem hann varð fyrir hafi orðið í svokölluðum váttryggingaratburði skv. g lið 62.gr. og 63.gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga. Afleiðingar slyssins falli undir II. hluta laga nr. 30/30024 um váttryggingasamninga, sem fjalli um persónutryggingar, en þar komi ekki fram heimild til að lækka bætur vegna aldurs eða útiloka þær alfarið. Þá segir M að tryggingarskírteinið sanni að samið hafi verið um gildissvið frítímaslysáttryggingarinnar á þann veg að kærandi ætti rétt á fullum bótum skv. tryggingunni í samræmi við afleiðingar slyssins, ef hann yrði fyrir líkamstjóni sbr. 70.gr. laga nr. 30/2004 og hafi V verið óheimilt að semja sig undan tryggingunni eins og hún er tilgreind í váttryggingarskírteini. M byggir jafnframt á því að eina undanþáguákvæðin sem heimil séu skv. lögum nr. 30/2004 séu í XIII. kafla laganna og vísar sérstaklega til gr.86-89 í lögnum sbr. 63.gr. Þá vísar M einnig til greinargerðar með lögum nr. 30/2004 einkum varðandi kafla XIII. og 61.gr. M segir málsástæður sínar byggja á lögmatísreglunni eða lagaáskilnaðarreglunni og skýra lagaheimild þurfi til grundvallar hvers konar takmörkunum á réttindum manna. Þá byggir M á því að skilmálaákvæði váttryggingarsamnings séu ósanngjörn og V hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni með fullnægjandi hætti og vísar M sérstaklega til 36.gr. og 36.gr. a, b og c laga nr. 7/1936 lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, og segir að í tryggingarskírteini séu ekki upplýsingar um þau undanþáguákvæði sem V byggir á og því verði ekki séð að V uppfylli skilyrði 64.gr. laga nr. 30/2004. Þá verði einnig til þess að líta að mati M að skilmálaákvæðin sem V byggir á séu ósanngjörn og stríði auk þess gegn góðum viðskiptaháttum og því beri að víkja þeim til hliðar á grundvelli 36.gr. laga nr. 7/1936. Þá vísar M til meginreglna neytendaréttar og vísar í því sambandi til greinar 6.5. og fleiri lagagreina í greinargerð með lögum nr. 30/2004. Þá segir M að tryggingin sem hann hafi haft hjá V hafi verið gölluð vara og gallinn hafi ekki komið í ljós fyrr en M hafi slasast og því megi hafa hliðsjón af 5.gr. laga nr. 57/2005 lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá byggir M á að V geti ekki hagað sér að eigin vild varðandi skilmála sem félagið semji sér til handa og váttryggingafélög beri ákveðna samfélagslega skyldu og beri að hafa hagsmuni hins váttryggða í heiðri. Þá vísar M til jafnræðisreglu laga um að allir skuli hafa sama rétt og réttarskerðins sem sú sem V beiti M falli undir 65.gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 sbr. breytingu með 3.gr. l. nr. 97/1995 sbr. greinargerðina með téðri 3.gr. Þá segir M að aldur geti fallið undir ákveðið líkamlegt ástand. M byggir á að krafa sín sé varin af 65.gr.

stjórnarskrárinnar og einnig 72.gr. hennar. Þá byggir M á því að krafa hans teljist til eignarréttinda sem njóti verndar 72.gr.stjórnarskrárinnar.

V segir að félagið hafi viðurkennt bótaskyldu og hafi M tekið við bótum með fyrirvara um lækkun vegna aldurs. V telur að vísa eigi málinu frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sbr.3.gr.samþykktu úrskurðarnefndarinnar þar sem ágreiningur í málinu snúist um fjárhæð bóta og V samþykki ekki að úrskurðarnefndin úrskurði um það í þessu máli. V mótmælir að öðru leyti öllum málsástæðum M. Þá tekur V fram að í váttryggingaskírteini sé vísað til skilmálanna sem gildi um váttrygginguna sbr. það sem segir í 70.gr. laga um váttryggingasamninga og hafi M átt að vera kunnugt um efni skilmálanna og þeirrar verndar sem M kaus að kaupa með umræddri tryggingu og vísar V í því sambandi til dóms Hæstaréttar í málinu 30/2004.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu varðar heimild V til að skerða bætur til M vegna aldurs. Ekki er fallist á það með V að ágreiningur í máli þessu snúist um fjárhæð bóta og því beri að vísa því frá úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum á grundvelli 3.gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina. Málið varðar túlkun á samningsskilmálum og ákvæðum laga um váttryggingarsamninga auk annarra málsástæðna sem lögmaður M vísar til varðandi þá kröfu M að ekki komi til skerðingar bóta vegna aldurs hans. Málið er því tekið til efnislegs úrskurðar.

Í váttryggingarskilmálum koma fram með ótvíræðum hætti hvaða ákvæði gilda um skerðingu bóta vegna aldurs tjónþola. Þau ákvæði fara ekki á milli mála. Skilmálar V hvað varðar skerðingu bóta vegna aldurs eru almenn og því ekki eðlisólík þeim sjónarmiðum sem lög um skaðabætur nr. 50/1993 byggja á sbr. 4. og 6.gr. laganna svo dæmi sé tekið. Hafnað er þeim málsástæðum, rökum og málsútlitunum og sjónarmiðum, sem M byggir á í málinu. Ekkert í lögum eða sjónarmiðum varðandi neytendarétt, stjórnarskrá eða annað sem lögmaður M vísar til kemur í veg fyrir að V geti sett almenn ákvæði eins og þau um skerðingu bóta, miðað við aldur, með þeim hætti sem fram kemur í váttryggingarskilmálum. M á því ekki rétt á frekari bótageiðslum vegna slyssins þ. 14.5.2014.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari greiðslum frá V.

Reykjavík 20.10.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 348/2016

M
og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifr. A
og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifr. B

Árekstur í hringtorgi á gatnamótum Reykjanesbrautar og Lækjargötu í Hafnarfirði.**Gögn.**

Málskot, móttakið 25.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 4.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 14.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni 2. september 2016 var bifreiðunum A og B ekið um hringtorg á gatnamótum Reykjanesbrautar og Lækjargötu í Hafnarfirði. Er B var ekið út úr hringtorginu áleiðis suður Reykjanesbraut rákust þá saman vinstra framhorn A og aftanverð hægri hlið B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið austur Lækjargötu og farið inn á hægri akrein (ytri hring) hringtorgsins og hafi hann ætlað út úr hringtorginu austur Hlíðarberg. Hann kvaðst hafa verið búinn að sjá til ferða B á ytri akrein en svo hafi virst sem ökumaður hennar hafi skipt um akrein og verið á innri akreininn er hann ætlaði út úr hringtorginu áleiðis suður Reykjanesbraut.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið suður Reykjanesbraut og ekið inn í hringtorgið á ytri (hægri) akrein og ætlað áfram suður Reykjanesbraut. Hann hafi verið fyrir framan A og er hann hafi beygt út úr hringtorginu hafi A verið ekið inn í hlið B.

Álit.

Báðir ökumenn segjast hafa verið á hægri akrein (ytri hring), þegar árekstur varð, og A var ekið á eftir B. Ökumanni A sýndist að B hafi verið komin í innri hring er henni var beygt út úr hringtorginu. Tiltölulega stutt vegalengd er í hringtorginu frá gatnamótum Lækjargötu að gatnamótum Reykjanesbrautar til suðurs. Ökumaður A hafði biðskyldu gagnvart umferð í hringtorginu er hann ók inn á hægri akrein hringtorgsins auk þess sem leið hans lá yfir brotna akreinalínu er hann ók yfir akstursleiðina út úr hringtorginu suður Reykjanesbraut. Þegar til þessa er litið og þess sem ökumenn hafa borið um tildrög árekstursins hefur ökumaður A sönnunarbyrðina um það að aksturslag ökumanns B hafi verið með þeim hætti að hann hafi ekki þurft að taka tillit til ferða B er hann ók um hringtorgið áleiðis að Hlíðarbergi þar sem hann ætlaði út úr hringtorginu. Sú sönnun hefur ekki tekist og því verður ökumaður A talinn eiga sök á árekstrinum með því að hafa við óforsvaranlegar aðstæður ætlað að aka hægra megin fram fyrir B í þann mund sem henni var ekið út úr hringtorginu. Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu er ekki tilefni til að fella sök á ökumann B. Ber ökumaður A því alla sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 5. desember 2016.

Hjörleifur Gíslason lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 349/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.

Árekstur bifreiða á gatnamótum Miklubrautar og Háaleitisbrautar í Reykjavík 23.9.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27.10.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 16.11.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Miklubrautar og Háaleitisbrautar. Ökumaður A ók vestur Miklubraut eftir sérgreindri akbraut fyrir strætisvagna, en B var ekið eftir vinstri akrein norður Háaleitisbraut þegar árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa ekið inn á gatnamótin gegnt grænu umferðarljósi og hafi séð B aka gegnt rauðu ljósi og hafi hann þá gefið í til að sleppa framhjá B, en þá hafi virst eins og ökumaður B gæfi líka í og árekstur hafi orðið. Ökumaður B segist hafa verið nánast komin yfir ljósin og hafa ekið inn á gatnamótin gegnt grænu ljósi en umferðin verið hæg og stoppað þegar A hafi lent á B. Vitni sem sat í farþegasæti fremst í A segir að þegar B hafi verið ekið að ljósunum hafi þau verið gul að skipta yfir á græn og búin að vera græn í augnablik áður en A hafi verið ekið inn á gatnamótin.

Álit.

Að virtum gögnum málsins verður ekki annað séð en að ökumaður B hafi brotið gegn 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þegar hún ók um gatnamótin og bar að gæta aukinnar aðgæslu vegna umferðar um gatnamótin því rautt ljós var komið fyrir aksturstepnu hennar. Ökumaður B ber því alla sök á árekstrinum. Ekki er sannað að ökumaður bifreiðar A hafi ekið of greitt eða gáleysislega um gatnamótin.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 5.12.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 351/2016

**M og
vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar B, hjúkrunarheimilis.**

Vinnuslys 1. apríl 2013.**Gögn.**

14.Málskot, mótttekið 26.10.2016, ásamt fylgigögnum.

15.Bréf V, dags. 25.11.2016, ásamt gögnum.

16.Tölvupóstur M, dags. 28.11.2016

Málsatvik.

M, sem er sjúkraliði á hjúkrunarheimilinu B, slasaðist þegar stóll sem hún settist í gaf sig á límingunum og hún féll í gólfið.

M telur að B beri skaðabótaábyrgð á atvikinu þar sem B bæri ábyrgð á því að húsgögn og aðrir munir sem notaðir væru við starfið væru í lagi og nægilega traustir til að starfsmenn gætu notað þá við vinnu sína. Sú skylda hvíli á B að tryggja góðan aðbúnað og öruggt starfsumhverfi á vinnustaðnum. Samkvæmt upplýsingum M og annarra starfsmanna B hafi áður orðið slys vegna sams konar stóls. Vistmaður hafi m.a. nokkrum mánuðum áður lent í sambærilegu atviki. Starfsmenn B hafi vitað, m.a. í kjölfar framangreinds atviks, að umræddir stólar hafi verið ótryggir. Það sjáist af því að stólarnir voru reglulega yfirfarnir og lagfærðir eftir þörfum. B hafi því borið að taka stólana úr umferð og sjá þar með til þess að stólar á heimilinu væru öryggir. B beri því skaðabótaábyrgð á tjóni M og tjónið sé því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu sem B var með hjá V.

V hafnaði bótaskyldu á þeirri forsendu að B hafi ekki vitað um ástand stólsins áður en atvikið átti sér stað. Stólarnir hafi verið yfirfarnir reglulega og lagfærðir eftir þörfum þar sem oft væri mikið álag á stólunum. Ekkert hafi bent til þess að umræddur stóll væri orðinn lélegur áður en slysið gerðist eða að slyshætta væri af honum. Slysið megi því ekki rekja til atvika sem B beri skaðabótaábyrgð á. Jafnframt var því hafnað að sambærilegt slys hafi átt sér stað hjá B.

Álit.

Forsenda bótaskyldu í máli þessu er að B hafi með saknæmri háttsemi valdið því að M hafi slasast. Ósannað er að B hafi vitað af því að stóllinn hafi verið óöruggur. Þá er spurning hvort stólarnir hafi verið orðnir svo lélegir að óforsvaranlegt hafi verið að hafa þá í notkun. B yfirfór stólana reglulega og lagfærði eftir þörfum og því var ljóst að B gat ekki treyst ástandi þeirra fullkomlega. Hins vegar hefur ekki verið sýnt fram á að ástand þeirra hafi verið orðið svo lélegt að B hafi borið að taka þá úr umferð eða að þessir tilteknu stólar hafi ekki verið gerðir til almennrar notkunar á hjúkrunarheimilum. B telst hafa gert það sem í hans valdi stóð til að tryggja öryggi starfsmanna með því að yfirfara stólana reglulega og hefur því ekki sýnt af sér saknæma vanrækslu í máli.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 352/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu sveitarfélagsins S.****Ágreiningur um bótaskyldu er tjón varð á húseign af völdum leka frá heimtaug hitaveitu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 14.11.2016, ásamt fylgigögnum, og síðari viðbótargögnum.

Málsatvik.

Í maí 2015 mun heitavatnslögn hafa brostið við heimili M að A í sveitarfélaginu S með þeim afleiðingum að um 80°C heitt vatn mun hafa flætt inn í húsið og valdið tjóni. Síðar, eða á árinu 2016 að því er virðist, lét M skipta um heimtaug, en um tveimur árum áður en hún lét skipta um heimtaugina, hafði í tvígang ekkert rennsli verið í heimtauginni án þess að nokkuð væri aðhafst af hálfu S þrátt fyrir kvartanir.

Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V vegna þess tjóns sem hún kveður að hafi orðið í húsi hennar í maí 2015. V hefur hafnað bótaskyldu.

Í tjónstilkynningu S til V vegna atviksins er þess getið að lögnin hafi tærst í sundur fyrir utan vegg við húsið og trúlega megi rekja það að hluta til lélegs frágangs og einnig hafi affall vegna hitaveitu lekið. Undir rekstri málsins fyrir úrskurðarnefnd var óskað nánari skýringa S á því hvað hafi valdið tjóninu. Fengust þau svör að affall hitaveituvatns sé alltaf í eigu og á ábyrgð fasteignareiganda, V í þessu tilviki. Þá telji S að affall hitaveituvatnsins hafi lekið þar sem hitaveitulögnin (heimtaugin), sem er í eigu S, hafi legið. Af þeim sökum hafi hitaveitulögnin tærst og með tímanum gefið sig. M hefur verið gefinn kostur á að gera athugasemdir við þessar athugasemdir S. Engar slíkar athugasemdir hafa borist nefndinni.

Álit.

Gögn málsins eru nokkuð takmörkuð um tjónsatvikið sem varð við hús M í maí 2015. Engin haldbær skýring liggur fyrir um orsök tjónsins önnur en sú sem gefin hefur verið af hálfu S. Að öllu athuguðu verður samkvæmt gögnum málsins að telja ósannað að tjónið verði rakið til atvika sem S ber ábyrgð á. Af því leiðir að tjónið telst ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins S hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 353/2016**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðatryggingar sveitarfélagsins X.****Slys á göngustíg 23. ágúst 2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 31.10.2016, ásamt fylgigögnum og síðara bréfi lögmanns M dags. 24.11.2016.
Bréf V, dags. 21.11.2016

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til vátryggingafélags (annars en V) dags. 22.9.2015 kemur fram að hún hafi verið á línuskautum á göngustíg sem hún segir hafa allan verið í möl og grjóti og hafi það komið frá hestastíg sem sé samhliða göngustígnum. M kveðst hafa dotti um steinvölu eða möl og lent á höfðinu og slasast.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu vegna saknæms vanbúnaðar og athafnaleysi starfsmanna X við umhirðu og skipulag við göngustíg þann sem M var á þegar hún slasaðist. M telur að það að við hlið göngustígsins sé reiðstígur úr möl og grjóti skapi augljósa slyshættu fyrir þá sem um göngustíginn fari og óforsvaranlegt að hafa umrædda tvo stíga hlið við hlið. M vísar til bréfs frá forvarnafulltrúa V frá árinu 2011, þar sem bent sé á umrædda hættu þegar reiðstígurinn var lagður og fundargerð bæjarstjórnar Álftaness frá árinu 2011, ítrekaðar kvartanir íbúa á árunum 2011-2014, sem og ályktun umhverfis- og skipulagsnefndar frá sama ári um að ekki væri forsvaranlegt að hafa þessa tvo vegi samhliða. M telur að X hafi brotið gegn athafnaskyldum veghaldara í skilningi 10.gr. vegalaga nr. 80/2007 þar sem bæði reiðstígar, og göngu- og hjólastígar eru skilgreindir. Einnig vísar M til 12. gr. vegalaga varðandi ábyrgð veghaldara m.t.t. umferðaröryggis, sem og 1. mgr. 43. gr. laganna þar sem miðað sé við að vegum sé haldið við með eðlilegum hætti m.v. þá umferð sem um veginn fer og vísar M síðan til bótareglu 56. gr. laganna og bótaábyrgð X á grundvelli hennar og þess gáleysis sem áður hefur verið vísað til, en eðlilegt sé að farið sé um umræddan stíg á línuskautum, eins og M gerði.

V telur ósannað að M hafi slasast á göngustíg sem hafi legið við hlið reiðstígs og vísar þar til opinberra gagna sem sýni að það liggi ekki reiðstígur meðfram þeim göngustíg sem M kveðst hafa dottið á. Tilvísun V er til fundargerðar umhverfis- og skipulagsnefndar Álftaness dags. 23. ágúst 2011 þar sem komi fram að skv. aðalskipulagi sé ekki reiðstígur með Jörfavegi heldur með Bökkum vestan Kasthústjarnar. V telur að þó það sé möl nálægt þeim göngustíg sem M féll á sé ekki um að ræða reiðstíg. Veghaldi vegna göngustígs hafi verið í lagi, engin skemmd hafi verið í stígnum eða frágangi hans ábótavant auk þess sem V vísar til þess að ástæða slyss M hafi helst verið fótubúnaður hennar en ekki utanaðkomandi aðstæður.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að M kveðst hafa dottið um steinvölu eða möl þegar hún var á línuskautum á göngustíg í sveitarfélaginu X. Ágreiningur er um hvort lagður hafi verið reiðstígur samhliða umræddum göngustíg og hvort þær aðstæður feli í sér saknæma háttsemi af hálfu starfsmanna X í formi vanbúnaðar eða athafnaleysis vegna kvartana sem borist hafa sveitarfélaginu á síðustu árum.

Þegar litið er til aðstæðna á vettvangi og þeirra mynda sem liggja fyrir í gögnum málsins er ljóst að það svæði sem M ferðaðist um á línuskautum er ætlað til margvíslegrar umferðar, en ekki liggur fyrir að svæðið hafi verið skipulagt sérstaklega með aðalskipulagi með umferð hrossa í huga á einum stað og gangandi vegfaranda eða annarra á öðrum stað. Þó einhverjir íbúar, og eftir atvikum fleiri aðilar, hafi ekki verið á eitt sáttir um hvernig gengið hafi verið fá umræddu svæði og gert um það athugasemdir til X þá felur það eitt og sér ekki í sér athafnaskyldur af hálfu X. Ekki verður lögð sú skylda á sveitarfélagið X að göngustígar séu þannig að ekki sé hægt að búast við að nærliggjandi jarðvegur fari inn á þá. Verða umræddar aðstæður því ekki virtar X til gáleysis, hvorki í skilningi

vegalaga né skv. almennum reglum skaðabótaréttar. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 354/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.

Ágreiningur um bótauppgjör vegna umferðarslyss 3.10.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 1.11.2016, ásamt fylgiskjölum 1-5, ásamt tölvupósti M dags. 24.11.2016.
2. Bréf V dags. 22.11.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að kvörtun M beinist að eftirfarandi: „Niðurstöðu úr fyrra mati. Lögfræðikostnað. Aðdróttanir að hálfu félagsins [V]að [M].“ Í rökstuðningi fyrir kvörtun segir að lögfræðikostnaður hafi verið langt umfram uppgjör bóta og ekki hafi borist læknisfræðileg gögn til matsmanna vegna mistaka lögmanns M. M telur að lögfræðikostnaður hans sé fjártjón af völdum umferðarslyssins og telur að V hafi ekki greitt það tjón. Einnig vísar M til þess að gögn frá læknum og öðrum sérfræðingum sanni að hann sé óvinnufær langt umfram mat matsmanna. Að lokum vísar M til tölvupóstsamskipta sinna við V vegna tilvísaðra aðdróttana V og tilhæfulausra ásakana um tryggingasvik, V hafi týnt gögnum í upphafi málsins og tjón á bifreið þeirri sem hann ók í greint sinn hafi verið mikið.

V vísar til þess að gengið hafi verið frá uppgjöri bóta vegna umferðarslyss M eftir samþykki M með tölvupósti dags. 19.1.2016 um slíkt uppgjör. V telur ágreining þann sem nefndur er í málskoti tæpast tækan til umfjöllunar hjá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Þá segir V að kvartanir M virðist snúast um niðurstöðu mats sem ekki hafi verið hnekkt og óljósan ágreining við lögmann M. Þá hafnar V því að hafa verið með aðdróttanir í garð M enda ekki lögð fram nein gögn af hálfu M sem styðji slíkar ásanir.

Álit.

Kvörtun M byggist að hluta á óánægju hans með niðurstöðu fyrirliggjandi mats vegna líkamstjóns. Þeirri matsgerð hefur hins vegar ekki verið hnekkt með annarri matsgerð eða gögnum sem sýna með óyggjandi hætti að forsendur hennar séu rangar. Einnig liggur fyrir að M hafi samþykkt bótauppgjör á grundvelli þeirrar matsgerðar með tölvupósti 19. janúar sl.

Ekki er fyllilega ljóst í málskoti á hverju M byggir varðandi ágreining um greiðslu ætlaðs lögmannskostnaðar vegna málsins en ekki liggja fyrir gögn sem sýna að hann hafi greitt lögmanni fyrir slíka þjónustu vegna þessa tiltekna máls eða mögulegan ágreining við lögmann um greiðslu slíks kostnaðar. Þá leggur M ekki fram nein gögn sem sýna skýrlega ætlaðar aðdróttanir V í hans garð og er óljóst hvernig það tengist ágreiningi um greiðslu bóta. Kröfugerð í málinu er óljós og engin gögn eru lögð fram í málinu sem renna stöðum undir það að M eigi rétt til frekari bótagreiðslna af hálfu V, auk þess sem ekki var gerður fyrirvari við lokauppgjör af hans hálfu þann 19. janúar sl. þegar bætur voru greiddar. M á því ekki rétt á frekari bótagreiðslum frá V.

Niðurstaða.

M hefur ekki sýnt fram á að hann eigi rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Reykjavík 15.12.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 355/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna slysatryggingar launþega.****Líkamstjón við störf í strætisvagni 24. september 2013.****Gögn.**

Málskot, móttakið 28.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15.11.2016.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 20. nóvember 2013 kemur fram að hún hafi verið stödd í strætisvagni við vinnu sína og hafi verið að huga að því að börn, sem M vann við að gæta, væru örugg í sætum sínum þegar strætisvagninn færi af stað. Hún lýsir atvikum þannig að hún hafi fengið hnykk á öxl þegar hún var að koma börnunum fyrir. Í beiðni um sjúkraþjálfun dags. 7. nóvember 2013 kemur fram M hafi verið að lyfta þungu og fyndi fyrir verk í hægri handlegg. Í áverkavottorði dags. 25. nóvember 2013 er einnig haft eftir M, þegar hún kom á slysadeild, að hún hafi verið að lyfta þungu og fengið verki í hægri öxl. Í málskoti er haft eftir M að hún hafi verið að lyfta dreng sem var þungur m.v. aldur og farþegi strætisvagnsins hafi rekist lítilega í hana.

M telur að líkamstjón hennar megi rekja til skyndilegs og utankomandi atburðar í skilningi þeirrar skilgreiningar sem er á orðinu slys í váttryggingarskilmálum V. Það verði að taka skýringu M í málskoti til greina þar sem henni hafi ekki verið ljóst í fyrri lýsingum sínum á tjónsatvikinu hversu mikilvægt það færi að greina frá þeim utanaðkomandi atburði sem leiddi til tjóns hennar. Einnig vísar M til þess að Sjúkratryggingar Íslands hafi samþykkt bótaskyldu úr slysatryggingum almennatrygginga vegna sama atburðar.

V telur að leggja verði til grundvallar frásögn M af atvikum í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands sem og þá lýsingu sem höfð er eftir henni í læknisfræðilegum gögnum. Af þeim gögnum megi draga þá ályktun að M hafi verið að lyfta þungu þegar hún fékk verk í handlegg eða öxl en ekki sé sannað að utanaðkomandi atburður hafi orsakað þann verk.

Álit.

Í málinu liggja fyrir lýsingar á atvikum í gögnum frá því nóvember 2013, vegna atvika sem áttu sér stað 24. september sama ár. Í þeim lýsingum kemur ekkert fram um að líkamstjón M megi rekja til þess að einhvers konar utanaðkomandi atburður hafi átt þátt í því að hún fór að finna fyrir líkamlegum óþægindum, heldur er fyrst og fremst vísað til þess að hún hafi verið að lyfta þungu eða hnykkur hafi komið á öxl, án frekari skýringa. Síðari tíma lýsingar á atvikum sem hafðar eru eftir M í málskoti fela ekki í sér nægilega skýra eða afgerandi sönnun um að sá utanaðkomandi atburður sem þar er lýst hafi orsakað líkamstjón M heldur verður að leggja til grundvallar að það verði rakið til innra ástands í líkama hennar en ekki utanaðkomandi atburðar. Eru því hugtaksskilyrði skilgreiningar á orðinu slys í váttryggingarskilmálum V ekki uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 5. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 356/2016
M og
V1 v. örorkutryggingar

Starfsmaður sem var að skúra gólf rann til og slasaðist þ. 23.12.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.10.2016 ásamt fylgiskjölum 1-17
2. Bréf V dags. ...

Málsatvik.

M segist hafa verið að skúra gólf á vinnustað sínum þegar hún rann til á sleipu gólfinu og hægri öxl hennar hefði lent á borði í fallinu og við fallið hafi hún slasast. M krefst bóta úr örorkutryggingu sinni hjá V og telur örorku sína 25% eða meiri þannig að hún eigi rétt á bótum úr tryggingunni. Í því sambandi vísar M til örorkumatsgerðar læknis dags. 27.5.2014 sem telur örorku M hæfilega metna 25%. Þá vísar M einnig til endurupptekins örorkumats yfirtryggingalæknis dags. 2.6.2016 þar sem komist er að sömu niðurstöðu þ.e. 25% varanleg örorka. V hafnar bótaskyldu og vísar í mat læknis dags. 15.1.2016 þar sem varanleg örorka M er metin 10% og vísar til greinar 7.1 í váttryggingarskilmálum þar sem segir að ekki séu greiddar bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku vegna afleiðinga slyss ef örorkustigið er metið minna en 25%. Þá vísar V til þess að í örorkumati yfirtryggingarlæknis sem vísað sé til af hálfu M sé læknisfræðileg örorka einnig metin vegna atvinnusjúkdóma sem séu að hrjá M á sama svæði og því sem varð fyrir áverka við slysið þ.23.12.2012 og því sé ekki hægt að bera saman mat læknanna.

Álit.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn þar sem örorka M er metin með mismunandi hætti. Miðað við fyrirliggjandi gögn hefur M ekki sýnt fram á það með óyggjandi hætti að varanleg læknisfræðileg örorka hennar sé a.m.k. 25% vegna slyssins, en tjónið verður að ná þeirri hlutfallstölu örorku til að það sé bótaskyldt skv. váttryggingaskilmálum aðila sbr. grein 7.1 í váttryggingaskilmálum. M á því ekki rétt á bótum úr örorkutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr örorkutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 5.12.2016.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 358/2016**M
og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um skyldu félags til að standa að og standa straum af kostnaði við gagnaöflun.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3.11.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 23.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi 2. febrúar 2016 varð árekstur með þremur bifreiðum, A, B og C, á Höfðabakka við gatnamót Fálkabakka í Reykjavík. Var þá A, sem var váttryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá V, ekið aftan á B sem við það kastaðist aftan á C sem M ók.

Í skýrslu sem gerð var um slysið á vettvangi kemur fram að M kvaðst finna til í mjóbaki og hálsi. Síðar sama kvöld leitaði M á Læknavaktina. Í fyrirliggjandi læknisvottorði vegna komu hans þangað segir að M hafi verið bílstjóri í kyrrstæðum bíl þegar ekið var harkalega aftan á bíl hans. Hafi M keyrst aftur í sætið og síðan kastast fram í bílbeltið. Var hann greindur með tognun í háls hrygg, tognun í brjósthrygg og tognun á öxl. Fékk hann beiðni um sjúkraþjálfun auk þess sem hann fékk ávísað verkjastillandi og bólgueyðandi lyfjum. M hefur einnig leitað til heimilislæknis á heilsugæslustöð. Í vottorði læknisins, dags. 24. ágúst 2016, kemur fram að við fyrrgreinda aftanákeyrslu hafi M orðið fyrir tognunum í háls hrygg, brjósthrygg og lendhrygg. Hann hafi fundið fyrir bata í háls hrygg, en sé enn með verki í lendhrygg og hafi þurft að taka verkjalyf til að halda sér gangandi í vinnu og þurft að stunda sjúkraþjálfun og muni halda því áfram. Bati í lendhrygg hafi verið hægur en þó í rétta átt. Erfitt sé að meta alveg batahorfur á þessu stigi, en vonandi batni honum í bakinu smám saman með tímanum.

Ekki er ágreiningur með aðilum að líkamstjón M af völdum aftanákeyrslunnar skuli bætast úr ábyrgðartryggingu A hjá V og mun V m.a. hafa fallist á að greiða kostnað vegna fyrstu lækniskomu og annan kostnað vegna „tímabundinna afleiðinga“. V hefur aflað útreiknings á þeim þyngdarkröftum sem eiga að hafa verkað á bifreiðirnar þrjár við áreksturinn. Samkvæmt útreikningnum nam þyngdarkrafturinn á A 1,03 g, 1,11 g á B við það að A rakst aftan á hana og 0,44 g á sömu bifreið er hún skall aftan á C og loks 0,52 g á C þegar höggið frá B kom aftan á hana. Að fengnum þessum útreikningi tilkynnti V lögmanni M að ósannað sé með öllu að umræddur árekstur hafi getað valdið varanlegu heilsutjóni hjá M. Muni félagið „því ekki taka þátt í kostnaði við frekari gagnaöflun til að undirbúa mat.“ M hefur ekki fallist á þessar málalýktir og hefur skotið málinu til úrlausnar nefndarinnar, en af málskotinu verður ráðið að M krefjist þess að viðurkennt verði að V beri að greiða fyrir gagnaöflun í málinu, þ.m.t. fyrir matsgerð. Í þessu efni hefur af hálfu M verið bent á að V hafi fallist á rétt M til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eigi hann rétt til fullra bóta vegna slyssins samkvæmt skilmálum V um slysatryggingu ökumanns, bæði vegna tímabundinna og varanlegra afleiðinga þess.

Álit.

Eins og fyrr greinir var A váttryggð samkvæmt lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá V og af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en líkamstjón M sé bætt úr þeirri váttryggingu þar sem ökumaður A telst einn hafa átt sök á árekstrinum. Þegar af þessari ástæðu koma váttryggingarskilmálar V um slysatryggingu ökumanns og eiganda ekki til skoðunar við úrlausn máls þessa.

Það er meginregla skaðabótaréttar að tjónþola ber að sýna fram á skaðabótaábyrgð þess sem hann krefur um skaðabætur vegna tiltekins skaðaverks auk þess sem honum ber að sýna fram á umfang þess tjóns sem hann hefur orðið fyrir. Að slíkri sönnunarfærslu genginni ber þeim sem ábyrgðina ber að greiða þær bætur sem tjóninu nemur auk þess kostnaðar sem hlýst af öflun gagna til að staðreyna skaðabótaábyrgðina sem og umfang tjónsins, sbr. t.d. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þegar um líkamstjón er að tefla. Þótt ekki verði fallist á að fyrrgreindur útreikningur á þeim

þyngdarkröftum sem verkuðu á bifreiðirnar við áreksturinn sé einhlítt sönnunargagn um að M hafi ekki orðið fyrir varanlegu líkamstjóni við áreksturinn eru á hinn bóginn engin gögn fyrirbyggjandi sem sýna fram á að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni. Við svo búið verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að V sé skylt á þessu stigi málsins að greiða frekari kostnað í tengslum við gagnaöflun M en það hefur þegar innt af hendi.

Niðurstaða.

M á að svo stöddu ekki rétt á frekari greiðslum vegna gagnaöflunar hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 360/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar Í.

Kona féll niður stiga og slasaðist 17.9.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2.11.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf V dags. 10.11.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M lýsir atvikum með þeim hætti að hún hafi verið á leið niður tröppur í húsnæði Í og rekið sig í kant á fjórða þrepi og fallið niður stigann og slasast. M krefst skaðabóta úr ábyrgðartryggingu Í hjá V og telur að stiginn þar sem hún datt hafi ekki verið í forsvaranlegu ásigkomulagi. M telur sig hafa rekist í gúmmíborða sem lagður er í állista fremst á öllum þrepum stigans, sem hafi verið laus í állistanum og slitinn í fjórða þrepi. Af hálfu M er því haldið fram að Í, sem umráðaaðili fasteignarinnar þar sem slysið varð, beri skaðabótaábyrgð á slysi M og segist M hafa fært sönnur á að stiginn þar sem hún datt hafi verið vanbúinn og vísar til úttektar byggingarfulltrúa Reykjavíkur um stigann þar sem segir „Tröppunef (gúmmíborði) er slitinn í öllum þrepum. Listinn er rifinn í 4.þrepi og laus í állista”. Í lögregluskýrslu vegna slyssins sem gerð er á slysdegi segir “Flísalagðar tröppur og flísalagt gólf var þurrt. Kantur er framan á þrepum.” V hafnar bótaábyrgð og segir að lögregluskýrslu á slysdegi gefi ekki til kynna vanbúnað á tröppunum þar sem M féll. V bendir á að rannsókn byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar á tröppunum hafi verið gerð ári síðar hafi leitt í ljós lausan borða á tröppunefi og segir V að á því ári sem leið hafi fjöldi fólks farið um stigann og umsögn byggingarfulltrúans sé ekki sönnun um ástand trappanna á slysdegi. Þá segir V að ekki hafi verið sýnt fram á að tröppurnar uppfylli ekki byggingarreglugerð eða aðrar reglur sem gilda um fasteignina sem um ræðir. V segir að jafnvel þó að tröppurnar hafi verið vanbúnar á slysdegi þá hafi ekki verið sýnt fram á að starfsmenn Í hafi vitað af vanbúnaðinum fyrir slysið og vanrækt að bregðast við því og tjón M verði ekki rakið til vanbúnaðar á fasteign Í eða saknæmri háttsemi starfsmanna Í.

Álit.

Í lögregluskýrslu sem gerð var á slysdegi er hvergi vikið að vanbúnaði á tröppunum þar sem M féll. Þá verður ekki greint af myndum sem fylgja lögregluskýrslunni að umrædd trappa þar sem M rakst í og féll eða aðrar hafi verið vanbúnar á slysdegi. Sú úttekt sem M vísar til af hálfu byggingarfulltrúa er ekki framkvæmd fyrr en ári eftir slysið og felur ekki í sér sönnun um aðstæður á slysdegi. Af hálfu M er því ekki sýnt fram á að umræddar tröppur hafi verið vanbúnar á slysdegi eða atvik eða aðstæður með þeim hætti að Í beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 29.11.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 361/2016
M
og váttryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar L.

Leki silíkons úr PIP brjóstapúðum

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. nóvember 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 5. desember 2016, ásamt gögnum.
3. Bréf M dags. 7. desember 2016 með athugasemdum við bréf V.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins gerði L þann 11. desember 1990 brjóstaminnkunaraðgerð á M. Þann 13. janúar 1992 var gerð tilraun til lagfæringar á kröftugum örur sem höfðu myndast eftir aðgerðina. Þann 27. júní 1995 gerði L svo aðgerð á M þar sem 225 sentilítra brjóstafyllingar voru settar í bæði brjóst M.

Næstu samskipti L og M voru þann 24. september 2003 þegar M leitaði til L vegna óþæginda frá brjóstum. Enginn grunur vaknaði um rof í fyllingum en eftir sem áður hafði M óþægindi frá fyrrgreindum örur. L kveður M ekki hafa rætt neitt um skipti á brjóstapúðum, enda hafi ekki verið nein ástæða til þess. Hafa ekki verið frekari samskipti milli L og M.

Samkvæmt gögnum málsins var sjö árum síðar, eða þann 19. júlí 2010 tekin tölvusneiðmynd af M. Sáust þá silíkonpúðar í báðum brjóstum og eilítið stækkaðan eitel í vinstri holhönd. Þann 5. nóvember 2011 var svo tekin tölvusneiðmynd af höfði M vegna sjóntruflana sem M hafði fundið fyrir. Hafði M verið í aðgerð á kjálka fyrir einhverju síðan þar sem blaðra/belgur (e. cyst) hafði verið fjarlægður. Þann 10. febrúar 2012 munu brjóstafyllingarnar hafa verið fjarlægðar af hálfu Dr. J. Arnarssonar og sendar til skoðunar hjá P. Blais sem staðsettur er í Ottawa í Kanada. Samkvæmt P. Blais voru báðar fyllingarnar rofnar og að um hafi verið að ræða s.k. PIP brjóstafyllingar (e. Poly Implant Prothese). Í niðurstöðum skýrslu hans komi m.a. fram að rof á PIP brjóstafyllingum hafi verið líklegt eftir 24 – 36 mánuði.

Samkvæmt skýrslu frá Hillcrest sjúkrahúsinu í Cleveland í Bandaríkjunum var gerð ómskoðun á málskotsaðila þann 2. október 2012 þar sem athugað var hvort silíkon væri til staðar, og fannst silíkon m.a. í eitli í hægri holhönd. Einnig fundust tveir hnúðar í vinstri holhönd. Samkvæmt göngudeildarnótu frá 3. júlí 2013 kveður M að Dr. Feng hafi skorið M upp, hreinsað silíkonið og fjarlægt einn eitel. Þann 9. janúar 2014 gekkst M svo undir segulómskoðun á brjóstum á Landsspítalanum. Sást þá silíkon í eitlum í báðum holhöndum. Einnig sást siliconoma í brjóstholi vinstra megin.

M gerir kröfu um að viðurkenndur verði réttur til bóta úr sjúklingatryggingu L hjá V. V hefur f.h. L hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingunni.

M telur að orsakatengsl séu milli líkamstjóns M og annars vegar ísetningar brjóstapúðanna árið 1995 og hins vegar þeirra vanhalds að fjarlægja þá ekki árið 2003. M telur sig eiga rétt á bótum á grundvelli 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, öllum fjórum tölulíðum þeirrar greinar.

Álit.

Þegar litið er til gagna málsins í heild verður að líta til þess að mat nefndarinnar tekur mið af því að nefndarmenn eru ekki sérfróðir á sviði læknisfræði og byggja mat sitt því eingöngu á þeim gögnum sem liggja fyrir.

Til þess að líkamstjón M geti talist bótaskyld úr sjúklingatryggingu samkvæmt einhverjum af töluliðum 2. gr. fyrrgreindra laga, þarf að sýna fram á að orsakasamband sé milli líkamstjónsins og þeirrar læknismeðferðar sem M fékk hjá L.

Þegar tekið er mið af öllum fyrirbyggjandi gögnum, m.a. matsgerðar tveggja lækna sem aflað var einhliða af hálfu M, er það mat nefndarinnar að ekki liggi fyrir með óbyggjandi hætti að rekja megi líkamstjón M til einhverra þeirra atvika sem talin eru upp í fjórum liðum í 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Verður því að hafna bótaábyrgð L.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 10. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 362/2016**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Áræktur á bifreiðastæði 8.8.2016.****Gögn.**

Málskot, móttækið 3.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur V2, dags. 7.11.2016

Bréf V1, dags. 23.11.2016.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu vegna árækturs bifreiðanna A og B kemur fram að bifreið A var ekið í norðurátt um bifreiðastæðið og bifreið B í vesturátt þegar þær lenda saman. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið á akrein bifreiðastæðisins þegar bifreið B komi úr næsta afleggjara og lendi í hægri afturhlið bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið varlega um bifreiðaplanið og verið að fara að beygja til hægri þegar áræktur varð.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árækstrinum þar sem sá hafi ekið á vitlausum vegarhelmingi, þ.e. á þeim helmingi bifreiðastæðisins þar sem ekið er inn en ekki út og þar með á móti umferð.

V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málskotsins en V2 telur ökumann bifreiðar A bera alla ábyrgð á árækstrinum þar sem honum hafi borið að veita umferð frá hægri forgang, með vísan til 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Álit.

Vettvangur árækturs þessa er opið svæði sem er bifreiðastæði með máluðum stöðureitum og örvum til leiðbeiningar um heppilega akstursstefnu. Í gögnum málsins er ekki tiltekið nákvæmlega hvar áræktur varð með bifreiðum A og B. Er því ekki hægt að fullyrða að ökumaður bifreiðar B hafi ekið þannig gegn leiðbeiningum á bifreiðastæðinu að vikja beri frá almennri háttænisreglu 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga sem kveður á um að þegar leiðir bifreiða skerast á opnum svæðum að sá sem hefur hinn á hægri hönd beri að veita forgang.

Með hliðsjón af akstursstefnu ökumanna bifreiða A og B er ljóst að ökumaður bifreiðar A hafði B sér á hægri hönd og bar því að veita forgang. Ekki þykir sannað að ökumaður bifreiðar B hafi ekið gáleysislega þannig að hann beri einnig sök á árækstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla ábyrgð á árækstri við bifreið B.

Reykjavík, 15. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 363/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar K.

Starfsmaður í veitingaskála varð fyrir slysi þegar kassi féll á hana 10.12.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3.11.2016 ásamt fylgiskjölum 1-8 og sérstöku bréfi lögmanns M dags. 23.1.2017.
2. Bréf V dags. 18.11.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M vann í sölu- og veitingaskála K og var að sækja kassa með frosnum hamborgurum, sem var í efstu hillu og M þurfti að teygja sig eftir honum. Kassinn sem var um 5 kg. féll á M lenti á læri hennar þannig að hún slasaðist. M hafði verið við störf í sölu- og veitingaskálanum í tvo mánuði þegar slysið varð. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V og segist ekki hafa fengið nægjanlega góða tilsögn eða kennslu í því hvernig hún ætti að bera sig að á lagernum þar sem kassinn var og þá hafi tröppur sem voru á staðnum verið stórhættulegar. Þá bendir M á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi ekki tilkynnt K um slysið þegar það gerðist heldur nokkru síðar og hafi M ekki leitað til læknis vegna slyssins fyrr en 13.1.2014. V segir að um óhappatilviljun hafi verið að ræða og hafnar því að aðstæður á vinnustað hafi verið óviðunandi eða eitthvað athugasvert við þær eða aðbúnað og/eða tæki sem starfsfólki stóð til boða. V segir að tröppur hafi verið til staðar sem M hefði getað notað og hafnar því sem ósönnuðu að M hafi ekki fengið nægjanlega leiðsögn.

Álit.

Meðal gagna málsins eru nokkrar myndir af uppstigi eða tröppum sem K segir að hafi verið á lagernum þar sem M slasaðist. Af myndum af tröppunum að dæma, verður ekki séð að eitthvað sé athugasvert við þær. Þá hefur M ekki fært sönnur á það eða gert líklegt að aðstæður á vinnustað hafi verið með þeim hætti að slys hennar verði rakið til þess. Þeirri staðhæfingu K að M hafi ekki tilkynnt K um slysið fyrr en nokkru eftir að það gerðist hefur ekki verið hnekkt. Ekki hefur því verið sýnt fram á að K hafi gerst sekur um skaðabótaskyldt athæfi í sambandi við slys M. Að öllu virtu er því ósannað að aðstæður hafi verið með þeim hætti að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 7.2.2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 364/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar vinnuvélar.

Gildissvið vátryggingarskilmála vegna tjóns á húsi 9.9.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4.11.2016.
2. Bréf V dags. 21.11.2016

Málsatvik.

Óumdeilt er að hjólaskóflu í eigu M var ekið meðfram húsi sem M er með á leigu og rakst þannig í vegginn að tjón varð á húsinu. M telur að greiða eigi húseigandanum bætur úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V vegna þess tjóns og telur tjónið rakið til gáleysislegrar háttsemi stjórnanda vinnuvélarinnar. V hafnar bótaskyldu og vísar til gr. 4.3.2. í vátryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar M um að tryggingin bæti ekki tjón vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður er með að láni, á leigu o.s.frv. og í gr. 4.1.2. vátryggingaskilmálanna komi fram að með “munum” sé átt við fasteign og lausafé. V telur því að tjón M falli utan bótasviðs þeirrar ábyrgðartryggingar sem M er með hjá V.

Álit.

Ekki er ágreiningur um það að hjólaskófla í eigu M rakst í útvegg húss sem M er með á leigu. Í vátryggingaskilmálum er tekið fram í gr. 4.3.2. að tryggingin bæti ekki tjón vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður er með að láni eða á leigu og í gr. 4.1.2. vátryggingaskilmálanna kemur fram að með “munum” sé átt við fasteign og lausafé. Í ofangreindum ákvæðum vátryggingaskilmálanna er því tekið fram með ótvíræðum hætti að vátryggingin taki ekki til tjóns sem stjórnandi umræddrar vinnuvélar veldur á munum og/eða fasteign sem M hefur á leigu, eins og um ræðir í þessu tilviki. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 15.12.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 365/2016

M
og
V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna hruns á tölvubjóni.**Gögn.**

Málskot, dags. 4.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 18.11.2016.

Málsatvik.

M rekur hótél og kaupir tölvubjónustu af félaginu P. Tölvubjónn P hrundi með þeim afleiðingum að öll tölvugögn M glötuðust. Um var að ræða fjárhags- og viðskiptamannabókhald, gistiskráningu og almenna söluskráningu. M óskaði eftir bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu P hjá V sem hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að tjónið félli ekki undir ábyrgðartrygginguna.

Í bréfi M kemur fram að hann telji að tjónið skuli bætt sem skaðabætur utan samninga og að hrun tölvubjónsins hljóti að vera bótaskyld úr ábyrgðartryggingunni.

Í bréfi V kemur fram að skv. 2. gr. váttryggingaskilmálanna komi fram að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar utan samninga sem falli á váttryggðan vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum vegna starfseminnar. Almennt fjártjón bætist ekki úr váttryggingunni auk þess sem ekki sé um starfsábyrgðartryggingu að ræða.

Álit.

P er með ábyrgðartryggingu hjá V fyrir tölvubjónustu. Í skilmálum váttryggingarinnar kemur fram að hún taki til skaðabótaábyrgðar utan samninga sem fellur á váttryggðan vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum vegna starfseminnar. M kaupir bjónustu af P og er því um samningssamband á milli þeirra um þau viðskipti. Þar afleiðandi fellur tjón M ekki undir ábyrgðartryggingu P auk þess er tjón M almennt fjártjón sem ábyrgðartryggingin bætir ekki.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu P hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2016.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 366/2016
M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.

Starfsmaður slasast þegar stigi féll á hann þann 21. nóvember 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. nóvember 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 22. nóvember 2016 ásamt gögnum.
3. Athugasemdir M frá 28. nóvember 2016.

Málsatvik.

Í málskoti til nefndarinnar kveðst M hafa staðið við vörubretti og hafa verið að klára frágang á umræddu bretti þegar stigi hafi fallið af miklu afli í hnakkann á M, þ.e. hvass endi á þrepi á stiganum. Hafi M fengið stingandi verk aftan í höfði og að endingu verið fluttur á spítala með sjúkrabifreið.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu. Er m.a. byggt á því að X beri ábyrgð á starfsmönnum sínum, þ. á m. á grundvelli nafnlausrar sakar eða uppsafnaðrar sakar starfsmanna, enda ógerlegt að ætla M að vita hver hafði afnot af umræddum stiga áður en slysið varð. Bent er á að ekkert áhættumat hafi verið gert og að engin skráning væri til hjá Vinnueftirliti ríkisins, enda hafi X ekki tilkynnt um slysið til vinnueftirlitsins heldur hafi lögregla, sem kom á staðinn, tilkynnt um slysið til eftirlitsins. Því verði ekki byggt á framburði verkstjóra á staðnum. Einnig er á því byggt að ósannað sé að X hafi ávallt brýnt fyrir starfsfólki að ganga vel og tryggilega frá stigum.

Í lögregluskýrslu kemur fram að verkstjórinn á lagernum hafi vitað af stiganum á þessum tiltekna stað en að hann teldi líklegra að M hafi bakkað utan í stigann frekar en að stiginn hafi af einhverjum ástæðum dottið á M. Var um að ræða sjö þrepa áltröppu/stiga. Enn fremur kemur fram í lögregluskýrslu að lögregla hafi haft samband við Vinnueftirlit ríkisins og gert því grein fyrir atvikinu en að eftirlitið hafi ekki talið ástæðu til að koma á vettvang. Hvorki er vitað hver notaði síðast stigann né hvenær hann var síðast notaður.

V telur ósannað að líkamstjón M sé að rekja til atvika eða atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum, og þ.a.l. að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

M ber sönnunarbyrði um að X beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns hans. Engin vitni urðu að slysinu og er því M einn til frásagnar. Lögreglan mætti þó á staðinn en gerði ekki formlega skýrslu um atvikið fyrr en tæplega tveimur árum síðar. Þar kemur fram að lögregla hafi haft samband við Vinnueftirlit ríkisins sem hafi ekki talið ástæðu til að mæta á vettvanginn. Ekki verður séð að formleg tilkynning X til Vinnueftirlitsins hefði breytt afstöðu þess um að mæta ekki á vettvang. Verður X því ekki látinn bera hallann af því að slysið var ekki rannsakað af hálfu Vinnueftirlitsins.

Þegar mið er tekið af framlögðum gögnum og upplýsingum verður ekki talið nægilega sannað að frágangur hafi verið óforsvaranlegur. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti í þessu máli.

Miðað við allt framangreint telst það ósannað að X eigi að bera ábyrgð á líkamstjóni M vegna slyssins 21. nóvember 2013. Verður því ekki fallist á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi af hálfu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 15. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 367/2016**M og
váttryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar A
váttryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur við Kvistaberg 21. september 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 17.11.2016, ásamt tjónstilkynningu, samskiptum V2 og ökumanns bifreiðar A, niðurstöðu tjónanefndar og myndum.

Bréf V2, dags. 22.11.2016, ásamt athugasemdum ökumanns bifreiðar B, niðurstöðu tjónanefndar, ljósmyndum og afritum úrskurða í málum 310/2014, 360/2009, 258/2010 og 291/2010.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu frá Aðstoð&Öryggi kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B sem ekið var úr sitt hvoru bifreiðastæðinu við Kvistaberg, bifreið A frá húsi nr. 23 og bifreið B frá húsi nr. 19. Haft er eftir ökumanni bifreiðar A að hún hafi litið í spegla, byrjað að bakka en skyndilega fundið fyrirstöðu og heyrt hljóð þegar varð árekstur við bifreið B sem hafi einnig verið ekið aftur á bak. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið aftur á bak út á bifreiðaplan og stoppað þar og verið að setja bifreið sína í „drive“ þegar ökumaður bifreiðar A hafi ekið hratt úr stæði og beint á bifreið B. Ökumaður bifreiðar B kveðst ekki hafa heyrt hljóð frá bakkmyndavél bifreiðarinnar áður en árekstur varð.

M telur að skipta eigi sök til helminga þar sem báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak og ökumaður bifreiðar B hafi ekki verið stopp það lengi að máli skipti við sakarskiptingu. V1 tekur undir sjónarmið M og telur að ekki sé sannað að ökumaður bifreiðar B hafi stöðvað það löngu fyrir árekstur að máli skipti við sakarskiptingu og óumdeilt sé að báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak fyrir áreksturinn og hafi hvorugur gætt nægilega að sér í skilningi 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

V2 telur að líta beri til framburðar ökumanns bifreiðar A í tjónstilkynningu en þar komi skýrt fram að hún hafi ekki séð bifreið B þegar hún ók aftur á bak. Einnig vísar V2 til þess að framburður ökumanns B um að hann hafi verið búinn að stöðva sína bifreið og búinn að setja bifreiðina í „drive“, þegar árekstur varð, hafi verið afdráttarlaus frá upphafi. Það sé því sannað að ökumaður bifreiðar B hafi gætt þeirrar varúðar sem kveðið er á um í 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga um akstur aftur á bak.

Álit.

Við mat á því hvort ökumenn bifreiða A og B hafi gætt nægilegrar varúðar gagnvart annarri umferð við akstur aftur á bak, sbr. háttsemisregla 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga, verður að líta annars vegar til framburða þeirra um aksturslag og hins vegar til annarra gagna málsins. Í tjónstilkynningu er haft eftir ökumanni bifreiðar A að hún hafi gætt að umferð fyrir aftan sig í speglum en ekki séð bifreið B fyrir en að árekstur hafi átt sér stað. Ökumaður bifreiðar B kveðst sömuleiðis hafa gætt að umferð fyrir aftan sig og verið um það bil að aka áfram þegar bifreið A hafi verið ekið á bifreið B. Þó ekki hafi liðið langur tími frá því að ökumaður bifreiðar B stöðvaði bifreið sína, verður ekki hjá því litið að framburður ökumanns bifreiðar A er þess eðlis að ekki verður séð að hún hafi gætt nægilegrar varúðar við akstur aftur á bak þar sem hún sá ekki bifreið B og skv. ljósmyndum verður ekki séð að ákomur bifreiðanna séu þannig að þær bendi til þess að bifreið B hafi verið á ferð þegar árekstur varð.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla ábyrgð á árekstri við bifreið B.

Reykjavík, 15. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 368/2016
M og
vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Gildissvið vátryggingarskilmála vegna ágreinings um fjárnám á bifreið 14.9.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.11.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V dags. 16.11.2016 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M hyggst höfða dómsmál til að fá ógilta ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um að bifreið hans sé ekki undanþegin fjárnámi. M telur að sökum þess að hann er öryrki eigi bifreiðin að vera undanskilin fjárnámi á grundvelli þess að hún teldist til hjálpartækja sbr. 1.tl. 1.mgr. 67. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Göngugeta M sé verulega skert og á hann erfitt með að komast ferða sinna án þess að hafa bifreið til umráða. Af hálfu M er vísað til þess að Tryggingastofnun ríkisins hafi veitt M fyrirgreiðslu til kaupa á bifreið hans. M vísar til þess að mál það sem M hyggst höfða sé ekki tilkomið vegna eignarhalds M á bifreið heldur varði það að öllu leyti túlkun á ákvæðum laga um aðför.

V hafnar bótaskyldu og telur málið varða M sem eiganda, notanda og stjórnanda vélknúins farartækis og vísar til 38. gr. vátryggingarskilmála þar sem tekið er fram að vátryggingin taki ekki til máls sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda ökutækis. V segir að málið varði ágreining sem snúi með beinum hætti að eignarhaldi M á bifreið og ekki skipti máli þó að bifreiðin kunni að vera undanþegin fjárnámi.

Álit.

Mál það sem M hyggst höfða, vegna ákvörðunar sýslumannsins í Reykjavík um að gera fjárnám í bifreið hans, varðar hann sem eiganda, notanda og stjórnanda ökutækis þegar af þeirri ástæðu að hann stæði ekki í þeim ágreiningi nema hann væri eigandi umræddrar bifreiðar. Með vísan til 38. gr. vátryggingaskilmála V á M ekki rétt á bótum vegna málskostnaðar úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 15.12.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 369/2016
M og
vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um greiðsluskyldu úr málskostnaðartryggingu vegna ágreinings frá árinu 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8.11.2016 ásamt fylgiskjölum 1-10.
2. Bréf V dags. 25.11.2016.

Málsatvik.

M er þinglýstur eigandi spildu úr landi jarðarinnar A. Dánarbú föður hennar sætir opinberum skiptum og krefst viðurkenningar á að umrædd spilda sem M er þinglýstur eigandi að teljist til eigna dánarbúsins. M krefst bóta úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V vegna málaferla við dánarbúið vegna eignarráða á umræddri landsspildu úr jörðinni. Í héraðsdómi frá 4. maí 2016 var fallist á kröfu dánarbúsins um eignarrétt á umræddri landsspildu en þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu útgefinni 28. júlí 2016. M byggir kröfu sína um bætur fyrir málskostnað aðallega á því að þó deilt sé um eignarhluta í landsspildu þá fjalli ágreiningurinn um rétt dánarbús og hagsmuni þess. Um sé að ræða fjárhagsleg réttindi sem dánarbú geti tekið við sbr. 2. gr. laga nr. 20/1991 um skipti dánarbúa. V hafnar bótaskyldu og segir að málið varði M sem eiganda fasteignar og sé málskostnaður í þeim tilvikum undanskilin sbr. ákvæði c.liðar 25.9. gr. vátryggingarskilmála.

Álit.

Í c.lið í gr. 25.9 í vátryggingaskilmálum er undanskilin réttur vátryggðs til bóta vegna ágreinings sem varða hann sem eiganda fasteignar. Í þeim málaferlum sem M stendur í er hún þinglýstur eigandi hluta jarðar sem deilt er um hvort hún sé réttur og löglegur eigendur að eða ekki. Ekki fer því á milli mála að málið varðar M sem eiganda fasteignar þar sem aðild hennar að ágreiningnum kemur til vegna þess að hún á þinglýst eignarréttindi að fasteign. Á M af þeim sökum ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá M.

Reykjavík 20.12.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 370/2016**M og
og váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys í Noregi 7. janúar 2014.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 7.11.2016, ásamt fylgigögnum og bréfi dags. 13. desember 2016. Bréf V, dags. 5.12.2016, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að hún hafi klemmst á hægri hendi milli stáls og kvíar (plaströrs) þegar hún var að vinna við að draga stálhringi upp á slíkar þar sem hún starfaði við samsetningu við ýmis verk, þar á meðal samsetningu stærri fiskeldiskvía.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að vinna við að setja fimm stálhringi upp á plaströr ásamt tveimur samstarfsmönnum sínum og við verkið hafi verið notaður skotbómulyftari til að draga hvern og einn stálhring inn á rörið. M kveðst hafa slasast þegar verið var að setja síðasta stálhringinn ár rörið og þá hafi verið frekar lítið pláss eftir á rörinu. Hún hefði því stutt við hringinn til að varna því að hann dytti. Annar samstarfsmaður hennar hefði stýrt lyftaranum sem notaður var til að draga stálhringina upp á rörin og þegar það síðasta hafi verið dregið hafi komið slag í plaströrin, sem hafi þá hreyfst, og hafi þá hönd M klemmst með þeim afleiðingum að hún hlaut líkamstjón af.

M telur að verklag við framkvæmd vinnunnar hafi verið ófullnægjandi, ekki hafi verið gert skriflegt áhættumat, M hafi ekki fengið viðeigandi fræðslu og það hafi verið viðurkennt verklag að það þyrfti að styðja við stálhringi þegar þær væru dregnir áfram til að varna því að þeir féllu niður á jörðina, en ekki hafi mátt komast óhreinindi að þeim. Einnig bendir M á að skotbómulyftari, eins og sá sem notaður var við þá vinnu sem M kom að því að vinna, sé ekki hannaður með þau verk í huga. Einnig vísar M til þess að stjórnandi lyftarans sem notaður var þegar M slasaðist hafi sýnt gáleysi við stjórn hans og ekki tryggt nægilega vel öryggi samstarfsmanna sinna. Einnig bendir M á að X, vinnuveitandi M, verði að bera hallann af sönnunarskorti um að nægar ráðstafanir hafi verið gerðar til að tryggja öryggi starfsmanna, en engin rannsókn hafi átt sér stað á orsökum slyssins af hálfu X. Í málskoti er auk þess vísað til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglur sem tengjast þeim lögum.

V vísar til frásagna samstarfsmanna M hjá X um hvernig slys M bar að. Þar kemur fram í tölvupósti frá samstarfsmanni M, sem stóð við umrætt plaströr sem verið var að draga stálhring upp á, að hann hafi verið ásamt M við plaströrin og slysið hafi orðið þegar verið var að draga síðasta hringinn með lyftara sem þriðji starfsmaðurinn stjórnaði. Samstarfsmaður M sagðist hafa verið búinn að taka skref frá rörinu, þar sem hann vissi að það gæti komið slag á rörið þegar byrjað var að toga. Það hafi M hins vegar ekki gert heldur lagt hönd á rörið og þannig orðið á milli. Stjórnandi lyftarans segist hafa fengið merki frá bæði M og samstarfsmanni um að óhætt væri að byrja að toga umræddan stálhring upp á rör og hafi þeir starfsmenn við það átt að stíga frá. Hann hafi reiknað með að M gerði það, enda hafði hann fengið merki frá henni um það að óhætt væri að byrja að toga. V telur að frásagnir samstarfsmanna M um hvernig slys hennar hafi borið að bendi ekki til þess að X beri ábyrgð á grundvelli sakarreglunnar eða reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Ekki hafi verið sýnt fram á að reglur hafi verið brotnar með því verklagi sem var notað við verk sem þessi og hafi M verið fullljóst hvernig það hafi verið og unnið við sambærilegar aðstæður í nokkurn tíma. Slys hennar hafi því ekki orðið vegna atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á og komi því ekki til greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingu hjá V vegna líkamstjóns hennar.

Álit.

Í gögnum málsins liggja fyrir ítarlegar frásagnir af atvikum sem leiddu til líkamstjóns M. Annars vegar af hennar hálfu og hins vegar af hálf samstarfsmanna hennar. Þó ekki hafi farið fram opinber

rannsókn á orsökum slyssins er í raun ekki að sjá verulegan ágreining um hvernig atvik voru sem leiddu til líkamstjónsins. Það er, þegar stjórnandi lyftari byrjaði að toga stálhring upp á plaströr sem M og annar samstarfsmaður hennar stóðu við, lagði M hönd á rörið og klemmdist þegar slag kom á rörið þegar byrjað var að toga. Ágreiningur er hins vegar um hvort merki hafi verið gefið af hálfu M um að óhætt hafi verið fyrir stjórnanda vinnuvélarinnar að setja hana af stað og hvort aðstæður hafi verið til þess fallna að skapa augljósa slyshættu þannig að verklag hafi átt að vera öðruvísi við framkvæmd verksins.

Þegar lítið er til gagna málsins í heild kemur fram að nokkuð ítarlega er gerð grein fyrir verklagi af hálfu starfsmanna X. Verður ekki séð að það hafi með sannanlegum hætti farið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 eða reglum þeim tengdum. Ekki verður heldur, m.v. þær frásagnir sem liggja fyrir af atvikum málsins, séð að stjórnandi lyftara eða aðrir samstarfsmenn M hafi sýnt gáleysi sem leiddi til líkamstjóns hennar. Verður því ekki fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 371/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ líf- og sjúkdómatryggingar.****Ágreiningur um takmörkun vátryggingarverndar og álag á iðgjald við töku vátryggingar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 28.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með umsókn 19. október 2016 sótti M um líftryggingu og sjúkdómatryggingu hjá V. Í umsókninni svaraði M játandi þeirri spurningu hvort foreldrar eða systkini hafi fengið nánar tilgreinda sjúkóma, þ. á m. MND, fyrir 65 ára aldur. Kvað hann einn úr hópnun hafa fengið MND við 51 árs aldur. Á grundvelli þessara upplýsinga takmarkaði V gildissvið sjúkdómatryggingarinnar þannig að hún tæki ekki til þriggja sjúkdóma, MND, Alzheimer og Parkinson, auk þess sem 75% álag yrði sett á iðgjald líftryggingarinnar. M vill ekki una þessari ákvörðun V um að takmarka vátryggingarvernd sjúkdómatryggingarinnar og setja iðgjaldsálag á líftrygginguna. Undir rekstri málsins fyrir úrskurðarnefnd kom í ljós að ákvörðun V um að undanþiggja sjúkdómana Alzheimer og Parkinson í sjúkdómatryggingunni hafi verið á misskilningi byggð og kveður félagið að á grundvelli áhættumats þess skuli einungis MND undanþeginn í vátryggingunni.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. 1. gr. laga nr. 156/2007 um breyting á þeim, getur félagið á meðan það hefur ekki samþykkt að veita líf- eða sjúkdómatryggingu óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Í þeim tilgangi er félaginu heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem vátryggingartaki, vátryggður, foreldrar hans eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin óháð því hvernig sjúkdómur hefur greinst. Í ljósi þessa verður að telja að V hafi verið heimilt að nýta í áhættumati sínu upplýsingar um vátryggingaráhættuna, eins og fram kom í vátryggingarumsókn um að náinn fjölskyldumeðlimur hafi fengið MND fyrir 65 ára aldur. Slíkt áhættumat leiðir að jafnaði til takmörkunar á gildissviði þeirrar vátryggingar sem í hlut á, álags á iðgjald vátryggingarinnar eða að félagið hafnar því að veita vátryggingu. Af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, m.a. af þeim stöðluðu leiðbeiningum sem endurtryggjandi V hefur veitt um það hvernig veita skuli vátryggingu í tilvikum eins og hér um ræðir, verður ekki talið að það hafi verið of íþyngjandi fyrir M eða verið af ómálefnalegum ástæðum sem V bauð vátrygginguna með þeim hætti að undanþiggja MND í sjúkdómatryggingunni og hækka líftryggingariðgjaldið um 75%. V var því heimilt að veita M líf- og sjúkdómatrygginguna með þeim takmörkunum og iðgjaldsálagi eins og það gerði.

Niðurstaða.

V var heimilt að veita M líf- og sjúkdómatryggingu með þeirri takmörkun að sjúkdómatryggingin tæki ekki til MND sjúkdóms og 75% álag legðist á iðgjald fyrir líftrygginguna.

Reykjavík, 20. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 372/2016
M v. bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar B.

Krafa um bætur vegna tjóns á bifreið eftir smurningu þann 31. maí 2016.

Gögn.

1. Málskot móttækið þann 9. nóvember 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. nóvember 2016 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málavaxtalýsingu M kemur fram að þann 31. maí 2016 var farið með bifreið A í smurningu á smurstöð B í Stórahjalla. Þegar bifreiðinni var ekið út af smurstöðinni missti bifreiðin alla olíuna. Sást það vel á planinu hjá B. M kveður starfsmenn B hafa brotið bolta sem hafi haldið olíusíu og mun boltinn hafa fundist á planinu hjá B. Afleiðingarnar voru þær að vélin bræddi úr sér og tjón varð á bifreiðinni.

Í tilkynningu B um tjón til V kemur fram að bifreiðin A hafi verið í smurningu hjá B. Olía hafi lekið af vél vegna þess að olíusía hafi losnað og bolti brotnað.

M krafðist þess að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaábyrgð á grundvelli þess að ekki liggi fyrir nein gögn í málinu sem sýni fram á að tjónið megi rekja til mistaka eða vanrækslu þess starfsmanns sem vann verkið í umrætt sinn. Er því haldið fram að boltinn hafi verið í góðu lagi þegar hann var hertur á ný eftir smurninguna.

Álit.

Málavextir virðast vera óumdeildir. Ágreiningslaust er að tjón varð á bifreið A í kjölfar þess að bifreiðin fór í olíu- og síuskipti (smurningu) hjá B. Þegar ekið var út af smurstöðinni virðist bifreið A hafa misst alla olíu með þeim afleiðingum að vélin bræddi úr sér. Fannst boltinn brotinn á planinu. Gera verður ráð fyrir því að boltinn hafi verið heill þegar bifreið A kom í smurningu. Miðað við þann afar skamma tíma sem leið frá smurningu og þann afar takmarkaða akstur (10-20 metra) sem um er að ræða frá því að A var smurður hjá B þykir ekki óvarlegt að ætla að sá eða þeir starfsmenn B sem önnuðust smurþjónustu á A hafi ekki gætt að sér við herðingu á boltanum. Miðað við fyrirbyggjandi málavaxtalýsingu, sem er óumdeild, er ljóst að mistök hafi verið gerð hjá B með fyrrgreindum afleiðingum. Ber B því ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir vegna skemmda á bifreið A.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V vegna tjóns á A.

Reykjavík 5. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 373/2016**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys við dekkjaskipti 23. júlí 2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.11.2016, ásamt fylgigögnum og tölvupósti lögmanns M dags. 21.11.2016.
Bréf V, dags. 17.11.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M, starfsmaður X, var að vinna við að skipta um dekk á dráttarvél sem samstarfsmaður hans hafði verið að vinna við áður en dekkið sprakk. M kveðst í framburðarskýrslu hjá lögreglu hafa verið kallaður á vettvang til að aðstoða samstarfsmann sinn og þegar þeir hafi verið að tjakka dráttarvélinu upp hafi hún runnið af tjakknum með þeim afleiðingum að M festist með annan handlegginn undir dráttarvélinni, en hann hafi þá ætlað að setja búkka undir vélinu til að halda henni stöðugri á tjakknum. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að samstarfsmaður M lýsti málsatvikum með svipuðum hætti, þ.e. að hann hafi verið að tjakka dráttarvélinu upp og M hafi ætlað að koma fyrir búkka undir vélinni þegar hún hafi runnið af tjakknum. Í skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 2. febrúar 2016, kemur fram að orsök slyssins sé sú að tjakkur hafi skriði undan hásingu og lent á handlegg M, tjakkurinn hafi ekki verið svokölluðum „bolla“ sem eykur stöðugleika þegar byrði er lyft og að undirlag hafi ekki verið fullnægjandi. Í málskoti kemur síðan fram að M telur að dráttarvélin hafi runnið af tjakknum þar sem samstarfsmaður M hafi tekið einhvers konar aukaslag, sem hafi leitt til þess að dráttarvélin hrökk sérstaklega af tjakknum.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu og rekur það til þess að samstarfsmaður hans hafi sýnt gáleysi við það að tjakka upp dráttarvélinu, með því að hafa tekið einhvers konar aukaslag sem hafi leitt til þess að vélin hrökk af tjakknum. Einnig vísar M til þess að sami samstarfsmaður hafi stjórnað aðgerðum á vettvangi og ekki geti staðist að hann hafi sjálfur verið að tjakka vélinu upp þegar slysið varð, þar sem annar handleggur hans hafi verið undir vélinni til að koma búkka fyrir til að tryggja stöðugleika hennar. M byggir einnig á að X hafi vanrækt skyldur sínar við skipulag vinnu sem þessarar, hættulegra sé að skipta um dekk á dráttarvélum en venjulegum bifreiðum og ekki hafi legið fyrir skriflegt áhættumat vegna verksins, eins og kveðið er á um í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Það að auki hafi verklagi verið breytt eftir slysið og kvaddir til sérstakir viðgerðarmenn í tilfellum sem þessum.

V telur ósannað að líkamstjón M sé hægt að rekja til sérstakra athafna samstarfsmanns hans, ekkert komi fram um það í framburði þeirra hjá lögreglu og verði að líta svo á að frekar sé um að ræða óhappatilviljun, að dráttarvélin hafi runnið af tjakknum í umrætt sinn. Undirlagið sem notað var, grasflöturinn, hafi verið óstöðugur sem og hafi verið notaður tjakkur sem hafi ekki haft sérstakan „bolla“. Framkvæmd verksins hafi hins vegar verið í höndum M sjálfs og aðstæður því ekki á ábyrgð X.

Álit.

Við mat á því hvernig vinnu var háttað við dekkjaskipti á dráttarvél í eigu X í greint sinn verður ekki annað séð af gögnum málsins en að M hafi þar komið að því að ákveða það verklag sem notað var. Ekki telst nægilega sannað að sérstakar athafnir samstarfsmanns hans, eins og að hann hafi tekið sérstakt aukaslag á tjakkinn, hafi leitt til þess að dráttarvélin rann af tjakknum þannig að hendi M festist undir henni. Verður líkamstjón M heldur ekki rakið til þess að forsvarsmenn X hafi getað gert sérstakar ráðstafanir í greint sinn heldur telst M sjálfur hafa ráðið því hvernig verkið var framkvæmt. Sú framkvæmd verður ekki metin öðrum til gáleysis og telst því ekki sannað að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M í greint sinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 374/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar G.

Steinn kastaðist frá sláttuvél á bifreið og olli tjóni 22.7.2016.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 10.11.2016 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 5.12.2016 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf Atla Más Ingólfssonar hdl. dags. 8.12.2016.

Málsatvik.

M segir að bifreið sinni hafi verið ekið meðfram umferðareyju við Reykjanesbraut og steinar frá litlum sláttutraktor í eigu G hafi kastast á húddið á bílnum. M segist hafa gert athugasemd við starfsmann G sem var að vinna á sláttutraktornum og hefði starfsmaðurinn tekið myndir af skemmdunum á bifreið M. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu G hjá V og telur að tjón sem þetta sem G hafi valdið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu G hjá V. Í bréfi lögmanns M kemur fram að fallist sé á að bótaskylda byggist á sakarreglunni að því gefnu að ekki sé um skráningarskyldt ökutæki að ræða og er því haldið fram að um sök starfsmanns G sé að ræða þar sem hann hafi ekki gætt fyllstu varúðar við sláttinn auk heldur hafi flötin þar sem slegið var í umrætt sinn ekki verið grjóthreinsuð áður með fullnægjandi hætti eða sett upp varúðarmerki. Þá segir að útilokað sé fyrir M að sýna fram á það hvort umrætt sláttutæki hafi verið vanbúið eða ekki. V hafnar bótaskyldu og segir að skaðabótaábyrgð í málinu fari eftir sakarreglunni og því sé ekki um bótaskyldu að ræða nema tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi G eða einhvers sem G ber ábyrgð á. V hafnar því að starfsmaður G hafi vitað af grjótinu í grasinu þar sem starfsmaður G var að slá í umrætt sinn eða um vanbúnað á tækinu hafi verið að ræða.

Álit.

Ekkert liggur fyrir í málinu sem bendir til þess að sláttutækið sem notað var af G í umrætt sinn hafi verið vanbúið eða starfsmaður G hafi vitað af grjóti á flötinni þar sem hann var að slá. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á sök starfsmanns G sem vann á umræddu sláttutæki eða annars sem G ber ábyrgð á. Þar sem skilyrðum sakarreglunnar um sök G, eða starfsmanna fyrirtækisins á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð, er ekki fullnægt á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 10.1.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 375/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ eignatryggingar lausafjár.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna brunatjóns á tveimur bifreiðum.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 21.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni 17. september 2016 eyðilögðust í bruna tvær bifreiðir þar sem þær stóðu mannláusar á bifreiðastæði við Smiðjuveg 14 í Kópavogi. Bifreiðirnar munu hafa verið til viðgerðar á bifreiðaverkstæði M sem hefur starfsstöð að Smiðjuvegi 40d. M hefur í gildi eignatryggingu lausafjár hjá V og hefur krafist þess að tjón á bifreiðunum bætist úr vátryggingunni. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 3. gr. vátryggingarskilmála fyrir eignatryggingu lausafjár hjá V segir að vátryggingin taki til skemmda á lausafé í eigu þriðja aðila ef vátryggður ber skaðabótaábyrgð á skemmdunum, enda komi það fram á vátryggingarbeiðni. Í fyrirliggjandi vátryggingarskírteini, sem í gildi var á því tímabili þegar bruninn varð, er tilgreint sérstaklega að vátryggð séu fyrir nánar tilgreindri fjárhæð ökutæki í eigu þriðja aðila sem ekki eru kaskótryggð. Þá segir í 1. gr. vátryggingarskilmálanna að sé annars ekki getið, taki vátryggingin aðeins til tjóns er verður á þeim stað sem greindur er á vátryggingarskírteininu. Í fyrrgreindu vátryggingarskírteini er hins vegar starfsstöð M að Smiðjuvegi 40d einungis tilgreind sem vátryggingarstaður. Ekkert liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins að M hafi á einhverju tímamarki tilgreint annan vátryggingarstað en Smiðjuveg 40d. Þegar horft er til þessarar takmörkunar á því hvar vátryggingin gildir verður ekki séð að hún taki til tjónsins sem varð á bifreiðunum við brunann að Smiðjuvegi 14, jafnvel þótt sú lóð sé handan götunnar og M hafi haft leyfi lóðarhafa þar til að geyma bifreiðir á lóðinni. Tjónið á bifreiðunum fæst því ekki bætt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón á tveimur bifreiðum í vörslu M bætist ekki úr eignatryggingu lausafjár hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 376/2016**M****og****V v/ innbrotspjófnaðartryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum innbrots í atvinnuhúsnæði.****Gögn.**

17. Málskot, móttækið 8.11.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

18. Bréf V, dags. 12.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 31. ágúst 2016 var brotist inn í húsnæði M í Kópavogi, með því að spenna upp stóra rafdrifna renni- eða bílskúrshurð. Rafmagn mun hafa verið tekið af hurðinni vegna framkvæmda í húsnæðinu. Í málskoti kemur fram að þar sem rafmagn hafi ekki verið í hurðinni til að læsa henni hafi fyrirsvarsmáður M ákveðið að læsa henni með því að setja 10 mm skrúfjárn úr hertu stáli á þar til gerðan stað á hurðinni.

Í lögregluskýrslu vegna innbrotsins segir að hurðinni hafi verið læst með skrúfjárn sem hafi verið stungið í gegnum gat á hurðinni og inn í hurðarstafinn. Skrúfjárnid hafi verið bogið og ákomu hafi mátt sjá neðst á hurðinni. Ekki hafi verið um tryggja læsingu að ræða og því lítið mál að spenna hurðina upp. M hefur gert athugasemdir við lögregluskýrsluna og telur hana m.a. vera ónákvæma og skrúfjárnid hafi ekki bagnað við innbrotið. Samkvæmt myndbandsupptökum sem lagðar hafa verið fyrir nefndina virðist sem ekki sé unnt að spenna hurðina upp og opna með þeim hætti sem M kom skrúfjárninu fyrir í hurðinni.

M hefur krafist bóta úr innbrotspjófnaðartryggingu sinni hjá V. V telur M hafa brotið varúðarreglu í 5. gr. skilmála sem um váttrygginguna gilda um að dyr og aðrir inngangar skulu vera tryggilega læstir þegar geymslustaður er mannlaus. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 5. gr. skilmála innbrotspjófnaðartryggingarinnar er mælt fyrir um þá varúðarreglu að dyr og aðrir inngangar skulu vera tryggilega læstir og gluggar lokaðir og kræktir aftur þegar geymslustaður er mannlaus. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga getur félagið gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Þótt M hafi fundið að skýrslu lögreglunnar um innbrotið hefur ekki tekist með síðari gögnum að sýna fram á né gera nægilega líklegt að þau ummæli í lögregluskýrslunni um að læsing hurðarinnar hafi ekki verið trygg eigi ekki við rök að styðjast. Verður því, eins og málið liggur fyrir, að miða við að bílskúrshurðin hafi ekki verið tryggilega læst eins og krafist er samkvæmt fyrrgreindri varúðarreglu í 5. gr. váttryggingarskilmálanna og á það sinn þátt í því að innbrotið tókst. Þegar til þess er lítið að um er að ræða varúðarreglu sem brýnt er að hlíta, þess að sökin telst hafa verið nokkur en þó ekki alvarleg, hvernig það kom til að M þurfti í umrætt sinn að grípa til óvenjulegs úrræðis til að festa hurðina aftur og atvika að öðru leyti þykir ekki rétt að ábyrgð V verði felld niður að öllu leyti. Að öllu virtu þykir rétt að tjón M bætist úr váttryggingunni að 2/3, en M beri tjónið sjálfur að 1/3 hluta.

Niðurstaða.

Tjón M bætist að 2/3 úr innbrotsþjófnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 377/2016
M og
og váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Fall á gangstétt 1. janúar 2015.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttækið 14.11.2016, ásamt fylgigögnum og bréfi dags. 13. desember 2016.

Bréf V, dags. 1.12.2016, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að hún hafi staðið á gangstétt fyrir utan hús á Kirkjuvegi í Vestmannaeyjum að bíða eftir leigubifreið. M kveðst hafa stigið skref aftur á bak og í sömu mund falli um upphlaðið trjábeð á gangstétt og slasast.

M telur að aðbúnaður af hálfu X hafi verið óviðunandi, vegfarendum um gangstéttina hafi verið hættu búin þar sem blóma/trjábeðið sem M féll um hafi verið illa afmarkað frá gangstéttinni sjálfri. Skyldur X væru þær að tryggja öryggi vegfarenda sem ættu leið um sveitarfélagið og gera ekki ráðstafanir sem fela í sér hættu. M vísar t.d. til ákvæðis í lögreglusamþykkt bæjarins um að óheimilt sé að gera t.d. skurði í gangstéttir eða sinna framkvæmdum án viðvaranna og í raun hafi framkvæmdum við umrætt beð ekki verið lokið þegar slys M varð. Einnig vísar M til þess að vitað hafi verið af öðru slysi á sama stað á árinu 2014 og hafi starfsmönnum sveitarfélagsins því mátt vera ljós slyshætta.

V vísar til þess að framkvæmdum við umrætt beð hafi verið löngu lokið og hafi það verið óbreytt um nokkrar hríð. Kantar séu á beðinu sem séu í sömu hæð og almennir gangstéttarkantar og jafnframt sé lýsing á svæðinu góð og beðið vel sýnilegt. Einnig vísar V til mynda af vettvangi og þess að M var ölvuð þegar slysið varð. V telur því að ekki sé sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt gagnvart X og því komi ekki til greiðslna úr ábyrgðartryggingu þess.

Álit.

Í gögnum málsins liggja fyrir myndir af vettvangi og þeirri gangstétt sem M átti leið um þegar hún slasaðist. Af þeim myndum að dæma verður ekki annað séð en að kantur þess trjábeðs, sem M hrasaði um þegar hún gekk aftur á bak, hafi verið vel sýnilegur þeim sem um gangstéttina gengu og ekki almennt til þess fallinn að valda slyshættu þeim sem ganga um gangstéttina með eðlilegri aðgát. Verður því ekki fallist á að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M þegar hún féll þann 1. janúar 2015 á gangstétt og slasaðist.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 378/2016**M
og
V og X váttryggingafélög.****Ágreiningur um skiptingu sakar.****Gögn.**

Málskot, dags. 13.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 21.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf X, dags. 29.11.2016.

Málsatvik.

M lenti í árekstri á bifreið sinni A við bifreiðina B. Atvik voru þau að A var að aka yfir gatnamót frá Suðurfelli yfir Breiðholtsbraut og B ekur inn í hægri hlið bifreiðarinnar. Í málskoti M kemur fram að hann telur sig hafa hafa verið að leggja af stað á grænu ljósi og að B hafi þar með ekið á rauðu ljósi þegar hann ók inn í hlið A. Í málskotinu er ítarleg tímalína sem byggist á samtölum við verkefnastjórna hjá Strætó bs. og umsjónarmann umferðarljósa hjá Reykjavíkurborg. Samkvæmt þeirri tímalínu telur M óyggjandi að umferðarljósið hafi verið grænt þegar hann hóf leið sína yfir gatnamótin. Samkvæmt framburði eiganda B telur hann sig hafa ekið á grænu ljósi og að A hafi verið ekið í veg fyrir hann.

Tjónanefnd váttryggingamála skipti sök til helminga þar sem ósannað þótti hver staða ljósanna var í árekstrinum. Í bréfi V kemur fram að félagið telji rétt að skipta sök til helminga vegna þeirra óvissu sem gætti um stöðu umferðarljósa. X gerir ekki athugasemdir við málskotið.

Álit.

Í máli þessu halda báðir ökumenn því fram að þeir hafi ekið á grænu ljósi þegar áreksturinn varð. Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna áreksturins kemur ekki fram hvor ók yfir á grænu ljósi og ekki er þar vitnað í nein óvilhöll vitni sem hefðu getað upplýst um það. Síðari skýringar veita ekki fullnægjandi sönnun fyrir því hvor ók yfir á grænu ljósi og verður því ekki ráðið hvor ökumanna eigi fremur sök en hinn. Samkvæmt þessu og atvikum öllum, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þykir rétt að skipta sök að jöfnu milli ökumanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 20. desember 2016.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 379/2016
M og
vátryggingafélagið V v. fasteigna(húseigenda)tryggingar.

Skemmdir á innréttingu og parketgólfi í vatnstjóni 15.12.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 10.11.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 30.11.2016

Málsatvik.

Lögn frá upphvottavél í eldhúsi gaf sig og vatn lak úr vélinni og olli skemmdum á parketgólfi og innréttingu. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu úr húseigendatryggingu M hjá V heldur um umfang tjónsins. V hefur lagfært innréttingar og gólfefni sem urðu fyrir skemmdum, en M segir að mikill litamunur sé á nýjum skápahurðum, sem settar voru í stað þeirra skemmdu, og annarra skápahurða í eldhúsinnréttingunni, sem og á nýja parketinu sem sett var á hluta eldhúsgólfsins og þess upprunalega. M gerir kröfu til þess að skipt verði um hurðir á öllum skápum og skúffueiningum eldhúsinnréttingar sem og að skipta verði á parketi á öllu eldhúsgólfinu þar sem litamunur sé mjög áberandi. V viðurkennir bótaskyldu, en telur sig hafa bætt tjón M að fullu með því að skipta út hluta gólfefnisins og eldhúsinnréttingar. V segir eðlilegt að ákveðinn litamunur komi fram enda sé um eikarvið að ræða sem taki litabreytingum af sól og súrefni, en samskonar parket hafi verið sett á þann hluta gólfsins sem varð fyrir skemmdum og fyrir var. Þá segir V að skemmdar innréttingar hafi verið endurnýjaðar með samskonar efni frá sama framleiðenda og upprunalega innréttingin og telur V að tjónið hafi verið bætt að fullu.

Álit.

Ágreiningslaust er að parket var endurnýjað að hluta með samskonar parketi og fyrir var á eldhúsgólfinu. Þá er ágreiningslaust að einhver litamunur sé á því parketi sem var lagt og þess sem fyrir var. Þá er ágreiningslaust að innréttingar sem skemmdust hafi verið lagfærðar með nýjum innréttingum sama efnis og frá sama framleiðenda og innréttingarnar sem fyrir eru. Þó einhver litamunur kunni að vera á þeim hluta eldhúsinnréttinga sem skipt var út og þeirra sem fyrir eru svo og nýlögðu parketi í báðum tilvikum sömu tegundar frá sama framleiðenda og það parket og innréttingar, sem fyrir voru, þá leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að M eigi kröfu til að skipt verði um allt parketið á gólfinu og eldhúsinnréttingar. Af þeim gögnum sem fram hafa verið lögð í málinu verður ekki séð að litamunur sá sem um ræðir sé slíkur að leiði til þess að heildarmynd raskist þannig að það feli í sér fjárhagstjón fyrir M og þannig að hún eigi rétt á að fá frekari bætur en V hefur þegar innt af hendi vegna vatnslekans frá þvottavélinni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V vegna vatnstjóns frá þvottavél.

Reykjavík 10.1.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 380/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á bensínstöð við Hólagötu í Reykjanesbæ 26. júlí 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.11.2016 ásamt fylgiskjölum 1-5 ásamt athugasemdum M dags. 28.11.2016.
2. Bréf V-1 dags. 28.11.2016 ásamt fylgiskjali
3. Bréf V-2 dags. 16.11.2016

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á bifreiðaplani sjálfsafgreiðslustöðvar bensínsölu við Hólagötu í Reykjanesbæ. Ökumaður bifreiðar A ók bifreiðinni frá Njarðarbraut inn á bifreiðaplanið og lenti í árekstri við bifreið B þegar þeirri bifreið var ekið frá bensíndælu og í hlið bifreiðar A.

M telur að ökumaður bifreiðar A eigi að bera alla ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa ekki gætt að umferð frá hægri þegar hann ók yfir bifreiðaplanið og að hann hafi einnig haft betri yfirsýn yfir bifreiðaplanið heldur en ökumaður bifreiðar A. M telur vátryggingafélögin byggja ranglega á 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem ökumaður bifreiðar B hafi ekki verið kominn í þá stöðu að vera að aka af bifreiðastæði út á veg þegar árekstur varð og telur ákvæði 4. mgr. 25. gr. sömu laga frekar eiga við þar sem varúðarskylda hvílir á þeim sem hefur hinn á hægri hönd þegar um opin svæði er að ræða. V-1 telur ákvæði 4. mgr. 25. gr. ekki gilda gagnvart kyrrstæðum bifreiðum sem ekið er af stað frá hægri gagnvart umferð um opin svæði og telur að aðgæsluskylda sú sem rakin er í 3. mgr. 25. gr. sé gildi um aðstæður þær sem uppi voru þegar árekstur bifreiða A og B átti sér stað. V-2 gerir ekki sjálfstæðar athugasemdir en tekur undir sjónarmið M.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar B hafi ekið frá bensíndælu með fyrirhugaða akstursstefnu út af bifreiðaplani og beint á bifreið A sem ekið var eftir bifreiðaplaninu. Samkvæmt lögregluskýrslu og ljósmyndum af vettvangi voru ákomur annars vegar á vinstra framhorni bifreiðar B og í hægri hlið bifreiðar A. Einnig kemur þar fram að árekstur hafi orðið rétt um billengd frá bensíndælu. Þegar litið er til staðsetningar bifreiðanna og ákoma telst sannað að ökumaður bifreiðar B verið nýlagður af stað frá bensíndælu. Þegar bifreið er ekið úr kyrrstöðu má ráða af nokkrum háttættisreglum umferðarlaga að ökumaður verði við slíkan akstur að gæta að annarri umferð, til dæmis má draga þær ályktanir af bæði 17. og 25. gr. umferðarlaga sem og ákvæði 4. gr. þeirra um almenna tillitsemi og varúð vegfarenda gagnvart annarri umferð. Þegar litið er til þeirra ákvæða telst ökumaður bifreiðar B ekki hafa gætt nægjanlega að sér og sýnt þá varúð sem honum bar þegar hann ók bifreið sinni frá bensíndælu nær rակleiddis í hlið bifreiðar A. Ekki verður lögð sök á ökumann bifreiðar A fyrir að hafa ekki virt hægri rétt 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga við þessar sérstöku aðstæður.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 20.12.2016.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 381/2016**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Áræktur á bifreiðaplani við Smiðjuveg 22.6.2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 14.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 16.11.2016.

Bréf V2, dags. 23.11.2016, ásamt tjonstilkynningu, framburði ökumanns bifreiðar B og niðurstöðu tjonanefndar.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjonstilkynningu ökumanna bifreiðanna A og B kemur fram að bifreið A hafi verið kyrrstæð á bifreiðaplani þegar bifreið B hafi verið ekið út frá bílastæði og þá hafi áræktur orðið. Í gögnum frá eiganda bifreiðar A kemur fram að afferming hafi átt sér stað úr bifreið A, sem sé vöruflutningabifreið, og sökum þrengsla á bifreiðastæðinu hafi verið kveikt á aðvörunarljósum bifreiðarinnar og henni lagt þversum á planinu, auk þess sem lyftari hafi verið notaður til að afferma bifreiðina. Ökumaður bifreiðar B segir í tjonstilkynningu sinni að affermingu hafi verið lokið á bifreið A þegar áræktur varð en hann hafi ekki séð lyftu bifreiðar A þar sem hún hafi verið þvert og í augnhæð ökumannsins.

M telur að það verði að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B, þar sem hann hafi ekið á bifreið A þegar augljóslega hafi farið fram afferming þeirrar bifreiðar og við því hafi verið varað á viðeigandi hátt. V1 tekur undir þau sjónar mið og telur að meta verði þá háttsemi ökumanns bifreiðar B, að aka aftur fyrir vöru lyftu á bifreið A, til gáleysis og hann hefði átt að gæta betur að því sem var fyrir framan hann. V2 telur ökumann bifreiðar A ekki hafa gætt nægilega að þeim fyrirmælum sem komi fram í 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að ferma og afferma skuli ökutæki þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Það hafi ökumaður bifreiðar A ekki gert þegar hann hafi skilið vöru lyftu eftir í opinni stöðu, án þess að merkja hana sérstaklega með veifu eða öðrum hætti.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að áræktur átti sér stað kl. 14.45 þann 22. júní 2016. Verður að ætla að þá sé vel bjart. Auk þess verður að líta til þess að ökumaður bifreiðar B ók framhjá vöruflutningabifreið sem var stillt upp, að því er virðist við þröngar aðstæður á bifreiðastæði, til affermingar. Verður að gera þær kröfur til ökumanna sem aka framhjá slíkum bifreiðum að gæta fyllstu varúðar við aksturinn og að þeir geti búist við að vöru lyfta bifreiðarinnar sé úti. Verður ekki séð að ökumaður bifreiðar B hafi gætt þess nægilega vel og verður hann talinn bera ábyrgð á því gáleysi sínu. Í ljósi fyrrnefndra birtuskilyrða og aðstæðna á vettvangi verður ekki lögð sök á ökumann bifreiðar A vegna staðsetningar hennar eða frágangs.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber á ábyrgð á árækstri við bifreið A.

Reykjavík, 15. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 382/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna afnotamissis sem skemmdist í árekstri.****Gögn.**

Málskot, móttakið 14.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 30.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 8. maí 2015 varð árekstur með tveimur bifreiðum, A og B. A var vátryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá V. B, sem er af tegundinni Jaguar, árgerð 1996, var í eigu M. B varð fyrir nokkrum skemmdum við áreksturinn og ráða má að hún hafi verið óökufær og verið áhöld um hvort V myndi leysa bifreiðina til sín eða hlutast til um að gert yrði við hana. Fór svo að gert var við bifreiðina og var hún á verkstæði frá 26. júní til 7. júlí 2015. Í ágúst s.á. var B hjólastíllt vegna hjólaskekku sem hafði komið fram. V greiddi M bætur fyrir afnotamissi í 21 dag, þ.e. „fyrir bílaleigubifreið í eðlilegan viðgerðartíma og eðlilegan biðtíma eftir varahlutum“. Í málskoti kveður M að eðlilegt sé og sanngjarnt, sé horft til málsatvika, að V greiði fyrir afnotamissi sem nemi þremur mánuðum.

Álit.

Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu og gerð hefur verið grein fyrir hér að ofan liðu 49 dagar (8.5.-26.6.) frá því B varð óökufær við áreksturinn uns hún var tekin til viðgerðar, en viðgerðartíminn nam svo 12 dögum (26.6.-7.7.). Ekki liggur skýrt fyrir hversu langan tíma tók að ákveða að gera við B í stað þess að V myndi leysa hana til sín. Ekkert liggur heldur fyrir um það á hvaða grundvelli ákveðið var að gera við hana. Þá liggur ekkert fyrir um það hvenær varahlutir voru pantaðir í bifreiðina og hvenær þeir bárust.

Einnig verður ráðið af gögnum málsins að B var lítið ekið á árunum áður en áreksturinn varð. Samkvæmt því verður ekki séð M hafi beina þörf fyrir annað ökutæki í stað B þann tíma sem hún var óökufær. Engu að síður verður að telja að M hafi orðið fyrir einhverju fjárhagstjóni sem hann var án bifreiðarinnar í kjölfar árekstursins, en í úrskurði þessum verður ekki lagt mat á hvert fjárhagstjónið sé.

Þegar lítið er til þess sem hér að framan greinir og atvika að öðru leyti verður afnotamissistíminn sem V verður gert að bæta metinn að álitum. Þannig þykir rétt að V bæti tímann frá árekstrardegi til þess tíma er viðgerð hófst að hálfu eða sem nemur 25 dögum. Þá verður að telja rétt að V bæti fyrir þann tíma sem viðgerðin tók eða 12 daga, enda ekkert sem gefur tilefni til að ætla að sá tími hafi verið óhóflegur. Engin haldbær gögn liggja fyrir um að V bæti fyrir afnotamissi eftir að viðgerð lauk. Samkvæmt þessu verður talið rétt að V bæti M afnotamissi fyrir samtals 37 (25+12) daga.

Niðurstaða.

M á rétt á afnotamissi fyrir 37 daga úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 383/2016
M og
vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar L.

Karfa um bætur vegna meintrar rangrar sjúkdómsgreiningar læknis árið 2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24.11. 2016 ásamt fylgiskjölum 1-16
2. Bréf V dags. 13.1.2017

Málsatvik.

Málavexti segir M vera þá að hún hafi leitað á heilsugæslu í apríl 2005 og var hún greind þar með vanvirkan skjaldkirtil og var ávísað til hennar skjaldkirtilsörvandi lyfi, lyfið fór illa í M og leitaði hún í júlí 2005 til L sem sendi M í blóðprufur og þá kom í ljós að M var með ofvirkan skjaldkirtil en ekki vanvirkan sbr. greiningu á heilsugæslunni nokkru áður. M var sett á skjaldkirtilsbælandi lyf og fékk bætur frá Sjúkratryggingum Íslands vegna rangrar greiningar hjá heilsugæslustöðinni. Vegna áframhaldandi ofstarfsemi skjaldkirtils var ákveðið að ráði L að setja M í geislajoðmeðferð og fór sú meðferð fram í lok nóvember 2005. Rannsóknir á M í janúar 2006 bentu til þess að geislajoðmeðferðin hefði borið árangur og nú bentu rannsóknir á M til vanvirks skjaldkirtils. Fljótlega eftir geislajoðmeðferðina fór M að finna fyrir einkennum í augum og tárrennsli og telur M að þessi einkenni hafi verið komin í ljós í ársbyrjun 2006. M telur að í ársbyrjun 2006 hafi verið komin fram einkenni, sem að L hafi ekki fylgt nægjanlega vel eftir með þeim afleiðingum að einkenni M í augum versnuðu. M leitaði síðan til L þ.14.3.2007 og kom í endurkomu 23.6.2007 og í læknafréfi eftir þá heimsókn segir að M sé með vaxandi einkenni frá augum og telur L að M sé líklega komin með Grave's ophthalmopathy og hafi L þá vísað M til augnlæknis sem sá M sama dag og L greindi M með ofangreindan sjúkdóm. M leitaði til augnlæknisins aftur þ.30.5.2007 og ráðlagði augnlæknirinn sterameðferð, en við næstu komu M til augnlæknisins tveim vikum síðar, sagði M að sér liði betur, en þar sem ástand M lagaðist ekki hóf M sterameðferð í október 2007, en M lýsir því að sterameðferðin hafi farið mjög illa í hana. M lýsir frekari læknismeðferðum vegna sjúkdóms síns.

M krefst bóta úr sjúklingatryggingu L og segir litla eftirfylgni og upplýsingar hafa verið hjá L eftir að hún hóf geislajoðmeðferð í lok nóvember 2005. Af hálfu M er vísað til l. nr. 111/2000 um sjúklingatryggingar og á því byggt að M hafi orðið fyrir líkamlegu tjóni og miklum óþægindum, sem koma hefði mátt í veg fyrir hefði M hlotið rétta læknismeðferð og rétta greiningu á einkennum sínum sem leiddu loks til greiningar Graves Orbitopathy sjúkdómsins og viðeigandi meðferðar M í framhaldi af því. M byggir á því að líkamstjón hennar megi rekja til þess að ekki hafi verið staðið rétt að læknismeðferð sbr. 1.tl. og 3.tl.2.gr. laga nr. 111/2000 þar sem L hafi ekki fylgt M nægjanlega vel eftir og greint augnsjúkdóm M of seint og meiri líkur en minni á að tjón M megi rekja til meðferðar L.

Máli M var vísað til Landlæknisembættisins þ. 4.11.2008 og var niðurstaða þess að ekki væri talin ástæða til frekari aðgerða en lýst er í bréfi embættisins frá 2.7.2009. Í læknisfræðilegri greinargerð Guðmundar Björnssonar læknis dags. 1.10.2009, sem unnin var að beiðni V segir í niðurstöðu að líklegt sé að tjón M hafi orðið meira vegna þess að ekki var rétt sjúkdómsgreining í fyrstu ónæmissvörunar M og óvilji M til að þiggja meðferð sem talin var rétt.

V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að í grunninn snúist málið um það hvort L hafi gert rangt með því að meðhöndla M með geislajoðmeðferð en ekki skurðaðgerð og hvort hún hafi greint

sjúkdóminn Graves Orbitopathy of seint og þar með valdið M tjóni. V vísar til þess að miðað við fyrirliggjandi gögn þá telji V að ekki sé um það að ræða og telur ósannað að meðferð L hafi verið óforsvaranleg og jafnvel þó svo væri þá hafi M ekki sýnt fram á tjón af völdum þess. V segir að geislajodmeðferðin hafi verið ákveðin þar sem að M hefði ekki þolað önnur lyf. Þá vísar V til þess að um leið og L varð vör við einkenni augnsjúkdóms hafi hún vísað M til nafngreinds augnlæknis sem síðan hafi tekið við meðferð M. Þá telur V að seinkun á meðferð M eftir greiningu á sjúkdómnum hafi líklega haft meiri áhrif en möguleg seinkun greiningar fyrir þann tíma, en skv. gögnum hafi einkenni M ágerst mjög frá í maí 2007 og fram til þess tíma að hún fékk viðeigandi meðferð. Af hálfu V er því haldið fram að ósannað sé að tjón hafi hlotist af þeirri seinkun sem varð á greiningu M. Þá vísar V til þess að engar upplýsingar liggi fyrir um stöðu mála í dag utan þess að M telur að sterasprautur hafi lagað einkennin mikið

Álit.

Gögn málsins eru mikil að vöxtum, en aðeins lítill hluti þeirra skiptir máli við úrlausn ágreiningsefnisins, sem hér ræðir um. Krafa M byggist á því að sjúkdómsgreining og meðferð L hafi verið röng og óforsvaranleg og það hafi valdið M tjóni. V hafnar því að sýnt hafi verið fram á að læknismeðferð L á M hafi verið röng og telur það ósannað sem og það að M hafi orðið fyrir tjóni vegna læknismeðferðar L. Fyrir liggur í málinu að M lét hjá líða nokkuð eftir að hún var greind með Graves Orbitopathy sjúkdómnum að samþykkja þá læknismeðferð sem augnlæknir hennar lagði til. Í greinargerð Guðmundar Björnssonar frá 1.10.2009 segir, að líklegt sé að tjón M hafi orðið meira vegna þess að ekki var rétt sjúkdómsgreining í fyrstu ónæmissvörunar M og óvilji M til að þiggja meðferð sem talin var rétt. Greinargerð Guðmundar var aflað einhliða af V og verður að skoða niðurstöðuna í því ljósi.

Ekki liggja fyrir í málinu haldbærar upplýsingar eða mat á því hvort M hafi orðið fyrir tjóni vegna meintrar rangrar læknismeðferðar og greiningar L, en væri svo hvaða tjón þá væri um að ræða. Í fyrirliggjandi gögnum þó þau séu svo mikil að vöxtum sem raun ber vitni, þá vantar fullnægjandi upplýsingar um tjón M þ.e. hvort hún hafi orðið fyrir tjóni vegna læknismeðferðar L og hvert það þá er. Þar sem að framangreindar upplýsingar liggja ekki fyrir á M ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V, miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 7.2.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 384/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðatryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðatryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Glerárgötu við Hörgárbraut á Akureyri 19.10.2016.

Gögn.

1. Málskot móttækið 15.11.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 29.11.2016
3. Bréf V-2 dags. 14.12.2016.

Málsatvik.

Árekstur varð milli bifreiðanna A og B á hringtorgi við Glerárgötu og Hörgárbraut á Akureyri. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi ekið of hratt og telur að hann hafi ekið á afturhurðina á A og segist ökumaður A hafa verið á 20 til 30 km. hraða. Ökumaður A segist hafa skipt um akrein áður en hann ók inn á hringtorgið. Ökumaður B segist hafa ekið inn í hringtorgið í innri hring og A sem var í ytri hring hafi skipt um akrein og ekið á B. Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita er merkt við tl. 7 fyrir báðar bifreiðar þ.e. “ók á hringtorgi” og auk þess við tl. 10 fyrir A “skipti um akrein” og tl.13 “beygði til vinstri”.

Álit.

Á sameiginlegri tjónstilkynningu sem báðir ökumenn undirrita kemur fram að ökumaður A hafi skipt um akrein og beygt af hægri akrein yfir á þá vinstri. Leggja verður því til grundvallar að ökumaður A hafi skipt um akrein í aðdraganda árekstursins en ekki áður en hann kom inn á hringtorgið. Af þeim sökum telst nægjanlega sannað að ökumaður A hafi skipt um akrein í hringtorginu og ekið á B. Ökumaður A ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 17.1.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 385/2016**M og
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis X.****Ágreiningur um orsakatengsl vegna umferðaróhapps 14. febrúar 2015.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 16. nóvember 2016 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V frá 23. nóvember 2016.

Málsatvik.

Samkvæmt málavaxtalýsingu M lenti hann í umferðarslysi þann 14. febrúar 2015. Var M ökumaður þegar bifreið X var ekið aftan á hans bifreið. M telur sig hafa hlotið háls-, herða- og bakmeiðsli við áreksturinn. Leitaði hann til læknis þann 7. ágúst 2015 vegna verkja í hálsi. Mun hann hafa tekið fram að um væri að ræða verki eftir bílslys sem hann hafði lent í í febrúar 2015. Leitaði M einnig til sjúkraþjálfara og var hjá honum í meðferð vegna árekstursins.

Tjónstilkynning til V er undirrituð af hálfu lögmanns M þann 26. ágúst 2015. Samkvæmt útfylltri tjónstilkynningu ökutækjatjóna er hakað við að ekki hafi orðið slys á fólki, ekki einu sinni smávægilegt.

Með bréfi þann 11. desember 2015 hafnaði V því að um bótaskyldu væri að ræða, m.a. með vísan til þess að orsakatengsl milli árekstursins og einkenna M væru ósönnuð. Hefur félagið því hafnað greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X.

Álit.

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður m.a. að færa sönnur á orsakatengsl milli tjóns hans (einkenna) og tjónsatburðar. Verður nú vikið að því hvort M hafi í þessu máli tekist að sanna orsakatengsl milli óhappsins 14. febrúar 2015 og þeirra einkenna sem hann kveðst búa við í dag.

Ekki er getið um þess í fyrirliggjandi tjónstilkynningu ökutækja að slys hafi orðið á fólki. Ljóst er að engin samtímagögn um einkenni M liggja fyrir í málinu. Samkvæmt gögnum málsins leitaði M fyrst til læknis í ágúst 2015, þ.e. um sex mánuðum eftir áreksturinn.

Engin önnur gögn í málinu færa sönnur á að M hafi hlotið líkamstjón vegna óhappsins 14. febrúar 2015. Verður því að telja að orsakatengsl milli óhappsins og varanlegra einkenna M séu ósönnuð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Reykjavík, 7. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir, lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 386/2016**M
og
váttryggingafélagið V v/ húseigendatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum leka frá heitavatsinntaki.****Gögn.**

Málskot, móttakið 16.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Tjón varð á húseign M við Vesturgötu á Akranesi eftir að heitavatsinntak við húseignina bilaði og olli leka. Mun tjónið hafa falist í því að jarðefni undir tröppum og stoðvegg hafi sokkið „með tilheyrandi sigi, sprungum og skemmdum“. Kveður hún lekann hafa verið innan veggja hússins og honum hafi ekki verið valdið við verklegar framkvæmdir.

Hefur M krafist bóta vegna tjónsins úr húseigendatryggingu sem hún hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Takmarkaðra gagna nýtur við í málinu um tjónið og orsök þess. Þau gögn sem að þessu leyti koma helst að haldi lúta að kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu orkuveitu sem rekur hitaveituna á Akranesi. Í þeim gögnum er vikið skýrslu viðkomandi orkuveitu til ábyrgðartryggjanda síns, en þar segir m.a.: „Þegar komið var á staðinn var augljós leki á heitu vatni og kom vatn meðal annars út um sprungur á tröppum sem liggja niður í kjallarann. Tröppur og bíslag sem er við kjallarainnganginn þar sem heimæðin liggur við er bæði gamalt og farið að láta á sjá. Við skoðun á tröppum og bíslagi kom í ljós að þar voru fyrir gamlar sprungur og eins kom í ljós við uppgröft á biluninni að tröppur og bíslag er ekki grundað á fastan jarðveg heldur er þetta byggt á moldarlagi.“ Í fyrirliggjandi útprentun af því sem virðist vera rafræn verkbeiðni téðrar orkuveitu um viðgerð á heitavatsinntakinu kemur fram að leki sé á heimæð þar sem hún tengist inn í hús. Frekari gögn varðandi upptök lekans er ekki að finna í málinu.

Samkvæmt skilmálum húseigendatryggingar þeirrar sem M hafði í gildi hjá V bætir váttryggingin tjón af völdum vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en tjón M verði rakið til bilunar í heitavatsinntaki við húsið en ekki innan veggja þess eins og áskilið er svo til bótaskyldu geti stofnast úr húseigendatryggingunni hjá V. Með því að ekki liggur fyrir að vatnslekinn eigi upptök sín innan veggja hússins á M ekki rétt á bótum úr umræddri váttryggingu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 387/2016**M og
og váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna og B.****Árekstur beygjuafrein af Reykjanesbraut 27. ágúst 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 17.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.11.2016, ásamt lögregluskýrslu, athugasemdum frá eiganda B og niðurstöðu tjónanefndar.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreiðunum A og B ég beygjuafrein af Reykjanesbraut inn á Breiðholtsbraut/Nýbýlaveg, þar sem bifreið A var ekið aftan á bifreið B. Á Reykjanesbraut er 80 km/klst hámarkshraði en á beygjuafreininni sjálfri er hámarkshraðinn 50 km/klst. Báðum bifreiðum var ekið um Reykjanesbraut og inn á beygjuafreinina. Í framburði M, sem var ökumaður bifreiðar A, í lögregluskýrslu kemur fram að hann kveðst hafa ekið á um 80-90 km/klst hraða á hægri akrein Reykjanesbrautar og ætla að aka inn á beygjuafreinina þegar bifreið B hafi verið beygt af vinstri akrein í veg fyrir hann og inn á beygjuafreinina þannig að bifreið A lenti aftan á bifreið B. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið um Reykjanesbraut á vinstri akrein á um 70 km/klst hraða og gefið stefnuljós og skipt um akrein yfir á hægri akrein og inn á beygjuafreinina um 25 metrum frá byrjun beygjuafreinar og þar hafi bifreið A verið ekið aftan á bifreið B. Í lögregluskýrslu kemur fram að um 60 m hemlaför hafi verið á vettvangi eftir bifreið A.

M telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekið gegn fyrirmælum 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þegar hann hafi skipt um akrein í veg fyrir bifreið A án þess að gæta að því að það væri hægt án hættu og óþæginda fyrir aðra umferð. Ökumaður bifreiðar B hafi misreiknað fjarlægðir, m.v. hámarkshraða á Reykjanesbraut, þegar hann skipti um akrein og beri því alla ábyrgð á árekstrinum.

V telur að skipta eigi sök jafnt milli ökumanna, ökumaður bifreiðar A hafi ekið of hratt m.v. aðstæður og ökumaður bifreiðar B hafi skipt um akrein án þess að gæta nægilega að annarri umferð. Í sérstökum athugasemdum frá ökumanni bifreiðar B kemur síðan fram að hann telji að ökumaður bifreiðar A beri alla sök á árekstrinum þar sem þeirri bifreið hafi verið ekki allt of hratt m.v. aðstæður og sýni aðstæður á vettvangi að sá ökumaður hafi ekið miklu mun hraðar en hann gaf upp í framburði sínum hjá lögreglu.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að bifreið A var ekið aftan á bifreið B á beygjuafrein af Reykjanesbraut, en þar er hámarkshraði er 50 km/klst. Ökumaður bifreiðar B viðurkennir að hafa skipt um akrein á Reykjanesbraut, af þeirri vinstri yfir á hægri, og síðan hafi hann ekið inn á beygjuafrein og þá hafi árekstur orðið. Á ökumanni bifreiðar B hvíldi sú varúðarskylda að gæta þess að akreinaskeipti hans væru þannig að þau væru möguleg án hættu og óþæginda fyrir aðra umferð. Við það mat virðist ökumaður bifreiðar B hafa misreiknað þá fjarlægð sem var á milli bifreiðar B og bifreiðar A, sem ekið var á eftir, á hægri akrein. Verður áreksturinn rakinn að hluta til þeirrar háttsemi ökumanns bifreiðar B að hafa skipt um akrein í veg fyrir ökumann bifreiðar A.

Þegar hins vegar er litið til upplýsinga um hámarkshraða á þeirri beygjuafrein sem báðum bifreiðum var ekið inn á, framburðar ökumanns bifreiðar A um ætlaðan ökuhraða sinn. hemlaför á vettvangi og tjón á bifreiðunum er ljóst að bifreið A var ekið nokkuð vel yfir hámarkshraða inn á beygjuafreinina og verður sú háttsemi metin honum til gáleysis. Ber ökumaður bifreiðar A því einnig sök á árekstrinum.

Þegar allt er virt sem kemur fram hér að ofan þykir rétt að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og bifreið B.

Reykjavík, 20. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 388/2016**M**

V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
V2 v/ ábyrgðartryggingar strætisvagnsins B

Árekstur á gatnamótum Vonarstrætis og Suðurgötu í Reykjavík þann 23.9.2016.**Gögn.**

19.Málskot, mótttekið .2016, ásamt fylgigögnum.

20.Bréf V1, dags. 24.11.2016, ásamt fylgigögnum.

21.Bréf V2, dags 8.12.2016.

Málsatvik.

A var ekið vestur Vonarstræti að gatnamótum Suðurgötu þar sem ökumaður A hugðist beygja til hægri áleiðis norður Suðurgötu. Í sömu andrá var B ekið suður Suðurgötu og beygt til vinstri áleiðis austur Vonarstræti. Í beygjunni rákust saman aftanverð vinstri hlið A og vinstri hlið B fyrir framan afturhjóla. Á Vonarstræti hvílir stöðvunarskylda gagnvart umferð á Suðurgötu.

Ökumaður A kvaðst hafa stöðvað við stöðvunarskyldumerkið og litið eftir umferð frá hægri og vinstri. Hann hafi ekki séð neina bifreið koma frá vinstri og ekið af stað til hægri, en stöðvað strax aftur er hann sá að B var á sama tíma ekið í beygjuna og stefnt á A. Af þeim sökum hafi hann ekki komist áfram.

Ökumaður B kvaðst hafa tekið víða beygju vegna A sem var kyrrstæð. Hann hafi litið „eftir umferðinni til hægri“ og farið svo í beygjuna, en svo séð að A var í hlið B. A hafi verið stöðvuð aftur, en ekki við stöðvunarlínu heldur um þremur metrum frá henni.

Vitni, stjórnandi annars strætisvagns, kvaðst hafa verið í Vonarstræti austan gatnamótanna og séð A og B við gatnamótin. A hafi verið stöðvuð þar sem B rakst í A kyrrstæða og B hafi svo verið ekið áfram nokkra metra í viðbót. Stjórnandi B hefði betur stöðvað og hleypt A áfram vegna þrengslanna við gatnamótin.

Álit.

Veruleg þrengsli eru á umræddum gatnamótum. Ökumaður B sá til ferða A um gatnamótin en gaf ökumanni þeirrar bifreiðar ekki svigrúm til að bakka eða ljúka við að taka beygjuna áður en hann sjálfur tók beygjuna, enda þótt hann mætti vita að vegna þrengslanna gæti hann ekki náð beygjunni öðru vísi en að aka utan í A eða í veg fyrir akstursleið hennar. Með vísan til þessa telst ökumaður B eiga sök á árekstrinum.

Þótt ökumanni A hafi borið að víkja fyrir umferð á Suðurgötu, sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, verður ekki talið, þegar litið er til stöðu A á gatnamótunum samkvæmt fyrirbyggjandi ljósmyndum og framburðar vitnis, að við ökumann A sé að sakast vegna áreksturs þessa. Verður ökumanni B því gefin öll sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 10. janúar 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 389/2016**M og
og váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X.****Fall í sundlaug 6. desember 2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 21.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 19.12.2016, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V dags. 7. desember 2015 kemur fram eftirfarandi lýsing atvika: „Rann til á gólfi og slengdist á andlitið.“ Nánar tiltekið var M að stíga beint út úr saunaklefa í sundlaug þegar hann rann og telur hann að erfitt hafi verið að verjast falli þar sem gólf hafi verið sleip eða hál. Einnig liggur fyrir staðfesting starfsmanns X á þeim atvikum.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns sem hann hlaut við fallið þar sem engin motta hafi verið fyrir framan umræddan saunaklefa og svæðið því vanbúið. Slíkar ráðstafanir hafi verið gerðar eftir slys M og bendi það til þess að aðstæður hafi verið hættulegar fyrir sundlaugargesti, auk þess sem það sé viðurkennt af starfsmanni X að svæðið geti verið hált. Einnig bendir M á að mörg hálkuslys hafi orðið í Sundlaug Selfoss og hægt hefði verið að setja hálkuvörn í epoxyefnið fyrir utan saunaklefann til að koma í veg fyrir slys.

V telur ekki sýnt að það hafi orðið mörg hálkuslys á nákvæmlega sama stað og M féll. Þar hafi verið gólfefni verið búið sérstöku epoxy-efni sem sé með hárrí hálkuvörn og sé notað meðal annars í sturtuklefum sundlaugarinnar. V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að gólfið á umræddum stað hafi verið hálla en vænta megi í sundlaugarbyggingum en sundlaugargestir verði að gera ráð fyrir að gólf séu blaut í ljósi eðlis starfseminnar. Einnig vísar V til þess að ekki sé sýnt að það að setja mottu á umræddan stað eftir slys M sýni að hún hefði komið í veg fyrir slys M. V hefur því hafnað því að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V þar sem ekki sé sýnt fram á skaðabótaábyrgð X vegna slyssins.

Álit.

Í gögnum málsins má sjá að sá staður sem M féll er ekki sá staður sem flest hálkuslys hafa orðið í sundlaug þeirri sem X rekur. Þó slík tilvik hafi komið upp er ekki sjálfkrafa hægt að fullyrða að aðbúnaður hafi verið ófullnægjandi af hálfu X. Ber M sönnunarbyrði um að svo sé. Upplýst er að gólfefni þar sem M féll er sérstaklega sett með hálkuvörnir í huga, en jafnframt er ljóst að svæði við saunaklefa er almennt þannig að þar er bleyta vegna eðlilegrar umgengni sundlaugargesta. Hefur ekki verið sýnt fram á af hálfu M að fall hans sé vegna atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 390/2016
M og
vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar

Vatnstjón við gufubaðsklefa í kjallara húss í september 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.11.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 24.11.2016.

Málsatvik.

Fasteign sú sem hér um ræður er í eigu M og kemur fram í málskoti að forsvarsmenn M dvelji mikið erlendis. Eftirlit sé haft með fasteigninni mánaðarlega, þar sem athugað er hvort ekki sé allt í lagi í húsinu. M segir að forsvarsmenn M hafi farið til útlanda í febrúar 2016 og engin búíð í húsinu en móðir annars forsvarsmanns M hafi orðið vör við leka í september 2016 í gufubaðsklefa. M krefst bóta úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá M á þeim grundvelli að lekið hafi frá sprinklörri sem var í klefanum, en það hafi komið í ljós eftir að allt hafi verið rífið út úr klefanum eftir að matsmaður frá V hafi skoðað vettvang og hafi sá aðili sem það gerði komist að raun um að og því mótmæla M niðurstöðu matsmanns V um ástæðu tjónsins.

V telur að krani sem stýrir rennsli/þrýstingi inn á úðarör í gufubaðsklefa hafi verið lítillaga opinn og dropað úr honum og þarna hafi lekið í nokkra mánuði. V hafnar bótaskyldu og bendir á 1. gr. vátryggingarskilmála t.l. c í undanskildar áhættur þar sem segir að tryggingin bæti ekki “Tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka”. V telur ljóst það tjón sem hér ræðir um hafi orðið vegna langvarandi raka og vatnsleka.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en vatnsleki og raki í gufubaðsklefa í húsnæði M hafi varað í töluverðan tíma. Með vísan til t.l.c í 1.gr. vátryggingarskilmála undir liðnum undanskildar áhættur þar sem ábyrgð V vegna langvarandi vatnsleka er undanskilin á M ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni vegna umrædds vatns- og rakatjóns.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 20.12.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 391/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B.

Árekstur bifreiða við Rauðarárstíg í Reykjavík 20.11.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið 22.11.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-3.
2. Bréf V dags. 23.11.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins verður ekki annað séð en að báðum bifreiðum, A og B, hafi verið bakkað úr stæði þegar árekstur varð. Ökumaður A segist hafa bakkað úr stæði og stöðvað A og séð B bakka að sér og flautað og sett B í gir en B hafi lent á A. Ökumaður B segist hafa litið eftir bilum og síðan bakkað og heyrt flaut og síðan fundið högg við áreksturinn við A.

M telur að ökumaður bifreiðar B geti ekki einn borið ábyrgð á árekstrinum og ekki sé sannað að bifreið A hafi stöðvað áður en árekstur varð. Tjón hafi heldur ekki orðið á bifreið A nema vegna þess að ökumaður þeirrar bifreiðar hafi fært hana eftir áreksturinn.

V gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en kom á framfæri athugasemdum frá eiganda bifreiðar A, þar sem hann telur að bifreið A hafi verið búin að stöðva þegar árekstur varð og hafi því gætt nægilega að sér.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumenn beggja bifreiða hafi verið að bakka og þó að ökumaður A hafi náð að stöðva rétt áður en árekstur varð, er ekki sýnt fram á að það hafi verið í það langan tíma að skipti máli varðandi sakarskiptingu. Miðað við fyrirliggjandi gögn er því sök skipt til helminga milli ökumanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming tjónsins

Reykjavík 15.12.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 392/2016
M og
vátryggingafélagið V v. sjúklinga- og starfsábyrgðartryggingar L.

Kona féll fram af bekk eftir lækniáðgerð og slasaðist þ. 14.10.2014.

Gögn.

1. Málskot móttékið 22. nóvember 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 6. desember 2016 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M segir málavexti vera þá að hún hafi fallið fram af bekk þegar hún var undir svæfingu eftir aðgerð og slasast. M krefst bóta úr sjúklingatryggingu og starfsábyrgðartryggingu L og telur að M hafi verið í umsjá L þegar hún varð fyrir slysinu. M telur að ekki hafi verið gætt öryggis hennar með fullnægjandi hætti í umrætt sinn og gera verði þá kröfu að sjúklingar undir svæfingu séu öruggir. Kemur fram að ljóst sé að rúmið hafi ekki verið nægilega öruggt fyrst M gat fallið niður af því, um hafi verið að ræða hliðarstoð sem ekki virkaði og gaf falskt öryggi. Af hálfu M er vísað til 2. gr. 1. um sjúklingatryggingar nr. 111/2000 og auk þess er byggt á því að L hafi sýnt af sér saknæma háttsemi.

V hafnar bótaskyldu. V segir að sjúkrarúmið sem M var í hafi verið útbúið með hliðarstoðum og erfitt að sjá hvernig hægt hefði verið að koma í veg fyrir slysið þó meðferð hefði verið önnur. Þá segir V að ekkert bendi til þess að L hafi valdið tjóninu með saknæmri háttsemi. Að sögn L er venjan sú að staðið sé við hlið sjúklings þar til náð er góðu sambandi við hann. Þegar sjúklingur er að fullu vaknaður fara þeir sem sáu um vöknunina oft frá rúminu en eru ávallt í kallfæri og sjá lífsmörk. Í umrætt skipti hafi L og hjúkrunarfræðingur verið í um eins metra fjarlægð frá M og stóðu við hlið rúmsins að aðstoða annan sjúkling. Náðu þau ekki að grípa M sökum þess hve skyndileg hreyfing málskotsaðila var.

Álit.

Í 2. gr. laga um sjúklingatryggingar nr. 111/2000 segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhverra þeirra atvika sem síðan eru rakin í tl. 1-4. Í 1. tl. 2. gr. laganna er mælt fyrir um bótaskyldu ef ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviðið. M hafði verið svæfð vegna aðgerða sem læknir einn framkvæmdi og var umönnun og gæsla hjá L að lokinni aðgerð.

Fyrir liggur og óumdeilt er að M féll úr rúmi eftir svæfingu og aðgerð þegar M var í umsjá L sem svæfingarlæknis. Þótt hlífðarspjöld hafi verið á rúminu er ljóst að þau komu ekki í veg fyrir að M féll út úr rúminu. Eftir að sjúklingur er svæfður og í vöknun er viðkomandi algerlega háður umönnun þeirra sem sjá um sjúklingana. Því er afar mikilvægt að vel sé fylgst með sjúklingunum. Það virðist ekki hafa verið gert í þessu tilviki enda tókst M að fara yfir hlífðarspjöldin án þess að vekja eftirtekt umönnunaraðila og falla á gólf. Verður að telja að miðað við framangreint að komast hefði mátt hjá tjóni ef meðferðin hjá L hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið, sbr. 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Er því tjón M bótaskyldt samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L.

Reykjavík 17. janúar 2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 394/2016
M og
vátryggingafélagið V v. slysaftryggingar ökumanns og eiganda A.

Umferðaróhapp þegar bifreið var ekið út af vegi 27. júlí 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22.11.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 19.12.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M segist hafa ekið A út af veginum skammt frá Akranesi og ekki getað haft samband við lögreglu vegna þess að sími hans hefði skemmst við umferðaróhappið. M heldur því fram að hann hafi verið í ökuhæfu ástandi þegar óhappið varð. M krefst bóta úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda. Í lögregluskýrslu kemur fram að M var ekki á vettvangi þegar lögregla kom og ekki náðist í hann í síma. Af ummerkjum á vettvangi dró lögregla þá ályktun að A hafi verið ekið út af veginum niður á reiðstíg og þegar ökumaður hafi reynt að koma A upp á þjóðveginn aftur í talsverðum halla hafi hún oltið. Þá kemur einnig fram í lögregluskýrslu að M hafi sagst hafa sofnað undir stýri á leið sinni til Reykjavíkur. Þá kemur einnig fram í lögregluskýrslu að lögreglunni hafi borist ábending um að M hafi verið ölvaður í umrætt sinn, en haft er eftir M að hann hafi drukkið þrjá stóra bjóra og þrjár pilsner kvöldið áður, en tilkynning um bifreiðina barst lögreglu um kl. 5.30. V hafnar bótaskyldu og segir ósannað að M hafi verið undir stýri í umrætt sinn og vísar m.a. til að M hafi leitað til læknis fyrst tveimur vikum eftir umferðaróhappið. Þá segir V að M hafi ekki verið fær um að stjórna A í umrætt sinn þar sem hann hafi verið að skemmta sér kvöldið áður og drukkið áfengi auk þess sem M hafi ekki tilkynnt um óhappið þegar hann hafði tækifæri til þess. Þá vísar V til ákvæðis 9.1. í vátryggingaskilmálum sbr. ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004

Álit.

Löglíkur eru fyrir því að M hafi ekið bifreiðinni A í umrætt sinn. Fyrir liggur að M sofnaði undir stýri sbr. það sem kemur fram í lögregluskýrslu auk þess sem verulegar líkur eru á að M hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. M hefur viðurkennt að hafa drukkið áfengi nokkru fyrir umferðaróhappið. Öll atvik og gögn málsins benda því eindregið til þess að M hafi ekki verið hæfur til að aka bifreið þegar slysið varð. Þá verður ekki annað séð af atferli M í kjölfar óhappsins en hann hafi forðast að vera í samskiptum við lögreglu í kjölfar þess. Með vísan til ákvæðis í gr. 9.1. í vátryggingaskilmálum, sbr. ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 á M ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns A hjá V.

Reykjavík 24.1.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 395/2016

**M
og
vátryggingafélagið V v/ barnatryggingar.****Ágreiningur um upplýsingagjöf í tengslum við töku vátryggingar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 22.11.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 15.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með beiðni um barnatryggingu, dags. 21. maí 2015, sótti M um barnatryggingu fyrir son sinn, A, sem þá var fimm ára gamall. Beiðnin er undirrituð af nafngreindum söluráðgjafa hjá vátryggingarumboði sem annast sölu vátrygginga fyrir V. Á beiðninni er skráning þess efnis að söluráðgjafinn hafi „kynnt fyrir vátryggingartaka að tryggingin nær ekki til slysa sem áttu sér stað, eða til sjúkdóma sem voru greindir, áður en tryggingin tekur gildi, né heldur sjúkdóma sem greinast á fyrstu þremur mánuðum eftir gildistöku hennar.“ Samkvæmt vátryggingarskrarteini, dags. 26. maí 2015, var vátryggingartímabilið frá þeim degi til 1. maí 2016. Á skirteinið er skráð að vátryggingartakinn sé beiðinn um að kynna sé vel þá skilmála sem gilda um vátrygginguna og einkum vakin athygli á nokkrum tilgreindum ákvæðum í skilmálanum, þ. á m. ákvæðum um gildissvið vátryggingarinnar og takmörkun á ábyrgð. Sama dag og skirteinið var gefið út var M send orðsending með tölvubréfi á netfangið [M]@hotmail.com, þar sem honum var tilkynnt að umrædd barnatrygging hefði tekið gildi og þar var einnig skráð: „Við viljum benda á að tryggingin nær ekki til slysa sem áttu sér stað eða sjúkdóma sem greindust áður en tryggingin tók gildi. Tryggingin nær ekki til sjúkdóma sem greinast á fyrstu þremur mánuðum eftir að hún tekur gildi.“

A lést 22. ágúst 2015. Í kjölfarið krafðist M bóta vegna tveggja bótaþátta sem barnatryggingin fól í sér, þ.e. aðhlyningarbóta og dánarbóta. Með bréfi V, dags. 23. nóvember 2015, var bótaskyldu hafnað af hálfu félagsins. Segir í bréfinu að í gögnum sem aflað hafi verið komi fram að dánarorsök A hafi verið lungnabólga og að undirrot sjúkdóms/ástands hafi verið fjölfötun/flogaveiki. Í sjúkraskrá komi fram saga um endurteknar öndunarfærasýkingar sem krafist hafi meðferða og innlagna. Í ljósi þessara upplýsinga sé niðurstaða sú að ekki sé réttur til bóta úr vátryggingunni vegna andláts A. Sé niðurstaðan fengin á grundvelli takmarkana í 21. gr. skilmála vátryggingarinnar þar sem segi að vátryggingin taki ekki til fyrri sjúkdóma eða slysa eða afleiðinga slíks ástands sem til staðar var þegar vátryggingin var tekin.

M hefur ekki falist á afstöðu V til bótaskyldu. Í málskoti hefur M lýst aðdraganda þess að umrædd barnatrygging var tekin hjá V á þann veg að í nóvember 2014 hafi vátryggingasölumaður frá V komið á heimili M til að fara yfir tryggingamál fjölskyldunnar og bjóða þeim persónutryggingar. Komið hafi fram að M og unnusta hans hafi átt tvo syni og væri A annar þeirra og í umræðum um vátryggingarþörf og vátryggingarmöguleika einstakra fjölskyldumeðlima hafi M tjáð sölumanninum að A væri langveikur af völdum slyss sem hann hafði orðið fyrir nokkurra mánaða og af þeim sökum væri verulega óvíst um lífslíkur hans. Tjáði sölumaðurinn M að í ljósi þessa kæmi ekki til greina að tryggja A. Varð úr að M keypti barnatryggingu fyrir yngri drenginn.

Í maí 2015 fékk M símtal frá öðrum vátryggingasölumanni á vegum V af því tilefni að hann hafði orðið þess var að einungis eitt barn af þremur á heimilinu væri vátryggt með barnatryggingu og vildi hann athuga hvort M vildi ekki kaupa vátryggingu fyrir hina drengina tvo. Kvaðst M hafa tjáð sölumanninum að yngsta barnið væri nýfætt og hann vildi kaupa vátryggingu fyrir það. Hins vegar hvað snerti A þá væri hann langveikur, m.a. fjölfatlaður og þarfnaðist mikillar umönnunar auk þess væri ekki vitað um lífslíkur hans. Þessi sölumaður hafi þá sagt M að þetta hefði engin áhrif á það hvort hægt væri að tryggja drenginn. Ekkert væri því til fyrirstöðu þótt hann væri langveikur og glímði við heilsubrest. Með tilliti til þess sem áður hafði komið fram í fyrri samskiptum M við vátryggingasölumann frá V hafi þessar upplýsingar komið honum á óvart og hafi hann ítrekað við sölumanninn hvort örugglega væri unnt að vátryggja A þrátt fyrir heilsufar hans. Sölumaðurinn hafi ítrekað að ekkert væri því í vegi og á endanum hafi hann sannfærst og keypt vátrygginguna fyrir A eins og að ofan greinir. Tók M fram að sölumaðurinn hafi á engum tímupunkti upplýst hann um mögulegar takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar vegna veikinda A. Þá

hafi tilkynningar sem honum hafi verið sendar með tölvubréfi vegna gildistöku váttryggingarinnar verið sendar á rangt netfang, en hann sé með netfangið [M]@hotmail.co.uk en ekki [M]@hotmail.com.

Í athugasemdum V kemur fram að söluráðgjafi hjá umboðsmanni V hafi 21. maí 2015 haft samband við M símleiðis og boðið honum barnatryggingu vegna A og annars barns M. Fór svo að M keypti barnatryggingu fyrir þessi tvö börn sín og í beinu framhaldi af símtalinu hafi söluráðgjafinn sent beiðni til V um útgáfu váttryggingarinnar og hafi það verið gert 26. sama mánaðar. Þess er og getið í athugasemdum V að í byrjun árs 2015 var hætt að viðhafa sérstakt áhættumat í tengslum við sölu barnatrygginga, en áður hafi verið hafnað að veita langveikum börnum váttryggingarvernd á grundvelli áhættumatsreglna. Skilmálar váttryggingarinnar hafi ekki breyst við þessa verklagsbreytingu og með henni hafi ekki verið fallið frá takmörkun á gildissviði vegna afleiðinga fyrra heilsufars. Í stað áhættumats leggi félagið hins vegar afar ríka áherslu á að kynna þessa takmörkun fyrir væntanlegum viðskiptavinum. Mikilvægt sé að viðskiptavinum sé gert ljóst að váttryggingarverndin takmarkist við slys eða veikindi sem koma upp eftir að váttryggingin tekur gildi. V telur sig hafa fullnægt þeirri skyldu og samkvæmt almennum reglum beri M sönnunarhalla um það að honum hafi í símtalinu við söluráðgjafann ekki verið veittar upplýsingar um þá takmörkun á gildissviði váttryggingarinnar sem getið er í 21. gr. váttryggingarskilmálanna.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 64. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga skal váttryggingafélag, eða sá sem kemur fram fyrir þess hönd, sjá til þess við töku váttryggingar eins og hér um ræðir að váttryggingartaki fái nauðsynlega ráðgjöf um hvernig þörfum hans um váttryggingarvernd er mætt með váttryggingunni. Þá segir í 2. mgr. sömu lagagreinar að félagið skuli veita váttryggingartaka upplýsingar um mikilvæg atriði þeirra tegunda váttrygginga sem fullnægt geta þörf hans fyrir váttryggingarvernd. Félagið skal í því skyni meðal annars veita upplýsingar um skilmála og takmarkanir á gildissviði váttryggingarinnar miðað við það sem váttryggingartaki má með réttu ætla að hún taki til. Enn fremur er þess getið í 1. mgr. 69. gr. laganna að váttryggingafélög skulu sjá til þess að starfsemi sérhvers sem hefur með höndum sölu váttrygginga á þeirra vegum sé þannig háttað að við öflun váttrygginga sé gætt hags váttryggingartaka, váttryggðra og annarra sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta.

Eins og mál þetta horfir við verður að telja óumdeilt að í símtali því sem söluráðgjafi á vegum V og M áttu í maí 2015, hafi komið fram hversu bággt heilsufar A var og það hefði úrslitapýðingu fyrir M, er hann samþykkti að kaupa váttrygginguna, að hún tæki til heilsufars A eins og það var á því tímamarki, enda má fullvíst telja að þörf hans fyrir váttrygginguna hafi engin verið ef svo hefði ekki verið. Sú takmörkun sem fólst í 21. gr. váttryggingarskilmálunum fól því í reynd í sér verulega takmörkun á gildissviði váttryggingarinnar fyrir M og það mátti söluráðgjafanum vera ljóst. Var því brýnt, sbr. fyrrgreind lagaákvæði, að hann upplýsti M um þessa takmörkun og gengi úr skugga um að ekki færi á milli mála að M væri upplýstur um hana áður en hann samþykkti töku váttryggingarinnar. Við þessar sérstöku aðstæður verður að telja að V hafi sönnunarbyrðina um það að M hafi verið upplýstur um þá takmörkun sem fólst í 21. gr. skilmálanna áður en ábyrgð félagsins hófst.

M undirritaði ekki váttryggingarbeiðnina og gegn mótmælum M verður að telja ósannað að tilkynning V um gildistöku váttryggingarinnar hafi ekki verið send á netfang sem M réð yfir og hafði aðgang að. Þá var áminning í váttryggingarskírteini um að váttryggingartaki kynnti sér skilmála váttryggingarinnar og m.a. sérstaklega takmörkunarákvæði hans ekki svo afgerandi að ástæða væri fyrir M að ætla að takmörkun á gildissviðinu eins og mælt er fyrir um í 21. gr. myndi gilda í þeirri barnatryggingu sem hann tók fyrir A. Samkvæmt þessu og gögnum málsins virtum að öðru leyti verður að telja ósannað að við töku váttryggingarinnar hafi M vitað eða mátt vita um þá takmörkun á gildissviði váttryggingarinnar samkvæmt 21. gr. váttryggingarskilmála í því tilviki sem hér um ræðir. Af því leiðir að V getur ekki borið hið umdeilda skilmálaákvæði fyrir sig gagnvart þeim kröfum sem M hefur gert um bætur úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á aðhlyningarbótum og dánarbótum úr barnatryggingu vegna A hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 396/2016**M og
og váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar vélsleðans X.****Slys í Hlíðarfjalli 1. apríl 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 22.11.2016, ásamt fylgigögnum og bréfi dags. 13. desember 2016.
Bréf V, dags. 7.12.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var á slysdegi starfsmaður hjá fyrirtækinu Y, en í málskoti kemur einnig fram að það fyrirtæki hafi skipulagt viðburð sem fólst í því að keppt var í að stökkva af stökkpöllum, sem starfsmenn fyrirtækis bjuggu til, á skíðasvæði Hlíðarfjalls. Að því er virðist voru veðuraðstæður ekki með besta móti en M kveðst hafa látið eftir þrýstingi yfirmanns síns um að láta draga sig með vélsleðanum X niður skíðabrekkuna til að ná nægilegri ferð til að geta framkvæmt stökk á pallinum. Þegar M hafi síðan verið dreginn aftan í vélsleðanum X hafi hraði orðið of mikill og hann hafi því stökkið of hátt og lent þónokkru frá lendingarstað og hlaut nokkuð högg af og líkamstjón sem ekki er ástæði til að tilgreina nánar. M telur að slys hans megi rekja til notkunar vélsleðans X skv. hlutlægrri ábyrgðarreglu 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og beri eigandi hans því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M skv. 1. mgr. 90. gr. sömu laga. V sé ábyrgðartryggjandi X og sé því greiðsluskylt vegna afleiðinga líkamstjónsins. M leggur áherslu á að hann hafi verið undir nokkurri pressu að framkvæma stökkið með þessum hætti frá samstarfsmönnum sínum og verði einnig að líta til þess við mat á sök þeirra, þ.m.t. ökumanns vélsleðans, sbr. ábyrgðarregla 3. mgr. 90. gr. umferðarlaga. M telur einnig að hann hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi í greint sinn, en ef svo ólíklega vildi til þá sé sök eiganda vélsleðans þeim mun meiri.

V telur að líkamstjón M sé ekki hægt að rekja til hættueiginleika vélsleðans X sem ökutækis þar sem M hafi verið búinn að sleppa taki af sleðanum eða dráttarbeisli hans þegar hann varð fyrir tjóni auk þess sem hann hafi getað stjórnað því sjálfur hvenær hann sleppti. V telur að M hafi haft alla stjórn á aðstæðum og líkamstjón hans rakið til rangra viðbragða hans.

Álit.

Í gögnum málsins liggja fyrir lýsingar af því að M hafi hangið aftan í vélsleða, sem var ekið niður skíðabrekku, með það fyrir augum að hann næði nógu miklilli ferð til að stökkva á sérstökum stökkpalli í brekkunni. Verður að telja að í ljósi þess að vélsleðinn var notaður til þess að draga M að aðdragandi þess að M varð fyrir líkamstjóni sé notkun vélsleðans sem ökutækis. Það hvenær M sleppti taki á spottanum sem hann dró skiptir ekki meginmáli við ályktun um hvort um notkun vélsleðans X hafi verið að ræða og er einnig ljóst að t.d. hraði og vélarafli vélsleðans átti stóran hlut í því að M varð fyrir tjóni. Hvort um sig er hluti af hættueiginleikum vélsleðans sem ökutækis og verður tjónið því rakið til notkunar hans í skilningi 88. gr. umferðarlaga.

Þegar litið er til háttsemi M í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga þykir ljóst að það að taka sér far með vélsleðanum með því að hanga aftan í honum er augljóst hættuspil og verður sú háttsemi metin M til stórkostlegs gáleysis. Þegar tekið er mið af aðstæðum öllum þykir rétt að skerða rétt hans til bóta um þriðjung (1/3). M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu vélsleðans X að 2/3 hlutum af heildartjóni sínu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu vélsleðans X, en bætur til hans skerðast um 1/3 hluta af heildartjóni hans.

Reykjavík, 17. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 397/2016**M
og váttryggingafélögin
V1 og V2****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.****Gögn.**

Málskot, dags. 24.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf S, dags. 28.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.12.2016.

Málsatvik.

Ökumaður A sem er í eigu M ók norður Lækjargötu þegar ökutæki B beygði til hægri með fyrirhugaða akstursstefnu til austurs Amtmannsstíg og ók í veg fyrir A. A lendir á hægri afturhlið B sem snerist við höggið í tæpar 180°. Tjónanefnd váttryggingafélaganna skipti sök aðila til helminga.

Ökumaður A kveður ökutækið B hafa verið beygt skyndilega í veg fyrir sig. Ökumaður B sagðist hafa beygt til hægri en ekki orðið var við ökutækið A fyrr en áreksturinn varð.

V telur að M eigi að bera alla sök þar sem A var ekið á sérstakri akrein sem einungis er heimiluð strætisvögnum og leigubílum.

Í bréfi S kemur fram að ljóst sé að ökumaður sem beygir til hægri af vinstri akrein þurfi eðli málsins samkvæmt að gæta sérstakrar varúðar og ganga úr skugga um að engar bifreiðar séu á hægri akrein áður en beygt er og að beygt sé án hættu eða óþæginda fyrir aðra, sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. S telur að eigandi B eigi að bera bera alla sök þar sem hann gætti ekki nægilega að umferð í kringum sig.

Álit.

Fyrir liggur að B tók hægri beygju og ók í veg fyrir A. A ók á akrein sem merkt er fyrir strætisvagna en það leysir þó ekki ökumann B frá því að gæta að umferð þegar hann tekur hægri beygju. Það eitt að A ekur á akrein fyrir strætisvagna fellir ekki alla sök á hann að mati úrskurðarnefndarinnar. Þykir rétt að hvor aðili beri helming sakar.

Niðurstaða.

Sök er skipt að jöfnu milli ökumanna.

Reykjavík, 17. janúar 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 398/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar O.

Vatnstjón í kjallara húss þegar verið var að vinna við hitaveitulögn 8.11.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 24.11.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 7.12.2017 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M segir að vatn hafi flætt niður í kjallara húss hans við Víkurbakka í Reykjavík þar sem starfsmenn O voru að skipta um hitaveitulögn og létu heitt vatn renna inn á Víkurbakkann þannig að niðurföll höfðu varla eða ekki undan. M telur að niðurfall fyrir framan hús hans hafi verið eitthvað laskað og segir M að farið hafi verið fram á að þetta yrði skoðað en það hafi ekki verið gert. Þá liggur fyrir að dæla sem er í niðurgröfnu rými í húsi M hafði ekki undan og sló rafmagn fyrir dæluna út í kjölfarið þegar vatn fór yfir spennubreyti á gólfinu. M segir að vatnstjón hans sé a.m.k. 250 þúsund. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu O hjá V. Af hálfu O er því haldið fram að starfsmenn O hafi farið að öllu leyti eftir reglum og vatn hafi verið kælt og þess gætt að vatn rynni ekki inn á lóðir. O hafnar því að starfsfólk fyrirtækisins hafi gert mistök við framkvæmd þess verks sem unnið var í umrætt sinn í Víkurbakka í Reykjavík. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M þurfi að sanna að vatn hafi komist í kjallara húss hans vegna atvika sem O og/eða starfsfólk hans beri skaðabótaábyrgð á. Þá segir V að engin gögn liggja fyrir sem staðfesti að dælan í niðurgrafna rými húss M hafi ekki haft undan því mikla vatnsmagni sem M segir að hafi komið inn og telur V ósannað hvað olli bilun á dælunni.

Álit.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð og engin gögn lögð fram af hálfu M sem sanna eða gera sennilegt að O eða starfsfólk O beri ábyrgð á því vatnstjóni sem hann varð fyrir 8.11.2016. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Reykjavík 17.1.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 399/2016
M og
vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Snæfellsnesvegi við félagsheimilið Lyngbrekku þann 9. október 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24. nóvember 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 8. desember 2016 ásamt gögnum.
3. Tölvubréf V1 frá 5. desember 2016.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B þegar þeim var ekið á móti hvor annarri á Snæfellsnesvegi við félagsheimilið Lyngbrekku þann 9. október 2016. Samkvæmt lögregluskýrslu hafði B verið ekið til norðurs en bifreið A til suðurs. Varð árekstur með bifreið B og hestakerru sem bifreið A dró eftir sér. Ökumaður bifreiðar B kveðst ekki muna neitt eftir áreksturinn en taldi sig þó ekki hafa misst meðvitund. Ökumaður bifreiðar A, sem er málskotsaðili M, kveðst hafa séð mann á gangi á vegarbrúninni sín megin til suðurs. Kveðst hann hafa sveigt frá manningnum en ekki þurft að fara yfir miðlínu vegarins.

Maðurinn sem var á gangi meðfram veginum tjáði lögreglunni að bifreið A hafi verið sveigt frá sér þegar hún ók framhjá honum, og sagðist hann hafa séð að hestakerran hafi farið yfir miðlínu vegarins þegar óhappið varð. Fram kemur í lögregluskýrslu að maðurinn virtist utan við sig og í annarlegu ástandi. Tvö vitni sem voru farþegar í bifreið A fullyrða í yfirlýsingu sem þau skrifa undir að bifreið A hafi verið á réttum vegarhelmingi þegar áreksturinn varð.

Álit.

Ljóst er að árekstur varð milli bifreiða A og B þann 9. október 2016. Samkvæmt vitni sem var á gangi eftir vegarbrúninni var hestakerra bifreiðar A komin yfir miðlínuna þegar áreksturinn varð. Miðað við athugasemdir lögreglunnar í lögregluskýrslu er ekki hægt að miða við þann framburð, enda kemur fram að maðurinn hafi verið utan við sig og í annarlegu ástandi. Er slíkt vitni ekki trúverðugt. Ekki er heldur hægt að leggja til grundvallar vitnisburð tveggja farþega annarrar bifreiðarinnar þar sem þeir geta ekki talist óhlutdrægir. Því er ljóst að ekki liggur fyrir sönnun um staðsetningu bifreiðanna þegar áreksturinn varð. Verður því að skipta sök jafnt milli beggja aðila.

Niðurstaða.

Sök skiptist að jöfnu milli bifreiða A og B.

Reykjavík 17. janúar 2017.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 401/2016**M
og
V****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnsleka.****Gögn.**

Málskot, dags. 28.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 20.12.2016.

Málsatvik.

Ágreiningur málsins er um bótaskyldu vegna vatnsleka í íbúð M sem íbúar urðu varir við á árinu 2015. Lykt fannst í fataherbergi og komin var mygla í baðloft.

M fengu mat á ástandi íbúðarinnar vegna vatnslekans hjá Frumherja. Í niðurstöðu matsins dags. 16.12.2015 kemur fram að mygla sé vel sjáanleg í timburgrind útveggjar undir baðkari. Myglusveppur sé sjáanlegur í loftaplötu og raki sé í veggjum og lofti. Rakinn mælist mestur þar sem mygla er eða 10% á móti 4% þurru viðmiði. Þá segir að líklegast sé að mygla sé tilkomin vegna vatnsskaða sem varð vegna leka frá baðkari í íbúð efri hæðar árið 2013. Fram kemur að endurnýja þurfi þann hluta innra byrðis útveggjar þar sem mygla hefur komist í og loftaplötu baðherbergis. Sýni úr vegg voru send Náttúrufræðistofnun sem staðfesti myglu í vegg fataherbergis og að hafi raki hafi mælist einnig í horni gólfplötu. Fram kemur að endurnýja þurfi innra byrði útveggjar og rífa burt gólfefni og meðhöndla gólfplötu.

Á árinu 2013 hafði komið upp leki í lofti á baðherberginu sem V hafði talið bótaskyld. Skemmdirnar voru lagaðar á þeim tíma en lekinn stafaði af því að niðurfallsrör baðkars í íbúðinni fyrir ofan hafði gefið sig og lekið.

Í bréfi V kemur fram að V hafi boðið bætur vegna lekans árið 2013. Skoðunarmaður V hafi skoðað íbúðina árið 2015 og hafi hann talið að læki með blöndunartækjum baðsins. Sturtuklefinn hafi verið plastaður og hafi það minnkað rakann og hafi skoðun í desember 2015 staðfest það. Enginn raki hafi mælst uppi við loft herbergisins. Af þessu telur V að ekki sé um bótaskyldan tjónsatburð að ræða.

Álit.

Í málinu liggur fyrir mat Frumherja á vatnsleka þeim er mál þetta snýst um. Í matinu kemur fram að líklegast sé að mygla sé tilkomin vegna vatnsskaða sem varð vegna leka frá frárennsli baðkars í íbúð á efri hæð árið 2013.

V hefur ekki mótmælt niðurstöðu Frumherja sem er utanaðkomandi og óháður matsaðili. Úrskurðarnefndin leggur þá niðurstöðu til grundvallar í máli þessu enda ekki sannað að leki hafi komið annars staðar frá. M á því rétt á bótum úr fasteignatryggingu V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu V.

Reykjavík, 24. janúar 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 402/2016
M og
vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar.

Útanborðsmótor stolið úr bát sem var á læstu svæði við Bryggjuhverfi í Rvk. þ. 10.8.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.11.2016 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 20.12.2016.
3. Athugasemd M dags. 30.12.2016.

Málsatvik.

M segja að aðfaranótt 10. ágúst s.l. hafi utanborðsmótor af einkabáti þeirra verið stolið þar sem báturinn var á læstu svæði í svonefndu Bryggjuhverfi í Reykjavík. M segja að ekki hafi verið unnt að gera meiri varúðarráðstafanir en þau hafi gert í umrætt sinn og segja að tveimur utanborðsmótorum hafi verið stolið þessa sömu nótt, en skv. lögregluskýrslu sjást ekki ummerki um innbrot á hliðinu sem þarf að fara í gegn um til að komast inn á svæðið. M segjast hafa haft þessa aðstöðu í 6 ár og valið hana vegna þess að svæðið er læst og einungis meðlimir þess klúbbs sem þarna er með aðstöðu hafi lykil að svæðinu. M benda á að mögulegt sé að mótornum hafi verið stolið með þeim hætti að komið hafi verið að svæðinu af sjó. M krefjast bóta og benda á ákvæði 15.gr. vátryggingaskilmála sinna og segja að hinn aðilinn sem varð fyrir þjófnaði á sama tíma á utanborðsmótor sé með tryggingu hjá V og hafi fengið tjón sitt bætt. V hafnar bótaskyldu og benda á ákvæði í grein 15.2 í vátryggingaskilmálum. V telur að báturinn hafi verið á óvörðu rými og vísa til að hægt hafi verið að komast að svæðinu af sjó.

Álit.

Ekki er um það deilt að M hafi skilið við bát sinn í bátahöfn þar sem rýmið er læst og engin merki eru um innbrot á svæðið. Þá liggur einnig fyrir og óumdeilt, að hægt er að komast að svæðinu af sjó og eru engar varnir við því. Ákvæði í gr. 15.2. í vátryggingaskilmálum er fortakslaust og þar er kveðið á um að tryggingin bæti aðeins tjón á auka- og varahlutum sem tilheyra vélbúnum skemmtibátum sem geymdir eru í bílskúr eða læstri geymslu á heimili vátryggingataka sem tilgreint sé í vátryggingaskírteini. Tryggingarvernd vátryggingar M tekur því ekki til þessa tilviks þar sem utanborðsmótornum var ekki stolið úr læstri geymslu á heimili M svo sem áskilið er í vátryggingaskilmálum tryggingar M hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 17.1.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 403/2016**M
og****V v/ réttaraðstoðartryggingarþáttar húseigandatryggingar.****Ágreiningur um túlkun á undanþáguákvæði í váttryggingarskilmálum.****Gögn.**

Málskot, móttakið 30.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 14. október 2016 var kveðinn dómur í Héraðsdómi Reykjaness í dómsmáli sem M höfðaði ásamt meðeiganda sínum að tiltekinni fasteign á hendur byggingarstjóra fasteignarinnar og V til réttargæslu til heimtu skaðabóta vegna meintra galla á eigninni. Með dóminum var byggingarstjórinn sýknaður af kröfum M og meðeiganda hans og voru þau dæmd til að greiða byggingarstjóranum og V málskostnað.

M hafði í gildi húseigandatryggingu hjá V, en sérstök réttaraðstoðatrygging er einn þáttur í húseigandatryggingunni. M hefur krafist þess að kostnaður hans vegna málarekstursins verði greiddur úr réttaraðstoðartryggingunni. V hefur hafnað greiðsluskyldu úr váttryggingunni með vísan til undanþáguákvæðis í váttryggingarskilmálunum þess efnis að váttryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varðar málarekstur gegn félaginu sjálfu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum réttaraðstoðartryggingarinnar er hlutverk hennar að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í gr. 2.1 í skilmálunum segir að váttryggingin taki til ágreinings, sem snertir váttryggðan sem eiganda hinnar váttryggðu húseignar, og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt, gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Í 3. gr. skilmálanna eru talin upp þau atvik sem váttryggingin tekur ekki til, þ. á m. í gr. 3.10 fyrrgreint ákvæði að váttryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varðar málarekstur gegn félaginu sjálfu. Hér er um undanþáguákvæði að ræða sem skýra ber þröngt.

Í gildi er reglugerð um réttaraðstoðartryggingar, nr. 99/1998. Í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar segir að hún hafi að markmiði að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur váttryggðs og váttryggingafélags vegna réttaraðstoðarváttryggingar, einkum þegar váttryggingafélag váttryggir aðila deilumáls sem jafnframt eru váttryggðir hjá sama váttryggingafélagi. Samkvæmt þessu ákvæði er út frá því gengið að váttryggður geti átt rétt til bóta jafnvel þótt aðilar deilumáls séu váttryggðir hjá sama félagi. Í ljósi þessa verður að skýra hið umdeilda undanþáguákvæði í váttryggingarskilmálum V svo að það eigi ekki við þegar um er að tefla málarekstur við félagið á grundvelli váttryggingarsamnings við það. Þar sem sú staða er uppi varðandi þá kröfu sem M hefur gert á hendur V í máli því sem hér er til úrlausnar getur V ekki borið undanþáguákvæðið fyrir sig. M á því rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 404/2016
M og
vátryggingafélagið V v. fasteigna(húseigenda)tryggingar

Vatnstjón þegar vatn lak niður í kjallararými í október 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29.11.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-2 og athugasemdum dags. 9.12.2016.
2. Bréf V dags. 5.12.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-2.
3. Bréf M dags. 9.12.2016.

Málsatvik.

Niðurfall í ljósgryfju fyrir utan hús M stíflaðist með þeim afleiðingum að vatn safnaðist fyrir í gryfjunni og lak niður í kjallararými. M segir að dagana 6., 12. og 13. október 2016 hafi verið úrhelli í Reykjavík. M segir að ljósgryfja fyrir utan hús sitt sé mjög stór og geti tekið við miklu magni af vatni og niðurföll séu í miðju gryfjunnar. Hreinsað hafi verið frá niðurföllum áður en M fór í utanlandsferð 22. september 2016 en hann kom til baka 9. október s.á. M segir að sjaldan sé farið niður í kjallara húss hans, en það hafi verið gert 23. október sl. og þá hafi komið í ljós að mikið vatn hafi runnið frá ljósgryfjunni og inn í kjallarann. M telur að tjónið hafi orðið vegna þess að lagnir hússins hafi ekki haft undan til að flytja það í burtu vegna úrkomumagnsins og því sé tjónið bótaskyld miðað við skilmála húseigendatryggingarinnar. V hafnar bótaskyldu og vísar til gr. 9.1.6 í skilmálum vátryggingarinnar, þar sem segir að tryggingin bæti tjón sem orsakist af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verði svo mikið að nái ekki að flytja það frá og við mat á þessu sé haft til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu. V segir að ekki hafi verið um skyndilegt úrfelli eða asahláku að ræða þá daga sem vísað sé til af M, að tjónið hafi getað orðið og ekki valdið almennu eignatjóni á svæðinu umrædda daga. V telur að tjónið megi rekja til stíflu í niðurfalli við kjallara hússins.

Álit.

Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvenær eða með hvaða hætti vatnstjónið sem hér um ræðir varð. Úrcoma í Reykjavík dagana sem M tiltekur sem mögulega tjónsdaga var mjög mikil þó ekki hafi verið um asahláku að ræða. Ekki hefur verið sýnt fram á að um skyndilegt úrfelli hafi verið að ræða umrædda daga. Þá er ekki sannað að almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu þó einhliða yfirlýsing sem M aflaði dags 9.12.2016 hafi verið lögð fram í málinu. Á það skortir að sýnt hafi verið fram á að úrfelli hafi orðið ofangreinda daga í október 2016 og/eða valdið almennu eignatjóni á svæðinu. M á því ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V sbr. gr. 9.1.6 vátryggingaskilmála.

Niðurstaða.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn á M ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 10.1.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 405/2016**M
vátryggingafélag (V) og
vátryggingafélag (Y).****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss.****Gögn.**

Málskot, dags. 1.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélags, dags. 20.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf Y, vátryggingafélags, dags. 16.12.2016.

Málsatvik.

M er að hjóla heim úr vinnu og þegar hann fer framhjá F-höfn við húsnæði B að Geirsgötu ákveður hann að fara af hjólreiðastígnum og hjóla gegnum hafnarsvæðið við húsnæði B. Þegar hann kemur að stólpum sem afmarka lóð B snarstoppar hann þar sem keðjur eru á milli stólpanna og fellur fram fyrir sig af hjólinu. M slasaðist við höggið og brotnaði meðal annars á báðum höndum.

M telur að hann eigi rétt á bótum úr ábyrgðatryggingum F og B hjá V og Y þar sem viðvörunarmerki hafi skort við slysstað vegna keðjanna.

Y telur ábyrgð vegna F-höfn ekki vera fyrir hendi þar sem svæðið tilheyri ekki höfninni auk þess sem tjónþoli hafi ekki gætt þeirrar varúðar sem ætlast mátti til af honum.

V telur að meiðsli tjónþola sé ekki að rekja til sakar vátryggingartaka, ófullnægjandi aðstæðna eða annarra atvika sem hann beri skaðabótaábyrgð á. Þá telur V að sá hluti hafnarinnar þar sem slysið varð sé ekki í eigu B. V hafnar því bótaskyldu

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að M hjólaði þessa leið almennt í og úr vinnu og að hann hjólaði af ásettu ráði inn á hafnarsvæðið til að stytta sér leið. Af því leiðir að M þekkir svæðið og á að þekkja aðstæður sem hafa verið eins um langt skeið. Á skilti sem stendur við svæðið er varað við því að um vinnusvæði sé að ræða og einnig kemur þar fram að öll óviðkomandi umferð sé bönnuð. M mátti vita um skiltið þar sem hann hjólar iðulega þar framhjá. Af öllum ummerkjum á slysstað er ljóst að ekki er ætlast til þess að óviðkomandi umferð sé um svæðið. M fór sjálfviljugur af hjólastígnum og hefði átt að gæta sérstakrar varkárni þegar hann ók inn á hafnarsvæðið. Ekki er um saknæma háttsemi vátryggingataka að ræða. Með vísan til framangreinds fellur tjón M ekki undir ábyrgðatryggingu V eða Y.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu F og B hjá V og Y.

Reykjavík, 31. janúar 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 406/2016
M og
og váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Slys á fótboltavelli 8. ágúst 2016.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, dags. 30.11.2016, ásamt fylgigögnum og bréfi dags. 30. desember 2016.
Bréf V, dags. 20.12.2016, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna slyss M kemur fram að það hafi átt sér stað á fótboltavelli rétt við hótél sem X rekur. Í skýrslunni er haft eftir M að hann hafi verið að spila fótbolta við börn á umræddum fótboltavelli, hann hafi stökkið upp í slá fótboltamarks á staðnum og þá hafi markið hvolfst yfir hann þannig að hann fékk áverka á höfði. Nánari lýsing er höfð eftir M í lögregluskýrslu eftir samtal við hann níu dögum eftir atburðinn og þá segir hann þannig frá að hann hafi gripið í slánna á markinu og ætlaði að lyfta sér þannig upp en þá hafi markið hvolfst yfir hann.

M telur að aðbúnaður á fótboltavellinum hafi verið ófullnægjandi og ekki í samræmi við byggingarreglugerð. Þar sé t.d. sérstaklega tekið fram að frágangur leikvallartækja skuli vera þannig að ekki skapist hætta á slysum auk þess sem sambærileg regla komi fram í reglugerð nr. 942/2000 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða. M telur að það að festa fótboltamark ekki niður með tryggilegum hætti skapi augljósa slyshættu auk þess sem X hafi verið kunnugt um að markið hafi ekki verið fest niður og hafi ekki gert ráðstafanir strax til að festa það.

V vísar til þess að M hafi ekki verið gestur á hóteli X heldur gestur í húsi í einkaeigu nálægt hótelinu. V vísar einnig til upplýsinga frá X um að það hafi fyrst verið kvöldið fyrir umrætt atvik sem starfsmenn X fengu vitneskju um að markið væri laust og strax morguninn eftir hafi starfsmaður X sett sig í samband við staðarhaldara á svæðinu fyrir fasteignareiganda þann sem X leigir fasteignina af fyrir sinn hótélrekstur. Sá hafi hins vegar ekki náð að bregðast við áður en slys M varð, síðar sama dag. V telur að X hafi ekki getað brugðist við umræddum aðstæðum fyrr en skömmu áður en slysið varð og hafi þær ráðstafanir sem hægt var að gera, verið gerðar, hratt og örugglega. Verði því ekki séð að X beri skaðabótaábyrgð á slysi M í greint sinn.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að vitneskja forsvarsmanna X, um að fótboltamark það sem M fékk á sig hafi verið laust, var ekki fyrir hendi fyrr en kvöldið áður en atvikið átti sér stað. Telst ekki sannað að X hafi vitað af umræddum aðstæðum fyrr og ekki verður heldur lagt til grundvallar að þau viðbrögð sem X sýndi við þeirri vitneskju hafi verið ófullnægjandi. Telst af þeim sökum ekki sýnt fram á að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X hafi vanrækt skyldur sínar skv. almennum fyrirmælum í reglum um öryggi leikvalla.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 407/2016
M og
vátryggingafélagið V ábyrgðartryggingar A.

Maður féll og slasaðist, þegar færanlegur vinnupallur rann til 16.4.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.12.2016 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 28.12.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2.
3. Athugasemdir vegna M dags. 4.1.2017.

Málsatvik.

M segir að samstarfsmaður hans hafi komið færanlegum vinnupalli fyrir þar sem M ætlaði að mæla og hafi hann farið upp færanlegar áltröppur og stigið með öðrum fæti á vinnupallinn sem rann þá til þar sem hjól hans voru ólæst. M féll við það og slasaðist. V krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og segir að það verklag hafi verið á vinnustaðnum að sá sem færði vinnupall hafi átt að læsa hjólum hans, en það hafi samstarfsmaður M ekki gert og beri A ábyrgð á þessari gáleysislegu háttsemi samstarfsmannsins. M segir að aðstæður á vinnustað hafi verið ófullnægjandi og vinnupallurinn verið án handriða. M segist ekki hafa haft verkstjórn með hendi. Slysið var tilkynnt Vinnueftirlitinu tveim dögum eftir slysið. V segir að vinnupallurinn hafi ekki verið vanbúinn. Þá vísar V til gr. 16.4 í reglugerð nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á byggingarvinnustöðum ofl. um að færanlegir vinnupallar skuli festir svo þeir geti ekki hreyfst af sjálfsdáðum og þessi skylda segir V að hvíli á þeim sem umgangast vinnupall og nota hann hverju sinni. M hafi borið að gæta þess að hjól væru læst áður en hann fór á vinnupallinn. V segir að skv. upplýsingum A hafi M verið verkstjóri og á honum hafi því hvílt ákveðnar skyldur. Þá segir V að það að handrið hafi vantað á vinnupallinn leiði ekki eitt og sér til bótaskyldu A enda sé orsök slyssins fyrst og fremst sú að hjól pallsins voru ólæst. V segir að það verði ekki metið samstarfsmanni M til gáleysis að hafa ekki læst hjólum vinnupallsins enda hafi það staðið M næst að tryggja öryggi sitt og ganga úr skugga um að hjól vinnupallsins væru læst. Þá vísar A til þess að ekki sé sá ágreiningur um málsatvik að það skipti máli við úrlausn á máli þessu.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu M að aðbúnaði á vinnustað hafi verið ábótavant. Sá vinnupallur sem M hugðist nota í umrætt sinn var færanlegur og þurfti að læsa hjólum hans áður en farið væri á hann. Það gerði M ekki og er það orsök slyssins. Leggja verður þá skyldu á þá sem ætla að nýta færanlega vinnupalla að þeir gangi a.m.k. úr skugga um það að hjól slíks palls séu læst áður en þeir fara upp á vinnupallinn og önnur einföld öryggistæki virki ef um þau er að ræða. Það gerði M ekki. Ekki hefur því verið sýnt fram á vanbúnað á vinnustað eða sök A eða starfsfólks A í umrætt sinn og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 17.1.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 408/2016

M
og
vátryggingafélag (V) og
vátryggingafélag (T)

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.

Gögn.

Málskot, dags. 22.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf T, vátryggingafélags, dags. 7.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélags, dags. 22.12.2016.

Málsatvik.

A er lagt í innkeyrslu að bílastæðum við Pósthúsbarinn við Skipagötu á Akureyri. B hyggst aka inn á bílastæðin en þar sem A er í innkeyrslunni ekur B til hliðar við innkeyrsluna. Á sama tíma bakkar A og lendir á B.

Í gögnum málsins kemur fram að tjónanefnd vátryggingafélaganna komst að þeirri niðurstöðu að B bæri alla sök fyrir að hafa ekið yfir gangstétt fyrir aftan A.

Í bréfi T kemur fram að félagið telur að A eigi að bera alla sök þar sem ökumaður gætti ekki að umferð þegar hann bakkaði.

Í bréfi V kemur fram að félagið telur að B eigi að bera alla sök þar sem ökumaður fór yfir gangstétt til að komast inn á bílastæðið.

Álit.

A er lagt í innkeyrslu við bílastæðið og bakkar á B sem hugðist fara yfir gangstétt til að aka inn á bílastæðið. Úrskurðarnefndin telur að ökumaður A hafi verið ranglega staðsettur í innkeyrslunni og ekki gætt nægjanlega að umferð fyrir sig þegar hann bakkaði. Auk þess telur úrskurðarnefndin að B hafi ranglega verið ekið yfir gangstétt til að komast á bílastæðið. Af þessum sökum þykir rétt að hvor aðili beri helming sakar.

Niðurstaða.

Sök er skipt að jöfnu milli ökumanna.

Reykjavík, 24. janúar 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 409/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss á farþega í bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 15.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi 30. júlí 2015 var bifreiðinni A ekið á stórt grjót sem var fast upp við ljósastaur á grasbala við Lónsbraut í Hafnarfirði. Ökumaður A var tæpra 17 ára og hafði ekki öðlast ökuréttindi þegar óhappið varð. Fjórir farþegar voru í A, tveir þýskir ferðamenn og tvær stúlkur og var M önnur þeirra. Báðar stúlkurnar hurfu af vettvangi áður en lögreglu bar að. M fór heim til sín og tjáði móður sinni hvað gerst hafði. Daginn eftir leitaði M á slyssadeild og greindist þá með merki um hálstögnun og verki í mjólbaki.

Í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir ökumanni A að hún hafi ekið austur Lónsbraut á um 45 km hraða á klst. og verið í beygju þegar hún missti stjórn á bifreiðinni og ekið upp á gangstétt og svo á steininn. Hvers vegna hún hafi ekið A umrætt sinn án ökuréttinda kvaðst hún aldrei hafa gert slíkt áður en ætlað að „redda“ vinum sínum í þetta eina skipti. Sagði hún að allir vinir sínir „stunduðu þetta, þ.e. að keyra án réttinda og átti þetta að vera bara í þetta eina skipti.“

M hefur gert kröfu um bætur vegna líkamstjóns síns hjá V, ábyrgðartryggjanda A. V hefur fallist á bótaskyldu að helmingi, en telur að M verði að bera sjálf tjón sitt að hálfu þar sem hún hafi verið meðvöld að tjóninu af stórkostlegu gáleysi, sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með því að hafa umrætt sinn þegið far með réttindalausum ökumanni. Byggir V afstöðu sína til bótaskyldu einkum á því að samkvæmt frásögn ökumanns A hafi tilgangur ökuferðarinnar verið að „redda vinum sínum í þetta eina skipti.“ M hafi horfið af vettvangi og fyrir liggja að M og ökumaðurinn séu vinir á samfélagsmiðlum, svo og kærastar þeirra. Með hliðsjón af tengslum ökumanns og M og háttsemi M eftir slysið sé afar ótrúverðugt að M hafi ekki vitað að ökumaðurinn hafi ekki öðlast ökuréttindi og ekki haft aldur til að öðlast slík réttindi. Með því að hafa þegið far með réttindalausum ökumanninum hafi M sýnt háttsemi sem metin verði henni til stórkostlegs gáleysis.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Bætur fyrir líkamstjón má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. V hefur sönnunarbyrði um það að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þannig að lækka megi bætur til hennar.

Af ummælum ökumanns A í lögregluskýrslu verður ekki ráðið að M hafi vitað eða mátt vita að ökumaðurinn hafi verið án ökuréttinda. Þá verður heldur ekki slíkt ráðið þótt M hafi horfið af vettvangi og farið heim til sín strax eftir að slysið varð. Enn fremur verður ekki séð af fyrirliggjandi gögnum að M, ökumaður A eða unnustar þeirra hafi haft slík samskipti á samfélagsmiðlum að M hafi vitað eða mátt vita um réttindaleyssi ökumannsins. Samkvæmt þessu og að virtum gögnum málsins að öðru leyti þykir ekki fram komin nægileg sönnun um að M hafi vitað að eða mátt vita að ökumaður A hafði ekki öðlast ökuréttindi þegar hún tók far með henni og slysið varð. Af þeim sökum eru ekki skilyrði að lögum til að skerða bætur til hennar.

Niðurstaða.

M á óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 410/2016**M og
og váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vatnstjón í íbúð 1. janúar 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 5.1.2016, ásamt fylgigögnum og tölvupósti málskotsaðila dags. 1. janúar 2017.

Bréf V, dags. 29.12.2016, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að í íbúð M séu ýmsar skemmdir vegna raka sem hún rekur til þess að hitavatnslögn hafi bilað utanhúss.

M telur að X beri ábyrgða skemmdunum vegna umræddrar bilunar, en hana verði að rekja til viðhaldsleysis X á lögn. Einnig bendir M á að enginn hjá X hafi viljað koma á staðinn til að skoða aðstæður heldur hafi starfsmenn X vísað strax á V.

V vísar til upplýsingar sem fengust frá X um málið þar sem komi fram að fyrirvaralaus bilun hafi orðið og hafi starfsmenn X brugðist strax við með viðgerð þegar tilkynning barst um leka. V telur ekki sýnt að atvik eða aðstæður hafi verið með þeim hætti að X beri skaðabótaábyrgð vegna þeirra.

Álit.

Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber almennt sönnunarbyrði fyrir því að atvik og aðstæður séu með þeim hætti að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli virðist hafa orðið tjón innanhúss á húseign M en ekki virðist alveg ljóst hvort það megi rekja til sundurslitinnar skolplagnar eða lagnar X fyrir utan húseignina. Í málinu liggja ekki fyrir aðrar upplýsingar en þær að starfsmenn X hafi brugðist strax við og gert við lagnir utanhúss þegar tilkynning barst og ekki verður séð af gögnum málsins að þeir hefðu mátt vita um ástand hennar eða átt að gera frekari ráðstafanir í greint sinn. Ber M hallann af þeim sönnunarskorti og hefur ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi hjá X. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 411/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar S.

Stigi rann undan manni og hann slasaðist 18.9.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið 5.12.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 19.12.2016.
3. Athugasemd vegna M dags. 20.12.2016.

Málsatvik.

M var að fara nður í fiskeldiskar. Til að komast ofan í karið þurfti M að nota stiga og var stiganum haldið við karið með kaðli. Slaki var á kaðlinum sem varð til þess að stiginn rann örlítið undan M þegar hann steig í stigann og við það féll M klovvega á karbríkina og slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V og segir það í verkahring samstarfsmanns M að sjá um að festa stigann og þessi vanræksla samstarfsmannsins hafi leitt til slyssins og beri vinnuveitandinn S ábyrgð á því. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi verið fullkunnugt um hversu mikilvægt það hefði verið að festa stigann sem rann til undir honum. Þá bendir V á reglur sem leggja þá skyldu á atvinnurekendur að tryggja það að lausa stiga sé hægt að festa og slíkur búnaður hafi verið fyrir hendi, en M ekki gætt þess að festa stigann, svo sem honum hafi borið, með fullnægjandi hætti. Ekki sé því um vanbúnað á vinnustað að ræða eða sök S að ræða starfsfólks S eða einhverjum sem S beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á vanbúnað á vinnustað sem leitt hafi til þess slyss sem hann varð fyrir. Í málinu liggur fyrir að allur búnaður var fyrir hendi til festa lausa stiga sem notaðir voru tryggilega. M bar að ganga úr skugga um að sá búnaður væri notaður svo sem ætlast var til og stigi tryggilega bundinn áður en hann notaði stigann. Þess gætti M ekki. Slyss M verður ekki rakið til vanbúnaðar á vinnustað eða sakar S eða einhvers sem S ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 17.1.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 412/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar.****Ágreiningur um hvort stofnast hafi til bótaskyldu vegna sýkingar í kjölfar sýnatöku.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.1.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M leitaði til L, þvagfæraskurðlæknis, í desember 2011 og vildi fá skoðun á blöðruhálskirtli. Hann hafði ættarsögu um krabbamein í blöðruhálskirtlinum og mældist með PSA hækkun upp á 6,3. Við þreifingu reyndist kirtillinn einnig vægt afbrigðilegur. M fór í hefðbundna sýnatöku hjá L á læknastofu hans 4. janúar 2012. Eftir sýnatökuna fékk M sýklalyf í fyrirbyggjandi skyni. Í kjölfarið fékk M heiftarlega þvagfærasýkingu og var í fyrstu lagður inn á sjúkrahús í Keflavík, en vegna versnandi einkenna um lost var hann fluttur á bráðamóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss í Reykjavík. Í skráningu vegna komu þangað 6. janúar 2012 segir að M hafi fengið ógleði og kastað upp kvöldið áður og haft linar hægðir en þó ekki niðurgang. Hann sé með sögu um „diverticulit og er með diverticulosu.“ Hann sé einnig með gigt og taki „Methotrexate“. Hann hafi og verið með „tinnitus“ og verið skoðaður af HNE-læknum tveimur dögum áður og settur á háskammta sterameðferð, Decortin 60 mg á dag. Samkvæmt skráningunni var M greindur með þvagvegssýkingu án tilgreindrar staðsetningar, þvagfærasýkingu, ótilgreint sýklabæði og „Sepsis, unspecified“. M lá á sjúkrahúsinu til 13. janúar, fyrst á gjörgæsludeild í tvo sólarhringa en síðan á smitsjúkdómadeild. Við útskrift var hann á nánar tilgreindum lyfjum en ráðlagt að vera ekki á „Methotrexate“ fyrr en hann hafi náð sér. Við eftirlit 31. janúar s.á. kom fram að M ætti talsvert eftir til að ná fyrri starfsorku. Hann var í veikindaleyfi í þrjá mánuði, en þegar hann sneri aftur til vinnu hafi hann fundið að líkamlegt form hafi ekki verið hið sama og áður og orðið fljótt þreyttur og slappur í vinnunni. Að ráði trúnaðarlæknis vinnuveitanda hafi hann svo minnkað við sig vinnu. Í læknisvottorði, dags. 13. júní 2016, kemur fram að einkenni séu enn hin sömu. Það valdi honum miklum ama í daglegu lífi og hann hafi aldrei náð góðri heilsu eftir að hann greindist með „DIC“. Telur M að hann búi við síþreytu, lystarleysi, úthaldsleysi, þunglyndi og doða í vörum sem rekja megi til afleiðinga sýnatökunnar hjá L í janúar 2012. Með vísan til 4. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu hefur M krafist bóta úr sjúklingatryggingu L hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til meðferðar eða rannsóknar, þ.m.t. aðgerðar, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Við mat á því hvort bótaskilyrðum þessa töluliðar sé fullnægt skal annars vegar líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

M bjó við nokkra vanheilsu þegar hann gekkst undir sýnatökuna hjá L 4. janúar 2012. Í máli þessu liggur ekki fyrir neitt óvilhált læknisfræðilegt mat á því hverjar séu þær heilsufarslegu afleiðingar sem M býr við og rekja megi að öllum líkindum til sýnatökunnar þannig að með glöggum hætti megi gera grein fyrir hversu mikið tjónið er með tilliti til sjúkdóms og heilsufars M að öðru leyti. Að álitum L eru sýkingar eftir sýnatöku í blöðruhálskirtli vel þekktur fylgikvillur og þær komi upp í 1-4% tilvika. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður ekki talið að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hafi verið sýnt fram á að heilsubrest M megi rekja til afleiðinga sýnatökunnar þannig að stofnast hafi

til bótaréttar úr sjúklingatryggingunni á grundvelli fyrrgreind ákvæðis í 4. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000. M á því ekki rétt á bótum úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V.

Reykjavík, 7. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 413/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.

Árekstur á gatnamótum Egilsbrautar og Óseyrarbrautar í Þorlákshöfn 4.11.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 8.12.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V dags. 12.1.2016 (á að vera 2017) ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Egilsbrautar og Óseyrarbrautar í Þorlákshöfn. Ökumaður A kveðst hafa ekið vestur Egilsbraut með fyrirhugaða akstursstefnu til hægri inn á Óseyrarbraut og segist hafa orðið var við B sem hafi komið á móti A á öfugum vegarhelmingi og hafi hann þá stöðvað A en B verið ekið framan á A. Ökumaður B segist hafa ekið Óseyrarbraut með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri inn á Egilsbraut og ekki hafa orðið var við A fyrr en árekstur varð.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að ökumaður B hafi tekið vinstri beygju með röngum hætti þegar hann beygði af Óseyrarbraut inn á Egilsbraut og farið yfir á öfugan vegarhelming í veg fyrir A. Þá sýndi ökumaður B ekki nægjanlega aðgát þar sem hann varð A ekki var fyrr en árekstur varð sbr. framburð ökumanns B. Að ofangreindu virtu verður öll sök lögð á B fyrir að hafa tekið of þrönga vinstri beygju og sýna ekki nægjanlega aðgát við aksturinn.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök

Reykjavík 31.1.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 414/2016

M
og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Lágmúla í Reykjavík við útakstur frá Hilton Reykjavík Nordica þann 28.11.2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 11.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V, dags. 15.12.2016.

Bréf V2, dags 9.1.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið til vesturs eftir akleið frá hóteli Hilton Reykjavík Nordica og beygt til vinstri áleiðis suður Lágmúla. Í sömu andrá var B ekið suður Lágmúla frá Suðurlandsbraut. Rákust þá saman hægra framhorn A og vinstra framhorn B.

Ökumaður A kvaðst enga umferð séð frá hægri er hann ók inn á Lágmúla. Er hann hafi verið hálfnaður inn á gatnamótin hafi B komið og rekist á hægra horn A. Taldi hann að B hafi verið ekið hratt.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið inn á Lágmúla frá Suðurlandsbraut þegar A hafi komið frá hóteli Hilton Reykjavík Nordica á vinstri hönd. Hann hafi reynt að sveigja frá til hægri en A hafi rekist á vinstra framhorn B.

Álit.

A var ekið inn á Lágmúla frá bifreiðastæðum við hótél Hilton Reykjavík Nordica. Ökumanni A bar að veita umferð á Lágmúla forgang, sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á því varð misbrestur. Ber ökumaður A því sök á árekstrinum. Af gögnum málsins verður ekki talið sannað að ökumaður B hafi ekið of hratt eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði felld sök. Verður öll sök lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 31. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 415/2016**M og
og váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X
og Y vegna tjóns af völdum óþekktrar bifreiðar.****Sönnun orsaka líkamstjóns 15. október 2011 við ána Kolgrímu í Suðursveit.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 13.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf Y, dags. 19.12.2016, ásamt gögnum.

Bréf V, dags. 5.1.2017.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa hlotið líkamstjón þegar bifreiðinni X hafi verið ekið utan í hann. Í lögregluskýrslu kemur fram að tilkynning hafi borist um að ekið hafi verið á vegfaranda að kvöldi 15. október 2011 við ána Kolgrímu. Á leið lögreglu á vettvang náði hún tali af M sem lýsti atvikinu strax þannig að bifreið hafi verið ekið utan í hann þar sem hann var að ganga með kyrrstæðri bifreið sinni í þeim tilgangi að herða á felgu hjólbarða hennar. M lýsir bifreiðinni sem hann kvaðst hafa ekið á sig þannig að hún hafi verið rauð á litinn og líklega af gerðinni Toyota. Bifreiðin hafi hins vegar ekki verið stöðvuð heldur ekið áfram. Lýst var eftir umræddri bifreið eftir lauslega könnun lögreglu og þann 17. október bárust lögreglu upplýsingar um bifreiðina X og eiganda hennar. Kom þá í ljós að bifreiðinni X var ekið sama kvöld (milli kl. 22 og 22.30) um þann stað sem M kveðst hafa stöðvað bifreið sína á og rekur minni til þess að bifreið hafi verið lagt í kanti vegarins við ána Kolgrímu og ljós bifreiðarinnar hafi blindað ökumann bifreiðarinnar X þegar ekið var framhjá. Farþegi í bifreiðinni X kvaðst strax hafa haft orð á því að þegar þau hafi ekið framhjá kyrrstæðu bifreiðinni hafi verið eins og þau hafi ekið á eitthvað en ökumaður bifreiðarinnar kvaðst ekki hafa orðið var við það. Ökumaður bifreiðarinnar X kveðst hafa ekið framhjá kyrrstæðri bifreið á beinum kafla austan árinna. Þegar lögregla fór sérstaklega yfir staðsetningu bifreiðar M með honum á vettvangi taldi M að hann hafi verið staddur vestan árinna þegar ekið var utan í hann, skammt frá afleggjara að Skálafelli. Myndir úr lögregluskýrslu staðfesta að bifreið M hafi verið kyrrstæð í vegkanti á þeim stað kvöldið sem tilkynning um líkamstjón M barst. Í sérstakri framburðarskýrslu af farþega í bifreið X á sama tíma kemur fram að hún telji að bifreiðinni hafi ekki verið ekið á neinn, þá hefði hún verið stöðvuð, en ökumaður hafi sagst hafa ekið út í lausamöl á vegöxl. Með bréfi dags. 3. janúar 2012 var ökumanni bifreiðarinnar X tilkynnt að rannsókn í lögreglumáli sem tengdist mögulegri ákeyrslu 15. október 2011 hafi verið hætt á þeim grundvelli að ósannað sé að hann hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi.

M telur að gögn málsins sanni að bifreiðinni X hafi verið ekið utan í hann í greint sinn. M hafi verið klæddur í dökk fót á vettvangi og far hafi verið á jakka hans á svipuðum stað og ætla má að hæð baksýnispegill sé á bifreiðinni X. Atvikið hafi átt sér stað á sama tíma og bifreiðinni X hafi verið ekið á veginum, M hafi strax tilgreint þá bifreið sem ekið hafi verið á hann með lit og tegund sem komi saman við bifreiðina X, farþegi í bifreiðinni hafi strax lýst því að hún hafi orðið vör við að bifreiðinni hafi mögulega verið ekið á eða utan í eitthvað á sömu slóðum og staðfesti vitni sem umræddur farþegi hittu seinna að hún hafi nefnt umrætt atvik og hann hafi farið á vettvang og þar séð yfirgefna bifreið M út í vegkanti. Einnig bendir M á að umferð hafi verið mjög lítil á vettvangi í greint sinn og það auki líkur á að um hafi verið að ræða bifreiðina X. M bendir á að samræmi sé í framburði hans um atvik málsins og áverki hafi strax komið fram og M hafi leitað strax til læknis. Verði því að túlka gögn málsins þannig að enginn vafi sé uppi um að líkamstjón M sé hægt að rekja til notkunar bifreiðarinnar X í greint sinn. Ef ekki sé talið sannað að um hafi verið að ræða bifreiðina X þá sé alla vega sannað að um hafi verið að ræða óþekkta bifreið og hafi þá stofnast til greiðsluskyldu Y á grundvelli VI. kafla reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008, sbr. 3. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar.

V telur ósannað að líkamstjón M sé hægt að ræða til notkunar bifreiðarinnar X. V vísar til þess að hvorki ökumaður bifreiðarinnar X eða farþegi beri þannig að bifreiðinni hafi verið ekið utan í M auk þess sem ekki sé samræmi í framburði M og framburðum ökumanns og farþega bifreiðarinnar X um staðsetningu bifreiðarinnar á vegi eða hvernig hún sneri. Því til viðbótar hafi far á fatnaði M getað verið eftir hvað sem er og ekki hafi verið merki um það á bifreiðinni X að henni hafi verið ekið utan í M. Einnig vísar V til þess að rannsókn lögreglunnar hafi verið hætt vegna sönnunarskorts.

Y telur sýnt að líkamstjón M sé hægt að rekja til notkunar bifreiðarinnar X en ekki til óþekkrar bifreiðar. Ekki sé hægt að byggja niðurstöðu um sönnun í málinu eingöngu á meðferð mögulegs sakamáls gegn M. Y vísar til álits lögmanns vegna sambærilegs máls dags. 17. febrúar 2003.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um sönnun. Það er að segja hvort sannað sé að bifreið hafi verið ekið utan í M milli kl. 22 og 22.30 að kvöldi 15. október 2011, þannig að hann hafi hlotið líkamstjón, og hvort þar hafi verið um að ræða bifreiðina X eða óþekhta bifreið.

Af lögregluskýrslum er ljóst að M tilkynnti strax til lögreglu um atvikið og verður ekki annað séð en að líkamstjón hans, en hann leitað einnig strax til læknis, sé þess eðlis að það hafi getað komið til vegna þeirra atvika sem hann lýsir um að bifreið hafi verið ekið utan í hann. Verður því talið sannað að líkamstjón M hafi komið þannig til.

Þegar litið er til upplýsinga þeirra sem liggja fyrir í staðfestum lögregluskýrslum um ferðir bifreiðarinnar X er ljóst að henni var ekið um þann vegarkafli sem M stöðvaði bifreið sína á sama tíma og M kveðst hafa orðið fyrir tjóni. Bæði ökumaður og farþegi þeirrar bifreiðar bera um að þau hafi ekið framhjá kyrrstæðri bifreið í vegkanti, auk þess sem farþegi ber ítrekað um það í lögregluskýrslum að mögulega hafi bifreiðinni X verið ekið á eitthvað þegar henni var ekið framhjá kyrrstæðu bifreiðinni. Þó ökumaður og farþegi álykti að ekki hafi verið ekið á manneskju í greint sinn og þau haldi því fram að þau hafi ekið framhjá kyrrstæðri bifreið á aðeins öðrum stað en bifreið M stóð þá verður að líta heildstætt á gögn málsins. Verður að telja með hliðsjón af þeim að það séu yfirgnæfandi líkur á því að bifreiðinni X hafi verið ekið framhjá þeim stað sem M kvaðst hafa stöðvað bifreið sína og yfirgnæfandi líkur á því, m.v. tímasetningar, að bifreiðinni X hafi verið ekið framhjá M þegar hann stóð við bifreið sína. Þó ökumaður bifreiðar X eða farþegi staðfesti ekki með nákvæmum hætti um að ekið hafi verið á M þá verður ekki talið útilokað að hluti af bifreiðinni X hafi lent utan í líkama M með þeim afleiðingum að hann hlaut líkamstjón. Sönnunarkröfur í sakamálum og einkamálum eru ekki þær sömu skv. almennum sönnunarreglum íslensks réttar og verður niðurstaðan því ekki byggð á því að rannsókn lögreglu hafi verið hætt vegna skorts á sönnun. Verður því talið sannað að líkamstjón M sé hægt að rekja til notkunar bifreiðarinnar X og greiðsluskylda hafi því stofnast úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar hjá V, sem sagt þekkrar bifreiðar. Þegar af þeirri ástæðu hefur ekki stofnast greiðsluskylda hjá Y vegna óþekkrar ökutæki skv. reglugerð nr. 424/2008.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V, en á ekki rétt til bóta hjá Y.

Reykjavík, 7. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 416/2016**M og****vátryggingafélagið V-1 v. fjölskyldutryggingar og vátryggingafélagið V-2 v. ferðatryggingar****Krafa um bætur vegna afleiðinga þess að ekki náðist í SOS neyðarþjónustu 21.9.2016****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjölum 1-78
2. Bréf V-1 dags. 11.1.2017 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf V-2 dags. 19.12.2016

Málsatvik.

M var á ferðalagi í Ungverjalandi og var lagður inn á sjúkrahús þ.21.9.2016 af því að hann hafði fengið aðsvif skömmu áður en hann fór um borð í flugvél á leið heim og ákvað flugstjóri vélarinnar að M skyldi ekki ferðast með vélinni. M reyndi þá strax að ná sambandi við neyðarþjónustu SOS en tókst það ekki fyrr en tveim dögum eftir að hann var kominn heim þ.e. þ.26.9.2016. M segir að líklega hefði hann yfirgefið sjúkrahúsið í Ungverjalandi strax ef hann hefði ekki átt von á aðstoð frá SOS strax. M segir að hann hafi forðað sér af sjúkrahúsinu að kvöldi dags daginn eftir og farið inn á hótél og þar hafi hann legið fárveikur í einn og hálfan sólarhring og komst síðan heim og segist við innritun í flugið þá hafi hann verið illa á sig kominn. M segir að mörgum vikum síðar þurfi hann stöðugt að taka verkjalyf, eftir tvær skurðaðgerðir eftir heimkomu sé hann langt frá því albata og þurfi frekari meðhöndlun og telur M að þetta sé m.a. vegna þeirrar meðhöndlunar sem hann fékk á sjúkrahúsinu í Ungverjalandi og það sé á ábyrgði V-1 og V-2 að ekki náðist í SOS neyðarþjónustu. SOS neyðarþjónusta viðurkennir að orðið hafi mistök sem sé þeim að kenna, en þeir hafi reynt að ná til M frá 23.9.2016 án árangurs. V-1 segist hafa greitt bætur að fullu til M skv. vátryggingaskilmálum tryggingarinnar sem að M er með hjá V-1 vegna sjúkrakostnaðar erlendis, aukadvalar og ferðakostnað M og eiginkonu. V-1 segist ekki bera ábyrgð á starfsemi SOS international og engar forsendur séu fyrir hendi til að greiða M vegna ófjárhagslegs tjóns hans. V-2 hafnar bótaskyldu og segir ekkert mál skráð hjá félaginu vegna M og eigi V-2 enga aðkomu að málinu miðað við gögn málsins og vísar til þess að þetta tiltekna mál sé hjá V-1 og hafi V-2 ekki vitneskju um afdrif málsins og beri ekki ábyrgð á milligöngu við SOS international.

Álit.

Fyrir liggur að V-1 greiddi allan aukakostnað sem M varð fyrir þ.á.m. dvalar- og ferðakostnað. Af hálfu M hafa ekki verið lögð fram gögn sem sýna fram á frekara tjón hans en V-1 hefur þegar bætt M. Þegar af þeim ástæðum á M ekki frekari kröfur á hendur V-1 eða V-2 þar sem V-1 og V-2 bera ekki ábyrgð á hugsanlegri bótakröfu á hendur SOS international neyðarþjónustu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum frá V-1 eða V-2

Reykjavík 31.1.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 417/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns ökumanns er bifreið hans valt.****Gögn.**

Málskot, móttakið ??.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.1.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Skömmu eftir kl 15 hinn 9. október 2015 var M á leið frá Siglufirði á leið til Fáskrúðsfjarðar í bifreið sinni, A. Er hann var staddur á Hringveginum á Háreksstaðaleið á Möðrudalsöræfum valt A og slasaðist M talsvert. Í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir M að hann hafi allt í einu misst vald á A með þeim afleiðingum að A hafi hafnað utan vegar og oltið. Hann kvaðst ekki muna hvenær hann hafi lagt af stað.

Í skýrslu lögreglunnar segir enn fremur að við skoðun á vettvangi hafi verið ljóst að ekkert óeðlilegt hefði gerst í búnaði A við akstur hennar á þjóðveginum. Á vettvangi hafi verið mjög gott veður, þurrviðri og hægviðri. Sjá hafi mátt för eftir A út í vegkantinn vinstra megin, inn á veginn aftur til hægri og svo aftur til baka til vinstri og þá út af veginum þar sem hún hafi oltið. Ljóst hafi verið að A hafi verið ekið á talsverðum hraða þegar óhappið varð.

Er lögregla kom á vettvang var haft eftir vitni sem hafði komið á slysstað eftir að M hafði verið færður úr A. Kvaðst vitnið strax hafa fundið að áfengisþef lagði frá vitum M. Þá kveður lögreglumaður sá er ritaði skýrslu að megnan áfengisþef hafi lagt frá vitum hans. Blóð mun hafa verið tekið úr M kl. 17:53 eða rúmlega tveimur og hálfri klukkustund eftir slysið. Áfengismagn í blóði mun hafa mælst 0,55‰.

Í framburðarskýrslu M hjá lögreglu kemur fram að hann hafi umrætt sinn ekið á 80-90 km hraða á klst. og að öllum líkindum hafi loft farið úr vinstra framhjól og við það hafi vinstra framhorn A fallið niður og hún farið yfir á öfugan vegarhelming. Hann hafi beygt til baka, en við það hafi A oltið. Hann kvaðst kvöldið áður hafa drukkið 4-5 bjóra, „rauðan Viking bjór“, og hætt drykkju milli kl. 1 og 2 um nóttina. Hann hafi ekki drukkið áfengi daginn sem slysið varð og hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann kvaðst alltaf vera með áfengismæli á lykklakippu og hann hafi blásið í mælinn fyrir aksturinn og hafi hann sýnt grænt ljós. Því hafi hann lagt af stað á bifreiðinni.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V. V hefur viðurkennt bótaskyldu að helmingi en að M verði að bera tjón sitt sjálfur með því að hann hafi verið undir áfengisáhrifum áfengis við aksturinn og þannig verið valdur að slysinu af stórkostlegu gáleysi. M vill ekki una þeirri niðurstöðu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 má enginn stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann er undir áhrifum áfengis. Þá segir í 2. mgr. sömu lagagreinar að ökumaður teljist ekki geta stjórnað ökutæki örugglega, ef vínandamagn í blóði hans nemur 0,50‰ en er minna en 1,20‰.

Áfengismagn í blóði M mældist 0,55‰ þegar nokkuð á þriðju klukkustund var liðið frá því slysið varð. Af því má ljóst vera að hann var undir áhrifum áfengis þegar hann missti stjórn á A með þeim afleiðingum að hún valt. Með vísan til framangreindra lagaákvæða gat M ekki stjórnað A örugglega og mátti ekki stjórna henni eða reyna að stjórna henni. Því fær ekki breytt jafnvel þótt M telji sig ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Í ljósi þess asem fram kom í vettvangsskýrslu lögreglu um að við skoðun á vettvangi hafi verið ljóst að ekkert óeðlilegt hafði gerst í búnaði bifreiðarinnar við akstur hennar á þjóðveginum telst ósannað það álit M að slysið megi rekja til þess að loft hafi farið úr vinstra framhjól A. Með akstri sínum umrætt undir áhrifum áfengis eins og að

fram greinir sýndi M háttsemi sem verður að meta honum til stórkostlegs gáleysis og það leysir hann ekki undan sök þótt áfengismælir sem hann hafði á lykklakippu sinni hafi ekki sýnt að hann hafi verið undir áfengisáhrifum.

Ef váttryggður hefur í váttryggingu eins og hér um ræðir valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins og við úrlausn þess skal litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburður bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti, sbr. 1. mgr. 90 gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Með vísan til þessa og þeirra atriða sem líta skal til þegar skerðing á ábyrgð félagsins er metin þykir rétt að ábyrgð V skerðist um helming og M beri að sama skapi tjón sitt sjálfur að helmingi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að helmingi fyrir líkamstjón sitt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 31. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 419/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R.

Kona datt í hálfu við vinnustað og slasaðist 12.1.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.15.12.2016 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10
2. Bréf V dags. 24.1.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M sem starfar við skóla, segir málsatvik hafa verið þau að hún hafi verið á leið út í rútu með hóp nemenda þegar hún rann vegna hálfu og slasaðist. M segir að slysið hafi átt sér stað á almennum gangvegi og hvorki hafi verið búið að sanda né salta þennan dag. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu R hjá V og byggir á því að R sem eigandi fasteignarinnar og vinnuveitandi R beri alla ábyrgð á tjóni hennar. Auk þess byggir M á almennu skaðabótareglunni. Af hálfu M er vísað til laga nr. 46/1980 um vinnuvernd og dóms HR í máli nr. 251/2005. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki liggi nákvæmlega fyrir hvar M hafi dottið og hvernig aðstæður voru á þeim stað þar sem M datt. V vísar í umsögn skólastjóra skólans þar sem M starfaði þar sem fram komi að búið hafi verið að sanda skólalóð og göngustíga við skólann þegar slysið varð, en slysið hafi orðið eftir hádegi umræddan dag og þá hafi verið búið að snjóa yfir sandinn. V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að slys M verði rakið til saknæmrar vanrækslu eða ófullnægjandi öryggisráðstafana og verði slysið því frekar rakið til óhappatilviljunar.

Álit.

Í umsögn skólastjóra skólans þar sem M starfar segir að það hafi snjóað mikið og erfitt að gera sér grein fyrir hálfu undir snjólaginu, en búið hafi verið að sanda skólalóð og göngustíga við skólann. Þá segir einnig í umsögn skólastjóra að mannbroddar séu til staðar fyrir starfsfólk skólans. Af hálfu M er því haldið fram og á því byggt, að hvorki hafi verið búið að sanda eða salta umræddan dag, en ekki eru lögð fram gögn af hálfu M sem hnekkir ofangreindum staðhæfingum skólastjóra skólans þar sem M starfaði. Ekki er því sýnt fram á að starfsfólk R eða aðrir sem R ber ábyrgð á hafi gerst sekir um saknæmt atferli. Miðað við fyrirliggjandi gögn á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 14.2. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 420/2016**M og
og váttryggingafélagið V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um hvort umferðarslysi hafi verið valdið með stórkostlegu gáleysi ökumanns.****Gögn.**

Málskot, dags. 15.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.1.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um er að ræða nákvæmlega sömu málsatvik og í máli nefndarinnar nr. 263/2016 þar sem var um að ræða ágreining um greiðsluskyldu V úr slysstryggingu ökumanns bifreiðarinnar A. Í úrskurði nefndarinnar dags. 17. október 2016 var niðurstaðan sú að ökumaður (X) bifreiðarinnar A hefði sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn en ætti þó rétt á bótum úr slysstryggingu ökumanns, en þær takmarkist um helming af heildartjóni hans. V hafnaði að hlíta niðurstöðu nefndarinnar með bréfi dags. 28. október 2016. Nú hefur eigandi bifreiðarinnar X (M) krafist bóta úr kaskótryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Til glöggvunar verða málavextir endurteknir:

Um hádegisbil 8. desember 2015 ók ökumaður bifreiðarinnar A (X) austur Reykjanesbraut vestan Hafnarfjarðar í nánd við álverið í Straumsvík. Var bifreiðinni A þá ekið yfir á rangan vegarhelming og rakst framan á aðra bifreið, B, sem var ekið úr gagnstæðri átt. Áreksturinn var mjög harður og varð bifreið M fyrir tjóni.

Í vettvangsskýrslu lögreglu um slysið er haft eftir vitni sem ók bifreið vestur Reykjanesbraut á eftir B að hann hafi séð til ferða A og veitt því athygli að ekki hafi allt verið með felldu og því hafi ökumaður B dregið úr hraða sem hann hafi einnig gert og hafi ökutækin verið komin þó nokkuð undir hámarkshraða. Hann hafi svo horft á þegar A hafi verið ekið yfir á rangan vegarhelming og framan á B.

Eftir öðru vitni er haft að hann hafi ekið vestur Reykjanesbraut og hafi hann náð að sveigja frá gráum bíl, A, sem hafi verið ekið yfir á öfugan vegarhelming og síðan séð í baksýnispegli þegar áreksturinn varð. Taldi vitnið að ökumaður A hafi verið með opin augu og hafi virst sem hann hafi ekki reynt að sveigja til baka áður en áreksturinn varð fyrir aftan hann.

Tvö vitni, ökumaður og farþegi í bifreið sem var ekið vestur Reykjanesbraut, kváðust hafa séð til ferða A sem kom úr gagnstæðri átt og verið ekið yfir á rangan vegarhelming. Bifreið á undan þeim hafi rétt sloppið við að lenda í árekstri við A og hafi þurft að auka hraða bifreiðar þeirrar sem þeir voru á til að forðast árekstur. Ökumaðurinn kvað B hafa verið ekið á eftir sér og nokkuð bil hafi verið á milli bifreiðanna. Hann hafi svo séð í baksýnispegli bifreiðar sinnar hvar A hafi verið ekið yfir á rangan vegarhelming og ekið framan á B.

Þess er getið í vettvangsskýrslu lögreglunnar að finna hafi mátt smá áfengislykt af ökumanni bifreiðar A, X, eftir að hún hafi verið færð í sjúkrabifreið. Af því tilefni hafi verið ákveðið að taka blóðsýni til rannsóknar á áfengi og lyfjum. Í matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 29. janúar 2016, kemur fram að eftirfarandi lyf hafi mælst í blóðsýninu og í eftirfarandi magni: Citalópram 395 ng/ml, Diazepam 500 ng/ml, Kódein 110 ng/ml, N-desmetýlcitalópram 160 ng/ml, Nordiazepam 670 ng/ml og Zolpidem 235 ng/ml. Um virkni þessara lyfja og magn þeirra í blóði M segir í matsgerðinni að Citalópram sé þunglyndislyf og N-desmetýlcitalópram sé virkt umbrotsefni þess og styrkur þeirra í blóðinu hafi verið umfram það sem búast má við eftir töku læknanlegra skammta af lyfinu og gæti bent til eitrunar. Kódein sé verkjalyf og styrkur þess í blóðinu hafi verið eins og eftir töku læknanlegra skammta. Það hafi slævandi áhrif á miðtaugakerfið en mikið þol myndast gegn lyfinu og því sé ekki unnt að segja til um áhrif þess á aksturshæfni út frá blóðstyrk einum saman. Diazepam sé róandi og kvíðastillandi lyf og Nordiazepam sé virkt umbrotsefni þess og hafi styrkur þeirra verið eins og eftir háa læknanlega skammta af lyfinu. Diazepam hafi slævandi áhrif á miðtaugakerfið og geti dregið úr aksturshæfni í lágum læknanlegum skömmtum. Zolpidem sé

svefnlyf og hafi slævandi verkun á miðtaugakerfið og geti skert hæfni til aksturs í nokkrar klukkustundir eftir töku venjulegra svefnskammta. Styrkur lyfsins í blóði M hafi verið umfram það sem búast má við eftir töku læknanlegra skammta við svefnleysi. Þá segir að Kódein, Zolpidem, Díazepam og umbrotsefni þess, Nordiazepam, geti aukið á slævandi og miðtaugakerfisbælandi verkun hvers annars. Er niðurstaða matsgerðarinnar að X hafi samkvæmt framangreindu verið undir slævandi áhrifum lyfjanna og fullvíst sé að hún hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti. Alkóhól mældist á hinn bóginn ekki í blóði X.

Ekkert var haft eftir X í vettvangsskýrslu lögreglunnar. Framburðarskýrsla var tekin af henni 8. febrúar 2016. Þar kemur fram að hún hafi verið á leið frá Leifsstöð úr flugi að loknu frí þegar slysið varð. Kvöldið áður hafi hún tekið lyfið Sobril til að geta sofð þar sem hún sé flughrædd. Þá hafi hún einnig tekið svefnlyfið Stilnoct. Svefnlyfið Zolpidem hafi hún stundum tekið í staðinn fyrir Stilnoct og það hafi hún tekið nokkrum dögum áður, hugsanlega þremur dögum áður. Hún sé einnig á þunglyndislyfjum og um morguninn, þegar slysið varð, hafi hún tekið lyfið Oropram 60 mg. Þá hafi hún tekið tvær Parkódín í flugvélinni við höfuðverk. Umræddan dag hafi hún verið „orðin lúin“ en hafi ekki verið syfjuð fyrir aksturinn. Hún hafi ekki verið undir áhrifum lyfja við aksturinn umrætt sinn, en þau lyf sem hún tók hafi hún fengið að læknisráði og tekið þegar hún þurfti á að halda. Hún kvaðst hafa ekið á 90 km hraða á klst. Varðandi aksturinn í aðdraganda árekstursins kvað hún son sinn, sem var með henni í A, hafa tjáð sér að hún hafi „aðeins misst bílinn yfir á rangan vegarhelming skömmu fyrir slysið.“ Þá hafi hún rankað við sér og áttað sig á því að hún hafi verið orðin þreytt. Hún hafi þá litið á dóttur sína, sem hafi verið sofandi, og hugsað hvort hún ætti að láta hana aka. Hafi hún verið mjög vel vakandi alveg fram að álverinu, þá fyrst hafi hún áttað sig á að hún væri þreytt. Örfáum sekúndum síðar hafi slysið orðið. Hún kvaðst einungis muna eftir að hafa séð B sem kom á móti og verið komin „alveg upp við mig“. Hún hafi öskrað og reynt að sveigja frá. Hún kvaðst ekki átta sig alveg á því hvort hún hafi dottað eða verið eitthvað utan við sig. Kvaðst X alls ekki samþykka að ökulag hennar hafi verið skrykkjótt.

Í málskoti M kemur fram að það sé einungis sett fram til að rjúfa þann tilkynningarfrést sem komi fram í 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 en til standi að höfða mál gegn V bæði vegna slysatryggingar ökumanns og kaskótryggingar bifreiðarinnar A. M vísar til þess að höfnun V á greiðsluskyldu úr kaskótryggingu byggist ekki á réttum lagalegum grunni og telur hvorki sannað að ökumaður bifreiðarinnar A hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn eða að V geti beitt reglum laga um váttryggingarsamninga um takmörkun ábyrgðar.

V telur að efnisleg niðurstaða nefndarinnar í máli nr. 263/2016 sé röng og að félaginu sé ekki skylt að greiða bætur úr kaskótryggingu bifreiðarinnar þar sem stórkostlegt gáleysi ökumanns bifreiðarinnar hafi verið með þeim hætti að það eigi að leiða til þess að bótaréttur takmarkist að fullu. Einnig vísar V til þess að skilyrði samsömunar skv. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga séu uppfyllt, þar sem X hafi sem ökumaður bifreiðarinnar A haft varanleg umráð bifreiðarinnar í skilningi ákvæðisins og V hafi sé því heimilt að beita samsömun eins og áskilið sé í 9. gr. váttryggingarskilmála kaskótryggingar V. Gerðar eru athugasemdir af hálfu V um að ekki sé hægt að byggja á matsgerðum sem hafi verið einhliða aflað af hálfu V auk þess sem augljós hætta hafi verið af aksturslagi ökumannsins X þannig að rétt sé að takmarka ábyrgð V að fullu vegna stórkostlegs gáleysis, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Álit.

Í málinu hefur ekkert komið fram sem dregur í efa að X hafi haft varanleg umráð yfir bifreiðinni A í skilningi 29. gr. laga um váttryggingarsamninga. Telst því rétt að beita samsömun, eins og V hefur áskilið sér að gera í 9. gr. váttryggingarskilmála kaskótryggingar sinnar, milli X og M sem váttryggðs í eiganda bifreiðarinnar A.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð váttryggingafélags ef váttryggður hefur, í öðrum tryggingum en ábyrgðartryggingum, valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburður bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Samkvæmt framburði vitna var ekki allt með felldu við akstur ökumannsins X í

aðdraganda þess að slysið varð. Þannig er ljóst af framburði vitnanna að X hafi ekið yfir á rangan vegarhelming þannig að aðrir ökumenn hafi þurft að bregðast við sérstaklega til að afstýra árekstri við A. Sjálf hefur X það eftir syni sínum að hún misst A að einhverju leyti yfir á rangan vegarhelming. Hún hafi þá áttað sig á að hún hafi verið þreytt og velt fyrir sér að biðja dóttur sína að taka við akstri A, en skömmu síðar varð áreksturinn. Þá kveðst X ekki gera sér grein fyrir hvort hún haf dottað eða verið utan við sig í þann mund sem áreksturinn varð.

Í blóði X greindust nokkrar tegundir lyfja sem voru til þess fallandi að hafa slævandi áhrif á miðtaugakerfið. Lyfin hafði hún einkum tekið kvöldið áður en slysið varð, morguninn eftir og í fluginu til Íslands. Í fyrrgreindri matsgerð Rannsóknastofu Háskólans í lyfja- og eiturefnafræði var því slegið föstu að X hafi verið undir slævandi áhrifum lyfjanna og talið fullvíst að hún hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti. Þessu mati hefur ekki verið hnekkt og ekkert hefur komið fram í gögnum málsins sem gefur tilefni til að draga niðurstöðuna, sem er afdráttarlaus, í efa.

Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 má enginn stjórna eða reyna að stjórna ökutæki, ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Gegn þessu ákvæði umferðarlaga braut X með akstri sínum umrætt sinn og henni mátti vera það ljóst. Verður akstur M í því ástandi sem hún var metinn henni til stórkostlegs gáleysis. Slysið verður að öllu leyti rakið til þessarar saknæmu háttsemi X.

Þegar atvik máls eru virt í heild og horft til þess hversu alvarleg sök X var verður að telja að takmarka beri ábyrgð V á tjóni M vegna skemmda á bifreið hans úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A og að ábyrgðin takmarkist við helming bóta.

Niðurstaða.

Munatjón M bætist að helmingi úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 7. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 421/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R.

Starfsmaður á frístundaheimili datt í hálfu og slasaðist 2.3.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.12. 2016 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 9.1.2017 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M starfar á frístundaheimili sem R rekur og fór út á lóð heimilisins til að ná í stúlku sem farið hafði út. M segist hafa gengið eftir stíg þar sem var mikill snjór og hálfu undir og þegar hún hafi gengið niður tröppur af palli rann hún í hálkunni og skall á bakið og svo á hnakkann og slasaðist. M átti bókaðan matsfund hjá lækni og lögfræðingi um það leiti sem hún lenti í slysinu og segir að afleiðingar slyssins þ.2.3.2016 hafi verið þeir að fyrri áverkar mögnuðust og hún hafi orðið verri auk þess að hljóta meiri áverka og því hafi ekki verið hægt að meta áverka hennar vegna umferðarslyssins að svo stöddu. M krefst þess að viðurkennd verði bótaskylda V vegna vinnuslyss M úr frjálsri ábyrgðartryggingu R og segir af hálfu M að R beri sem eigandi fasteignar og vinnuveitandi M ábyrgð á tjóni hennar. Þá byggir M einnig á almennu skaðabótareglunni. M vísar til þess að skv. lögum skuli vinnustaður þannig úr garði gerður að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta en það hafi ekki verið gert og þess vegna hafi M orðið fyrir slysinu. V segir að skv. yfirliti Veðurstofu Íslands hafi jörð verið alþakin þéttum en blautum snjó ofan á klaka. V hafnar bótaskyldu og segir að ekkert sé komið fram því til stuðnings að slysið M verði rakið til ófullnægjandi vinnuáðstöðu eða vanrækslu starfsmanna R við hálfuvarnir sem leiði til skaðabótaskyldu R. V segir að ekki hafi verið rökstutt að hvaða leiti skólalóðin hafi ekki uppfyllt ákvæði laga og reglugerða um aðbúnað á skólalóðum eða almenn ákvæði vinnuverndarlaga. V segir að starfsmaður frístundaheimilisins hafi upplýst að að snjór sé mokaður af pallinum þar sem M datt þegar við á og á hverjum degi sé dreift blöndu af salti og sandi á pallinn þegar hált sé. Af hálfu R er því haldið fram að viðeigandi hálfuvarnir hafi verið framkvæmdar daginn sem slysið varð. V segir að ekki liggi fyrir hvort og þá hvenær M upplýsti yfirmenn sína um slysið og segir V að R hafi ekki verið ljóst að slysið væri alvarlegt eða fallið til að valda langvarandi meiðslum þess vegna verði hugsanlegur sönnunarskortur í málinu ekki felldur á R.

Álit.

Ekki hafa verið lögð fram gögn af hálfu M sem sýna fram á sök R vegna þess slyss sem hún varð fyrir. Af hálfu R er því haldið fram að viðeigandi hálfuvarnir hafi verið framkvæmdar daginn sem slysið varð, en ágreiningslaust er að snjór var yfir svæðinu ofan á ís. Fullyrðingum R um að svæðið hafi verið hálfuvarið umræddan dag hefur ekki verið hnekkt og þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvort og/eða hvenær M tilkynnti yfirmönnum sínum um slysið verður sönnunarbyrðin á aðstæðum á slysstað ekki lögð sérstaklega á R í þessu tilviki þó að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Þar sem ekki er sýnt fram á sök R í því tilviki sem hér ræðir um á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V. vegna slyssins 2.3.2016.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 31.1.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 422/2016**M og
og váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys í skólahúsnæði 17.12.2014.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttekið 19.12.2016, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 28.12.2016, ásamt höfnunarbréfi V dags. 12.8.2016, umsögn Borgarlögmanns dags. 29.7.2016, tjónstilkynningu M dags. 17.12.2015, tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 29.1.2015 og tilkynningu til Vinnueftirlitsins dags. 17.12.2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningum sem liggja fyrir í gögnum málsins kemur fram að M kveðst hafa fallið við í bleytu á gólfi fyrir utan kaffistofu kennara í grunnskóla. M kveðst hafa borið hendurnar fyrir sig og hlaut við það brot á vinstri úlnlið.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins þar sem starfsmenn X hafi ekki gætt þess að vinnustaðurinn væri þannig úr garði gerður að gætt væri fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta, eins og kveðið er á um í lögum nr. 46/1980 og reglum nr. 581/1995, þar sem kemur fram að umferðarleiðir á vinnustað skuli gera ráðstafanir til að draga úr hálfu á gólfum og gera ráðstafanir til að gera umferðarleiðir hættulausar. M telur að bleyta á gólfi hafi komið til vegna þess að einhver starfsmaður skólans hafi hellt niður eða misst eitthvað á gólfið, sem hann hafi ekki hirt um að þurrka upp. M telur að V hafi heldur ekki gert viðeigandi ráðstafanir til að tilkynna um slysið í skilningi 79. gr. laga nr. 46/1980 og verði því að bera hallann af sönnunarskortum um aðstæður.

V telur að bleytan sem M hafi runnið í hafi verið tilfallandi, en starfsmenn X geri ráðstafanir til að þurrka upp bleytu reglulega og eftir þörfum. Slysið hafi hins vegar orðið á opnu svæði þar sem aðgengi sé að snyrtingum, skrifstofum og kaffistofu og vænta má nokkurs umgangs starfsmanna og nemenda. Ekki sé upplýst hvort og þá hver hafi hellt niður vökva eða hvernig bleytan myndaðist og ekki sé heldur ljóst að starfsmenn X hafi vanrækt eftirlitsskyldur sínar á svæðinu. V telur því að ekki sé fyrir hendi greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

Ágreiningslaust er að slys M varð, þegar hún var að ganga út úr kaffistofu kennara á vinnustað sínum í skólahúsnæði. Ekki verður annað séð af gögnum málsins en að um sér að ræða svæði sem er rétt við kaffistofu kennara og ýmsa aðstöðu starfsfólks og nemenda. Ekki verður heldur séð að það sé ágreiningur um málsatvik, þ.e. hvar M féll við og hvaða afleiðingar það hafði. Möguleg vanræksla á tilkynningaskyldu skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 hefur því ekki áhrif á sönnunarstöðu um raunveruleg atvik slyssins sem slíks. Ágreiningurinn lýtur helst að því hvort X hafi borið að gera sérstakar ráðstafanir á umræddu svæði eða hvort starfsmenni X hafi vanrækt skyldur sínar með einhverjum hætti. Sá ágreiningur er ekki um málsatvik heldur um skilyrði skaðabótaábyrgðar X. Þegar tekin er afstaða til þess verður ekki annað séð en þær almennu ráðstafanir sem gerðar voru af hálfu X varðandi þrif og umsýslu á umræddu svæði hafi verið í samræmi við almennar skyldur hans sem atvinnurekanda skv. lögum nr. 46/1980. Af gögnum málsins telst ekki sannað að starfsmönnum X hafi verið kunnugt um bleytu á gólfi rétt áður en M féll við og þannig vanrækt að gera sérstakar ráðstafanir. Verður X því ekki talið bera skaðabótaábyrgð vegna slyss M og greiðsluskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 423/2016**M og
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys við notkun á stiga þann 25. apríl 2016.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 15. desember 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 2. janúar 2017.

Málsatvik.

Þann 25. apríl 2016 var M sendur af hálfu vinnuveitanda síns, X, að einbýlishúsi á Seltjarnarnesi sem er í eigu forsvarsmanna X en það vann að endurbótum á húsinu. Var M sendur þangað til að halda áfram vinnu við loftklæðningu og að taka línu milli tveggja veggja. Aðrir höfðu unnið að verkinu á undan M sem var beðinn um að taka við. Á verkstað var búið að stilla upp vinnupalli öðru megin í rýminu, þar sem taka átti línuna milli veggja. Vinnupallurinn náði ekki alla leið yfir rýmið en ekki var annar vinnupallur uppsettur á staðnum. Þar sem M þurfti að taka mælinguna hinum megin frá, og í um 3,5 – 4 metra hæð þurfti hann að nota stiga í stutta stund. Þegar M hafði unnið í stiganum í stutta stund gaf stiginn sig með þeim afleiðingum að M fékk í gólfið úr u.þ.b. 2 – 3 metra hæð. M leitaði strax á slysadeild í Fossvogi þar sem í ljós kom að hann hafði brotnað illa á hægri úlnlið. M var strax óvinnufær eftir slysið.

Vinnueftirlitinu var ekki tilkynnt um slysið og því fór ekki fram nein rannsókn á aðstæðum á vettvangi. Lögreglan var heldur ekki kölluð á vettvang.

M krefst skaðabóta úr hendi X á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttar og meginreglunni um vinnuveitandaábyrgð, þ.e. að líkamstjóni M hafi verið valdið með saknæmri háttsemi af hálfu X og/eða starfsmanna X. Byggt er á því annars vegar að tjónið sé að rekja til þess að stiginn hafi verið vanbúinn og hins vegar að tjónið sé að rekja til ófullnægjandi verkstjórnar.

V hafnar skaðabótaskyldu X. Er vísað til þess að X hafi ekki vitað af stiganum á umræddum stað og því geti það ekki verið á hans ábyrgð að stiginn sé vanbúinn. M hafi metið stigann tækan til verksins enda hafi hann verið fullfær til þess þegar litið er til menntunar, aldurs og starfsreynslu M. Hefði M talið ástæðu til hefði hann getað sótt annan stiga eða óskað eftir því að annar stigi yrði sendur á verkstað.

Álit.

Það er meginregla í skaðabótarétti að sá sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður að færa sönnur á saknæma og ólögmeta háttsemi þess sem hann telur bera ábyrgðina.

Málavaxtalýsingu M hefur í megindráttum ekki verið mótmælt af hálfu V. Er því haldið fram af hálfu M að stiginn hafi verið vanbúinn enda hafi hann gefið sig með fyrrgreindum afleiðingum. Ekki var kallað á Vinnueftirlit ríkisins eins og lög gera ráð fyrir og eigi heldur lögreglu. Því hefur engin rannsókn farið fram um orsakir slyssins, m.a. á stiganum sjálfum. Á því verður X að bera hallann af.

Engir undirverktakar voru á staðnum og því hlýtur stiginn að hafa verið á vegum X. Ástand stigans var því á ábyrgð X en telja verður að ástandið hafi verið ábótavant í ljósi þess að hann gaf sig þannig að M féll á gólfið.

Samkvæmt framangreindu verður að teljast sannað að X eigi að bera bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X.

Reykjavík, 7. febrúar 2017.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 424/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um hvort tjóni hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 22.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Snemma morguns 12. apríl 2016 ók M bifreið sinni, A, á miðeyju á Vatnsendavegi í Kópavogi við hringtorg á gatnamótum Vatnsendavegar og Vatnsendahvarfs. Nokkrar skemmdir voru framan á A og framrúða sprungin ökumannsmegin. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð.

Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hún hafi verið á leið frá heimili sínu og ekið á 45-50 km hraða á klst. Hún hafi verið að tala í síma, ekki verið að horfa á veginn og ekki verið í öryggisbelti þegar slysið varð. Hafi hún skolið með höfuðið í framrúðuna.

A var vátryggð hjá V, þ. á m. lögmælti slysatryggingu ökumanns og eiganda. Hefur M krafist bóta úr slysatryggingunni vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut við óhappið. V hefur fallist á bótaskyldu en að bæturnar beri að skerða um helming þar sem M hafi valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef vátryggður í vátryggingu eins og hér um ræðir hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á því hver ábyrgð félagsins skuli vera skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Samkvæmt 1. mgr. 47. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 91/2001 um breyting á þeim, er ökumanni vélknúins ökutækis við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjálts búnaðar. Gegn þessu ákvæði braut M alvarlega. Þá hafði hún heldur ekki gætur á veginum sem framundan var. Með þessu aksturslagi sýndi M verulegt gáleysi sem verður metið henni til stórkostlegs gáleysis í skilningi 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004. Þegar litið er til þess hversu alvarleg sök M var þykir eftir atvikum öllum rétt að réttur M til bóta úr slysatryggingunni skerðist um helming og hún beri tjón sitt sjálf að helmingi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að helmingi úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 425/2016**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Áræktur bifreiða á Jakaseli í Reykjavík 16. nóvember 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 16.12.2016, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V2, dags. 27.12.2016, ásamt niðurstöðu tjonanefndar, athugasemdum ökumanns bifreiðar B dags. 23.12.2016 og myndum af vettvangi.

Bréf V1, dags. 3.1.2017, ásamt gögnum sem þá þegar voru komin fram undir 1. og 2.

Málsatvik.

Í tjonstilkynningu sem gerð var vegna árækturs bifreiðanna A og B kemur fram að þeim var báðum ekið um götuna Jakasel þegar áræktur varð. Bifreið A var ekið með stefnu austur götuna en bifreið B með stefnu vestur götuna og verður ekki annað séð en ökumenn bifreiðanna hafi verið að mætast þegar áræktur varð.

M telur að ökumaður bifreiðar B hafi farið inn á öfuga akrein og vísar þar til myndar sem lögð er fram með gögnum málsins. Einnig vísar M til þess að það vanti frekari myndir af staðsetningu bifreiðar B og til þess að aðstæður við götuna séu þess eðlis að algengt sé að ökumenn, sem ekki þekki vel til, misskilji hvar þeir eigi að aka um akbrautina.

V1 telur að ökumanni bifreiðar B hafi borið að veita bifreið A forgang vegna almenns umferðarréttar um gatnamót í skilningi 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V2 telur hins vegar sýnt af myndum í tjonstilkynningu að staðsetning bifreiðar A hafi verið þannig að henni hafi verið ekið á rögum vegarhelmingi m.v. akstursstefnu í aðdraganda árækturs. V2 telur því að ökumaður bifreiðar A eigi að bera alla sök á árækstrinum.

Álit.

Í málinu liggur fyrir tjonstilkynning sem gerð er af óháðum aðila (Aðstoð&Öryggi) og geymir hún upplýsingar um aðstæður á vettvangi, framburð ökumanns bifreiðar A og B sem og myndir af vettvangi. Á mynd sem sýnir akstursstefnu bifreiðar A og staðsetningu hennar eftir árækturinn verður ekki annað séð en að þeirri bifreið hafi verið ekið þannig að staðsetning hennar hafi verið á rögum vegarhelmingi, en skv. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga skal ökumaður almennt aka eins langt til hægri og unnt er. Ekki hefur verið sýnt fram á að myndirnar sýni ranga mynd af aðstæðum eftir árækturinn eð að ökumaður bifreiðar B hafi ekið gegn fyrirmælum sömu greinar eða öðrum fyrirmælum umferðarlaga. Ökumaður bifreiðar A ber því alla sök á árækstrinum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 426/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar S.

Maður datt í hálfu fyrir utan verslun 20.11.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.12.2016 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.
2. Bréf V dags. 3.1.2017

Málsatvik.

M segist hafa farið að versla í verslun S á Akureyri og lagt bifreið sinni við gangstétt vestan við verslunina og farið inn í verslunina, en þegar hann kom út úr versluninni hafi hann dottið á gangstéttinni og skolið niður á gangstéttarbrúnina og slasast. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V og segir ósannað að S hafi gert viðeigandi ráðstafanir til að eyða hálfu á bílplaninu og vísar til mynda sem fylgja lögregluskýrslu. Þá byggir M á því að starfsfólk S hafi vitað hvernig aðstæður voru og ekki gert nægjanlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu fyrir gangandi vegfarendur á bílplani og á gangstétt við verslunina, af þeim sökum séu um ótvíræða skaðabótaábyrgð S að ræða vegna ofangreindrar vanrækslu sem S beri bótaábyrgð á. V hafnar bótaskyldu og segir að slys M verði ekki rakið til saknæmrar eða ólögðar háttsemi S eða starfsfólks S. Af hálfu V er því haldið fram að starfsfólk S hafi gert allar þær ráðstafanir sem hægt var að ætlast til þegar um er að ræða mikinn snjó og hálfu eins og aðstæður voru þegar M varð fyrir slysinu. V segir að um morguninn á slysdegi hafi allt svæðið verið mokað og eftir moksturinn hafi verið saltað og sandborið og séu fullyrðingar M um annað því rangar.

Álit.

Ágreiningur er um aðstæður á vettvangi. Af hálfu S er því haldið fram að gerðar hafi verið ráðstafanir að morgni slysdags til að draga úr hálfu og hættu við verslunina, en því mótmælir M sem röngu. M ber sönnunarbyrði fyrir skaðabótaábyrgð S vegna líkamstjóns hans. Í málinu liggja ekki fyrir aðrar upplýsingar um aðstæður á vettvangi en lýsingar aðila sjálfra sem og lýsingar í lögregluskýrslu, þar sem segir að allt svæðið hafi verið skafið og ísing. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar telst það ósannað að starfsfólk S hafi ekki gert nægjanlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi viðskiptavina miðað við aðstæður umræddan dag. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 7.2.2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 427/2016**M
og
vátryggingafélag (V1),
vátryggingafélag (V2) og
vátryggingafélag (V3).****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.****Gögn.**

Málskot M, dags. 21.12.2016 ásamt fylgigögnum.
Bréf V1, vátryggingafélags, dags. 10.1.2017 ásamt fylgigögnum.
Bréf V2, vátryggingafélags, dags. 28.12.2016 ásamt fylgigögnum.
Bréf V3, vátryggingafélags, dags. 18.1.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Ökumaður A tekur vinstri beygju af Álfshólsvegi inn í heimkeyrslu þar sem hann ekur bifreiðinni í austurátt. Bifreiðinni B er ekið vestur Álfshólsveg og keyrir í hlið bifreiðarinnar A. Bifreiðin A kastaðist á bifreiðina C við áreksturinn.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna lagði alla sök á bifreiðina A þar sem ökumaður hennar tók vinstri beygju í veg fyrir umferð.

Ökumaður A telur að ökumaður B eigi að bera sök þar ökumaður B var að stilla útvarpið og hemlar hafi ekki verið í lagi.

Vátryggingafélag V1 telur að ökumaður A eigi að bera alla sök þar sem ökumaðurinn tók vinstri beygju í veg fyrir umferð með vísan til 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Í bréfi ökumanns B kemur fram að hann hafi verið að skipta um útvarpsstöð og rétt litið af veginum þegar ökumaður A hafi ekið í veg fyrir hana. Bremsuklossar bílsins hafi verið slitnir en ABS hemlakerfi hafi farið í gang við hemlun.

Afstaða vátryggingafélagsins V2 er sú að meta eigi ökumanni B til sakar að hafa ekki haft athygli á veginum auk þess sem bremsur hafi verið lélegar. Verði ekki á það fallist eigi að skipta sök til helminga.

Vátryggingafélagið V3 gerir ekki athugasemdir.

Álit.

Fyrir liggur að ökumaður A tekur vinstri beygju í veg fyrir umferð sem kemur á móti. Skv. 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber að veita umferð sem kemur á móti forgang. Úrskurðarnefndin telur það ökumanni B ekki til sakar þótt ökumaðurinn hafi rétt litið af veginum. Þá liggur ekki fyrir að hemlar bifreiðarinnar hafi ekki virkað sem skyldi. Með vísan til framangreinds ber ökumaður A alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík, 7. febrúar 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 428/2016**M og
og váttryggingafélagið V vegna kaskótryggingar ökutækis.****Tjón á rafhlöðu bifreiðar 18. september 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttekið 19.12.2016, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 5(sic).12.2016, ásamt tjónstilkynningu, höfnunarbréfi V dags. 28.9.2016, tölvupóstsamskiptum M og starfsmanna V og myndum af vettvangi og verkstæði.

Málsatvik.

Þann 18. september 2016 var bifreið M ekið um Svalvogaveg að Lokinhömrum og tilbaka. Um er að ræða malarveg og í upphaflegri tjónstilkynningu M til V kemur fram að ekið hafi verið rólega en líklegt sé að laust grjót hafi rekist undir hlífðarpönnu og laskað rafgeymi, sem hefi þá farið að leka og þannig skemmst. Eftir að bifreiðin var skoðuð á verkstæði sendi M inn nýjar upplýsingar til V um að ekki hefði komið högg á rafgeymi bifreiðarinnar heldur hafi komist bleyta að búnaði bifreiðarinnar, sem er svokölluð tvíorkubifreið (hybridbifreið) sem gangi bæði fyrir rafmagni og bensíni.

M telur að gildissvið kaskótryggingar V nái utan um tjón á bifreið hans þar sem ástæða tjónsins sé ekki högg heldur hafi vatn komist inn að rafhlöðu bifreiðarinnar. M vísar til 2. gr. váttryggingarskilmála kaskótryggingar V þar sem komi fram að váttryggingin bæti hvers kyns tjón vegna skyndilegra, utanaðkomandi atvika ef undanþágur sömu skilmála eiga ekki við. M telur hvorki undanþágu í gr. 3.5 eða 3.8 eiga við í máli hans og vísar til sérstöðu bifreiðarinnar vegna orkugjafa hennar.

V telur að undanþáguákvæði váttryggingarskilmála eigi við um tjón M og byggir í fyrsta lagi á lýsingu M í tjónstilkynningu um að grjót hafi líklega rekist undir bifreiðina. Vísar V í því sambengi til gr. 3.5 í váttryggingarskilmálum þar sem komi fram að váttryggingin bæti ekki hvers kyns tjón sem verði meðal annars við að ökutæki rekst niður í akstri eða þegar laust grjót hrökkvi upp undir ökutæki í akstri. V telur í öðru lagi ósannað af gögnum málsins að útleiðsla, sem hafi orðið á rafhlöðu bifreiðar M, sé vegna þess að vatn hafi komist að rafhlöðunni. Ef hins vegar það sé sannað, með hliðsjón af síðari skýringum M, telur V að undanþáguákvæði gr. 3.8 eigi við þar sem kemur fram að tjón vegna vatnsflóðs inn í ökutæki vegna aksturs yfir óbrúaðar ár vötn eða læki bætist ekki.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um gildissvið undanþáguákvæða váttryggingarskilmála kaskótryggingar vegna tjóns á bifreið M við akstur um Svalvogaveg. Af vettvangsmyndum má ráða að um sé að ræða malarveg hvar ekki er mikil umferð, enda er hann sérstaklega merktur fyrir fjórhjóladrifnar bifreiðar skv. upplýsingum úr málskoti M. Þegar litið er til gagna málsins má sjá að myndir af undirvagni bifreiðarinnar benda til þess að högg hafi komið undir hana og verður ekki annað séð en að hún hafi þannig rekist niður í akstri í skilningi gr. 3.5 í váttryggingarskilmálum. Þó bleyta hafi mögulega gert það að verkum að útleiðsla varð í rafhlöðu bifreiðarinnar verður ekki litið framhjá því að tjónið kemur fram strax í kjölfar aksturs á Svalvogavegi og verður ekki tekið úr sambengi við hún hafi rekist niður í akstri eða laust grjót hafi hrokkið upp undir hana. Telst undanþáguákvæði gr. 3.5 í váttryggingarskilmálum því eiga við og á M ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 429/2016
M og
V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar S

Maður slasast þegar vinnslustykki losnaði og þeyttist í andlit hans þ. 14.10.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.12.2016 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10
2. Bréf V dags. 13.1.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3

Málsatvik.

M vann við rennibekk. Vinnslustykki úr patrónu losnaði og þeyttist í andlit M með þeim afleiðingum að M slasaðist. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V. Af hálfu M er vísaði til skýrslu Vinnueftirlits ríkisins þar sem fram kemur að orsök slyssins megi rekja til þess að ekki hafi verið búið að gera áhættumat fyrir þennan tiltekna verkþátt og varnarbúnaður, hlíf og tilheyrandi skynjarar, hafi verið fjarlægður eða gerður óvirkur. Af hálfu M er vísað til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 367/2006, nr. 920/2006 og nr. 1005/2009. M telur á grundvelli ofangreindra reglna og niðurstöðu Vinnueftirlits ríkisins ljóst að S beri skaðabótaábyrgð á slysi M. V hafnar bótaskyldu og segir að öryggishlífin sem vísað sé til í niðurstöðu Vinnueftirlitsins hafi verið fjarlægð og telur það hafið yfir vafa að M hafi unnið við rennibekkinn með öryggishlíf opna eða opnað hana í þann mund sem slysið varð og M þá tekið verulega og óþarfa áhættu við starf sitt og verði slys M alfarið rakið til aðgæsluleysis hans. Þá segir V að stjórnendur S hafi verið grandlausir um að eitthvað hafi verið gert við öryggisrofa og M hefði átt að gera athugasemd við það að öryggisrofi virkaði ekki. Þá vísar V til þess að engin orsakatengsl séu á mill slyssins og þess að áhættumat lá ekki fyrir. Þá vísar V til þess að M hafi haft áratuga reynslu sem rennismiður.

Álit.

Í niðurstöðu rannsóknar Vinnueftirlits ríkisins segir að orsök slyssins megi rekja til þess að ekki var búið að gera áhættumat fyrir þann verkþátt sem M var að vinna við í umrætt sinn og varnarbúnaðar (hlíf og tilheyrandi skynjarar) hafi verið fjarlægður eða gerður óvirkur. Ágreiningslaust er að M er þaulvanur rennismiður, en það veldur því ekki að aðrar og minni kröfur séu gerðar til vinnuveitanda, S í þessu tilviki, til að sjá til þess að öryggisbúnaður sé til staðar og virki. Óumdeilt er að orsök slyssins sé m.a. vanbúnaður tækisins sem M vann við í umrætt sinn svo sem nánar er lýst í skýrslu Vinnueftirlitsins. S ber ábyrgð á því að tæki sem unnið er við á verkstað á hans vegum séu ekki vanbúin, en þess gætti S ekki í umrætt sinn og ber því bótaábyrgð á tjóni M. M á því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 7.2.2017.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 432/2016**M****og****V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður slasaðist er hönd hans lenti í viftuspaða á loftpressu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 28.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.1.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Fyrir hádegi 26. september 2014 vann M við að leita að bilun í loftpressu hjá vinnuveitanda sínum, (A). Í vikunni áður hafði hann hreinsað upp alla vélina og þá hafi hún verið stopp. Hins vegar hafi hann ekki fundið út hvað var að henni og hún því gangsett aftur. Hann hafi svo verið fjarverandi vegna dvalar erlendis í nokkra, en er hann kom til baka hafi hann haldið áfram að skoða loftpressuna. Hann hafi verið með pressuna í gangi til að sjá hvar bilunin væri. Hafi hann þá séð að olíusmit var frá einum stað og náð í verkfæri og hert á nokkrum boltum til að smitið hætti. Olíublettur hafi þá verið á botni loftpressunnar og hafi hann tekið bréfpurrku til að þurrka upp olíuna, en á meðan hafi pressan verið í gangi. Kvaðst M hafa verið í gúmmivettlingum þegar hann fór með höndina í plötu þar sem olían var. Hann hafi verið mjög meðvitaður um það sem hann var að gera enda búinn að vinna í mörg ár við vélar sem eru í gangi. Honum hafi því verið ljóst að viftuspaði loftpressunnar var í gangi. Taldi M trúlegast að spaðinn hafi náð í gúmmivettlinginn og togað höndina fyrirvaralaust í viftuspaðann með þeim afleiðingum að allir fingur hægri handar sködduðust meira og minna. M kvaðst vera vélstjóri að mennt og hafi unnið við fagið í um 30 ár. Það sé oft þannig að til þess að finna vélarbilun verði vélin að vera í gangi og þannig hafi það verið í umrætt sinn. Oft sé erfitt að greina bilun í vél ef þær eru ekki settar í gang.

Við rannsókn málsins kom í ljós að á hlíf, sem hafði verið tekin af loftpressunni til að komast inn í hana, hafi verið búið að fjarlægja kubb „sem er til þess gerður að þegar hlífín er tekin af þá ýtir hann á takka sem slekkur á loftpressunni“, eins og orðrétt segir í lögregluskýrslu. Fyrirsvarsmáður A kvaðst ekki hafa hugmynd um hvers vegna umræddur kubbur hafi ekki verið á sínum stað. M kvaðst ekkert hafa vitað um þennan kubb eða að hann hafi átt að vera þarna. Hann viti ekki hver hafi fjarlægt hann eða hvort hann hafi yfirleitt átt að vera þarna. Hann hafi verið búinn að vinna hjá A í um einn mánuð þegar slysið varð. Hins vegar hafi hann verið búinn að vinna við loftpressur, eins og hér um ræðir, í mörg ár og þekki þær vel og hvernig þær vinna.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið segir að það sé mat þess að orsök slyssins megi rekja annars vegar til þess að ekki hafi verið til áhættumat fyrir þennan verkþátt og hins vegar að varnarbúnaður (hlíf og tilheyrandi skynjari) hafi verið fjarlægður eða gerður óvirkur.

M kveður, með vísan til niðurstöðu Vinnueftirlitsins, að vinnuskilyrði við loftpressuna og búnaður hennar hafi ekki verið í samræmi við öryggisfyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum né reglna settum með stöð í þeim lögum. Loftpressan hafi því verið vanbúin og honum hafi ekki verið um það kunnugt. Telur hann A bera ábyrgð á líkamstjóni því sem hann hlaut í slysinu og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt framburði M um tildrög slyssins hafði hann með vilja haft vélina í gangi eftir að hann fjarlægði hlífina sem var fyrir vélbúnaði loftpressunnar meðan hann vann við bilanaleit í vélinni. Þá var M þess meðvitaður að vélin var í gangi og viftuspaðinn þar með á snúningi þegar hann fór með höndina undir vélina til að þurrka upp olíuna. M er menntaður vélstjóri og hafði mikla reynslu af meðferð véla af því tagi sem hér um ræðir. Eins og hér stóð á verður ekki talið að slysið verði rakið til þess að öryggiskubbur hafði verið fjarlægður af hlífinni eða gerður óvirkur né heldur til þess að áhættumat hafi ekki verið gerður um þennan verkþátt. Umsögn Vinnueftirlits ríkisins þykir ekki svo skýr eða nægilega rökstudd þannig að haggjað geti þessari niðurstöðu. Samkvæmt þessu og gögnum

málsins að öðru leyti hefur ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til atvika sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá B.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 433/2016

M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
sama félag v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á Grindavíkurvegi norðan við bæinn þann 30.11.2016.

Gögn.

Málskot, móttakið 28.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.1.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið norður Grindavíkurveg út úr bænum og var A ekið á undan B. Til móts við útskot vinstra megin við veginn miðað við akstursstefnu bifreiðanna var B ekið áleiðis vinstra megin fram úr A. Í sömu andrá var A beygt til vinstri í átt að útskotinu og rakst þá vinstra framhorn A í hægri hlið B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á um 40 km hraða á klst. og ætlað að skoða upplýsingaskilti sem staðsett var á útskotinu á vinstri hönd. Ekki hafi verið öruggt að stöðva bifreiðina í vegkantinum hægra megin. Hann hafi svo byrjað að beygja til vinstri en ekki gefið stefnumerki um þá fyrirætlan. Hafi áreksturinn þá orðið.

Ökumaður B kvað A hafa verið ekið mjög hægt. Hann hafi gefið stefnumerki og ætlað fram úr, en þá hafi A verið beygt í hliðina á B. Ökumaður A hafi ekki gefið stefnumerki.

Álit.

Á veginum sunnan útskotsins er óbrotin miðlína og einnig meðfram syðsta hluta útskotsins að því er ráða má af fyrirliggjandi uppdráttum. Eftir að óbrotinni miðlínu sleppir er miðlínan hálfbrotin. Samkvæmt risssmynd á sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna verður áreksturinn þar sem miðlínan er hálfbrotin. Ekki verður ráðið hvar áreksturinn varð á veginum miðað við útskotið. Ósannað verður að telja að ökumaður B hafi hafið framúraksturinn þar sem óbrotin miðlína var. Verður því ekki annað ráðið en ökumaður B hafi verið ekið fram úr þar sem hálfbrotin miðlína var á veginum og ökumaður A sömuleiðis leiðis beygt til vinstri yfir hálfbrotna miðlínuna. Samkvæmt b. lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra gefur hálfbrotin miðlína til kynna að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð. Ökumaður A beygði til vinstri yfir miðlínuna án þess að gefa stefnumerki þar um og að því virðist án þess að gæta nægilega að umferð á eftir. Ökumaður B varð þess var að A var ekið mjög hægt. Gaf það tilefni til að sýna sérstaka aðgæslu. Þá verður ekki séð að hann hafi gefið hljóðmerki er hann sá í hvað stefndi til að vara hinn ökumanninn við. Að öllu virtu sýndi hvorugur ökumanna þá aðgæslu sem af þeim mátti krefjast. Þeir eiga því báðir sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök að jöfnu milli þeirra.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 7. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 434/2016**M og
og váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar.****Gildissvið váttryggingarsamnings vegna tjóns í skipi í júlí 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 23.12.2016, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 12.1.2017, ásamt tjónstilkynningu, tölvupóstsamskiptum M og starfsmanna V, endurnýjunarskírteini og skilmálum ábyrgðartryggingar.

Athugasemdir M með bréfi dags. 13.1.2017.

Fyrirspurn nefndarinnar til M með tölvupósti 31.1.2017 og svar M með tölvupósti 3.2.2017 ásamt afriti af tölvupósti frá starfsmanni V til M dags. 10.12.2016.

Málsatvik.

Vorið 2016 vann M verk um borð í skipi sem fólst m.a. í því að smíða sértakan stýriskáp með skjámyndakerfi til að halda utan um stýringu á flokkara um borð í skipinu. Sú vinna kallaði á lagningu raflagna og uppsetningu tölvu með stýriforriti. Þar sem skápurinn var í rými þar sem var hætt á bleytu ákvað M að rakapétta skápurinn vel þegar hann var settur upp. Nokkrum vikum eftir uppsetningu stýriskápsins ofhitnaði tölvan sem leiddi til tjóns á flokkara skipsins. M er tryggt með ábyrgðartryggingu hjá V og tekur hún til tjóna sem rekja má til atvika sem M ber skaðabótaábyrgð á skv. almennum reglum íslensks skaðabótaréttar og verða í þeirri starfsemi sem samið sé um að váttryggingin nái til. Í váttryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar V eru undanþáguákvæði í gr. 6 þar sem segir að V bæti m.a. ekki tjón á munum sem M sé að gera við, setja upp eða vinna við. Í váttryggingarskírteini kemur síðan fram sem „forsendur iðgjalds“ að váttryggingin taki til húseigendaábyrgðar, skrifstofu, rafvirkjunar og vélaverkstæðis (skipaviðgerða). Einnig kemur fram að vegna vélaverkstæðis (skipaviðgerða) sé sérstakt ákvæði um greiðsluskyldu vegna skemmda á skipum eða bátum, þrátt fyrir almenn undanþáguákvæði váttryggingarskilmála, en þar er sjálfsábyrgð M 1.193.000 krónur að lágmarki í stað 235.000 lágmarksfjárhæðar þegar um er að ræða þá starfsemi sem almennir váttryggingaskilmálar, þ.á.m. undanþáguákvæði vegna skemmda á munum í 6. gr., gilda um.

Að sögn M var ekki hugað sérstaklega að því að við þær aðstæður þyrfti einnig að gera ráð fyrir kælingu fyrir tölvuna sem komið var fyrir í skápnum og telur M að fyrirtækið beri skaðabótaábyrgð á tjóni útgerðarinnar sem varð vegna þessa og að ábyrgðartrygging hjá V eigi að taka til tjónsins. M telur að sú vinna sem átti sér stað hafi ekki leitt til skemmda á þeim stýriskáp sem settur var upp heldur hafi komið fram tjón á flokkara sem ekki hafi verið unnið við sérstaklega. Þess vegna eigi undanþáguákvæði 6. gr. váttryggingarskilmála ekki við, en verkið hafi verið unnið í rafvirkjunarstörfum en ekki í tengslum við vélaverkstæði (skipaviðgerðir) og eigi því samningur um sjálfsábyrgð vegna þeirrar starfsemi ekki við um tjónið.

V telur í fyrsta lagi ósannað að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt varðandi vinnubrögð M í greint sinn. V bendir einnig á að þó það sé sannað hafi tjón orðið við skipaviðgerðir og við þær aðstæður hafi verið samið sérstaklega um sjálfsábyrgð M að lágmarksfjárhæð sem væri rétt undir ætluðu tjóni. Einnig bendir V á að ef fallist yrði á að starfsemi M í greint sinn væri rafvirkjun gildi undanþáguákvæði 6. gr. um það tjón sem útgerðin varð fyrir á munum.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst í fyrsta lagi um hvort skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt varðandi þá skaðabótakröfu sem gerð hefur verið á hendur M vegna tjóns útgerðar á flokkara í skipi sínu. Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en að starfsmenn M hafi sýnt gáleysi við að gæta ekki að því við uppsetningu nýs búnaðar í stýriskáp að tölvubúnaður þyrfti kælingu til að ofhitna ekki. Þessa var ekki gætt af hálfu M og verður að líta svo á að skaðabótaábyrgð M sé fyrir hendi. Það má einnig benda á að í tölvupóstsamskiptum starfsmanna V dags. 9. og 10. desember 2016 virðist vera gert ráð fyrir því að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi.

Ágreiningur málsins snýst síðan í öðru lagi um hvort umrætt gáleysi falli undir starfsemi M í rafvirkjun eða vélaverkstæði (skipaviðgerðir) eins og vísað er til sem „forsendur iðgjalds“ á váttryggingarskírteini ábyrgðatryggingar M hjá V. Þegar litið er til þess í hverju vinna M fólst við uppsetningu umrædds stýriskáps og tengingu tölvubúnaðar, verður ekki annað séð en að það hafi verið vinna sem tengist með beinni hætti rafvirkjun frekar en vinnu á vélaverkstæði. Verður V að bera hallann af því að hafa ekki afmarkað gildissvið váttryggingarinnar með skýrari hætti.

Í þriðja lagi verður þá að líta til þess hvort undanþáguákvæði 6. gr. almennra váttryggingarskilmála gildi um þær aðstæður sem uppi eru, en ágreiningslaust virðist vera að almennir váttryggingarskilmálar gildi um þá starfsemi M sem lýtur að rafvirkjun. Við mat á því hvort skemmdir hafi orðið á munum sem M var að gera við, setja upp eða vinna við verður hins vegar að líta til þess að tjón það sem M hefur verið krafinn um er á flokkara skips sem M kom ekki að því að gera við, setja upp eða vinna við sérstaklega. Verður því ekki fallist á að undanþáguákvæði 6. gr. váttryggingarskilmála eigi við um skaðabótakröfu þá sem M vísar til að hafa fengið og telst V því greiðsluskylt að fullu, að teknu tilliti til sjálfsábyrgðar sem gildir um rafvirkjun í váttryggingarsamningi við M.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda V er fyrir hendi úr ábyrgðatryggingu M.

Reykjavík, 14. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 435/2016**M og
og váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Ágreiningur um tjónsfjárhæð vegna áreksturs 31. ágúst 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 29.12.2016, ásamt fylgiskjölum og bréfi lögmanns M dags. 24.1.2017 og tölvupósti viðskiptavinar M dags. sama dag.

Bréf V, dags. 23.1.2017, ásamt afriti af dómum Hæstaréttar í málum nr. 262/1981 og 107/2009.

Málsatvik.

Bifreið í eigu bifreiðaumboðsins M varð fyrir tjóni þegar bifreiðinni X var ekið á hana, mannlaus og kynnstæða, við Ryðvörn Þórðar á Funahöfða í Reykjavík. X var þá bifreið sem átti að afhenda til viðskiptavinar M eftir að hún hafði verið ryðvarin. Gert var við skemmdir á bifreið M og greiddar voru bætur vegna viðgerðar af hálfu V. Tjónsatvikið leiddi hins vegar til þess að viðskiptavinur M féll frá kaupnum og pantaði nýja bifreið hjá M. Bið var eftir þeirri bifreið og fékk umræddur viðskiptavinur hana ekki afhenta fyrr en í janúar 2017. M telur að tjón hans felist annars vegar í verðyrnun sem hafi orðið á bifreiðinni þrátt fyrir viðgerð og þess kostnaðar sem M hafi lagt út við að útvega þeim viðskiptavini sem hafði ætlað að festa kaup á aðra bifreið til afnota, á meðan hún beið eftir nýrri bifreið.

M telur að fjárhagslegt tjón hans sé sannað vegna verðyrnunar og að sú verðyrnun sé sennileg afleiðing árekstursins. M vísar til verðmats löggilts bifreiðasala máli sínu til stuðnings og bendir á að því mati hafi ekki verið hnekk. Einnig vísar M til þess að það að hafa ekki getað afhent bifreið til viðskiptavinar og að bið hafi verið eftir nýrri sambærilegri bifreið hafi leitt til þess að greiða hafi þurft fyrir afnot viðskiptavinarins af annarri bifreið á meðan. Það sé einnig sennileg afleiðing árekstursins þar sem sá viðskiptavinur hafi verið búinn að selja þá bifreið sem hann átti áður.

V segir í bréfi sínu til úrskurðarnefndar dags. 23. janúar 2017 að það veiti ekki heimild fyrir því að úrskurðað verði um bótafjárhæðir í málinu, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktu nefndarinnar og kemur sú yfirlýsing fram bæði þar sem fjallað er um kröfu M um skaðabætur sem byggjast á verðyrnun og kostnaði vegna afnotamissis viðskiptavinar M. V gerir þó einnig efnislega grein fyrir mótmælum sínum vegna framkominnar kröfu í bréfi sínu, en ekki er ástæða til þess að tilgreina þau sérstaklega fyrr en leyst verður úr því hvort nefndin getur tekið efnislega afstöðu til málsins.

Álit.

Í 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, kemur fram að nefndin úrskurði ekki um bótafjárhæðir nema með samþykki allra málsaðila. Ljóst er af gögnum málsins að ágreiningur er um hvort V eigi að greiða skaðabætur til M vegna verðyrnunar og kostnaðar sem M kveðst hafa lagt út vegna afnota viðskiptavinar af bifreið. Getur slíkur ágreiningur ekki verið annað en ágreiningur um bótafjárhæð sem skal greiða skv. almennum reglum skaðabótaréttar. Þar sem V lýsir því sérstaklega yfir í bréfi sínu til nefndarinnar að félagið samþykki ekki að nefndin fjalli um bótafjárhæðir er ekki hægt að líta svo á að samþykki liggi fyrir í skilningi umræddrar 2. mgr. 3. gr. samþykktu nefndarinnar. Þannig brestur nefndina heimild til að fjalla um slíkan ágreining og verður því að vísa málinu frá.

Óháð þessari niðurstöðu telur nefndin nauðsynlegt að geta þess sérstaklega að gögn málsins bera með sér að í höfnunarbréfi V dags. 21. nóvember 2016 til M sé sérstaklega tekið fram að hægt sé að skjóta málinu til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Þó það sé í sama bréfi sagt að málskot sé háð reglum nefndarinnar verður það talið skjóta skökku við að V bendi M á umræddan málskotsmöguleika þegar félagið hafnar því svo að nefndin fjalli um ágreining um bótafjárhæð í þessu máli. Ekki verður séð annað en að það hafi verið ljóst frá upphafi, varðandi þann hluta kröfu M sem laut að bótum fyrir verðyrnun og útlagðan kostnað, að ekki væri um að ræða annað en ágreining um bótafjárhæð. Sérstaklega þegar litið er til þess að M gerir ekki kröfu vegna eigin afnotamissis bifreiðarinnar heldur vegna tjóns sem bifreiðarumboðið telur sig hafa orðið fyrir vegna

láns/leigu á bifreið til viðskiptavinarins sem ætlaði að festa kaup á bifreiðinni. Þessi athugasemd breytir þó ekki niðurstöðu nefndarinnar um frávísun með vísan til 2. mgr. 3. gr. samþykktá.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 14. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.